Samþykkt þessi, sem er gerð af bæjarstjórn Siglufjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 73 23. mars 1972, um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Siglufirði.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 25. 22. janúar 1974.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 120 14. apríl 1966.

Aftan við samþykktina komi nýr kafli svo hljóðandi:

IX. KAFLI

Um framkvæmdanefnd byggingaáætlunar Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

41. grein orðist svo:

Bæjarstjórn skal kjósa framkvæmdanefnd til þess að undirbúa og stjórna BYGGINGAÁÆTLUN VESTMANNAEYJA (B. Á. V.).

Tilgangur B. Á. V. skal vera sá:

a. að skipuleggja og stjórna undirbúningsframkvæmdum við byggingasvæðið nýja í Vestmannaeyjum, með það fyrir augum, að gera það byggingarhæft svo fljótt, sem kostur er,
b. að stjórna byggingu þeirra íbúða, sem bæjarstjórn ákveður að láta reisa þar, ýmist til leigu eða endursölu,

c. að leita samstarfs við alla þá aðila, sem fyrirhuga byggingaframkvæmdir í Vestmannaeyjum á næstunni, í því skyni að auka hraða og hagkvæmni framkvæmdanna, svo sem með sameiginlegri undirbúningsvinnu og útboðum verkþátta á breiðum grundvelli,
d. að leita úrræða til þess að leysa til bráðabirgða þá húsnæðiseklu, sem fyrirsjáanleg er í Vestmannaeyjum,
e. að aðstoða við eða eftir atvikum að taka að sér hönnun og byggingu opinberra mannvirkja, sem bæjarfélagið og/eða ríki ákveða að reisa í byggingahverfinu.

2. gr.

42. grein orðist svo:

Í því skyni að ljúka undirbúningsframkvæmdum við byggingasvæðið sem fyrst, skal framkvæmdanefndin meðal annars:

a. leita aðstoðar innlendra eða eftir atvikum erlendra sérfræðinga til þess að annast tæknilegan undirbúning og vera til ráðuneytis um framkvæmdir,
b. leita eftir tilboðum á samkeppnisgrundvelli frá viðurkenndum verktökum í nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir í byggingahverfinu,
c. framkvæmdanefndin skal þó ætíð, þar sem slíkt er mögulegt, freista þess að nýta til þessara starfa þau tæki og mannafla, sem Vestmannaeyjabær og fyrirtæki á staðnum hafa yfir að ráða.

3. gr.

43. grein orðist svo:

Í B. Á. V. skal lögð á það megin áhersla, að byggja hagkvæmar og smekklegar íbúðir við sem vægustu verði og svo hratt, sem frekast er kostur. Í því skyni skal meðal annars:

a. byggja staðlaðar íbúðir, einkum í fjölbýlis- og raðhúsum, en þó einnig í par- og einbýlishúsum,
b. nota fjöldaframleiðsluaðferðir og fullkomnustu tækni og skipulag, sem völ er á,
c. fela framkvæmdir viðurkenndum byggingaverktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustum útboðum,
d. staðsetja íbúðirnar sem samfelldast í einu byggingahverfi til þess að tryggja hámarks hagkvæmni og hraða við allar framkvæmdir,
e. leita aðstoðar sérfróðra manna til þess að annast allan tæknilegan undirbúning og vera til ráðuneytis um efnis- og húshlutakaup, samningsgerðir við verktaka, gerð áætlana, undirbúning útboða og fleira, sem er þess eðlis, að þörf sé slíkra sérfræðilegra ráðlegginga.

4. gr.

44. grein orðist svo:

Til samstarfs um byggingaframkvæmdirnar skal framkvæmdanefndin einkum leita til eftirtalinna aðila auk Vestmannaeyjakaupstaðar:

a. byggingafélaga, sem einstaklingar stofna í þeim tilgangi að byggja íbúðir eða hús fyrir félagsmenn sína,
b. stjórnar Verkamannabústaða í Vestmannaeyjum,
c. fyrirtækja, sem fyrirhuga byggingu leiguhúsnæðis fyrir starfsfólk sitt,
d. Viðlagasjóðs, Rauða Kross Íslands og Hjálparstofnunar þjóðkirkjunnar.

Ætíð þar sem ætla má, að slíkt samstarf geti leitt til sparnaðar í tíma og tilkostnaði, skal eftir því leitað, og ber framkvæmdanefndinni að hafa þar frumkvæði. Sameiginlegan kostnað, sem þessir aðilar kunna að leggja í, svo sem við störf nefndarinnar og ráðunauta hennar, skulu þeir greiða í hlutfalli við stærð þess húsnæðis, sem hver um sig byggir. Að öðru leyti skulu þeir ekki bera neins konar fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum hvers annars.

Verði eftir því óskað, er nefndinni heimilt að vera byggingaraðilum til aðstoðar við útvegun lána og gerð nauðsynlegra áætlana og gagna þar að lútandi.

5. gr.

45. grein orðist svo:

Í því skyni að leysa brýnasta húsnæðisskortinn í Vestmannaeyjum skal framkvæmdanefndin þegar í stað kanna möguleika á innflutningi tilbúinna húsa eða kaupum á slíkum húsum frá Viðlagasjóði. Í því sambandi skal nefndin kanna, hvort áhugi er á því meðal Vestmannaeyinga, að flytja slík hús inn og setja niður til frambúðar. Einnig skulu athugaðir á því möguleikar, að setja innflutt hús niður til bráðabirgða eða þar til í notkun kemur það húsnæði, sem Byggingaráætlunin gerir ráð fyrir, að verði reist.

Leiði þessar athuganir til jákvæðrar niðurstöðu skal nefndin hlutast til um framkvæmdir svo fljótt sem auðið er.

6. gr.

46. grein orðist svo:

Nefnd sú, sem bæjarstjórn kýs, Framkvæmdanefnd B. Á. V., skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Bæjarstjórn ákveður laun nefndarmanna og teljast þau til byggingarkostnaðar.

7. gr.

47. grein orðist svo:

Framkvæmdanefndin skal fyrir lok febrúarmánaðar 1974 leggja fyrir bæjarstjórn áætlun um byggingaframkvæmdir og tillögur um stærð, gerð og fjölda þeirra íbúða, sem reistar verða fyrir bæjarfélagið. Nefndin skal, strax er hún tekur til starfa, auglýsa eftir væntanlegum kaupendum að þeim íbúðum, sem kaupstaðurinn lætur byggja til endursölu. Hún skal afla upplýsinga frá væntanlegum kaupendum á þar til gerðum skýrslublöðum um eftirfarandi atriði:

1. húsnæðisaðstöðu,
2. fjölskyldustærð,
3. búsetutíma í sveitarfélaginu,
4. fjárhagslega getu,
5. óskir um tegund og stærð húsnæðis,

Tillögur sínar til bæjarstjórnar skal nefndin byggja á niðurstöðum þessarar könnunar.

Nefndin skal einnig fyrir sama tíma leggja fram kostnaðaráætlun fyrir einstaka byggingaráfanga og lauslega kostnaðaráætlun fyrir verkið í heild. Auk þess greiðsluáætlun til næstu 6 mánaða. Slíkar greiðsluáætlanir skulu síðan ætíð lagðar fyrir bæjarstjórn, ekki sjaldnar en á 6 mánaða fresti, ásamt nauðsynlegum leiðréttingum á framkvæmda- og kostnaðaráætlun.

Loks skal nefndin gera tillögur um það, hvort verkinu skuli deilt niður í fleiri en einn byggingaráfanga og áætlun um fjölda íbúða í hverjum áfanga.

Forgang til þátttöku í 1. byggingaráfanga skulu þeir hafa, sem misstu íbúðarhúsnæði af völdum jarðeldanna á Heimaey.

8. gr.

48. grein orðist svo:

Framkvæmdanefndin skal hlutast til um framkvæmdir samkvæmt þeim áætlunum, sem fyrir er mælt um í 47. gr. og hafa yfirumsjón með þeim, þegar þær hafa verið samþykktar af bæjarstjórn. Skal framkvæmdum öllum hagað í samræmi við fyrirmæli 42.—45. greinar.

9. gr.

49. grein orðist svo:

Framkvæmdanefndin skal, ef þess er óskað, vinna þau störf, sem talin eru í 47. og 48. gr., einnig fyrir þá aðila, sem gengið hafa til samstarfs við kaupstaðinn samkvæmt c-lið 41. greinar og þá í samráði við fulltrúa þeirra aðila og á þeirra ábyrgð. Taki framkvæmdanefndin þannig að sér störf fyrir aðra aðila en Vestmannaeyjakaupstað, hvort heldur er við undirbúningsstörf eða beinar byggingaframkvæmdir, skal um það gerður sérstakur, skriflegur samningur. Þar skal meðal annars taka skýrt fram, hvernig þeir aðilar skuli fjármagna framkvæmdirnar og hver verða skuli hlutdeild þeirra í sameiginlegum kostnaði.

Til sameiginlegs kostnaðar í þessu tilviki telst ekki kostnaður við undirbúningsframkvæmdir, sem miða að því að gera hverfið byggingarhæft, samanber a-lið 41. gr. og 42. gr. samþykkta þessara.

10. gr.

50. grein orðist svo:

Nefndinni er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmdir á ákvörðunum hennar og hafa eftirlit með öllum framkvæmdum, sem hún ber ábyrgð á.

Er byggingaframkvæmdir hefjast, skal nefndinni einnig heimilt að ráða sérstakan eftirlitsmann með framkvæmdum á byggingarstað, telji hún það nauðsynlegt.

11. gr.

51. grein orðist svo:

Vestmannaeyjakaupstaður skal sjá nefndinni og ráðunautum hennar fyrir vinnuaðstöðu og nauðsynlegri aðstoð við skrifstofuhald. Kaupstaðurinn skal einnig annast sjóðgreiðslur og bókhald fyrir nefndina.

Allt fé til byggingaframkvæmdanna skal lagt inn á sérstakan reikning í viðurkenndri lánastofnun og er óheimilt að greiða af honum nokkuð annað en það, sem samkvæmt samþykktum þessum telst til byggingakostnaðar.

Engan reikning má greiða af fé þessu, nema formaður framkvæmdanefndar hafi fyrst samþykkt hann. Þó getur nefndin veitt framkvæmdastjóra heimild til þess að árita reikninga.

Greiðslur aðila Byggingaáætlunar samkvæmt greiðsluáætlunum og greiðslusamningum, samanber 47. og 49. grein, skal kaupstaðurinn innheimta og færa á reikning Byggingaáætlunarinnar.

12. gr.

52. grein orðist svo:

Halda skal í bókhaldi B.Á.V. sérstakan reikning fyrir hvern byggingaráfanga, þar sem greinilega er skilið á milli kostnaðar við undirbúningsframkvæmdir og kostnaður við byggingaframkvæmdir.

Þar skal einnig halda aðgreindum kostnaði vegna framkvæmda í þágu hvers einstaks aðila Byggingaáætlunar, eftir því sem kostur er. Reikningar hvers áfanga skulu yfirfarnir af tveim sérfróðum mönnum, sem ráðnir eru af stjórn B.Á.V. Þeir skulu síðan sendir hlutaðeigandi aðilum B.Á.V.

13. gr.

53. grein orðist svo:

Framkvæmdanefndin annast allar nauðsynlegar samningsgerðir varðandi byggingaframkvæmdirnar svo sem verksamninga og samninga um efniskaup fyrir aðila B.Á.V.

Öll slík samningsgerð verður þó að vera innan ramma þeirra framkvæmdaáætlana, sem nefndin hefur gert, og aðilar Byggingaáætlunar samþykkt fyrirfram. Nefndin skal gæta þess, að greiðslur samkvæmt slíkum samningum séu innan ramma greiðsluáætlunar og greiðslusamninga.

14. gr.

54. grein orðist svo:

Framkvæmanefndin skal að jafnaði halda einn fund í viku hverri og oftar, ef nauðsyn krefur. Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Haldin skal gerðabók á nefndarfundum og þar skráðar allar veigamiklar ákvarðanir, sem nefndin tekur. Allir nefndarmenn, sem mættir eru á fundi, skulu undirrita fundargerð.

Sérhver nefndarmaður á rétt á að láta færa til bókar sérálit sitt eða sératkvæði.

Ákvörðun er löglega tekin, ef tveir nefndarmanna eru henni samþykkir. Að öðru leyti setur nefndin sér sjálf fundarsköp.

15. gr.

55. grein orðist svo:

Þegar framkvæmdanefndin hefur skilað til aðila B.Á.V. þeim íbúðum, sem hún hefur tekið að sér að reisa fyrir þá, lokið lagfæringum og frágangi byggingahverfisins og skilað endurskoðuðum reikningum yfir verkið, er hlutverki hennar lokið.

Breyting þessi, sem bæjarstjórn hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 26. 23. janúar 1974.

AUGLÝSING

um breyting nr. 7 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. febrúar 1974 verður greiðslutilhögun sjúkrasamlaga á eftirtöldum sérlyfjum sem hér segir:

½ (1/1) Betnovate (Glaxo 600)
½ (1/1) Celeston-Valerat (Essex, 553)
½ (1/1) Delmeson (Hoechst, 658)
½ (1/1) Delmeson-Tumenol (Hoechst, 660)
½ (1/1) Locacorten (Ciba, 344)
½ (1/1) Locacorten Tar (Ciba, 790)
½ (1/1) Locasalen (Ciba, 1272)
½ (1/1) Metosyn (ICI, 1510)
½ (1/1) Synalar (ICI, 203)
½ (1/1) Synalar Forte (ICI, 1020)
½ (1/1) Topilar (Astra, 1462)

½ (1/1) Ultradil plain (Schering, 1558)
½ (1/1) Ultralan (Schering, 341)
½ (1/1) Ultralan Fatty (Schering, 1574)
½ (1/1) Ultralan plain (Schering, 726)

Þeir, sem njóta eiga fullrar endurgreiðslu greindra lyfja, skulu framvísa í lyfjabúðum sérstöku skírteini útgefnu af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi.

Sama gildir um önnur lyf, sem samkvæmt skýringum við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972, og Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973, skulu greiðast að fullu í ákveðnum tilvikum með samþykki trúnaðarlæknis samlags.

Greint skírteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkar lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. janúar 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

23. janúar 1974. Nr. 27.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún, nr. 277 20. október 1968.

1. gr.

VI. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

16. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og fiskiskip stærri en 399 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c) Fiskiskip undir 400 rúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó eigi oftar en tvisvar í mánuði.
d) Heimabátar, undir 10 rúmlestum greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

2. gr.

17. grein orðist þannig:

Um bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10 til 399 brúttórúmlestir greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum í mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

3. gr.

23. grein orðist þannig:

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 20.00 krónur. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarnefnd úrskurða.

4. gr.

24. grein orðist þannig:

Vörugjald.

Brottfluttar og aðfluttar vörur.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:
   a) Vara flutt í lausu máli og miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolía, kol, korn, salt, vikur.
   b) Þungavarningur, þ. e. sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.
2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:
   a) Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður, búsáhöld og skófatnaður.
3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:
   a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr og klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
      Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.
   b) Vörur, sem ekki eru flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.
4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:
   Timbur og annað eftir rúmmáli.
5. fl.: Gjald 1%:

   Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

   Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 10. febrúar 1972 um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verði 7. gr. og orðist svo: Á árinu 1974 skulu sömu reglur gilda og giltu fyrir 1973 samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr.

2. gr.

1. ml. 7. gr., verður nú 1. ml. 8. gr. og orðist svo: Fastanefnd hefur verið tilkynnt um, að undanþágur samkvæmt 4. gr. og 7. gr. skuli taka til íslenskra skipa.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959 um fiskveiðar í Norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbót, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi frá og með 1. febr. 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

24. janúar 1974. Nr. 29.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	11.60 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	5.50 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21.	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	3.26 á kWst.

3 Vélanotkun.

31.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	48 × F1 á ári
	Orkugjald	—	7.00 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	9 660.00 á ári
	Aflgjald frá 2—5 kW	—	4 830.00 kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	1.55 á kWst.

33. Aflgjald umfram 5 kW ..... — 4 100.00 á kW á ári
Fast gjald ..... — F1 + F3
Orkugjald ..... — 1.25 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.
34. Til súgþurrkunar.
Fast gjald ..... — F1
Orkugjald ..... — 1.65 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.

4. Húshitun.

41. Fast gjald ..... — F1 + F4
Orkugjald ..... — 1.50 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.
42. Fast gjald ..... — F1 + F4
Orkugjald ..... — 0.90 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.
44. Fast gjald ..... — F1 + F4
Orkugjald ..... — 0.75 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.

5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald ..... — F1
Orkugjald ..... — 3.50 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði. Föst gjöld.

F1 ..... kr. 40.00 á mánuði
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... — 3.00 á m² á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ..... — 1.50 á m² á mán.
F3 ..... — 25.00 á gjaldeiningu á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Til heimilisnotkunar:
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.

F4 Hvert uppsett kW ..... kr. 460.00 á ári

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

II. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 650.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað, og verður ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 650.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

1. Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 1 800.00

Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það.

Láti húseigandi meta húsið að nýju skal heimtaugargjaldið þó miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og gildleiki víra meiri en 3×70 mm^2, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 15% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda auglýsi hreppnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum, nema húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87 14. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. janúar 1974. Nr. 30.

AUGLÝSING

um útgáfu þjóðhátíðarmyntar.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabanki Íslands gefa út þrenns konar mynt á þessu ári, í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi. Skal hún vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Er myntin að svofelldri gerð og verðgildi:

1. 10 000 króna peningur úr gulli (900/1000), 27.75 mm að þvermáli og 15.5 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins er mynd af Ingólfi Arnarsyni, er hann varpar öndvegissúlum sínum fyrir borð og ártölin 874—1974 efst.

2. 1 000 króna peningur úr silfri (925/1000), 39 mm að þvermáli og 30 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins eru tveir landnámsmenn við eld, sem sýnir, hversu karlmenn námu land. Efst eru ártölin 874—1974.
3. 500 króna peningur úr silfri (925/1000), 35 mm að þvermáli og 20 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins sést kona leiða kvígu og er þar sýnt, hversu konur námu land. Efst eru ártölin 874—1974.

Á bakhlið peninganna allra eru landvættirnar fjórar, griðungur, gammur, dreki og bergrisi. Þar fyrir ofan er skráð verðgildi peninganna í tölustöfum og bókstöfum, en fyrir neðan „ÍSLAND". Rönd peninganna er riffluð.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 29. janúar 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 31. 25. janúar 1974.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum árið 1974.

1. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí 1974, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1974:

Loðnumjöl, $ 8.25 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 372.00 fyrir hverja lest.
Verðbil verði ekkert.
Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 87.00.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá verðgrunni þessum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

25. janúar 1974. Nr. 33.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 16.96 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 4.96 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 2 515.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 74.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW., og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun:

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 16.96 hver kWst. til ljósa og kr. 3.98 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 3.23 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 25.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 3.21 á kWst. og fastagjald, ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 8.20 hver kWst. til iðnaðar.
C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 706.00 hver kW upp að 50 kW og kr. 1.39 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 400.00 hver kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.30 hver kWst., sem er umfram 200 000 kWst.
C—4 Kr. 4.81 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
C—5 Kr. 5.04 hver kWst., fyrir búrekstur.
C—6 Sértaxti Gefjunar kr. 0.63/0.56 hver kWst. og kr. 5 118.00 hvert kW.
C—7 Sértaxti Iðunnar. Gufuketill kr. 0.61 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 1.19 hver kWst. til upphitunar ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
D—2 Kr. 1.61 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Kr. 0.93 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
D—4 Kr. 0.69 hver kWst. til upphitunar (næturhitun) ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar kr. 0.70 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar kr. 0.61 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 2.20 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 2.83 hver kWst. um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.
E—3 Kr. 1.39 hver kWst. um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
E—4. Kr. 1.65 hver kWst. til súgþurrkunar.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar kr. 1.50 hver kWst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	35—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	249.00	306.00	334.00		
3-fasa kWst.-mælar	421.00	644.00	831.00	1 384.00	3 044.00
Tvígjalds og mestastr.mælar .		831.00	1 384.00	2 228.00	4 463.00
Skiptirofar/skiptiklukkur ...	1 063.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar 8. jan. 1974. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 107 26. mars 1973 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

28. janúar 1974. Nr. 34.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Almenn notkun.

A.1. Til lýsingar: Um kWst.-mæli á kr. 3.92 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 6.42 á mánuði af hverjum m^2 gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B.1. Til heimilisnotkunar: Um kWst.-mæli kr. 3.33 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 28.10 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálft, en ef herbergi er stærra en 25 m², skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

C.1. Til véla: Um kWst.-mæli kr. 3.92 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 82.80 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:

Kr. 15.93 fyrir hverja kWst.

B.2. Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akraneshöfn:

Kr. 8.30 fyrir hverja kWst.

C.2. Til véla í matvælaiðnaði: Kr. 2.94 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

E.2. Til götu- og hafnarlýsingar: Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

A.3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl sem mesta ársálag.

Kr. 3 824.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu og kr. 1.13 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI
HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

D.1. Kr. 2.58 kWst. án rofs.
D.2. Kr. 1.40 kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D.3. Kr. 1.30 kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D.4. Kr. 1.04 kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D.5. Kr. 0.74 kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.
D.6. Kr. 0.85 kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D.3 má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á diesilolíu í Reykjavík, á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 7.45 á olíulítra. kWst.-gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag, að dómi rafveitustjóra.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefnar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.
e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.
f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D.1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D.1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI
MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kWst.-mæli allt að 30 amp.	kr.	12.10 á mán.
2.	Af þrifasa kWst.-mæli 50 amp. og minni	—	24.20 – —
3.	Af þrifasa kWst.-mæli yfir 50 amp. til 200 amp.	—	58.80 – —
4.	Af þrifasa kWst.-mæli yfir 200 amp.	—	87.60 – —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvípóla kl.rofa 40 amp. og minni	—	77.10 – —
2.	Af þrípóla kl.rofa 60 amp. og minni	—	96.50 – —
3.	Af þrípóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	121.00 – —
4.	Af þrípóla kl.rofa yfir 200 amp.	—	154.00 – —
5.	Af fjarstýrandi klukkurofa	—	24.00 – —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árs-leigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI
HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. — Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður	Málstramur stofnvara. 220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m Kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	7 440.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	10 460.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	15 000.00
1.4		3 × 100	66	24 700.00
1.5	3 × 200		76	28 100.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	46 100.00
1.7		3 × 350	231	78 750.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 2 720.00. — Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. — Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (650 + 8, 2 × kVA) kr. m. — Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: Yl = (108 + 5, 6 × kVA) kr. m., að viðbættum kr. 5 430.00 á hvern stólpa í umframlínu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

Gjaldskrárliður	Stærð spennis kVA	Tengigjald Kr.
2.1	150	52.300 00
2.2	300	104.600.00
2.3	500	166 300.00
2.4	750	247 000.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá. Þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akranesskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar lagningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 300 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1., 3. og 4. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 148 9. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

28. janúar 1974. Nr. 35.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 8 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 10. febrúar 1974 taka gildi breytingar nr. 8 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja, eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum, er ekki innifalin 14,1% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. nóvember 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

30. janúar 1974. Nr. 36.

REGLUGERÐ

um holræsi í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Tenging við aðalæð er aðeins heimil undir umsjón viðkomandi starfsmanna bæjarins. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða vatns- og skólpveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins, eða þeim, sem bæjarstjórn felur umsjón með lagningu holræsa í bænum, frá því og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og yfirleitt alls þess, sem skólplögninni innan húss og utan tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal hafa umsjón með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Skylt er húsbyggjanda að leggja fram uppdrátt, sem sýnir glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur milli umsjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarstjórn skera úr.

3. gr.

Bæjarstjórnin getur löggilt menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utan húss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir bæjarstjórn, að þeir séu til þess færir. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 0.15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei minna en 1000 kr. af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. janúar ár hvert, í fyrsta sinn hinn 15. janúar 1974.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera, enda annast hann viðhald og endurnýjun þeirra.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Sauðárkrókskaupstað nr. 162/1959, svo og breyting við þá reglugerð nr. 72/1969.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. janúar 1974. Nr. 37.

GJALDSKRÁ
fyrir Hitaveitu Selfoss

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
   a. Vatnsgjald ..... 12.50 kr./m³
   b. Fastagjald af rúmmáli því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis ..... 1.30 kr./m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn í húsnæði sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:
   Vatnsgjald ..... 18.00 kr./m³
3. Vatnsgjald, kr. 5 400.00 á ári fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 mínútulítri fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾″ ..... 200.00 kr./mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2″ ..... 340.00 kr./mán.
3. Fyrir hemla ..... 220.00 kr./mán.

II. Heimæðagjald.

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:
Allt að 400 m³ kr. 36.480.00.
400 til 2000 — kr. 36 480.00 — af 400 m³ + 28.80 á m³ þar yfir að 2000 m³.
2000 m³ á kr. 82 560.00 + 25.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 6 000.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 400.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 68 26. febrúar 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 38. 31. janúar 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 16.90 hverja kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 8.50 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólffleti.
a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 4.20 á m^2 á mánuði.
b. Fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 2.10 á m^2 á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 4.25 hverja kWst., enda sé suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárliðum 1.1. eða 1.2.
2.2. Um kWst.-mæli á kr. 3.40 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemur kr. 2.10 af m^2 á mánuði af gólffleti íbúðar. Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 8.30 hverja kWst.
3.2. Stórnotkun um mestaaflsmæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 4 375.00 á kW á ári.
Orkugjald kr. 1.50 hverja kWst. af allri notkun.
3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári, má selja orku um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	kr. 4 25 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	— 2.75 á kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun	— 2.60 á kWst.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar og til hitavatnsgeyma um kWst.-mæli kr. 1.35 hverja kWst.
4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.25 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra.
4.3. Til húshitunar yfir sumarmánuðina er heimilt að selja raforku á kr. 0.70 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, búnaður og lagnir í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli kr. 8.50 hver kWst.
5.2. Til götu og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 6.00 kWst.

Alla raforku, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, með samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir.

1.	Af einfasamælum 30 amp.	kr.	12.50 á mán.
2.	Af þrífasamælum 50 amp.	—	22.00 – —
3.	Af mestaaflsmælum 100 amp.	—	75.00 – —
4.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	150.00 – —
5.	Af þrífasamælum 50—100 amp.	—	30.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal greiða ársleigu, sem á að vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga mælitækja innheimtist um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald
35 A jarðstrengur 3-fasa	kr. 7 500.00	kr. 560.00
60 A jarðstrengur 3-fasa	— 9 500.00	— 680.00
100 A jarðstrengur 3-fasa	— 12 000.00	— 790.00
200 A jarðstrengur 3-fasa	— 24 000.00	— 1 300.00
350 A jarðstrengur 3-fasa	— 44 000.00	— 1 600.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugarlögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem vegna nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja, eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald ef loftlínu er breytt í jarðstreng. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

11% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum svo og 2% gjald til Viðlagasjóðs, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á dieselolíu 1. janúar 1974, eða kr. 7.70 pr. lítra, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði hækkunin auglýst áður en hún gengur í gildi.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 117 9. apríl 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 39. 1. febrúar 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 161 14. maí 1973 um breyting á reglugerð nr. 150 21. júní 1972 um orlof.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar falli niður. Í hennar stað komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Fastur starfsmaður telst hver sá samkvæmt reglugerð þessari, sem samkvæmt lögum gildandi kjarasamningi eða venju á rétt á að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. janúar 1974. Nr. 40.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 2 600.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 800.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 800.00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 800.00
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 150.00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 1 200.00
7.	Fyrir fjármark	— 250.00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 150.00
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 1 300.00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 500.00
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	— 500.00
12.	Fyrir ógildingarstefnu	— 1 300.00
13.	Fyrir dómsbirtingu	— 1 300.00
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 400.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 110.00 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. mars 1974. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 99 8. mars 1973, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

6. janúar 1974. Nr. 41.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans.

Leigugjald fyrir rafreikni reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans greiðist sem hér segir:

Almennir viðskiptavinir	7000.00 kr. á klst.
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	6000.00 — - —
Háskóli Íslands, stofnanir hans og aðrir skólar	3000.00 — - —

Framangreind gjaldskrá er sett með skírskotun til reglugerðar nr. 255/1971, um breyting á reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans, og gildir frá 1. janúar 1974 að telja, uns öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 6. janúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 42. 7. febrúar 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 6.50 hver kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 82.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 3.90 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1.70 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 9.10 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 2 025.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 8.50 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt og mjólkuriðnaðar er yfir 20 kW.

   a) Um kWst.-mæli á kr. 2.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.

   b) Um tvígjaldsmæli kr. 18.20 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en í klst. í senn, en kr. 2.90 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 4 570.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 1.70 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar

kr. 48.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 21.00 á fermetra hvern í vörugeymslum, annars staðar á kr. 38.00.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 1.25 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 0.65 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 2.40 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 5.30 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.70 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 3.95 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 5.60 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasamælum upp að 30 amper	kr.	25.00	á mán.
Af þrífasamælum 50—220 amper	—	88.00	— —
Af þrífasamælum upp að 50 amper	—	33.00	— —
Af þrífasamælum yfir 220 amper	—	122.00	— —
Af álagsstýringarliðum	—	100.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 600.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og, eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 V kerfi amper	Málstraumur stofnvara í 3 × 380 V kerfi amper	kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	2 × 60	1 × 100	13	14 730.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	19 190.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	27 510.00
4.			50 sp.	32 600.00
5.		3 × 100	66	45 400.00
6.	3 × 200	3 × 125	75	55 030.00
7.		3 × 200	100 sp.	65 170.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	90 340.00
9.			150 sp.	103 620.00
10.			200 sp.	130 350.00
11.	3 × 350	3 × 350	231	147 480.00
12.			300	207 300.00
13.			500	346 340.00

sp. — spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Y1 = (62 + 3 KVA) kr./m að viðbættum kr. 6 830.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper einfasa	kr. 3 620.00
60 amper þrífasa	— 4 340.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður not-

enda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjöldunum, nema af raforku til húshitunar. Rafveitunum er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 90 15. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. febrúar 1974. Nr. 43.

REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

I.

Línu- og netaveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eru bannaðar veiðar frá 1. mars til 1. maí 1974 á eftirgreindum svæðum:

1. Vestan 20°59'0 v.lgd. og austan línu, sem dregin er réttvísandi 213° frá Reykjanesaukavita (63°48'0 n.br. og 22°41'9 v.lgd.) Að utan takmarkast þetta svæði af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

1.	63°34'0 n.br.	20°59'0 v.lgd.
2.	63°34'0 n.br.	21°26'0 v.lgd.
3.	63°41'2 n.br.	21°45'5 v.lgr.
4.	63°41'2 n.br.	22°21'0 v.lgd.

og þaðan í réttvísandi 250°.

2. Milli 64°05'0 og 63°58'0 n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Frá 1. apríl til 1. maí skulu skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, einnig bannaðar veiðar á svæði er takmarkast af 20°48'0 v.lgd. og 20°59'0 v.lgd. norðan 63°34'0 n.br.

3. gr.

Á tímabilinu frá 20. mars til 1. maí 1974 eru allar veiðar bannaðar í botnvörpu samanber 2. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, svo og með línu og netum á svæði, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

a. 63°32'0 n.br. 21°25'0 v.lgd.
b. 63°00'0 n.br. 21°25'0 v.lgd.
c. 63°00'0 n.br. 22°00'0 v.lgd.
d. 63°32'0 n.br. 22°00'0 v.lgd.

II.

Línuveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

4. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Á tímabilinu til 20. mars 1974 á svæði vestan línu réttvísandi 213° frá Reykjanesaukavita og sunnan 63°58'0 n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972 en að innan af línum, sem dregnar eru í réttvísandi 090° og 344° frá Geirfugladrang (grunnlínupunktur 24).

2. Á tímabilinu til 1. apríl 1974 í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°28'0 n.br. 23°57'0 v.lgd.
2. 64°27'0 n.br. 24°43'0 v.lgd.
3. 64°18'0 n.br. 24°43'0 v.lgd.
4. 64°18'0 n.br. 24°23'0 v.lgd.

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1974 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi 145° úr Skorarvita (65°24'0 n.br. 23°57'4 v.lgd.) í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

III.

5. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 2, nr. 6—43. Útgáfudagur 28. febrúar 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1974

22. febrúar 1974. 57 Nr. 44.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netaveiðisvæði fyrir Vestfjörðum og út af Snæfellsnesi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eða flotvörpu, eru bannaðar veiðar frá útgáfudegi reglugerðar þessarar til 15. mars 1974 á svæði fyrir Vestfjörðum, er afmarkast af línu milli eftirgreindra punkta:

1. 65°36′N 25°15′V
2. 65°43′N 26°02′V
3. 65°58′N 25°43′V
4. 65°51′N 25°05′V

2. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eða flotvörpu, eru bannaðar veiðar frá útgáfudegi reglugerðar þessarar til 15. apríl 1974 á svæði út af Snæfellsnesi, er afmarkast af línu milli eftirgreindra punkta:

1. 64°51,5′N 24°13′V
2. 64°47,5′N 24°31′V
3. 65°10′N 24°45,5′V
4. 65°10′N 24°25′V

3. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og verða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 44. — Útgáfudagur 27. febrúar 1974.

B 8

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1974

Nr. 45. 58 26. febrúar 1974.

REGLUGERÐ

um úthlutun lána og byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga.

1. gr.

Á árunum 1974—1978 er húsnæðismálastjórn heimilt að veita sveitarfélögum, þar sem ekki hafa verið byggðar íbúðir samkvæmt 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 og íbúar þeirra ekki átt kost á íbúðum samkvæmt því lagaákvæði, lán til byggingar á allt að 1000 leiguíbúðum með þeim lánakjörum, sem hér greinir:

a. Lánsfjárhæð nemi allt að 80% af byggingakostnaði íbúða.
b. Lánstími skal vera 33 ár.
c. Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum.
d. Lánakjör skulu að öðru leyti vera hin sömu og E-lána-kjör Byggingasjóðs ríkisins.

2. gr.

Þau sveitarfélög, sem ætla að byggja leiguíbúðir samkvæmt reglugerð þessari á næstu 4 árum, skulu senda umsóknir sínar til húsnæðismálastjórnar fyrir 15. október 1974 og endurnýja þær síðan árlega fyrir sama eindaga árið áður en framkvæmdir eiga að hefjast.

Ef sveitarfélög geta hafið framkvæmdir á næsta sumri og tryggt fjármagn til þeirra framkvæmda, að sínum hluta á þessu ári, skulu þau senda umsóknir sínar fyrir 15. apríl 1974.

Umsóknum sveitarfélaga um lán til byggingar leiguíbúða skal fylgja áætlun um hvenær framkvæmdir geti hafist og hvernig sveitarfélagið hyggst fjármagna sinn hluta framkvæmdanna.

Við úthlutun lána skal húsnæðismálastjórn láta þau sveitarfélög sitja fyrir um lán, sem brýnasta hafa þörf fyrir leiguíbúðir að mati húsnæðismálastjórnar, en um röð byggingarframkvæmda í einstökum sveitarfélögum skal leitað álits viðkomandi landshlutasamtaka.

3. gr.

Húsnæðismálastjórn skal láta gera bráðabirgðaáætlun um byggingu leiguíbúða og skiptingu þeirra á milli landshluta, fyrir 15. maí 1974 og veita lán með hliðsjón af þeirri áætlun til framkvæmda á þessu ári. Fullnaðaráætlunargerð skal síðan lokið fyrir árslok 1974, en endurskoðast síðan árlega. Áætlanir þessar skulu háðar samþykki ráðherra.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að veita lán til að byggja leiguíbúðir samkvæmt reglugerð þessari, skal húsnæðismálastjórn annast eða láta annast allan tæknilegan undirbúning framkvæmda, könnun aðstæðna á byggingastað, gerð teikninga, verklýsinga og kostnaðaráætlana, eftirlit og tæknilega aðstoð á byggingartímanum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórn framkvæmda á hverjum stað skal fela þriggja manna framkvæmdanefnd, sem kjörin er af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum, ef sameiginlegar framkvæmdir eru ákveðnar þeirra á milli.

Heimilt er sveitarstjórn að fela landshlutasamtökum að annast fyrir sína hönd byggingaframkvæmdir þær, sem um ræðir í 1. mgr. og skulu þá landshlutasamtökin kjósa 3ja manna framkvæmdanefnd til að stjórna þeim.

Ráðherra skipar formann framkvæmdanefndar úr hópi kjörinna nefndarmanna.

Framkvæmdanefndir skulu leita tilboða og/eða samninga um byggingaframkvæmdir í heild, eða einstaka þætti þeirra eftir því sem hagkvæmt þykir. Allir samningar við verktaka og aðra framkvæmdaaðila skulu háðir samþykki húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu og framkvæmdir eru ákveðnar, skulu húsnæðismálastjórn og viðkomandi framkvæmdanefndir sveitarstjórna gera með sér samning um fjármögnun framkvæmdanna á byggingartímanum, í samræmi við það ákvæði laganna, að Byggingasjóður láni 80% en sveitarstjórn greiði 20% kostnaðarins.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir bókhaldi og sjóðsgreiðslum vegna þeirra bygginga, sem framkvæmdar eru í byggðarlaginu á hennar vegum, en þar sem því verður við komið skal í samráði við Veðdeild Landsbanka Íslands leita samninga við banka eða sparisjóði um, að þeir annist fjárreiður og bókhald fyrir framkvæmdirnar. Verði þá opnaður sérstakur reikningur í lánastofnuninni fyrir framkvæmdirnar.

Byggingasjóður og sveitarsjóður greiði síðan hvor sinn hluta inn á viðskiptareikninginn með jöfnum greiðslum, eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Lánastofnunin annist síðan greiðslu reikninga, þegar eftirlitsmaður Húsnæðismálastofnunarinnar hefur áritað þá.

Sveitarstjórn leggi fram yfirlýsingu banka eða sparisjóðs um að viðkomandi sveitarfélag standi við greiðslur þessar.

5. gr.

Sveitarfélög skulu leggja til land án endurgjalds undir íbúðarhús, sem byggð eru samkvæmt þessari reglugerð.

Lán Byggingasjóðs má nema allt að 80% af kostnaðarverði íbúðanna og er þá miðað við íbúðir fullgerðar og tilbúnar til notkunar. Íbúðirnar skulu byggðar úr varanlegu efni, vandaðar að öllum frágangi, en án íburðar. Húsin skulu vera fullfrágengin að utan. Lóðir skulu fullfrágengnar skv. byggingaskilmálum hvers byggðarlags, en óheimilt er að lána út á bílskúra, eða telja kostnað við þá með í byggingakostnaði íbúða, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum, að fengnu samþykki húsnæðismálastjórnar, að kaupa fullgerðar íbúðir af framkvæmdaaðilum. Einnig er heimilt að kaupa verksmiðjuframleidd hús, ef þau fullnægja kröfum húsnæðismálastjórnar um vönduð og varanleg íbúðarhús.

7. gr.

Leiguíbúðir skulu að jafnaði byggðar í sambýlishúsum og staðlaðar eftir því sem við verður komið, en heimilt er húsnæðismálastjórn að samþykkja raðhús eða einbýlishús, ef aðstæður á byggingarstað mæla með því. Stærð íbúðanna má vera allt að 100 ferm. miðað við innanmál útveggja.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að selja skuldabréf til einstaklinga, félaga, lífeyrissjóða og fyrirtækja, sem áhuga hafa á byggingu leiguíbúða í byggðarlaginu. Heimilt er sveitarstjórn að veita þeim aðilum, sem kaupa slík skuldabréf, rétt til að ráðstafa íbúðunum, þegar þær eru leigðar, en engan frekari umráðarétt yfir íbúðunum eða íhlutun um rekstur þeirra. Skuldabréf mega nema allt að 20% af byggingarkostnaði íbúðanna, þau skulu endurgreiðast á 10 árum ásamt 8% vöxtum, sem greiðast árlega eftir á. Óheimilt er sveitarstjórn að veðsetja íbúðirnar fyrir skuldabréfum þessum, eða öðrum lánum sveitarsjóðs.

Enn fremur er sveitarstjórn heimilt að gera samninga við einstaklinga, sem kaupa skuldabréf vegna íbúðanna, að þeir skuli sitja fyrir um kaup á íbúðunum, er þær verða seldar og fer þá um verðlagningu þeirra samkvæmt ákvæðum 11. gr. þessarar reglugerðar. Ekki er þó heimilt að gera slíkan samning nema viðkomandi kaupandi uppfylli ákvæði 14. gr. reglugerðar um verkamannabústaði frá 9. des. 1970, um hámark eigna og tekna, eins og það er ákveðið á hverjum tíma.

9. gr.

Sveitarstjórn skal árlega ákveða, að fengnu samþykki húsnæðismálastjórnar, upphæð húsaleigu fyrir íbúðir, sem byggðar eru samkvæmt þessari reglugerð. Hafa skal hliðsjón af vaxtagreiðslum, viðhaldskostnaði og öðrum gjöldum af íbúðunum við ákvörðun leigunnar. Húsnæðismálastjórn skal láta gera form að leigusamningi fyrir sveitarfélögin. Í leigusamningi skal vera ákvæði um uppsagnarfrest og má hann eigi vera skemmri en 6 mánuðir.

Í leigusamningi má einnig vera ákvæði um, að leigutaki greiði tryggingarfé, sem má nema allt að 6 mánaða leigu fyrir íbúðina. Leigusali skal greiða fulla innlánsvexti af tryggingarfénu, eins og þeir eru á hverjum tíma. Við brottför leigjanda úr íbúðinni má nota tryggingarféð til endurbóta á skemmdum, sem orðið hafa á íbúðinni eftir samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra manna.

10. gr.

Óheimilt er sveitarstjórn að selja íbúðir, sem byggðar eru samkvæmt þessari reglugerð, fyrstu 5 árin eftir að þær eru teknar í notkun. Ef aðstæður hafa breyst í sveitarfélaginu að þeim tíma liðnum, getur sveitarstjórn sótt um heimild hjá húsnæðismálastjórn til að selja íbúðirnar. Verði slíkt leyfi veitt skal verð íbúðanna ákveðið á þann hátt, sem fyrir er mælt í 11. gr.

11. gr.

Íbúðareiganda er óheimilt að veðsetja íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, nema til tryggingar lánum samkvæmt 1. gr.

Íbúðareiganda, sem eignast hefur íbúð skv. ákvæðum þessarar reglugerðar, er óheimilt að selja hana á leigu, nema með samþykki sveitarstjórnar.

Enginn, sem eignast hefur slíka íbúð, má selja hana, nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má hækka sem nemur þeirri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sem hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði ríkisins og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, enda greiði hann upp helming eftirstöðva lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði, samkvæmt 3. mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá úr veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast samkvæmt þessari grein, er heimilt að endurselja að fullnægðum skilyrðum 10. gr.

Kvöðum um verð og ráðstöfunarrétt íbúða, sem byggðar verða samkvæmt reglugerð þessari, má ekki létta af íbúðunum, nema fylgt sé ákvæði 10. gr. og að lán Byggingasjóðs séu greidd upp eða lækkuð þannig, að þau verði ekki hærri en lán, sem veitt voru til íbúða í eigu einstaklinga á sama tíma.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 59 30. apríl 1973, og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

12. febrúar 1974. Nr. 46.

REGLUGERÐ

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum á árinu 1974 og ráðstöfun á því.

1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti framleiðslu ársins 1974 á loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum svo og öðrum loðnuafurðum, öllum nema niðursoðnum eða niðurlögðum.

2. gr.

Hið sérstaka útflutningsgjald skv. 1. gr. skal reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Útflytjendur mega þó greiða 80% af gjaldinu þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og séu tollyfirvaldi greidd 20% af gjaldinu ásamt afhendingu ávísunar á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

Tekjum af þessu sérstaka útflutningsgjaldi skal haldið aðskildum frá tekjum af öðrum útflutningsgjöldum. Skulu tollyfirvöld og bankar, sem annast gjaldeyrisskil, senda greiðslur jafnóðum til Seðlabanka Íslands, er leggur þær í sérstakan sjóð.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu þess sjóðs, sem til verður samkvæmt 1. og 2. gr.

25 milljónum króna af tekjum sjóðsins skal varið til lífeyrissjóða sjómanna eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins en öðrum tekjum skal varið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar til þess að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis.

4. gr.

„Fiskiskip" merkir í reglugerð þessari sérhvert það skip (eða bát) sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er (nafn og umdæmisnúmer) hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

5. gr.

Seðlabanki Íslands sér um niðurgreiðslur til íslenskra fiskiskipa (sbr. 3. og 4. gr.) á þann hátt, sem hér segir:

Olíufélögin skulu á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 selja brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa hérlendis á sama verði og í nóvembermánuði 1973 og er þá miðað við:

Gasolíu á kr. 5.80 per líter.

Fuelolíu á kr. 3 330.00 per smálest.

Olíufélögin fá síðan greidda úr niðurgreiðslusjóðnum fjárhæð jafnháa mismuninum á ofangreindu viðmiðunarverði og útsöluverði söludags eins og það er ákveðið á hverjum tíma af verðlagsnefnd, enda hafi olíufélögin látið Seðlabankanum í té afrit af kvittuðum sölunótum, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, söludegi, sölustað, magni og tegund olíu.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram mánaðarlega.

6. gr.

Olíufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar, sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

7. gr.

Heimilt er að takmarka niðurgreiðslu á brennsluolíu til þeirra fiskiskipa, er sigla á erlendan markað, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

8. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa, sem fá keypta brennsluolíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 5. gr., er skylt að halda til haga afritum af sölunótum fyrstu fimm mánaða ársins 1974 og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því, hvort olíukaup þeirra eru með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota, skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974, dags. 11. janúar 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

24. janúar 1974. Nr. 47.

REGLUR

um iðgjöld sjóðfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skulu greiða í iðgjöld til sjóðsins 4.25% af launum sínum.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 10. gr. laga nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, gilda frá 1. janúar 1974 að telja. Jafnframt falla úr gildi reglur um iðgjöld sjóðfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nr. 172 13. desember 1967.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1974

Nr. 48. 64 20. febrúar 1974.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip	minna en	15	rúml.					kr.	2 400.00
—	—	15	brl.	allt að	30	brl.		—	3 600.00
—	—	30	—	—	50	—		—	4 800.00
—	—	50	—	—	100	—		—	6 000.00
—	—	100	—	—	200	—		—	8 400.00
—	—	200	—	—	300	—		—	10 200.00
—	—	300	—	—	500	—		—	12 000.00
—	—	500	—	—	800	—		—	14 400.00
—	—	800	—	—	1200	—		—	15 000.00
—	—	1200	—	—	2000	—		—	18 000.00
—	—	2000	—	—	5000	—		—	21 000.00
—	—	5000	og	stærri				—	24 000.00

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálft gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, ella greiðist gjaldið að fullu.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutun skipstjóra skips, eiganda þess eða siglingamálastjóra, skal greiða samkvæmt reikningi hans að viðbættum 30% og ferðaútgjöld ef einhver eru. Miða skal grunngjaldið við 19. flokk í launakerfi starfsmanna ríkisins hverju sinni.

Fari fram öxulskoðun utan aðalskoðunar telst hún aukaskoðun.

3. gr.

Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði óflokkaðra skipa innanlands skal greitt eftir reikningi siglingamálastjóra, þó aldrei minna en fimmfalt gjald samkvæmt 1. gr. Sé um opinn bát að ræða, greiðast kr. 2 000.00.
2. Fyrir hvers konar eftirlit með skipum erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni, samkvæmt reikningi siglingamálastjóra að viðbættum

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

30%, þó ekki af ferðakostnaði og dagpeningum eftirlitsmanns. Skal siglingamálastjóra heimilt að innheimta allt að kr. 20 000.00 fyrir fram vegna eftirlits samkvæmt þessum tölulið, en endanlegt uppgjör fari fram að ferðinni lokinni.

3. Fyrir eftirlit með viðgerðum og breytingum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands, skal greitt samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkötlum skal greiða:

Ketill við vél undir 400 hö.	kr. 2 200.00
Ketill við vél frá 400 til 800 hö.	— 2 700.00
Ketill við vél yfir 800 hö.	— 4 500.00

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 brl.	kr. 7 500.00
— — 100 brl. allt að 500 brl.	— 10 500.00
— — 500 — — — 1000 —	— 13 500.00
— — 1000 — — — 2000 —	— 18 000.00
— — 2000 — — — 5000 —	— 24 000.00
— — stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.	

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 2 000.00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis og tilheyrandi skoðun skulu greiddar kr. 1 000.00.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða kr. 2 000.00 enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.

Endurskoðun uppdrátta.

Fyrir endurskoðun allra smíðauppdrátta fyrir nýsmíðar skal greitt:

Fyrir opinn bát	kr. 1 800.00
— þilfarsbát minni en 15 brl.	— 3 000.00
— skip 15 brl. allt að 30 brl.	— 4 800.00
— — 30 — — — 50 —	— 7 200.00
— — 50 — — — 100 —	— 9 600.00
— — 100 — — — 300 —	— 15 000.00
— — 300 — — — 1000 —	— 18 000.00
— — 1000 — — — 3000 —	— 21 000.00
— — 3000 og stærri	— 24 000.00

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skipsins. Ef skipið er smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags greiðist hálft gjald.

Fyrir endurskoðun uppdrátta vegna breytinga, viðgerða og innflutnings gamalla skipa o. fl. greiðist samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

7. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

1.	Útgáfa þjóðernisskírteinis	kr. 3 000.00
2.	Útgáfa alþjóðamælibréfs	— 3 600.00
3.	Afrit af alþjóðamælibréfi	— 600.00
4.	Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	— 1 500.00
5.	Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	— 300.00
6.	Einkaleyfi á skipsnafni	— 6 500.00
7.	Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá	— 1 000.00

8. gr.

Mæling skipa.

Opinn bátur	kr.	1 800.00
Þilfarsskip minni en 30 brl.	—	3 600.00
— 30 brl. allt að 100 brl.	—	6 000.00
— 100 — — — 200 —	—	9 000.00
— 200 — — — 400 —	—	10 500.00
— 400 — — — 1000 —	—	15 000.00
— 1000 — — — 3000 —	—	19 500.00
— 3000 — — — 5000 —	—	28 000.00

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.
Fyrir endurskoðun á mælingu skips greiðist hálft gjald skv. þessari grein.
Að auki greiðast ferðaútgjöld mælingarmanna eftir reikningi siglingamálastjóra.

9. gr.

Tækjaleiga.

Við röntgenmyndun greiðist sérstaklega fyrir leigu á tækjum, filmum, framköllun og mat skv. II W kr. 500.00 á hverja mynd. Tækjaleiga við þykktar- og aðrar örbylgjumælingar, sprungu-, titrings- og hávaðamælingar greiðast kr. 500.00 á klst.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiði eigandi skips kostnað við slíka aðstoð eftir reikningi, hvort sem um er að ræða fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar eða aðra.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar þjónustu óskað utan þessa tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkv. 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar giidi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa, nr. 248/1970.

Samgönguráðuneytið, 20. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

25. febrúar 1974. Nr. 49.

REGLUR

um merkingu skipa.

1. gr.

Nafn hvers skips og heimahafnar þess skal málað á afturstafn, ljósum stöfum á dökkan grunn eða dökkum stöfum á ljósan grunn. Sé afturstafn þannig lagaður að þessu verði ekki við komið, skal nafn þess og heimahafnar málað beggja megin á hliðar þess við afturstafn. Á sama hátt skal mála nafn skipsins á bóga þess.

Fiskiskip, skulu auk þess að vera merkt, sem að ofan greinir, vera merkt umdæmisstöfum og tölum á bóginn beggja megin.

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á lúgubita eða karm.

Skip, sem eru minni en 30 brl., þarf ekki að merkja á eða við afturstafn.

2. gr.

Hvert skipaskráningarumdæmi hefur sína umdæmisbókstafi og skulu skráningarskyld fiskiskip og bátar bera umdæmisbókstafi og tölur þess umdæmis, sem það er skráð í.

Umdæmisbókstafirnir eru þessir:

AK Akranes.
ÁR Árnessýsla.
BA Barðastrandarsýsla.
EA Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.
GK Gullbringusýsla.
*HF Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.
HU Húnavatnssýslur.
ÍS Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður.
KE Keflavík.
KÓ Kópavogur.
MB Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
NK Neskaupstaður.
NS Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.
ÓF Ólafsfjörður.
RE Reykjavík.
SF Skaftafellssýslur.
SH Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
SI Siglufjörður.
SK Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur.
ST Strandasýsla.
SU Suður-Múlasýsla.
ÞH Þingeyjarsýslur.
VE Vestmannaeyjar.

3. gr.

Hæð bókstafa í nafni og heimilisfangi skal minnst vera þessi:

Á skipum 30 brl. og stærri.	15 cm
Á skipum undir 30 brl.	12 cm

Hæð umdæmisbókstafa og talna skal vera minnst:

Á fiskiskipum 30 brl. og stærri	45 cm
Á fiskiskipum undir 30 brl.	25 cm
Á opnum vélbátum	20 cm
Hæð einkennisbókstafa	15 cm

4. gr.

Á hvern björgunarbát, aðra en gúmmí- og slöngubáta, skal marka stærð hans, lengd, breidd og dýpt, og hámarkstölu þeirra manna, sem hann má flytja, auk nafns skipsins og heimahafnar, nema ef um bát á fiskiskipi sé að ræða, þá má merkja hann umdæmisbókstöfum og tölum í stað nafns og heimahafnar.

Bjarghringar skulu merktir nafni og heimahöfn skipsins, eða nafni og umdæmisbókstöfum og tölum, ef um fiskiskip er að ræða.

---

* Skip og bátar, sem heima eiga í Kjósarsýslu eða Hafnarfirði mega halda umdæmisbókstöfum (GK) og tölum óbreyttum, en við frumskráningu skips eða umskráningu vegna eigendaskipta, skal það hljóta umdæmisbókstafina HF.

5. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, sem að ofan greinir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um útlend skip meðan þau eru innan íslenskrar landhelgi.

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra skips að halda vel við öllum merkjum, er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða allt að kr. 100 000 sektum.
Með mál út af brotum á reglum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 53 12. maí 1970, um skráningu skipa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um merkingu skipa, nr. 25 25. febrúar 1954, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 25. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

25. febrúar 1974. Nr. 50.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 39 9. febrúar 1973.

1. gr.

38. grein reglugerðarinnar orðist þannig:
Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til og frá höfninni, kr. 2 000.00 fyrir hvert skip. Auk kr. 4.00 fyrir hverja brúttórúmlest, nema strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, þau greiði kr. 2.00 á brúttórúmlest.
b. Fyrir færslu skipa um höfnina kr. 2 000.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

2.3 Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63 A 1-fasa	34 330	Innifalið
63 A 3-fasa	37 050	—
100 A —	44 050	—
200 A —	71 000	—
315 A —	147 960	—
300 kVA —	206 780	Samkv. kostnaði
500 kVA —	345 150	—
800 kVA —	551 940	—

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Lengdargjald[1][2]	
	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
Málstraumur	kr.	kr./m	kr./st.
63 A 1-fasa	6 090	900	11 530
63 A 3-fasa	8 550	900	13 340
100 A —	9 060	1 160	15 280

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiðir hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugagjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirra húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

III. KAFLI
MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér ...	137.30			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	304.10	510.20	588.60	981.10
Tvígjaldsmælar, mestumælar	510.20	588.60	932.00	1 491.20

Rofar:

1 × 10 A—2 × 30 A	765.20
3 × 15 A—3 × 60 A	932.00
3 × 100 A—3 × 350 A	2 256.50

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 17.42 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

7.2 Kr. 23 931.31 hvert árskílówatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 4.62 hver kwst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 2 393.13 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal og kr. 73.88 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 4 958.34 hvert árskíówatt, og öll notkun kr. 4.62 hver kWst. ef um meira en 2.5 kW afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 wött á kr. 3 000.98 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 4 34 hver kWst.

8.2. Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 4.31 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 215.50 á ársfjórðungi.

8.4 Kr. 3.78 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 3.78 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 12 925.57 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 3.54 hver kWst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 12 925.57 hvert árskW., sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 3.54 og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 23 931.31 hvert árskW.

8.8 Kr. 3.27 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbyggingar viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 8.69 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

9.2 Kr. 1 739.52 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 3.40 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina sem hér segir:

Kr. 2 913.98 á árskW.

Auk þess skal greiða kr. 1.48 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 9 439.86 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 4.62 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 9.16 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 1.83 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 1.30 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst. tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 1.40 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 3 628.81 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 1 668.04 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 10 307.86 á ári.

10.4 Kr. 1.58 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 0.94 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 0.59 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 0.89 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 3.78 hver kWst. sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til iðgripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaðar, efnis og vaxtagjalda. Gjaldskrárbreytingar samkv. framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10—földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella séu upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 780.00, fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 11%, 1% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

21. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 1. mars 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 374 4. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 52. 4. mars 1974.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

01 1. Um kWst.-mæli á kr. 17.41 hverja kWst.

02 2. Um kWst.-mæli á kr. 8.32 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 2 256.00 á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 42.00 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í

búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 21.00 á m^2 á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

12 Um kWst.-mæli á kr. 3.77 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 390.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

20 1. Um kWst.-mæli á kr. 8.32 hverja kWst.

23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 4 129.00 hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 1.48 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 20 640.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

03 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 3.40 hverja kWst. (án söluskatts).

04 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 3.84 hverja kWst. (með söluskatti).

16 2.1. Um kWst.-mæli á kr. 1.21 hverja kWst. (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.

17 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 1.36 hverja kWst. (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.

32 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 0.63 hverja kWst. (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

33 3.2. Um kWst.-mæli á kr. 0.70 hverja kWst. (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem Rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

50 Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: Kr. 7 520.00 hvert árs-kW.
Orkugjald: Kr. 0.84 hverja kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun Rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
   a) Um kWst.-mæli á kr. 9.14 hverja kWst.
   b) Um mestastraumsrofa á kr. 85.00 hvert amper á mánuði. Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kWst.-mælir eða mestastraumsrofi.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 23 875.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun Rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu Rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki Rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa-mælum kr. 19.50 á mánuði.
2. Af þrífasa-mælum til og með 100 A, kr. 48.50 á mánuði.
3. Af þrífasa-mælum yfir 100 A, kr. 81.50 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 124.50 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkv. eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr.	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
	220 V KERFI			
63 A 1-fasa	15 860	882	12 014	11 678
100 A 1-fasa	19 221	1 058	15 219	14 593
63 A 3 fasa	19 862	1 058	15 219	14 593
100 A 3-fasa	42 610	1 201	30 754	18 244
125 A 3-fasa	30 755	1 346	21 625	19 142
200 A 3-fasa	48 055	1 826	34 279	21 881
300 A 3-fasa	69 360	2 227		
	380 V KERFI			
63 A 1-fasa	15 860	882	13 615	11 678
63 A 2-fasa	19 221	882	15 218	13 616
63 A 3-fasa	26 911	1 058	20 663	14 593
100 A 3-fasa	42 610	1 201	30 756	18 244
125 A 3-fasa	53 180	1 346	37 322	19 142
200 A 3-fasa	83 294	1 826	58 947	21 881
300 A 3-fasa	120 136	2 227		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um, (hér kann að þurfa dreifistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 641.00 á hvert kVA. Skal

þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Skeri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A 220 V og í 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi, en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 6.410.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er Rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæma Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, krónur 330.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 420.00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 15. mars 1974, er Rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur 11% svo og gjöld skv. lögum nr. 4/1974 og lögum nr. 5/1974 eru innifalin í upphæð gjalda skv. 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 15. mars n. k., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 370 29. nóv. 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 4. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 53. 5. mars 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 6 5. janúar 1973, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Við fyrstu grein reglugerðarinnar bætist eftirfarandi, sem gildir mánuðina desember—apríl, að báðum mánuðunum meðtöldum:

06.03.00 Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborðið eða meðfarið á annan hátt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 5. mars 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 54. 13. febrúar 1974.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41 24. mars 1956 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. reglugerð nr. 36 10. febrúar 1972.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 4800 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti a. m. k. kr. 117 000 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D.A.S. ákveður fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 3 000.00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 250.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1974.

Jafnframt fellur úr gildi 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 36 10. febrúar 1972.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. febrúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1974

Nr. 55. 80 5. mars 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gisti- og veitingastaði frá 30. júní 1964.

1. gr.

Á eftir 49. gr. reglugerðarinnar komi ný gr., sem verði 50. gr., og breytist greinatala reglugerðarinnar í samræmi við það. Hin nýja gr. er svo hljóðandi:

„Sé um að ræða gistiherbergi á einkaheimilum, sem leigð eru gestum fyrir milligöngu gistihúsa eða annarra aðila hluta ársins, skulu eftirfarandi kröfur gerðar:

Gestaherbergi skal vera hreint og án raka og veggfóður og málning gallalaus. Gluggatjöld skulu vera hrein og ógölluð. Rúmstæði skulu vera minnst 190 cm á lengd og 80 cm á breidd. Í hverju svefnstæði skal vera hrein dýna, og koddar og sængur skulu fyllt lyktarlausu efni. Séu baðherbergi eða snyrtiklefar notuð bæði af heimafólki og gestum, skal þar aðeins að finna hreinlætistæki með tilheyrandi nauðsynjum. Í baðherbergjum skulu vera sérstök handklæði til nota fyrir gesti, og skal skipta um þau eftir þörfum".

2. gr.

71. gr. reglugerðarinnar, sem verður 72. gr. orðist þannig:

„Heilbrigðiseftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum reglugerðar þessarar, þó því aðeins að því er varðar eftirtalin ákvæði:

Í 5. gr. um almennar setustofur.

Í 9. gr. um að kerlaug eða steypibað skuli fylgja hverju herbergi.

Í 11. gr. um að tvennar hurðir skuli vera milli svefnherbergis og hótelgangs, svo og í 43. gr., um sama efni, að því er varðar gistiheimili.

Í 12. gr. og 33. gr., um lengd og breidd rúma.

Í 13. gr., um síma og útvarp í hverju herbergi.

Í 15. gr., um að snyrtiherbergi starfsfólks séu aðskilin frá snyrtiherbergjum gesta.

Undanþágur þær, sem hér um ræðir, séu því aðeins veittar, að um minni háttar rekstur sé að ræða og að sérstaklega standi á, að dómi heilbrigðiseftirlitsins.

Enn fremur er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá 35., 36., 41., 42. og 49. gr. sé um að ræða gistiherbergi á einkaheimilum samkv. 50. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53 20. apríl 1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. mars 1974.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUR

um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi.

Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs, setur hér með, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirfarandi reglur um greiðslur ríkissjóðs fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámstigi:

1. Hámarksgreiðslur ríkissjóðs miðast við eftirfarandi gæslustundafjölda á viku:

1.1

Nemendafjöldi í heimavist	Hámarksfjöldi gæslustunda til greiðslu á viku
6—10	24.75 klst.
11—20	24.75 + 0.65 á nem. umfram 10
21—50	31.25 + 0.44 — — — 20
51—80	44.5 + 0.63 — — — 50
81—	63.5 + 0.88 — — — 80

Ofangreind skrá miðast við, að nem. komi í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fari kl. 16.15 á föstudögum.

1.2 Í þeim tilvikum, sem menntamálaráðuneytið kann að úrskurða umframgæsluþörf í samræmi við ákvæði a)—e) liða 6. gr. reglna menntamálaráðuneytisins dags. 6. mars 1974, mun ríkissjóður greiða þann kostnað, sem af því leiðir.

1.3 Fyrirvari er gerður um hámark gæslustunda, þar sem skólastjóri hefur ekki aðstoðarfólk við kennslu eða gæslustörf.

2. Um kjör gæslufólks fer eftir kjarasamningum.
3. Sveitarfélög, er að skóla standa, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.
4. Reglur þessar gildi frá 1. janúar 1974, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

6. mars 1974. Nr. 57.

REGLUR

um heimavistargæslu.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistarskólum á skyldunámsstigi telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum, við félagsstörf og í frítíma ásamt næturábyrgð og heilsugæslu, annarri en þeirri, sem læknir annast.

2. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs. Gæsluáætlun skal hljóta samþykki skólanefndar, svo og skriflegt leyfi sveitarstjórnar, ef hún fer fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Áætlunin skal síðan send menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

Skólastjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki skólanefndar. Jafnan skal velja hið hæfasta fólk til starfsins.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að veita nemendum hlíðstæða umhyggju og vernd og þeir njóta á heimilum sínum. Gæslufólk skal halda uppi jákvæðum aga og hvetja nemendur og leiðbeina þeim um góða framkomu, reglusemi og umgengni.

5. gr.

Dvöl á heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er án þess að námið skerðist nokkuð af þeim sökum, svo að tengsl barnanna við heimili þeirra rofni sem minnst. Æskilegt er að nemendur séu ekki lengur en 4 nætur að heiman í senn, nema 6 daga skólavika sé talin nauðsynleg, þá 5 nætur.

6. gr.

Vikuleg gæsluþörf með heimavistarnemendum, sem koma í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fara úr skóla kl. 16.15 á föstudögum, er talin vera, við almennar aðstæður, eftirfarandi:

Fjöldi nemenda í heimavist	Gæslustundaþörf
6—10	24,75
20	31,25
50	44,5
80	63,5
100	81,0

Menntamálaráðuneytið úrskurðar gæsluþörf umfram framanritað, ef rökstudd beiðni þess efnis kemur frá skólum af eftirtöldum ástæðum:

a) Að skóli hefjist fyrr á mánudögum.
b) Að heimavistarhús séu tvö.
c) Að 6 daga kennsluvika sé talin nauðsynleg vegna skerts námstíma.
d) Að nemendur þurfi að dvelja í heimavist yfir helgi sökum veðurs eða samgangna.
e) Að annir séu tvær vikur eða fleiri í senn, vegna samgönguerfiðleika.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um greiðslur ríkissjóðs á kostnaði vegna gæslustarfa. Kjör gæslufólks fara eftir kjarasamningum.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru að höfðu samráði við samtök skólastjóra í heimavistarskólum og Samband íslenskra sveitarfélaga, gilda frá 1. janúar 1974 og fyrst um sinn, uns öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. mars 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 25% frá 1. apríl 1974 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

18. mars 1974. Nr. 59.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf D, vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 250 milljónir króna, skv. heimild í fjárlögum fyrir árið 1974, sbr. lög um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands, nr. 7 frá 13. mars 1974.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari, skulu nefnd Skuldabréf D.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2000 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala bréfanna hefst í marsmánuði 1974 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 12. júlí 1974.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, er reiknuð er 20. mars 1974, til gjalddaga 20. mars 1984. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til 20. mars 1984 verið lægri en hún var 20. mars 1974 og sé lægri hinn 20. mars 1984. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð: Seðlabanki Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Hæstiréttur annan,

en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin fellir fullnaðarúrskurð í ágreiningsmálum, sem hún fær til meðferðar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skulu slíkar ákvarðanir verða fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 9% — níu af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn 12. júlí 1974, og í síðasta sinn hinn 12. júlí 1983.

Vinningum skal úthlutað samkvæmt skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

6 vinningar á kr.	1 000 000	..... kr.	6 000 000.00
4 vinningar á kr.	500 000	..... kr.	2 000 000.00
55 vinningar á kr.	100 000	..... kr.	5 500 000.00
900 vinningar á kr.	10 000	..... kr.	9 000 000.00
965 vinningar		kr.	22 500 000.00

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, sem fyrst eftir útdráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Nota skal tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setti um útdrátt vinninga í B-flokki happdrættisláns ríkissjóðs 1973, nr. 164 frá 1. júní 1973.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands, sbr. LXVI. lið 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1974

Nr. 60. 86 15. mars 1974.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

Fyrir venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð ..... kr. 10 000.00.

Stofngjöld fyrir sérbúnað samkvæmt VIII. kafla.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í símapípur, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð er kr. 1 500 að viðbættum kr. 3.90 fyrir hvert teljaraskref umfram 525 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 400 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið í 2.1 hér að framan, auk kr. 500.00 á ársfjórðungi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir sérbúnað eru samkv. VIII. kafla. Gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu ..... (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).	kr. 5 000.00
3.2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:	
3.2.1.	Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð	— 850.00
3.2.2.	Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri	— 1 700.00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 6 800.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 2 500.00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 3 300.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 850.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 800.00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

Fyrir venjulegt talfæri með línu og númer í miðstöð ..... kr. 8 200.00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	690	550	410
4 —	930	750	560
6 —	1 050	840	630
8 —	1 180	940	710
10 —	1 280	1 020	770
12 —	1 310	1 050	790
14 —	1 360	1 090	820
16 —	1 400	1 120	840
24 —	1 500	1 200	900

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum aðilum, sem að áliti stöðvarstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjöld fyrir sérbúnað eru samkv. VIII. kafla. Gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu	kr. 4 100.00
3.2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli.	
3.2.1.	Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð	— 850.00
3.2.2.	Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri	— 1 700.00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar miðstöðvar	— 5 600.00

Áðurnefnd gjöld, sem nefnd eru undir 2. og 3. eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 2 500.00.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 850.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 800.00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 5 600.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða ákveðst stofngjald af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr. 340.00
4 —	.....	— 430.00
6 —	.....	— 540.00
8 —	.....	— 620.00
10 —	.....	— 660.00
12 —	.....	— 680.00
14 —	.....	— 730.00
16 —	.....	— 750.00
24 —	.....	— 800.00

2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Allt í samráði við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu, en um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti** er frá kl. 08:00 til kl. 20:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	3.90
B	45 —	5.20
C	30 —	7.80
1	24 —	9 75
2	12 —	19.50
3	10 —	23.40
4	8 —	29.25
5	6 —	39.00

1.2. **Næturtaxti** er frá kl. 20:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	1.95
B	90 —	2.60
C	60 —	3.90
1	45 —	5.20
2	24 —	9.75
3	20 —	11.70
4	15 —	15.60
5	12 —	19.50

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 27.00	kr. 9.00
— 10— 25 — —	— 45.00	— 15.00
— 25—100 — —	— 60.00	— 20.00
— 100—225 — —	— 78.00	— 26.00
— 225—350 — —	— 93.00	— 31.00
Yfir 350 — —	— 117.00	— 39.00

Ofannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning: kr. 28.00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 38.00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir.

2.6. Boðsending: kr. 50.00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 50.00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.
2.7. Afturköllun símtals: kr. 8.00.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:
4.1. Línugjald kr. 45.00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 15.00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 81.00 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi en annars kr. 120.00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 27.00 eða kr. 40.00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda greiðist samkvæmt IV. kafla.
4.5 Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig samsett:
a. Gjaldið milli Íslands og viðkomandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef viðkomandi skip tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Kr. 5.30 fyrir hvert orð. Minnsta gjald. kr. 53.00.
1.2. Blaðaskeyti: Kr. 1.10 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 33.00.
1.3. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 106.00.
1.4. Veðurskeyti: Kr. 53.00 fyrir hvert skeyti.
1.5. Símapóstávísanir: Gjald kr. 72.00 án tillits til orðafjölda.
1.6. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð kr. 30.00 eða kr. 50.00 eftir gerð.
1.7. Samúðarskeyti: Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur upphæðin óskert til Landsspítalasjóðs.
1.8. Móttaka símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 14.00 fyrir hver 100 orð eða færri.
1.9. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 7.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
1.10. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum eru útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 50.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum krigumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til

viðtakanda svo fljótt, sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.11. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.12. Samanburður til tryggingar gegn missimun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs skímskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda ákveðst af alþjóðasamþykktum og millirikjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig samsett:

a. Línugjald kr. 5.30 hvert orð.
b. Strandargjald kr. 5.30.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.

Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök lofskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir blaðaloftskeyti frá íslenskum skipum til afgreiðslu innanlands er þannig samsett:

a. Línugjald kr. 1.10 hvert orð.
b. Helmingur venjulegs strandargjalds.

3.2.2. Gjald fyrir hraðblaðaloftskeyti er þannig samsett:

a. Línugjald kr. 1.10 hvert orð.
b. Venjulegt strandargjald.

Minnsta gjald fyrir blaðaloftskeyti er hið sama og fyrir 14 orð. Blaðaloftskeyti er aðeins leyft frá skipi til lands.

3.2.3. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 53.00.

3.2.4. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1.1.	Venjuleg fjarritvél	kr. 41 000.00
1.2.	Númer í telexstöð	— 20 500.00
1.3.	Bæjarlína	— 5 000.00
1.4.	Innbyggður endurgati	— 7 600.00
1.5.	Innbyggður vélsendir	— 5 200.00
1.6.	Endurgati, sem prentar á borðann. en án leturborðs	— 30 000.00
1.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 38 000.00

1.8. Vélsendir ..... — 14 000.00
1.9. Vélgatari ..... — 30 000.00
1.10. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) ..... — 24 000.00
1.11. Afriðill ..... — 5 000.00
1.12. Fyrir útskiptingu á telex- og fjarritvélum samkvæmt ósk notanda greiðist hálft stofngjald, ef leyft verður.
1.13. Framangreind stofngjöld taka breytingum sem eiga rætur að rekja til breytts innkaupsverðs.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Venjuleg fjarritvél. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað greiðist sérstaklega ..... kr. 17 000.00
2.2. Númer í telexstöð ..... — 10 000.00
2.3. Bæjarlína ..... — 2 400.00
2.4. Innbyggður endurgati ..... — 2 500.00
2.5. Innbyggður vélsendir ..... — 2 500.00
2.6. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs ..... — 12 000.00
2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði ..... — 14 400.00
2.8. Vélsendir ..... — 5 500.00
2.9. Vélgatari ..... — 11 000.00
2.10. Morsetæki (vélsendir eða gatari) ..... — 12 000.00
2.11. Afriðill ..... — 2 200.00
2.12. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir ..... — 17 000.00
2.13. Tengipúlt ..... — 2 400.00
2.14. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3.90 fyrir hvert teljaraskref og samsvarar það kr. 9.75 á mínútu.
2.15. Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.

3. Gjald fyrir telexritanir til útlanda.

Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og millirikjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

4.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva ..... kr. 10 000.00
4.2. Innanhúss ..... — 5 000.00
4.3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar ..... — 14 000.00

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

VII. KAFLI

Línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta línur á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar árleigu fyrir 1 km.

2. Afnotagjald.

Ársfjórðungsleigan á hvern km skal vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

2.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.4—0.7 mm ..... kr. 600.00
2.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 830.00
2.3. Viðskiptagjald: Leiga fyrir línu milli símabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði miðast við 40 þúsund mínútna notkun á ári, samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi símamiðstöðva.

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til fjarlægra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

VIII. KAFLI
Sérbúnaður.

1. Sérbúnaður við sjálfvirkar miðstöðvar.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
1.1.	**Einstök talfæri.**		
1.1.1.	Aukatalfæri, sido eða með snara	2 500	210
1.1.2.	Vatnsþétt talfæri	3 100[1])	440
1.1.3.	Hátalarasími	11 500	1 530
1.1.4.	2ja línu talfæri, ATEA 822. Að auki er unnt að tengja viðbótarlínu til einkasímstöðvar	2 800[1])	700
1.1.5.	2ja línu talfæri, Siemens	3 200[1])	800
1.1.6.	2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	1 600[1])	630
1.2.	**Talfærakerfi (bjöllur ekki innifaldar í verði).**		
1.2.1.	Ritarasímar (sekreter) ATEA 812-L, 1 lína, 2 talfæri	2 300[1])[2])	570[2])
1.2.2.	Ritarasímar AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	2 600[1])[2])	650[2])
1.2.3.	Ritarasímar Siemens, 2 línur, 2 talfæri	7 200[1])[2])	1 800[2])
1.2.4.	Ritarasímar DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 400[1])[2])	420[2])
1.2.5.	Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri	2 400[1])[2])	600[2])
1.2.6.	Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 2 talfæri	2 800[1])[2])	700[2])
1.2.7.	Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri	3 400[1])[2])	850[2])
1.2.8.	Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri	4 700[1])[2])	1 180[2])
1.2.9.	Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri	5 000[1])[2])	1 250[2])
1.2.10.	Raðsímar, Reiha ⅕, 1 lína, 3 til 6 talfæri	3 600[1])[2])	900[2])
1.2.11.	Raðsímar, Reipos ⅖, 2 línur, 3 til 6 talfæri	4 400[1])[2])	1 100[2])
1.2.12.	Raðsímar, Reipos ²⁄₁₀, 2 línur, 7 til 11 talfæri	5 200[1])[2])	1 300[2])
1.2.13.	Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri	8 800[1])[2])	2 200[2])
1.2.14.	Millisamband milli húsa, DBH 4, (magneto)	10 000	1 000
1.2.15.	Millisamband milli svæða (Rvík), DBH 4 (magneto)	10 000	4 000
1.2.16.	Millisamband á sömu lóð, DBH 4 (magneto)	5 000	700
1.2.17.	Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	10 000	2 600
1.3.	**Handvirkar einkasímstöðvar (CB). Uppsetning innifalin.**		
1.3.1.	L.M.E. 1 + 3	17 100	700
1.3.2.	L.M.E. 2 + 6	27 400	1 400
1.3.3.	L.M.E. 3 + 9	40 300	2 100
1.3.4.	L.M.E. 4 + 16	63 400	3 500
1.3.5.	L.M.E. 5 + 30	64 800	6 125

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
1.3.6.	L.M.E. 6 + 40	72 000	8 050
1.3.7.	E.B. 6 + 30	66 200	6 300
1.3.8.	Talfæri í sama húsi	2 800	390
1.3.9.	Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	10 000	1 000
1.3.10.	Númer frá einkasímstöð á öðrum svæði (Reykjavík). Venjulegt talfæri innifalið	10 000	4 000
1.4.	**Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).**		
1.4.1.	Stofngjald af stöð: a. Innkaupsverð stöðvar að frádregnum: kr. 5 000.00 fyrir hvern númerabúnað. kr. 10 000.00 fyrir hvern miðstöðvarlínubúnað. b. Uppsetningarkostn. einkasímstöðvar skv. reikningi.		
1.4.2.	Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöð		480
1.4.3.	Fyrir hvern miðstöðvarlínubúnað í einkasímstöð		960
1.4.4.	Talfæri í sama húsi	2 800	390
1.4.5.	Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	10 000	1 000
1.4.6.	Númer frá einkasímstöð á öðru svæði (Reykjavík). Venjulegt talfæri innifalið	10 000	4 000
1.4.7.	Tryggingu gegn bruna, vatnsskaða og öðru tjóni á búnaðinu skal notandi sjá um. Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðarins fást hjá Pósti og síma hverju sinni.		
1.4.8.	Sjálfvirkar einkasímstöðvar, sem fylgt hafa sérgjaldskrá, gera svo einnig framvegis með hliðstæðum breytingum og í hinni almennu gjaldskrá.		
1.5.	**Annar búnaður.**		
1.5.1.	Venjuleg aukabjalla	840	60
1.5.2.	Aukabjalla, vatnsþétt	1 000[1])	250
1.5.3.	Aukabjalla, slagbjalla	2 400[1])	600
1.5.4.	Aukatengill	2 000	
1.5.5.	Langlínulás	1 150	100
1.5.6.	Aukahlust	860	210
1.5.7.	Símabúnaður fyrir heyrnardaufa	500[1])	120
1.5.8.	Aukaskífa	860	140
1.5.9.	Blinker	860	140
1.5.10.	Krosssnari (2ja línu snari)	860	140
1.5.11.	Bjöllusnari með rafvökum	860	210
1.5.12.	Dyraviti með áhaldasnertu, eldri gerð		140
1.5.13.	Dyraviti með fótosellu og undirstelli	2 900[1])	700
1.5.14.	Dyraviti með fótosellu og borðtæki	1 400[1])	420
1.5.15.	Símsvarar. Aukakassettur skulu seldar	8 600	1 250
1.5.16.	Símsvarar stuttan tíma kr. 2 500 fyrir allt að 2 mánuðum og kr. 1 000 fyrir hvern byrjaðan mánuð þar fram yfir.		
1.5.17.	Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 17 000.		
1.5.18.	Sjálfsalar, 3ja mynta. Árstekjutrygging kr. 26 000.		

1.6. **Ýmislegt.**
1.6.1. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 240.
1.6.2. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands kr. 2 100.
1.6.3. Útskipting á talfæri samkv. ósk notanda kr. 2 100.
1.6.4. Frádráttur vegna eldri búnaðar:

a. Sjálfvirkar skiptistöðvar fyrnast á 15 árum og hluti úr ársfjórðungi reiknast sem heill ársfjórðungur.
b. Handvirk einkasímstöð, 1.3., talfærakerfi, 1.2. og einstök talfæri, 1.1., afskrifast á 10 árum og hluti úr ársfjórðungi reiknast sem heill ársfjórðungur.
c. Ef nýr búnaður samkv. a. og b. er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af stofngjaldi eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi stofngjaldi, deilt með afskriftartímanum og margfaldað með því, sem á vantar upp á fulla fyrningu og kemur sú upphæð til frádráttar stofngjaldi nýja búnaðarins. Ef áðurnefndur frádráttur er hærri en stofngjald nýja búnaðarins skal umreikna hann miðað við upprunalegt stofngjald og sé hann enn hærri en stofngjald nýja búnaðarins endurgreiðir póstur og sími þann mismun, (sbr. d).
d. Ef búnaði samkv. a. og b. er sagt upp er endurgreiðsla samkv. c. miðuð við upprunalegt stofngjald.

Skýringar:
1) Uppsetning og flutningur greiðast samkv. reikningi.
2) Verð pr. talfæri.

2. Sérbúnaður við handvirkar miðstöðvar.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
2.1.	**Einkstök talfæri.**		
2.1.1.	Aukatalfæri í sömu íbúð	2 500	390
2.1.2.	Aukatalfæri annars staðar í sama húsi	3 500	550
2.2.	**Handvirkar einkasímstöðvar.**		
2.2.1.	6 númera einkastöðstöð	10 000	1 080
2.2.2.	10 — —	16 700	1 800
2.2.3.	15 — —	25 000	2 700
2.2.4.	20 — —	33 000	3 600
2.2.5.	Hlutfallslega fyrir stærri einkasímstöðvar.		
2.2.6.	Talfæri í sama húsi	2 800	550
2.2.7.	Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	10 000	950
2.3.	**Annar búnaður.**		
2.3.1.	Samband við hálfsjálfvirkan tengil	2 200	280
2.3.2.	Venjuleg aukabjalla	850	60
2.3.3.	Tengill með rafvökum	2 200	

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 960.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 180.00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og leggur hverjum leigusíma til eitt eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjáfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir, að dómi póst- og símamálastjórnar, að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 240.00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 480.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 240.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 400.00
3.2.	Aukanafn í skrá	— 480.00
3.3.	Aukalínur í skrá, hver lína	— 240.00
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 400 + 480	— 880.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 480.00 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 240.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 400.00. Auglýsingarlína kostar kr. 240.00.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni, að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XI. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Eftirlitsgjöld, leyfisbréfagjöld o. fl.

Gjöld fyrir leyfisbréf skulu vera sem hér segir:

1.1.	Leyfisbréf, þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist á 5 ára fresti)	kr. 1 000.00
1.2.	Leyfisbréf, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist á 5 ára fresti)	— 500.00
1.3.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun	— 600.00
1.4.	Leyfisgjald vegna árlegrar framlengingar amatörleyfis	— 250.00
1.5.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum (þarf ekki að endurnýja)	— 500.00
1.6.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 200.00
1.7.	Leyfisbréf fyrir öðrum radíótækjum en talin eru að ofan	— 200.00

Árleg eftirlitsgjöld fyrir stöðvar í skipum og bátum og fastastöðvar skulu vera sem hér segir:

1.8.	Eftirlitsgjald, þegar afl aðalsendis er yfir 100 wött	— 2 600.00
1.9.	Eftirlitsgjald, þegar afl aðalsendis er 100 wött eða minna	— 1 800.00
1.10.	Eftirlitsgjald fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað	— 250.00

Árleg starfrækslugjöld fyrir farstöðvar skulu vera sem hér segir, enda sé komið með þær til eftirlitsmanns, ef óskað er skoðunar:

1.11.	Starfrækslugjald fyrir talstöð í bifreið	— 750.00
1.12.	Starfrækslugjald fyrir ferðatalstöðvar, afl yfir 0,5 watt	— 600.00
1.13.	Starfrækslugjald fyrir ferðatalstöðvar, afl 0.5 watt eða minna	— 400.00

Önnur gjöld en að ofan greinir skulu vera:

1.14.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður er ekki innifalinn)	— 1 200.00
1.15.	Gjald vegna aukaskoðunar amatörstöðvar	— 600.00
1.16.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0.5 watt	— 4 800.00
1.17.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt og minna	— 3 000.00

2. Sölu- og leigukjör á radíótækjum.

Fyrir þau radíótæki, sem Póstur og sími framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

	Gerð	Tæki	Stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Ársfj.leiga kr.
2.1.	FF — 3	Talsendir/viðtæki	57 840.00	5 780.00	2 640.00
2.2.	FF — 5	Talsendir/viðtæki	77 160.00	7 710.00	3 480.00
2.3.	FF —10	Talsendir/viðtæki	57 840.00	5 780.00	2 640.00
2.4.	FVT—20	Talsendir/viðtæki	54 720.00	5 470.00	2 520.00
2.5.	FVT—30	Talsendir/viðtæki	61 080.00	6 100.00	2 760.00
2.6.	FVT—40	Talsendir/viðtæki	91 680.00	9 170.00	4 200.00
2.7.	FT	Talsendir	85 200.00	8 520.00	3 840.00
2.8.	VFT	Viðtæki	48 240.00	4 820.00	2 160.00
2.9.	VKT	Viðtæki	30 600.00	3 060.00	1 440.00
2.10.	VTS—12		54 720.00	5 470.00	2 520.00

Notuð leigutæki fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.

3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.

3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld.

Fyrir 1—5 báta	kr. 240.00
Fyrir 6—15 báta	— 420.00
Fyrir 16—30 báta	— 570.00
Fyrir 31 bát og fleiri	— 720.00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast venjuleg leigugjöld, samkvæmt XI. kafla 2. að auki.

3.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

3.4.1. Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda, vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu, ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

3.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.

3.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, sem viðkomandi strandarstöð er staðsett á.

3.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4.5. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi, eru:
að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan viðkomandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald, að samtök útvegsmanna í viðkomandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma, og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a. fyrir báta minni en 10 tonn	kr. 1 120.00
b. fyrir báta 100 tonn og stærri	— 1 750.00

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjóðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari IV. kafla 4.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Reglur um viðskiptagjöld landfarstöðva er að finna í kafla XI 7.3.

2.5.2. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fyrir þessa þjónustu skal vera kr. 1 120.00.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem búin eru talstöðvum og eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði Pósti og síma ársfjórðungslegt gjald fyrir flutning tilkynninga þessara um stöðvar hans og fjarskiptarásir.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr.	425.00
Fyrir skip að 50 rúmlestum brúttó	—	600.00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	—	850.00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	—	1 100.00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki, skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

5.2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.

5.6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.

5.7. Póst- og símamálastjórnin og sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á öllum sendistöðvum í farartækjum og í landi. Enn fremur á þeim viðtækjum og öðrum viðkomandi búnaði, er telst til skyldubúnaðar í skipum. Kostnað vegna uppsetningar og viðhaldskostnaðar ber leyf-

ishafi. Reikningar vegna uppsetningar og viðgerða, skulu að jafnaði staðgreiðast, nema sérstaklega hafi verið um reikningsviðskipti samið.

5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

5.9. Hafi áfallin gjöld, vegna radíótækja eða þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsiglunar, ber leyfishafi.

5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

5.12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

5.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

5.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu, samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

6. Radíótæki á leigu.

6.1. Óski einhver að taka á leigu radíótæki og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til tæki, af þeirri gerð, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.

6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða, samkvæmt mati, við afhendingu eftir leigu.

6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

6.4. Öll radíótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingafjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast vátrygg-

ingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksrétt'ur á þeim eins og á leigunni.

6.5. Afgreiðslugjald fyrir radíótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur.

6.6. Minnsti leigutími er eitt ár, en ef sérstaklega stendur á, t. d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l., má stytta leigutímann niður í einn ársfjórðung. Ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka, skal nýi eigandinn greiða gjöld eins og nýr leigjandi í samræmi við 5. lið.

6.7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.

6.8. Séu ársleiga, vátryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur póst- og símamálastjórnin:

6.8.1. Innsiglað radíótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.

6.8.2. Tekið tæki í sína vörslu, án undangenginnar innsiglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radíótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

6.9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja radíóstöð til viðskipta við eigin skip eða báta, þá lætur póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té tæki og sér um uppsetningu á þeim. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftir á mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara.

6.10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða ársfjórðungsleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigustöðvarnar.

6.11. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu litlar ferðatalstöðvar (Walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími ein vika. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í, er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum.

6.12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radíóstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi, og viðskiptagjöld landfarstöðva.

7.1. Stöðvar A, sem Póstur og sími starfrækir.
Stöðvarnar eru til almennra viðskipta við landfarstöðvar.

7.2. Stöðvar B, sem fyrirtæki starfrækja samkvæmt heimild póst- og símamálastjórnarinnar.

7.2.1. Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutíðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

7.2.2. Um talstöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er beinlínis varða atvinnurekstur hans.
Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leyfishafi og umboðsmenn hans.

7.2.3. Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 7.2.2. eru gjaldskyld og skulu afgreidd um stöðvar landssímans og hið almenna símakerfi.

7.2.4. Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum, er hafi skírteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

7.2.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7.2.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

7.2.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

7.3. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

7.3.1. Leyfishafar landfarstöðva greiða landssímanum árlegt viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni. Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta af hendi stöðva A, allt að 100 símtölum eða skilaboðum árlega, afgreiddum innan bæjarsímakerfis fjarskiptastöðvanna.
Vegna afgreiðslna út fyrir bæjarsímakerfi viðkomandi stöðva bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá landssímans fyrir langlínuviðskipti.
Það, sem umfram er 100 afgreiðslur innan bæjarsímakerfanna, greiðist samkvæmt gjaldskrá landssímans IV. kafla 4 um radíósímtöl.

7.3.2. Leyfishafi farstöðvar er ábyrgur fyrir gjöldum vegna viðskipta hennar um fjarskiptastöðvar landssímans.

XII. KAFLI

Afnot landssímans til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi umsókn hér að lútandi á þar til gerðu eyðublaði er fæst hjá öllum stöðvarstjórum og skal tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símatækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl og getur landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtöl er að ræða.

1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það stöðvarstjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11 Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar. Hóphringingar eru ekki leyfilegar.

1.12. Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af símum þeim, er þeir hafa án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða símatækjum og samböndum, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur greiðist eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafist.

2.2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 240.00 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það stöðvarstjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XIV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. apríl, 1974. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fara fram 1. apríl 1974 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 25. maí 1973.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1974.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk g	Innanlands Burðargj. kr.	Norðurlönd Burðargj. kr.	Önnur lönd Burðargj. kr.
Hámark stærðar og þyngdar				
Bréf.	20	17	17	20
Hámarksstærð:	100	34	34	45
Lengd + breidd	250	51	51	95
+ þykkt 900 mm.	500	68	68	175
Mesta lengd 600 mm.	1000	230	250	290
Í ströngum:	2000	470	470	470
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90×140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105 × 148 mm		13	13	13
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	13	13	13
(Prentkort sama stærð	100	16	16	16
og póstkort).	250	23	23	23
Hámarksþyngd 2 kg.	500	40	40	40
Bækur þó 5 kg.	1000	70	70	70
Burðargjald fyrir prent	2000	117	117	117
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	176	176	176
er sama og fyrir	4000	235	235	235
„Önnur lönd"	5000	294	294	294
Smápakkar (aðeins til	100	20	20	20
útlanda)	250	40	40	40
Stærð sama og bréfa	500	59	59	59
Hámarksþyngd 1 kg.	1000	105	105	105
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargjald 2000 kr.				
Ársgjald 200 kr.				
Stærð sama og bréfa	hver			
a) Til umboðsm.	500	7		
(minnst 50 eintök				
til hvers í einu).				
Hámarksþ. 20 kg.				
b) Til áskrifenda.	20	2		
Hámarksþyngd 500				
g hvert eintak.	100	3		
	200	6		
	300	9		
	400	12		
	500	15		

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	20
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 200 000.00 (Símapóstávísanir kr. 100 000.00). Burðargjald	37
b. Til annarra landa: Burðargjald: Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	37
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Burðargjald eins og fyrir póstávísun. Póstkröfugjald	30
b. Til annarra landa: Burðargjald: Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	62
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald: 1 kg 3 kg 5 kg 7 kg 10 kg 15 kg 20 kg 50 kr 90 kr 130 kr 150 kr 220 kr 310 kr 400 kr	
Fyrir rúmfreka og brothætta böggla greiðist 50% viðbótargjald.	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	30
Tryggingargjald. Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	30

Loftbréf: Söluverð kr. 22. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frigengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... kr. 30

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu ..... kr. 30

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús).
Þar sem daglegur útburður er ..... kr. 50

Móttökukvittun ..... kr. 25

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 40 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 30
Skiptiverð í frímerkjum kr. 20

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 30

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 20

Tollmeðferð böggla: kr. 40

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 25

Geymslugjald böggla: 30 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 20

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 1 465 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 5 130 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. apríl 1974. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 18. júní 1973.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1974.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1974

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflugvöll, nr. 211 15. júní 1973.

1. gr.

B-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjöld sem hér segir:

kr. 450.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
— 370.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
— 330.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
— 310.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.

B-liður 3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:	Leiga á sólarhring
Vænghaf flugvélar undir 12— m	kr. 140.00
— — — 12—18 —	— 280.00
— — — 18—24 —	— 410.00
— — — 24—30 —	— 550.00
— — yfir 30 —	— 610.00

3. gr.

Breyting þessi er gerð samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1974.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 60. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

Ráðuneytið tilkynnir hér með þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, að það hefur ákveðið, skv. heimild í 60. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., að af vélum hráefnum til iðnaðar tollafgreiddum á tímabilinu 1. janúar til 5. mars 1974 skuli endurgreiða eða fella niður gjaldamun eins og hann reiknast vera af vörum þessum annars vegar skv. eldri tollskrárlögum nr. 1/1970 og hins vegar skv. nýsettum tollskrárlögum nr. 6/1974.

Endurgreiðslubeiðnir skulu sendar ráðuneytinu í skriflegu erindi og hafa borist eigi síðar en 15. apríl 1974. Aðeins verður um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjaldmunar að ræða til fyrirtækja, sem leggja stund á framleiðslu iðnaðarvara.

Endurgreiðslubeiðnir iðnfyrirtækis skulu studdar eftirfarandi gögnum:

1. Frumriti tollreiknings (ekki ljósrit), ásamt vörureikningi (faktúru).
2. Útreikningi aðflutningsgjalda á viðkomandi vörum, samkvæmt lögum um tollskrá o. fl. nr. 6/1974, er gerður sé á venjulegri aðflutningsskýrslu. Skal skýrslan fyllt út eins og fyrri skýrsla, að öðru leyti en því, að reikna skal út gjöld með hinum breytta tolli.

Í erindinu skal tilgreina sérstaklega útreiknaðan gjaldamun skv. lögum nr. 6/1974 og lögum nr. 1/1970 um tollskrá o. fl. Jafnframt skal í erindinu vera yfirlýsing endurgreiðslubeiðanda um, að hann stundi iðnrekstur og að viðkomandi vörur séu eingöngu ætlaðar til framleiðslu iðnaðarvara.

Nú hefur innflytjandi iðnaðarhráefni eða iðnaðarvél í birgðum hinn 15. apríl 1974, sem tollafgreidd hafa verið á tímabilinu 1. janúar til 5. mars 1974, og skal þá heimilt að endurgreiða gjaldamun af fyrrgreindum vörum, enda hafi sala þeirra innanlands til nota við framleiðslu iðnaðarvara átt sér stað fyrir 15. maí n. k. Iðnfyrirtæki eða iðnrekandi, sem keypt hefur vöruna, skal þó sækja um endurgreiðsluna, sbr. framanritað.

Endurgreiðslubeiðnir, sem berast ráðuneytinu eftir 1. júní 1974, verða ekki teknar til greina.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn, þar af einn eftir tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda til að fjalla um endurgreiðsluhæfi endurgreiðslubeiðna. Úrskurður þeirra er fullnaðarúrskurður í hverju því máli, sem fjallað verður um skv. ákvæðum auglýsingar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 19. mars 1974.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hans til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmd skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 39. gr.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn annan hvern þriðjudag kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en á miðnætti. Þó er heimilt að halda fundi áfram ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí og ágústmánuði. Er fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal hann haldinn einhvern næstu daga svo fljótt, sem við verður komið.

Aukafundi skal halda þá bæjarstjóri eða forseti telja nauðsyn bera til, eða ef minnst fjórir bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundahalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12 daginn næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta fundar. Skal miðað við að dagskráin berist bæjarfulltrúum fyrir kl. 18.00 og eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fund.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr. skal að jafnaði boðað til hans með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa reglulega fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar og aukafundi svo fljótt, sem við verður komið.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram tillögu um hvert það mál, sem til umræðu er svo og breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu, eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, er þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hverning atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 3 bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæða, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14 gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $^2/_3$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina sérstakri fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fram fara úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

III KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefnum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda er laun taka.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí- og ágústmánuði. Aukafund skal halda, er bæjarstjóri ákveður það, eða bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Hafnarfjarðarkaupstaðar, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárhagsstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

IV KAFLI

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á fundi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs skv. 24. gr. og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 25. gr.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjórn ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

V KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VI KAFLI
Um kosningu nefnda o. fl.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þeirra, sem áður getur, til þess að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:
1. Þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
4. Fjóra menn í hafnarstjórn og fjóra til vara.
5. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar svo og tvo endurskoðendur.
6. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
7. Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.
   a) Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
   b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
8. Kjörstjórnir við alþingiskosningar.
   a) Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjá til vara.
   b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.

B. Til fjögurra ára:
1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Hafnarfjarðar og fjóra til vara.
2. Þrjá menn í náttúruverndarnefnd og þrjá til vara.
3. Þrjá menn í gróðurverndarnefnd.
4. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
5. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
6. Fjóra menn í bókasafnsstjórn og fjóra til vara.
7. Fimm menn í heilbrigðisráð og fimm til vara.
8. Tvo menn í stjórn Iðnskóla Hafnarfjarðarumdæmis, og tvo til vara.
9. Tvo menn til að annast forðagæslu.
10. Einn mann til að framkvæma millimat.
11. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
12. Sex menn í áfengisvarnarnefnd.
13. Tólf menn í sjó- og verslunardóm.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtalda nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum.

A. Til eins árs:
1. Fimm menn í útgerðarráð og fimm til vara.
2. Þrjá menn í stjórn Rafveitu Hafnarfjarðar og þrjá til vara.
3. Tvö menn í stjórn Lýsi & Mjöl h.f. og tvo til vara.
4. Þrjá menn í skipulagsnefnd og þrjá til vara.
5. Þrjá menn í gatnanafnanefnd.
6. Þrjá menn í byggðasafnsnefnd.
7. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
8. Einn mann í fjallaskilanefnd.
9. Fimm menn í brunamálanefnd og fimm til vara.
10. Þrjá menn í fegrunarnefnd.

B. Til fjögurra ára:

1. Einn bæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.
2. Þrjá menn í íþróttaráð.
3. Einn markavörð.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn.

VII KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

39. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Lausar stöður skal auglýsa til umsóknar nema bæjarstjórn ákveði annað, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni, meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

VIÐAUKI

Frá og með næstu bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn skipuð 11 bæjarfulltrúum og breytast þá ákvæði 1. gr. til samræmis við það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38. 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð um Borgarholtsbraut frá Hafnarfjarðarvegi að Kópavogsbraut/Kárnesbraut, og brú yfir Hafnarfjarðarveg milli Borgarholtsbrautar og Digranesvegar, skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð frá hliðargötum, þannig að umferð frá hliðargötum hafi biðskyldu, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Áfram gildir biðskylda umferðar um Borgarholtsbraut fyrir umferð um Kársnesbraut/Kópavogsbraut.
2. Bönnuð er staða ökutækja á Vallartröð og Álfhólsvegi milli Vallartraðar og Skeljabrekku.
3. Með aðalbrautarréttindum Borgarholtsbrautar og brúar samkvæmt 1. tölulið, verður eigi önnur breyting á gildandi umferðarreglum um veg austan Hafnarfjarðarvegar (hinn eldri Hafnarfjarðarveg), en sú, að umferð um þann veg, sem haft hefur forgangsrétt inn á brúna, víkur nú fyrir umferð um Borgarholtsbraut/brú.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 16. janúar 1974.

Ólafur St. Sigurðsson, settur.

Nr. 66. 21. mars 1974.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 9 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. apríl 1974 taka gildi viðauki og breytingar nr. 9 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum er ekki innifalin 14.1% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. nóvember 1973, né breyting á reglum um afhendingargjald, er tók gildi 18. mars 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Þorskur:	US cent á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	65.00
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	73.00
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	91.50
5 × 10	94.20
4 × 15	96.00
12 × 1	96.00
Blokk	84.00
Blokk 24½	85.00
Ýsa:	
4 × 14 m/r interl.	70.00
10 × 5 og 3 × 18	96.00
12 × 1	100.50
Blokk	87.00
Steinbítur:	
10 × 5	75.50
12 × 1	74.20
Blokk	73.00
Karfi:	
8 × 7 m/r	52.80
10 × 5 m/r	54.00
10 × 5 r/l	57.60
12 × 1	61.10
Lausfr. m/r og b.	60.00
Lausfr. m/r, b/l	65.00
Blokk	65.00
Ufsi:	
8 × 7 r/l	38.90
10 × 5	55.50
Blokk	55.00
Langa:	US cent á lb. Cif.
8 × 7	44.30
10 × 5	85.00
Blokk	77.00

Grálúða:

Blokk, U.S.S.R.	55.90
Blokk, U.S.A.	59.00
Heilfr. fiskur	21.50

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 7. janúar 1974 ($ 1 = 85.00).

Verðbil verði 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1974.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 68. 7. febrúar 1974.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

1. Vegna eldgoss á Heimaey voru öll umferðarmerki tekin niður þann 8. mars 1973. Eru hér með felldar úr gildi öll þágildandi sérákvæði um umferð í Vestmannaeyjum.
2. Með vísan til 65. gr. laga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, hafa eftirfarandi takmarkanir á umferð verið ákveðnar.
   A. Umferð um allar aðliggjandi götur, að **Hlíðarvegi** frátöldum, hafi biðskyldu gagnvart **Strandvegi.**
   B. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu gagnvart **Kirkjuvegi.**
   C. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu gagnvart **Heiðavegi** nema **Strandvegur** og **Kirkjuvegur.** (Sbr. A og B.)
   D. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir **Skólavegi,** sem nú nær niður á **Vesturveg,** nema **Kirkjuvegur.** (Sbr. B.)
   E. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir **Dalavegi.**
   F. Umferð um **Bárustíg** hafi biðskyldu gagnvart **Vestmannabraut** og **Vesturvegi.**
   G. Umferð um **Miðstræti** hafi biðskyldu gagnvart **Bárustíg.**
   H. Umferð um **Herjólfsgötu** hafi biðskyldu gagnvart **Vesturvegi.**

Framangreindar reglur taki gildi 15. febrúar n. k.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 7. febrúar 1974.

Kristján Torfason.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðis.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. febrúar 1974 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sandgerðis í Miðneshreppi, Gullbringusýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Miðneshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

4. febrúar 1974. Nr. 70.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag vatnasvæðis Miðdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Miðdalsár.
Heimili þess og varnarþing er í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Miðdalsá, en þær eru Kirkjuból I, Kirkjuból II, Klúka, Gestsstaðir, Tindur, Miðdalsgröf og Heiðarbær.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 62—70. Útgáfudagur 25. mars 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1974

18. apríl 1974. 125 Nr. 71.

REGLUGERÐ

um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

1. gr.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 55 smálestum, sem stundað hafa þessar veiðar að marki á árunum 1971, 1972 og 1973. Gildir þetta til ársloka 1974 og getur ráðuneytið bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 24 7. febrúar 1973 um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 43 8. febrúar 1974, um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

1. gr.

Á eftir 1. lið 1. gr. kemur ný málsgrein, sem orðist svo:

Þó skal skipum innan lögmætra stærðartakmarka heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, sem takmarkast af lengdarbaugum 21°57'0 v. og 22°32'0 v. innan línu, sem dregin er milli þeirra þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo: Enn fremur er öll netaveiði bönnuð allt árið 1974 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi 143° úr Skorarvita (65°24'9 n.br. 23°57'4 v.lgd.) í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1974

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að nota fenemal til eyðingar svartbaki og hrafni fyrst um sinn, eða þangað til öðruvísi verður ákveðið, enda skal um útlát þess og notkun í einu og öllu fara eftir hliðstæðum ákvæðum þessarar reglugerðar varðandi tríbrómetanól. Í hverjum skammti skulu vera 2.0 g af fenemali og skulu leyfisskírteini þau, er gefin voru út árið 1973 varðandi tríbrómetanól, einnig gilda fyrir fenemal. Slík leyfisskírteini, er gefin kunna að verða út eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu hljóða á tríbrómetanól eða fenemal eða hvort tveggja efnin.

2. gr.

Fyrirsögn reglugerðarinnar verði:

Reglugerð

um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og fenemali.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. mars 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 73. Útgáfudagur 25. apríl 1974.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1974

Nr. 74. 128 24. apríl 1974.

REGLUR
um kaup ríkisins á vátryggingum.

1. gr.

Reglur þessar skulu gilda um vátryggingar allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Það er meginsjónarmið þessara reglna, að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli ekki kaupa frjálsar tryggingar.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með meðferð vátryggingarmála ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er óheimilt að gera eða endurnýja vátryggingasamninga, nema með þeim undantekningum, sem í reglum þessum greinir.

3. gr.

Telji ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki, að það hafi sérstöðu og nauðsynlegt sé, að það kaupi ákveðnar tegundir vátrygginga, getur það sótt um undanþágu frá þessum reglum til fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem getur veitt undanþágu í einstökum tilvikum, að fenginni umsögn ráðuneytis viðkomandi stofnunar. Skal umsókn vera skrifleg og henni fylgja rökstuðningur stofnunar.

4. gr.

Verði tjón á þeim munum, sem falla úr tryggingum vegna þessara reglna, telst það vera í sjálfsáhættu viðkomandi stofnunar og greiðist af rekstrar- og framkvæmdafé hennar. Sé um að ræða stærra tjón en svo, að það verði greitt með þeim hætti, skal ráðuneyti stofnunar eða fyrirtæki sækja um aukafjárveitingu eftir venjulegum leiðum, til þess að bæta tjónið.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, tilnefnir skoðunarmenn, sem gefa skýrslu um tjón og skal skýrsla skoðunarmanns fylgja umsókn um bætur.

5. gr.

Sé um að ræða bótakröfur frá þriðja aðila á hendur ríkinu, einstakri ríkisstofnun eða fyrirtæki, skal tolla- og eignadeild fjármálaráðuneytisins fjalla um þau mál. Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu að fela öðrum **ráðuneytum** eða ríkisstofnunum meðferð þeirra bótakrafna, sem leiða af starfsemi þeirra, enda mæli efnisrök með því.

Við uppgjör slíkra krafna skal fylgja meginsjónarmiðum 4. greinar.

6. gr.

Þessar reglur breyta í engu þeim reglum og venjum, sem gilda um skoðun opinberra aðila á vettvangi tjóns.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr.

Reglur þessar gilda frá og með 1. júní 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öllum gildandi vátryggingarsamningum öðrum en þeim, sem fjalla um lögskyldar tryggingar og þeim samningum, sem undantekning er gerð um síðar í þessari gr., skal sagt upp strax við gildistöku þessara reglna og þeir látnir falla niður, er núverandi gildistími þeirra rennur út.

Ákvæði þessara reglna ná ekki fyrst um sinn til gildandi samninga um ferða- og slysatryggingar á starfsmönnum ríkisins, sem gerðir hafa verið af Innkaupastofnun ríkisins og hún annast. Sama gildir um vátryggingasamninga, sem ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki hefur gert vegna ákvæða í kjarasamningum.

Ákvæði þessara reglna ná ekki, þar til öðruvísi verður ákveðið, til vátryggingasamninga eftirtalinna ríkisfyrirtækja:

a) Áburðarverksmiðju ríkisins.
b) Sementsverksmiðju ríkisins.
c) Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunar, að því er tekur til skipareksturs þessara stofnana.
d) Ábyrgðartryggingar Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvalla.

Í fjármálaráðuneytinu, 24. apríl 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Gísli Blöndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1974

Nr. 75. 130 22. apríl 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

8. mgr. B-liðar 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Hver einstakur lífeyrissjóður skal árlega endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Skal hinn löggilti endurskoðandi árita reikningsskilin og felist í árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, séu færð eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði reglugerðar sjóðsins. Enn fremur, að í áritun hans felist staðfesting á því, að allar þóknanir og launagreiðslur, svo og bótagreiðslur, greiddar af hlutaðeigandi lífeyrissjóði, hafi verið réttilega uppgefnar til skattyfirvalda. Skulu reikningar sjóðsins þannig áritaðir sendir fjármálaráðuneytinu til athugunar".

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og kemur til framkvæmda að því er varðar reikninga lífeyrissjóðanna fyrir árið 1974.

Fjármálaráðuneytið, 22. apríl 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150 21. júní 1972 um orlof, samanber breytingar á reglugerðinni nr. 161/1973 og 39/1974.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Þegar launþegi hyggst fara í orlof, skal hann fá vottorð vinnuveitanda síns um það, hvaða daga hann verði í orlofi. Einnig skal hann fá vottorð trúnaðarmanns verkalýðsfélags síns, þess efnis, að honum sé kunnugt um fyrirhugaða orlofstöku.

Samhliða reikningsyfirliti því, sem launþegi fær við lok orlofsárs, fær hann jafnframt ávísun á orlofsfé. Skal þar vera rúm fyrir framangreind vottorð svo og kvittun fyrir móttöku orlofsfjárins.

Auk ávísunar þeirrar, sem send er launþegum í maí ár hvert, skal senda sjómönnum á fiskiskipum, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., viðbótarávísun eigi síðar en 15. júlí ár hvert vegna uppgjörs miðað við 15. maí næsta á undan.

Að fullnægðum skilyrðum 1. og 2. mgr. á launþegi rétt til að innleysa ávísunina á orlofsféð á næstu póststöð, allt að 3 vikum fyrir fyrirhugaða orlofstöku, þó ekki fyrr en eftir lok orlofsársins.

Skólanemendur, sem nám stunda í viðurkenndum skólum, þar sem skólaárið er 6 mánuðir eða lengra, eiga rétt til endurgreiðslu á orlofsfé, sem greitt hefur verið þeirra vegna til póststöðva. Orlofsféð er endurgreitt eftir útsendingu 2. og 3. reikningsyfirlits orlofsársins samkv. 5. gr. um eins mánaðar tíma frá dagsetningu yfirlitanna. Endurgreiðsla er háð því skilyrði, að skólastjóri riti á reikningsyfirlitin, að viðkomandi sé skráður til náms í skóla hans. Skólastjórum er einnig heimilt að árita ávísun á orlofsfé í lok orlofsársins, hafi endurgreiðsluréttur á orlofsárinu ekki verið notaður.

2. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Þar bætist við ný málsgrein svo hljóðandi:

Á árinu 1974 skal ávísun á orlofsfé, sbr. 2. mgr. 7. gr., ná til innborgaðs orlofsfjár fyrir launatímabilið 1. maí 1973 til 31. mars 1974. Auk þess skal senda viðbótarávísun vegna innborgaðs orlofsfjár fyrir aprílmánuð 1974, eigi síðar en 15. júlí 1974.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971 og breyting á þeim lögum nr. 12 28. mars 1974, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.
Löggildingargjöld.

1. **Vogarlóð:**

Þyngd	1—200 g	kr.	13.00
—	½ kg—20 kg	—	32.00
—	50 kg	—	130.00
—	4—8 oz	—	13.00
—	1 lb—13½ lbs	—	26.00

2. **Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknastofur:**

Burðarþol:	Allar stærðir	kr.	650.00

3. **Jafnarma vogir:**

Burðarþol:	Allar stærðir	kr.	260.00

4. **Reislur án mundangs:**

Burðarþol:	Allar stærðir	kr.	260.00

5. **Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:**

Burðarþol:	10— 100 kg	kr.	260.00
—	150— 500 kg	—	460.00
—	600— 2 000 kg	—	780.00
—	3 000—30 000 kg	—	3 000.00

6. **Vísavogir:**

Burðarþol:	1— 5 kg	kr.	300.00
—	10— 25 kg	—	400.00
—	50— 200 kg	—	500.00
—	300— 5 000 kg	—	1 000.00
—	10 000—30 000 kg	—	3 000.00
—	yfir 30 000 kg	—	5 000.00

7. **Kvarðar og málbönd:**

Lengd:	½m—1 m	kr.	20.00
—	Stálmálbönd allt að 50 m	—	200.00
—	Mælivélar fyrir lengdarmál	—	400.00

8. **Mæliker:**

Rúmtak:	1 dl—2 l	kr.	40.00
—	10—50 l	—	60.00
—	Vínmælar (veltimælar og kúlumælar) 3—6 cl	—	300.00

9. **Rennslismælar og bensínmælar fyrir olíur og bensín:**

Rennslismælar	kr.	400.00
Bensínmælar	—	260.00

10. **Rennslismælar fyrir mjólk** ..... kr. 300.00

2. gr.

Eftirlitsgjald (skoðunargjald af vogum).

Burðarþol: 1—600 kg	kr.	200.00
— yfir 600 kg	—	300.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni, reiknast auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu. Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund. Auk þess reiknast iðgjöld af vátryggingum á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi frá 10. maí 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 147 9. maí 1973 um sama efni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. apríl 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Hjalti Zóphónlasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1974

Nr. 78. 134 1. apríl 1974.

REGLUGERÐ

um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

1. gr.

Framkvæma skal jöfnun á flutningskostnaði sements, þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á þeim verslunarstöðum, sem jöfnun þessi nær til.

2. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi nær til eftirtalinna verslunarstaða, sem jafnframt eru aðaltollhafnir:

Reykjavík
Akranes
Ísafjörður
Siglufjörður
Akureyri
Húsavík
Seyðisfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Vestmannaeyjar
Keflavík
Keflavíkurflugvöllur
Hafnarfjörður.

Auk þess nær jöfnun flutningskostnaðar á sementi til eftirtalinna verslunarstaða:

Borgarnes
Ólafsvík
Grundarfjörður
Stykkishólmur
Rifshöfn
Patreksfjörður
Tálknafjörður
Bíldudalur
Þingeyri
Flateyri
Súðavík
Suðureyri
Bolungarvík
Hólmavík
Vopnafjörður
Borgarfjörður eystri
Egilsstaðir
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík
Hvammstangi
Blönduós
Skagaströnd
Sauðárkrókur
Hofsós
Ólafsfjörður
Hrísey
Dalvík
Svalbarðseyri
Grímsey
Kópasker
Raufarhöfn
Þórshöfn
Bakkafjörður
Djúpivogur
Höfn í Hornafirði
Vík í Mýrdal
Hvolsvöllur
Hella
Selfoss
Þorlákshöfn.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement, sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

4. gr.

Viðskiptaráðuneytið ákveður flutningsjöfnunargjaldið fyrir allt að eitt ár í senn og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur nægi til að greiða eftirtalinn kostnað við flutning frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verslunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til:

a) Flutningar með skipum:
   1. Útskipun.
   2. Flutningsgjald.
   3. Sjótrygging.
   4. Uppskipun.
   5. Flutningur frá skipshlið í vöruskemmu.
   6. Vörugjald.

b) Flutningar með bifreiðum:
   1. Flutningskostnaður, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað bifreiða í þessum flutningum.

5. gr.

Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi skal leggja í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð sements. Þeir aðilar, sem gera kröfur á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig, að fullnægjandi sé með tilliti til flutningskostnaðarjöfnunar.

6. gr.

Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum skv. 4. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

7. gr.

Viðskiptaráðherra skipar til 4 ára í senn flutningsjöfnunarsjóði 3 manna stjórn, 1 eftir tilnefningu Sementsverksmiðju ríkisins, 2 án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður sjóðstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd jöfnunar flutningskostnaðar á sementi undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum er upp kunna að koma.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum, á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptaráðuneytinu. Enn fremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

9. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. 4. gr. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða, að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum, sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal henni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef sýnist um að ræða misnotkun á jöfnunarkerfinu í tilteknum viðskiptum.

Heimilt er viðskiptaráðuneytinu að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi, sem flutt er til landsins eða framleitt er innanlands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiriháttar framkvæmda. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

10. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 1. apríl 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958 og nr. 258 24. nóvember 1969, breytist þannig:

a. Síðari málsliður 3. mgr. falli niður.
b. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á eftirtöldum vegum skal hámarkshraði þó vera 60 km miðað við klukkustund:
a) Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
b) Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar.
c) Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
d) Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegar.
e) Bæjarhálsi vestan Tunguháls.
f) Gufunesvegi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. apríl 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 78—79. Útgáfudagur 7. maí 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1974

Nr. 80. 138 9. maí 1974.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 30. júní 1974.

Samkvæmt heimild í 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 30. júní 1974, verði lagðar fram.

Samkvæmt heimild í 1. málsgr. 23. gr. laganna er ákveðið, að frestur sá, sem getur í 1. málsgr. 19. gr., styttist þannig að kjörskrár skulu lagðar fram 16. maí 1974. Jafnframt er ákveðið, að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsgr. 19. gr., styttist þannig, að hann verði 3 vikur og 3 dagar.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 80. Útgáfudagur 10. maí 1974.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1974

1. apríl 1974. 139 Nr. 81.

REGLUR

um verðtryggða innlánsreikninga við Viðlagasjóð.

Þeim, sem fengið hafa bætur eða rétt eiga til bóta úr Viðlagasjóði vegna íbúðarhúsnæðis, sem eyðilagðist eða varð óíbúðarhæft í Heimaeyjargosinu, og ætla að koma sér upp íbúðarhúsnæði á ný í Vestmannaeyjum, gefst kostur á að láta bætur sínar standa inni á reikningum á vegum Viðlagasjóðs með eftirfarandi skilmálum og kjörum:

I. Innstæður á reikningum þessum að viðbættum vöxtum, sbr. lið II, skulu vísitölutryggðar á grundvelli breytinga á byggingarvísitölu, nú skv. lögum nr. 25 frá 24. apríl 1957, frá því fé er lagt inn þar til það er hafið.

II. Í vexti af verðtryggðum reikningi skal greiða sömu vexti og reiknaðir eru af sparisjóðsávísanareikningum, nú 4% á ári. Vextir leggjast við höfuðstól árlega hinn 1. október ár hvert, en greiðast ekki út fyrr en innstæðan er öll hafin.

III. Þeim, sem fengið hafa bætur og þegar hafið þær, skal gefinn kostur á að leggja allt bótafé inn á reikninginn, enda sé það gert fyrir 1. maí n. k.

IV. Ógreiddar bætur séu frá og með 1. apríl og 1. júlí (3. og 4. áfangagreiðslur), greiddar beint inn á verðtryggðan reikning, skv. ávísan bótaþega.

V. Óframseljanleg innlánskvittun skal gefin út til reikningshafa, en reglur þessar verða fylgiskjal hennar.

VI. Skráð vísitala við hverja innborgun telst grunnvísitala samsvarandi fjárhæðar, og skráð vísitala, þegar fé er hafið, telst viðmiðunarvísitala þegar vísitölubætur eru fundnar.

VII. Það eru forsendur verðtryggingar, að bótaþegi lýsi því yfir við stofnun reikningsins, að hann ætli sér að koma upp íbúðarhúsnæði í Vestmannaeyjum, þegar aðstæður leyfa eða láta gera við óíbúðarhæft húsnæði, sem er svo skemmt, að það geti fallið undir skilmála reglna þessara að mati stjórnar Viðlagasjóðs. Honum skal þá gerð grein fyrir því, að forsenda verðtryggingar fellur niður um leið og viðkomandi íbúðarhúsnæði er fokhelt sé það nýtt eða endurreist, ella íbúðarhæft sé um endurbyggt húsnæðis að ræða. Hámarksgildistími verðtryggingar vegna endurbyggðs húsnæðis er lengst til 1. október 1975. Að þeim tíma liðnum fellur verðtrygging sjálfkrafa niður og eiga þá við ákvæði 2. málsliðs XI. liðs reglna þessara.

VIII. Lágmarksbinditími verðtryggðrar innstæðu, sem fjárfest verður í Vestmannaeyjum, er eitt ár talið frá 1. október s. l. Fé skal þó ekki greitt út fyrr en fyrir liggur vottorð fulltrúa tilnefndum af Viðlagasjóði um, að hlutaðeigandi húsnæði sé fokhelt eða það íbúðarhæft sbr. VII. lið. Tekið skal fram í vottorðinu, nákvæmlega, hvenær viðkomandi íbúðarhúsnæði var fokhelt eða íbúðarhæft, sjá aftur VII. lið.

IX. Öll innstæða á reikningi með verðbótum og vöxtum skal hafin og reikningi lokað skv. ákvæði XI. liðs, þegar öllum skilyrðum verðtryggingar skv. reglum þessum hefur verið fullnægt.

X. Reikningseiganda er heimilt að hefja fé á reikningi, þegar hann kýs, ef hann hættir við að fjárfesta fénu í Vestmannaeyjum eins og að ofan getur. Verður

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

hann þá að hefja alla innstæðuna og fær þá greidda þá vexti af henni, sem reiknaðir eru af almennum sparisjóðsbókum hverju sinni, en verðtrygging fellur niður.

XI. Reikningar við Viðlagasjóð, skv. reglum þessum, geta lengst verið til fimm ára talið frá 1. október 1973, sbr. þó lokaákvæði VII. liðs. Að þeim tíma liðnum, er Viðlagasjóði eða þeim er hann hefur falið að annast afgreiðslu reikninganna, heimilt að leggja alla innstæðuna inn á bankabók á nafni reikningseiganda og loka reikningnum, hefji eigandi ekki sjálfur innstæðuna.

XII. Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til skv. reglum þessum, með mótvirði þeirra ríkisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum nr. 11 frá 29. mars 1974, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga 68/1971.

XIII. Afgreiðsla fyrir reikningana verður bæði í Reykjavík og Vestmannaeyjum, skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins.

XIV. Allt andvirði verðtryggðra reikninga færist á reikning í nafni ríkissjóðs vegna Viðlagasjóðs við Seðlabankann og verður mótvægi skulda sjóðsins við bankann. Á móti fær Viðlagasjóður skuldabréf ríkissjóðs, sem gefið verður út á grundvelli laga nr. 11 frá 29. mars 1974.

Vextir og vísitölubætur færist á vaxtabúskap ríkissjóðs.

XV. Bókhald um verðtryggða reikninga færist hjá Seðlabankanum.

XVI. Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. gr. laga nr. 11 frá 29. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. apríl 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 82. 10. maí 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt.

1. gr.

1. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960, sbr. II. kafla laga nr. 10/1974, öðlast gildi hinn 1. júní 1974.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 70.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 140.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. apríl 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

3. maí 1974. Nr. 84.

AUGLÝSING

um lækkun gjalda af hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Ráðuneytið hefur ákveðið skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., að lækka gjöld af eftirtöldum hráefnum til sælgætisframleiðslu frá því, sem er í gildandi tollskrárlögum þannig:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti	Tollur skv. tollskrá	Tollur lækkar í
úr 11.08.09	Bragðlaus sterkja	7%	4%
úr 17.02.03	Síróp í 25 kg pakkningum og stærri	70%	10%
úr 21.07.09	Hyfoama	100%	9%
úr 35.03.09	Gelatín duft í 25 kg pakkningum og stærri	70%	15%

Framangreind lækkun er því skilyrði háð, að innflytjandi stundi sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu hverju sinni, að varan verði einungis notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu. Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Frá sama tíma er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 169/1971 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1974.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar raforkuverðs.

Ráðuneytið hefur veitt eftirtöldum rafveitum heimild til hækkunar á grunngjaldi smásöluverðs raforku á gildandi gjaldskrá þeirra, frá og með 15. maí 1974, um allt að:

Rafmagnsveita Reykjavíkur	18.5%
Rafveita Hafnarfjarðar	18.6%
— Keflavíkur	20.9%
— Gerðahrepps	20.9%
— Miðneshrepps	20.9%
— Njarðvíkur	20.9%
— Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps	20.9%
— Grindavíkur	20.9%
— Selfoss	20.9%
— Eyrarbakka	20.9%
— Stokkseyrar	20.9%
— Hveragerðis	20.9%
— Akraness	20.9%
— Borgarness	20.9%
— Sauðárkróks	20.9%
— Patrekshrepps	20.0%
— Ísafjarðar (ásamt sölusk. 4%)	20.0%
— Húsavíkur	22.8%
— Akureyrar	20.9%
Rafmagnsveitur ríkisins	30.0%

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 86. 14. maí 1974.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Rafmagnsveitum ríkisins, Reykjavík, Andakílsárvirkjun Borgarfirði og Laxárvirkjun Akureyri heimild til 38% hækkunar heildsöluverðs raforku í gildandi gjaldskrá þeirra, frá og með 15. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 81—86. Útgáfudagur 15. maí 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1974

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag vatnasvæðis Staðarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Staðarár.
Heimili þess og varnarþing er Hólmavík, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Staðará í Strandasýslu, en þær eru Hrófberg, Víðivellir, Aratunga, Kleppustaðir, Kirkjuból, Hólar, Staður, Stakkanes.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í sept-okt.-mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 88. 11. febrúar 1974.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Leon Carlsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. febrúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Leon Carlsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Leons E. Carlssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Leon E. Carlsson, stýrimann, sem fórst 24. febr. 1973. Stofndagur er afmælisdagur Leons 12. júní, en hann var fæddur 1935.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum Leons, frú Grethe og Einari Carlssyni, húsgagnasmíðameistara.

4. gr.

Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ekki teljast ólögmætt:

A) að festa segldúk, net eða annað efni undir poka botnvörpu í því skyni að forða eða draga úr sliti.

B) til 31. desember 1975 að festa við botnvörpupoka að ofan slitvara eða hlífar, til að koma í veg fyrir slit. Skal um slitvarana eða hlífarnar fara eftir einhverri af þessum upptalningum:

1. Netbútur með möskvum, sem ekki eru smærri, þegar þeir eru votir en möskvar nets þess, sem netbútinn á að festa við, að því tilskildu að:
   a) netbúturinn sé aðeins festur við pokann að framan og á hliðunum,
   b) breidd netbútsins sé a. m. k. hálf önnur breidd þess hluta pokans, sem hann þekur og er breiddin mæld þvert á langlínu pokans og
   c) ef um pokagjörð er að ræða, nái netbúturinn ekki lengra fram en sem nemur fjórum möskvum fram fyrir pokagjörðina og ekki lengra aftur en sem nemur fjórum möskvum fyrir framan kolllínumöskva. Ef ekki er um pokagjörð að ræða, má netbúturinn ekki ná lengra fram en sem nemur þriðjungi lengdar pokans, mælt ekki skemur en fjórum möskvum fyrir framan kolllínumöskva.
2. Netbútar með möskvum, sem eru ekki smærri þegar þeir eru mældir votir, en möskvar nets þess sem bútana á að festa við, og að því tilskildu að:
   a) hver bútur um sig sé festur að framan aðeins þvert á langlínu pokans,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

b) hver bútur um sig skal vera a. m. k. jafnbreiður pokanum og skal breiddin mæld þvert á langlínu pokans við samskeytin og
c) hver bútur um sig sé ekki lengri en sem nemur 10 möskvum og fari samanlögð lengd bútanna ekki fram úr tveimur þriðju hlutum lengdar pokans.

3. Netbútur úr sama efni og pokinn, með helmingi stærri möskvum en hann, þegar þeir eru mældir votir, festur við pokann að framan, á hliðunum og að aftan, þannig að hver möskvi bútsins falli saman við fjóra möskva pokans.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, loðnu, ál, fjörsung (Trachinus draco), spærling, sandsíldi, kolmunna eða lindýr hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir.

Skipum, sem stunda veiðar með smáriðnum botnvörpum eða flotvörpum skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar eða með humar- eða rækjuvörpum skv. ákvæðum 1. gr., er það aðeins heimilt að því tilskildu að, a) að slík veiðarfæri noti skipin aðeins til þess að veiða þær tegundir sem veiðarfærin eru gerð fyrir og b) að öllum fiski, sem í þau fæst og ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem lýst er í 6. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar fleygt útbyrðis.

6. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (Gadus morhua morhua)	43 cm
Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	40 —
Ufsi (Pollachius virens)	45 —
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30 —
Skarkoli (Pleuronectes plattessa)	34 —
Langlúra (Gyptocephalus cynoglossus)	30 —
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	30 —
Tunga (Solea solea)	24 —
Sandhverfa (Psetta maxima)	30 —
Slétthverfa (Psetta psetta)	30 —
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	30 —
Lýsa (Merlangius merlangus merlangus)	40 —
Sandkoli (Limanda limanda)	20 —
Steinbítur (Anarhichas lupus)	40 —
Karfi (Seliastes marinus)	500 gr

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessarra tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má þó 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur. Þá skal óheimilt á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars að landa steinbít, sem nemur meir en 5% af afla skips í hverri veiðiferð.

7. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Um tilraun og hlutdeild fer samkvæmt almennum ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt í tvö ár frá gildistöku reglugerðarinnar að nota þau botnvörpunet, sem til eru eða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla fyrir gildistöku hennar, enda séu þau gerð samkvæmt þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. maí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórður Ásgeirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1974

10. maí 1974. 173 Nr. 105.

REGLUGERÐ
um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

1. gr.

Þegar starfsfólk í fiskvinnu hefur unnið samfellt hjá sama vinnuveitanda í fjórar vikur, skal vinnuveitandi gefa því kost á sérstökum ráðningarsamningi, sem tryggi því dagvinnukaup fyrir atvinnuleysisdaga, svo sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Skylda vinnuveitanda til samningsgerðar samkvæmt 1. gr. er háð því, að launþegi hafi unnið hjá honum fulla dagvinnu samfellt í fjórar vikur. Í því sambandi jafngilda fjarvistir vegna veikinda, slysa, hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka fullri vinnu.

Heimilt er þó vinnuveitanda að segja ráðningarsamningi upp með einnar viku fyrirvara, ef vinnustöðvun í fiskvinnu er fyrirsjáanleg. Eftir að vinnsla hefst á ný og launþegi hefur tekið aftur til starfa hjá honum nýtur launþegi sama réttar og hann hafði þegar ráðningarsamningi var sagt upp.

3. gr.

Réttindi launþega til kaups fyrir atvinnuleysisdaga er háð því, að:

a. að hann vinni öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra,
b. hann sæki vinnu þegar þess er óskað, nema lögmæt forföll hamli.

Neiti launþegi að vinna eða komi ekki til vinnu þegar vinna er fyrir hendi, fær hann ekki greitt dagkaup fyrir atvinnuleysisdaga í þeirri viku.

4. gr.

Þegar fullnægt er 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar skal launþegi halda dagvinnukaupi fyrir þrjá fyrstu atvinnuleysisdaga í hverri viku.

Frá 1. mars 1976 skal hann, að fullnægðum sömu ákvæðum, halda dagvinnukaupi fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga í viku hverri og frá 1. mars 1978 fimm atvinnuleysisdaga.

Launþegi, sem ráðinn er til hálfs dags vinnu, nýtur hlutfallslega sömu réttinda.

Laun þau, sem greiða ber samkvæmt reglugerð þessari, skulu innt af hendi á venjulegum útborgunardögum hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

5. gr.

Vinnuveitandi á rétt til þess, að Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiði honum mánaðarlega kaupgreiðslur þær, sem hann hefur innt af hendi næstliðinn mánuð svo sem hér segir:

Á tímabilinu frá 26. febrúar 1974 til febrúarloka 1979 skal endurgreiðslan nema 60% af greiddum daglaunum. Frá og með 1. mars 1979 minnkar endurgreiðsla þessi úr 60% í 50% og síðan lækkar hún um 10% á ári hverju næstu árin, uns endurgreiðsla sjóðsins fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Vinnuveitandi skal halda skrá um þá launþega, sem hann hefur gert ráðningarsamning við, samkvæmt reglugerð þessari.

Á skrána skal færa þá atvinnuleysisdaga hvers einstaks launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða dagvinnukaup fyrir.

Trúnaðarmaður, sem hlutaðeigandi úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta skal tilnefna, ásamt öðrum trúnaðarmanni, tilnefndum af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða af trúnaðarmanni úthlutunarnefndar, skulu, eftir því, sem atvinnuleysisdagar falla til, daglega votta með áritun sinni á skrána, að framtaldir atvinnuleysisdagar einstakra launþega séu rétt taldir.

Trúnaðarmenn þessir skulu og ganga úr skugga um, að dagvinnukaup hafi verið innt af hendi, svo sem fyrir er mælt í 4. gr. og staðfesta það með áritun sinni á skrána, þegar vinnuveitandi óskar þess.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir skrá þessa og ráðningarsamning, sbr. 1. gr., sem Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar láta vinnuveitanda í té, án endurgjalds, þegar hann óskar þess. (Sjá fskj. 1 og 2 með rg. þessari).

7. gr.

Vinnuveitandi getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið endurgreiddan frá Atvinnutryggingasjóði hluta greidds dagvinnukaups, samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 5. gr., enda liggi fyrir áritun trúnaðarmanna samkvæmt 3. og 4. mgr. 6. gr. á skrá þá, sem þar um ræðir.

Endurgreiðsla fer fram gegn afhendingu skrárinnar. Endurgreiðslur samkvæmt grein þessari skulu inntar af hendi mánaðarlega vegna greiddra launa í næstliðnum mánuði.

8. gr.

Samkomulag samkvæmt reglugerð þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta og hann staðfest það með undirskrift sinni.

9. gr.

Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 4. gr. kjarasamnings aðildarfélaga vinnumarkaðarins frá 26. febrúar 1974 áður en reglugerð þessi öðlast gildi og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. 8. gr. og 3. mgr. 6. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku reglugerðarinnar.

10. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar hagga ekki almennum reglum um slit vinnusamninga.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um atvinnuleysistryggingar, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

Fylgiskjal 1.

RÁÐNINGARSAMNINGUR
um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

..... í samningi þessum nefndur vinnuveitandi og ..... í samningi þessum nefndur launþegi, gera með sér svofelldan ráðningarsamning:

1. Vinnuveitandi skuldbindur sig til að greiða launþega dagvinnukaup fyrir atvinnuleysisdaga samkvæmt reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu og samningi þessum.

2. Vinnuveitandi skal greiða launþega dagvinnukaup fyrstu þrjá atvinnuleysisdaga í viku hverri, enda fullnægi launþegi ákvæðum 3.—4. töluliðs samnings þessa.

3. Launþega er skylt að vinna öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra.

4. Launþega er skylt að koma til starfa þegar vinnuveitandi óskar þess, nema lögmæt forföll hamli.

5. Brjóti launþegi ákvæði 3. eða 4. töluliðs samnings þessa, glatar hann rétti sínum til dagvinnukaups fyrir atvinnuleysisdaga í þeirri viku, sem hann brýtur téð ákvæði.

6. Vinnuveitanda er heimilt að segja upp samningi þessum með viku fyrirvara, ef vinnslustöðvun er fyrirsjáanleg. Launþegi heldur þó rétti þeim, sem hann hafði fyrir uppsögn samningsins, eftir að vinnsla hefst á ný og hann hefur tekið upp störf hjá vinnuveitanda.

7. Ákvæði samnings þessa hagga ekki almennum reglum um slit vinnusamninga.

Samningi þessum til staðfestu undirritum við eiginhandarnöfn okkar.

.....

....

Vottorð:

Ég undirritaður votta hér með, að ofanskráður samningur hefur verið skrásettur hjá úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

.....

.....

.....

Fylgiskjal 2.

S k r á

yfir atvinnuleysisdaga, sem ..... ber að greiða dagvinnukaup fyrir.
nafn vinnuveitanda

Mánaðar-dagur og ár	Nöfn launþega og heimili	Áritun trúnaðarmanna og dagsetning	Dagvinnuk.
			Alls kr. .....

Vottorð:

Það vottast hér með, að .....
nafn vinnuveitanda
hefur greitt launþegum skilvíslega 60% dagvinnukaups samkvæmt skrá þessari.

Þar af 60% = kr. .....

.....
stað- og dagsetning

....
trúnaðarm. úthlutunarn. trúnaðarmaður

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1974

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem hafa við komu til landsins meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skal heimilt að greiða af því, sem umfram er, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 117/1972, einkasölugjöld svo sem segir í gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

A. Áfengi:

	0.375 l	0.75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitívar	kr. 200.00	kr. 400.00
2. Íslenskar áfengistegundir	— 550.00	— 1 100.00
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a.	— 800.00	— 1 600.00

B. Reyktóbak:
Kr. 750 pr. dús. eða lbs.

C. Vindlingar:
Kr. 925.00 pr. karton.

D. Vindlar:

Smávindlar	kr. 100.00	pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 300.00	— 25 —
Vindlar aðrir	— 500.00	— 25 —

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 1/1974 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. maí 1974.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 20, nr. 106. Útgáfudagur 29. maí 1974.

B 23

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1974

Nr. 107. 178 30. maí 1974.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Greiðslur sjúkrasamlaga á lyfjakostnaði eru því aðeins heimilar, samkvæmt eftirfarandi, að fyrir liggi lyfseðill læknis (tannlæknis), sem afgreiddur hefur verið í lyfjabúð eða af öðrum aðilum (læknum), sem eiga rétt eða hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

2. gr.

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin talin í tilgreindum flokkum ritsins „Lyf á Íslandi“, og auðkennd merkinu 1/1 í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Astma (aðeins innúðalyf)	32. flokkur
b. Gláka	45. flokkur E
c. Berklaveiki	4. flokkur P
d. Langvarandi briskirtilsbólga	27. flokkur A
e. Flogaveiki	34. flokkur
f. Hjartasjúkdómar	14. flokkur og 31. flokkur A og B
g. Skjaldkirtilssjúkdómar	43. flokkur
h. Sykursýki	5. flokkur
i. Vöðvaslénufár, (Myasthenia gravis)	10. flokkur B
j. Þvaghlaup (Diabetes insipidus)	25. flokkur E

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu þau talin í tilgreindum flokkum ofangreinds rits og auðkennd merkinu (1/1) í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Eirsýki (mb. Addisonii)	25. flokkur F og 3. flokkur K
b. Geðveiki (antidepressiva og psychososedativa)	13. flokkur og 36. flokkur
c. Parkinsonssjúkdómur	20. flokkur
d. Psoriasis og exem	50. flokkur C

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkur lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 125 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

4. gr.

Lyf, sem ekki falla undir skilgreiningu 2. og 3. gr. eru:

1. Lyf, sem talin eru til 7. flokks: E_3, E_4, E_5, E_6 og E_7, 12. flokks og 48. flokks: C í ritinu „Lyf á Íslandi".
2. Lyf, sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrám, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra samkvæmt reglum 2. og 3. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum 8. maí 1974, og öðlast gildi 15. júní 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 107. Útgáfudagur 4. júní 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1974

Nr. 108. 180 5. mars 1974.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan kaupstaðarlóðarinnar og hafnarinnar á Flateyri. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar en þar sem vatnssölumaður ákveður.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Flateyrarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það, ásamt nákvæmum upplýsingum um vatnsmagn það, sem viðkomandi telur sig þurfa og til hvers það er ætlað. Vatnsveitan leggur stofnæðar um þorpið eftir þörfum, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum sínum á eigin kostnað allt að 60 metrum. Sé um lengri lögn að ræða leggur vatnsveitan nýja stofnæð.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast viðhald á vatnsæðum sínum. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma til að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á getur vatnsnotandi ekki krafist lækkunar á gjaldi fyrir vatnið. Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið til hreinsunar á geymi og æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Flateyrarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.10% af fasteignamatsverði húsa og lóðar,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 000.00 á hverja húseign eða sjálfstæðri íbúðarhæð. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

8. gr.

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjum, þvottahúsum, iðnfyrirtækjum, gistihúsum, frystihúsum, verbúðum, bensínafgreiðslum, þvottaplönum o. fl., skal greiða vatnsskatt, er nemi 0.30% af fasteignamati húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma, þó aldrei minna en kr. 1 500.00 af hverri húseign. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneytissölur, greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 3.00 fyrir hverja smálest.

Ársleiga fyrir hvern mæli skal vera kr. 800.00. Húseigandi ber kostnað af uppsetningu mælis, auk 1 500.00 kr. stofngjalds.

Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

10. gr.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist kr. 20.00 fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Þó skal hreppsnefnd heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Flateyri.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsveitunnar er sá sami og gjalddagi fasteignaskatta og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers ársfjórðungs. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskattsins af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni, án tillits til eigendaskipta, næstu þrjú ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá samkv. þessari reglugerð um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

13. gr.

Hver sá, sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, skal bæta það að fullu og sæta sektum samkv. 16. gr. Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar, til þess að losna við að greiða gjöld, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar, eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistörf í kauptúninu.

15. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er frjálst að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja um, til eftirlits. Ef útbúnaði er á einhvern hátt ábótavant, skal það tafarlaust lagfært á kostnað húseiganda.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að kr. 100 000.00 sekt nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps frá 1. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 109. 7. mars 1974.

REGLUR

fyrir veðdeild Alþýðubankans hf. um útgáfu á 1. flokki bankavaxtabréfa samkvæmt reglugerð nr. 330 24. nóvember 1972 fyrir Alþýðubankann hf. sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

Samkvæmt 28. gr. reglugerðar fyrir Alþýðubankann hf. nr. 330 frá 24. nóv. 1972 er veðdeild Alþýðubankans hf. heimilt að gefa út flokk bankavaxtabréfa og nefnist flokkur þessi fyrsti flokkur. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 25 milljónum króna.

2. gr.

Veðdeild Alþýðubankans hf. gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Bankastjórn Alþýðubankans hf. undirskrifar bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglum þessum. Fjárhæð bréfanna skal vera kr. 100 000.00 og skal hvert bankavaxtabréf vera tölusett og bréfin samin eftir þeirri fyrirmynd, sem stjórn Alþýðubankans hf. ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða.

3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, ár hvert, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í veðdeild Alþýðubankans hf. Ársvextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 11.5% og reiknast eftir á af höfuðstól eða eftirstöðvum hans. Verði almenn breyting á útlánsvöxtum frá því, sem er í núgildandi fyrirmælum Seðlabanka Íslands frá maí 1973, breytast vextir af bankavaxtabréfunum hlutfallslega til samræmis.

4. gr.

Gjalddagi bankavaxtabréfanna er einu sinni á ári, 2. janúar, ár hvert, og skulu þau greiðast niður á 20 árum með jöfnum afborgunum á ári.

5. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeild Alþýðubankans hf. fær frá lántakendum, skal trygging fyrir bankavaxtabréfum veðdeildarinnar vera:

1. Varasjóður flokksins.
2. Ábyrgð Alþýðubankans hf.

Ef taka þarf til trygginganna samkvæmt 1.—2. töluliðar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána í því skyni að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Veita má veðdeildarlán gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóðarréttindum. Getur veðdeildin krafist frumrita eða staðfestra afrita af þeim samningum, sem liggja til grundvallar lóðarréttindum. Veðið skal vátryggt. Hvert einstakt veðdeildarlán má ekki vera hærra en sem nemur 50% af brunabótamatsverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í. Ef veðdeildin tekur jarðir að veði eða brunabótamat liggur ekki fyrir um tiltekna fasteign, skal virða veðið sérstaklega og þá eftir þeim reglum, sem gilda um virðingargerðir í sama skyni fyrir veðdeild Landsbanka Íslands.

7. gr.

Eigi má lána nema gegn fyrsta veðrétti. Þó má veð veðdeildarinnar vera fyrir aftan veðrétt Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða eða samhliða þessum veðréttum, enda fari veðböndin á undan veðdeildinni og að hennar veði meðtöldu eigi fram úr 67% af brunabótamati. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera 100 000.00 krónur og skulu lánin jafnan standa á heilum tug þúsunda. Lánstíminn má vera allt að tíu árum.

8. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra, enda sanni lántakandi, að fyrir liggi loforð banka, sparisjóðs eða lífeyrissjóðs um kaup á bankavaxtabréfunum.

9. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfjárhæðinni í lántökugjald, sem rennur í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali.

10. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengist. Stjórn veðdeildarinnar er hins vegar heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undireins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, svo sem:

1. Ef afborganir og vextir eru ekki greiddir á réttum gjalddögum.
2. Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal.
3. Ef skuldunautur heldur ekki vátryggðum eignum, sem að veði eru eða talin eru með í matinu.
4. Ef gengið er að veðinu af öðrum skuldheimtumönnum og ef veðið fer á nauðungaruppboð.

11. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu frá og með 1.—14. okt. ár hvert, greiða vexti, afborganir og tillög til reksturskostnaðar við flokkinn og til varasjóðs. Árlegt tillag til að greiða reksturskostnað flokksins og til varasjóðs er 0.5% á ári af eftirstöðvum lánsins eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. Lántakendur mega, hvenær sem þeir óska án undangenginnar uppsagnar, greiða auka afborganir af lánum sínum eða endurgreiða lánin að fullu. Ársvextir, sem lántakendur veðdeildarinnar greiða, skulu vera 12.5%. Verði almenn breyting á útlánsvöxtum frá því, sem er í núgildandi fyrirmælum Seðlabanka Íslands frá maí 1973, breytast vextir af bankavaxtabréfunum hlutfallslega til samræmis.

12. gr.

Sérhver lántakandi, sem eigi hefur greitt árleg gjöld sín á réttum gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem reiknast 1.5% á mánuði eða brot úr mánuði af gjaldfallinni greiðslu. Þó skulu dráttarvextirnir aldrei vera hærri en Seðlabanki Íslands ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

13. gr.

Afborgunum þeim og vöxtum, sem greitt er í peningum á hverjum gjalddaga til veðdeildarinnar, skal varið til að standa undir þeim skuldbindingum, sem veðdeildin hefur tekist á hendur samkvæmt bankavaxtabréfum þeim, sem gefin hafa verið út í þessum flokki.

14. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé af bankavaxtabréfunum, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð flokksins, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

15. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá stjórn veðdeildarinnar innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórinn útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist án þess, að nokkur annar, er bankavaxtabréfinu kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfur á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

16. gr.

Afborganir og vextir af bankavaxtabréfum, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofn Alþýðubankans hf. í Reykjavík.

17. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga 95/1947 um lögræði og lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á og skilyrði fyrir útlagningu eru fyrir hendi.

18. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram, ef leyfðir verða fleiri flokkar. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóður til Alþýðubankans hf.

19. gr.

Veðdeildinni er stjórnað af bankastjórn Alþýðubankans hf. og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

20. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 330 24. nóvember 1972 fyrir Alþýðubankann hf., sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breyting á þeirri reglugerð, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 7. mars 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

21. mars 1974. Nr. 110.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 18.15 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 5.31 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 2 691.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 79.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalda fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 18.15 hver kWst. til ljósa og kr. 4.16 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 3.46 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 27.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 3.43 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 8.77 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartíminn er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 895.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 1.49 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 568.00 hvert kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.39 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 5.15 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 5.39 hver kWst., fyrir búrekstur.
C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 0.67/0.60 hver kWst. og kr. 5.476.00 hvert kW.
C—7 Sértaxti Iðunnar, Gufuketill kr. 0.90 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 1.27 hver kWst., til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
D—2 Kr. 1.72 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Kr. 1.00 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
D—4 Kr. 0.74 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.75 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.65 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 2.35 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 3.03 hver kWst., um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.
E—3 Kr. 1.49 hver kWst., um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
E—4 Kr. 1.77 hver kWst. til súgþurrkunar.
F—1 Sértaxi Málmhúðunarinnar, kr. 1.60 hver kWst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árslegu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kWst.-mælar	266.00	327.00	357.00		
3-fasa kWst.-mælar	450.00	689.00	889.00	1 481.00	3 257.00
Tvígjalds og mestastr.-mælar .		889.00	1 481.00	2 384.00	4 775.00
Skiptirofar/skiptiklukkur ...	1 137.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

a) Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
b) Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og gjöld skv. lögum nr. 4 27. febrúar 1974 og lögum nr. 5 28. febrúar 1974.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 33. 25. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

25. mars 1974. Nr. 111.

AUGLÝSING

um skipulag í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. mars 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

26. mars 1974. Nr. 112.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.

1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1.50 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 1 500.
1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 10 000 að viðbættum kr. 0.50 fyrir hvert kg.
1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarndi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi	kr. 500	kr. 500
Einkaflugmaður	— 1 000	— 700
Atvinnuflugmaður	— 2 000	— 1 000
Atvinnuflugmaður með meira prófi	— 3 000	— 1 000
Blindflugsréttindi	— 2 500	— 1 000
Flugkennararéttindi	— 1 500	— 1 000
Loftsiglingafræðingur	— 4 000	
Flugumsjónarmaður	— 3 000	
Flugvélavirki (tegundaréttindi)	— 1 000	

2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 500.00.

3. Almenn ákvæði.

3.1 Gjöld fyrir verklegt próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 113. 26. mars 1974.

REGLUGERÐ

um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem hafa lyf undir höndum.

Skýrgreiningar.

1. gr.

Með sjúkrahúsi er átt við hverja þá stofnun, sem starfrækt er samkvæmt IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu nr. 56 27. apríl 1973.

Þar sem í reglugerðinni er fjallað um yfirlækni getur eins átt við um staðgengil hans eða annan lækni, er ber fulla ábyrgð á læknisþjónustu á sjúkrahúsi eða hluta sjúkrahúss.

Með deild er jafnan átt við sjúkradeild, skurð-, rannsóknar- eða aðgerða- og svæfingadeild.

Um lyfjabúnað á sjúkrahúsum, sem ekki eru deildaskipt, fer eftir sömu reglum og um eina deild væri að ræða.

Um skýrgreiningu á lyfjum fer eftir lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963. Lyfjalofttegundir eru undanþegnar ákvæðum þessum.

2. gr.

Stjórn sjúkrahúss skal sjá svo um, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlítt og að á hagkvæman og öruggan hátt geti farið fram öflun, varsla og skömmtun lyfja á staðnum og skal þá í því sambandi eftirfarandi atriða gætt:

1. Í búnaði hverrar deildar skal vera sérstakur lyfjaskápur og kælir.
2. Í deildaskiptu sjúkrahúsi með innan við 150 vistunarrýmí skal vera lyfjabúr, sem sér um öflun og varðveislu lyfja fyrir sjúkrahúsið og annast dreifingu á deildir.
3. Á stærri sjúkrahúsum má að fengnu leyfi ráðherra vera lyfjasala sbr. 13. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, sem auk þess er greinir í tölulið 2 má afgreiða lyf til eigin starfsfólks og eigin göngudeilda. Verðlagning lyfja fer eftir gildandi Lyfjaverðskrám I og II.

Um lyfjaskápa.

3. gr.

Yfirlæknir á sjúkrahúsi ber ábyrgð á öflun lyfja á deild. Sjái yfirlæknir ástæðu til vegna sérstakra aðstæðna að setja frekari reglur um meðferð lyfja, skal hann gera það skriflega.

4. gr.

Gæsla lyfjaskáps er í höndum hjúkrunarkonu eða ljósmóður. Á sjúkrahúsum eða deildum, sem hafa ekki ofangreindu starfsliði á að skipa, felur yfirlæknir gæslu lyfjaskáps í hendur þeim aðila, er honum list til þess hæfastur. Gæslumaður lyfjaskáps skal í daglegu starfi sjá um að í vinnu við skápinn sé fylgt reglugerð þessari svo og þeim reglum, sem settar kunna að verða.

5. gr.

Ef henta þykir má útbúa lyfjaskáp þannig, að hægt sé að afgreiða úr honum aðkallandi lyf á aðrar deildir á þeim tíma, sem þjónandi lyfjasala sjúkrahússins eða lyfjabúr er lokað.

Deildir á sjúkrahúsi mega hafa sameiginlega læsta geymslu á fyrirferðarmiklum lyfjum, sem mikið eru notuð (t. d. innrennslislyfjum).

6. gr.

Pöntun lyfja í lyfjaskáp úr lyfjabúri, lyfjaheildsölu eða lyfjasölu sjúkrahússins skal vera skrifleg, dagsett og undirrituð af lækni. Ef brýna nauðsyn ber til má læknir í undantekningartilvikum panta lyf á deildir í síma.

Eftirritunarskyld lyf skal panta á sérstök eyðublöð stöðluð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem ekki má nota fyrir aðrar lyfjapantanir.

Á sjúkrahúsum með fáa sjúklinga, sem flestir eru rólfærir, skulu lyf, að því marki sem unnt er, fengin eftir lyfseðli fyrir hvern einstakan sjúkling. Þetta á sérstaklega við ef ekki er hjúkrunarkona eða ljósmóðir meðal starfsfólks.

7. gr.

Um geymslu lyfja í lyfjaskáp gilda þessar reglur:

1. Lyfjaskápur, þ. m. t. kælir, skal vera læstur þegar ekki er unnið við afgreiðslu úr honum. Lykillinn að skápnum skal vera í höndum þess, er gæslu hefur með honum eða staðgengils, sem samkvæmt 11. gr. má afgreiða lyf úr honum.
2. Geymslu lyfja í lyfjaskáp skal þannig háttað, að sem best yfirsýn fáist yfir innihald skápsins. Lyfjunum skal skipt í þrjá aðskilda flokka: **Stungulyf, lyf til innvortis notkunar** og **lyf til útvortis notkunar.** Í lyfjaskáp skal vera sérstakt læst hólf fyrir eftirritunarskyld lyf.
3. Lyf, sem afladð er með lyfseðli fyrir hvern sjúkling, má geyma óflokkuð í ílátum (kassa) í læstum skáp. Skulu þá lyfjaglös frá einum sjúklingi vera í einum kassa og hann merktur hlutaðeigandi sjúklingi.
4. Án þess að breyta þeim meginreglum, sem að framan getur í þessari grein, má yfirlæknir leyfa geymslu á fáum tegundum títt notaðra lyfja utan lyfjaskápsins, enda verði eigi séð, að sú hætta vofi yfir að það leiði til rangrar notkunar lyfjanna eða þau komist í hendur óviðkomandi aðila. Yfirlæknir getur einnig ákveðið að takmarkaður fjöldi lyfja, sem grípa geti þurft til í skyndi, sé geymdur á annan hátt en að framan greinir (nauðlyfjaforði).
5. Lyf, sem geyma skal í kæli, skulu geyma við +2°—+8°. Lyf, sem ætluð er geymsla á svölum stað (+8°—+15°) má aðeins geyma í stuttan tíma við stofuhita. Í lyfjaskáp má einungis geyma lyf og lyfjavörur, áhöld, sem notuð eru við skömmtun lyfjanna, svo og skoðunarbók lyfjaskápa sbr. 20. gr.
6. Lyf skulu ávallt geymd í þeim umbúðum, sem þau koma í á deildir.
7. Sótthreinsunarefni og prófefni má ekki geyma í lyfjaskáp.

Um blöndun lyfja.

8. gr.

Blöndun lyfja á deildum takmarkast við eftirtalin atriði:

1. Lyf, sem vegna lítils geymsluþols þarf að blanda rétt fyrir notkun.
2. Blöndun á sterilu fljótandi lyfi í innrennslislyf (infusion) með smitgát til notkunar strax að blöndun lokinni.
3. Blöndun á sótthreinsunarvökvum til útvortis notkunar, og til áhaldasótthreinsunar, enda sé ekki um að ræða efni, sem einungis má afgreiða eftir lyfseðli og í blönduna sé notað afvegið magn eða afmæld stofnupplausn, sem á er rituð greinileg blöndunarforskrift.

Lyf, sem blandað er samkvæmt tölulið 1 og er ekki að fullu notað eftir blöndun, skal árita styrkleika, blöndunardegi, fyrningardegi og upphafsstöfum þess er blandaði.

Hjúkrunarkona eða ljósmóðir má framkvæma blöndun lyfs samkv. töluliðum 1 og 2, en að öðru leyti miðast við að lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahúss hafi umsjón með hvers konar lyfjablöndun.

Um ávana- og fíknilyf.

9. gr.

Til að fylgjast með notkun eftirritunarskyldra ávana- og fíknilyfja á deildum skal færa:

1. Notkunarskýrslur.
2. Birgðaseðla.

Sé lyfjabúr í viðkomandi sjúkrahúsi skal eftirritunarskyldra lyfja aflað með sérstökum pöntunarseðlum í tvíriti og skal frumritið notað við afgreiðslu lyfsins, en eftirriti haldið eftir.

Notkunarskýrslur og birgðaseðlar eru stöðluð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Færsla slíkra skýrslna er undir eftirliti lyfjafræðings, sem starfar á sjúkrahúsinu eða í tengslum við það.

Skýrslur þessar skal geyma á hlutaðeigandi deild í 3 ár.

Undanþegin þessum ákvæðum eru sjúkrahús, sem afla lyfja eftir lyfseðli fyrir hvern einstakan sjúkling.

10. gr.

Í lyfjabúri skal færa eftirritunarbók. Í eftirritunarbók skal skrá hvers konar útlát eftirritunarskyldra lyfja. Skal færslum þannig háttað, að séð verði hvaða lyf sé um að ræða, hversu mikið, á hvaða deild afgreitt, hvenær og af hverjum.

Sé starfrækt lyfjasala við sjúkrahúsið gilda sömu reglur og um útlát frá almennum lyfjabúðum.

Um afhendingu lyfja.

11. gr.

Útlát lyfja til sjúklings má aðeins fara fram eftir ávísun læknis eða almennum skriflegum fyrirmælum.

Auk gæslumanns lyfjaskáps og staðgengils hans, mega hjúkrunarkonur og ljósmæður taka lyf úr skápnum og skammta sjúklingi, en aðrir ekki.

Í neyðartilvikum getur yfirlæknir þó heimilað öðru starfsfólki aðgang að lyfjaskáp, enda álíti hann að því sé fyllilega til þess treystandi.

Þeir, sem nám stunda í hjúkrun eða ljósmóðurfræðum, mega þó skammta lyf á ábyrgð og undir umsjón hjúkrunarkonu eða ljósmóður, til að fullnægja þeirri þjálfun, er námið útheimtir.

Á röntgen-, geislavarna- og skurðstofudeild svo og á rannsóknarstofum má nemi taka fram og skammta lyf undir eftirliti og á ábyrgð yfirmanns deildarinnar.

Allar lyfjagjafir til innvortis notkunar skulu ritaðar niður þannig að rekja megi, hvað hver einstakur sjúklingur hefur fengið. Þess gerist þó ekki þörf hjá þeim sjúklingum, er lyf fá samkvæmt lyfseðli.

Að jafnaði skal ekki afhenda sjúklingi meira magn lyfja, en sem svarar til þess, er inn á að taka við skömmtun. Sá, sem skammtar lyfin og/eða úthlutar, skal fylgjast með, að þau séu notuð á réttan hátt.

Ef sjúkrahús afgreiðir sjúkling, sem er fjarverandi í skamman tíma, með lyf, skal eftirfarandi atriða gætt: Lyfin skulu afhent í hentugum umbúðum og þau merkt nafni sjúklings, heiti og magni lyfs, greinilegri notkunarfyrirsögn, dagsetningu og áritun þess, sem afgreiðir.

Öll lyf, sem lánuð eru milli deilda, skulu skráð í sérstaka bók og skilað aftur. Í sömu bók skal skrá öll þau lyf, sem starfsmaður sjúkrahúss kann að fá á sjúkradeild.

Um stjórnendur lyfjabúrs og lyfjasölu sjúkrahúss.

12. gr.

Með stjórn lyfjabúrs fer lyfjafræðingur, sem er ráðinn af sjúkrahússtjórn.

Með stjórn lyfjasölu sjúkrahúss fer sjúkrahúslyfsali, sem skipaður er af ráðherra.

Umsóknir um stöður stjórnanda lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss eru sendar sjúkrahússtjórn og skal fengin umsögn 2ja manna nefndar skv. 3. málsgrein 7. gr. l. nr. 30 29. apríl 1963.

13. gr.

Í forföllum eða orlofi stjórnanda lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss skal ráðinn lyfjafræðingur sem staðgengill.

14. gr.

Um afgreiðslutíma lyfjabúrs og lyfjasölu sjúkrahúss fer eftir ákvörðun sjúkrahússtjórnar að höfðu samráði við lyfjafræðing, forstöðukonu og yfirlækna deilda.

Almenn ákvæði um húsakynni og búnað.

15. gr.

Teikningar yfir áætlaðar nýbyggingar eða meiri háttar breytingar á húsnæði lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss skulu sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til samþykktar.

16. gr.

a) Húsakynni lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss skulu vera raka- og saggalaus og að öðru leyti þannig úr garði gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og koma við fullnægjandi loftræstingu.
b) Gólfrými herbergja skal vera svo ríflegt, að þrengsli torveldi ekki vinnu og auðvelt sé að halda öllu í röð og reglu.
c) Í vinnu- og dvalarherbergjum skal vera næg dagsbirta eða góð raflýsing.
d) Hitastig í lyfjageymslu skal miða við það, sem þar er geymt eftir reglum lyfjaskrár. (Venjulegt hitastig; hámarkshiti 24°C; svöl geymsla hitastig 8—15°C og köld geymsla (kælir) 2—8°C).

17. gr.

Um geymslu og meðhöndlun lyfja í lyfjabúri eða lyfjasölu sjúkrahúss gilda að öðru leyti sömu reglur og um lyfjabúðir.

18. gr.

Lyf má einungis afhenda úr lyfjabúri gegn skriflegri beiðni eða lyfseðli. Sé starfrækt lyfjasala sjúkrahúss fer almenn starfsemi hennar eftir sömu reglum og um almenna lyfjabúð, innan þeirra takmarka, sem greind eru í 2. gr. tölulið 3.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Um geymslu og útlát á óskráðum lyfjum, sem aflað er í tilraunaskyni, fer að lögum þar að lútandi.

Þegar sjúklingi er gefið innrennslislyf skal þess vandlega gætt, að umbúðir hafi ekki laskast og útlit lyfsins sé ekki frábrugðið því, sem venja er til.

Að jafnaði skal ekki breyta umbúðum sérlyfja.

Lyf, sem skilað er úr lyfjaskáp í lyfjabúr, má ekki afgreiða að nýju á deild, nema umbúðir séu órofnar og ekki ráði sérstakir geymsluhættir fyrningu lyfs.

Lyfi skal eytt, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði notað eða ef innkallað hefur verið af framleiðanda. Sama gildir, ef grunur leikur á, að gæði lyfs hafi rýrnað að marki við geymslu eða skráning lyfs er felld niður að tilhlutan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Lyfjum skal eytt með því að brenna þau rækilega eða skola niður í gildar skólpleiðslur. Glerhylki skal brjóta.

Aldrei má henda lyfjum í sorpílát.

Nú þarf að eyða lyfi úr lyfjaskáp deildar. Skulu þau þá skráð og send til lyfjabúrs.

Eftirlit.

20. gr.

1. Stjórn sjúkrahúss skal ráða lyfjafræðing til að annast minnst ársfjórðungslega eftirlit með lyfjaskápum og öðrum geymslum þar, sem lyf eru að jafnaði varð-

veitt. Undanþegin þessu ákvæði eru minni sjúkrahús, þar sem lyfja er aflað með lyfseðlum fyrir hvern sjúkling. Læknir sá, er hefur umsjón með slíkri stofnun skal aðgæta að öflun lyfjanna gefi ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

2. Skoðun á lyfjaskáp felst aðallega í athugun á framleiðslu, útliti, geymslu og áritun lyfjanna svo og könnun á framleiðsluefirliti. Leiki grunur á, að innihald svari ekki til þess sem áritun gefur til kynna, er skoðunarmanni heimilt, að senda viðkomandi lyf lyfjaeftirliti ríkisins til rannsóknar. Skoðun skal staðfest með dagsetningu og nafni viðkomandi lyfjafræðings í skoðunarbók. Í bókina færir skoðunarmaður meiri háttar athugasemdir, er hann kann að hafa sett fram. Slíkar athugasemdir ber eftirlitsmanni að tilkynna yfirlækni tafarlaust.

21. gr.

Lyfjabúr og lyfjasala sjúkrahúss eru háð eftirliti lyfjaeftirliti ríkisins.

Gildistaka.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast gildi 1. júlí 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

27. mars. 1974. Nr. 114.

REGLUR

um flutning og innritun í sjúkrasamlag.

1. gr.

Rétt til flutnings milli samlaga eiga allir þeir, sem lögheimili eiga í landinu.

2. gr.

Samlagsmaður, sem flytur búferlum frá einu samlagssvæði á annað og öðlast þar lögheimili, er tryggður í því samlagi frá 1. næsta mánaðar, enda tilkynni hann samlaginu búferlaflutninginn með staðfestu afriti af flutningstilkynningu. Gegn því fær hann afhent samlagsskírteini til staðfestingar réttindum sínum.

3. gr.

Nú dvelur samlagsmaður, eða barn hans innan 17 ára aldurs, á sjúkrahúsi eða hæli á kostnað samlags, og greiðir þá það samlag sjúkrahúsvistina áfram, þrátt fyrir flutning.

4. gr.

Samlag, sem tekur við aðfluttum samlagsmanni, tilkynnir það samlagi, sem hann áður var í. Samlagi, sem við tilkynningu tekur, er skylt að senda hinu um hæl upplýsingar um sjúkrahúsvist og dagpeninga, sem hinn flutti hefur notið hjá því s. l. 24 mánuði. Vanræki samlag að veita slíkar upplýsingar, getur tryggingaráð gert því að bera halla, sem af ofgreiðslu kann að stafa.

Tryggingastofnunin leggur til eyðublöð, sem henta fyrir tilkynningar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Samlagsmaður, sem dvelur utan samlagssvæðis síns vegna náms, árstíðabundinnar atvinnu eða af öðrum orsökum, sem ekki valda því að lögheimili hans breytist, getur, ef dvölin verður lengri en einn mánuður, og hann verður sjúkrahjálpar þurfi á dvalarstaðnum, gerst bráðabirgðasamlagsmaður í samlagi dvalarstaðarins. Gefur það samlag út bráðabirgðaskírteini til allt að sex mánaða í senn. Bráðabirgðasamlagsmaður nýtur allra réttinda í því samlagi, annarra en dagpeningaréttar. Skírteinið fellur úr gildi, ef ekki er óskað endurnýjunar, áður en gildistími rennur út.

Sjúkrasamlag á endurkröfu á hendur heimasamlagi bráðabirgðasamlagsmanns á útlögðum kostnaði hans vegna.

6. gr.

Rísi upp ágreiningur milli samlaga innbyrðis, eða milli samlags og einstaklings vegna flutnings eða út af einhverju því atriði, er þessar reglur fjalla um, skal Tryggingastofnun ríkisins skera úr um hann. Báðir aðiljar hafa rétt til að vísa málum sínum til úrskurðar tryggingaráðs.

Verði ágreiningur milli samlags eða milli einstaklings og samlags um flutning eða eitthvert atriði, sem reglur þessar fjalla um, geta aðilar skotið því til tryggingaráðs, nema sjúkratryggingadeild geti leyst málið án slíks málskots.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 47. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 112/1972, um almannatryggingar, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 115. 28. mars 1974.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Selfosshrepps, Ölfushrepps og Hveragerðishrepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Selfoss, Ölfushrepps og Hveragerðis, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 7 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnum eftirtalinna sveitarfélaga, 2 frá hverjum: Selfosshreppi, Ölfushreppi og Hveragerðishreppi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög miðað við væntanlega þróun fram til ársins 2000. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörð-

un um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók; og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Á uppdrætti skal auðkenna núverandi notkun lands. Skulu þar sýnd svæði þau, er tilheyra núverandi lögbýlum, grasbýlum og gróðurhúsabýlum, afréttir, sandgræðslusvæði, skógræktarsvæði, svæði, sem tilheyra skólum eða stofnunum, friðuð svæði, sumarbústaðahverfi, svæði þau, sem þegar hafa verið byggð eða skipulögð sem þéttbýli og annað, sem máli þykir skipta.

Einnig skal auðkenna á uppdrætti friðaðar minjar eða náttúruvætti, jarðhitasvæði, sem þekkt eru, helstu borholur og aðalhitaveituæðar, helstu vatnsból, sem þekkt eru, og aðalvatnsveituæðar, háspennulínu og aðalspennistöðvar, helstu símalínur (jarðstrengir og loftlínur), malartekjusvæði, helstu rotþrær og frárennslisæðar og útrásir þeirra í ár og læki, ár, vötn og læki, þar sem vitað er um veiði, fiskieldisstöðvar og annað, sem þykir skipta máli.

5. gr.

Á uppdrætti að aðalskipulagi skal sýna fyrirhugaða notkun lands og ráðgerða nýja vegi, hitaveitur, vatnsveitur, háspennulínur og frárennsli, sem máli skipta. Auðkenna skal sérstaklega framtíðarlandbúnaðarsvæði, ráðgerð gróðurhúsahverfi, ráðgerð þéttbýlishverfi og sumarbústaðahverfi, skógræktarsvæði, ráðgerð svæði fyrir skóla og stofnanir, hverfi til fiskiræktar, alifuglabúskapar, ráðgerð útivistarsvæði og gönguleiðir, svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði og svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði, svæði fyrir húsvagna, svæði sem æskilegt er að friða vegna sérstæðrar fegurðar eða vegna sérstæðra náttúrumyndana, gróðurs eða dýralífs og skal í þessu efni haft samráð við hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd. Að öðru leyti skal höfð hliðsjón af reglugerð nr. 217/1966 og samráð við höfunda Suðurlandsáætlunar, eftir því sem ástæða þykir til.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins eða um þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag, sem aðild á að nefndinni greiðir í upphafi kr. 50 000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1975. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. mars 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 116. 29. mars 1974.

REGLUR

um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til þeirra öryrkja, sem misst hafa frá 50% til 75% starfsorku sinnar samkvæmt mati tryggingayfirlæknis, og eru á aldrinum 16—67 ára.

Hámarksupphæð styrks til þeirra umsækjenda, sem ekki hafa börn innan 17 ára á framfæri sínu, má nema 75% fulls lífeyris. Til þeirra, sem hafa börn á framfæri innan 17 ára, er heimilt að úthluta viðbót, þó má hún eigi vera hærri en 75% barnalífeyris fyrir hvert barn á framfæri.

Ekki skal úrskurða örorkustyrk til þeirra, sem eru í fulllaunuðu starfi, nema sannað þyki að örorka hafi í för með sér verulegan aukakostnað, svo sem umsækjanda sé nauðsynlegt að hafa bifreið til að komast að og frá vinnustað.

Ekki skal úrskurða húsmóður örorkustyrk, nema að sannað þyki, að um verulegan aukakostnað sé að ræða við heimilishaldið vegna örorku hennar, svo sem aðkeypt húshjálp eða atvinnumissis maka af þeim sökum.

2. gr.

Við úthlutun styrkja skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans.
2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfs, er hann stundar, eða kostur er á.
3. Fjöldi barna umsækjanda innan 17 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til barna innan 16 ára aldurs vegna bæklunar eða vanþroska, ef það hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Styrkir þessir skulu vera í samræmi við örorkumat barnanna gert af tryggingayfirlæknir.

Hámarksupphæð styrks má nema 75% af örorkulífeyri einstaklings. Örorkumatið skiptist í þrjú stig með tilliti til þarfa á útgjöldum og umönnun.

Styrksupphæð 1. stigs skal vera 25% af örorkulífeyrir einstaklings, 2. stigs 50% sömu upphæðar og 3. stigs 75% af sömu upphæð.

Styrki þessi má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat, og ekki dveljast á hælum eða sjúkrahúsum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

Örorkustyrk til barna, sem dvelja á dagvistunarheimilum (en heima um nætur og helgar) skal hins vegar lækka um eitt stig.

4. gr.

Umsóknir skulu sendar viðkomandi umboðsmanni, í Reykjavík aðalskrifstofunni, sem framsendir síðan umsóknirnar ásamt athugasemdum sínum og meðmælum aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 197 27. nóv. 1961 um úthlutun örorkustyrkja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

2. maí 1974. Nr. 117.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Bifreiðastöður verða bannaðar í Túngötu beggja vegna götunnar milli Suðurgötu og Garðastrætis.
2. Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:
   a) Á Breiðhöfða við Vesturlandsveg.
   b) Á Höfðabakka við Vesturlandsveg að norðanverðu.
   c) Á Gufunesvegi við Vesturlandsveg.
   d) Á Draghálsi við Vesturlandsveg.
3. a) Vinstri beygjur verða bannaðar inn á og út af bensínstöð Esso við Vesturlandsveg.
   b) Innakstur á bensínstöðina verður bannaður að austanverðu á lóð hennar, en útakstur að vestanverðu.

Framangreindar reglur taka gildi 15. maí 1974.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. maí 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1974. Nr. 118.

AUGLÝSING

um friðland í Melrakkaey.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Melrakkaey á Grundarfirði friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs eða umboðsmanns þess.
2. Skot eru bönnuð nær eynni en 2 km og netalagnir ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.
3. Náttúruverndarráði er heimilt að leyfa nytjar æðarvarps og annarra hlunninda.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson

AUGLÝSING

um friðun í Eldey.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Eldey út af Reykjanesi friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Skot eru bönnuð nær eynni en 2 km.
3. Bannað er að hafa eyna að skotmarki, hvort heldur er af landi, sjó eða úr lofti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Nr. 120. 3. apríl 1974.

AUGLÝSING

um friðlýsing dropsteina.

Samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið, fyrir sitt leyti, að lýsa dropsteina í hellum landsins náttúruvætti. Tekur friðlýsing þessi til allra hella landsins.

Til dropsteinsmyndana teljast bæði dropsteinsdrönglar, sem hanga niður úr hellisþökum og niður með hellisveggjum, svo og dropsteinskerti, sem standa á hellisgólfum og syllum hellisveggja.

Bannað er að brjóta eða skemma á annan hátt umræddar dropsteinsmyndanir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um vernd dropsteina.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Nr. 121. 3. apríl 1974.

AUGLÝSING

um náttúruvætti í Eldborg í Bláfjöllum.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Eldborg í Bláfjöllum náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður (1) Bláfjallavegur eins og hann er nú. Að sunnan (2) hugsuð lína skemmst 200 m frá rótum Eldborgar frá vegi að suðurenda Drottningar, (3) með hábrún hennar að norðurenda hennar og (4) þaðan til austurs að vegi, 200 m frá rótum hið næsta.


Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að ganga um hlíðar og barma gígsins utan merktra gönguslóða. Enn fremur er hvers konar akstur utan vegar á hinu friðlýsta svæði bannaður.
2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðaða svæði í umhverfi eldstöðvarinnar.

3. Jarðrask allt og mannvirkjagerð á hinu friðaða svæði er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
4. Ekki má fara með hesta um svæðið utan vegar og stranglega er bannað að beita þeim innan þess.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun svæðisins.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson

AUGLÝSING

um friðland í Surtsey.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Surtsey friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Óheimilt er að fara í eyna nema með leyfi Surtseyjarfélagsins, sem hefur umsjón með vísindarannsóknum þar, og hefur Náttúruverndarráð falið félaginu umsjón með eynni.
2. Bannað er að raska nokkru í eynni. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf til að reisa þar varanleg mannvirki.
3. Bannað er að flytja í eyna lifandi dýr, plöntur, fræ eða plöntuhluta.
4. Bannað er að skilja eftir hvers konar úrgang í eynni og við hana.
5. Skot eru bönnuð nær eynni en 2 km.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson

4. apríl 1974. Nr. 123.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 frá 18. mars 1961 fyrir Verslunarbanka Íslands h.f.

1. gr.

Í stað orðanna „10 230 millj. króna" í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: 100 milljónir króna.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð ræður bankastjóra, einn eða fleiri.

3. gr.

Í stað orðanna „ 3 bankaráðsmenn" í 3. málsl. 1. mgr. 39. reglugerðarinnar komi: 5 bankaráðsmenn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi Verslunarbanka Íslands h/f 7. apríl 1973, staðfestist hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

5. apríl 1974. Nr. 124.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1974—1975.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1974—1975 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 136 frá 6. apríl 1973.
2. Neðangreindur stundaskrárrammi tiltekur það meðaltal kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar", sbr. 3. lið.

3. Auk þeirra nemendastunda, sem stundaskrárramminn tilgreinir, fær skóli **kennarastundir til ráðstöfunar,** sem svarar einni vikustund á hverja „hliðstæðu" **fullskipaðra bekkjardeilda** (þ. e. miðað við a. m. k. 25 nemendur að meðaltali í deild) í hverjum árgangi.

Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til viðbótarnáms, án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið.

Heimilt er skóla að flytja umræddar kennarastundir milli bekkja, ef ástæða er talin til.

4. Um frávik frá því, sem tilgreint er í stundaskrárrammanum, gilda ákvæði Námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

	Bekkur							
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Móðurmál (þ. á m. lestur og skrift) ..	10	10	10	9	9	8	6	5
Reikningur/stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5
Átthagafræði	3	4	4					
Kristin fræði				2	2	}	2	
Saga, félagsfræði og landafræði				4	3	7	4	4
Líffræði, eðlis- og efnafræði				2	3	}	4	4
Danska				3	2	3	3	4
Enska[1])						3	4	5
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1
Handavinna			2	2	2	3	2—4	2—4
Teiknun				2	2	2	2	2
Heimilisfræði							0—4	0—4
Íþróttir[2])	2	2	2	2	3	3	3	3
Til ráðstöfunar		1	1				1	2
Vikulegar kennslust./nem. alls 3) ...	20	22	24	31	32	35	37	37
Vikulegar kennslust. í mínútum 3) ..	800	880	960	1240	1280	1400	1480	1480
Kennarastundir til ráðstöfundar	1	1	1	1	1	1	1	1

Skýringar: 1) Skólum er ekki skylt að kenna ensku í 6. bekk, enda þótt slík kennsla sé talin æskileg, m. a. vegna framhaldsnáms í greininni í 7.—9. bekk. Kenni skóli ekki ensku í 6. bekk, er heimilt að leggja þær kennslustundir, sem um ræðir, 3 stundir á viku, til annarra námsgreina.

2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

3) Heimilisfræði og sund eru ekki meðtalin í summunni.

Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 125. 9. apríl 1974.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðufsaframleiðslu fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðu-

neytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðufsaframleiðslu fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Ufsi	US cent á lb. Cif.
4×6 kg	49.00

Verðbil verður 3% er miðast við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. apríl 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

9. apríl 1974. Nr. 126.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af hafnarsvæðinu í Njarðvík, Njarðvíkurhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. apríl 1974 staðfest skipulagsuppdrátt af hafnarsvæðinu í Njarðvík, Njarðvíkurhreppi, Gullbringusýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

16. apríl 1974. Nr. 127.

AUGLÝSING

um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Eftirtalin efni hafa verið viðurkennd, sbr. reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132, 13. júlí 1971:

Hættuflokkur X: Egodan Parathion 35 EC., plöntulyf. Nicotine Smokean. A., plöntulyf. T-61 ad us vet., aflífunarefni: (aðeins ætlað dýralæknum til aflífunar dýra).

Hættuflokkur A: Lindasect 20, plöntulyf. Tresex Gamma 80, plöntulyf. Matation Na 50 (200 ml), plöntulyf.

Hættuflokkur B: Lindasect Special Ny, plöntulyf. Matation Na 50 (50 ml), plöntulyf.

Hættuflokkur C: Brassicol 50%, plöntulyf. Brassicol 20, plöntulyf, Brassicol Super Konc., plöntulyf. Brassicol 60, plöntulyf. Afalon, örgresisefni. Gesatop 50, örgresisefni. Ferbam Na Pudder, plöntulyf. Akidan Konc., plöntulyf.

Er því heimilað sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 132 13. júlí 1971, að flytja til landsins, selja eða nota framangreind efni og efnasamsetningar, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um afhendingu og notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 128. 26. apríl 1974.

REGLUGERÐ
um dagvistunarheimili.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarstofnana leggur ríkið fram fé samkvæmt fjárveitingu hverju sinni til þess að reisa og reka dagvistunarheimili fyrir börn í því skyni að búa þeim góð uppeldisskilyrði, er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1973 eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög í fjölbýlishúsum, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið laganna. Lög þessi taka ekki til dagvistunar á einkaheimilum og eigi heldur til húsnæðis, sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um aðbúnað, samkvæmt lögunum og reglugerð þessari. Hið sama gildir, ef reglum um starfsmannahald er eigi fullnægt.

3. gr.

Þegar aðili, samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1973, óskar að njóta styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili, skal hann senda beiðni sína á sérstöku umsóknareyðublaði menntamálaráðuneytisins. Með umsókn þessari skulu fylgja þau gögn, sem tilgreind eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI
Um stofnkostnað dagvistunarheimilis.

4. gr.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistunarheimili og óskar að njóta styrks úr ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 29/1973, skal með umsókn sinni senda þau gögn, sem við eiga og tilgreind eru hér á eftir:

A. **Nýbygging:**

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.

2. Uppdrátt er sýni staðsetningu heimilis og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, og um fjölda starfsfólks.
4. Áætlun um byggingarkostnað og byggingartíma.

B. **Kaup á húsnæði:**

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.
2. Uppdrátt er sýni staðsetningu heimilisins og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, og um fjölda starfsfólks.
4. Málsetta teikningu af viðkomandi húsnæði og væntanlegu leiksvæði.
5. Upplýsingar um kaupverð og greiðsluskilmála og áætlun um kostnað vegna væntanlegra breytinga og innréttingar húsnæðis og frágang á leiksvæði. Upplýsingar um lóðarréttindi.

C. **Leiguhúsnæði:**

Sömu gögn og talin eru í lið B hér að framan, nema hvað upplýsingar um leigutíma og leigukjör komi í stað upplýsinga um kaupverð og greiðsluskilmála.

D. **Viðbygging eða breyting:**

Ef um er að ræða verulega breytingu eða viðbyggingu við dagvistunarheimili, skal senda sömu gögn sem um nýbyggingu væri að ræða.

E. Ef um aðra aðila er að ræða en sveitarfélagið, skal umsögn sveitarstjórnar fylgja umsókn.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur rannsaka umsóknir um styrki til stofnkostnaðar og gögn þau, sem fylgja, með sérstöku tilliti til þeirrar starfsemi, sem fram á að fara í húsnæðinu. Að rannsókn lokinni tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallist á umsóknina.

Ef ráðuneytið getur ekki fallist á umsókn, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytisins tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr og skal bent á, hverju sé áfátt.

Allar beiðnir um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði skulu berast ráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert.

Þegar ráðuneytið hefur samþykkt slíka umsókn sæki það til Alþingis um að fé til stofnkostnaðarins verði veitt í fjárlögum í samræmi við gildandi reglur um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði dagvistunarheimila.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað fullbúins dagvistunarheimilis að hálfu og skal þessi kostnaður greiðast á fjórum árum, en þó þannig, að kostnaðarhluti byggingaraðilans sé eigi minni en framlag ríkisins hverju sinni. Í lok hvers árs, sem byggingarframkvæmdir standa yfir, skal aðili leggja fram endurskoðaða reikninga um greiddan kostnað og skal þetta uppgjör lagt til grundvallar framlagi ríkisins í stofnkostnaði, þangað til ráðuneytið hefur látið gera norm um stofnkostnað dagvistunarheimila. Eftir það greiðist stofnkostnaður í samræmi við normin.

7. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Hafi sveitarfélög tvö eða fleiri dagvistunarheimili í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs miðað við heildarkostnað, án viðmiðunar við framkvæmdastig einstakra heimila. Framlag ríkisins skal greitt á ákveðnum gjalddögum, sem tilgreindir skulu í samningi milli ríkis og byggingaraðila.

8. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn sveitarstjórnar eða annars aðila, er óskar að stofna dagvistunarheimili, skal framkvæmdaaðili afla sér teikninga og ráða sérfræðinga til að annast undirbúningsvinnu.

Til undirbúnings telst m. a.:

1. Staðfest skilríki, um að uppmælt og afmarkað landrými samkvæmt normum sé fyrir hendi kvaðalaust.
2. Uppdráttur að lóð, þar sem færðar séu inn hæðarlínu — mælikvarði 1:500.
3. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki í mælikvarða 1:100 (byggingarnefndarteikningar). Á teikningarnar skal rita flatarmál herbergja og til hverra nota þau eru ætluð.
4. Séruppdrættir að því, sem ráðuneytið kann að áskilja sér.
5. Samþykkt teikninga í byggingarnefnd viðkomandi sveitarfélags.
6. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins í samræmi við samþykkta kostnaðaráætlun og yfirlýsing frá sveitarstjórn eða byggingaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög, sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði.

Er frumteikningar að dagvistunarheimili liggja fyrir, skal fulltrúi ráðuneytisins hafa möguleika á að gera athugasemdir við teikningar áður en fullnaðarteikningar eru unnar. Enn fremur skal fulltrúi ráðuneytisins hafa frjálsan aðgang að dagvistunarheimili, sem er í smíðum og styrkt er úr ríkissjóði. Hann skal enn fremur gera úttekt á mannvirkinu, er því er lokið.

9. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu, og fjárframlög tryggð, sér það um að gerður verið samningur milli þess og viðkomandi byggingaraðila um greiðslur, samkvæmt 6. gr. laga nr. 29/1973, og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

Ekki má breyta samþykktum uppdráttum án samþykkis menntamálaráðuneytisins.

Óheimilt er að hefja verklegar framkvæmdir, né gera bindandi samninga við verksala, fyrr en nauðsynlegum tæknilegum og fjármálalegum undirbúningi svo og samningum samkvæmt framanskráðu er lokið.

Til tæknilegs og fjármálalegs undirbúnings telst:

1. Vinnuteikningar í mælikvarða 1:50, svo og sérteikningar í stærri mælikvarða eftir því, sem þörf krefur.
2. Afstöðumynd í mælikvarða 1:500 með hæðarlínum og áttum, bílastæðum o. fl.
3. Teikningar að leiksvæði í mælikvarða 1:100 með hæðarlínum og fyrirhuguðum leiktækjum.
4. Nákvæm útboðs- og verklýsing, efnisáætlun og tímaáætlun gerð og sundurliðuð á sérstakt eyðublað.
5. Tími- og greiðsluáætlun sbr. 6. lið 8. gr. reglugerðarinnar.
6. Afrit af samþykki viðkomandi eldvarnareftirlits og heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins dagvistunarheimilis, sem fullnægt hefur þeim skilyrðum, sem greint er frá í lögum nr. 29/1973 og reglugerð þessari.

Til stofnkostnaðar telst auk húsnæðis:

a) innanstokksmunir
b) leiktæki og ýmisleg áhöld, sem börnin nota í leikjum sínum og starfi
c) hljómburðartæki, nýsitæki og hljóðfæri af einfaldari gerðum
d) frágangur á lóð og leiktæki þar.

Eigi síðar en mánuði áður en rekstur hefst, skal ganga frá skrá um muni, sem falla undir liði a—d.

Ef sveitarfélag mælir með stofnun dagvistunarheimilis eða er sjálft byggingaraðili, skal það á sinn kostnað leggja til lóð handa stofnuninni.

Heimilt er að verja allt að 1% af áætluðum stofnkostnaði til listskreytinga dagvistunarheimila, samkvæmt samkomulagi ráðuneytisins og annarra eignaraðila.

11. gr.

Kostnaðaráætlun dagvistunarheimilis skal miða við byggingarvísitölu á þeim tíma, sem kostnaðaráætlun er staðfest. Um leiðréttingu kostnaðaráætlunar og greiðslusamnings gilda sömu ákvæði og um skólamannvirki.

12. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitingar að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra dagvistunarheimila, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né nothæfum áfanga með þeim fjárveitingum í fjárlögum, sem veittar eru, og fjárframlögum sveitarfélaga eða byggingaraðila. Beitir menntamálaráðuneytið sér fyrir því, að slíkar fjárveitingar verði geymdar í ríkissjóði, en jafnframt er þá heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra heimila, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

13. gr.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af stofnkostnaði á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ríkisframlagið er þó bundið því skilyrði, að byggingaraðili hafi hverju sinni greitt eigi lægri fjárhæð á móti.

14. gr.

Sé dagheimili skipt í deildir, skal fjöldi barna í hverri deild eigi vera meiri en hér segir og er þá miðað við það, að tveir starfsmenn séu á deild:

Í deild fyrir 3ja—12 mánaða aldur, 6 börn.
Í deild fyrir 1—2ja ára aldur, 10 börn.
Í deild fyrir 2—3ja ára aldur, 14 börn.
Í deild fyrir 3—4ra ára aldur, 17 börn.
Í deild fyrir 4—6 ára aldur, 20 börn.

Sé um að ræða blandaða aldursflokka, skal hámarksfjöldi í hópi vera sem hér segir:

Hópar með 3ja mánaða til 6 ára, 15 börn.
Hópar með 3ja mánaða til 12 ára, 16 börn.
Hópar með 2ja til 6 ára, 17 börn.

Fjölda starfsliðs í blönduðum aldurshópum, skal meta hverju sinni miðað við aldursskiptinguna.

Á skóladagheimili fyrir 6—12 ára börn, 20 börn.
Í leikskólum skal barnafjöldi vera sem hér segir, ef skipt er eftir aldri:
Í 2ja ára deild, 14 börn.
Í 3ja ára deild, 20 börn.
Í 4—6 ára deild, 22 börn.

Þegar um blandaða aldurshópa er að ræða í leikskólum, skal barnafjöldi í hópi vera hliðstæður því sem segir hér að framan.

Raskist aldursskipting af óviðráðanlegum ástæðum, eru frávik heimil frá því sem að framan greinir.

Ef afbrigðileg börn eru vistuð á dagvistunarheimili, er heimilt með samþykki ráðuneytisins að fækka um börn í deild, en meta skal slíkt í hverju tilviki.

15. gr.

Hámarksstærð dagheimilis og skóladagheimilis, þar sem ríkið greiðir 50% af stofnkostnaði, skal svara til þess að í heildargólfrými komi 10 m² á hvert barn, sem heimilið er ætlað fyrir og 5 m² í leikskólum.

Heildarleikrými gólffletar skal vera að jafnaði a. m. k.:

a) dagheimili 3,5 m² á hvert barn
b) leikskóla 2,0 m² á hvert barn.

Útileiksvæði skal eigi vera minna en 20 m² á hvert barn. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði með samþykki ráðuneytisins, ef aðstæður eru þannig að ástæða þyki til.

III. KAFLI
Um rekstrarkostnað.

16. gr.

Þegar hafinn er rekstur á dagvistunarheimili og óskað er eftir styrk úr ríkissjóði til rekstrarins, samkvæmt lögum nr. 29/1973, skal aðili senda menntamálaráðuneytinu um það beiðni á sérstöku eyðublaði ráðuneytisins. Með þessari beiðni skal senda eftirfarandi upplýsingar hafi þær ekki verið sendar til ráðuneytisins áður.

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.
2. Uppdrátt, er sýni staðsetningu heimilisins og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, fjölda starfsfólks, menntun þess og starfsskiptingu.

17. gr.

Þegar ráðuneytið hefur samþykkt aðild að rekstri dagvistunarheimilis, skal ákveðinn daglegur starfstími heimilisins. Dvelji barn lengur en 5 stundir samfellt á dagvistunarheimili, ber rekstraraðila skylda til að láta börnin fá heita máltíð.

18. gr.

Af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%.

Rekstrarstyrkir þessir skulu greiðast að loknu ársuppgjöri dagvistunarheimilis og skal meðaltalskostnaður samsvarandi dagvistunarheimila lagður til grundvallar við greiðslu. Heimilt er þó að halda rekstrarkostnaði einstakra heimila fyrir utan meðaltalsútreikninga, ef þeir af einhverjum ástæðum þykja óeðlilegir.

Skal ráðuneytið reikna kostnað á vistunardag dagvistunarheimila eftir tegund, sbr. 14. gr., stærð og rekstrartíma, og er sá kostnaður lagður til grundvallar greiðslu til rekstraraðila.

Heimilt er að greiða allt að helmingi af áætluðum rekstrarstyrk fyrirfram.

Til rekstrarkostnaðar telst:

1. Laun starfsfólks.
2. Launatengd gjöld.
3. Matvæli fyrir vistbörn.
4. Rafmagns- og hitunarkostnaður.
5. Hreinlætisvörur og ræsting.
6. Viðhald húsa, lóðar, húsbúnaðar, leiktækja og leikfanga.
7. Sími, tryggingargjöld, heilsugæsla og ýmsar ótaldir smáir rekstrarliðir.

Ríkisframlag til rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að sveitarfélag, sem hlut á að máli, greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins, nema til komi undanþáguheimild ráðherra sbr. 9. gr. laganna.

Sé um að ræða rekstur dagvistunarheimilis í leiguhúsnæði, er það háð mati menntamálaráðuneytisins, hvort og að hvaða marki ráðuneytið tekur þátt í greiðslu húsaleigu.

19. gr.

Rekstraraðili hvers dagvistunarheimilis skal láta halda nákvæma skrá yfir dvalardaga, aldursskiptingu og fjölda á deild á heimilinu og skal skýrsla um nýtingu þess og kostnað á dvalardag send ráðuneytinu ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi þar sem rekstrarliðir eru sundurliðaðir í prósentum að loknu ársuppgjöri. Gefur ráðuneytið út leiðbeiningar um, hvernig reikna skuli dvalardaga.

Sé skráningu og skýrslugerð ábótavant getur það varðað missi réttar til rekstrarstyrks.

V. KAFLI

Endurgreiðslur á ríkisframlagi vegna þess að rekstur hættir.

20. gr.

Þegar rekstraraðili ákveður að hætta rekstri dagvistunarheimilis, sem byggt eða keypt hefur verið með styrk frá ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 29/1973, og óskar að taka húsnæðið til annarra nota skal kveðja til sérstaka matsmenn, sem meta skulu eign ríkisins á viðkomandi byggingu og skal rekstraraðili semja við ríkið um endurgreiðslu samkvæmt þessu mati.

Ríkið áskilur sér þó rétt til að ráðstafa viðkomandi húsnæði til annars rekstraraðila. Þó tekur þetta ákvæði ekki til sveitarfélaga.

21. gr.

Þegar breytt er um rekstrarform dagvistunarheimilis, sem hlotið hefur styrk til stofnkostnaðar frá ríkinu, fellur skuldbinding ríkisins við rekstraraðila niður og endurkröfuréttur vegna eignarhluta ríkisins tekur gildi, ef eignarýrnun er samfara breytingunni.

Sérstaklega skal semja við ríkið um rekstraraðild að nýjum rekstri svo og að stofnkostnaði, ef um hann er að ræða.

VI. KAFLI

Heilsuvernd.

22. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistunarheimilum, og skal læknir koma a. m. k. einu sinni í mánuði á hvert dagheimili.

Dagvistunarheimili skulu njóta þjónustu sálfræðings og ráðgjafaþjónustu eftir

því sem við verður komið. Tengja skal þessa þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla og félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Um eftirlit með heilsufari starfsfólks skal farið samkvæmt ákvæðum í heilbrigðisreglugerð nr. 45 frá 8. febrúar 1972 útg. af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

VII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

23. gr.

Ráðuneytið getur veitt starfandi dagvistunarheimilum, svo og þeim sem voru fullbyggð eða hönnuð fyrir gildistöku laga nr. 29/1973 og útgáfu þessarar reglugerðar, rekstrarstyrk á sama hátt og öðrum heimilum, þótt þau fullnægi ekki lágmarksákvæðum reglugerðarinnar um stærð og rekstur, enda verði allur aðbúnaður færður til samræmis við ákvæði laganna svo fljótt sem auðið er.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 29/1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytið, 26. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 129. 2. maí 1974.

GJALDSKRÁ

yfir rannsóknir er Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins framkvæmir.

1. gr.

Steinefni og jarðvegur.

Húmus og slamm:	kr.	400/	300
Kornadreifing:			
Votsigtað	—	1 000/	800
Þurrsigtað	—	800/	700
Berggreining:			
Bergflokkun skv. talningu	—	1 500	
Lausleg berggreining	—	500	
Kornarúmþyngd:			
Sandur	—	1 300/	1 100
Möl	—	1 000/	800
Mettivatn:			
Sandur	—	1 300/	1 000
Möl	—	800/	600
Mettivatn og kornarúmþyngd: (gerð samtímis)			
Sandur	—	2 100/	1 700
Möl	—	1 500/	1 300

Glæðitap:	kr.	1 000
Raki:	—	300
Rúmþyngd:	—	500
Kleyfni og hrökkni:	—	2 300/ 2 000
Slitþol (Los Angeles):	—	2 300/ 2 000
Veðrunarþol (Súlfatpróf):		
Sandur og möl	—	9 000/ 8 000
Sandur eingöngu	—	5 000/ 4 500
Möl eingöngu	—	5 000/ 4 500
Hydrometerpróf (innifalið kornastærðardreifing):	—	3 000/ 2 500
Sand equivalent:	—	1 300/ 1 000
Atterberg mörk:		
Flæðimörk (Liquid limit)	—	2 000/ 1 700
Plastmörk (Plastic limit)	—	1 300/ 1 100
Rýrnunarmörk (Shrinkage limit)	—	1 300/ 1 100
Flæðimörk og plastmörk (gerð samtímis)	—	2 600/ 2 200
Alkalípróf (undirbúningur fyrir efnafræðipróf):		
Sandur	—	1 600/ 1 400
Möl	—	1 600/ 1 400
Alkalípróf (Strendingapróf):		
Sandur	—	10 000
Möl	—	11 500
CBR-próf:		
Útipróf — hver mæling	—	700
Innipróf — hver mæling	—	3 500/ 3 000
Proctorpróf:		
Ákvæðinn optimum raki (3 punktar)	—	2 500/ 2 300
Ákveðin rúmþyngd í fyllingu, hver hola	—	1 000
Plötupróf:		
Hver mæling (lágmarksgjald kr. 3 000)	—	1 300
Lekt (permeability):		
Hvert sýnishorn	—	4 000/ 3 500
Frostnæmi:		
A.I.V.-mæling	—	3 000/ 2 500
Odometerpróf (viðmiðun):		
Stórt sýni (6 d. mæl.)	—	11 000/ 6 000
Lítið sýni (1 d. mæl.)	—	5 000
Triaxialpróf:		
Eftir tímaþörf	—	(13 000/19 000 með proctor og öðrum mælingum)

Skérboxmæling: Eftir tímaþörf.

Steinsteypa.

Styrkleikaprófanir:

Sívalningar og teningar, aðsent, pr. stk.	kr.	350
Sívalningar og teningar, sótt, pr. stk. (þjálnimæling innifalin)	—	500
Steyptir álagsfletir	—	350
Bitar (10 × 15 × 80 cm), aðsent	—	500
— sóttir	—	800

Loftmæling:

Hver prófun (gerð um leið)	—	500
Hver prófun (gerð sérstaklega)	—	700

Þjálnimæling:

Gerð sérstaklega	—	250

Prófblöndur:*)

Þjálni, loft o. þ. h., hver blanda	—	2 000

Prófsteypur (501):*)

Hönnun (meðaltalið, húmus, slamm, sigtikúrfa), loftmæling 6 sívalningar (eða annað samsvarandi)	—	7 000/ 5 000

Prófsteypur (1 501):*)

Hönnun (meðaltalið húmus, sigtikúrfa, slamm), loftmæling, sívaln. og vatnsþéttipróf	—	8 500/ 6 500

Sandsteypur:

Hver prófun beygjutogþol og brotþol fyrir þrjár v/s-tölur ..	—	4 000/ 2 500

Frost-þíðupróf:

Hvert próf (2 strendingar í 300 umferðir). Prófaðir reglubundið í hljóðbylgjutækjum	—	13 000/10 000
E-stuðull:	—	1 300/ 800

Vatnsþéttipróf:

Hvert sýnishorn	—	700

Sement.

Styrkleikir (ISO):

Hver styrkleikaprófun 3 strendingar, þrýstiþol og beygjutogþol (innifalið sigtun)	kr.	2 500

Storknun eða athugun á rangri storknun:

Hvert sýnishorn	—	1 600
(Ef jafnframt Chatelier)	—	2 200

Myndheldni (Þrýstiketilpróf):

Hvert sýnishorn	—	1 800

Mölunarfínleiki (Blaine):

Hvert sýnishorn	—	1 000

*) Forvinna á steypuefnum reiknast sérstaklega.

Eðlisþyngd:
Hvert sýnishorn ..... kr. 1 600

Sigtun (kögglapróf):
Hvert sýnishorn ..... — 700

Sýnishornataka:
Verðleggist eftir tímaþörf að viðbættum ferðakostnaði.

Malbik og asfalt.

Kornarúmþyngd, (fylliefni):
Í vatni: Hvert sýnishorn ..... kr. 1 300/ 1 000
Í asfalti: Hvert sýnishorn ..... — 1 800/ 1 600

Kornadreifing: Hvert sýnishorn:
Votsigtað ..... — 1 000/ 800
Þurrsigtað ..... — 800/ 700

Penetration:
Hvert sýnishorn ..... — 800

Blöndunarlínurit:
Hvert sýnishorn — efni þegar sigtuð ..... — 1 300

Bindiefnisákvörðun:
Hvert sýnishorn ..... — 900

Bindiefnisákvörðun og kornadreifing:
Hvert sýnishorn ..... — 1 600

Rúmþyngd:
Sívalningar eða stykki — hvert sýnishorn ..... — 400
Malbik — hvert sýnishorn ..... — 800

Festa og sig:
Sívalningar, aðsendir — hvert sýnishorn ..... — 500
Malbik, aðsent — hvert sýnishorn ..... — 800

Bindiefnisákvörðun, festa, sig og rúmþyngd:
Sívalningar, aðsendir — 3 sýnishorn ..... — 3 200
Malbik, aðsent — 3 sýnishorn ..... — 4 000

Bindiefnisákvörðun, kornadreifing, festa, sig og rúmþyngd:
Sívalningar, aðsendir — 3 sýnishorn ..... — 4 000
Malbik, aðsent — 3 sýnishorn ..... — 4 800

Marshallpróf:
1 próf (4 blöndur — hver 3 sívalningar) ..... — 12 000
Hver viðbótarblanda ..... — 3 000

Borun malbikskjarna:
Samkvæmt tímaþörf.

Olíuföl.

Olíumalarefni:

Kornadreifing (votsigtun): Hvert sýnishorn	kr.	1 000/	800
Viðloðun: Hvert sýnishorn	—	2 000	
Kleyfni og hrökkni: Hvert sýnishorn	—	2 300/	1 900
Kornarúmþyngd: Hvert sýnishorn:	—	1 300/	1 000
Heildarrannsókn: Hvert sýnishorn	—	6 400/	5 500

Olíumalarsýnishorn:

Viðloðun (geymsla í vatni): Hvert sýnishorn	—	500	
Vatnsinnihald: Hvert sýnishorn	—	400	
Olíuinnihald: Hvert sýnishorn	—	1 200	
Kornadreifing (eftir extraction): Hvert sýnishorn	—	800	
Heildarrannsókn: Hvert sýnishorn	—	2 900	

Prófblöndur með öllum kornastærðum: Heit blandað, samkvæmt tímaþörf.
Blandað kalt, samkvæmt tímaþörf.

Málmar.

Togþolspróf:

Skriðmörk, slitmörk, brotlenging, vigt, pr. meter	kr.	1 300/	650
Ofantalið ásamt E-stuðli og línuriti	—	1 800/	900
Beygjupróf:	—	700/	350
Harka:			
Brinell eða Rockwellpróf	—	1 300/	650

Einangrunarefni — einangrunarplast.

Rúmþyngd:		
Hvert sýnishorn	kr.	1 600
Þrýstiþol:		
Hvert sýnishorn	—	1 300
Beygjutogþol:		
Hvert sýnishorn	—	1 300
Vatnsdrægni:		
Hvert sýnishorn	—	1 300
Varmaleiðnitala:		
Hvert sýnishorn	—	5 000
		(eða skv. tímaþörf).

2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímaþörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímaþörf hverju sinni.

Þar sem gerður er greinarmunur á því, hvort um eina einstaka prófun er að ræða eða fleiri, eru gefin upp tvö verð með skástriki á milli. Sé um aðeins eitt próf að ræða skal nota fyrsta verðið, (ofan skrástriks), en viðbótarprófanir miðast við síðara verðið.

Gjaldskrá þessi er sett samkv. lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

2. maí 1974. Nr. 130.

GJALDSKRÁ

Rannsóknastofnunar iðnaðarins yfir rannsóknir og aðra þjónustu.

1. gr.

1. Efnagreiningar.

1.1. Fóðurefni og matvæli.

Sykurefni (með aðferð Fehlings)	kr.	580.00
Sterkja (bein ákvörðun)	—	580.00
Sterkja (í kjötmeti)	—	780.00
Kalsíum	—	400.00
Fosfór	—	400.00
Aska	—	220.00
Salt	—	250.00
Vatn (105°C)	—	220.00
Fita	—	340.00
Ammoníak	—	220.00
Hráprotein (Kjeldahl)	—	520.00
Hreinprotein	—	710.00
Meltanlegt protein	—	880.00
Tréni (aðferð Weende)	—	450.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni	—	1 400.00
Vatn, aska, protein, salt, fita	—	1 300.00
Vatn, aska, fita, tréni, hráprotein, meltanlegt protein, Ca, P, Na	—	3 000.00

1.2. Vatn(drykkjarvatn, heitt jarðvatn).

Ammoníak	—	200.00
Permanganattala	—	310.00
Brennisteinsvetni, ákvörðun	—	390.00
Flúoríð	—	300.00
Járn	—	310.00
NH_3, NO_3 og NO_2 prófun, alls	—	320.00
Harka	—	290.00
Kolsýra	—	230.00
Karbónat og bíkarbónat, hydroxíð	—	220.00
Klóríð	—	260.00
Klór	—	270.00
Kísilsýra með fellingu	—	650.00
Kísilsýra með litmælingu	—	430.00
Kalsíum og magníum	—	600.00

Natríum og kalíum	—	600.00
Steinefni, uppleyst	—	400.00
Steinefni, óuppleyst (grugg)	—	260.00
Súlfat	—	400.00
Súrefni	—	340.00
Sýrustig, pH	—	200.00
Viðnám rafmagns	—	200.00

1.3. Aðrar efnagreiningar.

Aðrar efnagreiningar en þær, sem að framan greinir, eru unnar í tímavinnu. Innifalin er notkun efnagreinatækja.

2. Efnisprófanir.

2.1. **Efnisprófanir,** svo sem röntgenprófanir, hljóðbylgjumælingar, sprunguleit og hörkumælingar svo og not tilheyrandi tækja greiðist skv. ákvæðum 2. gr.

2.2. Togþolsmælingar.

2.2.1.	Prófun á togþoli, flotspennu og lengingu.	
	Undir 10 tonnum, pr. sýni	kr. 500.00
	Yfir 10 tonn, pr. sýni	skv. 2. gr.
2.2.2.	Undirbúningur, pr. klst.	kr. 550.00
	Ef Rannsóknastofnun iðnaðarins getur ekki búið til sýnin, greiðist vinnan eftir reikningi þess verkstæðis, sem vinnuna framkvæmir.	
2.2.3.	Togprófun án skýrslu, vélavinnu eingöngu, pr. klst.	— 850.00

2.3. Ljósþolsmælingar.

Ljósþolsmæling, pr. sýni (300 klst.)	kr.	1 200.00
Ljósþolsmæling, pr. sýni (1 000 klst.)	—	2 500.00

2.4. Slitþolsmælingar.

Slitþolsmæling, pr. sýni	—	1 000.00

2.5. Aðrar prófanir.

Aðrar prófanir en þær, sem að framan greinir, eru unnar í tímavinnu. Innifalin er notkun tækja.

3. Önnur þjónusta.

Ráðgjafarstörf, hæfnipróf í rafsuðu, rafsuðuþjálfun og önnur áþekk þjónusta greiðist hverju sinni með hliðsjón af ákv. 2. gr.

2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímaþörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímaþörf hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað, nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

Í stað „45 km“ í 30. gr. komi: 35 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

3. maí 1974. Nr. 132.

AUGLÝSING

um íslenska stafsetningu.

I. KAFLI
Almennt ákvæði.

1. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn, sem út eru gefin.

2. KAFLI
Um z og afnám hennar.

2. gr.

Ekki skal rita z fyrir upprunalegt tannhljóð (**d**, **ð**, **t**) + **s**, þar sem tannhljóðið er fallið brott í eðlilegum, skýrum framburði.

3. gr.

Til leiðbeiningar skal bent á eftirfarandi atriði:

a) Í stofnum fallorða skal tannhljóð haldast á undan **s**, ef það kemur fram í einhverju falli orðsins. Skiptir þá eigi máli, hvort tannhljóðið er borið fram eður ei, t. d. **lofts** (af **loft**), **lats** (af **latur**), **lands** (af **land**), **skorts** (af **skortur**) o. s. frv.

b) Í orðstofnum skal tannhljóð haldast á undan **s**, ef svo er borið fram, t. d. **reiðstu** (af **reiðast**), **gleðstu** (af **gleðjast**); (hefur **mæðst**) (af **mæða(st)**), **græðst** (af **græða(st)**), **dáðst** (af **dá(st)**); **greiðsla**, **breiðsla** o. s. frv.

c) Ef stofn lýsingarháttar þátíðar sagnar eða lýsingarorðs endar á **-tt** samkvæmt uppruna, skal þeim stöfum sleppt, ef endingin **-st** fer á eftir, t. d. (hefur) **sest** (af

setja(st)), (hefur) **flust** (af **flytja(st))**, (hefur) **breyst** (af **breyta(st))**, (hefur) **hist** (af **hitta(st))**; **stystur** (af **stuttur**) o. s. frv.

d) Ef lýsingarháttur þátíðar í germynd endar á **-st** eða **sst**, skal miðmyndarendingu sleppt, t. d. (hefur) **leyst** (af **leysast**), (hefur) **lýst** (af **lýsast**), (hafa) **kysst** (af **kyssast**) o. s. frv.

e) Í sérnöfnum, erlendum að uppruna, má rita z, t. d. **Zóphanías, Zakarías, Zimsen** o. s. frv.

f) Í ættarnöfnum, sem gerð eru af mannanöfnum, sem hafa tannhljóð í enda stofns, má rita z, t. d. **Haralz, Sigurz, Eggerz** o. s. frv.

3. KAFLI
Um stóran staf.

4. gr.

Málsgrein og málsgreinarígildi skulu hefjast á stórum staf, nema semíkomma sé notuð milli málsgreina. **Dæmi**: Við Jón erum skólabræður. „Árni, ætlarðu í bíó í kvöld?“ „Já.“

5. gr.

Bein sérnöfn skal rita með stórum staf. Til þeirra teljast m. a.:

a) **Mannanöfn, gælunöfn, guða- og goðanöfn, eiginheiti dýra og dauðra hluta,** t. d. skipa (báta) o. s. frv., t. d. **Guðmundur; Gummi; Jesús; Óðinn; Rauður, Akraborg.**

b) **Örnefni,** t. d. **landaheiti, staðaheiti, bæjanöfn, nöfn gatna, nöfn landshluta og heimsálfa, goðfræðileg staðaheiti,** t. d. **Ísland; Esja; Reykjavík; Hóll; Einimelur; Jökuldalur; Vestfirðir; Evrópa; Nóatún.**

c) **Samnöfn, notuð sem örnefni, skal rita með stórum staf,** t. d. **Tjörnin** (í Reykjavík), **Pollurinn** (á Ísafirði), **Bótin** (á Akureyri) **Tangi** (= **Ísafjörður**).
Sama regla gildir um stytt staðanöfn, t. d. **Bakkinn** (Eyrarbakki), **Fjörður** (Hafnarfjörður) **Vík** (Bolungarvík).

d) **Nöfn stofnana, félaga og flokka, ef nöfnin eru óstytt og óafbökuð,** t. d. **Eimskipafélag Íslands; Háskóli Íslands; Alþing(i); Framsóknarflokkurinn.**

e) **Bóka- og blaðaheiti,** t.d. **Sögur herlæknisins; Morgunblaðið.**

f) **Nöfn ritgerða, kvæða, annarra ritsmíða og tónverka,** t. d. **Samhengið í íslenzkum bókmenntum; Örlög guðanna; Tunglskinssónatan.**
(Athuga ber, að í liðum e) og f) skal aðeins rita fyrsta orðið með stórum staf, t. d. **Sögur herlæknisins,** en ekki **Sögur Herlæknisins** og **Samhengið í íslenzkum bókmenntum,** en ekki **Samhengið í Íslenzkum Bókmenntum.**

6. gr.

a) Valfrjálst er, hvort rita skal stóran eða lítinn staf í styttu eða breyttu nafni stofnunar eða nafni stofnunarhluta (deildar innan stofnunar), ef einungis er um eina stofnun að ræða hérlendis og misskilningur eða ruglingur ólíklegur, enda séu nöfnin þá að jafnaði notuð með viðskeyttum greini, t. d. **Háskólinn** eða **háskólinn, Menntamálaráðuneyti** (ð) eða **menntamálaráðuneyti** (ð), **Ríkisútgáfan** eða **ríkisútgáfan, Sambandið** eða **sambandið, Eimskipafélagið** eða **eimskipafélagið, Íhaldsflokkurinn** eða **íhaldsflokkurinn** o. s. frv.

b) **Nöfn persónugerðra hluta og hugmynda má rita með stórum staf,** t. d. **Norðanvindur,** ef vindurinn er hugsaður sem persóna. — Helstu persónur sögunnar voru **Þekkingin** og **Ástin.**

7. gr.

a) Í **samsettum örnefnum** skal þeirri reglu fylgt að rita nafnið með stórum staf í upphafi og án bandstriks milli liða, ef síðari hluti þess er samnafn, t. d. **Syðribakki, Fornihvammur.**

b) Í **samsettum örnefnum**, sem hafa sérnafn að síðari hluta, svo og **mannanöfnum, sem hafa eins konar viðurnefni að forlið**, skal rita stóran staf í báðum samsetningarliðum, og band skal vera milli liðanna, t. d. **Syðri-Guðrúnarstaðir; Vestur-Ísafjarðarsýsla; Víga-Glúmur.**

8. gr.

Fara skal eftir málvitund um, hvort ritaður er stór stafur í upprunalegum sérnöfnum í orðtökum og málsháttum, t. d. **Þrándur í Götu**, eða **þrándur í götu, Nú er setinn Svarfaðardalur, Sá er galli á gjöf Njarðar.**

9. gr.

a) **Hátíðanöfn** skal því aðeins rita með stórum staf, að fyrri hluti þeirra sé sérnafn, t. d. **Margrétarmessa, Þorláksmessa** o. s. frv.

b) Um **viðurnefni og nokkur önnur orð, samsett á sama hátt**, gildir sama regla og um hátíðanöfn t. d. (Helgi) **Hundingsbani, Hólsfjallahangikjöt, Vernerslögmál** o. s. frv. Um viðurnefni almennt, sjá 10. gr., og hátíðanöfn, 15. gr.

4. KAFLI

Um lítinn staf.

10. gr.

Viðurnefni skal rita með litlum staf (sbr. þó Um stóran staf 9. gr. b-lið), t. d. (Ari) **fróði**, (Jón) **lærði** o. s. frv.

11. gr.

a) **Þjóðaheiti, þjóðflokkaheiti, nöfn á íbúum landshluta** (héraða, **hreppa**) og **íbúum heimsálfa** skal rita með litlum staf, t. d. **íslendingur, mongóli, austfirðingur, keldhverfingur, evrópumaður.**

b) **Tungumálaheiti og nöfn á mállýskum** skal rita með litlum staf, t. d. **íslenska, vestfirska, jóska.**

12. gr.

Nöfn á fylgismönnum stefna, jafnt stjórnmálastefna sem annarra, skal rita með litlum staf, t. d. **framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður, sósíalisti;** guðspekingur, **nýguðfræðingur**, o. s. frv.

13. gr.

Um breytt og stytt stofnanaheiti, sjá Um stóran staf, 6. gr. a-lið.

14. gr.

a) **Dýra- og jurtanöfn**, sem samsett eru þannig, að fyrri hlutinn er sérnafn, skal rita með litlum staf, t. d. **óðinshani, baldursbrá, jakobsfífill, maríustakkur.**

b) Sömuleiðis skulu önnur **orð, samsett á sama hátt, með merkingu samnafns**, rituð með litlum staf, t. d. **hrunadans, gróusaga, grettistak,**

c) **Afleidd orð af mannanöfnum** skal rita með litlum staf, t. d. **marxismi, lenínismi** o. s. frv.

d) **Sérnöfn notuð í merkingu samnafns** skal rita með litlum staf, t. d. **kvislingur** o. s. frv.

e) **Ef samnafn er fyrri hluti orðs, en sérnafn síðari hluti**, skal rita orðið með litlum staf, t. d. **lygamörður, skriffinnur, aulabárður.**

15. gr.

Nöfn einstakra daga, mánaða, tímabila, hátíða og tyllidaga skal rita með litlum staf, sbr. þó Um stóran staf 9. gr., a-lið, t. d. **laugardagur; júlí; þorri; fornöldin; jól; páskar; skírdagur; sjómannadagurinn.**

5. KAFLI
Um tvöfaldan samhljóða.

16. gr.

Rita skal tvöfaldan samhljóða á undan samhljóða, þar sem stofn eða rót segir til um. Á eftir samhljóða skal hins vegar aldrei rita tvöfaldan samhljóða.

Dæmi um beygingarmyndir orða: Hryggs (af **hryggur**), **flokks** (af **flokkur**), **falls** (af **fall**), **kepps** (af **keppur**); **klukkna** (af **klukka**); **hryggnum** (af **hryggur**), **leppnum** (af **leppur**); **gaffli, gafflar** (af **gaffall**), **drottni, drottnar** (af **drottinn**); **roggnir, roggnar** (af **rogginn**), **grannrar, granns** (af **grannur**); **glöggt** (af **glöggur**), **grimmt** (af **grimmur**); **gleggri, gleggstur** (af **glöggur**), **þynnri, þynnstur** (af **þunnur**); **hryggði, hryggt** (af **hryggja**), **brenndi, brennt** (af **brenna**), **hvessti, hvesst** (af **hvessa**). Athuga ber, að þt. og lh. þt. af **leggja** og **hyggja** hafa einfalt **g**, (**lagði, lagt** o. s. frv.).

Dæmi um afleidd orð: grimmd (af **grimmur**), **snilld** (sbr. **snjallur**); **þurrka** (af **þurr**); **kettlingur** (af **köttur**), **vettlingur** (af **vöttur**); **glettni** (af **glettinn**), **heppni** (af **heppinn**); **drottning** (af **drottinn**); **finnska** (af **finni**), **illska** (af **illur**); **kennsla** (af **kenna**), **vinnsla** (af **vinna**); **grynnka** (af **grunnur**), **minnka** (af **minni**), **drukkna** (sbr. **drukkinn, drekkja**), **slokkna** (sbr. **slökkva**).

6. KAFLI
Um nn og n í greini og endingum orða.

17. gr.

Í nafnorðum með viðskeyttum greini skulu vera jafnmörg **n** í hverju falli og í lausa greininum.

Dæmi um karlkynsorð: nf. et. **hesturinn**, þf. **hestinn**, þgf. **hestinum**, ef. **hestsins**; nf. flt. **hestarnir**, þf. **hestana**, þgf. **hestunum**, ef. **hestanna**.

Dæmi um kvenkynsorð: nf. et. **stúlkan**, þf. **stúlkuna**, þgf. **stúlkunni**, ef. **stúlkunnar**; nf. flt. **stúlkurnar**, þf. **stúlkurnar**, þgf. **stúlkunum**, ef. **stúlknanna**.

Dæmi um hvorugkynsorð: nf. et. **lambið**, þf. **lambið**, þgf. **lambinu**, ef. **lambsins**; nf. flt. **lömbin**, þf. **lömbin**, þgf. **lömbunum**, ef. **lambanna**.

18. gr.

1. Greinislaus karlkynsnafnorð, mynduð með viðskeytunum **-an, -in, -un**, skal rita með **nn** í nf. et., en **n** í öðrum föllum et. og flt. **Dæmi:** nf. et. **aftann**, þf. **aftan**, þgf. **aftni**, ef. **aftans**; nf. flt. **aftnar**, þf. **aftna**, þgf. **öftnum**, ef. **aftna**; nf. **Þórarinn**, þf. **Þórarin**, þgf. **Þórarni**, ef. **Þórarins**; nf. et. **morgunn**, þf. **morgun**, þgf. **morgni**, ef. **morguns**; nf. flt. **morgnar**, þf. **morgna**, þgf. **morgnum**, ef. **morgna**.
2. Erlend orð að uppruna, t. d. **Kjartan, Natan, Kvaran, Satan** o. s. frv., skal rita með **n** í öllum föllum.
3. Rita má að vild **Auðunn** eða **Auðun**.

19. gr.

1. Kvenkynsnafnorð, mynduð af sögnum með viðskeytinu **-un** eða **-an**, skal rita með **-n**, t. d. **hugsun, blessun, bölvun, skemmtun, skipun** (**skipan**); Sama gildir um **Gefjun**.
2. Orð, sem enda á **-kunn** skal rita með **nn: einkunn, forkunn, miskunn, vorkunn.**
3. Kvenmannsnöfn mynduð af **unnur** skal rita með **nn**, t. d. **Iðunn, Jórunn, Steinunn, Sæunn.**

20. gr.

Greinislaus hvorugkynsnafnorð, sem enda á **-an** og **-in**, skal rita með **n** bæði í nf. og þf. í et. og flt., svo og í öðrum föllum, t. d. **gaman, líkan, megin.**

21. gr.

1. Lýsingarorð, mynduð með viðskeytinu **-in**, svo og lýsingarhætti þátíðar, myndaða með sama viðskeyti, skal rita með **nn** í nf. og þf. kk. et., þgf. og ef. kvk. et.; ef. flt. í öllum kynjum; í öðrum föllum er ritað **n.** **Dæmi:** nf. et. kk. **fyndinn**, þf. **fyndinn**, þgf. **fyndnum**, ef. **fyndins**; nf. flt. **fyndnir**, þf. **fyndna**, þgf. **fyndnum**, ef. **fyndinna**; nf. et. kvk. **fyndin**, þf. **fyndna**, þgf. **fyndinni**, ef. **fyndinnar**; nf. flt. **fyndnar**, þf. **fyndnar**, þgf. **fyndnum**, ef. **fyndinna**; nf. et. hvk. **fyndið**, þf. **fyndið**, þgf. **fyndnu**, ef. **fyndins**; nf. flt. **fyndin**, þf. **fyndin**, þgf. **fyndnum**, ef. **fyndinna.** Nf. et. kk. **bundinn**, þf. **bundinn**, þgf. **bundnum**, ef. **bundins**; nf. flt. **bundnir**, þf. **bundna**, þgf. **bundnum**, ef. **bundinna**; nf. et. kvk. **bundin**, þf. **bundna**, þgf. **bundinni**, ef. **bundinnar**; nf. flt. **bundnar**, þf. **bundnar**, þgf. **bundnum**, ef. **bundinna**; nf. et. hvk. **bundið**, þf. **bundið**, þgf. **bundnu**, ef. **bundins**; nf. flt. **bundin**, þf. **bundin**, þgf. **bundnum**, ef. **bundinna.**
2. Þf. et. kk. af orðunum **lítill** og **mikill** skal rita með **nn: lítinn, mikinn.**
3. Af öðrum lýsingarorðum en um getur í lið 1 og 2 skal rita þf. et. kk. með **n**, t. d. **góðan, ríkan, stóran.**

22. gr.

Staðaratviksorð, sem tákna stefnu frá stað, skal rita með **n**, t. d. **sunnan, vestan, héðan, þaðan, hvaðan.**

7. KAFLI
Um j.

23. gr.

1. Á eftir frammæltu **g** eða **k** skal ekki rita **j**, ef næst á eftir fer **e, i, í, æ, ei, y, ý,** eða **ey**, sbr. þó reglu í 3. lið t. d.:
   a) á eftir framstæðu **g** eða **k: gefa, kerra; gin, kind; gína, Kína; gæta, kæti; Geiri, keila; gylta, kyn; gýgur** („tröllkona"), **kýr; Geysir, keyri.**
   b) á eftir innstæðu **g** eða **k** (á undan i): **flutningi, fengi; tæki, æki.**
2. Á eftir frammæltu **g** eða **k** skal rita **j** á undan **u** og **a**, sömuleiðis á eftir „hljóðlausu" **g** (ef **g** kemur fram í stofni í öðrum orðmyndum, t. d. þátíð sagna): **foringja, foringjum; víkja, víkjum; fleygja, fleygjum** (sbr. þátíð **fleygði**).
   (Hins vegar skal ekki rita **j** á milli uppmælts g og framangreindra sérhljóða: **hörmungar, hörmungum, dunkar, dunkum**).
3. Í fleirtölu lýsingarháttar nútíðar af sögnum, sem hafa **j** í nafnhætti, skal rita **j** á undan **e**, hvort sem á undan fer frammælt **g** eða **k** eða annað hljóð (sérhljóð eða samhljóð). Í þessu tilviki er lýsingarhátturinn notaður sem nafnorð: **syrgjendur; sækjendur; byrjendur; flýjendur.** Athuga ber, að ekki skal rita **j**, ef uppmælt **k** er í stofni sagnar (t. d. **leikendur** af **leika**).
4. Á eftir **ý, æ** og **ey** skal rita **j**, ef **a** eða **u** fara næst á eftir: **hlýja, hlýjum; bæja, bæjum; heyja, heyjum.**
   Þessi regla gildir þó ekki, ef um samsett orð er að ræða og síðari samsetningarliðurinn hefst á sérhljóði: **nýár, Sæunn, heyannir.** Þó skal rita orðið Eyjólfur með **j**: **Eyjólfur.**
5. Á eftir **ý, æ,** og **ey** skal ekki rita **j**, ef **i** fer á eftir: **hlýir, bæir, heyið.**

8. KAFLI
Um ýmis stafsetningaratriði.

24. gr.

1. Í upphafi orða og orðliða í samsettum orðum segir framburður til um, hvort rita skal **f** eða **v.**
   Dæmi: fara, vara; sjóferð, kjötverð.

2. Í stofnendingum orða og viðskeytum skal rita **v**.
Dæmi: sævi, sævar (af **sær**), **mávar** (af **már**, síðar **mávur**), **stöðvar** (af **stöð**), **bölva, stökkva, uppgötva; Tryggvi, Sölvi, jörvi** (**Jörvi**) o. s. frv.
Sérstaklega ber að athuga ritháttt eftirtalinna orða: **ævi** (**ævinlega, hvaðanæva**), **Ævar, ævintýri, mávur, fræva, frævill, Eva.** Valfrjálst er, hvort ritað er **Svava, Svavar** eða **Svafa, Svafar.**
3. Á undan samhljóðum inni í orðum skal farið eftir því, hvort **f** eða **v** er í frumorðinu, sem hlutaðeigandi orð er leitt af. **Dæmi: frjóvga** (af **frjór**, þf. í fornmáli **frjó-v-an**), **frjóvgun; sljóvga** (af **sljór**, þf. í fornmáli **sljó-v-an**).
4. Rita skal **f**, þótt fram sé borið **v**, ef ekki brýtur í bága við fyrr greindar reglur. **Dæmi: hafa, gefa, gæfa, gáfa, reykháfur, hrjúfur, álfur, kálfur, erfiður.**

25. gr.

1. Rita skal **f** milli sérhljóðs annars vegar og **l** og **n** hins vegar, þótt fram sé borið **b**. **Dæmi: afl, efla, gafl, skófla, tafla, fífl; efna, hefna, hæfni, jafn, nafn, safn, stífni** o. s. frv.
Undantekningar eru nokkur orð af erlendum uppruna t. d. **Biblía, babl, babla, obláta.**
Athuga ber, að **b** er ritað **milli samhljóða og l, ef** svo er fram borð, t. d. **kumbl, sumbl.**
2. Í þátíð og lýsingarhætti þátíðar af sögnum skal rita **fn** í stað **m** í framburði, ef í nafnhætti skal rita **fn** (framborið **bn**) samkvæmt lið 1.
Dæmi: efndi, efnt, (af **efna**), **hefndi, hefnt** (af **hefna**), **nefndi, nefnt** (af **nefna**) o. s. frv.
Sama máli gegnir um nafnorð, leidd með tannhljóðsviðskeyti af þessum sögnum, svo og hvk. af **jafn.**
Dæmi: efndir, hefnd, nefnd; jafnt.
3. Uppruni ræður, hvort rita skal **ps, pt** (**ppt**) eða **fs** og **ft.**
Dæmi: þreps (af **þrep**); **hófs** (af **hóf**); **tæpt** (af **tæpur**); **grófst** (af **grófur**); **gapti** (af **gapa**); **kleipst** (af **klípa**); **gifta** (sbr. **gefa**); **skaft, Skafti** (skylt **skafa**), **loft** (skylt **lauf**); **skipta, skipti, skipting** (af **skipa**); **svipta, sviptingar** (af **svipur**); **yppta** (skylt **upp**).

26. gr.

Yfirleitt skal stofn(rót) haldast á undan endingu (beygingarendingu, viðskeyti), þótt eitthvert samhljóð stofns(rótar) heyrist ekki í framburði.
Frá þessu eru tvær veigamiklar undantekningar:

a) Brott eru felld **ð** og **d** milli samhljóða (**n, l, r**) annars vegar og **t** hins vegar.
Dæmi: vont (af **vondur**), **kalt** (af **kaldur**), **yrti** (af **yrða**).

b) Brott eru felld **ð** og **t** (**tt**) á undan miðmyndarendingu og endingu 2. pers. et., ef ekki heyrast í framburði.
Sama gildir um tannhljóð í rót orðs á undan **s** í endingu.
Dæmi: (**þið**) **komist** (af (**þið**) **komið**+**st**); (**þú**) **leist** (af (**þú**) **leit**+**st**); (**hafa**) **hist** (af (**hafa**) **hitt**+**st**); **ísfirskur** (sbr. **Ísafjörður**). Sjá að öðru leyti **Um z og afnám hennar** (2. kafla).
Með þeim undantekningum, sem að framan greinir, ber að gæta stofns og rótar. **Dæmi: lambs** (af **lamb**); **franskt** (af **franskur**); **margt** (af **margur**); **horfnir** (af **horfinn**); **morgnar** (af **morgunn**); **kembdi** (af **kemba**); **velktist, velkst** (af **velkjast**); **syndga** (af **synd**); **þarfnast** (sbr. **þörf**); **bernska** (af **barn**); **norskur** (sbr. **Noregur**); **eyfirskur** (sbr. **Eyjafjörður**); **stærstur** (af **stór**); **bágur** (sbr. **bágs**); **plógur** (sbr. **plógs**); **ljúga** (sbr. **lýg**); **segja** (sbr. þt. **sagði**) o. s. frv.
Um þetta atriði þarf oft að styðjast við stafsetningarorðabækur, sbr. **húfa, lófi, rófa, tófa** o. s. frv.

27. gr.

Rita skal **hv** eða **kv** í samræmi við uppruna.

Benda má á, að spurnarfornöfn og óákveðin fornöfn, ef því er að skipta, skal alltaf rita með **hv**. Samanburður við dönsku getur einnig verið til leiðbeiningar.

Dæmi:

hver (fn. og heit uppspretta): **kver** (lítil bók) —
hvalir (dýr): **kvalir** (þjáning) —
hviða (þota, vindhviða): **kviða** (kvæði, hljómkviða). —
Hvítur, sbr. d. **hvid** — **kvöl**, sbr. d. **kval** o. s. frv.

28. gr.

Rita skal **fl, gl** og **gn**, þótt stafavíxl verði stundum í framburði.

Dæmi: Skefldi, skeflt (af **skefla**, sbr. **skafl**), **sigldi, siglt** (af **sigla** sbr. **segl**), **gegndi, gegnt,** (af **gegna**).

29. gr.

Rita skal **x** í stað gamals **hs**, í tökuorðum og í samræmi við gamla hefð.

Dæmi: lax (sbr. þ. **Lachs**); **taxti; rexa; pexa** o. s. frv.

30. gr.

Á milli sérhljóðs og **i** er stundum borið fram **j** þótt **g** sé í stofni. Skal þá ritað **g** í samræmi við aðrar orðmyndir, þar sem það kemur fram.

Dæmi: bogi (þf. **boga**), **bagi** (þf. **baga**), **legi** (af **lögur**), **lögin** (af **lög**) o. s. frv.

9. KAFLI

Um é og je.

31. gr.

1. Rita skal **é** í orðum af íslenskum stofnum, hvort sem um er að ræða fornt, langt **e** eða **e**, sem hefur lengst: **vér; vél, fé; hérað, fékk, féll.**
   Sömuleiðis skal rita **é** í nöfnum bókstafa: **bé, dé** o. s. frv.
2. Rita skal **je** í upphafi sérnafna og samnafna af erlendum uppruna: **Jens, Jesús; jeppi.**
3. Í fleirtölu lýsingarháttar nútíðar af sögnum, sem enda í nafnhætti á **ja,** skal rita **je,** sbr. 23. gr. 3. lið: **seljendur, verjendur, sækjendur, þiggjendur,** enn fremur í orðinu **fjendur.**
4. Valfrjálst er, hvort ritað er **é** eða **je** í eftirfarandi tilvikum:
   a) í innstöðu í erlendum orðum: **Sovétríkin** eða **Sovjetríkin, tékkar** eða **tjekkar,**
   b) í íslenskum orðum, þar sem **jö (ja)** hefur orðið **je: alltjent** eða **allténts, smjer** eða **smér, ófjeti** eða **óféti, stjel** eða **stél, fjegur** eða **fégur.**

10. KAFLI

Um y, ý, ey.

32. gr.

Rita skal **y, ý, ey** í samræmi við uppruna og fornan framburð.

Að jafnaði skal fylgja venju um ritháttt, þótt óvís sé. Rétt hafa menn þó til að velja, ef hefð og uppruni stangast á (í **hnipri**: í **hnypri**) eða ef fræðimenn greinir á um uppruna(**ábristir**: **ábrystir**).

Til leiðbeiningar má benda á, að þessi hljóð fornmálsins eru orðin til við ýmiss konar hljóðvörp, og má oft sjá upprunann með samanburði við íslenskar orðmyndir eða skyld mál. Einnig getur forn ritháttur skorið úr.

Dæmi: þyngd, sbr. **þungur; spyrja**, sbr. **spurði; yrði**, sbr. **urðum; synir**, sbr. **sonur** (eldra **sunr**); **byggi**, sbr. **bjuggum; syngja**, sbr. d. **synge; systir**, sbr. d. **søster; hýsa,**

sbr. **hús**; **rýja**, sbr. **rúði**; **lýsa**, sbr. **ljós**; **mýkt**, sbr. **mjúkur**; **kýr**, sbr. d. **ko**; **eygja**, sbr. **auga**; **dreyma**, sbr. **draumur**; **eyra**, sbr. d. **øre** o. s. frv.

11. KAFLI
Um sérhljóða á undan ng og nk.

33. gr.

1. Á undan **ng** og **nk** skal rita **a** í stað **á** í framburði, **e**, í stað **ei**, **i(y)** í stað **í(ý)**, **u** í stað **ú** og **ö** í stað **au**: **langur**; **lengi**, **enginn**; **fingur**, **yngri**; **ungur**; **löngum**.
2. Á undan **ng** og **nk** skal rita **ó** í samræmi við framburð, svo og **æ**: **kóngur**, **kónguló**, **sæng**, **vængur**.
3. Í samsettum eða afleiddum orðum, þar sem **n** og **g** eða **n** og **k** lenda saman vegna þess, að síðari hluti samsetta orðsins eða viðskeyti afleidda orðsins hefst á **g** eða **k**, en fyrri hlutinn endar á **n**, ræður uppruni stofns fyrri hlutans rithætti: **túngarður**, **laungetinn**, **Steingerður**, **brúnkol**, **steinkista**; **einkum**, **kveinka**, **Sveinki**. Hins vegar skal rita svo: **lingerður**, **vankunnátta**; **Ranka**, **Brynki** o .s. frv.

12. KAFLI
Um eitt orð eða tvö.

34. gr.

1. Stofnsamsetningar skal rita sem eina heild. Gott viðmiðunareinkenni er það, að orðstofninn, sem er fyrri hluti samsetningarinnar, helst óbreyttur í allri beygingunni.
   Dæmi:

Nf. et.	stólfótur	langleitur	ég rangsný
þf. et.	stólfót	langleitan	þú rangsnýrð
þgf. et.	stólfæti	langleitum	hann rangsnýr
ef. et.	stólfótar	langleits	við rangsnúum o. s. frv.

2. Rita skal sem tvö orð fornöfnin **annar hvor**, **annar hver**, **annar tveggja** og **hvor tveggja**. Þessi orð eru ekki stofnsamsetningar, enda beygist fyrri liður og í sumum tilvikum **báðir**.
3. Af sumum orðum eru til — jafnframt stofnsamsetningu — orðasambönd, gerð af sömu liðum. Stofnsamsetningin er rituð sem ein heild, orðasamböndin sem tvö orð.
   Dæmi: heiðindómur: heiðinn dómur; kristindómur: kristinn dómur; kristinfræði (kvk. et.): **kristin fræði** (hvk flt.); **meirihluti: meiri hluti; minnihluti: minni hluti.**
   Athuga ber, að í orðasambandinu beygist fyrri hlutinn, en helst óbreyttur í samsetta orðinu, t. d. (frá) **heiðnum dómi:** (frá) **heiðindómi**; (frá) **meira hluta:** (frá) **meirihluta.**
4. Í nokkrum örnefnum og samnöfnum, sem þannig eru samsett, að fyrri liður er veikt lýsingarorð, beygja flestir fyrri lið. Allt um það skal örnefnið eða samnafnið ritað sem ein heild, t. d. **Breiðifjörður**, þf. **Breiðafjörð** (eða nf. **Breiðafjörður**, þf. **Breiðafjörð**); nf. **Kaldakinn**, þf. **Köldukinn** (eða nf. **Kaldakinn**, þf. **Kaldakinn**); **Hæstiréttur** (þf. **Hæstarétt**).

35. gr.

1. Eignarfallssamsetningar skal rita sem eina heild. Hér sker áherslan yfirleitt úr, hvort um er að ræða eignarfallssamsetningu eða orðasamband. Reglan er sú, að í eignarfallssamsetningu hvílir aðaláhersla á fyrra eða fyrsta atkvæði (ef um fleiri en eitt atkvæði er að ræða) fyrri samsetningarliðar, en aukaáhersla (léttari

áhersla) á upphafi síðari samsetningarliðar, t. d. **bóndadóttir** (með aðaláherslu á **bónd-**, en aukaáherslu á **dótt-**). Orð, mynduð eins og **bóndadóttir**, eru algeng, en orðasambönd eins og **bónda dóttir** eru fátíð í íslensku (nema helst í skáldskap), þar sem aðalreglan er, að eignarfallsorð, sem stjórnast af nafnorði, komi á eftir stýriorðinu, sbr. **Sigríður er bóndadóttir: Sigríður er dóttir bónda** o. s. frv.

2. Ef eignarfallsliðir eru notaðir til að auka vægi (intensitet) merkingar, er valfrjálst, hvort þeir eru ritaðir áfastir síðari lið eða hvort band er sett milli liðanna, t. d. **óvenjugóður** eða **óvenju-góður**. Ástæðan er sú, að jafnþung áhersla getur hvílt á báðum liðum.
Dæmi um liði af þessu tæi: **afbragðs-, aftaka-, ágætis-, forkunnar-, fjölda-, furðu-, nýtísku-, ódæma-, óhemju-, óskapa-, óvenju-, rokna-, undra-**, t. d. **afbragðsgóður** eða **afbragðs-góður** o. s. frv.
Athuga ber, að á orðin **fjarska** og **einkar** er litið sem atviksorð, og eru þau því ekki rituð áföst, t. d. **fjarska góður, einkar alþýðlegur.**

36. gr.

1. Forliði, sem líta má á sem forskeyti, skal rita áfasta, t. d. **aðal-** (**aðalinngangur**), **al-** (t. d. **algóður**), **and-** (t. d. **andstæðingur**), **au-** (t. d. **aufúsa**), **for-** (t. d. **formaður**), **frum-** (t. d. **frumstæður**), **full-** (t. d. **fullgóður**), **gagn-** (**gegn-**) (t. d. **gagnstæður, gegndrepa**), **ger-** (**gjör-**) (t. d. **gerbreyta, gjörbreyta**), **megin-** (t. d. **meginland**), **mis-** (t. d. **misbjóða**), **ný-** (t. d. **nýkominn**), **of-** (t. d. **ofbjóða**), **ó-** (t. d. **ósannindi**), **or-** (t. d. **orlof**), **sam-** (t. d. **samskeyti**), **sí-** (t. d. **sífelldur**), **tor-** (t. d. **torlæs**), **van-** (t. d. **vanvirða**), **önd-** (t. d. **öndverður**), **ör-** (t. d. **örmagna**).
2. a)
Forliðina **all-, hálf-, jafn-** og **lang-** má rita áfasta eða tengja þá með bandi við næsta orðlið, t. d. **allgóður** (eða **all-góður**); **jafngóður** (eða **jafn-góður**); **hálfundarlegur** (eða **hálf-undarlegur**); **langstærstur** (eða **lang-stærstur**).
Sérstaða þessara forliða stafar af því, að jafnþung áhersla getur hvílt á báðum orðliðum.
b)
Afar, of og **ofur** skal rita áföst nafnorðum, t. d. **afarkostir, offramleiðsla, ofurmenni,** en laus frá lýsingarorðum og atviksorðum, t. d. **afar stór, afar vel, of stór, of vel, ofur einfaldur, ofur glaðlega.**
Of skal rita áfast sögnum, t. d. **ofbjóða,** sbr. 1. lið.
3. Forsetningar (atviksorð), notuð sem forskeyti, skal rita áfastar (áföst), enda hvílir aðaláhersla á þeim.
Dæmi: að- (t. d. **aðferð**), **af-** (t. d. **afsanna**), **at-** (t. d. **atferli**), **á-** (t. d. **áburður**), **fram-** (t. d. **framkoma**), **framan-** (t. d. **framanverður**), **frammi-** (t. d. **frammistaða**), **frá-** (t. d. **fráfærur**), **fyrir-** (t. d. **fyrirskipun**), **hjá-** (t. d. **hjáseta**), **inn-** (t. d. **innlendur**), **inni-** (t. d. **innivera**), **innan-** (t. d. **innantökur**), **í-** (t. d. **íhuga**), **með-** (t. d. **meðmæli**), **mót-** (t. d. **mótdrægur**), **til-** (t. d. **tilburðir**), **um-** (t. d. **umboð**), **undan-** (t. d. **undanfari**), **undir-** (t. d. **undirgefni**), **upp-** (t. d. **uppgjöf**), **uppi-** (t. d. **uppiskroppa**), **út-** (t. d.. **útför**), **úti-** (t. d. **útilega**), **við-** (t. d. **viðkvæmur**), **viður-** (t. d. **viðurlög**), **yfir-** (t. d. **yfirmaður**).

37. gr.

1. Ef forsetningar og samtengingar eru orðnar til úr fleiri en einu orði, skal farið eftir uppruna, þ. e. hvert „orð" skal ritað út af fyrir sig.
Dæmi: á meðal, á milli, í gegnum; þó að, því að, þar eð, enda þótt, til þess að.
2. Atviksorð, sem mynduð eru af fallorðum eða orðin eru til við samvöxt smáorðs (viðskeytis) og fallorðs, skal rita í einni heild.

Dæmi: allsendis, andæris, framvegis, umhverfis, útbyrðis, þannig, aldrei, rösklega, hálfvegis, gegnum, kringum, langtum, aðeins, alltaf, ávallt o. s. frv.

a) Athuga ber, að valfrjálst er að rita hvort heldur sem er **alltof** eða allt of, **smámsaman** eða **smám saman, öðruhverju** eða **öðru hverju.**
Orð, sem enda á **-megin,** má rita sem eina heild, ef fyrri hlutinn er tvíkvætt fornafn, sjá lið 5, d, t. d. **báðumegin, hinumegin, öðrumegin.**

b) **Hvers vegna** og **þess vegna** eru orðasambönd, og ber því að rita sem tvö orð, sbr. 5. lið, h.

c) Orð eða orðasambönd, sem gerð eru af atviksorði (forsetningu) og eignarfalli nafnorðs, má rita í einu orði eða tveimur, t. d. **innanlands** (eða **innan lands**), **utanlands** (eða **utan lands**), **neðanjarðar** (eða **neðan jarðar**), **innanhúss** (eða **innan húss**), **utangarðs** (eða **utan garðs**), **innansveitar** (eða **innan sveitar**) o. s. frv.

3. Þegar atviksorð er til orðið úr smáorðum, skal farið eftir uppruna, þ. e. hvert „orð" ritað út af fyrir sig.
Dæmi: enn þá, enn fremur, hér með, á milli, í kringum, í gegnum, með fram, fyrir fram.
Undantekningar eru orðin **áfram** og **umfram.**

4. Rita skal staðaratviksorð og eftirfarandi forsetningu sem tvö orð:
Dæmi: fram hjá, inn í, út af, út undan, út frá, yfir um, suður í, sunnan við o. s. frv.

5. Orðasambönd, sem notuð eru í atvikslegri merkingu, skal rita í samræmi við uppruna, þ. e. rita skal hvert „orð" út af fyrir sig. Þó er í sumum tilvikum valfrelsi um rithátt.
Dæmi:

a) **Háttur: lítils háttar, mikils háttar, þess háttar.**

b) **Konar og kyns: alls konar, eins konar, einhvers konar, hvers konar, margs konar, nokkurs konar, sams konar, tvenns konar, ýmiss konar; alls kyns, hvers kyns, margs kyns, þess kyns** o. s. frv. Þessi sambönd má einnig rita sem eitt orð, t. d. **allskonar; allskyns.**

c) **Kostur: alls kostar. eins kostar, að minnsta kosti.**

d) **Megin: báðum megin, hérna megin, hinum megin, þarna megin, þeim megin öðrum megin.**
Sum þessara orða hafa þó vaxið saman í eina heild, og má þá rita sem eitt orð, sbr. 2. lið, a.

e) **Sinni: einu sinni, einhverju sinni, hverju sinni, nokkru sinni.**

f) **Staður: alls staðar, annars staðar, einhvers staðar, nokkurs staðar, sums staðar.** Þó má einnig rita **alstaðar** og **sumstaðar.**

g) **Tími: einhvern tíma (tímann), nokkurn tíma (tímann).**

h) **Vegna: hvers vegna, þess vegna.** Sjá 2. lið, b.

i) **Vegur: annars vegar, hins vegar; einhvern veginn, engan veginn, nokkurn veginn.**

Aftur á móti skal rita **hinseginn, þanneginn.**

38. gr.

Um band milli orðhluta er fjallað í auglýsingu um greinarmerkjasetningu, 20. gr.

13. KAFLI
Ýmis atriði.

39. gr.

a) Í eignarfallssamsetningum, þar sem stofn fyrri liðar endar á -s og eignarfall sama liðar á **-s,** skal sleppa s-i eignarfallsins, ef síðari liður hefst einnig á s, t. d. **Árnessýsla, Snæfellsnessýsla, Reykjanesskagi** o. s. frv.
Hins vegar skal rita: **krosssaumur, Fosssel,** o. s. frv.

b) Ef seinni liður samsetts orðs hefst á s, má sleppa s-i eignarfalls í fyrri lið, ef svo er títt í samsvarandi eldri orðum, t. d. **námstjóri, námstjórn,** sbr. **hreppstjóri, hreppstjórn, skipstjóri, skipstjórn** o. s. frv.

40. gr.

Tvenns konar orðmyndir má nota, ef ekki fer í bága við venjur um málvöndun, t. d. **hef, hefur,** eða **hefi, hefir; steig,** sté (hins vegar ekki **stég**) o. s. frv. Um slík atriði ber að jafnaði að gæta samkvæmni.

41. gr.

Um þau atriði íslenskrar stafsetningar, sem ekki er fjallað um í þessari auglýsingu, gilda áfram þær meginreglur, sem farið hefur verið eftir í íslenskum skólum.

14. KAFLI
Um gildistöku auglýsingarinnar.

42. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi hinn 1. september 1974, en frá sama tíma falla úr gildi eftirtaldar auglýsingar: Auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum, Auglýsing um íslenzka stafsetningu, sbr. Lögbirtingablað nr. 9, 22. ár, 28. febrúar 1929, og Auglýsing nr. 272/1973, um afnám Z.

Heimilt er þó að nota kennslubækur með þeirri stafsetningu, sem gilt hefur til þessa, meðan upplag þeirra endist; enn fremur kennslubækur, sem þegar eru komnar í setningu.

Menntamálaráðuneytið mun hlutast til um, að út verði gefin á næstunni leiðbeiningabók í íslenskri stafsetningu, einkum ætluð kennurum.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

3. maí 1974. Nr. 133.

AUGLÝSING
um greinarmerkjasetningu.

1. KAFLI
ALMENNT ÁKVÆÐI

1. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um greinarmerkjasetningu í íslenskum skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn, sem út eru gefin.

2. KAFLI
UM PUNKT

2. gr.

1. Punkt skal setja á eftir **málsgrein,** enda felur það hugtak þá einnig í sér svo kölluð málsgreinarígildi. Þó má í sumum tilvikum nota semíkommu á eftir málsgrein, sjá reglur um það lesmerki, 9. gr.

2. Punkt skal setja á eftir raðtölustaf, t. d. 3. (þriðji).
Frá lið 2 eru þessar undantekningar:
a) Ekki þykir fara vel á að nota skástrik við táknun dagsetninga, t. d. 20/11 (20. nóvember), en ef skástrikið er notað, skal ekki setja punkt á eftir raðtölunum.
b) Punkt skal ekki setja á eftir raðtölustaf í bugðu, t. d. 1), 2) (1. liður, 2. liður eða þviumlíkt).
3. Punkt skal setja á eftir skammstöfun. Ef skammstöfunin varðar fleiri en eitt orð, skal setja punkt á milli þeirra stafa, sem tákna einstök orð í skammstöfuninni.
Dæmi: hr. (herra), a. m. k. (að minnsta kosti), o. fl. (og fleiri). Athuga ber, að engan punkt skal setja, þegar fyrri hluti orðs er skammstafaður, t. d. Rvík (Reykjavík), Khöfn (Kaupmannahöfn). Ekki er settur punktur á eftir skammstöfunum í mælikerfinu (metrakerfinu), t. d. m (= metri), km (= kílómetri), hl (= hektólítri), né heldur ýmsum erlendum skammstöfunum, ef notaðar eru, t. d. ca (= hér um bil).
Stofnanir, félög og fyrirtæki má skammstafa með upphafsstöfum einum án bils og punkts, þar sem skil eru milli einstakra orða, t. d. MA (Menntaskólinn á Akureyri), KR (Knattspyrnufélag Reykjavíkur), SÍS (Samband íslenskra samvinnufélaga).
4. Þrír punktar eru notaðir sem merki um úrfellingu úr texta, t. d. Auk fjölskyldunnar var . . . hjá okkur vinnukona (Hér er sleppt úr **fyrst framan af**).

3. KAFLI
UM KOMMUR

3. gr.

Komma inni í setningum o. fl.

Inni í setningum eða í lok setningar skal afmarka eftirfarandi liði með kommum (kommu):

1. **Ávarpslið.**

Dæmi: Nonni minn, af hverju gerðirðu þetta? — Ertu veikur, **Nonni minn?**

2. **Innfellda liði og viðaukaliði,** sem fella má brott, án þess að setningin glati við það sjálfstæðri merkingu. Sama gildir um sams konar liði innan aukasetninga.
Dæmi: Árni Jónsson, **prestur á Stað,** dó í gær. — Sumir togarar, t. d. **Svalbakur,** fiskuðu vel, — Jón kemur bráðum, **áreiðanlega fyrir jól.** — Jón sagði mér, að Árni Jónsson, **presturinn á Stað,** hefði dáið í gær. — Blöðin geta þess, að sumir togarar, t. d. **Svalbakur,** hafi fiskað vel. — Sú frétt barst út, að Jón kæmi bráðlega, **áreiðanlega fyrir jól.**

3. **Ótengda liði í upptalningu.**

Dæmi: Jón, Sveinn, Guðmundur og **Bjarni** eru bræður.

4. **Upphrópun, sem skýrð er með setningu.**

Dæmi: Æ, láttu ekki svona!

5. **Um greinarmerkjasetningu á bréfum** gildir sú regla, að ekki skal setja kommu milli liða, en utanáskriftin skal enda á punkti.

Dæmi: Hr. kennari
Árni Jónsson
Brúnkuskjóli 4
Þvervík.

6. Heimilt er að setja kommur milli liða í setningu, þótt það brjóti í bága við þessar reglur, ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning (margræðni). Auk þess er heimilt að setja önnur merki í stað kommu í sama skyni.

Dæmi: Setningin — **Jón, Guðmundur, Sveinn og Bjarni eru bræður** — er tvíræð, því að hugsanlegt er, að **Jón** sé ávarpsliður. Ef svo stendur á, má setja upphrópunarmerki á eftir ávarpsliðnum, t. d. **Jón! Guðmundur, Sveinn og Bjarni eru bræður.**

4. gr.

Komma milli aðalsetninga.

Milli aðalsetninga skal því aðeins setja kommu, að þær séu **ótengdar.**

Dæmi: Sigríður húsfreyja lagði á borðið, bauð gestunum til sætis og settist niður. Sjá nánara í 7. gr.

5. gr.

Komma milli aðalsetningar og aukasetningar.

Milli aðalsetningar og aukasetningar skal aldrei setja kommu, sbr. þó 6. gr. um innskotssetningar og 7. gr. um kommu í setningarunum.

6. gr.

Innskotssetningar.

1. Innskotssetningu, sem fleygar aðra setningu, skal afmarka með kommu, hvort sem um er að ræða aðalsetningu eða aukasetningu.
   Dæmi: Árni er, **segir almannarómur,** skáld gott. — Um haustið, **þegar veður tók að versna,** brugðust allar samgöngur.
2. Föst fylgiorð, þar með talin fornöfn eins og **sá (sú, það)** og atviksorðið **þar,** skulu að jafnaði fylgja tilvísunarfornafni og ekki greinast frá því með kommu. Enga kommu þarf að setja á eftir setningunni, sem hefst á fyrr greindum orðum.
   Dæmi: Sá sem fæst við erfið verkefni verður að leggja hart að sér.

7. gr.

Komma í setningarunum.

Ef setningar koma hver á fætur annarri, þannig að þær orka sem upptalning, skal setja kommu milli þeirra, hvort sem um aðal- eða aukasetningar er að ræða.

Dæmi: Jón stökk út úr rúminu, klæddi sig í skyndi, borðaði morgunverðinn og flýtti sér til vinnu sinnar. — Þegar veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

8. gr.

Heimildarákvæði um kommusetningu.

1. Heimilt er að setja kommu milli setninga, ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning (margræðni), þótt það brjóti í bága við fyrr greindar reglur.
2. Heimilt er að nota **hlékommu** (pausekomma) í listrænu skyni til að ákveða hik eða þagnir í lestri í samræmi við hugmyndir höfundar texta um lestur, framsögn eða stíl. Slík kommusetning skal þó ekki kennd í skólum né gilda á skólaprófum.

4. KAFLI
ÖNNUR GREINARMERKI

9. gr.

Semíkomma.

1. Í stað punkts má setja semíkommu milli málsgreina, ef málsgreinarnar eru **merkingarlega nátengdar,** þó einkum ef síðari málsgreinin táknar **afleiðingu** hinnar fyrri eða **andstæðu** hennar.

Dæmi: Hegðun nemendanna var mjög ólík; **þess vegna var erfitt að áfellast kennarann fyrir ólíka framkomu við þá.** — Jón varð fyrir aðkasti margra; **samt lagði hann engum illt til.**

2. Milli ósamkynja liða í upptalningu skal setja semíkommu, einkum til að greina þá frá samkynja liðum.
Dæmi: Verslunin selur ýmiss konar vörur: **pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvötn** og **aðra hreinlætisvöru.**

10. gr.

Tvípunktur.

1. Tvípunkt skal setja á undan beinni ræðu eða beinum tilvitnunum, ef á undan fara inngangsorð.
Dæmi: Eftir andartak sagði Jón: „Jú, ég kem með þér.“ — Í Íslenzkum þjóðháttum segir svo: „Gömul venja mun það hafa verið á landi hér að slátra kind rétt fyrir jólin.“
2. Tvípunkt skal setja á undan upptalningu eða skýringu, sem er sett á eftir setningu, sem væri sjálfstæð málsgrein, þótt upptalningunni eða skýringunni væri sleppt.
Dæmi: Þessir drengir hlutu verðlaun: **Ásgeir, Árni og Jón.** — Við nánari athugun hef ég komist að eftirfarandi niðurstöðu: **Orðið kemur fyrst fyrir í vísu eftir Hallfreð og er þá karlkyns. Kvenkynsmyndin er ókunn fyrr en á 19. öld.**

11. gr.

Gæsalappir.

1. Gæsalappir skal setja á undan og eftir beinni ræðu. Athuga ber að ljúka málsgrein með gæsalöppum, ef bein ræða endar á annarri beinni ræðu, sem inn í hana er skotið.
Dæmi: **„Komdu inn, Kristján minn“**, sagði húsfreyja. — Ásgeir mælti: „Afi sagði orðrétt við mig: **„Hertu þig nú, strákur“.“**
2. Orðréttar tilvitnanir skal að jafnaði auðkenna með gæsalöppum.
Dæmi: **„Koma dagar, ráðast ráð,“** segir Örn Arnarson í Rímum af Oddi sterka. **Ef** tilvitnanir eru mjög langar, fer oft betur á því að hafa þær **inndregnar,** og eru gæsalappir þá óþarfar.
3. Nota má gæsalappir sem merki um afsökunarbeiðni, t. d. þegar menn sletta erlendum orðum.
Dæmi: Þetta er ekki **„fair play“.**
4. Ef tilgreind er merking orðs eða orðasambands, skal setja orðið, sem táknar **hana,** innan gæsalappa.
Dæmi: Orðtakið að **hrökkva upp af klakknum** merkir „að deyja“. Í lið 3 og 4 mætti eins nota einfaldar gæsalappir, t. d. ‚deyja‘.

12. gr.

Afstaða annarra lesmerkja til gæsalappa o. fl.

1. Punktur, komma, spurningarmerki og upphrópunarmerki skulu koma á undan gæsalöppum í lok setningar eða hluta setningar.
Dæmi: Árni sagði: „Jón kemur bráðum.“ — „Við Stjórnarráðshúsið,“ sagði Ásgeir, „stendur stytta Hannesar Hafsteins.“ — Arnór spurði: „Hvenær leggur skipið að?“ — „Sveiattan!“ sagði gamla konan.
Þó skal setja punkt á eftir gæsalöppum, ef þær eru notaðar til auðkennis hluta málsgreinar (setningar), t. d. **Að bíta á agnið** merkir „að láta ginnast“.

2. Semíkomma skal koma á eftir gæsalöppum.
Dæmi: Haraldur var dómhvatur og sagði m. a.: „Embættisfærsla Guðmundar er neðan við allar hellur"; en enginn viðstaddra samþykkti þetta.
3. Ekki skal setja punkt við lok málsgreinar innan sviga né heldur á undan sviganum. Hins vegar kemur punktur á eftir sviga í lok málsgreinar.
Dæmi: Við norðurenda hússins (Hér er átt við hús Péturs Jónssonar) stendur bílskúr. — Bílskúr stendur við norðurenda hússins (Hér er átt við hús Péturs Jónssonar).

13. gr.

Undirstrikun — skáletur.

Ef menn vilja eða ef nauðsynlegt er að auðkenna orð eða orðasamband sérstaklega, má gera það með undirstrikun í skrifuðu máli og vélrituðu, en skáletri eða feitletri á prenti.

Dæmi: Erfitt er að sanna, hvort rita eigi orðið **bylting** með **y** eða **i**. — Orðið **braut** gat beygst svo í fornmáli: nf. et. **braut**, þf. **braut**, þgf. **brautu**, ef. **brautar**. Orðasambandið **á brautu** er leifar þessarar beygingar.

14. gr.

Spurningarmerki.

Spurningarmerki skal setja á eftir málsgrein (málsgreinarígildi), sem felur í sér beina spurningu.

Dæmi: Hvenær kemur Jón? — „Er þetta satt?" sagði Nonni, — Er þetta báturinn sem þú keyptir í vor?" — „Amma kemur bráðum heim." „Hvenær?"

15. gr.

Upphrópunarmerki.

1. Upphrópunarmerki skal setja á eftir einstökum orðum eða málsgreinum, sem felst í upphrópun (t. d. fögnuður, skipun, fyrirlitning o. s. frv.).
Dæmi: Heyr! — Hypjaðu þig burt! — Svei! Æ, láttu ekki svona!
2. Upphrópunarmerki má setja á eftir ávarpi í upphafi bréfs eða ræðu.
Dæmi: Kæri vinur! — Góðir áheyrendur!
3. Nota má upphrópunarmerki sem háðsmerki.
Dæmi: Orðrétt segir höfundur: „Margir læknirar (!) eru mestu klaufar."

16. gr.

Svigar og hornklofar.

1. Sviga má setja utan um innskot, sem sett eru til skýringar.
Dæmi: Árið eftir (1928) fluttist Jón suður.
2. Hornklofa skal setja utan um það, sem skotið er inn í orðrétta tilvitnun.
Dæmi: „Honum [þ. e. **Hvítingi**] hafði ekki orðið eitrið að bana". Hið innskotna orð skal auðkennt, t. d. með undirstrikun í skrifuðu máli og skáletri eða feitletri á prenti. Um afstöðu annarra lesmerkja til sviga, sjá **Afstöðu annarra lesmerkja til gæsalappa** o. fl., 12. gr., 3. lið.

17. gr.

Úrfellingarmerki.

Úrfellingarmerki má nota til þess að sýna, að fella eigi brott staf í framburði eða að felldur hafi verið brott stafur (stafir), sem geti komið fram í framburði.

Dæmi: Finni' hann laufblað fölnað eitt,
fordæmir hann skóginn. —
o'níburður (= ofaníburður).

18. gr.

Strik.

1. Strik má nota til þess að afmarka innskot eða viðauka, sem menn vilja leggja sérstaka áherslu á.
   Dæmi: Í Háskólanum — og hvergi nema í Háskólanum — er kennd bókasafnsfræði. — Mér féll vel við alla nemendur mína — nema einn.
2. Á milli tölustafa má setja strik í stað orðsins **til.**
   Dæmi: Ég verð erlendis 3 — 4 ár.
3. Á milli orða, sem tákna **andstæður** eða í felst **stigmunur,** má setja **strik.**
   Dæmi: Hvítt — svart. — Volgur — hlýr — heitur.
4. Nota má strik í upptalningu dæma, sbr. t. d. dæmin í lið 3.

19. gr.

Bugða.

Bugðu má nota, þegar liðir upptalningar eru merktir með tölustöfum eða bókstöfum.

Dæmi: Á fundinum voru þessi mál rædd: 1) varnarmálin, 2) landhelgismálið, 3) efnahagsmálin og 4) stjórnmálaviðhorfið almennt. — Háskólakennarar skiptast í þessa flokka: a) prófessora, b) dósenta, c) lektora, d) aðjunkta, e) stundakennara.

20. gr.

Band.

Um skiptingu milli lína gilda þessar reglur:

1. Skipta skal samsettum orðum og forskeyttum um samskeyti (stofnamót) og fleirsamsettum orðum um aðalsamskeyti.
   Dæmi: borð-dúkur, for-maður, dýraverndunar-félag.
   Sama regla gildir um viðskeytt orð, ef viðskeytið er í málvitund manna sjálfstæð heild.
   Dæmi: sann-leikur, hór-dómur, list-rænn, strák-lingur.
2. Skipta skal ósamsettum orðum þannig, að síðari hlutinn hefjist á sérhljóði endingar.
   Dæmi: hundarn-ir, vænst-ur, manns- ins.
3. Band er stundum sett milli liða samsettra orða, einkum í staðanöfnum, ef síðari hluti þess er sérnafn, og í mannanöfnum, sem hafa viðurnefni að forlið, enn fremur í lýsingarorðum, sem samsett eru af tveimur liðum, sem tákna þjóðerni.
   Dæmi: Suður-Múlasýsla; Víga-Hrappur; þýsk-franskur.

5. KAFLI

21. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi hinn. 1. september 1974.

Heimilt er þó að nota kennslubækur með þeirri greinarmerkjasetningu, sem gilt hefur til þessa, meðan upplag þeirra endist; enn fremur kennslubækur, sem þegar eru komnar í setningu.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum, og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúðatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands.

Heimtaugargjöld.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 **Heimtaug:**

Varstærð	Stofngjald	Gjald af yfirlengd[1]) Jarðstrengur	Loftlína
Amp.	kr.	kr./m	kr./stólpa
63 einfasa	39 000	900	10 000
63 þriggjafasa	43 000	900	15 500
100 —	51 000	1 200	
200 —	82 000	1 200	
315 —	170 000	1 500	
300 kVA spst.	250 000	Samkv. kostn.	
500 kVA spst.	400 000	Samkv. kostn.	
800 kVA spst.	635 000	Samkv. kostn.	

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Strenglengd umfram 2 m inn í hús greiðist samkv. gjaldi um yfirlengd. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum að hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstæðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um að hverju sinni.

---

1) Gjald af yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandinn greiða kostnaðarmismuninn, samkvæmt gjaldskrá eða kostnaðarreikningi, eftir því sem við á.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður að hverju sinni.

3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftílnustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna skal greiða minnst kr. 10 000.00 miðað við 60 Amp stofnvara en að öðru leyti fer um gjald samkv. lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnna, hverju sinni. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verkið er hafið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, nr. 216 22. desember 1960.

Iðnaðarráðuneytinu 6. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 135. 9. maí 1974.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Söltuð þorskflök.

700 gr og yfir	kr.	169.00
400—700 gr	—	169.00
200—400 gr	—	160.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennra nota um vatnsmæli:
   a. Vatnsgjald ..... kr. 17.50 m^3
   b. Fastagjald af rúmmáli í rúmi því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis ..... — 1.30 m^3 á mán.
2. Til notkunar í húsnæði, sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn í húsnæði, sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli ..... — 22.50 m^3
3. Vatnsgjald, kr. 7 000 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 mínútulítri fyrir hverja 100 m^3 húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar, er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾" ..... kr. 240.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" ..... — 410.00 á mán.
3. Fyrir hemla ..... — 220.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa er sem hér segir:
Allt að 400 m^3, kr. 60 000.00.
400 til 2 000 m^3, kr. 60 000.00 af 400 m^3 + kr. 49.00 á m^3 og þar yfir að 2 000 m^3.
2 000 m^3 á 139 840.00 + kr. 41.00 á m^3 þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 9 600.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 600.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 37 31. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

yfir efnarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurmjöl:

Framleiðslusýnishorn: (Vatn, fita, protein og salt)	kr.	1 100.00

Einstakar efnagreiningar:

Vatn	—	220.00
Salt	—	250.00
Protein (Kjeldahl)	—	520.00
Fita	—	340.00
Aska	—	220.00
Ammoníak	—	220.00
Sandur	—	300.00
Kalcium	—	400.00
Fosfór	—	400.00
Meltanlegt protein	—	880.00
Lysine, nýtanlegt	—	1 750.00
Natrium nitrit	—	580.00
Nitroso-dimethylamin	—	1 100.00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	—	400.00
Sýrustig pH	—	200.00

Útflutningssýnishorn:

Fyrir mjölmagn að 100 tonnum	kr.	1 450.00	(vottorð kr. 300.00)
Fyrir mjölmagn frá 100 að 500 tonnum	—	1 850.00	(vottorð — 300.00)
Fyrir mjölmagn frá 500 tonnum	—	2 150.00	(vottorð — 300.00)

Fyrir útflutningssýni á síldarmjöli eða loðnumjöli bætast kr. 580.00 vegna ákvörðunar á natrium nitrit.

Aminosýrur:

a) Lysine, Histidine, Ammonia, Arginine, Aspartic Acid, Threonine, Serine, Glutamic Acid, Proline, Glycine, Alamine, Valine, Isoleucine, Leucine, Tyrosine og Phenylalanine	kr.	4 900.00
b) Methionine og Cystine	—	2 900.00
Fullkomin Aminosýrugreining	—	7 800.00

Lýsi:

A-vitamín, bein mæling	—	350.00
A-vitamín, með Morton & Stubb leiðréttingu	—	1 040.00
Óbundnar fitusýrur	—	220.00
Sýrutala	—	220.00
Joðtala	—	440.00
Sáputala	—	500.00

Ósápuhæft	kr.	900.00
Eðlisþyngd (Pyknometer)	—	330.00
Peroxíð gildi	—	400.00
Litur (Lovibond einingar)	—	200.00
Vatnsinnihald (með Toloul eimingu)	—	330.00
Vatn og óhreinindi (í skilvindu)	—	200.00
Ljósbrot (Refractive Index)	—	250.00
Natrium sápa	—	400.00

Fyrir útflutningssýni bætast kr. 300.00 fyrir vottorð.

Salt:

Klorid (titer)	—	330.00
Kalcium	—	400.00
Magnium	—	400.00
Sulfat	—	400.00
Óleysanlegt í vatni	—	400.00
Raki og bundið vatn	—	400.00
Járn	—	400.00
Kopar	—	400.00
Fullkomin efnagreining	—	2 450.00

Síld:

I. Undirbúningsvinna:

a) Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin, flökuð og hökkuð	kr.	700.00
b) Síld lengdarmæld, viktuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð	—	500.00
c) Síld viktuð, flökuð og hökkuð	—	400.00
d) Síld lengdarmæld, viktuð og hökkuð	—	200.00

Fyrir undirbúningsvinnu af 50 síldum eða færri greiðist hálft gjald.

II. Efnagreiningar:

Fita	—	340.00
Salt	—	250.00
Vatn	—	220.00

Einstakar efnagreiningar:

Trimethylamin (T.M.A.)	—	520.00
Alginsýra	—	1 000.00
Kvikasilfurs ákv. í matvælum	—	650.00
Ákv. á málmum með atom absorption	—	650.00

Smásjárrannsóknir:

Einföld rannsókn, án litunar	—	150.00
Einföld rannsókn, með litun	—	300.00/ 500.00
Greining á spunaefni	—	300.00
Greining á spunaefni + vigt	—	450.00
Talning í smásjá	—	450.00

Gerlarannsóknir:

Talning við ræktun, eins konar	kr.	340.00
Talning við ræktun, tvenns konar	—	520.00
Talning við ræktun, þrenns konar	—	720.00
Colititer, 6 glös	—	270.00
Colititer, 9 glös, MPN	—	405.00
Colititer, 15 glös, MPN	—	675.00
Colititer, 10 glös (forpróf) eða MPN	—	340.00
Coligreining (eftir forpróf)	—	150.00/ 600.00
Indol prófun (eftir forpróf)	—	150.00/ 600.00
Talning, eins konar + colititer, 6 glös	—	520.00
Talning, eins konar + colititer MPN	—	570.00
Talning, tvenns konar + colititer MPN	—	750.00
Talning, tvenns konar + colititer forpróf	—	750.00
Salmonella (kvalitativt próf)	—	750.00/1 150.00
Stafylokokkar (coagulase prófun)	—	470.00
Stafylokokkar (coagulase prófun) með forprófun	—	875.00
Sulfite reduserandi clostridia	—	850.00/ 950.00
Talning í uppþvottavatni (+ prufuglös)	—	270.00
Undirbúningur sýnishorna (prufuglös, hökkun, mölun o. fl.)	—	60.00/ 250.00

Mjólkurrannsóknir o. fl.:

Litprófun (reduktase)	—	140.00
Storchs-prófun	—	100.00
Fosfataseprófun I	—	120.00
Fosfataseprófun II	—	430.00
Katalase í smjöri	—	220.00
Eðlisþyngd m/flotvog	—	100.00
Eðlisþyngd m/pyknometer	—	330.00
Feiti (Gerber) mjólk og rjómi	—	100.00
Feiti (Gerber) rjómaís	—	150.00
Sýrustig (titration)	—	100.00
Þurrefni	—	220.00
Klórtíter í mjólk	—	220.00
Frítt klór í vatni	—	150.00
Skynmat (organoleptic test)	—	400.00

Niðursuðuvörur:

Framleiðslusýnishorn (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	—	300.00
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	—	100.00
Vottorð	—	150.00/ 300.00
Drip-ákvörðun (á rækju o. fl.)	—	580.00
Stykkjatalning (á rækju o. fl.)	—	200.00

2. gr.

a) Gjald fyrir efnarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá, ákveðast með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við, að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim, sem rannsökuð eru.

3. gr.

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Fiskmats ríkisins, greiðast kr. 400.00 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Þegar um er að ræða sýnistöku á útfluttum niðursuðuvörum, greiðast aðeins laun starfsmannsins auk ferðakostnaðar.

Starfsmenn Fiskmats ríkisins annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efnarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, frá 13. júlí 1972.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. maí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Þórðarson.

20. maí 1974. Nr. 138.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 348 21. desember 1972.

1. gr.

1. málsgr. 13. gr. orðist svo:

Verð hverrar getraunaraðar er kr. 50.00. Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

um sorplosun á Sauðárkróki.

1. gr.

Sauðárkrókskaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupstaðarins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv. innan kaupstaðarins skal sett í sérstaka poka, sem bæjarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem komið skal fyrir í sérsmíðuðum skáp. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir skápbotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindunum og sorpskápum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæma vikulega og eigi sjaldnar en 40 sinnum á ári. Fjöldi sorpgrinda skal miðaður við, að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili ásamt aukaskápum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

Við stórhátíðir eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum, afhenta þar sem bæjarstjórn ákveður með auglýsingu.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum, þó ekki eftir kl. 23. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka.

Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa hluti eða beitta, má aðeins setja inn í plast eða pappír í pokanum. Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má heldur ekki hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bílhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

Bannað er að urða olíuleyfar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna kaupstaðarins.

4. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorphreinsunarbíla, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugsstað skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð eyddra sorppoka vegna viðkomandi fasteignar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1974.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

22. maí 1974. Nr. 140.

REGLUGERÐ

um tjald- og hjólhýsasvæði.

1. gr.

Leyfisveiting.

1. Þeir, sem ætla að opna tjald- og hjólhýsasvæði fyrir ferðafólk og taka gjald fyrir, skulu leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði því eigi komið við, þá skal leita leyfis Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
2. Áður en heilbrigðisnefnd samþykkir leyfisveitinguna, ber henni að leita umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarnefnd, slökkviliði, vegayfirvöldum og byggingarnefnd. Sama gildir og um samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
3. Í umsókn um tjaldsvæðisleyfi skal gerð grein fyrir staðarvali, stærð svæðis og aðstöðu til vatnsöflunar og hreinlætisaðstöðu. Uppdráttur fylgi umsókn.
4. Í leyfi fyrir opnun eða stækkun tjaldsvæða, skal tekið fram hámarksfjöldi leigðra tjalda og hjólhýsa.
5. Heilbrigðisnefnd skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti ríkisins um veitt leyfi fyrir tjaldsvæðum, og tilgreini hvenær þau verði opin.

2. gr.

Staðsetning tjaldsvæða.

1. Ekki má leyfa tjaldsvæði þar, sem búast má við ónæði frá nálægri umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi, ekki heldur þar sem hætta er á ónæði frá tjaldsvæðinu. Enn fremur skal forðast þá staði, þar sem hætta er á óþægindum vegna óþrifa, ólyktar, sóts, ryks og þess háttar.
2. Tjaldsvæðinu skal valinn staður, þar sem skjól er og gróður það sterkur að hann þoli álagið. Einnig skal afrennsli nægilega tryggt.

3. gr.

Stærð tjaldsvæðis.

1. Eigi má áætla minna en 80 fermetra svæði undir hvert tjald eða hjólhýsi, þannig að bæði tjald eða hjólbýsi og bíll geti staðið þar samtímis. Sé um að ræða tjald án bifreiðarstæðis, þá skal ætla 50 fermetra undir slíkt stæði. Til sameiginlegra þarfa skal enn fremur ætla aðra 80 fermetra á hvert tjald- eða hjólhýsastæði. Minnsta fjarlægð milli tjalda eða hjólhýsa skal vera 4 metrar.
2. Sérstök svæði skulu vera fyrir hjólhýsi, tjaldsvæði með bílastæði við og fyrir tjöld án sérstaks bílastæðis.

4. gr.

Umferð.

1. Alla akvegi til og frá tjaldsvæði, akstursbrautir innan svæðis og bílastæði, skal skipuleggja með umferðaröryggi í huga. Skal þá sérstaklega höfð í huga sú hætta, er fylgir börnum að leik. Rykbinda skal þessa vegi, ef nauðsyn krefur.
2. Tjaldsvæði skulu lokuð að nóttu til og á enginn kröfu á aðgangi að þeim milli kl. 23 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Girða skal tjaldsvæðið af, svo framarlega sem það er ekki afmarkað af náttúrunnar hendi, t. d. af læk eða öðru. Að öðru leyti skal tjaldsvæðið vera skepnuhelt. Innakstri að tjaldsvæði skal loka með hliði.
3. Bílastæði skal skipuleggja með tilliti til hugsanlegrar mengunar vatnsbóla.

5. gr.

Vatn og frárennsli.

1. Á tjaldsvæði skal séð fyrir nægilegu magni vatns, sem uppfyllir kröfur um neysluvatn. Koma skal í veg fyrir sírennsli vatns með sérstökum útbúnaði.
2. Skolpi og öðrum fljótandi úrgangi skal safnað saman og leiða í burt, á þann hátt að ekki hljótist af óþægindi eða óþrif.
3. Fyrir hjólhýsi þarf að vera aðstaða til þess, að unnt sé á hreinlegan hátt að tæma og hreinsa kemísk salerni.

6. gr.

Salerni.

1. Vatnssalerni skulu notuð þar sem hægt er að koma við frárennslislögnum í sameiginlega skólpveitu eða rotþró.
2. Fjarlægð frá salernisbyggingu til næsta tjaldstæðis eða hjólhýsis skal vera minnst 20 metrar.
3. Tæming salerna skal fara fram svo oft sem þurfa þykir. Umhirða og viðhald salerna skal við það miðast, að ekki verði um óþægindi eða óþrif að ræða.
4. Fjöldi hreinlætistækja skal vera í hlutfalli við leyfðan fjölda tjalda og hjólhýsa.

7. gr.

Sorp.

1. Tunnur eða pokar á grind skulu vera fyrir hendi undir rusl, matarleyfar og annan úrgang. Tæming skal fara svo oft fram sem nauðsyn krefur.

8. gr.

Uppþvottur.

1. Á tjaldsvæði skal vera sérstakur staður til uppþvotta og skal þar vera nægilegt vatn og ekki hætta á að skólp mengi neysluvatn.

9. gr.

Sjúkrakassi, sjúkrabörur.

1. Á sérhverju tjaldsvæði skal vera sjúkrakassi og sjúkrabörur í vörslu umsjónarmanns.

10. gr.

Leiðbeiningaskilti.

1. Upplýsingaskilti, með alþjóðlegum táknum, skulu vera á áberandi stöðum.

11. gr.

Umhirða á tjaldsvæðum.

1. Öll tjaldsvæði skulu háð gæslu.
2. Heimilt er þeim, er leyfi hafa til reksturs tjaldsvæðis að setja reglur þar sem kveðið er á um skyldur gesta um t. d. snyrtimennsku, háreysti, umferð, og meðferð elds og annað, er máli skiptir.
3. Gæslumanni er heimilt að vísa þeim á brott, sem gerast brotlegir við settar reglur og láta ekki af þrátt fyrir tilmæli.

12. gr.

Gjald og flokkun.

1. Heimilt er að taka gjald af gestum, sem tjaldsvæði nota, til þess að standa straum af kostnaði við gæslu og rekstur. Upphæð gjalds skal miða við þjónustu og aðstæður hverju sinni í samræmi við fyrirmæli samgönguráðuneytisins.
2. Heimilt er, að flokka tjaldsvæði eftir fjölbreytni og gæðum þeirrar þjónustu, er látin er í té á svæðinu.

13. gr.

1. Þar sem aðstæður leyfa ekki þá þjónustu, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari, getur hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd með samþykki sveitarstjórnar og að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, veitt undanþágur frá reglugerð þessari.
2. Komi upp ágreiningur milli þessara aðila má vísa málinu til heilbrigðismálaráðherra, sem sker úr um ágreininginn.

14. gr.

Almennt.

1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða heilbrigðisreglugerðar, byggingasamþykkta, lögreglusamþykkta, ákvæða laga og reglugerðar um náttúruvernd, svo og annarra laga og reglugerða, sem um þetta mál fjalla og gilda fyrir umdæmið.

15. gr.

Lokun.

1. Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva starfrækslu tjaldsvæða, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða reglugerðar þessarar eða fyrirmælum heilbrigðisnefnda

samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfræksluna, land eða tæki, sem notað er.

16. gr.

Málsmeðferð og viðurlög.

1. Með mál, sem rís út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.
2. Fyrir brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni, skal refsa með sektum, en með varðhaldi ef miklar sakir eru.
3. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið dagsektir, allt að kr. 2000.00 þar til úr verður bætt. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta hann síðan hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með lögtaki. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

17. gr.

Gildistaka.

1. Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 141. 24. maí 1974.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Selfoss.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. maí 1974 staðfest breyting á aðalskipulagi Selfoss.

Skipulagsuppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Selfosshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

2. mgr. 82. gr. orðist svo:

Heimilt er byggingarnefnd að samþykkja íbúð í húsi, sem byggingarleyfi var fyrir, þegar samþykkt þessi öðlaðist gildi, eftir ákvæðum 6. tl. 31. gr. byggingarsamþykktar nr. 195/1945, enda hafi húsnæðið verið notað sem íbúð fyrir 1. apríl 1965.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

27. maí 1974. Nr. 143.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga.

1. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi, skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan eins og hálfs mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

Við gerð sérkjarasamninga 1974 skal heimilt, eftir ósk viðurkenndra heildarsamtaka, að fresta málskoti til Kjaradóms til 15. júní 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. ágúst 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um flutning þingstaðar í Aðaldælahreppi.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 6. þ. m., og ósk hreppsnefndar Aðaldælahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Hólmavaði að skólasetrinu Hafralæk, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

Dómsmálaráðuneytið, 22. maí 1974.

F. h. r.

Baldur Möller.

Þorleifur Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1974

20. mars. 1974. 249 Nr. 145.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Barnaskólans á Blönduósi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1974.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Barnaskólans á Blönduósi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Barnaskólans á Blönduósi og er stofnaður af hjónunum frú Helgu D. Jónsdóttur og Steingrími Davíðssyni, fyrrverandi skólastjóra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 100 000.00 — eitthundraðþúsundkrónur. — Árlega leggist við höfuðstól hluti vaxta sjóðsins og gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast, leggist og við höfuðstól.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu skólastjóra Barnaskólans á Blönduósi og geymast í banka þar eða Landsbanka Íslands.

4. gr.

Þriggja manna stjórn fer með yfirráð sjóðsins. Skal hún skipuð skólastjóra Barnaskólans á Blönduósi, skólanefndarformanni og sóknarpresti Blönduóssóknar.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en hluta vaxta hans má úthluta ár hvert, sem verðlaunum til þeirra nemenda, sem skara fram úr við fullnaðarpróf í íslensku og kristnum fræðum. Við úthlutun skal tillit tekið til hegðunar nemenda. Þegar vextir eru orðnir það háir, að mati sjóðsstjórnar, má skipta verðlaununum í fyrstu og önnur verðlaun. Að öðru leyti fer um verðlaunaveitingu úr sjóðnum eftir þróun hans í framtíðinni.

6. gr.

Leita skal staðfestingar réttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari.
Reikningar sjóðsins skulu árlega færðir í bók og endurskoðaðir. Reikningsár er almanaksárið.

Blönduósi, 19. febrúar 1974.

Bergur Felixson, skólastjóri. Árni Sigurðsson. Baldur Valgeirsson.

B 32

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Skálavíkur, Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Skálavíkur.
Heimili þess og varnarþing er í Bolungarvík.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Skálavíkur í Hólshreppi, en þær eru Minni-Bakki, Meiri-Bakki, Breiðaból, Krofstaðir, Meira-Hraun og Minna-Hraun.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

25. mars 1974. Nr. 147.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Grímólsár og Bakkaár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímólsár og Bakkaár í Helgafellssveit.
Heimili þess og varnarþing er Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Grímólsá og Bakkaá, en þær eru Grímóll, Staðarbakki, Sólbakki, Arnarstaðir, Skjöldur, sveitarsjóður Helgafellssveitar v/Króksengis, Drápuhlíð ytri, Drápuhlíð innri og Efrihlíð, en úthagaland þeirra þriggja síðasttöldu er sameiginlegt.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í septembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta

ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 148. 25. mars 1974.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Dalsár á Flateyjardal í Hálshreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Dalsár, Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Dalsár í Hálshreppi, en þær eru Vestari-Krókar, lönd Hálshrepps: Milli Höfðagilja, Almenningur, Eyrarfjall og Hálsmannatungur. Heiðarhús, Eyvindará, Hof, Knarrareyri, Kambsmýrar, Grímsland.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

27. mars 1974. Nr. 149.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Úlfljótsvatns.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Úlfljótsvatns.

Heimili þess og varnarþing er að Úlfljótsvatni, Grafningi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Úlfljótsvatni, en þær eru Úlfljótsvatn, Landsvirkjun, Villingavatn (ítak), Kaldárhöfði, Kaldárhöfðaveiðiréttur, Efri-Brú, Brúarholt, og Hamar (land Tómasar Guðmundssonar).

3. gr.

Verkefni félagsins er að stuðla að góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 150. 27. mars 1974.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag fiskihverfis Reykjadalsár og Eyvindarlækjar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag fiskihverfis Reykjadalsár og Eyvindarlækjar.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnahverfinu og fiskgengt er nú, en þær eru: Laugasel, Stafn I, II og III, Vellir, Vallholt, Fellshlíð, Víðar, Máskot, Brún, Hallbjarnarstaðir, Narfastaðir, Lyngbrekka, Hjalli, Daðastaðir, Márhóll, Laugaból, Breiðanes, Laugafell, Litlu-Laugar, Héraðsskólinn Laugum, Lautir, Hólar, Laugavellir, Laugaberg, Stóru-Laugar, Öndólfsstaðir I, II og III, Akrar, Halldórsstaðir, Breiðamýri I, II og III, Jaðar, Valagil, Einarsstaðir, Vallakot, Grundargil, Glaumbær, Hamrar, Helgastaðir, Pálmholt, Höskuldsstaðir og Hólkot, allir í Reykdælahreppi, Syðrafjall I og II, Mýlaugsstaðir, Lindahlíð, Sýrnes, Fagranes I og II, Fagraneskot, Múli I og II, Norðurhlíð, Helluland, Grímshús og Kraumastaðir, allir í Aðaldælahreppi.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Verði stofnað heildarveiðifélag yfir allt vatnasvæði Laxár, gangi félagið í það heildarfélag sem sérstök deild.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 151. 27. mars 1974.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár í Nesjum.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Skagaröst.
Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða, sem land eiga að Laxá og Laxárvatni, en þær eru Saurar, Ós og Tjörn í Skagahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

27. mars 1974. Nr. 152.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Skagaröst í Skagahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Eignarhlutföll milli einstakra jarða eru þessi:

1.	Saurar	45%
2.	Ós	29%
3.	Tjörn	26%
	Alls	100%

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. mars 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til hjálpar heyrnardaufum börnum". Hann er stofnaður af minningargjöf um hjónin Ingibjörgu Þóru Kristjánsdóttur Kúld, f. 12. apríl 1877, og Þorgrím Jónsson, bónda að Laugarnesi, f. 27. febrúar 1873, og því jafnframt minningarsjóður um þau hjón. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur.

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heyrnardauf börn til sjálfsbjargar og skal það gjört á hvern þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð skólastjóra Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík, einum tilnefndum af félagi foreldra heyrnardaufra barna, og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum eða á annan tryggilegan hátt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 10 000.00. Eftir það má nota ⅔ vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 1. október 1968, fellur úr gildi.

Reykjavík, 27. mars 1974.

Brandur Jónsson. Hallgrímur Sæmundsson. Sigurður Björnsson.

4. apríl 1974. Nr. 154.

SAMÞYKKT

fyrir Verslunarbanka Íslands h.f.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk.

1. gr.

Félagið heitir Verslunarbanki Íslands h/f, og er það nefnt Verslunarbankinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1960 um Verslunarbanka Íslands h/f. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verslunarsparisjóðsins og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum 14. júní 1960 samþykkt eignaryfirfærsluna.

2. gr.

Heimili Verslunarbankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar (aðalbankans) getur stjórn félagsins, sem nefnd er bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík, svo og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verslun landsmanna.

II. KAFLI

Um hlutafé Verslunarbankans.

4. gr.

Aðalfundur Verslunarbanka Íslands h.f., haldinn 7. apríl 1973 samþykkir með vísan til 4. gr. samþykkta bankans frá 4. febrúar 1961, með áorðnum breytingum frá 8. apríl 1967 og staðfestar voru af ráðherra þann 18. mars 1961 og 4. mars 1968, að auka hlutafé bankans um allt að 70 millj. kr., þannig að það verði allt að 100 millj. króna. Skal sérhverjum hluthafa gefinn kostur á að kaupa hlutafé fyrir allt að þrefaldri hlutafjáreign sinni, sem hann á fyrir í félaginu, þ. e. allt að því fjórfalda hlutafjáreign sína, sbr. þó 2. mgr. þessarar samþykktar.

Nú vilja svo margir hluthafar neyta kaupréttar síns á hlutafjárauka, að öllum verði eigi veitt úrlaun og skulu hluthafar allir þá sæta hlutfallslegri lækkun, eftir því sem stjórn bankans ákveður.

Fari svo, að nægilega margir hluthafar eigi neyti forkaupsréttar, þannig að tilskilin upphæð náist, skal stjórn bankans heimilt að bjóða öðrum og nýjum hluthöfum aukinn hlut á því verði, sem hún ákveður.

Réttur hluthafa til að skrá sig fyrir hlutafjáraukningu þeirri, er að framan greinir, gildir til 1. nóvember 1973, og er áskrift bindandi fyrir hluthafa. Hlutaféð skal aukið árlega um a. m. k. 14 milljónir króna á næstu fimm árum, þ. e. 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978. Skal hluthöfum veittur kostur á að greiða hlutafjárauka með jöfnum afborgunum á ofangreindum fimm árum, og er gjalddagi hinn 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 1. apríl 1974.

Um hin nýju hlutabréf gilda sömu reglur og um annað hlutafé í bankanum.

Líta ber á samþykkt þessa sem efnislega breytingu á 4. grein samþykkta bankans nr. 19/1961, og skal leita staðfestingar ráðherra á breytingunni.

Hlutafé Verslunarbankans er 100 milljónir króna. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins sbr. 34. gr. Hluthafar í A- og B- flokkum, sbr. 5. gr., hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjáreign sína í félaginu innan tímamarka, sem greind verða í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta hluthafar ekki forkaupsréttar síns, og eru þá hlutabréfin boðin til kaups með opinberu útboði eða á annan hátt, eftir nánari fyrirmælum hluthafafundar.

Innborgað hlutafé er kr. 30 milljónir. Hlutaféð er allt jafn rétthátt.

5. gr.

Hlutabréfin hljóða á nafn.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 1 000.00, kr. 5 000.00 og kr. 10 000.00.

Hlutabréfin skiptast í flokka, og bréf í hverjum flokki eru í framhaldandi töluröð. Í flokki A eru hlutabréf, sem Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra stórkaupmanna gangast fyrir, að menn innan þeirra vébanda festi kaup á, og eru þau að nafnverði 5 115 millj. kr. Í flokki B eru hlutabréf, sem Kaupmannasamtök Íslands gangast fyrir, að menn innan þeirra samtaka festi kaup á, og eru þau að nafnverði 5 115 millj. kr. Ábyrgðarmenn Verslunarsparisjóðsins hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu að tiltölu við hlut þeirra í heildarábyrgðarfé Verslunarsparisjóðsins, sbr. 2. gr. laga um Verslunarbanka Íslands h/f nr. 46/1960.

Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi. Réttur til arðs fellur niður, ef hans er ekki vitjað innan þriggja ára frá gjalddaga, og rennur hann þá í varasjóð bankans.

6. gr.

Halda skal skrá um hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokk og tölu, þ. á m. hvort hluthafi í A-flokki teljist til Verslunarráðs Íslands eða Félags íslenskra stórkaupmanna.
3. Ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti.
4. Til handa hverjum hlutabréf var gefið út svo og síðari aðilaskipti.

7. gr.

Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það bankaráði og greina söluverð og söluskilmála og væntanlegan kaupanda, ef því er að skipta. Ef hlutabréfið er í A-flokki, hlutast bankaráðið til um, að Verslunarráði Íslands eða Félagi íslenskra stórkaupmanna — eftir því til hvorra samtakanna hluthafinn telst samkv. hluthafaskrá, sbr. 6. gr. — verði boðinn forkaupsréttur að hlutabréfinu. Ber stjórn samtakanna að skýra bankaráði frá afstöðu sinni, innan tveggja vikna frá því, er henni barst tilkynning bankaráðsins um væntanlega sölu bréfsins. Nú berst ekki svar frá stjórn samtakanna innan tiltekins tíma eða stjórnin hafnar forkaupsrétti, og skal þá bankaráðið hlutast til um, að hinum samtökunum, sem teljast til A-flokks, verði boðinn forkaupsrétturinn, enda gilda þá sömu tímamörk og fyrr

greinir. Nú óskar hvorugt samtakanna að neyta forkaupsréttar, og ber bankaráði þá að hlutast til um, að Kaupmannasamtökum Íslands sé boðinn forkaupsréttur, að sínu leyti innan þeirra tímamarka, er fyrr greinir. Ef þau neyta ekki forkaupsréttar, hefur bankaráðið vegna bankans forkaupsrétt að hlutabréfum innan áður greinds tímafrests, enda geti bankinn keypt bréfið vegna ákvæða 28. gr. 2. málsgr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Ef enginn framangreindra aðila óskar að neyta forkaupsréttar, getur hluthafi boðið bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmara kaupanda en framangreindum aðilum var gefinn kostur á.

Nú vill hluthafi í B-flokki selja hlutabréf sitt, og fer þá um tilkynningu til bankaráðs með sama hætti og um sölu hlutabréfs í A-flokki. Bankaráð hlutast til um, að Kaupmannasamtökum Íslands sé boðinn forkaupsréttur innan fyrrgreindra tímamarka. Að þeim samtökum frágengnum, ber að bjóða Verslunarráði Íslands og Félagi íslenskra stórkaupmanna forkaupsréttinn, og tekur sameiginlegur stjórnarfundur þessara samtaka afstöðu til þess, hvort neyta skuli réttarins innan tveggja vikna frá því, er þeim barst tilkynning bankaráðsins. Nú neyta þessi samtök ekki forkaupsréttar, og hefur bankaráð f. h. bankans þá forkaupsrétt, en bankaráðinu ber að lýsa afstöðu sinni til málsins innan tveggja vikna frá því, er þann tveggja vikna frest þraut, sem Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra stórkaupmanna hafði til umráða. Nú neytir enginn framangreindra aðila forkaupsréttar, og er hluthafa þá heimilt að bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmara kaupanda en framangreindum aðilum var gefinn kostur á.

8. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum skulu tilkynnt bankaráðinu, og taka þau eigi gildi gagnvart félaginu, fyrr en bankaráðið hefur staðfest aðilaskiptin með áritun sinni á hlutabréfin.

Nú verða eigendaskipti að hlutabréfi fyrir erfð, og nægir þá að tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið í hluthafaskrá.

Veðsetning hlutabréfa er óheimil, nema samþykki bankaráðs komi til.

9. gr.

Verslunarbankinn má eigi veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín.

10. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráðið þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali.

Nú skemmist hlutabréf, stofn eða arðmiði, en þó orkar ekki tvímælis um flokk skjalsins, tölu þess eða efni. Getur bankaráðið þá gefið út til aðila á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Verslunarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI

Um starfsemi Verslunarbankans.

12. gr.

Bankinn rekur hvers konar bankastarfsemi, svo sem:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.

3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði og sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að geyma verðmæta muni gegn endurgjaldi.

13. gr.

Verslunarbankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 46., 48. og 50.—54. gr. laga nr. 63/1957. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

IV. KAFLI
Stjórn Verslunarbankans.

14. gr.

Með stjórn Verslunarbankans fara:

A. Hluthafafundir.
B. Bankaráð.
C. Bankastjóri (bankastjórar).

A. Hluthafafundir.

15. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Verslunarbankans samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

16. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaðinu með fjögurra vikna fyrirvara hið skemmsta, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboðið með viku fyrirvara hið skemmsta í útvarpi og dagblöðum, og sé þar greint, hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla til fundar, og skal afhending fara fram þrjá síðustu daga fyrir fundardag, svo og á fundardegi, eftir nánari ákvörðun bankaráðs. Þó getur bankaráð ákveðið að senda skuli út aðgöngumiða og atkvæðaseðla í ábyrgðarpósti tveim vikum fyrir fundardag.

Aukafundi skal halda, eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs og skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráði er skylt að boða til aukafunda, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda fer þá um fundarboðun svo sem segir í næsta málslið á undan. Bankaráð boðar til fundar og undirbýr þá ásamt bankastjóra.

Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík (eða nágrenni).

17. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundar, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem þar getur, svo og breytingartillögur við þau.

Nú óska hluthafar, að tiltekin tillaga sé tekin til meðferðar á hluthafafundi, og er þá skylt að gera það, ef tilmælin koma frá hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra, sem fara með eigi minna hlutafé en nemur 10% — tíu af hundraði — af innborguðu hlutafé, enda berist tilmælin bankaráði viku fyrir fundinn hið skemmta. Tilkynna skal hluthöfum almennt um tillögu þessa, eftir því sem föng eru á.

18. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi bankans síðasliðið starfsár.
2. Endurskoða reikninga bankans fyrir s. l. reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra og bankaráðs fyrir reikningsskil.
4. Önnur mál, sem tilkynnt hafa verið með löglegum fyrirvara.
5. Kosning bankaráðs, sbr. 23. gr.
6. Kosning endurskoðenda, sbr. 31. gr.
7. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
8. Ákvörðun um greiðslu arðs, sbr. 33. gr.

19. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, sem fundarhald varðar. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt ritara.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa.

20. gr.

Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverjum 1000 krónum í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða landslögum, en enginn hluthafi getur þó farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í félaginu. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir Verslunarbankann, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim, er greinir í 31. gr. 2. málsgr. a—f-liða hlutafélagalaga nr. 77/1921.

21. gr.

Stofnfundur gengur frá reglugerð, sem viðskiptaráðherra staðfestir, um nánari stjórn bankans og starfrækslu hans. Breytingar á reglugerðinni má ekki gera, nema á aðalfundi, enda staðfesti ráðherra þær.

22. gr.

Hver hluthafi, sem hyggst neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, skal vitja aðgöngumiða síns innan frests, sem greindur er í fundarboði og á þeim stað, sem þar er tiltekinn, og gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum. Á aðgöngumiða skal greina, hve mörg atkvæði viðkomandi hafi á fundinum. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum hluthöfum umboð til þess að sækja fund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín. Heimildir til þess að sækja hluthafafund fyrir hönd einhvers hluthafa ber að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

B. Bankaráðið.

23. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs með hlutfallskosningu úr sínum hópi 5 menn í bankaráð, hvern til tveggja ára í senn, og jafnmarga til vara. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðs, hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Kosning bankaráðsmanna fer fram árlega, þannig að á aðalfundi hverjum skal kjósa tvo aðalmenn til tveggja ára, en formann annan hvern aðalfund til tveggja ára. Skal formaður kosinn sérstakri kosningu á undan öðrum aðalmönnum. Varamenn skulu kosnir árlega jafnmargir þeim aðalmönnum, sem kjósa á hverju sinni.

Á aðalfundi þeim, sem samþykkir ákvæði 1.—2. málsgr., skal kjósa formann bankaráðs til eins árs og tvo aðalmenn til sama tíma, en tvo aðra til tveggja ára, þrjá varamenn til eins árs og tvo til tveggja ára. Eftir það gilda ákvæðin óskorað.

Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana né vera starfsmenn þeirra.

24. gr.

Bankaráð kýs sér varaformann úr sínum hópi til eins árs í senn. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kveður bankaráð til funda og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf.

Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir því aðeins lögmætir, að mættir séu 5 fulltrúar á fundi, aðalmenn eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Bankaráðið setur sér að öðru leyti fundarsköp.

25. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Verslunarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum. Því ber þess vegna:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
2. Að koma fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnarvöldum og þriðja manni.
3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ásamt bankastjóra að ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu bankans að svo miklu leyti, sem slíkt er ekki lögbundið eða ákveðið af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, er bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
4. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú, hve útibúi hverju skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki starfa sinn óaðfinnanlega.
6. Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans og setja þeim starfsreglur, svo og að veita þeim lausn frá starfanum og að ákveða tryggingu þá, er gjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
7. Að ákveða tölu starfsmanna Verslunarbankans og setja reglur um laun þeirra.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans.
9. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunauta, að fengnum tillögum bankastjóra.

10. Að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um það, hvort og hvernig aðrir starfsmenn bankans megi binda hann ásamt bankastjóra með undirskrift sinni, svo og að ákveða, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem hluthafafundir eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

26. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum.

27. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmannanna. Verslunarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. Bankastjóri (bankastjórar).

28. gr.

Framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn Verslunarbankans í samræmi við reglur þær, sem honum eru eða verða settar af bankaráðinu samkvæmt samþykktum þessum.

Bankastjóri má ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækis.

Hann má ekki vera skuldskeyttur Verslunarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautur eða ábyrgðarmaður.

Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn Verslunarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nú ákveður bankaráðið, að fleiri en einn bankastjóri skuli vera við bankann, og tiltekur bankaráðið þá verkaskiptingu milli þeirra.

29. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Verslunarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi bankans og viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans.

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting tekjuafgangs og varasjóður.

30. gr.

Reikningsár Verslunarbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarmánaðarlok, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. — Yfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði.

31. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur, til eins árs í senn, að viðhafðri hlutfallskosningu. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Verslunarbankans að öðru leyti. Má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þá tilnefnir viðskiparáðherra einn endurskoðanda, að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, og

er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum. Fyrir marsmánaðarlok skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þeim þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skal bankastjórinn hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

32. gr.

Ársreikningurinn skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum.

Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráðið ákveða, hvað lagt skuli til hliðar á afskriftarreikning vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. 18. gr. 2. tölulið.

33. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. ⅓ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs, með þeim takmörkunum sem hér segir:

   Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, uns innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemur 10% af innlánsfénu. Nú er tekjuafgangi óráðstafað, vegna framangreindra takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.
4. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar, að fengnum tillögum bankaráðs.

Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum félagsins.

34. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti ⅔ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða hið minnsta. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en lagabreytingin er samþykkt með ⅔ atkvæða hið minnsta, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi ⅔ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

VII. KAFLI

Um félagsslit.

35. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar. — Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. 39. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verslunarbanka Íslands h/f hinn 7. apríl 1973.
Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með sem samþykktir fyrir Verslunarbanka Íslands h/f. Jafnframt eru úr gildi fallnar samþykktir nr. 19 18. mars 1961 fyrir Verslunarbanka Íslands h/f.

Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

10. apríl 1974. Nr. 155.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarkauptúni, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hafnarhrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Hafnarkauptúni:

1. Mesti leyfilegur hraði innan marka kauptúnsins skal vera 45 km á klukkustund.
2. Bönnuð er staða ökutækja á Hafnarbraut, þ. e. við hægri vegarbrún, þegar ekið er frá norðri til suðurs, eða eins og sagt er á máli heimamanna, ekið út Hafnarbraut. Gildir takmörkun þessi frá mótum Víkurbrautar og til endimarka Hafnarbrautar við athafnasvæði hafnar.
3. Þrjár götur skulu hafa aðalbrautarréttindi, þær eru: Hafnarbraut, Víkurbraut og Kirkjubraut.

A. **Hafnarbraut.** Umferð um allar götur, sem liggja að Hafnarbraut, hefur stöðvunarskyldu gagnvart umferð á Hafnarbraut. Göturnar eru: Ónefndur vegur frá golfvelli og mjólkurstöð, ónefndur vegur frá nýjum sorphaugum, ónefndur vegur frá Brautarholti, ónefndur vegur frá vatnstanki, Fiskhóll, Víkurbraut, Kirkjubraut, Tjarnarbrú, Svalbarð, Höfðavegur, Skólabrú, Bogaslóð, hafnarsvæði.

B. **Víkurbraut.** Götur þær, sem að henni liggja, en umferð frá þeim hefur biðskyldu gagnvart umferð á Víkurbraut, eru: Kirkjubraut, Hlíðartún, Miðtún, Fiskhóll, ónefnd gata við vegagerðarlóð, ónefnd gata milli Hreppuvegar og Víkurbrautar, Hreppuvegur og ónefndur vegur úr Álaugarey v/rafstöð.

C. **Kirkjubraut.** Götur þær, sem að henni liggja, en umferð frá þeim hefur biðskyldu gagnvart umferð á Kirkjubraut, eru: Miðtún, Hagatún, ónefndur vegur frá kirkju og Vesturbraut.

4. Einstefnuakstur er á hluta Bogaslóðar, eða frá Hafnarbraut að Ránarslóð. Á þessu vegarsvæði ber að leggja ökutækjum við vinstri vegarbrún.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda 1. júní n. k.

Lögreglustjórinn á Höfn í Hornafirði, 10. apríl 1974.

Friðjón Guðröðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð hjónanna Jónu Vilhjálmsdóttur og Jón Ingvars Jónssonar frá Þinghóli í Mjóafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð hjónanna Jónu Vilhjálmsdóttur og Jóns Ingvars Jónssonar frá Þinghóli í Mjóafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður hjónanna Jónu Vilhjálmsdóttur og Jóns Ingvars Jónssonar frá Þinghóli í Mjóafirði, og er stofnaður til minningar um þau.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 40 000.00.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa, bæjarfógetinn í Neskaupstað, sóknarpresturinn í Norðfjarðarprestakalli og yfirlæknir sjúkrahússins í Neskaupstað.

Er bæjarfógetinn formaður sjóðsstjórnar og skal hann sjá um reikningshald fyrir sjóðinn.

Skulu reikningar sjóðsins gerðir upp og endurskoðaðir miðað við 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með því að leggja það á sparisjóð eða kaupa fyrir það ríkisskuldabréf. Jafnframt skal þess gætt, að fé sjóðsins sé ávaxtað með hæstu fáanlegum vöxtum og verðtryggt eftir því sem kostur er, og stjórn sjóðsins metur hagkvæmt.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja líknar- og mannúðarmál á Austurlandi og skal verja til þess hluta af tekjum sjóðsins, en aldrei má skerða höfuðstól hans. Að jafnaði skal ekki úthluta nema ¾ hlutum vaxta árlega, en telji stjórn sjóðsins það nauðsynlegt, má ef sérstaklega stendur á, úthluta öllum ársvöxtum sjóðsins og allt að helmingi annarra tekna.

7. gr.

Fé því, sem stjórnin úthlutar úr sjóðnum árlega skal skipta sem hér segir:

1. 15% skal greiða til sóknarnefndar Mjóafjarðarkirkju til viðhalds á kirkjunni.
2. 15% skal greiða til Slysavarnafélags Íslands v/björgunarsveitar slysavarnafélagsins í Neskaupstað.
3. 20% skal greiða stjórn sjúkrahússins í Neskaupstað til kaupa á bókum eða öðru til dægradvalar handa sjúklingum. Þetta skal þó bundið því skilyrði, að Mjófirðingar eða menn fæddir á Mjóafirði, hafi að öðru jöfnu forgang að sjúkrahúsvist á sjúkrahúsinu.
4. 50% skal varið til líknarmála á Austurlandi eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni.

Verði Mjóafjarðarkirkja lögð niður, skal framlagi því, sem átti að fara til hennar skipt að jöfnu á milli slysavarnafélagsins og sjúkrahússins.

Skipting þessi varðar aðeins hinar föstu greiðslur sjóðsins (¾ vaxta), en viðbótaruthlutun má ganga óskert til einhvers framanritaðra aðila. Verði ágreiningur um úthlutun, ræður meirihluti sjóðsstjórnar.

8. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega samkv. þeim reglum, sem gilda um birtingu á reikningum opinberra sjóða.

9. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkv. skriflegri ósk Jóns Ingvars Jónssonar, en staðfestur af eftirlifandi eiginkonu hans, Jónu Vilhjálmsdóttur.

10. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Samþykk ofanritaðri skipulagsskrá.

Reykjavík, 1. nóvember 1973.

Jóna Vilhjálmsdóttir.

19. apríl 1974. Nr. 157.

REGLUGERÐ

um holræsi í Nesjahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps tekur ákvörðun um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða og byggingu nauðsynlegra hreinsivirkja fyrir skólp.

2. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefur æðsta vald í málefnum, sem varða holræsakerfi hreppsins. Heimilt er hreppsnefndinni að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins.

3. gr.

Þegar holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði eða þar, sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Á sama hátt skal farið með regnvatn frá húsum og lóðum. Skal því veitt í aðalræsi, nema þar sem hreppurinn hefur látið leggja sérstakar regnvatnslagnir, þar skal því veitt í þær.

4. gr.

Húseigandi, sem óskar að tengja hús sitt við holræsakerfi hreppsins eða að gera breytingar eða viðbætur við ræsi, sem áður hefur verið tengt við það, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá hreppsnefndinni eða þeim umsjónarmanni, sem málið fellur undir. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem hreppurinn lætur í té, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur af holræsakerfi hússins í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tækniþekkingu á sviði holræsalagna, sem til þess hefur hlotið löggildingu hreppsnefndar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð

þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Nesjahreppi.

5. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að myndir og áletrun máist ekki við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0 × 59.4 × 84.0 cm.

Standi sérstaklega á, getur fulltrúi hreppsnefndar, sem málið fellur undir, leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, en 1:10 og 1:20, ef sýna þarf smáatriði. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utan húss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistað við skólpveituæð. Á uppdráttum skal sýna gerð og vídd allra pípna í holræsakerfi húss og enn fremur alla vatnslása, niðurföll, hreinsiloka og brunna, sem kerfinu tilheyra. Hæðartölur, sem sýndar eru á uppdráttum, skulu miðaðar við hæðarmerkjakerfi Nesjahrepps. Nota skal tákn í samræmi við íslenska staðla. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum frárennslislögnum, sem breyta á, getur byggingarfulltrúi krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar uppdráttur hefur verið samþykktur af fulltrúa hreppsnefndar, sem málið fellur undir, skal hann árita uppdráttinn í tvíriti og skal annað eintak hans síðan geymt í skjalasafni hreppsins.

6. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af hreppsnefndinni, hafa einir rétt til þess að annast holræsalagnir og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykkta þessara eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur hreppsnefndin veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

7. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið annast, staðfestir, áður en verkið hefst, með undirskrift sinni, að hann hafi tekið verkið að sér og sé ábyrgur fyrir því, að það sé unnið eftir settum reglum. Sé skipt um pípulagningameistara á meðan á verki stendur, ber að tilkynna það fulltrúa hreppsins, sem málið heyrir undir. Skal pípulagningameistari sá, sem við tekur, gefa yfirlýsingu um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið, og er honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur með undirskrift sinni tekið ábyrgð á verkinu.

8. gr.

Uppdráttur áritaður af fulltrúa hreppsins skal ávallt vera á vinnustað. Með árituninni tekur hreppurinn enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

9. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar holræsalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið teknar út af byggingarfulltrúa. Álíti byggingarfulltrúi, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum, sem settar kunna að vera um slík verk, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

10. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða.

Byggingarfulltrúi getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

11. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að þessi efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni, sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

12. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsalagnir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

13. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfi hreppsins greiðist úr sveitarsjóði, en til að vega upp á móti þeim kostnaði skal innheimta stofngjöld og holræsagjöld af húseigendum samkv. 14. og 15. gr.

14. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram sbr. 4. grein, skal húseigandi greiða stofngjald. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss, og er kr. 10.00 á hvern rúmmetra húss miðað við byggingarvísitölu 913 stig. Heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

15. gr.

Innheimta skal holræsagjald af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Nesjahrepps, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt í.

Holræsagjald skal reiknast um 1‰ — einn af þúsundi af heildarfasteignamati hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Holræsagjald skal þó eigi vera lægra en kr. 500.00 af hverri íbúð á ári.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá hreppsnefnd gjaldið. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Greiða skal holræsagjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem eru í byggingu og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

16. gr.

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem hreppurinn hefur látið gera, enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennslislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar. Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi. Dragi húseigandi aftur á móti á langinn nauðsynlegt viðhald, getur hreppurinn ráðist í þær framkvæmdir á kostnað húseiganda.

18. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

19. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 158. 19. apríl 1974.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Nesjahrepps.

1. gr.

Vatnsveita Nesjahrepps er eign Nesjahrepps og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í hreppnum, eftir því, sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Nesjahrepps með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Nesjahrepps skulu jafnan fylgja reikningum sveitarsjóðs Nesjahrepps til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Nesjahrepps. Hreppsnefndin skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Nesjahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði hreppsins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi hreppsins með jarðraski eða mannvirkjagerð, og þess skal gætt, að grunnvatn í hreppnum spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er hreppsnefnd að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í hreppnum, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki bygginganefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægilegur.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá, er óskar að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægjanlegum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem vatnsveitan lætur í té og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tækniþekkingu á sviði vatnslagna og sem til þess hefur hlotið löggildingu vatnsveitunnar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Nesjahreppi.

7. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að myndir og áletrun máist ekki við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0 × 59.4 cm eða 59.4 × 34.0 cm.

Standi sérstaklega á, getur vatnsveitan leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, en 1:10 og 1:20, ef sýna þarf smáatriði. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utanhúss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistöð við vatnsveituæð. Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsleiðslna, loka og krana, svo og annarra þeirra atriða, sem málið snerta. Nota skal tákn í samræmi við íslenska staðla. Vatnsveitan getur krafist útreikninga á vatnslögninni, ef ástæða þykir til. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar vatnsveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal á hann færð áritun um það og annað eintak hans skal síðan geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af vatnsveitunni, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt

þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykkta þessara eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið annast, staðfestir, áður en verkið hefst, með undirskrift sinni, að hann hafi tekið verkið að sér og sé ábyrgur fyrir því, að það sé unnið eftir settum reglum. Sé skipt um pípulagningameistara á meðan á verki stendur, ber að tilkynna það vatnsveitunni. Skal pípulagningameistari sá, sem við tekur, gefa yfirlýsingu um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið, og er honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur með undirskrift sinni tekið ábyrgð á verkinu.

10. gr.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

11. gr.

Vatnsveitustjóri skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar vatnspípur má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitustjóri hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina. Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

12. gr.

Allar leiðslur frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi, nema vatnsveitan ákveði annað. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama vatnslagnakerfi við tvær heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Starfsmenn vatnsveitunnar skulu ætíð sjá um tengingu heimæða við vatnsveituæð, en eigandi heimæðarinnar skal greiða sérstakt gjald áður, stofngjald, sem hreppurinn ákveður. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð, eða á fullnægjandi hátt fyrirbyggt, að ekki frjósi í vatnspípunum. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Vatnsveitustjóri getur, ef hann telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda, að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

13. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að vatnsæðar séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga.

14. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og skal húseigendum skylt að gefa upplýsingar m. a. um vatnsnotkun og fl. þ. h., eftir því sem óskað er. Starfsmönnum vatnsveitunnar ber að sýna fyllstu kurteisi við störf sín.

15. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig, að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

16. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara sem kostur er.

17. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða í eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum aðilum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar eða vatnsveitustjóra.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af reksturstruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 15., 16. og 17. grein.

18. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram sbr. 12. grein, skal húseigandi greiða stofngjald til vatnsveitunnar. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss, og er kr. 10.00 á hvern rúmmetra húss miðað við byggingarvísitölu 913 stig. Heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

19. gr.

Innheimta skal vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Nesjahrepps, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem dreifiæð vatnsveitunnar hefur verið lögð í.

Almennur árlegur vatnsskattur skal reiknast sem 2‰ — tveir af þúsundi — af heildarfasteignamati hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Vatnsskattur skal þó eigi vera lægri en kr. 1 000.00 af hverri íbúð á ári.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Greiða skal vatnsskatt af húsum og öðrum mannvirkjum, sem eru í byggingu og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

20. gr.

Aukavatnsskatt skal leggja á iðnfyrirtæki, veitingahús, þvottastöðvar og aðra aðila, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og skal hann vera kr. 5.00 fyrir hvern m^3 vatns.

Nú notar aðili, sem greiða ber aukavatnsskatt, vatn án mælis, og ákveður hreppsnefnd þá aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Nú sætir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun hreppsnefndar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali hreppsnefndar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn í hlutfalli við niðurstöðu þeirrar mælingar.

21. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, leggur vatnsveitan til mæli og sér um viðhald hans að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 2 000.00 og leiga kr. 1 500.00 á ári fyrir hvern mæli.

22. gr.

Gjalddagi vatnsskatts samkvæmt 19. gr. er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts, en gjalddagi vatnsskatts og mælaleigu samkvæmt 20. og 21. gr. er í lok hvers mánaðar eða ársfjórðungslega eftir ákvörðun hreppsnefndar.

23. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu vatnsskattsskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er hreppsnefnd heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldanda og er heimilt að krefjast allt að kr. 1 000.00 opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á vatnsskattinum eða vatnsgjöldunum.

24. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

25. gr.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila, og má beita lögtaki, ef þörf krefur.

26. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

27. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim

skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

28. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

23. apríl 1974. Nr. 159.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Ögmund Jónsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Ögmund Jónsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Ögmund Jónsson.

2. gr.

Stofndagur sjóðsins telst vera 1. maí 1971.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ættingjar, vinir og kunningjar Ögmundar Jónssonar yfirverkstjóra, sem lést þann 30. janúar 1971.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60.000.00.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, framlög styrktarfélaga, gjafir, áheit, svo og aðrar tekjur vegna fjáröflunarleiða, sem sjóðstjórn ákveður.

5. gr.

Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að halda á lofti minningu Ögmundar Jónssonar yfirverkstjóra.
2. Að styrkja konur og karla til fræðslu og þjálfunar í þágu alþýðuhreyfingarinnar á Íslandi.
3. Að sinna öðrum skyldum verkefnum, sem sjóðsstjórn ákveður með samþykki styrktarmannafundar.

7. gr.

Styrktarmenn sjóðsins geta allir þeir orðið, sem greiða árlegt framlag til sjóðsins. Árgjaldið skal ákveðið á fundi styrktarmanna, sem haldinn skal 1. maí ár hvert og telst það aðalfundur. Á þeim fundi gefur stjórn sjóðsins skýrslu um hag hans og starfsemi og leggur fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið almanaksár. Þá skal og á þeim fundi kjósa sjóðsstjórn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, sem kjörnir eru á stofnfundi, en síðan á aðalfundi, sbr. 7. gr. Skulu stjórnarmenn vera úr hópi styrktarfélaga. Stjórnin skiptir með sér verkum innan viku frá aðalfundi: formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Hlutverk stjórnarinnar er að annast um varðveislu sjóðsins og úthlutun styrkja og viðurkenninga. Skal stjórn sjóðsins halda gjörðabók um stjórnarfundi og aðra fundi. Auk stjórnar skal fundurinn einnig kjósa 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Skulu þeir einnig vera úr hópi styrktarfélaga.

9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í einhverjum af ríkisbönkunum. Þá getur sjóðurinn og með samþykki meirihluta stjórnar ávaxtað fé sitt með kaupum á vísitölutryggðum skuldabréfum Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Ársvextir sjóðsins, framlög og tekjur skulu leggjast við hann óskert uns höfuðstóll hans er orðinn kr. 150 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur — en þá fyrst má verja allt að helmingi af árstekjum sjóðsins til úthlutunar samkvæmt 6. grein. Hinn hlutinn leggst við höfuðstól, sem ekki má skerða. Telji sjóðsstjórn ekki ástæðu til þess að ráðstafa því fé, sem heimilt er að úthluta samkv. 6. grein, getur hún annað tveggja lagt það fé við höfuðstól eða geymt það til síðari úthlutunar.

11. gr.

Skipulagsskrá Minningarsjóðs um Ögmund Jónsson var lögð fyrir stofnfund styrktarmanna hinn 1. maí 1971 og samþykkt á þeim fundi í þeirri mynd, sem hér er prentað. Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi með samþykki meirihluta skuldlausra styrktarfélaga.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 160. 24. apríl 1974.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel í Skagafirði, sem andaðist 10. okt. 1972.

Heimili sjóðsins er að félagsheimilinu Héðinsminni í Akrahreppi.

Sjóðurinn er stofnaður af félögum karlakórsins Feykis á afmælisdegi Árna heitins Jónssonar 21. apríl 1974, með framlagi að fjárhæð kr. 100 000.00 — eitthundrað þúsund krónur 00/100.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja tónlistar- og söngllf í sveitum Skagafjarðar. Má þar til nefna tónlistarkennslu, stuðning við söngkóra, svo og námsstyrki til aðila, er stunda tónlistarnám til undirbúnings starfa á starfssviði sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk stofnframlags samkvæmt framanrituðu:

1. Framlög og gjafir, er berast kunna.
2. Ágóði af minningar- og jólakortum, er sjóðurinn kann að gefa út.
3. Ágóði af samkomum, sem haldnar kunna að verða á vegum sjóðsins.
4. Vextir af höfuðstól, (sjá þó 4. gr.).

4. gr.

Eigi má úthluta styrkjum úr sjóðnum fyrr en hann hefur náð kr. 500 000.00. Má þá úthluta ⅔ af ársvöxtum, en ⅓ þeirra leggst ávallt við höfuðstól.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða á annan tryggilegan hátt.

5. gr.

Sjóðurinn skal starfa undir umsjón sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, 2 og jafnmargir til vara, kosnir af sýslunefnd, eftir hverjar nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar og 1, tilnefndur af Báru Jónsdóttur á Víðimel, ekkju Árna Jónssonar, og niðja þeirra, meðan þeirra nýtur við, en að þeim frágengnum skal hreppsnefnd Akrahrepps nefna 1 mann og annan til vara í stjórn, eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar- og efnahagsreikning fyrir sjóðinn, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gert í Héðinsminni, 21. apríl 1974.

Magnús H. Gíslason. Árni Bjarnason. Sveinn Þ. Gíslasson.
Sig. Sigurðsson. Konráð Gíslason. Guðmann Tobíasson.
Gunnar Oddsson.

24. apríl 1974. Nr. 161.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Laugarbakka í Ytri-Torfustaðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar er þurfa þykir.

3. gr.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Ytri-Torfustaðahrepps með sérstöku reikningshaldi. Reikingsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti reikningshald, innheimtur og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Hver sá, er óskar að kaupa vatn af Vatnsveitu Laugarbakka skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu háð leyfi með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað af lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald hennar.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta án tafar gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Framkvæmi eigandi ekki nauðsynlegar viðgerðir án tafar, er vatnsveitunni heimilt að gera það á kostnað eiganda.

7. gr.

Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja til athugunar á þeim og eftirlits með vatnsnotkun. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess kostur. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

9. gr.

Áður en tenging fer fram, skal húseigandi greiða stofngjald til vatnsveitunnar. Skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 12.00 á hvern rúmmetra allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 8.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram, en þó aldrei lægra en kr. 7 000.00.

10. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í. Skal hann árlega nema 0.20% af fasteignamati, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar, eins og það er hverju sinni.

Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1 000.00 af hverri húseign árlega. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.

Fyrir aðra notkun vatns en til venjulegra heimilisnota skal greiða gjald, er hreppsnefndin ákveður.

11. gr.

Gjöld skv. 9. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 913 stig, en heimilt er hreppsnefndinni að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á henni um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins. Þá getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað gjöld skv. 9. og 10. gr. um allt að 50%, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

8. maí 1974. Nr. 162.

SAMÞYKKT

um hundahald á Sauðárkróki.

1. gr.

Hundahald er bannað á Sauðárkróki.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþágu er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæð þess við það miðuð.

c) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.

f) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. maí 1974.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 163. 10. maí 1974.

AUGLÝSING

um skipulag í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Bæjarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 164. 10. maí 1974.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Hafnarfjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn samþ. að nota heimild 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja

sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krísuvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964.

Nánar til tekið eru eignir þessar m. a.:

Jörðin Lónakot.

Jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið, Óttarsstaðir II, Óttarsstaðagerði, Blikalón I og Glaumbær.

Jörðin Straumur, þar með talið Straumsbúið, Jónsbúð, Þýzkabúð, sumarbústaður Guðrúnar Helgadóttur og eignarland Bjarna Bjarnasonar.

Litli Lambhagi.

Stóri Lambhagi.

Landspilda Hákonar Bjarnasonar.

Landspilda Skógræktar ríkisins.

Landspilda Jóhönnu og Bjargar Sigurjónsdætra.

Gerði.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

16. maí 1974. Nr. 165.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Sauðárkrókskaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, sem fyrr kemur, fái fyrr aðgang og

haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturró manna. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur og annað heimilisfólk eða veldur því ótta.

5. gr.

Á götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina. Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða, handvagna eða annað, sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

6. gr.

Enginn má versla með skotvopn, sprengjur, skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda. Um sölu og meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum skal fara skv. reglugerð nr. 258/1964 eða öðrum reglum, sem um slíkt kunna að verða settar samkv. lögum.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skambyssu, af boga eða öðrum skotvopnum í landi Sauðárkrókskaupstaðar að afréttargirðingu, og á hafnarsvæðinu, né heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni, skoteldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum slóðum má ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu.

Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda, þegar sérstaklega stendur á, enda séu leyfi bundin við ákveðið svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra bál, brenna rusl eða úrgang, eða ganga með blys.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja gleri, steinum, nöglum, úrgangi, hálmi eða öðru rusli á almannafæri, né heldur hella niður olíu eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu, óþrifnað eða mengun.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur Sauðárkrókskaupstaðar eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfninni, að hneykslun valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðinni.

13. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Sauðárkrókskaupstaðar eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Verði einhver valdur að slíku óviljandi, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

15. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið snúi upp.

Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem

minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar.

19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Sauðárkrókskaupstaðar eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur bæjarstjóri eða lögreglustjóri látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Ekkert má hafa það í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt sé við því að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar vegg eða girðingu liggur við falli eða hruni, eða ástand mannvirkis er þannig, að hætta getur stafað af fyrir umferð.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar, sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leyfar af verkefni og annað, sem af húsbyggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið, eða verki því, sem unnið er, að því verði við komið.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki á þeim, skal gera nægilega traust.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafist þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir, og ætíð teknir niður að loknu verki.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

25. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl og annað þar, sem hætta getur verið á að það fjúki, og bera eigendur eða umráðamenn ábyrgð á tjóni, sem hljótast kann af slíku.

26. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann gerir það ekki sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

Bannað er að hafa þverslár, strengi eða stöng, yfir vegi, götur og gangstíga, í þeirri hæð, að vegfarendur eða umferð geti stafað hætta af og heldur ekki skástöng út frá staurum eða hliðum, nema tryggilega merkt með endurskinsmerkjum, þar sem lögregla samþykkir að slík stöng megi vera. Um girðingahlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum gildandi vegalaga.

27. gr.

Í fjöru eða á hafnarsvæði má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti, veiðarfærum, veiðibúnaði eða neinu öðru, sem tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI

Um umferð á götum.

28. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir umferðarlögum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, nema þar sem annað er ákveðið.

29. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum lögreglu, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við gatnamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

30. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 35 km á klukkustund, nema þar sem annað er ákveðið og tilgreint með umferðarmerkjum. Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

31. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar, en í löngum boga, ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að stöðva ökutæki á gatnamótum eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvatna, eftir því sem við á.

32. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Sauðárkrókskaupstaðar. Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kaupstaðarins og eru þeir, sem ríða eða aka, skyldir til að gera fótgangandi mönnum, sem á undan eru, aðvart í tæka tíð.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaupstaðarins og án ónauðsynlegrar viðdvalar. Hvorki fælna sé slæga hesta má reka um göturnar.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götum en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar, sem staddir eru í kaupstaðnum, skulu ávallt vera í gæslu og hýstir um næstur.

Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýna nauðsyn ber til, getur lögreglan látið taka hesta frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaupstaðnum, né láta þá standa í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglu, þó að veður sé gott. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða framhjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

33. gr.

Það úr hestum eða öðrum búfénaði, sem farið er með um götur kaupstaðarins, og fellur á götur, skulu umráðamenn þrífa upp og fjarlægja á sinn kostnað, strax eftir rekstur eða umferð. Verði misbrestur á, geta lögregla eða bæjaryfirvöld látið framkvæma hreinsunina á kostnað hlutaðeigenda.

34. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur.

35. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

36. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisútbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja séu ávallt í fullkomnu lagi.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðastjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim er slasast hefur, ef þörf gerist.

37. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar og aðrir ökumenn skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda ekki óþarfa hávaða. Þeim ber og að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

Bifreiðar og bifhjól, sem valda óeðlilegum hávaða, svo að undan sé kvartað, getur lögregla tekið úr umferð, þar til viðgerð hefur farið fram.

38. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkv. lögum um notkun bifreiða.

39. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri. Glitauga skal hafa aftan á reiðhjólum.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstakrar varúðar má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, sé þess krafist og hjálpa þeim slasaða, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar, ef löreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

IV. KAFLI

um friðun almenningseigna o. fl.

40. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem er ætlað til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

41. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum kaupstaðarbúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

42. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

43. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan bæjarlandsins. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum, matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

V. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar, húsnúmer og götuspjöld.

44. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmt-

anir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

45. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

46. gr.

Byggingarnefnd ákveður nöfn á götum og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

47. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni, sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

48. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt afhæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

49. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

50. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

51. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglustjóra.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 49. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. venjulegum reglum um starf lögreglumanna.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum, sem hafa gerst brotlegir, aðgang að samkomum.

52. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, og eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir, sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna, skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er að stúlkur innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

53. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem bæjarstjórn tiltekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Bæjarstjórn ákveður hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í bæjarsjóð, í samráði við bæjarstjóra.

54. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

55. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

56. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna (hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða þróm og brunnum). Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

57. gr.

Bæjarstjórn sér um, að bæjarbúar hafi óhindraðan aðgang að afgirtu sorphaugasvæði í bænum eða næsta nágrenni hans. Er öllum skylt að ganga vel og þrifalega um svæðið.

Skyldur er hver húsráðandi að hafa við hús sitt ílát fyrir sorp, sem heilbrigðisnefnd og bæjarstjórn samþykkja, og getur bæjarstjórn ákveðið að allir húseigendur noti sams konar sorpílát, til þess að auðvelda hreinsunarstörf, er fram fara á vegum bæjarins.

58. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

59. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan flutningnum stendur.

60. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

61. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vitað að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

62. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig komið fyrir, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innyfli búfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt, að hundar nái ekki til þeirra.

IX. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

63. gr.

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kaupstaðnum nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar og þá aðeins utan byggðar, enda séu þeir hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eigenda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

64. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan á kaupstaðarlóðinni, nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

65. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í bænum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal lögreglan handsama. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt.

Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

Ef ætla má, að sama skepna valdi ítrekuðu tjóni á ræktarlóðum í bænum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda, en lógað, ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar strax aftur til bæjarins. Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum.

66. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum bæjarstjórnar um hagabeit í landi kaupstaðarins, bæði hvernig hagabeit, upprekstri og smölun skuli hagað og gjöldum fyrir það. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um búfjárhald í bænum.

67. gr.

Bannað er að hafa hunda á Sauðárkróki. Undanþágur skulu aðeins veittar samkvæmt staðfestri reglugerð um hundahald í Sauðárkrókskaupstað.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdræpir.

68. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

69. gr.

Heilbrigðisfulltrúa er heimilt að kveðja lögreglu til aðstoðar við að halda í skefjum fjölgun dúfna og annarra ónytjadýra, er óþrifum valda.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

70. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Sauðárkrókskaupstaðar.

71. gr.

Með mál, sem rísa úr af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

72. gr.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum í bæjarsjóð, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 4 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

73. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en lögreglustjóri f. h. ríkissjóðs, ef um lögreglukostnað er að ræða, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

74. gr.

Með samþykkt þessari eru úr gildi fallin ákvæði, er snerta Sauðárkrók í Lögreglusamþykkt Skagafjarðarsýslu, nr. 71 1. júlí 1937, svo og öll önnur ákvæði og samþykktir bæjarstjórnar, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 166. 17. maí 1974.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, sem fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturró manna. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur og annað heimilisfólk eða veldur því ótta.

5. gr.

Á förnum götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina.

Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða, handvagna eða annað, sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi sem liggja í bæjarlandinu né neins staðar neðan girðinga í bænum, né heldur innan takmarka hafnarinnar, né heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni, skoteldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum slóðum má ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu né heldur kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda, ef sérstaklega stendur á, enda séu leyfi bundin við ákveðin svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra bál eða ganga með blys.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprenginefni og önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

8. gr.

Enginn má ganga um dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur Seyðisfjarðarkaupstaðar, í lóninu eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfninni, að hneykslun valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir

menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka, að svo miklu leyti sem tjón greiðist ekki úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, húsþökum, garðshliðum, tröðum eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús eða garða manna í óleyfi.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tekur til. Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almannafæri, nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum eldri en 8 ára heimilt að selja blöð, merki og happdrættismiða.

15. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Seyðisfjarðarkaupstaðar eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Verði einhver valdur að slíku óviljandi, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið snúi upp.

Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsað svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar.

19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Seyðisfjarðarkaupstaðar eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal

gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur bæjarstjórn eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Ekki má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli, eða þess konar á almannafæri, eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

21. gr.

Nú er hús svo hörlegt, að hætt er við því, að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin eða byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar, sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af húsbyggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verk það, sem unnið er, að því verði við komið.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust.

Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð

þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

25. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárni laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki eða sé öðrum til tjóns og meiðsla. Sama gildir um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

26. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann gerir það ekki sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

27. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI
Um umferð á götum.

28. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

29. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögregla gefur, einkum þegar farið er yfir þvera götu við gatnamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

30. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 45 km

á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

31. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar en í löngum boga ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að stöðva ökutæki á gatnamótum eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvagna, eftir því, sem við á.

32. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Seyðisfjarðarkaupstaðar og ekki ríða hraðar en töltferð.

Hestar, sem staddir eru í kaupstaðnum, skulu ávallt hýstir um nætur.

33. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

34. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur.

35. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

36. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisútbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja sé ávallt í fullkomnu lagi.

37. gr.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar og aðrir ökumenn skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

38. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

39. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri. Glitauga skal hafa aftan á reiðhjólum.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstaka varúð má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

40. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseigum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

41. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkrun hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum kaupstaðarbúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

42. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kaupstaðnum.

43. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan bæjarins. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

V. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

44. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmt-

anir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

45. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

46. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

47. gr.

Hverjum sem hefur veitingasölu, hverju nafni, sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

48. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

49. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

50. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

51. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 49. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. venjulegum reglum um starf lögreglumanna.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum, sem hafa gerst brotlegir, aðgang að samkomum.

52. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 tímabilið 1. september til 30. apríl ár hvert og ekki eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annari viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfis síns um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessu ákvæði. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er að stúlkur innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

53. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem bæjarstjórn tiltekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Bæjarstjórn ákveður hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í bæjarsjóð.

54. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI
Um samgöngur við skip.

55. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

56. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna (hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða í þróm og brunnum). Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

57. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

58. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í, eða grafa með öðrum hætti.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

59. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

60. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

61. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

62. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig komið fyrir, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innyfli búfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd, þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt, að hundar nái ekki til þeirra.

IX. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

63. gr.

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kaupstaðnum nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eiganda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

64. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

65. gr.

Búfenað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í bænum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal lögreglan handsama. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða, ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt.

Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

Ef ætla má, að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í bænum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda, en lógað, ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar strax aftur til bæjarins. Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum, ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

66. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum bæjarstjórnar um hagbeit í landi kaupstaðarins, bæði hvernig hagbeit, upprekstri og smölun skuli hagað og gjöldum fyrir það. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um búfjárhald í bænum.

67. gr.

Bannað er að hafa hunda í Seyðisfjarðarkaupstað. Þó má lögreglustjóri leyfa þarfahunda á lögbýlum og minkaveiðihunda, enda séu þeir undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur eru réttdræpir.

Skylt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

68. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

X. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

69. gr.

Byggingarnefnd ákveður nöfn á götum og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

70. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

71. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

72. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum í bæjarsjóð, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

73. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

74. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 153 12. september 1941, sbr. auglýsingu nr. 94 30. júní 1954, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðinn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 167. 27. maí 1974.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

2.3 Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63 A 1-fasa	40 680	Innifalið
63 A 3-fasa	43 910	—
100 A —	52 200	—
200 A —	84 130	—
315 A —	175 330	—
300 kVA —	245 030	Samkv. kostnaði
500 kVA —	409 010	—
800 kVA —	654 050	—

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiðir hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1][2] Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./st.
63 A 1-fasa	7 210	1 070	13 660
63 A 3-fasa	10 130	1 070	15 810
100 A —	10 740	1 380	18 110

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

3. gr.

Fellur niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Fellur niður.

III. KAFLI
MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	168.50			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	373.20	625.90	722.20	1 203.70
Tvígjaldsmælar, mestu-mælar	625.90	722.20	1 143.60	1 829.70

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiðir hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Rofar:	Upp að 30 A kr.
1 × 10 A—2 × 30 A	938.90
3 × 15 A—3 × 60 A	1 143.60
3 × 100 A—3 × 350 A	2 768.60

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 21.38 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

7.2 Kr. 29 362.45 hvert árskílówatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götlulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 5.67 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 2 936.24 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal og kr. 90.64 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 6 083.63 hvert árskílówatt, og öll notkun kr. 5.67 hver kWst., ef um meira en 2.5 kW afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 wött á kr. 3 682.05 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 5.32 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 5.29 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 264.50 á ársfjórðungi.

8.4 Kr. 4.63 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 4.63 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 15 858.99 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 4.34 hver kWst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 15 859.99 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 4.34 og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 29 362.45 hvert árskW.

8.8 Kr. 4.02 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbyggingar viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 10.67 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

9.2 Kr. 2 134.30 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 4.17 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina sem hér segir:
Kr. 3 575.19 á árskW.
Auk þess skal greiða kr. 1 82 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 11 582.21 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 5.67 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 11.24 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 2.24 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 1.54 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst., tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 1.66 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 4 452.36 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 2 046.59 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 12 647.19 á ári.

10.4 Kr. 1.94 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 1.11 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 0.70 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 1.09 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 4.63 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi

Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis og vaxtagjalds. Gjaldskrárbreytingar samkv. framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 780.00, fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

21. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingum nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 51 28. febrúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. maí 1974. Nr. 168.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

01 1. Um kWst.-mæli á kr. 21.38 hverja kWst.

02 2. Um kWst.-mæli á kr. 10.22 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 2 772.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 52.00 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 26.00 á m^2 á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

12 Um kWst.-mæli á kr. 4.64 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 480.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

20 1. Um kWst.-mæli á kr. 10.22 hverja kWst.

23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 5 066.00 hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 1.82 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 25 314.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVa-notkun í stað mestu KW-notkunar.

D. Hitun.

03 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 4.03 hverja kWst. (án söluskatts).

04 1.2 Um kWst.-mæli kr. 4.75 hverja kWst. (með söluskatti).

16 2.1 Um kWst.-mæli á kr. 1.44 hverja kWst. (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.

17 2.2 Um kWst.-mæli á kr. 1.67 hverja kWst. (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
32 3.1 Um kWst.-mæli á kr. 0.75 hverja kWst. (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
33 3.2 Um kWst.-mæli á kr. 0.87 hverja kWst. (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

50 Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: kr. 9 234.00 hvert árs-kW.
Orkugjald: kr. 1.03 hverja kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
a) Um kWst.-mæli á kr. 11.23 hverja kWst.
b) Um mestastraumsrofa á kr. 105.00 hvert amper á mánuði.
Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kWst.-mælir eða mestastraumsrofi.
41 3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 29 322.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 24.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 60.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 100.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 153.00 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr.	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
	220 V KERFI			
63 A 1-fasa	18 810	1 050	14 250	13 850
100 A —	22 800	1 260	18 050	17 310
63 A 3-fasa	23 560	1 260	18 050	17 310
100 A —	29 260	1 430	20 520	21 640
125 A —	36 500	1 600	25 680	22 700
200 A —	56 990	2 170	40 660	25 950
300 A —	82 260	2 640		
	380 V KERFI			
63 A 1-fasa	18 810	1 050	16 150	13 850
63 A 2-fasa	22 800	1 050	18 050	16 150
63 A 3-fasa	31 920	1 260	24 510	17 310
100 A —	50 540	1 430	36 480	21 640
125 A —	63 070	1 600	44 270	22 700
200 A —	98 790	2 170	69 920	25 950
300 A —	142 480	2 640		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemur kr. 774 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 V og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi, en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umfram gjald kr. 7 600 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal hús-

eigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 400.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 500.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkvæmt kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupvísitölu eftir 1. júní 1974 er rafveitunefnd heimilt að hækka að lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur 11% svo og gjöld skv. lögum nr. 4/1974 og lögum nr. 5/1974 eru innifalin í upphæð gjalda skv. 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 52 4. mars 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 169. 27. maí 1974.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 21.00 á kWst.

1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 7.35 á kWst.
Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:
Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. ..... — 108.70 á m^2 á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 35,70 á m^2 á ári

1.3. Til hafnarlýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 5.90 á kWst.

1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 15 264.00 árskW enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
a. Grunngjald ..... kr. 36.00 á mán.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 4.70 á kWst.
c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 36.00 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2, eða minna, reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 11.80 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægra.

Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl- og orkumæla:
Fast gjald ..... kr. 5.436.00 á ári
Orkugjald ..... — 1.86 á kWst.
Aflgjald af notuðu afli, lágm. 2 kW ..... — 5 436.00 á ári á kW

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið.

Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Fast gjald ..... kr. 5 436.00 á ári
Orkugjald ..... — 1.86 á kWst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágm. 2 kW .. — 4 504.00 á ári á kW

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 1.48 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 1.68 á kWst.

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.36 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 31.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 52.00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ..... — 72.50 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

	Jarðstrengur	
	Lágmark	Yfirlengd
Málstraumur stofnvara	kr.	kr./m
60 A 1-fasa	15 930.00	920.00
60 A 3-fasa	22 155.00	965.00
100 A —	33 240.00	1 120.00
125 A —	45 900.00	1 300.00
200 A —	58 875.00	1 700.00
350 A —	104 400.00	2 220.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 400.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 400.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 378 11. desember 1973 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. maí 1974. Nr. 170.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Hólmavíkurhreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í fortöllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.
Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.
Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.
Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.
Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 171. 28. maí 1974.

REGLUGERÐ

um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.
Ef aðrar tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 37 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 80 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram kr. 37 500 á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru.

2. gr.
Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, en hafa ekki aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga, er fara ekki fram úr 67 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri að upphæð 144 000 kr. á ári. Hafi hjónin hins vegar tekjur umfram 67 500 kr. á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru.

3. gr.

Nú nýtur annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, skal þá helmingur tekna þeirra, annarra en lífeyris almannatrygginga, teljast tekjur lífeyrisþegans. Fari þessar tekjur hans ekki fram úr 37 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 80 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 37 500 á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru.

4. gr.

Með „öðrum tekjum" í 1.—3. gr. er átt við allar tekjur í tekjudálki skattskýrslu, aðrar en tryggingabætur, eigin húsaleigu og tekjur barna.

5. gr.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt ofanrituðu, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattyfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem komið hafa í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkvæmt 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós, að úrskurður bóta hafi verið byggður á röngum upplýsingum, ákveður tryggingaráð, hvernig með skuli fara.

6. gr.

Þeir, sem eiga rétt til hækkunar á ellilífeyri vegna frestunar á töku hans fram yfir 67 ára aldur samkvæmt 11. gr. laganna, skulu njóta þeirrar sérstöku hækkunar umfram þær hækkanir, sem getið er í 1.—3. grein hér að framan.

7. gr.

Við ákvörðun lágmarkstekna samkvæmt framansögðu, svo og við ákvörðun á heimildarhækkunum, skal, eftir því sem við verður komið, hafa gætur á, hvort umsækjandi um slíkar bætur hefur ráðstafað eignum sínum með þeim hætti, að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur lækkunar. Þegar svo stendur á, metur tryggingaráð, hvort synja skuli umsókn.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Á þetta t. d. við um kostnað vegna vistunar á elliheimili.

Enn fremur er heimilt að greiða uppbót vegna mikils kostnaðar, þó að umsækjandi dvelji í heimahúsum, t. d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu, eftir nánari fyrirmælum tryggingaráðs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, samanber lög um breyting á þeim lögum nr. 96 27. desember 1971 og lög nr. 62 21. maí 1974, staðfestist hér með til þess að taka gildi 1. júní 1974. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 32 25. janúar 1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. maí 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Klapparstígur frá Vallargötu að Kirkjuvegi verður lokaður allri bifreiðaumferð um óákveðinn tíma þar til öðruvísi verður ákveðið.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 29. maí 1974.

Alfreð Gíslason.

Nr. 173. 30. maí 1974.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Stykkishólmi.

1. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólms hefur ein heimild til að leggja holræsi í Stykkishólmi, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalræð. Sé um óeðlilega vegalengd að ræða ber sveitarsjóði að greiða kostnað frá lóðarmörkum.

3. gr.

Hreppsnefnd ræður menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins. Tengigjald þetta skal vera kr. 5 000.00 fyrir hverja íbúð í húsi. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 12.00 á hvern rúmmetra. Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð, er nemi 0.1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00. Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir

gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum, sem renna í sveitarsjóð. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

30. maí 1974 Nr. 174.

REGLUGERÐ

um úthlutun olíustyrks.

1. gr.

Tekjum af gjaldi, sem lagt var á með lögum nr. 5/1974, skal varið til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða samkvæmt lögum nr. 47/1974 svo sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir tekjur af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., inn á reikning olíusjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Viðskiptaráðuneytið ávísar síðan greiðslum úr olíusjóði til sveitarfélaga og rafveitna, sem teljast eiga rétt á olíustyrk til að draga úr hækkun á hitunarkostnaði íbúða.

Greiðslurnar skulu inntar af hendi fyrir þriggja mánaða tímabil í senn, mars-maí 1974, júní-ágúst 1974, september-nóvember 1974 og desember 1974 — febrúar 1975. Upphæð styrksins til einstaklings og einstakra rafveitna er ákveðinn fyrir hvert tímabil og miðast við stöðu olíusjóðsins þá og fjölda þeirra, sem styrks njóta.

3. gr.

Jafnskjótt og sveitarfélögum hafa borist greiðslur vegna olíustyrks skulu þau úthluta olíustyrk til þeirra íbúa, sem heimilisfastir eru í viðkomandi sveitarfélagi og nota olíu til hitunar íbúða sinna. Greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings vegna þeirra sjálfra. Olíustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

4. gr.

Sveitarfélög skulu innan tveggja vikna frá lokum hvers þriggja mánaða tímabils, sbr. 2. gr., gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun. Skal miðað við, að sá, sem styrks nýtur, hafi verið búsettur í sveitarfélaginu meirihluta tímabilsins.

Enn fremur skulu sveitarfélög tilkynna sérstaklega, hve margir lífeyrisþegar eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1974 rétt á 1½ styrk. Skal umboðsmaður almannatrygginga eða skattstjóri á viðkomandi stað staðfesta þær upplýsingar. Um staðfestingu á öðrum upplýsingum sveitarfélaga getur viðskiptaráðuneytið, ef þörf þykir, leitað til viðkomandi bæjarfógeta eða sýslumanns.

5. gr.

Vegna ákvörðunar um styrk til rafveitna, skal orkuver og/eða rafveita senda Orkustofnun eftirtaldar skýrslur innan tveggja vikna frá lokum hvers tímabils, sbr. 2. mgr. 2. gr.:

1. Skýrslu um notkun olíu til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.
2. Skýrslu um heildarorkuframleiðslu á umræddu tímabili, flokkaða eftir því, hvort framleitt hefur verið með olíu eða öðrum orkugjafa.
3. Skýrslu um verð á raforku til hitunar íbúða í desember 1973 og fyrir það tímabil, sem skýrslan á við.

Orkustofnun yfirfer og endurskoðar ofangreindar skýrslur og getur hún krafist hvers konar tiltækra gagna og upplýsinga í þessu skyni. Orkustofnun staðfestir síðan skýrslurnar og sendir þær viðskiptaráðuneytinu, sem tekur ákvörðun um, hvort eða hve mikinn styrk skuli veita til að draga úr verulegri hækkun rafmagns til hitunar íbúða vegna hækkunar á olíu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. maí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um Kennaraháskóla Íslands.

I.

Réttindi, markmið og inntaka nemenda.

Réttindi.

1. gr.

Kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands veitir réttindi til að kenna í skyldunámsskólum og í yngri aldursflokkum, er að því stigi liggja og heimildir eiga á skólavist á kostnað ríkisins og sveitarfélaga.

Markmið.

2. gr.

1. Námið skal við það miðað, að kennaraefni öðlist fræðilegt og verklegt vald á kennslugreinum og öðrum viðfangsefnum skólastigsins og leikni í að miðla þekkingu og efla kunnáttu. Þjálfa skal kennaraefni í hagkvæmum og skipulegum vinnubrögðum, verklegum sem fræðilegum, í sjálfstæðu starfi sem samvinnu, og áhersla lögð á alúð og skyldurækni.
2. Kennaraefni skulu öðlast þekkingu til að meta námsmarkmið, námsefni og námsárangur auk þess heildarskilnings á nemandanum, samfélagi hans og umhverfi öllu, er gerir þau hæf til að leiðbeina honum og ástunda samvinnu við vandamenn hans, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna og aðild mega eiga að góðu gengi nemandans.
3. Efla skal með kennaraefnum vilja til sífelldrar endurnýjunar á eigin hæfni.
4. Kennaraháskólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í íslensku umhverfi, leita nýrri og haldbetri kenninga og aðferða í námi og kennslu og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahaldi og fræðslulöggjöf.
5. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á nýjungum í skóla- og uppeldismálum, sbr. X. kafla þessarar reglugerðar.

Inntaka nemenda.

3. gr.

1. Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.
2. Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:
   a. Stúdentspróf, og sé einkunn í íslensku eigi lægri en 5.
   b. Annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt, og menntamálaráðuneytið fellst á mat hennar, enda hafi umsækjandi að dómi skólastjórnar fullnægjandi undirstöðumenntun til að hefja kennaranám.
   c. Þeir sem lokið hafa kennaraprófi eða prófi úr framhaldsdeild skólans eftir árlangt nám, geta bætt við sig námi í Kennaraháskólanum, þegar hann hefur

tekið til starfa að fullu, sbr. 4. gr. 2. E. Þó skal þeim gerður kostur á að hefja námið eigi síðar en haustið 1974.

d. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar, sbr. 2. tölulið b og c. Eigi skal beita slíku mati nema rektor æski þess, en tveir viðurkenndir sérfræðingar annist það, og sé annar sálfræðingur, hinn læknir.

3. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið eða hamli skólavist að dómi skólastjórnar, enda leiti hún álits sérfræðings, sálfræðings eða læknis, eftir því sem við á, áður en synjað er um skólavist af þeim sökum, er hér getur.

II.

Námstími og nám.

4. gr.

1. Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Í hverju skólaári skulu vera allt að 35 starfsvikur. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfs mánaðar vik frá þessu ákvæði.

Námstími er frá 1. september — 15. júní og skiptist á haustmisseri frá 1. september — 24. janúar og vormisseri frá 25. janúar — 15. júní.

Jólaleyfi hefst 20. desember, kennsla hefst 7. janúar; páskaleyfi hefst miðvikudag fyrir skírdag, kennsla hefst þriðja í páskum; hvítasunnuleyfi hefst laugardag fyrir hvítasunnu, kennsla hefst þriðjudag eftir hvítasunnu.

Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta og 1. desember.

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

A. Almennt kennaranám.
   a. Uppeldisgreinar bóklegar, kjarni, 2 hlutir.
   b. Kennsluefni skyldunámsskóla.
      1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.
      2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Hafi nemandi áður lokið fullgildu námi í valgrein, sbr. 8. gr., er honum heimilt að taka hvort heldur er eina eða tvær valgreinar, sbr. og 5. gr. 2. D.
   c. Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn, 2 hlutir.

B. Nám handavinnukennara skal vera:
   a. 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum kjarna, er skiptist jafnt á öll námsárin.
   b. 1 hlutur í öðrum greinum kjarna, sem ljúka skal á 1. ári.
   c. 2 hlutir í bóklegri valgrein, skiptist á 2. og 3. ár.
   d. 7 hlutir í handlistum, er skiptist jafnt á öll námsárin.

Heimilt er að víkja frá skipan þessari á niðurröðun námsefnis, ef brýn ástæða þykir til af hagræðingarsökum.

Í námskjarna skulu þeir, er velja handavinnu sem aðalgrein, leggja stund á uppeldisgreinar til jafns við þá kennara, er velja bóklegar greinar,

Af öðru efni hins almenna námskjarna skulu þeir kjósa fjórar úr hópi eftirtalinna greina: íslensku, siðfræði, skrift, teikningu, líffræði, sbr. 5. gr.

C. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta.

D. Fjalla skal um efni á námskeiðum, ef betur hentar en að skipa því á samfellda stundaskrá námsmisseris.

E. Nám þeirra, sem teknir eru í skólann skv. 3. gr. 2. c, skal skipulagt þannig, að nemendum sé gerður kostur á að ljúka prófi á uppeldislegu sérsviði og í 2 valgreinum á 2 árum, og sitji þeir a. m. k. annað árið í skólanum. Námsgreinar þær, sem kenndar eru ár hvert, skulu auglýstar í samráði við menntamálaráðuneytið eigi síðar en 16 mánuðum áður en kennsla hefst. Kostur skal og gerður á námskeiðum í einstökum greinum námskjarnans, ef skólaráð mælir með því.

5. gr.

1. Greinar í kjarna eru:
   A. Bóklegar greinar:
      a. Uppeldisgreinar, b. íslenska og íslensk fræði, c. félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði, d. stærðfræði, e. líffræði.
   B. List- og verkgreinar:
      a. Teiknun og handavinna, föndur, skrift, b. söngur og tónfræði, c. íþróttir og fimleikafræði. — Í kjarna er auk þess námsefni það, sem getið er í 3. tl. þessarar greinar, nema vélritun og leiklist, sbr. þann tölulið.
2. Valgreinar:
   A. Hvert kennaraefni skal velja tvær bóklegar greinar, nema handavinnukennarar; þeir velja eina bóklega grein auk handavinnu.
   B. Valgreinar eru:
      Íslensk fræði, kristinfræði, stærðfræði, handavinna, saga, félagsfræði, landafræði, líffræði, eðlis- og efnafræði, danska, enska.
   C. Uppeldisleg sérsvið eru þrjú og taka til kennslu í **yngstu aldursflokkum** í skyldunámi, **elstu aldursflokkum** þess og kennslu **afbrigðilegra ungmenna.** Fjölga má sérsviðum með samþykki ráðuneytis.
   D. Heimilt er kennara, sem lokið hefur prófi frá Kennaraháskóla Íslands, að auka við sig sérsviði eða valgrein.
3. Námskeið.
   A. Námskeið í kjarna:
      a. Hjálp í viðlögum, b. nýsikennsla, hönnun og gerð kennsluefnis, c. umferðarfræðsla, d. starfsfræðsla, e. fjölskyldufræði.
   B. Ef styrkbær fjöldi nemenda æskir þess, skal og halda námskeið í vélritun og leiklist. Skal leiklistarkennslan miðuð við gildi og gagnsemi leiklistar í starfi skyldunámsskóla. Er það nám valfrjálst að öllu.

6. gr.

Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

1. Uppeldisgreinar: sálarfræði, uppeldisfræði, skólasaga, kennslufræði og kennsluæfingar.
2. Félagsgreinar: félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristin fræði.
3. Mál: íslenska og íslensk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.
4. Raungreinar: eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.

5. List- og verkgreinar: skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

Í námsskrá er mælt fyrir um efnisatriði einstakra námsgreina.

Heimilt er stjórn skólans að fækka eða fjölga kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Rektor veitir nemendum undanþágu frá íþróttum og handlistum, ef læknir mælir með því.

8. gr.

Rektor getur, að fengnum meðmælum skólaráðs, viðurkennt fyrra nám kennaranema í einstökum greinum og þegið hann undan því að stunda nám í þeim, enda sé það hliðstætt námi í Kennaraháskólanum.

Umsókn um slíka undanþágu ásamt skilríkjum um námið skal senda rektor.

9. gr.

Starfstími skólaársins skiptist á samfellda kennslu, námskeið, æfingakennslu, sjálfstæða námsvinnu og próf.

10. gr.

1. Um áheyrn og skipan æfingakennslu á misseri segir í námsskrá.
2. Í valgreinum öllum, aðalgreinum sem sérsviði, skal sérstökum tíma varið til sjálfstæðrar námsvinnu eftir ákvörðun rektors. Má þá fella niður aðrar námskvaðir á þeim tíma allt að tveimur vikum á ári.
3. Leiðsögutímar skulu vera í öllum námsgreinum, sbr. 18. og 20. grein. Rektor ákveður fjölda leiðsögutíma með hliðsjón af fjölda nemenda og stundafjölda í grein.

11. gr.

Stundafjöldi í einstökum greinum skal vera sem hér segir á viku hverri:

	1. ár			2. ár			3. ár			Alls
Námsgreinar	alls	1. miss.	2. miss.	alls	3. miss.	4. miss.	alls	5. miss.	6. miss.	
Uppeldisgreinar	4			4			4			12
Sálarfræði		2	2		2	2		2	4	
Kennslufræði			2		2	2		2		
Skólasaga		2								
Félagsgreinar	6						1			7
Félagsfræði		2	2							
Trúarbragðas. og kristinf.		4	4							
Siðfræði								2		
Mál	5						1			6
Ísl.hljóðfræði									2	
Íslensk fræði		5	5							
Raungreinar	7									7
Stærðfræði		5	5							
Líffræði			2							
Heilsufræði		2								
List- og verkgreinar	6			5			2			13
Skrift					1	1				
Handavinna, föndur					2	2				
Teikning		2	2							
Söngur		2	2		(1)	(1)		(1)	(1)	
Íþróttafræði								2	2	
Leikfimi		2	2		2	2				
Valgreinar				12			12			2×12
2. valgrein					6	6		6	6	eða 24
2. valgrein					6	6		6	6	
Sérsvið				3			3			6
Sálarfræði										
Kennslufræði					3	3		3	3	
Námsefni										
Alls	28	28	28	24	24+(1)	24+(1)	23	23+(1)	23+(1)	75

Heimilt er að kenna eina stund í söng vikulega á 2. og 3. námsári.

Ef sérstök rök mæla með því, getur rektor, að höfðu samráði við skólaráð, skipað námsefni á annan veg á kennslumisseri. Enn fremur er heimilt að gera kennaraefnum kost á allt að 3 stundum vikulega eftir frjálsu vali í list- og verkgreinum á 2. og 3. námsári. Skal það tengt námi þeirra, er velja verkgreinar sem aðalgrein, eftir því sem hagkvæmast þykir.

12. gr.

Á eftirtöldum námskeiðum skal stundafjöldi vera nálægt því sem hér segir:

Hjálp í viðlögum	12 stundir
Nýsikennsla og gerð kennsluefnis	16 stundir
Umferðarfræðsla	8 stundir
Starfsfræðsla og fjölskyldufræði	20 stundir

Námskeið þessi skulu að jafnaði haldin á skilum kennslumissera. Fjölga má eða fækka, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, viðfangsefnum á námskeiðum, og má þá ákveða þeim annan tíma, ef betur hentar eðli viðfangsefnis.

13. gr.

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, í námsgengjum og sjálfstæðri vinnu nemenda undir leiðsögn, og skila þeir skýrslum, ritgerðum og öðrum verkefnum eftir því sem námsskrá ákveður.

14. gr.

Skorarstjórar skulu gera áætlun um námsskipan og rannsóknastörf innan skorar fyrir miðjan mars ár hvert. Skólaráð fjallar síðan um tillögur skorarstjóra og annarra kennara, sbr. 42. gr. 6. tl. Rektor raðar tillögum í heildarstundaskrá, sbr. þó 44. gr. 2. tl.

15. gr.

Skipan nemenda í námshópa skal háð samþykki rektors.

1. Í kjarnagreinum er heimilt að efna til nýs námshóps, ef nemendur eru fleiri en 20.
2. Í valgreinum og á uppeldislegu sérsviði skal að jafnaði efnt til nýs hóps, ef fleiri eru en 20. Þó má efna til nýs flokks, þó að færri séu, ef ekki er unnt að taka eðlilegt valfrelsi til greina með öðrum hætti.
3. Í hljóðfæraleik má skipa 5 nemendum í flokk, og einum í raddþjálfun og einleik, ef sérstaklega stendur á.

16. gr.

1. Kennarar skulu halda skrá um tímasókn kennaraefna. Rektor lætur kennaraefnum í té námsferilsbækur, og bera þeir ábyrgð á, að þær séu færðar. Í námsferilsbók staðfestir kennari eða annar leiðbeinandi, að kennaraefni hafi tekið þátt í tilskildu námi og lokið verkefnum með fullnægjandi hætti.
2. Við lok hvers námsáfanga skilar kennari — skorarstjóri, ef fleiri kennarar eru um sömu grein — rektor skrá yfir þá nemendur, er sótt hafa 80% kennslustunda hið fæsta, sbr. þó 22. gr. 1.tl. Ef sérstök rök mæla með því, getur rektor og hlutaðeigandi kennari heimilað nemanda, er eigi hefur tilskildar tímastundir, að sanna, að hann hafi tileinkað sér námsefnið með öðrum hætti. Af því gerðu lætur rektor nemanda í té vottorð um, að hann hafi farið yfir námsefnið.
3. Nemendum er skylt að taka þátt í námsferðum. Þó eigi fleiri en einni á misseri í hverri aðalgrein og á uppeldislegu sérsviði.

Ef örðugar aðstæður eða gild forföll önnur en veikindi, staðfest af trúnaðarlækni, hamla nemanda að fara námsferð, skal kennari gera honum kost á eða viðurkenna sérverkefni af hans hendi.

III.
Kennslan.

17. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Rannsóknastörfin skulu einkum beinast að sálar- og uppeldisfræðilegum markmiðum, námsefni og kennsluaðferðum, og tengjast kennslunni í hverri námsgrein skólans eftir því, sem ástæður eru til.

   Í rannsóknastarfi sínu skulu vísindamenn skólans í hverri skor leggja sérstaka áherslu á kennslufræði greinar sinnar, fylgjast með stöðu hennar og hlutverki innan íslenska skólakerfisins á hverjum tíma og meta með hliðsjón af gildi hennar vinnubrögð, aðferðir og aðstöðu í skólum landsins og vinna að því, að kennaraefnum verði miðlað þeirri kunnáttu og leikni, sem hæfa námsgreininni, stöðu hennar og hlutverki í skólum landsins.
2. Í hverri grein skal kappkostað að kynna nemendum námsmarkmið, vinnulag, heiti og tæki, þjálfa þá við að orða á skýran hátt viðfangsefni hennar og sérlegan vanda, temja þeim sjálfstæð vinnubrögð og glæða skynbragð þeirra á innri tengsl, fléttur og skörun hinna ýmsu greina. Sérstök áhersla skal lögð á að skýra gildi greinarinnar og hlutverk í kennaranámi, og gaumgæfa skal val á efni og aðferðum í námi og kennslu. Einkum á þetta við um greinar skyldunáms, og skal jafnframt fjallað um hlutverk greinarinnar í skyldunámi.

   Í kjarnagreinum skal kennsla yfirleitt miðuð við almenna menntun og bekkjarkennslu, en í valgreinum einnig við skyldunámsstigið allt.
3. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands skulu skipta með sér verkum til þess að forðast tvíverknað, eftir því sem samrýmist hagsmunum nemenda, mannafla og aðstöðu hvors skóla um sig, og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvor annars.

   Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum.

18. gr.

1. Rektor ákveður hlutfall kennsluþátta, sbr. 13. grein, að fengnum tillögum skorarstjóra og að höfðu samráði hans við kennara hverrar greinar, sbr. 10. gr. 2. tl.
2. Gera má nemendum að tileinka sér skilgreinda hluta námsefnis, þótt ekki sé um þá fjallað í kennslustundum.

19. gr.

Við upphaf kennslu greinir kennari nemendum frá námi í næsta áfanga, markmiðum, efnisvali og vinnubrögðum, og bera þeir ráð sín saman þar um. Gerir kennari síðan endanlega áætlun um námið innan þess ramma, sem námsskrá markar, sbr. einnig 14. grein. Eins skal farið að, ef þörf gerist á að endurskoða áætlun á kennslutíma.

Við lok námsáfanga meta kennari og nemendur áætlun sína með hliðsjón af markmiðum og fenginni reynslu.

20. gr.

Kennarar eru nemendum til leiðsögu við nám þeirra utan kennslustunda um efni í námsgrein sinni eða önnur, er við hana jaðra. Er sú aðstoð veitt í leiðsögutímum, sbr. einnig 42. gr. 6. tl.

IV.
Próf og einkunnir.

Skráning.

21. gr.

1. Námi lýkur með B. Ed.-prófi, sem veitir réttindi til kennslu á skyldunámsstigi.
2. Nemendur láta skrá sig til prófs.
3. Nemandi skráir sig til prófs á því misseri, er kennslu lýkur í greininni.
4. Skráning til prófs á haustmisseri skal gerast fyrir lok nóvembermánaðar og á vormisseri fyrir lok marsmánaðar.
5. Við skráningu til prófs skulu notuð eyðublöð, er tilgreina prófreglur. Skal umsóknum skilað til rektors.

22. gr.

1. Til að fá að taka próf, skal nemandi hafa sótt 80% kennslustunda hið minnsta að meðaltali í öllum kennslugreinum og í engri grein minna en 50% á hverju misseri. Þó skal hann sækja 80% í hverjum þætti kennsluæfinga á misseri. Hann skal og hafa skilað verklegum úrlausnum, sem fullnægja lágmarkseinkunnum í greininni, sbr. 16. gr. 1. tl.
2. Ef svo er mælt fyrir í námsskrá einstakra greina, að nemandi ljúki tilteknum námskeiðum eða verkefnum, svo sem skýrslum, ritgerðum, starfi í rannsóknargengjum, námsgengjum eða skili annarri skyldri vinnu, sbr. 12.—13. gr., verður hann því aðeins skráður til prófs, að hann skili vottorðum frá hlutaðeigandi kennara um að hann hafi lokið tilskildum verkefnum með fullnægjandi hætti, sbr. 16. gr. 1. tl.
3. Svo og skal nemandi skila vottorðum, eigi síðar en í byrjun 5. misseris, um að hann hafi tekið þátt í almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum, eða árinu áður en kennaranám var hafið, eða starfað eða notið jafnlengi verklegrar þjálfunar á uppeldisstofnun.

23. gr.

1. Ef nemandi er skráður til prófs, en þreytir það ekki, er honum heimilt að endurskrá sig næst, þegar reglulegt próf er þreytt, enda hafi hann tilkynnt forföll.
2. Ef nemandi hefur ekki náð einkunninni 4 eða 5, þar sem þess er krafist, er honum heimil endurtekning, sbr. 29. gr. 4.
3. Endurskráning til prófs í sömu grein er heimil tvisvar. Jafnoft er heimil endurseta í námi.

24. gr.

Heimilt er nemanda að vera fjarverandi frá námi allt að fjórum kennslumisserum, enda hafi hann tilkynnt rektor það skriflega fyrirfram.

25. gr.

1. Eftirlit, próf og námsmat skal vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf, svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.
2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.

Próf skal jöfnum höndum eða eftir atvikum leiða í ljós:
a. Þekkingu nemandans á námsefninu, hversu tiltæk hún er, samvirk og heil í tengslum.
b. Öryggi nemandans að beita þekkingu sinni við raunhæf verkefni.
c. Hæfni hans og kunnátta í fræðilegri skýringu.

3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau og starf nemanda úr um það, hvort hann haldi áfram námi annars og þriðja árs, sbr. 29. gr.

26. gr.

1. Námsefni skal, eftir því sem námsskrá ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneytið fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs. Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.
2. Gefa skal starfseinkunn fyrir ritgerðir og aðrar verklegar úrlausnir í bóklegum greinum, sbr. námsskrá, og meta móti úrlausnum á prófi til árseinkunnar í hlutfallinu 1:2, hvort sem prófinu er lokið á haust- eða vormisseri.
   Í list- og verkgreinum skal hlutfall starfs- og prófseinkunnar vera 2:1.

27. gr.

1. Auk almennra ákvæða skulu próf fara eftir þeim reglum, sem settar eru í námsskrá einstakra greina. Ef skorarstjóri, að höfðu samráði við hlutaðeigandi kennara, telur ástæðu til að víkja frá ákvæðum um það, hvort próf skuli vera skriflegt, munnlegt eða verklegt, getur rektor veitt heimild til þess, enda dæmist breytt prófaðferð jafngóð til að meta verðleika nemandans.
2. Ef sérlega stendur á, getur ráðuneytið heimilað, að vikið sé frá ákvæðum um námsefni og tilhögun prófs einstakra nemenda, að fengnu áliti rektors.

28. gr.

1. Próftími er í lok kennslumisseris, og skal að jafnaði eigi vera lengri en tvær vikur.
2. Sjúkrapróf eru haldin í síðari hluta ágústmánaðar, enda séu veikindaforföll staðfest af lækni.

29. gr.

1. Prófdómarar, skipaðir af ráðuneytinu til fjögurra ára, að fengnum tillögum rektors, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.
2. Að öðru jöfnu skulu prófdómarar valdir úr hópi kennara, og sé eigi lengra um liðið en 5 ár frá því að þeir fengust við kennslu, er þeir eru skipaðir í fyrsta sinn.
3. Ef ekki koma til önnur ákvæði, semur kennari verkefni, en ber þau undir prófdómara til staðfestingar.
4. **A. Um próf á fyrsta ári.**
   a. Prófgreinar eru þessar:

Bóklegar greinar:

1) Uppeldisgreinar.
2) Íslenska og íslensk fræði.
3) Kristinfræði og trúarbragðasaga.
4) Stærðfræði.
5) Félagsfræði.
6) Líffræði og heilsufræði.

List- og verkgreinar:

1) Teiknun og handavinna.
2) Söngur og tónfræði.
3) Íþróttir og fimleikafræði.

b. Próf fara fram í lok hvers misseris, eftir þeim reglum, sem settar eru í námsskrá einstakra greina, sbr. þó 26. gr. um skipun þeirra í námsáfanga og annað mat á þeim. Veita má fötluðum nemanda undanþágu frá prófi í verklegum íþróttum eða öðrum þáttum list- og verkgreina, er hann að mati læknis getur ekki stundað sér til ávinnings.

c. Í lok vormisseris skal prófað í öllum greinum, sem ekki var lokið og prófað í á haustmisseri.

d. Til að standast prófið skal meðaltal árseinkunna, sbr. 26. gr. 2., eigi vera lægra en 5 í bóklegum greinum og list- og verkgreinum hvorum fyrir sig, og árseinkunn eigi vera lægri en 5 í íslensku og uppeldisgreinum og eigi lægri en 4 nema í einni grein.

e. Ef nemandi nær tilskildu meðaltali árseinkunna, en stenst ekki próf í námsgrein, er honum heimilt að þreyta próf að hausti. Nái nemandi ekki tilskildu meðaltali, er honum heimil endurseta eða að þreyta að hausti próf í þeim greinum, þar sem hann var undir 5.

B. Um próf og námsmat á 2. og 3. ári.

Prófgreinar eru þessar:

a. Uppeldisgreinar:
Uppeldisfræði.
Sálarfræði.
Kennslufræði.

b. Aðrar greinar í námskjarna.

c. Uppeldisfræðilegt sérsvið.

d. Valgrein I.

e. Valgrein II.

Starfseinkunn ein skal gefin í kennslu, sbr. námskrá.

Í greinum námskjarnans, sem um ræðir í b-lið, skal lágmarkseinkunn eigi vera lægri en 4.

Á uppeldisfræðilegu sérsviði og í valgrein I og II, hvorri um sig, svo og í kennslu, skal lágmarkseinkunn vera 5.

Meðaleinkunn úr öllum prófgreinum og kennslu skal eigi vera lægri en 5.

Kennarar í einstökum greinum skulu staðfesta, að þátttaka og árangur í öðru námsefni, t. d. í námskeiðum annars og þriðja árs, hafi verið fullnægjandi, sbr. 22. gr. 2. tl. Það á einnig við kennslufræði á 2. ári.

C. Á prófum, sem þreytt eru að afloknu níu mánaða námi á uppeldisfræðilegu sérsviði, sbr. 5. gr. laga nr. 38/1971, skal meðaleinkunn í bóklegum og verklegum greinum hvorum fyrir sig eigi vera lægri en 5 til að standast prófið. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði þessarar reglugerðar um mætingar, próf og einkunnagjöf, eftir því sem við getur átt í námi þessu.

Skrifleg próf.

30. gr.

1. Ef verkefni eru einstaklingsbundin, er heimilt að draga um þau.
2. Í tilkynningu um próf skal tilgreint, hver hjálpargögn séu heimil í prófinu og hvenær þeim skuli skilað.
3. Til kennaraprófs skal heimaritgerðum skilað í tveimur eintökum, og heldur skólinn öðru eftir.

Munnleg og verkleg próf.

31. gr.

1. Ef heimilaður er undirbúningstími fyrir próf, skal tilgreina lengd hans í auglýsingu prófsins. Sá tími skal þó eigi fara fram úr 4 klukkustundum eftir að nemandi hefur fengið verkefnið í hendur, nema sérstök rök komi til, og undirbúningi og prófi skal lokið á sama degi.
   Draga skal um verkefni og röð nemenda í einstaklingsprófum.
   Heimilt er að prófa í sérverkefni nemenda, og er þá ekki dregið um efni.
2. Kennari stjórnar prófinu. Prófdómara er heimilt að taka þátt í samræðunni.
3. Munnleg próf fara fram í heyranda hljóði.

32. gr.

1. Einkunnir skulu gefnar í öllum greinum, nema öðruvísi sé fyrir mælt.
   Þær skal gefa í tölunum 0—10 með fjórðungsbilum. Er 9—10 ágætiseinkunn, 7—8,99 fyrsta einkunn, 6—6,99 önnur einkunn, og 5—5,99 þriðja einkunn.
2. Greini kennara og prófdómara á, gildir meðaltalið af einkunnum þeirra beggja, eða sú tala einkunnastigans, sem næst er fyrir ofan það.

V.

Þjálfun í starfi.

33. gr.

1. Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsögu og þjálfunar í starfi. Með því skal fram haldið í starfinu skilgreindum viðfangsefnum kennaranámsins, nýliðanum gerður kostur á að glöggva sig á markmiðum þess og endurmeta þau og sjálfan sig í verki. Jafnframt á leiðsagan að tryggja það, að nýliðanum séu ekki fengin meiri verk í hendur en vænta má, að hann valdi, sér og nemendunum að meinalausu.
2. Samvinna Kennaraháskólans, fræðsluyfirvalda í héraði og skólanna í landinu á að glæða gagnkvæman skilning og greiða fyrir raunhæfum lausnum á sameiginlegum vanda og viðfangsefnum.
3. Þegar nýliði hefur verið ráðinn að skóla, hvort heldur hann er stundakennari eða fastráðinn á fyrstu kennsluári sínu eftir kennarapróf, skal fræðslustjóri setja honum leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ef enginn er fræðslustjóri yfir skólahverfinu, skal hlutaðeigandi skólastjóri fá nýliðanum leiðsögukennara, að höfðu samráði við næstu fræðsluyfirvöld.
4. Leiðsögukennari ræðir vikulega eða oftar við nýliða um kennsluáætlanir hans, áður en þær eru reyndar í kennslu, og auðveldar honum að meta eftir á, hversu til tókst í verki. Öll viðleitni leiðsögukennara skal og að öðru leyti miða að því að efla nýliðann til starfa. Fræðsluyfirvöld í héraði skulu halda eigi færri en tvo viðræðufundi með sérfræðingum, leiðsögukennurum og nýliðum á skólaárinu, hinn fyrri eigi síðar en í annarri viku októbermánaðar, hinn síðari eigi síðar en í þriðju viku marsmánaðar. Fræðslustjóri eða fulltrúi fræðsluyfirvalda í héraði stýrir fundum þessum. Skal hann kynna þá þjónustu, er þau mega láta kennurum í té. Á síðari fundinum skulu nýliðar leggja fram gagnorða skýrslu um þau vandamál starfs, er þeim bar að höndum. Skulu skýrslurnar ræddar og skýrðar á fundinum. Gerðir slíkra funda skulu bókaðar. Leiðsögukennari sendir rektor Kennaraháskólans afrit af skýrslunum við fyrstu hentugleika. Kennaraháskólinn lætur fræðsluyfirvöldum í héraði og leiðsögukennurum í té leiðbeiningar um þau störf, er þeir skulu sinna í þágu nýliðanna.

5. Í skólahverfum þar sem svo hagar til, að framangreindri skipan verður ekki við komið, skulu hlutaðeigandi fræðsluyfirvöld í héraði hafa samráð við Kennaraháskóla Íslands um framkvæmdina.

34. gr.

1. Skýrslur um vandamál nýliða skulu lagðar fyrir skorarstjóra í Kennaraháskólanum, eftir því hver aðalgrein nýliðans er. Leiðsögukennarar og nýliðar geta snúið sér beint til hans um þau viðfangsefni, er varða sérgrein hans.
2. Skorarstjórar skulu, áður en vormisseri er liðið, gera skólaráðsfundi grein fyrir skýrslunum og markverðum ályktunum, er af þeim megi draga.
3. Áður en nýliði er skipaður í stöðu, skal Kennaraháskólinn staðfesta, að vitneskja hafi borist um þá leiðsögu, er kennarinn hafi notið.

VI.

Stjórn skólans og starfslið.

35. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

36. gr.

1. Ráðherra til ráðuneytis og samstarfs um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenskra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenskra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar.
2. Skólanefndin skal vera samstarfsnefnd stofnana, er annast kennaramenntun, starfandi kennara á skyldunámsstigi og aðila, sem stjórna eða hafa umsjón með kennaramenntun og skyldunámi í landinu. Hlutverk nefndarinnar er að treysta samstarf milli þeirra, greiða fyrir upplýsinga- og skoðanaskiptum, meta fengna reynslu af nýmælum í menntun kennara og leggja á ráðin um það, sem horfir til framfara í þeim efnum. Nefndin skilar ráðherra álitsgerð einu sinni á ári hið minnsta. Formaður skal kveðja til nefndarfunda eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að jafnaði í júnímánuði. Auk þess skal formaður kveðja nefndina til fundar, ef þriðjungur skólanefndarmanna æskir þess.

Skólastjórn og skólaráð.

37. gr.

Skólastjórn skipa rektor og fastir kennarar Kennaraháskólans, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans ásamt einum fulltrúa tilnefndum af nemendaráði fyrir hverja aðra fjóra fulltrúa, er sæti eiga í skólastjórn. Fastráðnir kennarar við gömlu deildirnar, sbr. 24. gr. laga nr. 38/1971, eiga sæti og atkvæðisrétt í skólastjórn, þegar fjallað er um málefni, er varða þær deildir. Þegar fjallað er um slík málefni, skulu tveir fulltrúar nemendaráðs víkja sæti fyrir tveimur fulltrúum nemenda þeirra deilda.

38. gr.

1. Rektor kveður skólastjórn til fundar, að höfðu samráði við skólaráð, tvisvar á hverju skólaári hið fæsta. Til fundar skal boða með einnar viku fyrirvara.

Auk þess skal rektor kveðja til fundar, ef þriðjungur skólastjórnarmanna hið minnsta æskir þess. Til skólastjórnar er skólaráðsmanni heimilt að skjóta ályktun skólaráðs, nema hún varði mál, sem ráðinu ber einu lögum samkvæmt að ráða til lykta, enda hafi hann til þess stuðning þriðjungs skólaráðsmanna hið fæsta.

2. Í skólaráði eiga sæti rektor, skorarstjórar, þrír fulltrúar tilnefndir af nemendaráði og einn fulltrúi lausráðinna kennara Kennaraháskólans. Deildarkennarar eiga sæti og atkvæðisrétt í skólaráði í málefnum, er varða gömlu deildirnar sérstaklega. Þegar fjallað er um slík málefni, skulu tveir fulltrúar nemendaráðs víkja sæti fyrir tveimur fulltrúum nemenda þeirra deilda.
3. Skólaráð er rektor og skólastjórn til aðstoðar við umsjón með stofnuninni. Skólaráð hefur fundi eftir þörfum, en vikudagar til reglulegra funda skulu ákveðnir í upphafi skólaárs.
4. Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en aðstoðarrektor ritari. Í forföllum rektors er aðstoðarrektor í forsæti.
5. Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

39. gr.

1. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.
2. Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.
3. Ef aðeins einn kennari er við skor, gegnir hann skyldum skorarstjóra, ella skal skorarstjóri kosinn til tveggja ára úr hópi fastra kennara skorar föstudaginn í annarri viku aprílmánaðar eða þann virkan dag, er næstur fer á eftir honum, ef föstudagur er helgur dagur, og tekur hann við starfinu 1. júlí. Kosning skal vera skrifleg, og er sá rétt kjörinn skorarstjóri, er hlýtur flest atkvæði. Fráfarandi skorarstjóri stjórnar kosningu, í forföllum hans sá kennari skorar, er lengstan á þar starfsaldur.
4. Skorarstjórar hafa umsjón með greinum skorar sinnar í öllum deildum skólans. Nú eru fleiri en ein grein í skor, og skal þá kosinn aðalkennari í hverri þeirra. Er hann skorarstjóra til aðstoðar við umsjón með kennslu í grein sinni. Aðalkennarinn skal kosinn að lokinni kosningu skorarstjóra af föstum kennurum í greininni úr hópi þeirra, er mesta hafa umsjónarskyldu samkvæmt embætti sínu. Að öðru leyti fer um kosningu aðalkennara eftir sömu reglum og um kosningu skorarstjóra, eftir því sem við getur átt.
5. Lausráðnir kennarar kjósa fulltrúa sinn í skólaráð til eins árs með sama hætti fyrsta föstudag í október.

Nemendaráð.

40. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð, ennfremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn samkvæmt lýðræðisreglum.

Nemendur skulu jafnan eiga tilskilinn fjölda fulltrúa í skólastjórn og skólaráði, en sjálfir setja þeir reglur um kosningu þeirra.

Starfslið.

Kennarar.

41. gr.

1. Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Au þess starfa við skólann aðjunktar, sem menntamálaráðuneytið ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.
2. Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósenta.

   Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.
3. Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms, sbr. 42. gr. 6. tl.

42. gr.

1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.
2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora.
3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti dómnefndar telur hann hæfan til að gegna starfinu.
4. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

   Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að samskonar dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda um lektorsstöður, enda komi til samþykki menntamálaráðuneytisins.
5. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Skal sérstakur gaumur gefinn að uppeldis- og kennslustörfum hans. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

   Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

   Dómnefnd skal að jafnaði skila rökstuddu áliti eigi síðar en tveimur mánuðum eftir skipun.

6. Störf prófessora, dósenta og lektora skiptast á kennslu, stjórnun og rannsóknarstörf. Að jafnaði skal starf prófessors vera rannsóknir að meiri hluta og stjórnun eigi fara fram úr 15—20% af heildarstarfi hans, kennsla dósents skal að jafnaði vera um helmingur af heildarstarfi hans, og kennsla lektors að jafnaði meiri en helmingur af heildarstarfi hans. Stjórnunarstörf dósents og lektors skulu að jafnaði eigi fara fram úr 10% af heildarstarfi þeirra. Skólaráð ákveður hlutfallið milli þessara starfa í tæka tíð vegna undirbúnings fjárlaga, enda hafi skorarstjórar, að höfðu samráði við kennara skorar, lagt fram tillögur að starfsáætlun þeirra.
7. Kennarar skulu skila rektor skýrslu um rannsóknarstörf sín eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
8. Nú er tilskilinn stundafjöldi ekki fyrir hendi á háskólastiginu, og er þá lektor skylt að kenna í öðrum deildum skólans, sbr. 24. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, svo að kennsluskyldu hans sé fullnægt.

43. gr.

1. Rektor stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan.
2. Rektor ber ábyrgð á því, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila um fjárreiður, skipulag og áætlanagerð um framkvæmdir í skólanum og hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum.
3. Hann skal taka ákvarðanir í málum, er varða skólastjórnina, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Aðrir starfsmenn.

44. gr.

Aðstoðarrektor, er rektor ræður úr hópi fastra kennara, skal vera honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.

1. Aðstoðarrektor hefur eftirlit með því, að færðar séu skrár og skýrslur. Má þar til nefna:
   1) nemendaskrá, bæði í bók og spjaldskrá,
   2) prófbók og einkunnaspjaldskrá,
   3) skrá um námsefni og starfsskýrslur kennaranna,
   4) gerðabók skólastjórnar og skólaráðs,
   5) skrá um lausa muni skólans.
2. Hann skal hafa umsjón með samningu stundaskrár, skipulagningu námskeiða í stofnmenntun kennara, sbr. X. kafla, gerð prófstöflu og fylgjast með framkvæmd allri.
3. Hann hefur yfirumsjón með því, að prófverkefni séu undirbúin í tæka tíð. Einnig sér hann um, að upplýsingar um skólann séu handbærar.
4. Hann hefur umsjón með því, að nemendur fái vitneskju um einkunnir sínar.
5. Þá skal aðstoðarrektor hafa umsjón með skipulagningu á námsferðum og öðrum ferðum, sem nemendur fara á vegum skólans.
6. Aðstoðarrektor hefur umsjón með því, hversu húsnæði skólans nýtist, hvort heldur er fyrir kennslu, sjálfstætt nám, próf eða til annarra þarfa, svo sem félagsstarfa nemenda og kennara.

45. gr.

Bókavörður hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans og þeim kennslugögnum öðrum, sem eðlilegt er að fylgi. Hann sér um skráningu safnsins,

heldur því í röð og reglu og annast innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í samráði við skorarstjóra, að fengnu samþykki rektors. Hann leiðbeinir nemendum um, hverng þeir geti best hagnýtt sér bókasafn skólans. Hann skal og leiðbeina nemendum um notkun og skipulagningu bókasafna, einkum skólabókasafna, og hafa yfirumsjón með bókasafni Æfingaskólans. Hann skal vera sérfræðingur í bókasafnsfræðum og hafa nokkra kennsluskyldu í grein sinni, sbr. einnig 42. gr., 6. tl.

46. gr.

1. **Námsráðunautur** liðsinnir nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi. Rektor er heimilt að fela honum nokkra kennslu, sbr. þó 42. gr., 6. tl.
2. Ef þörf krefur, greinir ráðunautur vandamál nemenda með prófum og vísar þeim til sérfræðinga. Hann veitir aðstoð sína að beiðni nemenda sjálfra, aðstandenda þeirra, kennara eða rektors. Einnig gerir hann að eigin frumkvæði athuganir á aðstæðum nemenda, ef árangur þeirra er með þeim hætti, að ástæða þyki til að leita sérstakra skýringa.
3. Hann greiðir fyrir því, að nemendur séu aðstoðaðir við að meta vinnubrögð sín og námsárangur, með hliðsjón af markmiðum námsins, sbr. einnig 17. gr., 2. tl.
4. Hann veitir kennaraefnum leiðbeiningar um skynsamleg námsvinnubrögð og kynnir þeim eðli og gildi ráðgjafar í skólum. Ráðunautur fer með öll einkamál nauðleitarmanna sem trúnaðarmál.
5. Námsráðunautur skal hafa a. fullgilt háskólanám í almennri sálarfræði eða uppeldislegri sálarfræði, b. sérþekkingu í ráðgjöf, c. kennarareynslu.

47. gr.

1. **Fulltrúi** skal færa bækur skólans, nema öðruvísi sé ákveðið. Fulltrúi skal hafa nána samvinnu við tækjavörð, skorarstjóra og aðra kennara um kennslutæki og önnur gögn, sem þeir bera ábyrgð á, um skilvíslega færslu og bókun, og húsvörð um bókanir í þeim greinum, er störf hans varða.
2. Hann sér um skjalasafn skólans, að það sé jafnan í réttu horfi, m. a. er nákvæm skjalaskrá í verkahring hans. Hann hefur, í samráði við bókavörð, umsjón með handbókum og öðrum tækjum á skrifstofu skólans.
3. Hann skal sjá um, að jafnan séu tiltæk eyðublöð öll og nauðsynlegur skrifstofuvarningur og allt slíkt sé notað með hagfelldum hætti. Hann sér um fjölritun á nægilega mörgum stundaskrám, próftöflum og öðrum tilkynningum um störf skólans.
4. Hann sér um útskriftir úr prófbókum og önnur afrit og gengur frá tilkynningum, afgreiðir hvers konar eyðublöð varðandi umsóknir og gengur í samvinnu við aðstoðarrektor frá almennum upplýsingum til fræðsluyfirvalda.
5. Fulltrúi er aðstoðarrektor til hjálpar við að gera ársskýrslu og styðst þá við skýrslur skorarstjóra, bókavarðar, skólalæknis og nemendaráðs.
6. Í samráði við rektor og aðstoðarrektor annast hann bréfaskriftir skólans, veitir almennar upplýsingar og gengur eftir, að tilskilin skilríki fylgi umsóknum.
7. Að öðru leyti er hann rektor og aðstoðarrektor til aðstoðar í hverju efni, er stuðlar að viðgangi stofnunarinnar. Vafamál skal hann bera undir rektor eða aðstoðarrektor, hversu með skuli fara.

48. gr.

1. **Gjaldkerfi** ber ábyrgð á sjóðum og bókhaldi í umboði rektors.
2. Eftir forsögn rektors sér hann um greiðslur skólans, sem ekki eru inntar af hendi hjá ríkisféhirði.

3. Í samráði við rektor sér hann um, að hvers kyns greiðslur til skólans séu inntar af hendi í tæka tíð. Hann skal vita skil á lögboðnum greiðslum skólans og annast þær á réttum gjalddögum. Ágreiningsatriði skal hann bera undir rektor.
4. Hann sendir skattstofu skrá um launagreiðslur til hvers einstaks starfsmanns og gerir grein fyrir opinberum gjöldum skólans, nema öðruvísi sé ákveðið.
5. Í samvinnu við rektor og aðstoðarrektor semur hann kostnaðaráætlun fyrir fjárlagafrumvarp ár hvert.
6. Hann skilar reikningsuppgjöri til ríkisendurskoðanda eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma.

I.

49. gr.

1. **Húsvörður** hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. Hann sér um innkaup á tækjum og efni til ræstingar og annast vörslu þess.
3. Hann ræður, í samráði við rektor, starfslið til ræstingar á húsi og húsmunum og snyrtingar á lóð og stjórnar því að verki. Hann hefur reiður á starfstíma þess og skilar fulltrúa skýrslum um hann, svo að greiðslur komi fyrir í tæka tíð.
4. Hann sér um viðhald á húsi og húsbúnaði í samræmi við þarfir og fjárlög og vekur í tæka tíð athygli á því, er vænta má að þarfnist fjárveitinga ár hvert.
5. Hann sér um, að húsakynni séu opin, þegar þörf krefur, en læst ella.
6. Hann skal leitast við að stuðla að góðri sambúð þess starfsliðs, er hann segir fyrir verkum, og annarra, er í húsinu vinna.

II.

1. **Tækjavörður** annast ásamt bókaverði og skorarstjórum vörslu kennslutækja skólans og greiðir fyrir nýtingu þeirra.
2. Hann annast um viðhald og viðgerðir á tækjum skólans.
3. Hann aðstoðar við verklega kennslu með því að hafa efni og tæki til reiðu, eftir því sem kennarar óska, svo og hefur hann umsjón með notum kennaranema af tækjum og efni skólans, eftir því sem heimilað er, og gætir þess, að þeir fari vel með hvað eina.

50. gr.

1. **Æfingastjóri** skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni undir stjórn skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, sbr. 55. og 66. gr. Hann lætur æfinga- og leiðsögukennurum í té leiðbeiningar, sbr. einnig 33. gr., 4. tl.

   Hann er fulltrúi stofnunarinnar gagnvart æfingakennurum og skólum þeim, er menntamálaráðuneytið kveður til að gegna æfingakennslu. Hann stuðlar að greiðri samvinnu milli æfingakennara innbyrðis og tengslum þeirra við kennara Kennaraháskólans.
2. Hann gerir í tæka tíð áætlun um stundatöflu og verkaskiptingu æfingakennara í æfingakennslunni fyrir hverja námslotu, heldur skýrslu um viðfangsefni og æfingastundir nemenda.
3. Hann leiðbeinir æfingakennurum og vinnur að því, ásamt kennurum Kennaraháskólans, að þeir fylgist með því, sem efst er á baugi í kennslufræði og kennslutækni á hverjum tíma.
4. Hann er rektor og skólastjóra til fulltingis við að boða fundi með æfingakennurum og undirbúa þá, svo að þeir verði sem notadrýgstir.
5. Hann fylgist með kennslubókum og handbókum, er æfingakennsluna varða, og gerir í samráði við skólastjóra Æfingaskólans og bókavörð Kennaraháskólans tillögur um endurnýjun þeirra og viðbætur; enn fremur fylgist hann með nýjum kennslutækjum og er til ráðuneytis um kaup á þeim.

6. Hann tekur við einkunnum og skýrslum frá æfingakennurum og gengur frá endanlegum vitnisburði fyrir æfingakennslu og árseinkunn hvers kennaranema, sbr. og námsskrá.
7. Kennaranemar eru ábyrgir gagnvart æfingastjóra um ástundun, mætingar og vinnubrögð.
8. Æfingastjóri er til ráðuneytis um þjálfun nýliða í starfi og samningu ritaðra leiðbeininga um hana.

51. gr.

Fela má, ef hagstætt þykir, sama manni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í 44.—50. gr. Kveða skal á um ráðningartíma þeirra í setningar-/skipunarbréfi eða ráðningarsamningi.

Annað starfslið ræður skólinn, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

VII.
Orlof.

52. gr.

1. Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, með föstum embættislaunum.
2. Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara.

   Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsæfi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.
3. Þess skal gætt eftir föngum, að orlof trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra.

   Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða

kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

VIII. Rannsóknastofnun uppeldismála.

53. gr.

1. Komið skal á fót rannsóknastofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:
   a) vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi,
   b) veita kennaraefnum og öðrum háskólanemum þjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda.
2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

   Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá létta af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

   Eftir því sem tök eru á, skal og veita öðrum kennurum skólanna aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.
3. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti:

   rektor Kennaraháskóla Íslands,

   rektor Háskóla Íslands,

   fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands,

   fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði,

   deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins,

   formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára án tilnefningar.

   Tilnefning og skipun manna í stjórnarnefnd skal vera miðuð við áramót.
4. Formaður boðar fundi og stjórnar þeim. Fund skal og halda, ef tveir stjórnarnefndarmenn eða fleiri óska þess skriflega.

   Verði atkvæði jöfn á fundum stjórnarnefndar, ræður atkvæði formanns.
5. Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr og af hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal taka við störfum 1. ágúst, en kosning hans skal fara fram fyrir lok janúarmánaðar, það ár er hann tekur við starfi. Þó skal hann kosinn í fyrsta sinn strax og stjórnarnefnd hefur verið skipuð, og skal fyrsti forstjóri valinn úr hópi fastra kennara við Kennaraháskólann.

   Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknaverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóri skal ár hvert fyrir lok janúarmánaðar skila tillögum til stjórnarnefndar um þörf á fé og mannafla að stofnuninni á næsta ári.

Forstjóra er skylt að kenna a. m. k. ⅔ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

IX. Æfinga- og tilraunaskóli.

54. gr.
Hverfisskóli.

1. Við Kennaraháskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem jafnframt er skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar.
2. Skólinn skal hafa forgöngu um nýbreytni í skólahaldi og starfa sem tilraunaskóli eftir því sem samrýmist skyldum hans sem hverfisskóla.
3. Í samræmi við hlutverk sitt sem hverfisskóli skal hann stuðla að fjölbreyttara félags- og menningarlífi fyrir íbúa hverfisins.

55. gr.
Æfingakennsla.

1. Æfinga- og tilraunaskólinn er miðstöð æfingakennslu og skal vera svo búinn mannafla, húsakosti og tækjum, að hann geti á hverjum tíma haft umsjón með æfingakennslunni, markað stefnu hennar, annast eftirlit með framkvæmd hennar í Æfingaskólanum og í öðrum skólum í samræmi við lög og reglugerðir; staðið að undirbúningsmenntun og endurmenntun þeirra, er æfingakennslu annast, heima fyrir og í öðrum skólum; sbr. og 50. gr.
2. Skólinn skal láta kennaraefnum í té æfingakennslu og aðstöðu til undirbúnings henni eftir því sem samrýmist öðrum skyldum hans.
3. Kennaraefni skulu njóta æfingakennslu á öllum skólastigum, þar sem Kennaraháskólinn veitir nemendum sínum rétt til kennslu.
4. Álag æfingakennslu í bekk skal að jafnaði eigi vera meira en hér segir:
   Vikuleg áheyrn og ígripakennsla kennaraefna fari ekki fram úr 20% af kennslu í bekknum. Hámarkslengd samfelldrar kennslu kennaraefnis í sama bekk skal eigi fara fram úr 4 vikum á ári. Skylt er hlutaðeigandi æfingakennara og skólastjóra að fylgjast með því, hvort æfingakennslan veldur bagalegri truflun á starfi bekkjarins.
   Æfingakennsla skal ekki fara fram síðustu 1½—2 mánuði skólaárs í þeim bekkjum, sem lokapróf taka.

56 gr.
Rannsóknir.

1. Æfinga- og tilraunaskólinn skal hafa með höndum uppeldislegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessorar í uppeldis- og sálarfræði við Kennaraháskólann skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknastarfi þessu.
2. Rannsóknastörfin skulu einkum vera á eftirtöldum sviðum:
   a) athuganir á kennsluaðferðum;

b) athuganir á notagildi námsefnis, kennslubóka og kennslutækja;
c) athuganir á félagsþroska nemenda, félagslegum vandamálum og aðlögun þeirra að skóla;
d) einstök verkefni, uppeldis- og sálfræðileg, sem skólinn eða einstakir starfsmenn hans hafa bolmagn til að annast og fé er veitt til;
e) fyrirgreiðsla við kennaraefni um athuganir og minniháttar rannsóknir í beinum tengslum við nám þeirra;
f) niðurstöður markverðra athugana og rannsókna, sem gerðar eru á vegum skólans, skal hagnýta í kenningu og verki eftir því, sem við verður komið.

Um rannsóknarverkefni a-e, sem nefnd eru að framan, skal vera samvinna og verkaskipting milli Æfingaskólans og Rannsóknastofnunar uppeldismála.

57. gr.

Lesver og talkennsla.

1. Í Æfinga- og tilraunaskólanum skal reka lesver. Þar skulu lestregir nemendur rannsakaðir og fá meðferð og kennslu. Í lesverinu skal unnið að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum á lestregðu, orsökum hennar og úrbótum. Heimilt er að taka nemendur utan skólans til rannsóknar og meðferðar.
2. Lesverið skal vera kennslu- og æfingastöð Æfingaskólans og Kennaraháskóla Íslands, að því er varðar kennslu og uppeldi lestregra og afbrigðilegra nemenda.
3. Kennaranemar Kennaraháskólans skulu eiga kost á að kynnast starfsemi stöðvarinnar. Þeir sem stunda nám í kennslu afbrigðilegra nemenda og lestregra, hljóta þar annaðhvort þjálfun eða verða undir umsjón forstöðumanns, ef þeir fá starfsþjálfun í öðrum skólum. Lesverið starfar í nánum tengslum við sálfræðiráðgjöf og kennslufræðirannsóknir skólans.

58. gr.

Sálfræðiráðgjöf.

1. Við Æfingaskólann skal vera sálfræðiráðgjöf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Skal þar gera tilraunir með nýjar starfsaðferðir á sviði ráðgjafar í skólum, eftir því sem við verður komið.

59. gr.

Skólasafn og kennslutæki.

1. Skólasafn og lestrarstofur skulu vera fyrir nemendur skólans og kennara. Safnvörður annast rekstur safnsins og skipuleggur not þess í samráði við kennara skólans og undir umsjón bókavarðar Kennaraháskóla Íslands.
2. Kappkosta skal, að Æfinga- og tilraunaskólinn sé búinn fullkomnustu kennslutækjum, sem völ er á í öllum greinum. Skal stöðugt afla nýrra tækja til skólans og forusta höfð um prófun þeirra og nýtingu við kennslu.

Kennaranemar skulu fá sérstaka þjálfun í notkun skólasafns, jafnt bóka sem kennslugagna, en annars fellur sá þáttur undir æfingakennslu.

60. gr.

Stjórn skólans.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors Kennaraháskóla Íslands.

Verkefni skólastjórnar eru m. a.:

1. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu kennara og annars starfsliðs. Þegar um sérfræðinga er að ræða eða æfingakennara í sérgreinum, skal leita álits námsstjóra í viðkomandi námsgreinum.
2. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um verkefni skólans, kennsluskipan og starfshætti; tillögur um byggingarmál skólans og búnað. Stjórn skólans gengur endanlega frá fjárhagstillögum skólans, áður en þær eru sendar menntamálaráðuneytinu.
3. Stjórn skólans skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á ári eða oftar, ef þrír menn úr stjórninni óska þess. Boða skal fund með minnst viku fyrirvara. Fundur er ekki ályktunarfær, nema ⅘ stjórnarmanna mæti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum við afgreiðslu mála.

61. gr.

Kennarafundir.

Verkefni kennarafunda eru þessi helst:

1. Að fjalla um málefni, er varða framkvæmd kennslu, námsvinnu og hegðun nemenda og snerta skólann eða nemendur í heild að einhverju marki.

   Fjalla skal um samvinnu við foreldra, innbyrðis samstarf og verkaskiptingu kennara og hvers konar atriði í starfi skólans, er kennarar óska að taka til umræðu.
2. Skólastjóri kynnir á kennarafundum málefni skólans fyrir kennurum, hvaða verkefni séu á döfinni, leitar álits kennara á þeim og hversu haga skuli framkvæmd þeirra.

62. gr.

Skólastjóri.

Skólastjóri Æfingaskólans stjórnar daglegum störfum skólans, sbr. erindisbréf fyrir skólastjóra í barna- og gagnfræðaskólum.

Skólastjóri ber ábyrgð á, að kennsla og störf séu í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrár, sbr. þó hlutverk skólans sem tilraunaskóla og einnig að því er snertir vísindalegar rannsóknir og athuganir. Í öllum þessum efnum hefur hann samráð við samstarfsfólk um framkvæmdir og ákvarðanir og við yfirmenn sína, þegar þörf krefur og í samræmi við ákvæði laga og þessarar reglugerðar.

Kenni skólastjóri við Kennaraháskólann eða gegni sérstökum rannsóknar- eða sérfræðiverkefnum, er heimilt að létta af honum skyldum við Æfingaskólann sem því nemur, að fengnum tillögum rektors.

Skólastjóri er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og opinbera aðila varðandi fjárreiður, skipulag og áætlanagerð um framkvæmdir við skólann. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum.

Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða skólastjórnina, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerðum.

Skólastjóri Æfingaskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldisgreinum, sbr. þó ákvæði 12. gr., 3. tl., síðari málsgr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, hafa kennarapróf eða kennslureynslu, hafa unnið að rannsóknum í þágu uppeldis og skóla og hafa trausta þekkingu á skóla- og uppeldismálum á Íslandi og erlendis. Heimilt er að skipa þriggja manna dómnefnd til að dæma um hæfi umsækjenda, sbr. 12. gr., 4. tl. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

63. gr.

Yfirkennarar.

Við Æfingaskólann skulu starfa yfirkennarar, einn við barnastig og annar fyrir gagnfræðastig, er það tekur til starfa við skólann.

Að því er snertir störf og skyldur yfirkennara við Æfingaskólann, skal höfð í huga sérstaða skólans á sviði æfingakennslu og rannsókna. Um verkefni þeirra skal mælt í erindisbréfi.

Yfirkennara skal velja úr hópi kennara skólans á barna- og gagnfræðastigi. Skólastjóri gerir tillögu um ráðningu yfirkennara. Ráðning þeirra skal borin undir stjórn skólans og síðan lögð fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

64. gr.

Ritari.

Við skólann starfar ritari. Hann annast símavörslu, vélritun og önnur skrifstofustörf í þágu skólans.

65. gr.

Kennarar.

Við skólann starfa almennir kennarar og æfingakennarar. Æfingakennarar geta verið fastir eða lausráðnir. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldislegt sérsvið að auki. Þeir kennarar, sem lokið hafa háskólanámi í kennslugrein eða framhaldsnámi á sérsviði frá viðurkenndum skólum, þótt ekki sé á háskólastigi, skulu ganga fyrir öðrum, að öðru jöfnu, er ráðið er í stöður við skólann, enda hafi þeir einnig sannað ótvíræða hæfni sína við kennslu.

Halda skal uppi fræðslu innan Æfinga- og tilraunaskólans fyrir kennara og annað starfslið skólans, og skal kennurum utan skólans vera heimil þátttaka, eftir því sem aðstæður leyfa. Leiðbeinendur skulu fengnir úr röðum færustu sérfræðinga innan Kennaraháskólans, Æfingaskólans og frá öðrum skólum og stofnunum. Skal árlega sótt um fé í þessu skyni, þegar skólastjórn gerir tillögur um fjárveitingar til skólans.

Störf fastra æfingakennara skiptast á almenna kennslu og æfingakennslu, auk sérverkefna, sem æfingakennslu fylgja. Kennsluskyldu sína rækir æfingakennari jöfnum höndum við Æfingaskólann og Kennaraháskólann, eftir því sem þörf krefur og í samráði við rektor Kennaraháskólans og skólastjóra Æfingaskólans. Verkefni fastra æfingakennara, auk beinnar kennslu, eru fólgin í undirbúningi æfingakennslu, niðurskipun kennsluæfinga í samráði við æfingastjóra, umsjón og eftirliti með æfingakennslu lausráðinna æfingakennara, bæði í einstökum greinum og á sérsviðum. Þeir annast viðtöl við kennaranema, vinna með þeim og leiðbeina þeim við undirbúning kennslu og gagnrýni á henni, taka þátt í samstarfi við aðra kennara innan Æfingaskólans og utan, m. a. leiðsögukennara kennaranema, og sitja kennarafundi af ýmsu tæi. Þá er æfingakennara heimilt og skylt að verja hluta af starfstíma sínum til að fylgjast með nýjungum í grein sinni og skólastarfi almennt. Til þessara verkefna, svo og annarra, sem skólastjórn ákveður á hverjum tíma, skal fastráðnum æfingakennurum ætlaður nægilegur tími við ákvörðun kennsluskyldu samkvæmt kjarasamningum. Æfingakennari skal vinna þessi störf sín í skólanum, eftir því sem unnt er.

Heimilt er skólastjóra að kveðja almenna kennara Æfingaskólans til þátttöku í sameiginlegum sérverkefnum skólans, sem talin voru hér að framan. Ennfremur er skólastjóra heimilt að kveðja almenna kennara og æfingakennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, sérstaka undirbúningsvinnu við námsefnisgerð,

skipulagsvinnu, rannsóknir o. fl. Skal þá fækka kenndum stundum sem því nemur, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Almennir kennarar skulu á sama hátt og æfingakennarar inna sérverkefni sín af hendi í skólanum (eða öðrum skólum), eftir því sem unnt er. Jafnan skal ákveða, eftir því sem fært er, verksvið og stundatöflu kennara ár hvert fyrir lok þess kennsluárs, sem á undan því fer.

Kennaraskipti geta átt sér stað um eins árs skeið milli Æfingaskólans og annarra skyldunámsskóla með gagnkvæmu samkomulagi kennara og skólastjóra viðkomandi skóla og að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

66. gr.

Forstöðumaður lesvers.

Forstöðumaður annast eða hefur umsjón með leshjálp og stuðningskennslu nemenda á skyldunámsstigi í skólanum. Forstöðumaður skipuleggur áheyrnar- og leiðsagnartíma fyrir kennaranema í samvinnu við æfingastjóra.

Forstöðumaður lesvers skal hafa umsjón með framkvæmd stuðningskennslu treggreindra og afbrigðilegra nemenda í Æfingaskólanum, nema önnur skipan sé gerð.

Forstöðumaður lesvers annast einnig eða hefur umsjón með rannsókn á tal- og málhömluðum nemendum og annast meðferð þeirra og kennslu.

Forstöðumaður lesvers skal hafa sérmenntun sem lestrarfræðingur og hafa sannað hæfni sína við almenna lestrarkennslu og þjálfun lestregra. Æskilegt er, að forstöðumaður hafi einnig réttindi sem talkennari.

67. gr.

Félagsráðgjafi.

Heimilt er að ráða félagsráðgjafa til starfa við Æfingaskólann, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hann skal hafa félagsráðgjafamenntun og reynslu af störfum í skóla, ef þess er kostur.

Verkefni félagsráðgjafa eru m. a. þessi:

1. Aðstoða einstaka nemendur, sem eiga í uppeldislegum og félagslegum erfiðleikum, svo og foreldra þeirra og kennara.
2. Vera til ráðuneytis um félagsmál nemenda, kennara og foreldra.
3. Vinna fagvinnu með sálfræðiráðgjafa, forstöðumanni lesvers, skólalækni og hjúkrunarkonu.
4. Í störfum sínum skal hann vera skólastjóra og starfsfólki skólans til aðstoðar og annast samhæfingu framangreindra verkefna, innan skóla og utan, svo að þau komi að sem bestum notum.
5. Vinna að gagnasöfnun frá foreldrum, kennurum og stofnunum í sambandi við rannsóknir, sem skólinn og starfsmenn hans hafa með höndum.

68. gr.

Sálfræðiráðgjafi.

Sálfræðiráðgjafi, sbr. 58. gr., skal vinna sérfræðistörf sín í þágu skólans alls, eftir því sem aðstæður leyfa. Þegar um rannsókn á einstökum nemendum er að ræða, skal fyrst leita samþykkis foreldra. Rannsókn, greiningu og ráðgjöf skal vinna í samstarfi við þá, sem úrslitaáhrif hafa í lífi skjólstæðings: foreldra, bekkjarkennara, stuðningskennara o. s. frv. Áherslu skal þannig leggja á hinn félagssálfræðilega þátt við rannsókn og ráðgjöf. Sálfræðileg próf skal nota í markvissu samhengi við könnun á starfhæfi og kunnáttu nemandans, þ. e. beita þeim á svipaðan hátt og greinandi kunnáttuprófum og til þess að fá leiðbeiningar um

2. Veita upplýsingar um framhaldsnám fyrir kennara við innlendar og erlendar menntastofnanir og ennfremur hafa svo sem kostur er á upplýsingar um námskeið, ráðstefnur, skólamót og sýningar erlendis, sem íslenskir kennarar ættu kost á.

74. gr.

Kennaraháskólinn skal gera áætlun um endurmenntun og viðbótarmenntun starfandi kennara eitt til tvö ár fram í tímann. Til ráðuneytis rektor og endurmenntunarstjóra við áætlanagerð þessa, skal starfa 5 manna nefnd, sem skipuð er af menntamálaráðuneytinu til þriggja ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

1) Sambands íslenskra barnakennara,
2) Landssambands framhaldsskólakennara,
3) Félags háskólamenntaðra kennara,
4) Háskóla Íslands

og einn án tilnefningar.

Rektor Kennaraháskólans er formaður nefndarinnar og endurmenntunarstjóri ritari.

75. gr.

Auglýsa skal öll námskeið og aðra endurmenntun og viðbótarmenntun með góðum fyrirvara. Í auglýsingum skal getið, hvar og hvenær nám hefst og hvaða inntökuskilyrði eru sett og hve lengi námið skal standa. Ennfremur með hvaða hætti kennsla fari fram, en eftirtaldar námsleiðir skulu m. a. nýttar eftir því sem henta þykir í hverju tilviki:

1) erindaflokkar
2) námskeið
3) bréfaskóli
4) útvarp (hljóðvarp og sjónvarp)
5) sumarskóli
6) vetrarnám.

Við skipulagningu endurmenntunar og viðbótarmenntunar skal leitast við að hafa hvern námsþátt sjálfstæðan, svo að hann nýtist, en jafnframt skipuleggja nám sem áfanga stærri heildar í einstökum greinum og gefa kennurum kost á að ljúka prófum eftir að hafa stundað nám á þennan hátt. Þá skal gefa út prófskírteini, sem sýnir hvaða námsáfanga er lokið. Ætíð skal að loknu námskeiði láta þátttakendum, sem fullnægt hafa settum reglum um námskeiðssókn, í té vottorð um þátttöku í námskeiðinu.

Heimilt er kennara í orlofi að stunda nám í einstökum greinum við Kennaraháskólann. Hann skal þá sækja um það fyrir 15. febrúar og tilgreina þær námsgreinar, er hann kýs að nema.

76. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að ákveða sérstakt innritunargjald vegna námskeiða eða annarrar endurmenntunar. Því fé, sem þannig kemur inn, hefur skólinn heimild til að ráðstafa í þágu þeirra, sem sækja viðkomandi nám.

77. gr.

Þegar um er að ræða nýjar námsgreinar eða námsgreinar, sem teknar hafa verið til gagngerðrar endurskoðunar af fræðsluyfirvöldum og til þess ráðnir sérstakir starfsmenn (fagnámstjórar), skulu þeir hver í sinni sérgrein vera Kennaraháskólanum til ráðuneytis við skipulagningu og framkvæmd kennaraþjálfunar, og skal það vera hluti af þeirra starfi.

vafaatriði, sem skjólstæðingi eru mikilvæg. Til starfsins skal ráða mann með sérfræðimenntun í skólaráðgjöf, ef þess er kostur.

69. gr.

Húsvörður.

Húsvörður hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, ræstingu, ljósi og hita, svo og lóð skólans. Í erindisbréfi skal kveðið á um verkaskiptingu hans við húsvörð Kennaraháskóla Íslands. Einnig hefur hann umsjón með dyravörslu, umgengni á göngum og í fatageymslu. Til starfsins skal ráða öðrum fremur mann, sem þekktur er að góðri umgengni við börn.

70. gr.

Stofnkostnaður Æfinga- og tilraunaskólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir ⅗ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur ⅖ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

71. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

X. Endurmenntun og viðbótarmenntun kennara.

72. gr.

Rektor ræður að fenginni umsögn skólaráðs sérstakan mann til þess að hafa með höndum skipulagningu á og umsjón með störfum Kennaraháskólans að endurmenntun kennara, sbr. 2. gr., 5. tl., og nefnist hann endurmenntunarstjóri. Einnig ræður rektor ritara til aðstoðar við þessi störf og önnur í þágu skólans. Kveða skal á um starfssvið og ráðningartíma í ráðningarsamningi. Laun endurmenntunarstjóra og ritara greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður af sérstakri fjárveitingu til kennaranámskeiða.

73. gr.

Endurmenntunarstjóri skal ásamt rektor og skólaráði Kennaraháskólans annast eftirtalið:

1. Vinna að því, að kennarar, skólastjórar og aðrir starfsmenn skóla eigi að jafnaði kost á margvíslegu námi, svo að þeir geti:
   a) endurmenntað sig sífellt hver á sínu sviði og kynnst nýjungum í námsefni og kennslu;
   b) sérhæft sig í einstökum námsgreinum til kennslu á ákveðnu skólastigi eða öðrum viðfangsefnum í þágu skólastarfs;
   c) aflað sér réttinda til starfs eftir því sem lög krefjast og launahækkana í samræmi við aukna menntun eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum.

78. gr.

Nýta skal húsakynni Kennaraháskólans og Æfinga- og tilraunaskólans fyrir endurmenntun kennara eftir því sem við verður komið og æskilegt þykir. Búa skal skólana svo að tækjum og starfsliði, að unnt sé á viðunandi hátt að sinna þessu verkefni. Nægi eigi húsakynni þessara skóla, skal heimilt að fá til afnota húsnæði í öðrum skólum, þegar þörf krefur, ýmist í Reykjavík eða annars staðar á landinu, einkum í heimavistarskólum, sem vel henta.

79. gr.

Samstarf skal haft við sérkennaraskóla að því er varðar endurmenntun í námsgreinum, sem þeim er falið að sinna.

80. gr.

Óski kennarasamband og einstakir kennarahópar að efna til námskeiðs og njóta til þess fulltingis Kennaraháskóla Íslands, skulu viðkomandi aðilar senda beiðni ásamt starfs- og kostnaðaráætlun til skólans fyrir 1. apríl árið áður en námskeið á að halda, svo að unnt sé að taka afstöðu til umsóknarinnar í sambandi við gerð fjárlagatillagna skólans.

81. gr.

Ef samtök eða hópar erlendra kennara hyggjast sækja Ísland heim og leita eftir því við Kennaraháskólann, að hann láti þeim í té námskeið um íslensk efni eða aðra þá fræðslu, er kostnaði veldur, úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort því skuli sinnt. Ef svo skal gert, sker ráðuneytið og úr um það hvort Kennaraháskólinn skuli annast verkið eða umsækjendum bent á að leita til annarra íslenskra aðila, sem vandabundnari eru viðfangsefnunum.

82. gr.

Endurmenntunarstjóri skal í samráði við rektor annast útvegun leiðbeinenda og kennara til kennslu vegna endurmenntunar kennara, sem ekki fellur inn í ársstarf fastra starfsmanna Kennaraháskólans og Æfingaskólans. Fyrir kennslu, sem eigi fellur inn í stundaskrá fastráðinna kennara á venjulegum starfstíma skóla, skal greiða samkvæmt gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið. Á sama hátt skal ákveða greiðslur vegna annarra starfa, sem tengd eru endurmenntun, ef ekki gilda um þau ákvæði í kjarasamningum.

83. gr.

Þegar ákveðnar eru greiðslur af ríkisfé til þeirra, sem leggja stund á endurmenntun eða viðbótarmenntun, skal endurmenntunarstjóri úrskurða og staðfesta með áskrift sinni, hvort viðkomandi kennari eigi rétt á greiðslum samkvæmt reglum, sem um það gilda. Skal gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um styrkveitingu þessa, og ber viðkomandi kennara að senda skriflega umsókn. Vafaatriðum skal vísa til menntamálaráðuneytisins.

84. gr.

Árlega, eigi síðar en 15. maí, skal gerð kostnaðaráætlun um kennaranámskeið næsta árs og hún send til menntamálaráðuneytisins til athugunar í sambandi við undirbúning fjárlaga.

85. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 9.00 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 58.00 m² á ári. í rúmi því sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur kr. 30.00 m².

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli kr. 4.40 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 34.00 á mán. á hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi sem er minna en 7 ferm. skal telja sem hálft, þó þannig, að ekki skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 ferm. Herbergi, sem eru stærri en 25 ferm., skal telja sem tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 9.00 hverja kWst.
3.2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 4 580.00 kW/ári. Orkugjald af allri notkun á kr. 1.45 hverja kWst. Notað afl hvers almaanksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með jöfnu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 15.000.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla, og annarra slíkra stofnana, gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.

4. Hitun.

4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 4.40 hverja kWst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.
4.2. Til bakarofna í brauðgerðarhúsum á kr. 1.45 hverja kWst. á tímanum frá kl. 22—10, á kr. 4.40 hverja kWst. á tímanum kl. 19—22, enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta álagstíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.
4.3. Til húshitunar um kWst.-mæli á kr. 1.35 hverja kWst., enda sé straumurinn rofinn tvisvar í eina og hálfa stund á mesta annatíma rafveitunnar.
4.4. Sumarhitun. Um kWst.-mæli á kr. 1.00 hverja kWst. samkvæmt skilyrðum er rafveitan setur.

5. Önnur notkun.

5.1. Til götu- og hafnarljósa um kWst.-mæli á kr. 3.75 hverja kWst.
5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 9.00 hverja kWst.
5.3. Til súgþurrkunar um kWst.-mæli á kr. 2.50 hverja kWst.
5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.

5.5. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðullinn lægri er heimilt að miða raforkuverðið við kVA og kVAst. í stað kW og kWst.
Lágmarksnotkun um hverja heimtaug skal vera kr. 1 600.00 á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum	kr.	30.00 á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 100 A og minni	—	82.00 – —
3.	Af mestaaflsmælum 100 A og minni	—	200.00 – —
4.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 A	—	250.00 – —
5.	Af skiptiklukkum	—	38.00 – —
6.	Af ljósnæmirofum	—	150.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:
Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Heimtaug kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 3-fasa	15 250.00	810.00
100 A —	22 170.00	950.00
125 A —	27 720.00	1 080.00
200 A —	44 100.00	1 350.00
350 A —	77 600.00	1 870.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA, (hér kann að þurfa spennistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 400.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við 350 amp. samkvæmt töflu. Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 amp. reiknast frá varkassa, stystu greiðfæra leið að lóðamörkum. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaug akbraut skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.
Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 amp. reiknast frá næsta stólpa í næstu endalínu við götu stystu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 4 800.00 fyrir stólpann.
Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu líta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper 3-fasa ..... kr. 4 000.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða ⅙ hluta heimtaugargjalda samkvæmt gjaldskrá.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 400.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 í skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. júní 1974 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar, til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur. Söluskattur svo og gjöld skv. lögum nr. 4/1974 og nr. 5/1974 eru hér innifalin. Undanþegin er sala raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 231 25. júlí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

4. júní 1974. Nr. 177.

AUGLÝSING

um skipulag í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Leirár- og Melahrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 21 1. febrúar 1971, fyrir Reykjavíkurhöfn.

1. gr.

2. málsgrein 3. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er borgarstjórn kýs, og jafnmörgum til vara.

6. málsgrein sömu greinar orðist þannig:

Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga borgarstjóri, borgarverkfræðingur og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

7. málsgrein sömu greinar orðist þannig:

Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Kristinn Gunnarsson.

6. júní 1974. Nr. 179.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds (gangstéttagjalds) við Bárðarás á Hellissandi.

1. gr.

Húseigendur við götuna Bárðarás á Hellissandi skulu greiða til Neshrepps utan Ennis gatnagerðargjald (gangstéttagjald) kr. 40 000.00 á hvert einbýlishús og kr. 60 000.00 á hvert tvíbýlishús. Skal gjald þetta greitt og falla í gjalddaga sem hér segir:

Fyrsta greiðsla kr. 10 000.00 greiðist er varanlegt slitlag hefur verið lagt á götuna. Eftirstöðvarnar skulu greiðast með þremur jöfnum afborgunum, á næstu þremur árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú hin sama og fyrsta greiðsla.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

2. gr.

Gatnagerðargjaldið (gangstéttagjaldið) má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi og er það tryggt með lögveði í hinu skattskylda húsi í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis staðfestist sér með samkvæmt 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 180. 6. júní 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 82 8. mars 1973 fyrir vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

d-liður 10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal greiða þá kr. 4.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotndi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað þann tíma, sem mælirinn er í ófullkomnu lagi, eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan miðað við einn ársfjórðung.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 11. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða hjólbarðastærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Skoðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni. Auðkenna skal mæli með sérstökum skoðunarmiða eftir hverja skoðun, er sýni greinilega mánuð og ár, er skoðun fer fram.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glöggt upphæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins og skal mælirinn upplýstur, ef ökuljós bifreiðarinnar eru tendruð.

4. gr.

Gjaldmælar í leigubifreiðum skulu sýna rétt ökugjald.

Ef ekið er með 6—8 farþega í bifreið skal ökugjald vera 25% hærra en mælisstaða sýnir.

Ef ekið er á stórhátíðum, þ. e. um jól, páska, hvítasunnu og áramót, sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní eftir nánari ákvörðun verðlagsstjóra, skal ekið á næturvinnutaxta að viðbættum 35%. Á stórhátíðum skulu bifreiðastjórar nota verðskrá, er sýni greinilega breytinguna og samin skal af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

5. gr.

Gjaldmælar skulu útbúnir með fjórum valkostum til talningar á þeirri vegalengd, sem ekin er:

1. Dagvinnutaxti.
2. Nætur- og helgidagataxti.
3. Dagvinnutaxti, sem telur tvöfalda vegalengd 1. taxta og notaður er fyrir ferðir utan félagssvæðis, ef leigutaki verður þar eftir.
4. Nætur- og helgidagataxti, sem telur tvöfalda vegalengd 2. taxta, að sömu skilyrðum og í 3. taxta fullnægðum.

Jafnhliða því, að vegalengd er talin á framangreindan hátt skulu mælarnir reikna biðgjald og startgjald, sem skal vera hið sama fyrir alla fjóra valkosti mælisins.

6. gr.

Verði verðsveiflur á ökugjaldi bifreiða, skulu gerðar breytingar innan 6 vikna á öllum gjaldmælum í leigubifreiðum, þannig að þeir uppfylli 1. mgr. 4. gr. og skulu þeir auðkenndir með skoðunarmiða eftir breytingu sbr. 4. mgr. 2. gr. Eftir þann tíma er notkun óbreyttra gjaldmæla óheimil.

Á því 6 vikna tímabili, er að framan greinir, skal nota verðskrá, er sýni greinilega verðbreytinguna og samin skal af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

Bifreiðastjóri skal afhenda löggildingarmanni verðskrána, eftir að hann hefur löggilt mæli samkvæmt nýrri gjaldskrá.

Verði óverulegar breytingar á ökugjaldi leigubifreiða, er samgönguráðuneytinu heimilt að veita undanþágu til að ekið sé eftir gjaldskrá.

7. gr.

Bifreiðastjóra er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu ökugjalds að hluta að öllu leyti. Á sama hátt getur bifreiðastjóri krafist fullnaðargreiðslu ökugjalds, ef farþegar yfirgefa bifreið.

8. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.
2. Ef ökuferð tekur fleiri en einn dag.
3. Þegar um er að ræða akstur erlendra ferðamanna, sem ferðast á vegum stofnana í landinu, gegn fargjaldi, sem samið er um áður en farþegarnir eru komnir til landsins.
4. Hópferðir gegn ákveðnu sætagjaldi.

Við tölulið 1, 2 og 4 skal farið eftir gjaldskrá bifreiðastjórafélaganna á hverjum stað og tíma, við ákvörðun ökugjalds.

9. gr.

Samgönguráðuneytið ákveður hverja tegund eða tegundir gjaldmæla skuli nota.

10. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiðastjóra á hverjum tíma. Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal það auglýst greinilega, svo að allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

11. gr.

Samgönguráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mælana og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingu, svo og viðgerðir, breytingar og innsiglun, gegn gjaldi, er samgönguráðuneytið ákveður.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt VII. kafla umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot renna í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 86. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 21. júlí 1952 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða:

Leigubifreiðastjórum er heimilt til 15. ágúst 1974 að nota óbreytta mæla, enda verði verðskrá í hverri slíkri bifreið, er sýni greinilega hver er mismunur mælisstöðu og raunverulegs gjalds.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

21. júní 1974. Nr. 182.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1970, um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 5%. Þau skulu vera afborganalaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hækki almennir vextir í landinu er Húsnæðismálastjórn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að hækka þessa vexti frá sama tíma, svo og dráttarvexti af lánum í samræmi við slíka hækkun. Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar $^3/_{10}$ — þremur tíundu — þeirrar hækkunar, er hverju sinni kann að hafa orðið á gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá lántökutíma til hvers gjalddaga ársgjald eða greiðsludags, dragist greiðsla fram yfir gjalddaga.

Hagstofa Íslands skráir vísitölu byggingarkostnaðar á grundvelli núgildandi laga um hana nr. 25 frá 24. apríl 1957, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, skal nefnd skipuð þremur mönnum koma saman og ákveða, hvernig vísitala samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengd núgildandi vísitölu byggingarkostnaðar. Seðlabankinn tilnefnir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skulu úrskurðir nefndarinnar vera fullnaðarúrskurðir. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼ af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum, nr. 30 12. maí 1970, sbr. bráðabirgðalög nr. 28 21. maí 1974, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Hallgrímur Dalberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1974

24. júní 1974. 361 Nr. 183.

REGLUR

um tollmeðferð sendiferðabifreiða.

Fjármálaráðuneytið setur hér með eftirfarandi reglur um sendiferðabifreiðar samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36 í lögum nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.0236, að hún sé undir 3 tonnum að burðarþoli, yfirbyggð og gerð til flutnings á varningi, og fullnægi að öðru leyti eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hlið hans.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm ekki styttra en 135 sm og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa í sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra eða farþega við hlið hans.

Bifreiðin skal auðkennd með sérstökum merkjum, bókstafnum S, rauðum á hvítum grunni, er skulu fest á bifreiðina hjá skrásetningarnúmerum hennar, og er óheimilt að fjarlægja merkin af bifreiðinni, meðan kvöð samkvæmt yfirlýsingu gefinni á grundvelli 2. gr. helst.

Í skoðunarvottorði bifreiðarinnar skal þess getið, að hún sé tollafgreidd sem sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36.

2. gr.

Bifreið fær því aðeins tollmeðferð sem sendiferðabifreið samkvæmt tnr. 87.02.36, að eigandi hennar gefi við tollafgreiðslu skriflega yfirlýsingu um eftirtalin atriði:

a. Að bifreiðinni skuli ekki breytt svo næstu 3 ár frá tollafgreiðsludegi, að hún fullnægi ekki lengur skilyrðum 1. gr. reglna þessara og hefði því þannig breytt fallið undir hærri tollflokk við innflutning.
b. Að sé brotið í bága við þetta, skuli þegar greiddur af bifreiðinni mismunur þeirra aðflutningsgjalda, sem af henni voru greidd við innflutning, og þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða átti af henni, ef framangreind yfirlýsing hefði ekki verið gefin, þó að frádreginni 33⅓% fyrningu fyrir hvert ár frá tollafgreiðsludegi.

Bifreiðin skal vera að lögveði fyrir greiðslu þeirri, er um ræðir í b-lið hér að framan, og má tollyfirvald láta taka bifreiðina úr umferð og selja hana samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga nr. 59/1969, ef greiðslan er ekki innt af hendi.

B 46

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað, og jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 191/1964.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1974.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 184. 24. júní 1974.

AUGLÝSING

um greinarmerkjasetningu. Viðauki við auglýsingu nr. 133/1974.

Við 6. gr. bætist:

3. Komma milli aukasetninga.

Milli aukasetninga skal aldrei setja kommur, nema innskotssetning sé eða þær standi í setningarunum, sbr. 7. gr.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1974

12. mars. 1974. 363 Nr. 185.

AUGLÝSING

um fólkvang í Rauðhólum.

Framleiðendur skulu láta prenta stöðlun Fóðureftirlits ríkisins (F.R.) á umbúðir eða fylgiseðla, en auk þess einnig það **fóðurgildi,** sem þeir ábyrgjast innan stöðlunar-rammans. Ef um búlkaverslun er að ræða, skal þetta prentað eða stimplað á afgreiðslunótu eða reikning.

I. **Fóðurblöndur handa jórturdýrum.** (Hvítir seðlar).

1. Vöruheiti: A-blanda — 140.
(Fóðurblanda handa nytháum mjólkurkúm og sauðfé með beit og lakari heyjum. Einnig nothæf sem kálfaeldisfóður og grísagyltu-fóður).
Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.95—1.05 kg).
140 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 135—150 g).
8 g Ca í kg (Mörk: 7—10 g).
7 g P í kg (Mörk: 6—9 g).
3 g Na í kg (Mörk: 2—5 g).

2. Vöruheiti: B-blanda — 115.
(Fóðurblanda handa mjólkurkúm allt að 20 kg nyt og handa sauðfé. Einnig nothæf sem eldisfóður grísa og til reiðhestaeldis).
Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.95—1.05 kg).
115 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 110—125 g).
8 g Ca í kg (Mörk: 7—10 g).
8 g P í kg (Mörk: 7—10 g).
3 g Na í kg (Mörk: 2—4 g).

3. Vöruheiti: C-blanda — 75. (Saltað korn).
(Kjarnfóður handa mjólkurkúm með sumarbeit og heyjum allt að 18 kg dagsnyt. Einnig fóður handa sauðfé við sams konar aðstæður og handa reiðhestum með sumarbeit og kjarngóðri töðu).
Fóðrið er sett saman úr einni eða fleiri korntegundum með íblönduðum fóðursöltum, 4—5%.
Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.95—1.05 kg).
75 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 65—95 g).
8 g Ca í kg (Mörk: 7—10 g).
8 g P í kg (Mörk: 7—10 g).
3 g Na í kg (Mörk: 2—4 g).

4. Vöruheiti: Kálfamjólk.
Undanrennuduftsblanda (ca: 83% undanrennuduft, 15% feiti, 1% Lecitin) til eldis kálfum og öðru ungviði á fyrsta aldursskeiði.
Stöðlun F.R.: 0.70 kg í F.fe. (Mörk: 0.65—0.75 kg).
185 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 175—200 g).
11 g Ca í kg (Mörk: 10—13 g).
9 g P í kg (Mörk: 8—11 g).
6 g Na í kg (Mörk: 5—7 g).

II. Fóðurblöndur handa svínum. (Gulir seðlar).

1. **Vöruheiti: Grísa-Gyltu-fóður.**

(Fóðurblanda handa **grísagyltum** síðustu 1—2 vikur fyrir got og á mjólkurskeiðinu (ca: 8 vikur eftir got), einnig handa smágrísum meðan þeir eru hjá móðurinni og fram til 4—5 mánaða aldurs). **Einnig ágætt kálfaeldisfóður.**

Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.9—1.05 kg).
140 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 135—145 g).
9 g Ca í kg (Mörk: 8—11 g).
8 g P í kg (Mörk: 7—10 g).
2 g Na í kg (Mörk:1.5—3.0 g).

Vítamín og **snefilefni** skulu sérstaklega sett í þetta fóður.

2. **Vöruheiti: Eldissvínafóður.**

(Fóðurblanda handa eldissvínum frá 16—20 vikna aldri til slátrunar. Einnig fóður handa geldum gyltum og fang-gyltum fram undir got og handa undaneldisgöltum). Einnig gott **eldisfóður fyrir reiðhesta.**

Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.95—1.05 kg).
115 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 110—120 g).
7 g Ca í kg (Mörk: 6—9 g).
6 g P í kg (Mörk: 5—8 g).
2 g Na í kg (Mörk:1.5—3.0 g).

Vítamín og **snefilefni** skulu sérstaklega sett í þetta fóður.

III. Fóðurblöndur handa hestum. (Bláir seðlar).

1. **Vöruheiti: Hestafóðurblanda.**

Fóðurblanda handa reiðhestum:

Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk 0.9—1.2 kg).
110 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 90—120 g)
7 g Ca í kg (Mörk: 5—8 g).
7 g P í kg (Mörk: 5—8 g).
3 g Na í kg (Mörk: 2—4 g).

Vítamín og **snefilefnablöndur** eru æskilegar í reiðhestafóður, en ekki skylda að setja þær í blönduna.

IV. Fóðurblöndur handa hænsnum. (Rauðir seðlar).

(Reiknað í F.fe., sem fóður handa jórturdýrum).

1. **Vöruheiti: Ungafóður I.**

(Heilfóður til uppeldis hænsnaungum frá 1. degi til loka 8. aldursviku).

Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.97—1.03 kg).
150 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 145—155 g).
9 g Ca í kg (Mörk: 8—10 g).
7 g P í kg (Mörk: 6—9 g).
1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).

Vítamín og **snefilefni** skulu sérstaklega sett í fóðrið, einnig **varnarefni gegn hnislasótt.**

2. **Vöruheiti: Ungafóður II.**

(Heilfóður til uppeldis í hænsnaungum frá byrjun 9. viku til varps (ca. 20 vikna aldurs).

Stöðlun F.R.: 1.0 kg í F.fe. (Mörk: 0.97—1.03 kg).
135 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 130—140 g).
12 g Ca í kg (Mörk: 11—14 g).
10 g P í kg (Mörk: 9—12 g).
1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).

Vítamín og **snefilefni** skulu sett í blönduna.

3. **Vöruheiti: Varpfóður — Heilfóður.**

Heilfóður handa afkastamiklum varphænum (yfir 200 egg á ári). Sé varpið minna en 55%, skal gefa hænsnakorn með þessu fóðri, að ⅓ eða ¼ eftir varpinu).

Öllum efnaþörfum hænsnanna er fullnægt í þessu fóðri (búrafóður).

Stöðlun F.R.: 1.05 kg í F.fe. (Mörk: 1.00—1.13 kg).
140 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 135—150 g).
34 g Ca í kg (Mörk: 32—36 g).
9 g P í kg (Mörk: 8—11 g).
2.0 g Na í kg (Mörk: 1.5—2.5 g).

Vítamín og **snefilefni** skulu sett í blönduna.

4. **Vöruheiti: Varpmjöl — Hálffóður.**

(Fóður handa **varpfuglum.** Gefist með **hænsnakorni** (kornfóðurblanda) um það bil til helminga. Í fóðrinu er nægilegt kalk til miðlungsvarps).

Stöðlun F.R.: 1.08 kg í F.fe. (Mörk 1.05—1.18 kg).
170 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 165—175 g).
50 g Ca í kg (Mörk: 45—60 g).
12 g Ca í kg (Mörk: 11—14 g).
2.5 g Na í kg (Mörk: 2.0—3.0 g).

Vítamín og **snefilefni** skulu sett í blönduna.

5. **Vöruheiti: Holdakjúklingafóður I — (Kalkúna-eldisfóður II).**

(Heilfóður til **uppeldis holdakjúklinga** frá klakningu til loka 5. aldursviku. Einnig **vaxtarfóður fyrir kalkúna 8.—12.** aldursviku).

Stöðlun F.R.: 0.95 kg í F.fe. (Mörk: 0.85—1.03 kg).
190 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 180—200 g).
11 g Ca í kg (Mörk: 10—13 g).
9 g P í kg (Mörk: 8—11 g).
1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).

Vítamín, snefilefni og **varnarefni gegn hníslasótt** skal sett í blönduna.

6. **Vöruheiti: Holdakjúklingafóður II — (Kalkúnaeldisfóður III).**

(Heilfóður til **lokaeldis holdakjúklinga, 7.—9. viku.** Einnig til **lokaeldis kalkúna, 13.—17. aldursviku. Í þetta fóður má ekki setja hníslasóttarlyf.**

Þetta er einnig gott fóður til **eldis á smágrísum**, að 8 vikna aldri).
Stöðlun F.R.: 0.95 kg í F.fe. (Mörk: 0.85—1.03 kg).
175 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 165—185 g).
12 g Ca í kg (Mörk:11—14 g).
10 g P í kg (Mörk: 9—12 g).
1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).
Vítamín og **snefilefni** skulu sett í blönduna.

7. **Vöruheiti: Kalkúna-eldisfóður I.**

(Heilfóður til uppeldis kalkúna fyrstu 8 vikurnar).
Stöðlun F.R.: 0.95 kg í F.fe. (Mörk: 0.85—1.03 kg).
230 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 220—240 g).
14 g Ca í kg (Mörk: 12—16 g).
12 g P í kg (Mörk: 10—14 g).
1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).

13. júní 1974. Nr. 188.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 19.40 á hverja kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 8.20 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 6.50 á ferm. á mánuði.
b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 3.30 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 4.80 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 36.00 á mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 13.40 hverja kWst. ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 10 kW:
a) Kr. 3.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
b) Kr. 5.30 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

c) Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 5 345.00 á kW á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1.85 á kWst.

d) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 1.85 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 4 222.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst.-mæli kr 2.58 hver kWst.
32. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.35 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn síðdegis.
43. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.23 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
44. Til fasttengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli kr. 1.56 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 08, og kr. 4.40 kWst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

A. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 8.20 hver kWst.
2. Til götu- og hafnalýsinga kr. 2 205.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasamælum 50 amp. og minni	kr.	35.00 á mán.
2.	Af þrífasamælum 50 amp. og minni	—	47.00 - —
3.	Af þrífasamælum 50—100 amp.	—	66.00 - —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	135.00 - —
5.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	—	266.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verðmæti mælitækja.

Leigan greiðist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr./m
1. 60 A 1-fasa	2 050.00	875.00
2. 60 A 3-fasa	2 050.00	1 060.00
3. 100 A 3-fasa	6 100.00	1 200.00
4. 200 A 3-fasa	20 900.00	1 825.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi. Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjaldskránni. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 391 31. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

13. júní 1974. Nr. 189.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.
Smásöluverð.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F 1
	Orkugjald	—	24.00 á kWst.

12.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 2
	Orkugjald	—	12.90 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	—	F 1 + F 3
	Orkugjald	—	6.20 á kWst.
	Markmæling:		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	—	24 500.00 á ári
	Aflgjald, frá 3—6 kW	—	5 790.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	4 300.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.35 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	6.20 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	—	F 1 + F 2
	Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári
	Orkugjald	—	12.90 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	14 700.00 á ári
	Aflgjald, frá 2—5 kW	—	7 350.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW	—	6 460.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F 1 + F 3
	Orkugjald	—	2.37 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	2 330.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F 1
	Orkugjald	—	0.97 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	—	F 1 + F 4
	Orkugjald	—	5.05 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4
	Orkugjald	—	2.14 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
43.	Fast gjald	—	F 1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	15 720.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	3 144.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.20 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	6.20 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
44.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4
	Orkugjald	—	1.10 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald	kr.	F 1
Fyrir hvert götuljósker	—	5 × F 1 á ári
Orkugjald	—	2.90 á kWst.
52. Fast gjald	—	F 1
Orkugjald	—	7 00 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals fyrir hvert skipti.	—	1 150.00

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F 1	—	175.00 á mánuði
F 2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	6.90 á m² á mán.
b) Gangar, geymslur og þ. h.	—	3.50 á m² á mán.
F 3	—	70.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 ferm, eða minna reiknast hálft, en 25 ferm .eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F 4 Hvert uppsett kW ..... kr. 600.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.
Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 7.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárliði 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 377 10. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 190. 18. júní 1974.

REGLUGERÐ

um Lagastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Lagastofnun Háskóla Íslands starfar við lagadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Lagastofnunarinnar er:

1) Að vera vísindaleg rannsóknastofnun í lögfræði.

2) Að vera vísindaleg kennslustofnun í lögfræði fyrir kandídata og stúdenta, er vinna að fræðilegum verkefnum, sem sinnt er í stofnuninni, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
3) Að vera með sama hætti, eftir því sem aðstæður leyfa, vísindaleg rannsókna- og kennslustofnun í greinum, sem skyldar eru lögfræði eða stunda ber í lagadeild.

3. gr.

Hlutverk sínu gegnir Lagastofnunin með því að:

1) Veita starfsmönnum stofnunarinnar og gestum fyrirgreiðslu í rannsóknum þeirra, svo sem varðandi húsnæði, ritaraþjónustu, bókavarðaþjónustu og aðra aðstoð við vísindastörf.
2) Gera rannsóknaáætlanir og standa að framkvæmd þeirra.
3) Hafa samvinnu við Háskólabókasafn, Landsbókasafn, bókasafn Hæstaréttar Íslands og önnur bókasöfn um útvegun, varðveislu og nýtingu lagabóka og tímarita.
4) Hafa samvinnu við aðrar vísindastofnanir, innanlands og utan, svo og aðra aðila, um málefni á starfssviði stofnunarinnar.
5) Taka að sér í eigin nafni rannsóknarverkefni fyrir aðra aðila eftir ákvörðun stjórnar stofnunarinnar í hvert sinn.
6) Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri starfsemi, sem starfssvið stofnunarinnar varðar.
7) Vinna að útgáfu rita um efni á starfssviði stofnunarinnar.
8) Safna gögnum um lögfræðileg efni, varðveita þau og veita aðgang að þeim til vísindalegrar úrvinnslu.

4. gr.

Kennarar í fullu starfi við lagadeild teljast starfa við Lagastofnun Háskóla Íslands, nema þeir starfi við aðra rannsóknastofnun eða óski að vera undan því þegnir.

Kandídatar og stúdentar, sem fá aðstöðu til námsvinnu við fræðileg verkefni, sbr. 2. tl. 2. gr., starfa við stofnunina tiltekinn tíma, er ekki skal vera lengri en eitt ár í senn. Stjórnin getur falið forstöðumanni eða einstökum kennurum að veita aðstöðu þessa. Stjórnin getur sett að skilyrði fyrir aðstöðunni, að viðkomandi taki að sér stjórnunarstörf eða þjónustustörf við Lagastofnunina eða kennslu við lagadeild. Um þóknun fyrir slík störf fer eftir reglum Háskólans.

Stjórn stofnunarinnar getur boðið mönnum til fræðistarfa við Lagastofnunina í allt að eitt ár í senn. Fela má slíkum gestum stofnunarinnar stjórnunarstörf og þjónustustörf með samþykki þeirra, en til þess þarf ákvörðun stjórnar.

Kennarar við lagadeild, sem ekki eru í fullu starfi, skulu teljast starfsmenn stofnunarinnar að hluta, ef þeir óska þess og stjórnin samþykkir.

Við stofnunina starfa að auki sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem heimild er til í fjárlögum.

Forstöðumaður og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

5. gr.

Stjórn Lagastofnunar Háskóla Íslands er skipuð 4 kennurum í fullu starfi við lagadeild, sem við stofnunina starfa, kjörnum af lagadeild til 2 ára í senn, og 1 fulltrúa stúdenta, tilnefndum af stjórn Orators, félags laganema, til sama tíma. Stjórnin ræður þá starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru kennarar, eftir því sem heimild er til í fjárlögum, og tekur aðrar ákvarðanir um málefni hennar.

Daglegan rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, kosinn af stjórn hennar úr hópi stjórnarmanna til tveggja ára í senn.

Í febrúar á hverju ári skal forstöðumaður Lagastofnunarinnar boða til fundar með fimm daga fyrirvara alla starfsmenn stofnunarinnar og gesti. Forstöðumaður má og boða til fundarins aðra starfsmenn við Háskóla Íslands svo og einstaklinga og fulltrúa félagssamtaka og stofnana, ef hann eða stjórnin telur þátttöku þeirra hafa þýðingu fyrir Lagastofnunina. Á fundi þessum skal forstöðumaður leggja fram skýrslu um starfsemi stofnunarinnar næsta ár á undan, svo og tillögur stjórnarinnar um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Skal ræða um þessi mál á fundinum svo og önnur mál, sem stjórn eða forstöðumaður vilja leggja fyrir hann. Málefni stofnunarinnar önnur skal og ræða, en heimilt er forstöðumanni að auglýsa með viku fyrirvara, að krafa um að setja mál á dagskrá skuli gerð sjö dögum fyrir fundinn. Fundur þessi nefnist ársfundur Lagastofnunar Háskóla Íslands. Hann hefur ekki ákvörðunarvald, en getur samþykkt ályktanir til lagadeildar.

Aukafundir Lagastofnunar skulu haldnir til að ræða um málefni, er hana varða, ef forstöðumaður telur það æskilegt, eða ef a. m. k. 4 starfsmenn stofnunarinnar í fullu starfi óska þess eða 15 menn aðrir, sem rétt eiga til setu á ársfundi.

Stjórn Lagastofnunarinnar getur kosið nefndir til að sinna tilteknum verkefnum fyrir hana. Kjörtími má ekki vera lengri en tvö ár. Slíkar nefndir hafa ekki ákvörðunarvald, nema þeim sé sérstaklega fengið það í samþykkt stjórnarinnar. Kjósa má menn utan Lagastofnunar í slíkar nefndir.

Nú telur einhver sá, sem rétt á til setu á ársfundi Lagastofnunar eða fundum lagadeildar, ákvörðun stjórnar eða forstöðumanns vera andstæða ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum ákvæðum reglugerðar eða laga Háskólans, og getur hann þá skotið ákvörðuninni til lagadeildar.

6. gr.

Kostnað við starfsemi Lagastofnunar Háskóla Íslands skal greiða með:

1) framlögum úr ríkissjóði,
2) framlögum úr öðrum opinberum sjóðum,
3) framlögum frá öðrum aðilum,
4) greiðslum fyrir verkefni, sem Lagastofnunin tekur að sér skv. 5. tl. 3. gr.,
5) arði af eignum stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar skal ályktа um viðtöku fjár skv. 2., 3. og 4. lið, þ. á m. um skilyrði sem framlögin kunna að vera bundin.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar og gengur frá rekstraráætlun og tillögum um fjárveitingar til stofnunarinnar, eftir að ársfundur hennar hefur verið haldinn. Rekstraráætlun og fjárveitingatillögur skulu sendar lagadeild til meðferðar skv. lögum.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

7. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörslu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

8. gr.

Stjórn Lagastofnunar gengur frá ársskýrslu stofnunarinnar, og skal hún birt í árbók Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

18. júní 1974. Nr. 191.

REGLUGERÐ

um Líffræðisstofnun Háskólans.

1. gr.

Líffræðistofnun Háskólans heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar eru:

a) Að annast grundvallarrannsóknir í líffræðigreinum þessum:
   1. dýrafræði,
   2. erfðafræði og sameindalíffræði,
   3. grasafræði,
   4. vistfræði.

b) Að annast kennslu skv. ákvörðun verkfræði- og raunvísindadeildar á þeim sviðum líffræðinnar, sem undir stofnunina falla.

c) Að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir.

d) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á fræðilegum nýjungum og fást við hver önnur verkefni, er stuðlað geta að því að efla rannsóknarstarfsemi í líffræðilegum greinum og kennslu í þeim í skólum landsins eftir því, sem við verður komið og fé er veitt til.

e) Að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofnanir, er starfa á skyldum sviðum.

3. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Fastir háskólakennarar í þeim greinum, sem heyra undir stofnunina.
   Auk þeirra er heimilt, að fastir kennarar annarra deilda í skyldum greinum þeim, er getur í a-lið 2. gr., starfi við stofnunina. Um hlutaráðna kennara gildir almennt sama heimild, æski þeir þess.

b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, sem sinna tímabundum verkefnum eða kennslu.

c) Sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því, sem heimild er til í fjárlögum.

d) Stúdentar, sem stjórn stofnunarinnar veitir starfsaðstöðu til rannsóknarverkefna.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þrem mönnum; tveim kjörnum af verkfræði- og raunvísindadeild til tveggja ára í senn úr hópi fastra háskólakennara og sérfræðinga, sbr. 3. gr. lið a og c, að fengnum tillögum starfsliðs; svo og einum stúdent með líffræði sem aðalgrein, kjörnum af Félagi náttúrufræðinema til eins árs.

Stjórnin kýs sér formann og skal hann vera annar þeirra, sem kosnir eru af verkfræði- og raunvísindadeild, en eigi má hann vera formaður stjórnarnefndar líffræðiskorar. Stjórnarformaður er forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með allri starfsemi, meðan sérstakur framkvæmdastjóri hefur ekki verið ráðinn.

Heimilt skal að ráða framkvæmdastjóra, og setur stjórnin honum erindisbréf

Stjórn stofnunarinnar er að fengnu samþykki verkfræði- og raunvísindadeildar heimilt að skipta stofnuninni í rannsóknarstofur eftir því, sem þörf er fyrir og fé er veitt til.

Verði stofnuninni skipt í rannsóknarstofur, skal fyrir hverri þeirra vera forstöðumaður, sem hefur á hendi stjórn rannsókna og stendur fyrir daglegum rekstri undir yfirstjórn forstöðumanns stofnunarinnar og stjórnar hennar. Fastir starfsmenn rannsóknarstofu kjósa forstöðumann til þriggja ára í senn úr samsvarandi hópi og stjórnarmenn eru kjörnir af verkfræði- og raunvísindadeild, sbr. 1. mgr.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar; hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir og tillögur um fjárveitingar til hennar og til einstakra rannsóknarstofa, er þeim hefur verið komið á.

Stjórnin getur skotið málum til deildarráðs til samráðs eða úrskurðar. Verði þá ágreiningur, má skjóta honum til deildarfundar og háskólaráðs.

5. gr.

Stjórnarformaður, forstöðumenn rannsóknastofa, svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans, eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.

b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.

c) Gjafir.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Neskaupstað.

1. gr.

Neskaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði bæjarins. Fer hún fram undir yfirstjórn tæknideildar kaupstaðarins og með umsjón heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstaka grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi eða henni komið fyrir í sorpskáp. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða skápbotni. Lok skal vera yfir grindinni.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda. Hafa skal greiðfæran stíg að sorpgrind, ca. 90 cm breiðan.

4. gr.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi grinda við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

5. gr.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins.

6. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum, þó ekki eftir kl. 22.

7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd aðra hverja viku, en þó ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

8. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð, heita ösku, mold, möl, grjót, mykju og byggingarsorp (timbur, múrsteinar) í sorppoka.

9. gr.

Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum og blautu sorpi, áður en slíkt er sett í sorppoka. Bannað er að setja eldfima vökva t. d. bensín eða olíu í sorpílát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

10. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

11. gr.

Mold, möl, grjót eða svipuð efni, skulu flutt á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum bæjarstjórnar. Sama gildir um bílhræ og brotajárn. Þangað er bannað

að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja brott úrgang frá slíku svæði.

12. gr.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

13. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

14. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

15. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til bæjarstjórnar.

16. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

17. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júní 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 193. 20. júní 1974.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ,

verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, um menntamálaráðuneytið, skipulag þess og starfsreglur, hér með breytt á þann veg, að á eftir G-deild (greiðslu- og bókhaldsdeild) komi nýr kafli:

H-deild.

(Verk- og tæknimenntunardeild):

Deildarstjóri:

Stefán Ólafur Jónsson.

Aðrir starfsmenn:

Tæknifræðingur.
Ritari.

Verkefni.

Málefni, er varða verk- og tæknimenntun á grunnskólastigi. Iðnfræðsla, iðnskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, fiskvinnsluskóli, hjúkrunarskólar, húsmæðraskólar, verslunarskólar, Hótel- og veitingaskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Húsmæðrakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Kennararáðningar við framangreinda skóla og orlof kennara sömu skóla. Fræðsla fullorðinna, námsflokkar, bréfaskólar, kvöldskólar, námskeið, sjónvarps- og útvarpskennsla. Starfsfræðsla og leiðbeiningar um starfsval og samstarf við aðila vinnumarkaðsins til eflingar verkmenntun, sem nýtist í atvinnulífinu.

Verkefni annarra deilda ráðuneytisins breytast í samræmi við þetta.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

21. júní 1974. Nr. 194.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eiðisgrandi verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Hringbraut.

Framangreind regla tekur gildi 28. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júní 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

21. júní 1974. Nr. 195.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hofsóshrepps.

Vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Hofsóshrepps, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt.

2. gr.

Fyrir hvert hús, sem tengt er Vatnsveitu Hofsóshrepps, skal greiða tengigjald, sem er kr. 3 000.00 fyrir íbúðarhús og kr. 5 000.00 fyrir hús til annarrar notkunar. Auk þess skal greiða viðbótargjald kr. 1 000.00 fyrir hverja íbúð umfram eina í húsi.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

3. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mati mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.2% af framangreindu mati fyrir íbúðarhús og 0.3% fyrir aðrar fasteignir.

Lágmarks upphæð vatnsskatts fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 700.00.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 3. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og vegna annarra nota, en til heimilisþarfa.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

7. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa eða báta, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern teningsmetra, þó ekki lægri en kr. 500.00 fyrir hverja afgreiðslu.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um ábyrgð á greiðslu og fleira.

9. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

10. gr.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hofsóshrepps nr. 104 23. júlí 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Múla, Dalvík, en það nær yfir Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurhrepp, Svarfaðardalshrepp og Árskógshrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Múla, bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Enn fremur skal leita umsagnar samningsbundinna atvinnurekenda á félagssvæðinu.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla á Dalvík utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Múli viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir vörubifreiðar á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 15. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Kópavogshöfn.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Kópavogshöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins. Sjávarmegin ræður mörkum:

Að norðan, vestan og sunnan lína frá mörkum Reykjavíkur og Kópavogs í Fossvogi og umhverfis Kársnes að mörkum í Kópavogi. Þessi lína skal fylgja mörkum við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Bessastaðahrepps og Garðahrepps.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 2 úr hópi bæjarfulltrúa og 3 utan bæjarstjórnar. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúa úr hópi bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs Kópavogs. Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mætir hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri, undir umsjón hafnarstjórnar, fasta starfsmenn aðra ræður hafnarstjóri samkvæmt reglum bæjarins, svo marga, sem þurfa þykir.

III. KAFLI
ALMENN REGLA

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin.

Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum í höfninni, svo og landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina olíur eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða skipspilfar.

IV. KAFLI
HAFNSAGA, LEGA SKIPS Á HÖFNINNI OG AFGREIÐSLA ÞEIRRA

9. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

10. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Kópavogs og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttólestir, og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni, án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip á höfninni, án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til þess að láta leggja skipinu við legufæri eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

13. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti 3 klukkustunda fyrirvara.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

15. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlaus á höfninni) skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

17. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipað að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

18. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum og bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

19. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, eða vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

20. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

22. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

23. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiða allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI
GEYMSLUSKIP OG SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

24. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á höfninni nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjóra heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu.

Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa og hefur umsjón með, þegar skipum er lagt, og skulu legufærin ákveðin í samráði við hann.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

25. gr.

Meðan skip liggur í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Kópavogi, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

VI. KAFLI
FERMING OG AFFERMING ELDFIMRAR VÖRU

26. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, bensín, aceton, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri leyft affermingu undir umsjá slökkviliðsstjóra.

27. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 26. gr. gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

28. gr.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

29. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er um í 26. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VII. KAFLI
HAFNARGJÖLD

30. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt.

1. Lestagjöld.

31. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestargjald, kr. 3.00 á hverja brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1.000.00.

Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

2. Bryggjugjöld.

32. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

3. Hafnsögugjöld.

33. gr.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, þó skulu innlend fiskiskip, sem minni eru en 400 brúttórúmlestir að stærð, því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns.

34. gr.

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar kr. 800.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest.
b. Fyrir leiðsögn frá höfninni kr. 700.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest.
c. Fyrir leiðsögn um höfnina kr. 400.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmlest.

4. Vörugjöld.

35. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

36. gr.

Ef vörur, sem skv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Kópavogs og eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

37. gr.

Af sjávarafla, sem fluttur er á milli skipa í höfninni, skal greiða hálft vörugjald.

38. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vörur skv. farmskrá skips, sem eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem fluttur er úr landi á íslensk fiskiskip til eigin afnota.
c. Bréfapóstur, farþegaflutningur, vörur til hafnarinnar og fyrirtækja bæjarsjóðs, innlend nýmjólk og rjómi.

d. Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil eining, en minna broti en hálfri gjaldeiningu sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarskrifstofunni ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í vörusendingunni og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

39. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalda eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiða gjald eins og þar segir. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

Brottfluttar og aðfluttar vörur:

40. gr.

1. fl.: **Gjald kr. 70.00/tonn:**

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi. t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: **Gjald kr. 150.00/tonn:**

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð, og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: **Gjald kr. 400.00/tonn:**

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra þ. m. t. heimilisvélar, landbúnaðar- og vinnuvélar, loft- og rafknúin tæki, skrifstofutæki, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, húsgögn, hljóðfæri, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki.

b. Útvarps- og sjónvarpstæki, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, fegrunarvörur. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita 50% afslátt. Af vörum undir staflið b. sé gjald kr. 800.00 á tonn, þegar um er að ræða flutning frá útlöndum.

4. fl.: **Gjald kr. 40.00 rúmmeter:**

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: **Gjald 1%:**

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

5. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

41. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða leigugjald, sem hafnarstjóri ákveður.

42. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

43. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

VIII. KAFLI
INNHEIMTA OG GREIÐSLA HAFNARGJALDA

44. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

45. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænst þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni, með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll sín gjöld til hafnarinnar.

46. gr.

Vörugjald og leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 41. gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afgreiða vörurnar, uns gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

47. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar skv. 42. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, skv. 43. gr. greiðir samningsaðili.

48. gr.

Öll gjöld skv. þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. IV. kafla hafnalaga. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í 2 ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, hafnsögugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu.

IX. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

49. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða látið í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

50. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

51. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

52. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

53. gr.

Hverja þá skipun, sem skv. reglugerð þessari má gefa, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 15. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

54. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, lán á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

55. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

56. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að 100 000.00 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Kópavogs.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Kristinn Gunnarsson.

21. júní 1974. Nr. 198.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Drangsnes við Steingrímsfjörð.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Höfnin takmarkast af línu, sem hugast dregin frá Helganestá í stefnu á Heiðarbæ, að vestan, að austan af línu, sem hugsast dregin frá Bælishöfða í stefnu á Smáhamra og að sunnan ræður siglingaleið í stefnu á Hólmavík, mörkum hafnarinnar.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með stjórn hafnamála hverju sinni.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarnefnd og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Boðar formaður til funda í hafnarnefnd og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarnefndar skal vera hið sama og hreppsnefndar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð og skal hafnarnefnd annast það. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarnefnd við daglegan rekstur hafnarinnar skal hafnarnefnd ráða hafnarstjóra og svo marga starfsmenn aðra, sem þurfa þykir, og setur þeim erindisbréf. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd.

Allar ráðningar hafnarstarfsmanna eru háðar samþykki hreppsnefndar, en hafnarnefnd getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð í höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum í höfninni. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu gæti verið að ræða (sjá 25. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, á bryggjur eða hafnarbakka, kjölfestu, ösku, fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu, renna í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð innan takmarka hafnarinnar. Þá er bannað að blása í skipsflautur eða lúðra innan hafnarinnar frá kl. 24.00 að kveldi til kl. 07.00 að morgni, nema nauðsyn krefji.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

11. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstum áætlunum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Leggist skipið að hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum,

ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

14. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

15. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

16. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur eða strandar, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, veldur óæskilegum áhrifum á innsiglingu til hafnarinnar eða óprýði, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá eiganda farms eða skips.

21. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

22. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfnina með sérstöku leyfi hafnarstjóra, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

23. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á viku fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það í sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

24. gr.

Heimilt er að leggja skip í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarvarðar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarstjóri sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

25. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, gasolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

27. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

28. gr.
Lestagjöld.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald. Skip yfir 400 brúttórúmlestir að stærð skulu greiða kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

29. gr.
Bryggjugjöld.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Öll skip, sem ekki falla undir 30. gr., skulu greiða gjaldið fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 1.50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

30. gr.

Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

a. Opnir bátar greiði kr. 1000.00 á ári.

b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar, þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu, eða lengur, skulu greiða kr. 160.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á ári.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 24.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á mánuði.

d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni skulu greiða kr. 2.40 af hverri brúttórúmlest í lesta- og bryggjugjöld, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni.

Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði. Gjöld þau, er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

31. gr.
Hafnsögugjöld.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, ef þau nota hafnsögumann.

32. gr.

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar kr. 800.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest.

b. Fyrir leiðsögn frá höfninni kr. 700.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest.

c. Fyrir leiðsögn um höfnina kr. 400.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmlest.

33. gr.
Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

34. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

35. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi.

b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.

c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.

d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

36. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa

við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

37. gr.

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um, og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera krónur 10.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

38. gr.

Vörugjaldskrá.

Brottfluttar og aðfluttar vörur:

1. fl.: **Gjald kr. 70.00/tonn:**
   a. Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
   b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.
   c. Útfluttar afurðir þ. m. t. sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur, unnar eða hálfunnar.

2. fl.: **Gjald kr. 150.00/tonn:**
   a. Unnar iðnaðarvörur þ. m. t. nýlenduvörur, unnar vörur til bygginga, gólfdúkar, flísar, þilplötur, efni til pípulagna, pökkuð matvæli, niðursuðuvörur, fatnaður.
   b. Allt ótalið annars staðar (eftir þyngd).

3. fl.: **Gjald kr. 400.00/tonn:**
   a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra þ. m. t. heimilisvélar, landbúnaðar- og vinnuvélar, loft- og rafknúin tæki, skrifstofutæki, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, húsgögn, hljóðfæri, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki.
   b. Útvarps- og sjónvarpstæki, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, fegrunarvörur. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita 50% afslátt. Af vörum undir staflið b. sé gjald kr. 800.00 á tonn, þegar um er að ræða flutning frá útlöndum.

4. fl.: **Gjald kr. 40.00 rúmmeter:**

   Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: **Gjald 1%:**

   Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu

til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

39. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Allt vörumagn, sem um höfnina fer og ekki er á farmskrá skal vegið á vog hafnarinnar, enda fullnægi hún þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru hverju sinni um mál og vog. Fyrir vigtun á vog hafnarinnar skal eigandi vörunnar greiða í hafnarsjóð vigtargjald, sem nemur kr. 2.00 af hverjum 100 kg.

40. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

41. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

42. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó kr. 500.00 á ári, 12—50 brúttórúmlestir kr. 1 500.00 á ári. 50 brúttórúmlestir og yfir kr. 3 000.00. Gjalddagi er í apríl ár hvert.
b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

43. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki eru talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarsjóði.

44. gr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

45. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, uns hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

46. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 40. og 41. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, uns gjaldið er greitt.

47. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjórn um afnotin.

48. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

49. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

50. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

51. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

52. gr.

Allir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

53. gr.

Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau,

er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

54. gr.

Innan hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

55. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggi umsögn hafnarnefndar þar að lútandi.

56. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

57. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra máli.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin hafnarreglugerð fyrir Drangsneshöfn, nr. 65, 10. maí 1949, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 199. 21. júní 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI
RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

A. 1. **Til lýsingar:**

Um kWst.-mæli á kr. 4.91 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 8.04 á mánuði af hverjum m^2 gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B. 1. **Til heimilisnotkunar:**

Um kWst.-mæli á kr. 4.17 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 35.18 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2, skal reikna sem hálft, en ef herbergi er stærra en 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem herbergi.

C. 1. **Til véla:**

Um kWst.-mæli á kr. 4.91 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 104.00 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A. 2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**

Kr. 19.94 fyrir hverja kWst.

B. 2. **Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akraneshöfn:**

Kr. 10.39 fyrir hverja kWst.

C. 2. **Til véla í matvælaiðnaði:**

Kr. 3.68 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

E. 2. **Til götu- og hafnarlýsingar:**

Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mesta-álagsmæli þannig:

A. 3. **Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta-ársálag.**

Kr. 4 786.00 fyrir hvert kW mesta-álags á árinu og kr. 1.42 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI
HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

D. 1. Kr. 3.48 kWst. án rofs.
D. 2. Kr. 2.10 kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D. 3. Kr. 1.95 kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D. 4. Kr. 1.56 kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D. 5. Kr. 1.11 kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.
D. 6. Kr. 1.28 kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D. 3. má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á díselolíu í Reykjavík, á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 11.02 á olíulítra. kWst.-gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.

b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag, að dómi rafveitustjóra.

c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.

e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.

f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D. 1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D. 1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI
MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kWst.-mæli allt að 30 amp.	kr.	15.15	á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mæli 50 amp. og minni	—	30.30	— —
3.	Af þrífasa kWst.-mæli yfir 50 amp. til 200 amp.	—	73.60	— —
4.	Af þrífasa kWst.-mæli yfir 200 amp.	—	109.70	— —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvípóla klukkurofa 40 amp. og minni	—	94.10	— —
2.	Af þrípóla klukkurofa 60 amp. og minni	—	120.10	— —
3.	Af þrípóla klukkurofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	151.00	— —
4.	Af þrípóla klukkurofa yfir 200 amp.	—	192.00	— —
5.	Af fjarstýrandi klukkurofa	—	31.20	— —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI
TENGIGJÖLD

(Heimtaugargjöld).

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. — Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur stofnvara 220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftl. allt að 30 m Kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	9 313.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	13 093.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	18 776.00
1.4		3 × 100	66	30 920.00
1.5	3 × 200		76	35 176.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	57 700.00
1.7		3 × 350	231	98 580.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 3 405.00. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stystu greiðfæra leið að varkassa. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (814 + 10 × kVA) kr. m. Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern meter umfram fyrstu 30 metrana þannig:

Yl = (134 + 7 × kVA) kr. m, að viðbættum kr. 6 845.00 á hvern stólpa í umframlínu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald Kr.
2.1	150	65 470.00
2.2	300	130 940.00
2.3	500	208.170.00
2.4	750	309 200.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádraáttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda, sem tekur gildi 15. júní 1974, gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 375.00.

2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 375 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindu verði er innifalinn 17% söluskattur, nema í kafla 2., sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1., 3. og 4. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1974, sbr. heimild nr. 85 14. maí 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 34 28. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 200. 21. júní 1974.

REGLUGERÐ

um vélstjóranám.

I. KAFLI

Markmið vélstjóranáms.

1. gr.

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda. Það skal fara fram á vegum Vélskóla Íslands í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu, ef þörf krefur og aðstæður leyfa.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjóranáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem geri þá hæfa til að hljóta prófskírteini fyrsta, annars, þriðja og fjórða stigs og taka að sér störf í þágu atvinnuveganna í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

3. gr.

Þegar kennsla til 1. og 2. stigs vélstjóranáms fer fram utan Vélskóla Íslands í Reykjavík, skal stefnt að því, að námsefni, kennsla og lokapróf séu samræmd í deildum Vélskóla Íslands um allt land.

4. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa 5 manna nefnd til þess að sjá um sérmálefni vélskóladeildar, sem stofnuð er utan Reykjavíkur. Í nefndina skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: sveitarstjórn, Vélstjórafélag Íslands, kennarar deildarinnar og nemendur deildarinnar. Ráðuneytið skipar fimmta manninn í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður hennar.

5. gr.

Vélstjóranám er jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI
Um skólastjórn og kennara.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara, forstöðumenn deilda, skólanefnd og prófdómara. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins.

7. gr.

Við skólann starfar 7 manna skólanefnd, sem ráðherra skipar með þessum hætti. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemanda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun á sviði menntunar vélstjóra erlendis, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólastjóra- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólanefnd sitja a. m. k. einn fund á ári með skólaráði. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni, ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða forstöðumaður deildar æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild, að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Skólastjóri skal sitja fundi skólanefndar. Hann skal leggja fyrir skólanefnd skrá yfir skólahald og námsefni, sem gengur úr skugga um, að það sé í samræmi við þróun í verkmenntun vélstjóra. Þá skal skólanefnd stuðla að nánum tengslum við iðnskóla og aðra verkmenntunarskóla eftir því sem ástæða þykir til.

8. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því, að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Skólastjóri ræður með samþykki ráðuneytisins starfsfólk skólans, annað en fastráðna kennara.

9. gr.

Til ráðuneytis skólastjóra um starfsemi skólans skulu kennarar velja á kennarafundi 5 fulltrúa úr sínum hópi og nemendur 2 fulltrúa úr hópi nemenda skólans. Nefnist þessi starfshópur skólaráð. Þegar ráðnir hafa verið umsjónarkennarar, skulu þeir taka sæti fulltrúa kennaranna í skólaráðinu.

Skólastjóri kveður ráðið til fundar a. m. k. mánaðarlega meðan skólinn starfar. Hann stjórnar fundum ráðsins og tilnefnir fundarritara.

Í ráðinu skal fjallað um daglegan rekstur skólans, námsskrá, kennslu, próf og vandamál, sem upp kunna að koma í starfi skólans. Rísi ágreiningur milli skólastjóra og meirihluta skólaráðs, geta aðilar skotið máli sínu til kennarafundar og til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Kennarafundi skal skólastjóri halda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

10. gr.

Við deildir Vélskóla Íslands utan Reykjavíkur skulu ráðnir forstöðumenn. Þeir eru ábyrgir gagnvart skólastjóra og skólanefnd Vélskóla Íslands.

Forstöðumaður deildar skal sjá um daglegan rekstur deildarinnar og framkvæmd prófa. Hann skal gefa umsögn um umsækjendur um kennarastöður og gera tillögur um prófdómara. Hann skal einnig undirrita og gefa út prófskírteini og færa prófbók.

11. gr.

Þeir einir geta fengið skipun í kennarastöðu við skólann, sem lokið hafa:

a) háskólaprófi í kennslugrein sinni eða
b) tæknifræðiprófi frá viðurkenndum tækniskóla eða
c) lokaprófi 4. stigs Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun, sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjóraréttindi, auk starfsreynslu og/eða meistararéttindi.

Auk þess, sem að framan er talið í stafliðum a, b og c, er æskilegt að kennarar hafi hlotið nám í uppeldis- og kennslufræðum, sem svarar til eins árs háskólanáms. Skal menntamálaráðuneytið stuðla að því, að vélskólakennurum gefist kostur á að sækja námskeið í uppeldis- og kennslufræðum til að fullnægja þessu ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum skólanefndar, skólastjóra og kennarafundar, ráðið fasta kennara skólans til þess að hafa umsjón með ákveðnum kennslugreinum eða kennslugrein. Sá, sem til þess er ráðinn, nefnist umsjónarkennari. Skal hann vera skólastjóra til ráðuneytis um kennslu, námsefni og kennslutæki, er varðar þá grein eða greinar, sem undir hann falla. Umsjónarkennari skal hafa nána samvinnu við kennara þá, sem þær greinar kenna, er hann hefur umsjón með, og ber honum að veita upplýsingar um kennsluefni og kennslugögn og gera tillögur til skólastjóra um kaup á nýjum tækjum. Hann skal einnig hafa eftirlit með prófum í greininni, ef það er eigi falið prófdómurum. Umsjónarkennarar skulu að fengnu samþykki ráðuneytisins vera í eftirtöldum greinum: vélfræði, rafmagnsfræði, smíðum, tungumálum og raungreinum.

Umsjónarkennari skal fá afslátt frá kennsluskyldu sinni, sem miðaður er við heildarfjölda kenndra stunda í þeirri grein eða greinum, sem hann hefur umsjón með. Ráðningartími umsjónarkennara skal vera tvö ár í senn.

Úr hópi umsjónarkennara skal velja staðgengil skólastjóra.

13. gr.

Kennara með fulla kennslu er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans eftir því sem skólastjóri ákveður í upphafi skólaárs. Hann skal hafa eftirlit með færslu bekkjarskrár og gefa skólastjóra vikulegt yfirlit um mætingu nemenda.

14. gr.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar eftir að hverfa frá starfi í hálft eða heilt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um það, hvernig hann hyggst verja orlofi sínu. Ef ráðuneytið telur greinargerð umsækjanda fullnægjandi, getur það veitt honum orlof á fullum launum. Engum kennara skal þó veitt orlof, er nemur meira en einu ári samanlagt. Beiðni um orlof skal senda ráðuneytinu fyrir áramót næsta skólaárs á undan.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum er þess óska, leiðbeiningar um hvernig orlofi skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu að orlofi loknu, að viðlögðum launamissi.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennara leyfi frá kennslu á fullum launum til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

Umsókn um slíkt leyfi skal berast með minnst hálfs árs fyrirvara og studd meðmælum skólastjórnar og skólanefndar. Umsóknir skulu að jafnaði afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

III. KAFLI

Innritun nemenda.

17. gr.

Innritun nemenda er í höndum skólastjóra Vélskóla Íslands og forstöðumanna vélskóladeilda utan Reykjavíkur. Auglýsa skal innritun með minnst þriggja vikna umsóknarfresti. Í auglýsingunni skal getið um inntökuskilyrði eins og þau eru tilgreind í lögum og þau gögn, sem fylgja þurfa umsókn. Sækja skal um skólann á þar til gerðum eyðublöðum.

Skólastjóri og forstöðumenn deilda geta vísað inntökubeiðni til úrskurðar skólanefndar, ef ástæða þykir til.

IV. KAFLI

Um kennslu og námsefni.

18. gr.

Kennsluár skólans skal vera frá 15. september til 31. maí. Á starfstíma skólans skulu próf fara fram önnur en sjúkrapróf og endurtökupróf.

19. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

20. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum, og að vinnutími nemenda og kennara sé samfelldur, eftir því sem unnt er.

21. gr.

Námið skal skipulagt sem fjórir áfangar er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda, svo sem mælt er fyrir um í lögum. Skal val námsefnis í hverju stigi miðast við, að námið nýtist nemendum sem best við störf í atvinnulífinu, þó að um áframhaldandi skólanám verði ekki að ræða.

Markmið kennslunnar er meðal annars að vekja skilning nemenda á gildi ríkrar ábyrgðartilfinningar og samviskusemi gagnvart sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild.

Lögð skal áhersla á að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu. Kynna skal nemendum mikilvægi þess að nota handbækur og fagtímarit til að geta brugðist skynsamlega við tæknilegum nýjungum í starfi.

22. gr.

Kennslan fer fram á grundvelli námsskrár, sem menntamálaráðuneytið gefur út, er kveður á um stundafjölda einstakra kennslugreina og námsefni.

Þess skal gætt í námsskrá, að nemendur, sem teknir eru í 2. stig samkvæmt lögum um vélstjóranám nr. 67/1966, 8. gr. 5. tl. b. og c, fái kennslu er miðast við undirbúningsmenntun þeirra.

Í upphafi skólaárs skal skólastjóri láta kennara og nemendur fá vinnuáætlun vetrarins.

23. gr.

Efla skal tengsl skólans við atvinnulífið sem frekast er unnt, m. a. með því að gefa nemendum kost á því að heimsækja stofnanir, vinnustaði og sýningar undir leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna.

Til að efla verklega þjálfun vélstjóranema, svo og tengsl þeirra við atvinnulífið, er heimilt að fella niður kennslu í allt að vikutíma á vetri í hverri bekkjardeild, og stundi þeir þá vélstjórastörf undir umsjón skólans.

V. KAFLI

Próf og mat á námsárangri.

24. gr.

Námsárangur nemenda Vélskóla Íslands skal metinn á grundvelli prófa eða mats á námsferli þeirra með reglubundnu millibili. Í bóklegum greinum — og verklegum, ef það þykir henta — skal prófað með svofelldum hætti:

1. próf í desember áður en jólaleyfi hefst;
2. próf um mánaðamótin febrúar—mars;
3. próf í síðari hluta maí.

Sé ekki prófað í einhverjum verklegum greinum, skal þó samtímis ofantöldum prófum gefin einkunn í þeim, byggð á námsferli og úrlausnum nemenda.

Auk þess er heimilt að prófa nemendur 1. stigs í öllum námsgreinum um mánaðamótin október—nóvember.

3. próf nefnist lokapróf.

Vægi einkunna skal vera: 1. próf 2, 2. próf 3 og lokapróf 5. Meðaltalseinkunn þessara þriggja prófa er lokaeinkunn í hverri námsgrein í hverju stigi.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum 0—10, en lokaeinkunn reiknast með einum aukastaf. Leitast skal við að samræma einkunnagjöf kennara.

Mæti nemandi ekki til prófs sökum veikinda, skal hann leggja fram læknisvottorð og á hann þá kost á að ganga undir veikindapróf.

25. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara í hverri námsgrein til að fylgjast með samningu og framkvæmd prófa og til að meta úrlausnir lokaprófa. Prófdómarar staðfesta einkunnir á lokaprófum með undirskrift sinni. Prófdómarar skulu uppfylla sömu kröfur um menntun og gerðar eru til kennara Vélskólans, sbr. 10. gr.

26. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd prófa. Kennarar skulu hver í sinni kennslugrein sjá um gerð prófverkefna. Þegar um lokapróf er að ræða, er skylt

að bera prófverkefni undir prófdómara áður en próf er lagt fyrir og fá hans samþykki á því.

27. gr.

Þegar próf er tekið, skal þess gætt, að svo rúmt sé um próftaka, að nægjanlegu eftirliti sé unnt að koma við, svo að upplýsingar um prófverkefni berist ekki milli próftaka.

Í prófstofu skulu eigi vera aðrir viðstaddir en próftakar og eftirlitsmenn eða eftirlitsmaður. Verði próftaki uppvís að óleyfilegu framferði í prófi, hefur hann glatað rétti sínum til að ljúka prófi og skal vísa honum tafarlaust frá prófi.

Þyki próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanns. Í prófum skal kennari í prófgrein vera til taks, en þó eigi sitja yfir í prófum.

28. gr.

Heimilt er að veita utanskólanemanda leyfi til að ganga undir 1., 2. og 3. stig vélstjóraprófs. Skal þá viðkomandi senda skriflega umsókn um það til skólastjóra með minnst eins mánaðar fyrirvara. Skólastjóri skal að höfðu samráði við skólanefnd úrskurða, hvort umsækjanda er heimilað að ganga til prófs.

Skal hann þá ganga undir sömu próf og fastir nemendur skólans. Þó skal prófa utanskólanemendur verklega í verklegum greinum, þó heimilt sé að prófa fasta nemendur með skriflegu prófi úr verklegum greinum.

29. gr.

Heimilt er að meta próf frá öðrum skólum fullnægjandi í einstökum greinum, ef sannreynt er að prófkröfur eru eigi minni í viðkomandi grein en í Vélskóla Íslands.

Óski nemandi með tveggja ára starfsreynslu að setjast í 2. stig skólans skv. 8. gr. laga um vélstjóranám, 5. tl. b, skal hann prófaður í verklegri vélfræði, verklegri rafmagnsfræði, stærðfræði, eðlisfræði og íslensku.

Óski nemandi með eins vetrar nám í verknámsskóla að setjast í 2. stig skólans skv. sömu lagagrein, 5. tl. c, skal hann prófaður í verklegri vélfræði.

30. gr.

Til að standast próf skal meðaltal lokaeinkunna eigi vera lægra en 5.0 og eigi lægra en 3.0 í neinni grein. Í vélfræði og rafmagnsfræði skal meðaltal lokaeinkunna eigi vera lægra en 5.0. Til að flytjast í næsta stig fyrir ofan, þarf nemandi að hafa hlotið í meðaleinkunn 6.0 hið lægsta og enga lokaeinkunn lægri en 4.0. Hafi nemandi eigi náð tilskilinni einkunn á prófi, á hann rétt á því að endurtaka próf í einni til þremur greinum að hausti. Hið sama gildir um nemanda, sem staðist hefur próf, en eigi náð framhaldseinkunn. Enginn hefur þó rétt til að endurtaka próf oftar en tvisvar.

Haustpróf skal halda á tímanum 1.—15. september. Óski nemandi að endurtaka nám í einhverju stigi vélstjóranáms, er heimilt að veita honum undanþágu í námsgreinum, sem hann hefur hlotið í einkunn 6.0 eða hærra.

31. gr.

Nemandi, sem staðist hefur lokapróf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjóranáms, skal fá prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

32. gr.

Hafi nemandi lokið prófi frá Vélskóla Íslands og vilji síðar taka sveinspróf, gilda eftirfarandi reglur um styttingu námstíma hans:

1) Meta skal verknám vélstjóra til styttingar iðnnáms sem hér segir:
   a) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 1. stigi um 6 mánuði í málmiðnaðargreinum.
   b) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 2., 3. og 4. stigi um 3 mánuði fyrir hvert stig, ef þeir hefja nám í vélvirkjun.
   c) Á prófskírteinum Vélskóla Íslands skulu koma fram einkunnir í öllum kennslugreinum skólans, sem snerta iðnnám. Teljist bóknám vélstjóraprófs eigi fullnægjandi, skal viðkomandi ljúka prófi í þeim greinum við iðnskóla. Sá tími, sem fer í þetta nám, telst til iðnnáms, en að öðru leyti dregst bóknám Vélskólans frá iðnnámstímanum.
2) Vélskóli Íslands skal á hverjum tíma kenna allar bóklegar greinar vélvirkjanáms þannig, að við lok 4. stigs gefi skólinn út burtfararprófskírteini iðnskóla í vélvirkjun fyrir þá, sem staðist hafa öll prófin.

VI. KAFLI
Um heilsuvernd.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar í samráði við skólastjóra og skólanefnd skólalækni og skólahjúkrunarkonu og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

Um heilbrigðiseftirlit í skólanum fer eftir ákvæðum í heilbrigðisreglugerð, sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

VII. KAFLI
Um reglur og aga.

34. gr.

Regla og agi skal miða að því að gera skólann að þægilegum vinnustað. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

35. gr.

Nemendur, sem eigi geta sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Heimilt er að krefjast læknisvottorðs. Eigi er skylt að taka önnur vottorð gildi en vottorð skólalæknis.

36. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

37. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans, ber honum þá að bæta það fullum bótum.

38. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans mega ekki við störf skólans hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Brot gegn þessu getur valdið stöðumissi og brottrekstri úr skóla.

Ber skólastjóra að taka tafarlaust til meðferðar mál af þessu tagi og vísa til menntamálaráðuneytisins, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Á skemmtunum skólans gilda þær reglur, er skólastjórn setur, og eru í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins.

39. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn telur að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur. Sama gildir, ef talin er þörf á nánari ákvæðum en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum reglum.

40. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

24. júní 1974. Nr. 201.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 22.72 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 6.49 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 3 286.00 á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 97.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar, kr. 22.72 hver kWst. til ljósa og kr. 5.21 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 4.30 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 34.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 4.29 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 10.98 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 3 622.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 1.86 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 3 214.00 hvert kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.74 hver kWst., sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 6.44 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 6.75 hver kWst., fyrir búrekstur.

C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 0.83/0.75 hver kWst. og kr. 6 853.00 hvert kW.

C—7 Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 1.07 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 1.54 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 2.08 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Kr. 1.21 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

D—4 Kr. 0.89 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—5 Sérstaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.91 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.

D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.79 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 2.94 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

E—2 Kr. 3.80 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

E—3 Kr. 1.86 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

E—4 Kr. 2.21 hver kWst. til súgþurrkunar.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 2.01 hver kWst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.

2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	35—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	332.00	409.00	446.00		
3-fasa kWst.-mælar	563.00	862.00	1 112.00	1 852.00	4 074.00
Tvígjalds- og mestastr.-mælar		1 112.00	1 852.00	2 983.00	5 974.00
Skiptirofar/skiptiklukkur ..	1 423.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af rafveitustjórn og bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1976, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 33 25. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. júní 1974. Nr. 202.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 20.60 á kWst.

12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 6.10 á kWst.

Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... kr. 99.00 á m^2 á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 38.00 á m^2 á ári

13. Til götulýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 6.10 á kWst.

14. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 10.30 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.60 á kWst.
Fastagjald af hverju herbergi ..... — 408.00 á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2, má reikna með þeirri meðalstærð.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.60 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 10.30 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.

32. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.53 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 16 020.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kW ..... — 5 340.00 á kW á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir 15 mín.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	1.53 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW	—	13 836.00 á ári
Aflgjald af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW	—	4 248.00 á kW á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufuketlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	2.73 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	1.18 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	0.71 á kWst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	1.37 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.

c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 3 000.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 330.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 744. á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 A og til 100 A ..... — 834.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara		Hámarks-	Heimtaugar-	Yfirlengdargjald	
220 V kerfi	380 V kerfi	afl	gjald	Jarðstengur	Loftlína
Amp.	Amp.	kVA	kr.	kr./m	kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	15 930	783	12 705
3 × 60	2 × 60	22	22 155	928	15 165
3 × 100	3 × 60	38	33 240	1 080	17 325
	3 × 100	66	54 600	1 362	20 085
3 × 200		75	58 875	1 452	
3 × 350	3 × 200	132	98 340	2 031	
		150 sp.	110 820	x	
		300 sp.	214 710	x	
		500 sp.	353 235	x	

Umframgjald, vegna stærðar lóðar fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug, reiknast kr. 5.50 á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingahverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stystu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgða-heimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amp einfasa ..... kr. 4 200
60 amp þrífasa ..... — 5 700

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Þegar stækka þarf heimtaug eða spenni vegna ákveðins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

x) Greiðist samkvæmt kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 450.00.

Ef fundin eru óleyfilega eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald, kr. 450.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 14. maí 1974, sbr. heimild nr. 85 14. maí 1974, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 379 11. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. júní 1974. Nr. 203.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 272 18. nóvember 1966 um sektargerðir lögreglustjóra.

1. gr.

Í stað „5 000 króna“ í 1. málsgr. 1. gr. komi: 10 000 króna.

2. gr.

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 2. gr. komi: Ríkissaksóknari.

3. gr.

Í stað orðsins: „saksóknara“ í 7. gr. komi: ríkissaksóknara.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 73 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 61 21. maí 1974, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 107 12. júlí 1967 um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Í stað „1000.00 kr.“ í 1. gr. komi: 3000.00 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 3. gr. komi: Ríkissaksóknari.

3. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 4. gr. komi: ríkissaksóknari.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 73 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 61 21. maí 1974, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 205. 24. júní 1974.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum, óverkuðum saltfiski, söltuðum þorskflökum, frystri rækju og freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1974 og framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum, óverkuðum saltfiski, söltuðum þorskflökum, frystri rækju og freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1974 og framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1974

Söltuð ufsaflök:

15/20	kr. 121.00
21/25	— 117.00
26/30	— 113.00
31/35	— 108.00
36/40	— 104.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 118.00
Millifiskur nr. 1	— 114.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 110.00
Smáfiskur 60/80 nr. 1	— 96.00

Verð á öðrum gæðaflokkum verður ákveðið í hlutföllum söluverða.
Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Söltuð þorskflök:

700 gr og yfir	kr. 169.00
400—700 gr	— 169.00
200—400 gr	— 160.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Vélskelflett rækja:

1. 10×4×1 lb. blokkfryst	£ 1.02 pr. lb.
2. 24×1 lb. blokkfryst	£ 1.06 — —
3. 2×5 kg sérfryst	£ 1.06 — —
4. 4×2 kg og 5×2 kg sérfryst	£ 1.06 — —
5. 24×450 gr sérfryst	£ 1.06 — —
6. 1×25 lbs. sérfryst	£ 1.06 — —
7. 15×200 gr sérfryst	£ 1.08 — —
8. Í saltlegi	£ 1.02 — —

Verðbil verður 4%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.
Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi, þ. e. £ = kr. 223.35.

FRYSTFISKUR

Þorskur:	US cent á lb. Cif.
4×14 m/r interl.	65.00
4×14 r/l og 8×7 r/l	73.00
10×5, 3×18 og 4×12	91.50
5×10	94.20
4×15	96.00
12×1	96.00
Blokk	84.00
Blokk 24½	85.00

Ýsa:

4×14 m/r interl.	70.00
10×5 og 3×18	96.00
12×1	100.50
Blokk	87.00

US cent á lb. Cif.

Steinbítur:

10×5	75.50
12×1	74.20
Blokk	73.00

Karfi:

8×7 m/r	52.80
10×5 m/r	54.00
10×5 r/l	57.60
12×1	61.10
Lausfr. m/r og b.	60.00
Lausfr. m/r og b/l	65.00
Blokk	65.00

Ufsi:

8×7 r/l	38.90
4×6 kg	49.00
10×5	55.50
Blokk	55.00

Langa:

8×7	44.30
10×5	85.00
Blokk	77.00

Grálúða:

Blokk, U.S.S.R.	55.90
Blokk, U.S.A.	59.00
Heilfr. fiskur	21.50

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 7. janúar 1974 ($ 1 = kr. 85.00).

Verðbil verður 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

FRYSTUR HUMAR

5×5 lbs. í skel garndreginn:

7— 9	$ 5.40	pr. lb.	Cif.	U.S.A.
9—12	$ 5.13	—	—	—
12—15	$ 4.86	—	—	—
15—18	$ 4.19	—	—	—
18—24	$ 3.69	—	—	—
24—30	$ 3.24	—	—	—
30—45	$ 2.70	—	—	—

5X6 lbs. í skel garndreginn:

7—15	$ 4.45	pr.	lb.	Cif.	U.S.A.
15—30	$ 3.46	—	—	—	—
30—45	$ 2.48	—	—	—	—

5X3 kg í skel með görn:

7—15	Lire 2.300	pr.	lb.	Cif.	Milano.
10—20	Lire 2.300	—	—	—	—
15—30	Lire 1.710	—	—	—	—
20—35	Lire 1.710	—	—	—	—
30—40	Lire 1.250	—	—	—	—
30—45	Lire 1.250	—	—	—	—
35—60	Lire 975	—	—	—	—
45—60	Lire 975	—	—	—	—

Viðmunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 25. maí 1974 ($ 1 = 92.80).

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

26. júní 1974. Nr. 206.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1970, með síðari breytingum, um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

4. gr. 1. mgr. orðist svo:
Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 1 060 000.00 á hverja íbúð, sem hafin er smíði á eftir 31. desember 1973, þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¾ hlutum verðmætis íbúðar skv. mati matsmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og skal miða við vísitölu eins og hún er 1. nóvember viðmiðunarárið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 58/1973 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík.

I. KAFLI
Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla og Húsavíkurbær eru eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir.

Sýslunefnd ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilafélagsins samkvæmt gildandi lögum um afréttarmál, fjallskil o. fl.

3. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri til að hafa á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði nefndanna.

II. KAFLI
Notkun upprekstrarlanda.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.

Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki sýslunefndar komi til.

5. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá með tölu og ummerkjum yfir þær afréttir, er hún hefur umsjón með og rita hana í gerðabók hreppsins eða sérstaka fjallskilabók. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafist afrita úr bókum þessum.

6. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps, eða annars upprekstrarfélags, eiga allir búfjáreigendur, sem landsnot hafa í hreppi eða félagssvæði.

Sumarbeitiland sauðfjár, samkvæmt reglugerð þessari, eru afréttir allar og heimalönd, að öðru leyti en því, sem girt er af þeim eða varið til annarra nota. Hreppsnefnd hverri er skylt að sjá um, að öll landssvæði, sem eru í hennar umsjá til fjallskila, notist sem best og jafnast til sumargöngu. Þannig hafi hreppsnefnd, þar sem um afréttarsvæði, fráskilin heimalöndum, er að ræða, vald til að ákveða hvaða fjáreigendur reka fé þangað, hvenær þeir gera það og hvar þeir skilja það eftir.

7. gr.

Ef þurfa þykir skal hreppsnefnd beitast fyrir að sumargöngulönd hreppsins séu metin til ítölu, samkvæmt lögum nr. 42 frá 1969. Nú hefur ítölumat farið fram í tiltekið landsvæði samkvæmt áðurnefndum lögum, og í ljós komið, að einstaka fjáreigendur skortir land til sumarbeitar fyrir fé sitt, og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrými hafa fram yfir eigin þarfir. Skal hreppsnefnd ákveða gjöld þessi innan sveitar.

Þar sem svo hagar til, að afréttir eru í eign eins eða fárra manna, ákveður hreppsnefndin gjöldin í samráði við þá, og getur falið þeim innheimtuna sjálfum.

Heimilt er fjáreiganda, sem skortir land til sumarbeitar, að útvega sér það sjálfur, en tilkynna skal hann það hreppsnefndinni eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þó að fjáreigandi fái land til sumargöngu utan síns hrepps, verða eigi lögð á hann fjallskil þar, beinlínis, heldur fer þar um eftir samningi hlutaðeigandi hreppsnefndar, sbr. 23. gr.

8. gr.

Nú verður hreppur fyrir ágangi á afrétt eða heimalöndum af fé úr öðrum hreppi, og á þá sá, er fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um hagagjald.

Rétt er, að sveitarstjórnir hlutaðeigandi hreppa geri með sér samning til tiltekins tíma um bætur fyrir áganginn eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðast slík uslagjöld af hlutaðeigandi fjallskiladeild.

9. gr.

Eftir að hreppsnefnd hefur ákveðið, að vorsmölun sé lokið og til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi ónæði, nema með leyfi hreppsnefndar.

10. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd, eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal með það farið, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 42 frá 1969, 31. gr.

11. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan hrepps, nema með samþykki hreppsnefndar, þar sem landið liggur. Þetta á þó eigi við, þar sem fjallskiladeild nær til tveggja hreppa eða fleiri.

Ekki hefur eigandi lands, er liggur innan takmarka sýslufélagsins, sé hann búsettur utan þess, rétt til að lána eða leigja það til upprekstrar, nema samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur, komi til.

Telji hreppsnefnd, að of mörgu fé sé sleppt til sumargöngu í þau lönd, sem að hreppsmörkum liggja, getur hún krafist ítölu.

III. KAFLI

Fjárréttir.

12. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir.

Aðalréttir eru nú:

Miðvíkurrétt við Víkurskarð, Gljúfurrétt í Höfðahverfi, Lokastaðarétt, Dælisrétt, Illugastaðarétt í Fnjóskadal, Fellsrétt í Kinn, Mýrarrétt, Fótarrétt, Árrétt og Víðikersrétt í Bárðardal, Baldursheimsrétt og Reykjahlíðarrétt í Mývatnssveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarétt í Reykjahverfi, Tungugerðisrétt á Tjörnesi og Húsavíkurrétt.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Á aukarétt skal rétta fyrr en á aðalrétt þeirri, er aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

13. gr.

Skylt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði.

Skulu fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar, sjá sér þar fyrir nægilegu dilkrúmi á sinn kostnað, og hlíta samþykktum fjallskiladeildar um gerð þeirra, ef um nýbyggingu réttar er að ræða. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjár geta átt von á réttinni.

Kostnað af byggingu almennings og geymslurúms ber fjallskiladeildin.

14. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá hreppsnefnd sú eða hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi.

Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrétt þarf samþykki sýslunefndar til þess að ákvörðun sé gild.

15. gr.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir rétt, þó ekki tún eða engi.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Endurgjald til jarðeiganda, sem og kostnaður af matsgerðinni, telst með byggingarkostnaði réttarinnar.

IV. KAFLI

Smölun til rúnings.

16. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala lönd sín á vorin eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Nú er jörð í eyði og enginn ákveðinn notandi að henni, ber þá fjallskiladeildinni að hlutast til um, að landið sé smalað til rúnings, ef þörf telst til, og taka ákvörðun um, hvernig kostnaður af smöluninni sé borinn uppi. Sama gildir um smölun afréttar, ef fé rennur þangað fyrir rúning.

17. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að ákveða hvenær vorsmölun skuli fara fram. Ókunnugt fé, sem þá kemur fyrir og eigendur ráðstafa ekki sjálfir, ber finnanda að rýja, ef unnt er, og einnig marka unglömb. Skal hann gera eigendum aðvart um ullina, og gera grein fyrir mörkum á lömbum.

Þóknun fyrir rúning má nema allt að andvirði helmings ullarinnar.

V. KAFLI

Hreinsun heimalanda.

18. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti í sambandi við almenn fjallskil og eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

Heimilt er hreppsnefnd að meta smölun þeirra til fjallskila og reikna sem framlag vinnu þá, sem lögð er til smölunarinnar.

Rekstur til réttar reiknast með fjallskilum.

Hreppsnefnd getur skipað fyrir um almenna hreinsun heimalanda á haustin, hvenær sem henni þykir nauðsynlegt.

19. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig hreinsuninni skuli hagað á því svæði.

20. gr.

Hver bóndi er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að almennum fjallskilum er lokið, og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda, samkvæmt reglum er hreppsnefnd setur.

VI. KAFLI

Göngur og réttir.

21. gr.

Hver, sem á sauðkindur eða geitfé, ber að telja fram við hreppsnefnd fyrir 1. ágúst ár hvert allt sitt fé, enn fremur geldneyti og hross sem ganga í afrétt, og gera fjallskil fyrir það á þann hátt sem hún ákveður. Skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskil af hendi fyrir heimilisfólk sitt.

Enginn fjáreigandi er undanþegin fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimaland. Þó getur hreppsnefnd undanskilið að meira eða minna leyti það fé, sem geymt er í eyjum eða girðingum, sem vel er við haldið. Gera má um þetta sveitarsamþykkt á lögmætum fundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið verði borið þar fram.

22. gr.

Hreppsnefnd skal skipta löndum, sem hún hefur forsögn um fjallskil á, í tiltekin leitarsvæði og kveða á um, hve marga menn þarf í hverja leit, og til hvaða réttar fé það skuli ganga. Einnig skipar hún fyrir um hvers konar fjallskilavinnu aðra, er inna þarf af höndum.

23. gr.

Þegar hreppar fá í haustgöngum ójafna fjártölu svo að máli skiptir, hver úr annars löndum, þá er þeim hreppi, sem fleira fær fé, skylt að greiða hinum áfallinn gangnakostnað fyrir það og hagagjald.

Getur sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafið hinn aðilann um, að hann sendi menn í göngur. Skulu hreppar gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti. Ágreiningi hreppa um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar.

24. gr.

Nú vanrækir einhver fjallskil, sem á hann hafa skipst og er honum það sjálfrátt, eða hann leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum er nema hálfum fjallskilakostnaði, og renna í fjallskilasjóð.

Auk þess greiðir sá, er brotlegur verður, göngurnar eftir mati, nema leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að inna þær af hendi á hans kostnað.

25. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitarmanna sann-

ur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og að auki sæti aðili fébótum sem fyrir gangnarof.

Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur, en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

26. gr.

Tvenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal hreppsnefnd skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, hvort telja skuli, að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

27. gr.

Haustgöngur skulu byrja svo snemma ár hvert, að fyrstu réttardagar á aðalréttum verði þessir.

a. 12. september: Skóga-, Húsavíkur- og Tungugerðisrétt.
b. 13. september: Víðikers- og Reykjahlíðarrétt.
c. 14. september: Baldursheims-, Hrauns-, Hallbjarnarstaða- og Árrétt.
d. 16. september: Gljúfurár-, Fells- og Mýrarrétt.
e. 17. september: Lokastaðarétt.
f. 18. september: Miðvíkur-, Dælis-, Illugastaða- og Fótarrétt.

Ellefu dagar skulu líða milli 1. og 2. gangna.

Nú eru leitarsvæði, eitt eða fleiri, aðskilin frá öðrum með girðingum eða tálmunum frá náttúrunnar hálfu, sem hindra millirennsli fjár, og getur þá sýslumaður heimilað viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum að færa fjallskil til á því svæði, um tiltekinn tíma.

28. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir skulu á aðrar fjárréttir.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hefur umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega.

29. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að sem þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda, þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni, fyrr en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

30. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal hagað í hverri leit. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar í tækan tíma.

Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarforingi tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef út af er brugðið.

Leitarforingja er skylt að sjá um, eftir því sem frekast er hægt, að vanmetafé komist til byggða.

Fjallskiladeildin ber ekki ábyrgð á, að hrútum, eldri en veturgömlum, sé komið til réttar, ef þeir reynast ekki göngufærir með öðru fé, en skylt er að segja eigendum frá, að þeirra hafi orðið vart.

31. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera fjallskilasjóður, og er heimilt að jafna niður ákveðnu gjaldi til hans, eftir tölu þess fjár, sem þar er fjallskilaskylt. Í hann mega renna hagagjöld, eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila, fundarlaun fyrir fé úr öræfaleitum og eftirleitum, sem gerðar eru á kostnað fjallskiladeildarinnar, sektir og fleira.

Tekjum fjallskilasjóðs skal verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, öræfaleitir, fundarlaun eftirleitarfjár fjáreigenda í deildinni, réttarbyggingar o. fl.

Reikningar fjallskiladeildar skulu gerðir samtímis reikningum sveitarsjóða og fylgja þeim til sýslunefndar.

32. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

VII. KAFLI

Eftirleitir og öræfaleitir.

33. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið skal hreppsnefnd annast um að eftirleit fari fram, ef þörf er talin á því.

Fjárleitir á öræfum, sem ekki geta talist til nokkurra afrétta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er, að þær fari fram samtímis fjallskilum eða fyrr.

34. gr.

Fundarlaun fyrir fé, sem finnst í öræfaleit, skal vera $\frac{2}{5}$ hlutar verðs fjárins, samkvæmt mati finnandans, en $\frac{1}{3}$ hluti verðs fyrir það fé, sem finnst í eftirleit á afrétt. Vilji fjallskilastjóri ekki leysa féð út samkvæmt þessu mati, er finnandinn skyldur til að kaupa féð tilsvarandi verði.

Nú hafa aðeins farið fram tvenn almenn fjallskil á einhverju leitarsvæði, og er þá ekki skylt að greiða fundarlaun fyrir það fé, sem finnst í þriðju leit, þótt eftirleit sé kölluð.

Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum eða við smölun fjár, þó í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að farga skuli því fé, sem finnst í öræfaleit.

35. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum og brennimarki á hægra horni eða öðru ótvíræðu einkenni, ef eigendaskipti hafa farið fram á kind eða eyrnamark skemmst.

Um markréttindi fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með þessum sveitarbrennimörkum, eða merki í eyra, með sömu einkennisstöfum:

Tjörneshreppur Þ. 2.
Húsavíkurkaupstaður Þ. 3.
Reykjahreppur Þ. 4.
Aðaldælahreppur Þ. 5.
Reykdælahreppur Þ. 6.
Skútustaðahreppur Þ. 7.
Bárðdælahreppur Þ. 8.
Ljósavatnshreppur Þ. 9.
Hálshreppur Þ. 10.
Grýtubakkahreppur Þ. 12.
Svalbarðsstrandarhreppur Þ. 13.

36. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefnd semur og skal prenta hana svo oft sem lög mæla fyrir um, og úthluta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimilisskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, þá er hann flytur af jörðinni.

Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem eigi standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi Markadóms Þingeyjar- og Eyjafjarðarýslu og auk þess birta það í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þess til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VIII. KAFLI
Óskilafé.

37. gr.

Nú kemur fyrir við vorsmölun ómarkað lamb, sem engin móðir finnst að, og skal þá tilkynna það fjallskilastjóra, sem ákveður hvernig lambið skuli auðkennt, svo að ekki verði um villst. Verður lamb þetta eign fjallskilasjóðs, ef réttur eigandi svo að ekki verði um villst. Verði lamb þetta eign fjallskilasjóðs, ef réttur eigandi kemur ekki fram síðar.

Á haustréttum annast réttarstjóri, að öll vafalömb, sem koma fyrir í réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem eigi er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambmæður helga sér lömbin.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum, og ekki finnast eigendur að, svo og fé, er farið hefur yfir varnarlínur, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert.

Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

IX. KAFLI
Fjárrekstrar.

38. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er

lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kvöldi, eftir að fer að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

39. gr.

Sýslunefndin sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

40. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum samkvæmt lögum nr. 42 frá 1969.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstað nr. 77 frá 11. júlí 1959.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

28. júní 1974. Nr. 208.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár skiptist í tvö fjallskilafélög þannig: Á milli Jökulsár og Hafralónsár sé eitt fjallskilafélag og annað fjallskilafélag sé austan Hafralónsár, að takmörkum Norður-Múlasýslu. Vestra fjallskilafélagið skiptist í deildir eftir hreppum. Hreppum má og skipta í deildir, ef viðkomandi hreppsnefnd telur þess þörf og sýslunefnd samþykkir.

2. gr.

Sýslunefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd annast framkvæmd þeirra hver í sínu hreppi.

3. gr.

Hver hreppsnefnd skal skipa einn mann til að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri.

4. gr.

Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, haldi sérstaka fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í þá bók skal skrá allt, er viðkemur fjallskilamálum hreppsins. Fjallskilastjóri skal hafa þóknun fyrir störf sín eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Hver fjallskiladeild skal hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa.

Hreppsnefndaroddviti eða formaður fjallskiladeildar annast reikningsfærslu fjallskilasjóðs, innheimtur og gjöld. Reikningar sjóðanna skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

II. KAFLI

Um afrétti, heimalönd og upprekstur.

6. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur. Það skulu vera afréttir sem að fornu hafa verið, þó getur sýslunefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeigenda. Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki sýslunefndar komi til.

7. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá um landamerki afréttarlanda hreppsins og skal hún innfærð í fjallskilabókina. Skrár þessar skulu sendar sýslunefnd, er samræmir þær og gerir heildarskrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota. Breytingar á afréttum, eða réttindum yfir þeim, skulu færðar í afréttarskrá. Afréttarskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar.

8. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eiga allir búfjáreigendur, sem landsnot hafa í viðkomandi hreppi.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

9. gr.

Heimilt er að nota heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfé, ef hreppsnefnd samþykkir. Skoða skal slík heimalönd sem afrétt hvað göngur snertir, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

Nú rekur maður fé sitt í annars manns heimaland í heimildarleysi, og skal þá eigandi eða umráðamaður landsins tafarlaust tilkynna það fjallskilastjóra, er sér um samdægurs, að féð sé rekið til afréttar á kostnað fjáreiganda. Verði ágreiningur milli fjallskilastjóra og fjáreiganda um gjald fyrir slíkan rekstur, má vísa ágreiningnum til sýslunefndar til úrskurðar.

10. gr.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

11. gr.

Nú eiga tveir menn eða fleiri afrétt saman og skiptist þá afréttartollur milli þeirra eftir tiltölu hvers í afrétt, þótt einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

12. gr.

Heimilt er umráðsmanni lands, sem verður fyrir ágangi af afréttarfé að sumrinu, að gera umkvörtun um það til viðkomandi fjallskilastjóra. Sjái fjallskilastjóri að umkvörtunin sé á rökum byggð, skal hann láta reka fénaðinn í afrétt eða til skilaréttar, ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að umkvörtunin var gerð, nema óðruvísi um semjist við þann, er fyrir átroðningi varð. Kostnaður við slíka rekstra greiðist úr fjallskilasjóði.

Enginn má reka fénað þann, er úr afrétt gengur að sumrinu, til sveitar eða á nágranna.

III. KAFLI

Um fjárréttir.

13. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir, aukaréttir og heimaréttir. Ákveður sýslunefnd, eftir tillögum hreppsnefnda, hverjar séu aðalréttir og aukaréttir.

Aðalréttir og aukaréttir eru:

Í Fjallahreppi:

Aukarétt: Víðihólsrétt.

Í Öxarfjarðahreppi:

Aðalréttir: Tungurétt og Sandfellshagarétt. — Aukarétt: Landsrétt.

Í Presthólahreppi:

Aðalréttir: Katastaðrétt og Leirhafnarrétt. — Aukaréttir: Arnarhólsrétt og Blikalónsrétt. Ásmundarstaðarétt og Hólsrétt.

Í Svalbarðshreppi:

Aðalrétt: Garðsrétt.

Í Raufarhafnarhreppi:

Aukarétt: Ytravogsrétt.

Í Sauðaneshreppi og Þórshafnarhreppi:

Aðalrétt: Hallgilsstaðarétt. Aukarétt: Efralónsrétt.

14. gr.

Skylt er hverjum hreppi eða fjallskiladeild að viðhalda aðalréttum og byggja að nýju þegar þörf krefur. Kostnaður við byggingu og viðhald aðalrétta — almennings og dilka — greiðist úr fjallskilasjóði.

Fjallskilastjóri hefur umsjón með byggingu og viðhaldi aðalrétta.

Kostnaður af byggingu og viðhaldi aukarétta greiðist að $\frac{2}{3}$ úr fjallskilasjóði og $\frac{1}{3}$ af þeim fjáreigendum, sem nota réttina sem heimarétt.

Landeigandi aukarétta skal hafa umsjón með byggingu og viðhaldi réttanna.

Heimilt er sveitarstjórn að greiða úr fjallskilasjóði styrk til byggingar heimarétta, en þó því aðeins, að gera þurfi ráð fyrir verulegu réttarplássi fyrir afbæjarfé.

15. gr.

Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur, svo og dilkur fyrir sjúkt fé. Einnig skal hreppsnefnd sjá um að við hverja aðalrétt séu nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum. Auk þess skal við hverja aðalrétt vera nægilega víðlent, fjárhelt geymslupláss, svo hægt sé að geyma þar réttarsafn yfir nótt.

16. gr.

Þar sem afréttir eru víðlendir og hreppsbúum þykir þörf á, skal byggja gangnamannakofa á hentugum stöðum, svo gangnamenn geti notið þar skjóls fyrir sig og hesta sína, þegar þörf krefur. Fjallskilastjóri, eða oddviti, sér um byggingu og viðhald gangnakofa. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

IV. KAFLI

Um haustgöngur, réttir og vorsmölun.

17. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðfé á afrétt, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt og á þeim tíma er hreppsnefnd ákveður.

Þeir, sem reka fé sitt á annarra hreppa afrétti skulu greiða ¾ fjallskilakostnaðar, móts við aðra fjáreigendur hreppsins.

Skyldur er hver bóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, er hjá honum eiga fjallskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá hlutaðeigandi fjáreiganda.

18. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að gefa hreppsnefnd skýrslu um fjártölu á afrétt á þeim tíma er hún ákveður. Hreppsnefnd er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsbúa, er rekið hafa fé á utansveitarafrétti og senda hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir fyrstu göngur.

Hreppsnefnd skal jafna öllum fjallskilakostnaði á fjártölu hreppsbúa og annarra þeirra, er afrétt hreppsins nota, með ákveðinni krónutölu á kind og nefnist sú fjársöfnun fjallskilasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða gangnakostnað og annað, er fjallskil varðar, sbr. 14.—16. gr.

19. gr.

Hreppsnefnd skal skipta afrétti þeim, sem hún á yfir að ráða, í leitarsvæði og kveða á um hve marga menn þurfi í hverja leit, og svo til annarra fjárrétta, sem sækja þarf fé að. Skrá um þetta skal færa í fjallskilabók hreppsins. Hreppsnefndir semji sín á milli um meðferð utansveitarfjár.

20. gr.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað, eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá er fyrir verulegum ágangi verður, krafið hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur ef um semst, eftir því sem hæfilegt þykir, miðað við gangnakostnað og usla í högum. Komi hreppsnefndir sér ekki saman um kostnað af þessu, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar sýslunefndar.

21. gr.

Hverjum fjáreiganda er skylt að inna af hendi fjallskil sem á hann hafa verið lögð, á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefnd hefur ákveðið. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinnslur um það hvernig fjallskilum er jafnað á hann og aðra. Náist ekki samkomulag milli hreppsnefndar og fjáreiganda, má skjóta ágreiningum til úrskurðar sýslunefndar.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komist hjá að inna þau af hendi þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál til úrskurðar.

22. gr.

Nú vanrækir fjáreigandi að framkvæma þau gangnaskil, sem honum hafa verið gerð eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum.

Rétt er gangnaforingja eða fjallskilastjóra að fá mann til að gera gangnaskil í stað þess, er gangnarof gerði, á hans kostnað. Auk þess greiði hann sekt til fjallskilasjóðs, er hálfum göngunum nemur.

23. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og minnst helmingur gangnamanna tekur gildan. Nú hefur fjáreigandi engan hæfan mann og getur ekki útvegað hann. Skal hann þá tilkynna það fjallskilastjóra minnst 6 dögum áður en gangnaskilin eiga að framkvæmast, en fjallskilastjóri útvegar mann og annað, sem með þarf — hest, fæði o. s. frv. — og borgar þá fjáreigandi sektalaust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir, án tillits til mats á þeim.

24. gr.

Hreppsnefnd skipar einn kunnugan og gætinn mann sem gangnaforingja fyrir hvert leitarsvæði. Gangnaforingi skipar fyrir um tilhögun gangna og hefur alla stjórn á þeim. Hann sér um, að safnið sé rekið með reglu og gætni, og kveður menn til að gæta þess, þar til það er komið í rétt eða náttha ga.

Hver gangnamaður er skyldur til að hlýða sínum gangnaforingja. Öll óhlýðni við skipunum hans varða sektum.

25. gr.

Gangnaforingi skal annast um að farið sé svo vel með féð sem unnt er. Nú koma fyrir kindur, sem ekki er unnt að koma lifandi til rétta og ekki er þreytu um að kenna, skal þá slátra þeim.

Fjallskilastjóra skal tilkynnt, ef gangnamenn hafa orðið að skilja eftir þreyttar kindur og ógangfærar, svo og kindur, sem lógað hefur verið í göngunum, og skal hann í samráði við eiganda eða eigendur ráðstafa þeim svo fljótt sem unnt er. Fjallskilasjóður greiðir kostnað sem af þeim leiðir að ⅓.

26. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi (gangnaseðli), er berist eftir boðleið um hreppinn hæfilegum tíma áður en fjallskil byrja, hvað hver fjáreigandi á að leggja til fjallskila á því hausti. Þar skal tekið fram: Fjártala á afrétt, kostnaður á kind, hverjir séu gangnaforingjar, hvenær rétta skal á aðalréttum, hver sé réttarstjóri og annað það, er fjáreigendur og gangnamenn varðar.

27. gr.

Það skal vera aðalregla að gera þrenn fjallskil hvert haust. Þó er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa fjórðu göngur, ef ástæða þykir til. Hreppsnefnd er heimilt að ákveða vorsmölun til rúnings ef ástæða þykir til.

Ókunnugu fé, sem fyrir kemur í vorsmölum og eigendur ráðstafa ekki sjálfir, skal ekki sleppa, nema lömb fylgi mæðrum.

28. gr.

Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru á stað komnir og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu eða engu gagni, er þá hlutaðeigandi hreppsnefnd heimilt að láta endurtaka göngurnar og greiða aukaþóknun fyrir.

29. gr.

Fjallskilum skal haga þannig, að réttardagur úr fyrstu göngum sé 21. september. Heimilt er hreppsnefndum að breyta út af þeirri reglu, ef nauðsyn krefur og samkomulag næst milli samliggjandi hreppa. Réttardaga úr síðari göngum ákveður hreppsnefnd á hverjum stað. Fjallskilum skal lokið eigi síðar en 15. október.

30. gr.

Við hverja aðalrétt skal hreppsnefnd skipa duglegan réttarstjóra. Skal réttarstjóri kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir um hvernig drættir skuli hagað og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töfum við dráttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum sem fyrir gangnarof.

31. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar og grunsamlegar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um, að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin í dilk, svo fjáreigendum gefist kostur að á láta lambsmæður helga sér þau.

Enginn má helga sér marklausa kind eftir fjárbragði og enginn má taka ómarkað lamb af réttum, nema með samþykki réttarstjóra. Réttarstjóri skal að loknum drætti afhenda hreppstjóra, eða umboðsmanni hans, alla ómerkinga og aðrar kindur, sem ekki finnast eigendur að, svo og sjúkt fé og það fé, sem samkvæmt fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar ekki má reka heim til sín.

32. gr.

Réttarstjóri skal skipa markglöggan og áreiðanlegan mann til að rannsaka fé utansveitarmanna, áður en það er rekið af réttinni, til að koma í veg fyrir misdrátt.

33. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að ákveða að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallaskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

34. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera ½, hreppar þeir er fjárvon eiga í löndunum ¼, og ríkið ¼. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninginn.

35. gr.

Nú eru heimalönd eigi smöluð af gangnamönnum og er þá hver bóndi skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir, sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjár von. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar.

Vafafé og ómerkingar, sem lambamæður hafa ekki helgað sér á aukarétt og heimarétt, gangi til aðalréttar. Að öðru leyti skipar hreppsnefnd fyrir um meðferð þess fjár, er kemur fyrir í þeim réttum.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda eftir réttir.

36. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð svo oft sem þurfa þykir.

37. gr.

Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið og láta eigendur vita. Um utansveitarfé tilkynnist til fjallskilastjóra, sem ráðstafar því.

38. gr.

Hreppsnefnd sér um flutning þess fjár, sem kemur fyrir í öðrum sveitum, eftir að fjallskilum er lokið og skiptist kostnaður að jöfnu milli fjallskilasjóðs og hlutaðeigandi fjáreigenda.

VI. KAFLI
Um óskilafé.

39. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé. Fjárbragð eitt má aldrei skera úr um eignarrétt.

40. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum, og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

41. gr.

Fyrir árslok skulu hreppsstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hleppi. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar kindar, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

42. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í viðkomandi fjallskilasjóð.

43. gr.

Nú kemur fyrir kind með marki ákveðins manns, en hann telur sig ekki eiganda. Skal þá fara með kindina sem óskilafé.

VII. KAFLI
Um eftirleitir.

44. gr.

Þegar fyrirskipuðum fjallskilum er að fullu lokið, skal fjallskilastjóri leyfa eftirleitir á afréttum, annað hvort fyrir umsamda borgun úr fjallskilasjóði, eða á kostnað leitarmanna sjálfra. Fjallskilastjóri skal auglýsa hvað af afréttum hrepps-

ins er gefið upp til eftirleita. Séu nærheiðar ekki gefnar upp til eftirleita, skal fjallskilastjóri semja við heiðaeigendur að þeir hreinsi nærheiðar, þar sem fé þeirra gengur, fyrir 5. nóvember haust hvert.

45. gr.

Nú finnur maður óheimt fé í eftirleit, án þess að samið hafi verið um borgun fyrir ferðina og ber honum þá greiðsla fyrir hverja kind, sem svarar 25% af skattmati áa, eins og það er á hverjum tíma.

Borgun fyrir óheimt fé greiðist úr fjallskilasjóði. Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum eða við smölun fjár, þótt í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

Nú finnst fé í eftirleit, og skal það tilkynnt fjallskilastjóra, en hann gerir ráðstafanir til, að hið fundna fé komist til réttra eigenda.

Oddviti hreppsnefndar greiðir eftirleitalaun eftir ávísun frá fjallskilastjóra.

46. gr.

Fyrir heimtar kindur, sem finnast í eftirleit í fjærheiðum, ber eiganda að greiða hálf eftirleitarlaun.

VIII. KAFLI

Um mörk og markaskrá.

47. gr.

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en plötu í vinstra eyra á kollóttu fé, með sömu stöfum og hreppsbrennimerkið.

Hreppabrennimörk eru þessi:

Í Sauðaneshreppi og Þórshafnarhreppi L 1.
Í Svalbarðshreppi S 2.
Í Presthólahreppi P 3.
Í Öxarfjarðarhreppi Ö 4.
Í Fjallahreppi F 5.
Í Raufarhafnarhreppi R 6.

48. gr.

Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf krefur og hefur markadómsmaður rétt til að kveða á um hversu námerkt má vera. Þess skal sérstaklegt gætt, að enginn fjáreigandi í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár noti fjármark, sem til er í Norður-Múlasýslu, norðan Jökulsár á Brú.

49. gr.

Sauðfé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamerki annars manns en þess, sem eyrnamerkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimerkið eða hornmerkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark þess þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á. Þó skal hann ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Nú flytur maður inn í sveit með mark, sem er náið öðrum í sama fjallskilafélagi og er hann þá skyldur að breyta marki, ef markadómsmaður krefst þess.

50. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðamark, enda hafi eigi annar maður í því héraði, eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

51. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki eða gerðamarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu, þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú á maður kaupmark eða gjafamark, en annar sams konar gerðamark, og skal þá sá af bregða, er gerðamark á, en ef báðir eiga erfðamark, skal sá hafa, er á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð. Verði ekki úr því skorið, skal sá hafa sem fleira á fé.

52. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá 8. hvert ár. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, sem sýslunefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, skal fá eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar ábúendaskipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan fjallskilafélagsins, er búast má við að fé gangi saman úr.

53. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi, samkvæmt fyrirmælum sýslunefndar eða markadómsmanns, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau. Mörkum hvers hrepps sé safnað í heild eftir stafrófsröð og séu merki sett við nýupptekin mörk. Handritið skal síðan liggja frammi í 14 daga samkvæmt áður birtri auglýsingu hreppsbúum til sýnis. Að því búnu sé markadómsmanni sýslunnar send þessi skrá úr hverjum hreppi ásamt gjöldunum.

54. gr.

Þegar markadómsmaður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa, ber hann þær saman sín á milli og þær allar saman við gildandi markaskrá innan sýslu og utan, þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er markadómsmanni að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum, en tilkynna skal hann það hlutaðeigendum og benda þeim á annað mark eða breytingar á marki, er komið gæti í staðinn.

Verði tillögum hans ekki mótmælt innan mánaðar frá því hann sendi þær frá sér, skulu þau mörk gilda til skráningar.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir og kröfur markeigenda, geti þær samrýmst ákvæðum þessarar reglugerðar.

55. gr.

Sýslunefnd felur markadómsmanni að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markadómsmaður sér um útgáfu markaskrár. Hann gerir sér far um að koma á samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar eigi sér ekki stað. Einnig er honum skylt að vinna að því, að burtfluttir markeigendur, sem ekki eiga fé, leggi niður mörk sín.

Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð.

56. gr.

Vilji einhver taka upp mark á milli þess sem markaskrá er samin, ber honum að sækja um það til markadómsmanns, sem auglýsir það í Lögbirtingablaði og tilkynnir það öllum hreppstjórum á fjallskilasvæðinu. Hreppstjórar sjá um, að markið sé fest inn á markaskrá þá, sem höfð er við sundardrátt í aðalrétt, hver í sinni sveit. Þeir fjáreigendur, sem inn í sýsluna flytja, fara eins að til að fá lögheimild fyrir marki sínu innan fjallskilaumdæmisins.

57. gr.

Það skal vera aðalregla að hver fjáreigandi hafi aðeins eitt fjármark.

Nú telur fjáreigandi sig þurfa að eiga tvö fjármörk, og má þá markadómsmaður leyfa það, ef honum þykir ástæða til. En hver fjáreigandi, sem á tvö fjármörk, skal gjalda tvöfalt fyrir skrásetningu eða prentun síðara marksins.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

58. gr.

Sýslunefnd sér um, að reglugerð þessi sé prentuð og innheft með markaskránni.

59. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár frá 15. apríl 1946 og síðari breytingar á henni.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 209. 28. júní 1974.

REGLUGERÐ

um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag og teljast lönd allra jarða í hreppnum, vestan Bakkahlaups, innan fjallskilasvæðisins.

2. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra mála fjallskilafélagsins, skv. lögum nr. 42/1969, en hreppsnefnd Kelduneshrepps hefur að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd fjallskilamálanna.

Hreppsnefnd velur úr sínum hópi einn mann til að annast framkvæmd fjallskilamálanna og nefnist hann fjallskilastjóri.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlands og vorsmalanir.

3. gr.

Allt land á fjallskilasvæðinu telst til afréttar, nema afgirt land, og til fjallskila, nema ræktað land.

4. gr.

Ef þurfa þykir, skal hreppsnefnd beita sér fyrir, að sumargöngulönd hreppsins séu metin til ítölu skv. lögum nr. 42/1969. Nú hefur ítölumat farið fram í tiltekið landsvæði og í ljós komið, að einstaka fjáreigendur skortir land til sumarbeitar fyrir fé sitt og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrými hafa fram yfir eigin þarfir.

Skal hreppsnefnd ákveða þessi gjöld.

5. gr.

Heimilt er að nota til upprekstrar fyrir sauðfé heiðaland allt á fjallskilasvæðinu, þó ekki afgirt land, nema það sé ekki eðlilega nýtt til beitar, en almenningsþörf krefjist notkunar.

6. gr.

Nú gengur fé að sumrinu milli afrétta fjallskilafélagsins og nærliggjandi hreppa. Á þá sá, sem fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um hagagjald, nema öðruvísi hafi um samist milli aðila, og miðast gjaldið við tölu ágangsfjárins eins og hún reynist á haustréttum.

Skal gjaldið vera fimm krónur fyrir hverja sauðkind.

Heimilt er hreppsnefnd að breyta gjaldinu til hækkunar eða lækkunar, ef þurfa þykir. Hagatollurinn skiptist milli landeigenda í hlutfalli við stærð og gæði lands hvers og eins, eftir mati hreppsnefndar.

Hreppsnefnd annast innheimtu og skiptingu hagagjaldsins.

7. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan hreppsins, nema samþykki hreppsnefndar komi til. Ekki hefur eigandi lands, sem liggur innan takmarka fjallskilafélagsins, sé hann búsettur utan þess, rétt til að lána eða leigja það til upprekstrar, nema með samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Telji hreppsnefnd, að of mörgu fé sé sleppt til sumargöngu í þau lönd, sem að hreppsmörkum liggja, getur hún krafist ítölu skv. ákvæðum laga nr. 42/1969.

8. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að ákveða hvenær vorsmölun til rúnings skuli fara fram, og ef þurfa þykir, skal smölunin gerð samkvæmt niðurröðun hreppsnefndar á sama hátt og um haustgöngur væri að ræða.

Ókunnugu fé, sem fyrir kemur í vorsmölun og eigendur ráðstafa ekki sjálfir, skal ekki sleppt nema lömb fylgi mæðrum sínum.

Smölun til rúnings skal lokið fyrir 20. júlí ár hvert, og frá þeim tíma til fyrstu gangna má enginn smala ógirt land eða gera afréttarpeningi ónæði, nema með leyfi hreppsnefndar.

III. KAFLI
Fjárréttir.

9. gr.

Tjarnarétt skal vera aðalrétt í fjallskilafélaginu, en aukaréttir svo margar, sem nauðsynlegt er, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

Skylt er hverjum fjáreiganda að sækja fé sitt til aðalréttar.

10. gr.

Kostnaður við byggingu og viðhald aðalréttar greiðist úr fjallskilasjóði, en um aukaréttir fer eftir ákvörðun almenns hreppsfundar.

Þeim hreppum, sem fjár geta átt von á réttum í fjallskilafélaginu, er skylt að greiða byggingarkostnað og viðhald dilka fyrir fé sitt.

11. gr.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir réttir, þó ekki tún eða engi. Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðarusla, skal bæta það landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

IV. KAFLI
Göngur og réttir.

12. gr.

Tala fjár hvers fjáreiganda til fjallskila skal áætluð hverju sinni eftir upplýsingum forðagæslumanns um framgenginn fénað.

Endanleg tala skal síðan ákveðin eftir upplýsingum sláturhúsa um sláturfjártölu hvers og eins, eftir upplýsingum eigenda og skýrslu forðagæslumanns um ásetning, að viðbættum upplýsingum um fé, sem selt er á fæti og fargað heima. Er hverjum fjáreiganda skylt að láta hreppsnefnd í té upplýsingar um umrædd atriði, svo og aðrar þær upplýsingar, er hreppsnefnd krefst og málið varðar.

Skyldur er hver húsráðandi að inna af hendi fjallskil fyrir sig og heimilisfólk sitt, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

Ríkisstofnunum, svo sem Landgræðslu og Skógrækt, er skylt að hreinsa afgirt umráðasvæði sín á eigin kostnað. Hreinsun á þeim skal samræmd fjallskilum.

13. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvernig afrétt skuli skipt í leitir og um tölu gangnamanna í leit hverri, svo og tölu þeirra, er senda þarf til fjárrétta utan fjallskilafélagsins. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabók hreppsins.

14. gr.

Öll fjallskil skulu metin til dagsverka af hreppsnefnd og ákveður hún á hverjum tíma, hve hátt dagsverkið skuli metið.

15. gr.

Árlegum fjallskilakostnaði skal jafnað niður til greiðslu á allt það fé, sem gengur á afrétt hreppsins. Tala fjár úr hreppum utan fjallskilafélagsins skal staðfest með vottorði viðkomandi réttarstjóra og rekstrarforingja, og svarar hver hreppur til allra kvaða samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Fjallskilagjöld skulu, að því leyti sem þau eru ekki unnin með fjallskilum, greidd að fullu í lok hvers árs.

17. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa verið lögð, og telst það gangnarof og varðar sektum, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna, sem vanrækt voru. Sé brotið ítrekað tvöfaldast sektirnar hverju sinni, þó mega þær aldrei verða hærri en fjórfalt matsverð fjallskila þeirra, sem vanrækt voru. Ekki er skylt að kæra fyrir gangnarof, ef forföll eða aðrar fullgildar málsbætur eru fyrir hendi.

18. gr.

Gangaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema lögmæt forföll hindri.

Ber þeim þá að setja fullgilda menn í sinn stað. Gangnaforingjar skera úr um hverjir eru fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja eða sýni hirðuleysi, varðar það sektum, sem um gangnarof.

Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um öll gangnarof þegar að hverjum göngum loknum.

19. gr.

Þrenn skulu fjallskil ár hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þurfa þykir. Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar svo þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir áliti hreppsnefndar hvort telja skuli, að göngur hafi náð tilgangi í það sinn.

20. gr.

Göngur skulu byrja svo snemma haust hvert, að fyrstu réttardagar verði á aukaréttum 12. sept. og á aðalrétt 13. sept. Ellefu dagar skulu líða milli fyrstu og annarra gangna, en þriðju göngur skulu fara fram eftir ákvörðun hreppsnefndar haust hvert, þó aldrei seinna en 15. október.

21. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, sem berist sem þingboð um hreppinn nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram hvernig göngum skuli hagað í hvert sinn, tilnefnir gangnaforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárréttir.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hafa umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn sem þarf, til þess að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Óhlýðni og þrjóska gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

22. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem með þarf til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda þá réttað er og sundurdráttur byrjar, og er fjáreiganda óheimilt að yfirgefa rétt meðan á sundurdrætti stendur án lögmætra forfalla. Enginn má reka fé frá réttinni meðan á sunurdrætti stendur, nema réttarstjóri leyfi.

23. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, greiðslu fyrir aukaleitir, eftirleitir, refaeyðingu o. fl. þar að lútandi.

24. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar.

Enginn getur, með því að kæra, skotið sé undan að inna af hendi þau fjallskil, rétt, eða leyfa mönnum eftirleitir á eigin kostnað.

V. KAFLI
Eftirleitir.

25. gr.

Þá fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd ráða menn til eftirleitar á afrétti, eða leyfa mönnum eftirleitir á eigin kostnað.

26. gr.

Eftirleitargjöld fyrir óheimt innanhreppsfé greiðast úr fjallskilasjóði. Fundarlaun skulu vera ⅓ hluti verðs fundins fjár samkvæmt mati hreppsnefndar. Fyrir óheimt fé, sem finnst í almennum smölunum eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

27. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum. Rétt er að auðkenna fé með brennimarki á hægra horni.

Um markréttindi fer, sem í lögum er ákveðið. Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með brennimarki Þ 1.

28. gr.

Öll fjármörk í fjallskilafélaginu skal setja í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, ef um það semst við sýslunefnd þeirrar sýslu, að öðrum kosti í sérstaka markaskrá. Markaskrá skal prenta svo oft sem lög mæla fyrir um, og oftar ef þurfa þykir, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu. Hver búandi er skyldur að geyma markaskrá meðal þeirra heimildaskjala, er fylgja býli hans og skila næsta ábúanda, er ábúendaskipti verða á jörðinni.

Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem ekki standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi markadóms Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta þau í Lögbirtingablaði og senda lýsingu þeirra til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VI. KAFLI
Óskilafé.

29. gr.

Nú kemur fyrir við vorsmölun ómarkað lamb, sem engin móðir finnst að. Skal þá tilkynna það fjallskilastjóra, sem ákveður hvernig lambið skuli auðkennt, svo ekki verði um villst. Verður lamb þetta eign fjallskilasjóðs, ef réttur eigandi kemur ekki fram síðar. Á haustréttum annast réttarstjóri um að öll vafalömb, sem koma fyrir á réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem eigi er annað fé og mönnum gefinn kostur á að láta lambamæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar og annað vafafé, sem ekki spyrst upp, telst óskilafé.

Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og láta farga, og skal verði hverrar kindar haldið sérstöku. Því óskilafé, sem einhver einkenni hefur, skal hreppsnefnd lýsa í Lögbirtingablaði. Hafi enginn sannað eignarrétt sinn

á fénu innan sex mánaða frá birtingu auglýsingarinnar, fellur verð þess í fjallskilasjóð.

VII. KAFLI
Fjárrekstrar.

30. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá er lönd eiga, sem um er rekið og í er áð.

Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kvöldi eftir að skyggja fer, nema brýna nauðsyn beri til. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, er þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í átthaga sína, eigendum að kostnaðarlausu. Skaða, sem hlýst af því, að útaf þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

31. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps sker úr öllum ágreiningsmálum er fjallskilafélagið varða, en skjóta má þeim til sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, eftir málavöxtum, frá 5 000—50 0000 krónum, er renni í fjallskilasjóð. Lögtaksréttur er á gjöldum samkvæmt reglugerð þessari.

33. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með, að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Kelduneshrepp frá 22. ágúst 1935 og síðari breytingar á henni.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri, vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga kl. 9—18.
Föstudaga kl. 9—19.

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis, eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 18—19 og 20—21.
Laugardaga kl. 11—12, 15—16 og 20—21.
Helgidaga og almenna frídaga kl. 11—12, 15—16 og 20—21.
Aðfangadag og gamlársdag kl. 12—14 og 20—21.

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 211. 1. júlí 1974.

AUGLÝSING

um skipulag í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Gnúpverjahrepps í Árnessýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.
Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1974.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefnd heimavistarskóla í Krísuvík.

Skólaskipan heimavistarskólans í Krísuvík.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið og samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi (SASÍR) reisa og reka sameiginlega heimavistarskóla í Krísuvík fyrir börn á skólaskyldualdri.

2. gr.

Skólinn er fyrst og fremst fyrir börn, sem búa við bágar heimilisástæður og önnur þau börn, sem vista þarf burt úr sinni heimabyggð af félagslegum ástæðum og heppilegt þykir að koma fyrir í heimavistarskóla að dómi sérfróðra manna. Í skólann verða ekki tekin treggreind börn eða önnur þau börn, sem þurfa sérfræðilega meðferð.

Skólinn verður sem líkastur venjulegum heimavistarskóla að öðru leyti en því, að gert verður ráð fyrir meiri félagsstarfsemi og einstaklingshjálp en í venjulegum heimavistarskóla.

Skólinn starfar í 9 mánuði á ári. Gert er ráð fyrir, að meirihluti barnanna dvelji í skólanum um helgar og stórhátíðir.

3. gr.

Stjórn SASÍR skipar skólanefnd heimavistarskólans í Krísuvík til 4ra ára í senn. Skal hún skipuð þremur aðalfulltrúum og jafn mörgum til vara.

4. gr.

Skólanefndin hefur á hendi stjórn þeirra mála, er skólann varða í umboði stjórnar SASÍR, undir yfirumsjón fræðslustjóra Reykjanesumdæmis samkvæmt því, er nánar greinir í erindisbréfi þessu. Í störfum sínum skal skólanefnd keppa að því, að nemendur hljóti sem besta aðstöðu til að öðlast þá fræðslu, sem ætlast er til, að skólinn veiti, hver eftir sínum aldri og þroska.

5. gr.

Skólanefndin lætur skólastjóra í té skrá um þá nemendur, er vera eiga í skólanum, en skólastjóri gerir skólanefnd aðvart, ef nemandi kemur ekki í skólann.

6. gr.

Umsóknum um skólavist skal koma til skólanefndar. Skólanefnd skal afla umsagnar viðkomandi skólastjóra og skólasálfræðings um hverja umsókn fyrir sig.

Skólanefndin hefur úrskurðarvald um inntöku nemenda í skólann, nemendafjölda og annað er nemendur varðar, í samráði við skólastjórn heimavistarskólans í Krísuvík og forstöðumann sálfræðiþjónustunnar í Reykjanesumdæmi.

7. gr.

Viðhald skólahúsnæðisins er í höndum skólanefndar. Annast nefndin allar fjárhagslegar skuldbindingar og samninga þar að lútandi eftir nánar ákvörðun stjórnar SASÍR.

8. gr.

Skólastjóri hefur full umráð skólahúsnæðis til afnota fyrir nemendur og kennara skólans, en að öðru leyti eru umráð þess í höndum skólanefndar. Hafa skal samráð við skólastjóra um aðra notkun skólahúsnæðisins.

Kennslutæki o. fl.

9. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að skólinn hafi auk húsnæðis allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

10. gr.

Í tæka tíð, áður en skólaárið hefst, skal skólanefnd eða skólastjóri (kennari) fyrir hennar hönd senda Ríkisútgáfu námsbóka skrá yfir þær námsbækur, sem talið er, að þurfi á því skólaári til útbýtingar meðal fræðsluskyldra nemenda. Ef þörf krefur, er skólanefnd skylt að annast um útvegun á öðrum bókum, ritföngum, kennsluáhöldum, handavinnuefni og öðru, sem þarf, til þess að kennslan geti komið að tilætluðum notum.

Um kennara og annað starfsfólk.

11. gr.

Losni skólastjóra- eða kennarastaða við skólann eða þörf sé á viðbótarkennara, skal skólanefnd þegar tilkynna það menntamálaráðuneytinu, sem sér þá um, að staðan verði auglýst.

12. gr.

Hafi kennarastaða eða skólastjórastaða verið auglýst, skal skólanefnd, eins fljótt og auðið er að loknum umsóknarfresti, halda fund og senda síðan menntamálaráðuneytinu umsóknirnar ásamt tillögum sínum þar um. Skólanefnd skal mæla með þeim umsækjendum um stöðu, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum þeim, er skólinn heyrir undir, til þess að vera skipaður kennari, svo fremi að nægar umsóknir berist frá mönnum með ótvíræð kennararéttindi. Hið sama gildir einnig um ráðningu stundakennara.

13. gr.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefur verið, og telur hún þá þann umsækandann fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur, að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleirum en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

14. gr.

Stundakennara og annað starfsfólk skólans ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar, svo og forfallakennara, ef þörf krefur.

15. gr.

Í lok kennslutímans ár hvert skal skólanefnd kynna sér, hvort settur skólastjóri eða kennari við skólann hefur hug á að vera áfram í stöðu sinni. Óski kennari að halda stöðunni og skólanefnd fellst á það, ber henni að tilkynna það menntamálaráðuneytinu. Telji skólanefnd rétt að auglýsa stöðu setts kennara, ber henni að tilkynna kennaranum það eigi síðar en að loknu vorprófi.

16. gr.

Þegar settur skólastjóri eða kennari við skólann hefur gegnt stöðu sinni í 2 ár, skal skólanefnd gera tillögu til menntamálaráðuneytisins um, að hann verði skipaður í stöðu sína eða óska þess, að staðan verði auglýst.

17. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um árlegan starfsmánaðafjölda skólans, svo og um breytingar á þegar ákveðnum starfstíma, ef aðstæða breytist vegna nemendafjölda o. fl.

18. gr.

Heimilt er skólastjóra með samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytis að fækka skyldustundum kennara, ef sérstök ástæða þykir til vegna annarra starfa í þágu skólans. Einnig má taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðinn er árlegur starfsmánaðafjöldi kennara.

19. gr.

Kennsluskylda skólastjóra er ákveðin í erindisbréfi hans. Þó getur skólanefnd gert tillögur til menntamálaráðuneytisins um fækkun skyldustunda skólastjóra, vegna sérstöðu skólans og ef þess er talin þörf vegna annarra starfa í þágu skólans.

Um kennslu og próf.

20. gr.

Skólanefndin hefur ekki bein afskipti af sjálfu kennslustarfi skólans, stundaskrám, námsefni eða verkaskiptingu milli kennara. Hins vegar ber henni að fylgjast með störfum skólans eftir föngum og gera menntamálaráðuneytinu aðvart, ef um alvarlegar misfellur er að ræða. Þá skal skólanefnd sjá um, að skólinn starfi tilskilinn tíma ár hvert.

21. gr.

Um próf fer eftir reglugerð þar um.

Um fjármál.

22. gr.

Skólanefndin hefur umsjón með fjármálum skólans og reikningshaldi. Skrifstofa SASÍR annast bókhald og gjaldkerastörf fyrir skólann. Reikningsár skólans miðast við almanaksár. Skólanefnd semur áætlun um kostnað við skólahaldið ár hvert, svo og stofnkostnað, þegar um hann er að ræða, og sendir stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi fyrir 15. september ár hvert til staðfestingar. Auk þess semur skólanefnd áætlun um kostnað og starfsemi skólans fyrir hvert skólaár samkvæmt lögum um skólakostnað.

23. gr.

Fyrir 15. febrúar ár hvert, skal reikningshaldari skólans gera reikning yfir kostnað vegna skólahaldsins og senda hann menntamálaráðuneytinu og stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi.

Um skýrslugerð o. fl.

24. gr.

Skólastjóri semur skýrslur um skólahald, próf o. fl., en formaður skólanefndar staðfestir réttmæti þeirra og veitir skólastjóra upplýsingar eftir þörfum.

25. gr.

Skólanefnd heldur fundi, svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. Óski einn eða fleiri skólanefndarmenn eftir fundi, skólastjóri eða fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, skal formaður nefndarinnar boða til fundar svo fljótt sem auðið er. Skólastjóri skal jafnan boðaður á skólanefndarfund. Skólastjóri og fræðslustjóri Reykjanesumdæmis hafa málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meiri hluti hennar sé á fundi. Skólanefndarmenn hafa ekki atkvæðisrétt í þeim málum, er varða þá persónulega. Skólanefndarfundur telst löglegur hafi hann verið boðaður með minnst 2ja daga fyrirvara.

26. gr.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir og ályktanir skólanefndar. Viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerðina. Fundargerðabók, afrit af skýrslum og sendum bréfum skulu vera í vörslu formanns skólanefndar eða á öðrum öruggum og tiltækum stað, ef hentara þykir. Afrit af fundargerðum og skýrslum skólanefndar skulu send stjórn SASÍR og fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

27. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist sem annar rekstrarkostnaður skólans. Nefndin er ólaunuð.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 213. 3. júlí 1974.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Höfðahreppi.

1. gr.

Höfðahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv. innan kauptúnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind eða tunnu, sem smíðuð er fyrir pokann, og skal lok vera yfir og þessu komið fyrir á stað, sem auðvelt er að komast að til losunar.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindunum eða tunnunum. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæma vikulega, þó ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

Fjöldi sorptunna og sorpgrinda skal miðaður við, að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga. Sorphreinsun fer fram á virkum dögum, en ekki eftir kl. 23.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind eða tunna fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eða tunnum eftir því, sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatriði varðandi fjölda grinda eða tunna úrskurðar heilbrigðisnefnd kauptúnsins.

Við stórhátíðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins.

3. gr.

Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti má aðeins setja í plast eða pappír í pokana.

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir því íláti sem þeir eru í. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrganga frá slíku svæði.

Bílhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bannað er að urða olíuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því, sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

4. gr.

Fyrirferðarmikum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sporhaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, með fasteignagjöldum hvers árs.

6. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit

til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 214. 4. júlí 1974.

REGLUGERÐ

um takmörkun á síldveiði íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Allar síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62° n.br., að vestan af 4° v.lgd. frá 62° n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1° v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster vita.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi skv. 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja að síldarafli sé ætlaður til manneldis eingöngu og framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi auglýsingar nr. 8 10. febrúar 1972 um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak og nr. 28 23. janúar 1974 um breytingar á hinni fyrrnefndu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUR

um hreindýraveiðar á Austurlandi 1974.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 850 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1974. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist milli eftirgreindra hreppa í þessum hlutföllum:

1.	Vopnafjarðarhreppur	23	hreindýr
2.	Fljótsdalshreppur	125	—
3.	Jökuldalshreppur	125	—
4.	Fellahreppur	75	—
5.	Tunguhreppur	75	—
6.	Hlíðarhreppur	25	—
7.	Hjaltastaðahreppur	30	—
8.	Borgarfjarðarhreppur	10	—
9.	Seyðisfjarðarhreppur	10	—
10.	Skriðdalshreppur	45	—
11.	Vallahreppur	45	—
12.	Egilsstaðahreppur	15	—
13.	Eiðahreppur	30	—
14.	Mjóafjarðarhreppur	10	—
15.	Norðfjarðarhreppur	10	—
16.	Helgustaðahreppur	10	—
17.	Reyðarfjarðarhreppur	10	—
18.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	10	—
19.	Búðahreppur	10	—
20.	Stöðvarhreppur	10	—
21.	Breiðdalshreppur	35	—
22.	Beruneshreppur	23	—
23.	Geithellahreppur	23	—
24.	Búlandshreppur	10	—
25.	Bæjarhreppur	23	—
26.	Nesjahreppur	23	—
		850	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal

hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum, sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó, að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma, ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra, sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepps, og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega, að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt, að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000.00 **kr. sekt.**

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 209/1973, um hreindýraveiðar á Austurlandi, og auglýsing nr. 245, um breyting á reglum um hreindýraveiðar á Austurlandi 1973.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um starfskjör á póst- og símastöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja ákvæðum í kjarasamningum opinberra starfsmanna, fá mánaðarþóknun vegna starfa við póst og síma á eftirtöldum stöðvum, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

kr. 50 363.00 **Póst- og símastöð:**
Borgarfjörður, Eiðar, Staðarhóll.
Símastöð:
Breiðamýri.

— 47 980.00 **Póst- og símastöð:**
Ásar í Gnúpverjahreppi, Eyrarkot, Fosshóll, Skarðshlíð, Skógar, Skútustaðir.

— 45 428.00 **Póst- og símastöð:**
Gerðar, Grenivík, Eyrarbakki, Hrísey, Minni-Borg, Súðavík, Tálknafjörður, Stokkseyri.
Símastöð:
Galtafell, Hvanneyri, Mælifell.

— 42 878.00 **Póst- og símastöð:**
Hallormsstaður, Vogar- Bakkafjörður, Bólstaðarhlíð, Fossvellir, Neðri-Brunná, Síðumúli, Drangsnes, Stóru-Akrar, Þykkvibær.

— 40 734.00 **Póst- og símastöð:**
Ásgarður í Dalasýslu, Kirkjuból í Nauteyrarhreppi, Staðarfell, Hjalteyri, Varmahlíð í Rang., Finnbogastaðir.
Símastöð:
Ásgarður í Grímsnesi, Munkaþverá, Víðigerði, Arnarstapi í Mýras., Bægisá, Gaulverjabær, Hjarðarfell, Borgarkot.

— 39 019.00 **Póst- og símastöð:**
Seljaland, Skarð í Lundarreykjadalshr., Flaga, Bifröst, Fagurhólsmýri, Hólar, Lindarbrekka.
Símastöð:
Ás í A.-Hún., Eyrarland, Haganesvík, Hnausar, Varmalækur, Villingaholt, Hjaltastaður, Furubrekka, Skálavík, Saurbær.

— 27 431.00 **Póststöð:**
Haganesvík, Laugar.

— 19 982.00 **Póst- og símastöð:**
Brekka í Mjóaf., Flatey á Breiðaf., Hafnir, Litli-Bakki.

Starfsþóknunin greiðist frá 1. janúar 1974 samkvæmt gildandi kaupgreiðsluvísitölu á hverjum tíma, og felur í sér greiðslu fyrir aðstoð vegna forfalla. Auk þess skal greiða orlofsfé samkvæmt orlofslögum.

Á þessum stöðvum má setja það sem skilyrði, að stöðvarstjóri sjái fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu, gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til næsta skattstjóra og síðan áfram til ríkisskattanefndar.

Ef viðskiptamagn stöðvar er meira en sem svarar fullu starfi eins manns, getur póst- og símamálastjórn ákveðið sérstaka greiðslu fyrir aðstoð.

2. gr.

Þóknun fyrir rekstur stöðvar, þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum er, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

1. Föst mánaðarþóknun kr. 10 000.00 fyrir stöðvar þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum og hafa 10 símnotendur og fleiri, en kr. 8 000.00 fyrir stöðvar þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum og hafa færri en 10 símnotendur.
2. Greiða skal kr. 13.00 fyrir hverja útfarna mínútu í símtölum og kr. 39.00 fyrir hvert útfarið símskeyti og eru þjónustusímtöl, þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.

Við ofannefnda heildarþóknun, sem greiðist frá 1. janúar 1974 samkv. gildandi kaupgreiðsluvísitölu á hverjum tíma, bætist orlofsfé, samkvæmt orlofslögum. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, svo og forföll.

3. gr.

Þóknun samkvæmt 1. og 2. gr. skal hækka samsvarandi þeim grunnkaupshækkunum er verða hjá opinberum starfsmönnum.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla þóknun samkvæmt reglugerð þessari eftir kaupgreiðsluvísitölu er kauplagsnefnd reiknar. Við setningu reglugerðarinnar er miðað við kaupgreiðsluvísitölu 159.16 stig.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofannefndra stöðva, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða annað hvort ár.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöðvar verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinnar fer fram, ákveður Póst- og símamálastjórn til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast þegar gildir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fyrri reglugerð, nr. 206 22. október 1971, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 10. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 217. 21. febrúar 1974.

AUGLÝSING

um friðland í Húsafellsskógi.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta Húsafellsskógar í Borgarfirði og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:


(1) Með landamerkjagirðingu milli Húsafells II og III, frá hornstaur nálægt gömlu Kaldárbrú og eins og hún liggur austan þjóðvegar að þjóðvegi við Fjárhól. (2) Síðan með nýgirðingu sunnan þjóðvegar meðfram Geitá að afréttargirðingu á móts við Hlíðartún, (3) og áfram suður að Hlíðartúni. (4) Þá til vesturs með

norðurkanti Hlíðartúns að skógarmörkum Múlaskógar, en (5) þaðan með nýgirðingum suðvestur í Lambahvamm sunnan Selgils og (6) áfram vestur að Kaplahvammi við Nátthagatún og (7) með Nátthagatúngirðingu að Eyrarhliði. (8) Þaðan með girðingu í hornstaur við Kaldárbrú.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi eru háð leyfi Náttúruverndarráðs og landeiganda.
2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.
4. Akstur er leyfður á vegum og merktum slóðum, en þess utan aðeins með sérstöku leyfi.
5. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu. Rekstur afréttarfjár gegnum friðlandið er bannaður.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.



Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 218. 21. febrúar 1974.


AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa náttúruvætti steininn Steðja (Staupastein) á Skeiðhól í Hvalfirði ásamt næsta umhverfi.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

Brún Skeiðhóls frá austurenda við veg þvert í brekkufót og vestur með honum til móts við vesturenda hólsins. Þaðan með hábrún hans að austurmörkum.



Þessar reglur gilda:

1. Akstur er aðeins leyfður á vegi og afmörkuðu bílastæði.
2. Gangandi fólki er heimil dvöl á svæðinu, en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt, eða skaða gróður umhverfis það. Góð umgengni áskilin.
3. Mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu auglýsingar þessarar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

21. febrúar 1974. Nr. 219.

AUGLÝSING

um friðland í Gróttu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gróttu í Seltjarnarneshreppi og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru við stórstraumsflóðmál landmegin á eiðinu og allt að 60 föðmum (115 m) á sjó út frá stórstraumsfjörumáli umhverfis eyjuna.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bannað. Vitastjórn Íslands hefur rétt til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru vegna vita og varnargarða, enda sé Náttúruverndarráð haft í samráði um nývirki.
2. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 15. maí til 1. júlí. Utan þess tíma er gangandi fólki heimil för um svæðið og að því eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum.
3. Óheimilt er að aka og fara með hesta um svæðið án sérstaks leyfis.

   Starfsmönnum vitastjórnar Íslands er heimil eðlileg umferð um svæðið með ökutæki, enda sé sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi vitastjórnarinnar á staðnum.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Náttúruverndarráð getur falið fegrunar- og náttúruverndarnefnd Seltjarnarness umboð sitt til framkvæmda á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.


GRÓTTA
GRÓTTUTANGAR
mörk friðlands
SNÖPPA
NES
Ráðagerði
SELTJÖRN
GRÓTTA
viti
0
100
200
300m.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1974

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 59 18. mars 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf D, vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. gr. 6. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nota skal tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setti um útdrátt vinninga í B-flokki happdrættisláns ríkissjóðs 1973, nr. 164 frá 1. júní 1973, þó þannig, að forrit skv. b-lið 2. gr. þeirrar reglugerðar skal vera svo úr garði gert, að allir hlutar þess séu lesnir af gataspjöldum, en minniseiningar mega vera utan kjarnaminnis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands, sbr. LXVI. lið 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1974.

Fjármálaráðuneytið, 12. júlí 1974.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi, B 26, nr. 220. Útgáfudagur 12. júlí 1974.

B 61

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1974

Nr. 221. 482 12. júlí 1974.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði á Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 15. júlí 1974 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi innan svæðis á Strandagrunni, sem markast af eftirgreindum staðsetningum: 66°47′N—22°24′V, 67°00′N—22°24′V, 67°00′N—20°49′V og 66°34′N—21°26′V.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðlandhelginni eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins ásamt síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskmiða landgrunnsins ásamt breytingum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júlí 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 221. Útgáfudagur 15. júlí 1974.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1974

REGLUGERÐ

um sérstakt handfæra- og línusvæði út af Norðfirði sumarið 1974.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst til 30. september 1974, eru allar netaveiðar bannaðar út af Norðfirði á svæði, er markast að vestan af línu dreginni úr Barðsneshornsvita í Dalatangavita, að norðan af línu dreginni 6 sjómílur réttvísandi austur úr Dalatanga, að sunnan af línu dreginni 6 sjómílur réttvísandi austur úr Gerpi, og að austan af línu dreginni frá punkti 6 sjómílur réttvísandi austur frá Dalatanga í punkt 6 sjómílur réttvísandi austur frá Gerpi.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi, B 28, nr. 222. Útgáfudagur 31. júlí 1974.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1974

Nr. 223. 484 19. ágúst 1974.

REGLUGERÐ

um bann við veiði smásíldar.

1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 25 cm að lengd eða minni, sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.

Lágamarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 25 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra fiskiskipsins skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 25 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

Ef fyrirhugað er að setja síld um borð í síldarmóttökuskip, er skipstjóra þess skylt að ganga úr skugga um, að helmingur síldarafla hvers einstaks veiðiskips fullnægi stærðarmörkum 1. mgr. Stærðarhlutföllin skulu prófuð á þann hátt, sem í 1. mgr. segir.

Sýni þessar prófanir, að helmingur síldaraflans sé síld 25 cm eða minni, skal skipstjóra síldarmóttökuskips óheimilt að taka síldina í síldarmóttökuskipið.

4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 1. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Fiskmati ríkisins aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og kærir hlutaðeigandi skipstjóra veiðiskips eða síldarmóttökuskips til sekta, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 25 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Fiskmat ríkisins skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 með síðari breytingum, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. september 1974 til 15. september 1975 eru síldveiðar með öðrum veiðarfærum en reknetum bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er í réttvísandi suðaustur frá Eystra Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem dregin er í réttvísandi norðvestur frá Rit.

Þó eru síldveiðar með reknetum á þessu svæði því aðeins heimilar, að möskvastærð netanna sé minnst 63 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966 um bann við veiði smásíldar með síðari breytingum í reglugerðum nr. 4 28. janúar 1972 og nr. 218 25. júní 1973.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. ágúst 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórður Ásgeirsson.

19. ágúst 1974. Nr. 224.

REGLUGERÐ

um útborgun skattafsláttar.

1. gr.

Sá hluti skattafsláttar, er greiddur skal út til viðkomandi gjaldanda, skv. 4. tl. 3. mgr. II. liðs 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. 4. gr. laga nr. 10 22. mars 1974, kemur til útborgunar frá og með 10. október ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. II. liðs 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. 4. gr. laga nr. 10 22. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 29, nr. 223—224. Útgáfudagur 21. ágúst 1974.

Nr. 225. 486 6. júní 1974.

AUGLÝSING

um breyting á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933 varðandi gjaldskrá ljósmæðra.

Lágmarksþóknun sú, sem ljósmæðrum ber fyrir unnin störf samkv. ákvæðum ljósmæðrareglugerðar nr. 103 23. okt. 1933, skal vera sem hér segir:

Fyrir fæðingarhjálp skv. 24. gr.	kr. 4 600.00
Fyrir fyrstu fjóra daga, tvær vitjanir á dag, kr. 900.00 á dag	— 3 600.00
Fyrir næstu 3 daga, ein vitjun á dag, kr. 450.00 á dag	— 1 350.00

Þóknun fyrir ferðatíma er innifalin í töxtunum.

Heimilt er ljósmæðrum einnig að taka kílómetragjald fyrir bifreið samkv. gjaldi ríkisstarfsmanna, sem miðast við fyrstu 10 000 km á ári.

Kauptaxtar þessir miðast við kaupgreiðsluvísitölu 149.89 stig. Miðað við núgildandi kaupgreiðsluvísitölu 159.16 stig má margfalda framangreinda taxta með 1.068.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

Nr. 226. 20. júní 1974.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til reglubundins áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, sbr. reglugerð nr. 91 20. mars 1973 um fyrirtæki er starfa að loftflutningum, hefur samgönguráðuneytið hinn 12. þessa mánaðar veitt Flugfélaginu Vængjum hf. leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án einkaréttar, á eftirtöldum flugleiðum:

Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík.
Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík.
Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík.
Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík.
Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík.
Reykjavík — Gjögur — Reykjavík.

Leyfið er til flutnings á farþegum, pósti og vörum.

Leyfisveiting þessi gildir til ársloka 1978 að því tilskildu, að félagið hafi þann tíma fullgilt flugrekstrarleyfi.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Samkvæmt heimild í sömu lögum og fyrr getur, hefur samgönguráðuneytið hinn 28. maí s. l. veitt sama félagi sérleyfi til reglubundins flugs á flugleiðinni:

Reykjavík — Reykjahlíð við Mývatn — Reykjavík.

Leyfið er til flutnings á farþegum, pósti og vörum.

Leyfisveiting þessi gildir til 31. desember 1977 með sömu skilyrðum og fyrr greinir.

Samgönguráðuneytið, 20. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. júlí 1974. Nr. 227.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur, húsmæðrakennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara, Gerðuminning.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gerðuminning, og er gefinn til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur, fædda að Stað í Súgandafirði 27. september 1916, er fórst í flugslysinu mikla við Héðinsfjörð 29. maí 1947, af vandamönnum hennar og vinum. Sjóðurinn er nú 25 000 krónur — tuttugu og fimm þúsund krónur —.

2. gr.

Sjóðurinn, sem er eign Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skal vera í vörslu 5 manna sjóðstjórnar, sem jafnframt er úthlutunarnefnd. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Ragnhildur Þorvarðsdóttir, systir hinnar látnu, Ragnheiður Jónsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík, Anna Gísladóttir, húsmæðrakennari, Guðrún Markúsdóttir og Þórunn Hafstein, báðar skólasystur Þorgerðar.

Síðar skipi stjórn sjóðsins, sem hér segir, í stað fyrstu sjóðstjórnar jafnóðum og sæti losnar, í sömu röð og að ofan greinir:

1. Fulltrúi af ætt Þorgerðar, skipaður af menntamálaráðherra eftir tilnefningu annarra stjórnarmanna.
2. Skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
3. Kennari við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, kjörinn á kennarafundi í upphafi skólaárs.
4. Fulltrúi úr Nemendasambandi H. K. Í., kjörinn á aðalfundi sambandsins hverju sinni.
5. Fulltrúi úr hópi nemenda H. K. Í., kjörinn á sameiginlegum fundi nemenda í upphafi skólaárs.

Stjórnin velur sér einn varamann. Hann skal boða á hvern fund og hefur tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema hann taki sæti aðalmanns.

Stjórnin skal búsett í Reykjavík eða grennd.

Stjórnin skiptir þannig með sér verkum, að einn er formaður, annar gjaldkeri, þriðji ritari og tveir meðstjórnendur.

3. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, er ábyrgð ríkissjóðs fylgir eða í Söfnunarsjóði Íslands. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðstjórnin árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan í Lögbirtingablaðinu eða í B-deild Stjórnartíðinda og í skýrslum Húsmæðrakennaraskólans, þegar þær eru gefnar út.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn nemur kr. 50 000.00, þá ⅓ vaxta þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 75 000.00, úr því ¼ vaxta þangað til höfuðstólinn er orðinn kr. 100 000.000, eftir það skal leggja 1/10 vaxta við höfuðstólinn og má þá úthlutunarnefnd færa út starfssvið sjóðsins, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þá fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé veittur styrkur úr sjóðnum, sbr. 5. gr., eða eigi svo hár, sem þar getur, skulu vextir þeir, sem til útborgunar komu, en eigi var úthlutað, lagðir við höfuðstólinn.

5. gr.

Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki á að leggja við höfuðstólinn samkvæmt 4. gr., skal varið til að styrkja efnalitlar námsmeyjar Húsmæðrakennaraskóla Íslands til framhaldsnáms í húsmæðrafræðslu erlendis, enda hafi þær kynnt sig að áhuga og dugnaði við námið í skólanum. Nú sækja engar námsmeyjar skólans um styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms erlendis, og má þá verja þeim hluta vaxta sjóðsins, sem til útborgunar kemur, til þess að styrkja eina eða fleiri af stúlkum þeim, sem nám stunda í skólanum. Stúlkur, sem lokið hafa námi í Kvennaskólanum í Reykjavík og nám stunda í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skulu, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrkveitingu, hvort heldur er til framhaldsnáms erlendis eða á meðan þær stunda nám í skólanum.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni úthlutunarnefndar fyrir 20. febrúar ár hvert. Úthlutun á styrk skal fara fram fyrir 10. mars hið sama ár, þegar um styrkúthlutun er að ræða. Eigi má veita sama styrkþega styrk oftar en þrisvar sinnum.

7. gr.

Sjóðinn ber að efla með framlögum frá nemendum Húsmæðrakennaraskólans. Þá má og efla hann með minningargjöfum.

8. gr.

Leggist Húsmæðrakennaraskóli Íslands niður um skemmri eða lengri tíma, skal ávaxta höfuðstól sjóðsins samkvæmt 4. gr., þangað til skólinn eða hliðstæð stofnun tekur aftur til starfa, og skal sjóðsnefnd hans annast þá ávöxtun.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 12. desember 1952, fellur úr gildi.

Reykjavík, 9. júlí 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 20.70 hvert kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 8.10 hvert kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 91.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 31.50 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 4.72 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 36.50 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal teljast hálft og stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 11.50 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 2 275.00 hvert uppsett kW vélanna.
32. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 4.72 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
    a. Um kWst.-mæli á kr. 3.30 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
    b. Um tvígjaldsmæli á kr. 19.70 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 3.70 hver kWst. utan þess tíma.
    c. Um tvígjaldsmæli á kr. 19.70 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en kr. 3.70 hver kWst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 4 244.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 2.25 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig:

    Um mæli á kr. 2 792.00 fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess kr. 2.25 á notaða kWst.

    Ef fasvikstuðull er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

    Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutruflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 2.20 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 1.10 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Um kWst.-mæli á kr. 0.60 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 07.00.
Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 6.20 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 11.60 hver kWst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.50 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.90 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 4.72 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
54. Til gatnalýsingar á kr. 4.72 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. — Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

1.	Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr.	31.50 á mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	37.50 – —
3.	Af þrífasamælum 50 til 200 amp.	—	94.30 – —
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	141.00 – —
5.	Af álagsstýringarliðum	—	141.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessarri ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 704.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 704.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 V kerfi amp.	Málstraumur stofnvara í 3 × 380 V kerfi amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	18 353.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	24 240.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	34 630.00
4.			50 sp.	41 010.00
5.		3 × 100	66	56 960.00
6.	3 × 200		75	69 250.00
7.			100 sp.	82 000.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	113 650.00
9.			150 sp.	130 500.00
10.			200 sp.	164 000.00
11.		3 × 350	231	189 200.00
12.			300 sp.	262 350.00
13.			500 sp.	436 000.00

sp. = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m þannig: Yj = (300 + 4 × kVA) kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: Yl = (200 + 3 × kVA) kr./m að viðbættum kr. 9 200.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 4 500.00
60 amp. þrífasa	— 5 900.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd hefur samið og bæjarstjórn samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 15 maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, og Rafveitu Gerðahrepps, nr. 376 7. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 229. 10. júlí 1974.

GJALDSKRÁ
fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum. Hvert gjaldstig (skammstafað g) jafngildir kr. 4.25 frá og með 15. maí 1974, sbr. þó ákvæði í 5. kafla um breytingar á verðgildi gjaldstigs.

I. KAFLI
RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar.

			Gjaldstig g	Verð kr.
11.	Um mestaafls-mæli:			
11.1	fyrir hverja kWst.		0.3	1.30
11.2	Fyrir hvert árskílówatt		1 600	6 800.00
11.3	Fast árgjald:			
	— grunngjald	1 600		
	— mæligj. skv. 2. kafla, M 1	1 600	3 200	13 600.00
12.	Um markafls-mæli:			
12.1	Fyrir hverja kWst.:			
	— allrar notkunar		0.3	1.30
	— í notkun umfram markstillingu		3.0	12.80

		Gjaldstig g	Verð kr.
12.2 Fyrir hvert árskílówatt		1 600	6 800.00
12.3 Fast árgjald:			
— grunngjald	1 600		
— mæligjald skv. 2. kafla M 2	1 200	2 800	11 900.00

2. Orkutaxtar.

21. Um kWst.-mæli:			
21.1 Fyrir hverja kWst.		1.0	4.25
21.2 Fast árgjald:			
— grunngjald á kW skv. lið v. 21		600	2 550.00
— mæligjald skv. 2. kafla M 3		600	2 550.00
Lágmark 5000 g/ári, sbr. v. 21.			
22. Um kWst.-mæli:			
— fyrstu notkun þ. e. 1200 kWst./ári eða minna		3.0	12.80
— notkunar umfram 1200 kWst./ári		2.0	8.50
22.2 Fast árgjald:			
— mæligjald skv. 2. kafla M 3		600	2 550.00

3. Tímataxtar.

31. Um kWst.-mæli til hitunar:			
31.1 Án rofs		0.64	2.63
31.2 Allt að 1½ klst. rof á sólarhring		0.36	1.48
31.3 Allt að 2½ klst. rof á sólarhring		0.34	1.40
31.4 Allt að 4½ klst. rof á sólarhring		0.27	1.11
31.5 Allt að 14½ klst. rof á sólarhring		0.19	0.78

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið v. 31.

Taxtar 31.1—5 eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, eru til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar með lágmarksgjaldi 1.3 g/kWst.

Önnur ákvæði og skýringar vegna einstakra taxta:

v. 11: Aflnotkun mælist sem meðalálag í 15 mínútur.

v. 12: Lágmarksstilling markafls er 5 kWst.

v. 21: Grunngjald reiknast þannig:

a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki: af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kW,

b) vegna lýsingar o. fl.: miðað er við 0.05 kW á hvern m² gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins,

c) vegna rafmagns til heimila: í stað gólfflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kW á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö.

Lágmarksgjald taxta 21 (kWst.-gjald + fast árgjald) er 5000 gjaldstig á ári. Í stað taxta 21 má velja taxta 22, ef hagkvæmara þykir.

v. 31: Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra,
b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra,
c) að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla gjaldskrár,
d) að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir,
e) að notkun um mæli lagnarinnar sé minnst 6000 kWst./ári.

Almennt:

a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja (t. d. rafsuðuspenna) eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
c) Hitunartaxtar 31 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknist í heilum tug aura.

II. KAFLI
MÆLAGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

1. Af mælum, þ. e.:

— mestaafls-mæli	M 1 = 1 600 g		6 800.00
— markafls-mæli	M 2 = 1 200 g		5 100.00

2. **Af rofum, þ. e.:**

— klukkurofa 80 A eða stærri	R 1 =	800 g	3 400.00
— klukkurofa minni en 80 A	R 2 =	600 g	2 550.00
— fjarstýribúnaði	R 3 =	600 g	2 550.00

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

III. KAFLI
TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3		4		
	Málstraumur		Flutningsgeta		Tengigjöld skv. jöfnu		
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A	skv. stærð stofnvara eða spennis	kVA	g = 1500 + 150 × kVA Gjaldstig g	15/5/74	Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	3 400	14 110 =	14 450.00
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	4 800	19 920 =	20 400.00
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	7 200	29 880 =	30 600.00
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	11 400	47 310 =	48 450.00
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	12 900	53 535 =	54 825.00

1	2		3		4		
	Málstraumur		Flutningsgeta		Tengigjöld skv. jöfnu		
Gjald-	220 V	380 V	skv. stærð		g = 1500 + 150 × kVA		Tengi-
skrár-	kerfi	kerfi	stofnvara eða		Gjaldstig		gjald
liður	A	A	spennis	kVA	g	15/5/74	kr.
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 300	88 395 =	90 525.00
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	36 100	149 815 =	153 425.00
T 8				300	41 500	172 225 =	176 375.00
T 9				500	76 500	317 475 =	325 125.00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði.

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

Y (L) = 40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalds gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

IV. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 300 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 300 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. KAFLI
VERÐGILDI GJALDSKRÁR

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er ..... g = kr. 4.25 frá og með 15. maí 1974.

2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildi gjaldstigsins er þannig, reiknað í % og krónum:

	%	kr.
a) Raforkukaup (orkukostnaður + verðjöfnunargjald)	55.0	= 2.3375
b) Laun	14.3	= 0.6077
c) Rafveitukerfi (efni og annar kostnaður)	20.7	= 0.8797
d) Ýmis kostnaður (opinber gjöld, skrifstofu o. fl.)	10.0	= 0.4251
Vísitala reksturskostnaðar = Verðgildi gjaldstigs	100%	= 4.25

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef vísitala reksturskostnaðar hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. Skal þá að jafnaði miða við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun áður en þær taka gildi.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug aura.

Ef hækkun fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 389 28. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 230. 11. júlí 1974.

ALÞINGISMENN

kosnir í júní 1974.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur, SFV = Samtök frjálslyndra og vinstri manna).

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Reykjavík:
1. Geir Hallgrímsson (S).
2. Gunnar Thoroddsen (S).
3. Magnús Kjartansson (Ab).
4. Þórarinn Þórarinsson (F).
5. Ragnhildur Helgadóttir (S).
6. Jóhann Hafstein (S).
7. Eðvarð Sigurðsson (Ab).
8. Pétur Sigurðsson (S).
9. Gylfi Þ. Gíslason (A).
10. Einar Ágústsson (F).
11. Ellert B. Schram (S).
12. Albert Guðmundsson (S).

Fyrir Vesturlandskjördæmi: 1. Ásgeir Bjarnason (F).
2. Jón Árnason (S).
3. Halldór E. Sigurðsson (F).
4. Friðjón Þórðarson (S).
5. Jónas Árnason (Ab).

Fyrir Vestfjarðakjördæmi: 1. Matthías Bjarnason (S).
2. Steingrímur Hermannsson (F).
3. Þorvaldur Garðar Kristjánsson (S).
4. Gunnlaugur Finnsson (F).
5. Karvel Pálmason (SFV).

Fyrir Norðurlandskjördæmi vestra: 1. Ólafur Jóhannesson (F).
2. Pálmi Jónsson (S).
3. Páll Pétursson (F).
4. Eyjólfur Konráð Jónsson (S).
5. Ragnar Arnalds (Ab).

Fyrir Norðurlandskjördæmi eystra: 1. Ingvar Gíslason (F).
2. Jón G. Sólnes (S).
3. Stefán Valgeirsson (F).
4. Lárus Jónsson (S).
5. Stefán Jónsson (Ab).
6. Ingi Tryggvason (F).

Fyrir Austurlandskjördæmi: 1. Vilhjálmur Hjálmarsson (F).
2. Lúðvík Jósepsson (Ab).
3. Sverrir Hermannsson (S).
4. Tómas Árnason (F).
5. Halldór Ásgrímsson (F).

Fyrir Suðurlandskjördæmi: 1. Ingólfur Jónsson (S).
2. Þórarinn Sigurjónsson (F).
3. Guðlaugur Gíslason (S).
4. Jón Helgason (F).
5. Garðar Sigurðsson (Ab).
6. Steinþór Gestsson (S).

Fyrir Reykjaneskjördæmi: 1. Matthías Á. Mathiesen (S).
2. Oddur Ólafsson (S).
3. Gils Guðmundsson (Ab).
4. Jón Skaftason (F).
5. Ólafur G. Einarsson (S).

B. Landskjörnir þingmenn.

1. landskjörinn þingmaður: Jón Ármann Héðinsson (A).
2. — — Benedikt Gröndal (A).
3. — — Magnús Torfi Ólafsson (SFV).
4. — — Eggert G. Þorsteinsson (A).
5. — — Svava Jakobsdóttir (Ab).
6. — — Guðmundur H. Garðarsson (S).

7. — — Helgi F. Seljan (Ab).
8. — — Sighvatur Björgvinsson (A).
9. — — Sigurlaug Bjarnadóttir (S).
10. — — Axel Jónsson (S).
11. — — Geir Gunnarsson (Ab).

C. Varaþingmenn.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur:
Fyrir Alþýðubandalagið: Vilborg Harðardóttir.
Sigurður Magnússon.
Fyrir Alþýðuflokkinn: Björn Jónsson.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Sverrir Bergmann.
Kristján Friðriksson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Geirþrúður H. Bernhöft.
Gunnar J. Friðriksson.
Kristján J. Gunnarsson.
Áslaug Ragnars.
Gunnar Snorrason.
Þórir Einarsson.
Halldór Kristinsson.

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis:
Fyrir Alþýðubandalagið: Skúli Alexandersson.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Alexander Stefánsson.
Daníel Ágústínusson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Ingiberg J. Hannesson.
Jón Sigurðsson.

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis:
Fyrir Framsóknarflokkinn: Ólafur Þórðarson.
Bogi Þórðarson.
Fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: Jón Baldvin Hannibalsson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Jóhannes Árnason.
Hildur Einarsdóttir.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra:
Fyrir Alþýðubandalagið: Hannes Baldvinsson.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Guðrún Benediktsdóttir.
Bogi Sigurbjörnsson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Sigríður Guðvarðardóttir.
Ólafur Óskarsson.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra:
Fyrir Alþýðubandalagið: Soffía Guðmundsdóttir.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Kristján Ármannsson.
Hilmar Daníelsson.
Heimir Hannesson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Halldór Blöndal.
Vigfús Jónsson.

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:
Fyrir Alþýðubandalagið: Sigurður Blöndal.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Vilhjálmur Sigurbjörnsson.
Þorleifur K. Kristmundsson.
Helgi Þórðarson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Pétur Blöndal.

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:
Fyrir Alþýðubandalagið: Þór Vigfússon.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Guðmundur G. Þórarinsson.
Ólafur Ólafsson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Siggeir Björnsson.
Gísli Gíslason.
Óli Þ. Guðbjartsson.

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:
Fyrir Alþýðubandalagið: Karl G. Sigurbergsson.
Fyrir Framsóknarflokkinn: Gunnar Sveinsson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Ingvar Jóhannsson.
Guðfinna Helgadóttir.
Eðvarð Júlíusson.

Varamenn landskjörinna þingmanna:
Fyrir Alþýðubandalagið: Kjartan Ólafsson.
Soffía Guðmundsdóttir.
Skúli Alexandersson.
Fyrir Alþýðuflokkinn: Bragi Sigurjónsson.
Pétur Pétursson.
Jón Hauksson.
Erling Garðar Jónasson.
Fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: Ólafur Ragnar Grímsson.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Ingiberg J. Hannesson.
Halldór Blöndal.
Sigríður Guðvarðardóttir.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1974.

11. júlí 1974. Nr. 231.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sigurfarasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júlí 1974.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sigurfarasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sigurfarasjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með fjárframlagi Kiwanisklúbbsins Þyrils, Akranesi, kr. 146 709.20, og heimili sjóðsins og varnarþing er á Akranesi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að standa straum af kostnaði við eftirtaldar aðgerðir, eftir því sem fé hans hrekkur til, varðandi kútter Sigurfara, sem Kiwanisklúbburinn Þyrill hefur ákveðið að kaupa frá Færeyjum til að afhenda Byggðasafni Akraness og nærsveita til eignar og varðveislu:

1) Nauðsynlegar endurbætur á skipinu.
2) Færa skipið í það horf, er það var í upprunalega.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Frjáls framlög og gjafir, vextir og annað, sem honum kann að áskotnast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, sem tilnefndir eru af þessum aðilum: Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita, 1 maður, Útvegsmannafélag Akraness, 1 maður, Sjómannadagsráð, Akranesi, 1 maður, Kiwanisklúbburinn Þyrill, 2 menn og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar, samkvæmt ákvörðun klúbbsins. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi þær aðgerðir, sem um getur í 3. gr. og ákvarðar hún hvernig eignum sjóðsins er ráðstafað í því skyni. Að þeim loknum skulu eignir sjóðsins renna til Byggðasafns Akraness og nærsveita til viðhalds og varðveislu skipsins. Stjórnin ákveður hvernig handbært fé sjóðsins er ávaxtað. Stjórnin skal halda gerðabók og annast reikningshald fyrir sjóðinn.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum Akranesskaupstaðar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar réttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari.

Nr. 232. 11. júlí 1974.

REGLUR

um þóknun til höfunda vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir.

1. gr.

Höfundum ber þóknun fyrir opinberan flutning bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Í því skyni skal innheimta gjald, er miðist við tiltekinn hundraðshluta þeirra launa, sem flytjendur nefndra verka fá greitt fyrir flutning sinn við þessar athafnir, sbr. 2. og 3. gr. reglna þessara.

2. gr.

Vegna flutnings verka við guðsþjónustur skal árlega greiða úr ríkissjóði fjárhæð, er nemi þremur af hundraði af áætluðum heildarlaunum til flytjenda, sem laun taka fyrir flutning sinn við guðsþjónustur. Skal við gerð fjárlaga ár hvert

áætla nefnt gjald á grundvelli tiltækra upplýsinga um heildarlaun til flytjenda á því ári.

3. gr.

Vegna flutnings verka við jarðarfarir skal hverju sinni heimt gjald, er sé fimm hundraðshlutar af launum flytjenda. Fela má föstum organleikurum við kirkjur og útfararstjórnum að annast innheimtu þessa gjalds gegn þóknun, sem menntamálaráðherra ákveður.

4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er varið skal til styrktar tónskáldum og textahöfundum, er semja kirkjuleg verk, og skulu renna í sjóð þennan tuttugu af hundraði þeirra gjalda, sem innheimt eru samkvæmt 2. og 3. gr. reglna þessara.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann formaður sjóðstjórnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar og einn skv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, eða þeim hagsmunasamtökum rithöfunda, sem kunna að taka við af því sambandi.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um skipulag og hlutverk sjóðsins.

5. gr.

Að frádregnum innheimtukostnaði og greiðslum í sjóð þann, er stofna skal samkvæmt 4. gr., skal gjald það, sem innheimt er í samræmi við 2. og 3. gr., renna til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, en samtök þessi sjá um greiðslu þóknunar til höfunda í samræmi við eigin úthlutunarreglur, eftir því sem við getur átt. Þó skal sú regla gilda í þeim tilvikum, þar sem tónverk er flutt með texta og hvorutveggja er verndað að höfundarétti, að höfundaþóknun skiptist jafnt á milli tónskálds og textahöfundar og að öðru leyti sé textinn við úthlutun ævinlega metinn til jafns við tónverkið.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um innheimtu gjalda samkvæmt reglum þessum eða fela hana Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, sem einnig annast úthlutun þeirra, sbr. 5. gr.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4 tl. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

11. júlí 1974. Nr. 233.

REGLUGERÐ

um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Stofnunin heitir: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands og hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að annast mannfræðilegar rannsóknir á Íslendingum, einkum athuganir á líkamseinkennum. Mannfræðisstofnunin varðveitir öll rannsóknargögn, sem safnað verður á hennar vegum. Íslenskir vísindamenn, sem safnað hafa þannig gögnum, geta þó unnið úr þeim utan stofnunar, ef þörf krefur, þar til þeir hafa lokið verkefnum, er byggjast á gögnunum.

Erlendir aðilar, sem vilja vinna að mannfræðirannsóknum á Íslandi, verða að leita um það samráðs við stofnunina.

3. gr.

Sjö menn eiga sæti í stjórn Mannfræðistofnunarinnar. Háskólaráð skipar fjóra þeirra, landlæknisembættið einn og Íslenska mannfræðifélagið einn. Forstöðumaður stofnunarinnar á einnig sæti í stjórn hennar.

Stjórnin situr 3 ár í senn.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún heldur fundi þriðja hvern mánuð, eða oftar, ef meiri hluti hennar æskir þess. Stjórnin gerir árlega fjárhagsáætlun um framkvæmdir, sem lögð er fyrir rektor. Einstök rannsóknarverkefni eru háð samþykki stjórnar.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Mannfræðistofnunarinnar, eftir tillögum háskólaráðs. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í mannfræði. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri Mannfræðistofnunarinnar, ræður tímabundið starfslið í samráði við stjórn hennar, eftir því sem fé er veitt til, og gefur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

6. gr.

Rekstur Mannfræðistofnunarinnar er greiddur af ríkisfé, samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) styrkir
b) gjafir
c) greiðslur fyrir aðstoð eða verkefni.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í stafliðum a)—c), er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektorsembættið og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Skal reikningshald vera hluti af heildarreikningi háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Ákvæði 6. gr., að því er varðar greiðslu rekstrarkostnaðar af ríkisfé, kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1975, enda hafi fé til starfsemi stofnunarinnar þá verið veitt í fjárlögum fyrir árið 1975.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 109 7. mars 1974, fyrir veðdeild Alþýðubankans h/f um útgáfu á 1. flokki bankavaxtabréfa.

1. gr.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Veðdeild Alþýðubankans h/f gefur út skuldabréf til handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Bankastjórn Alþýðubankans h/f undirskrifar bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglum þessum. Fjárhæð bréfanna skal vera kr. 100 000.00 og skal hvert bankavaxtabréf vera tölusett og bréfin samin eftir þeirri fyrirmynd, sem stjórn Alþýðubankans h/f ákveður.

2. gr.

3. gr. reglnanna orðist svo:

Vextir af bankavaxtabréfunum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, ár hvert. Ársvextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 11.5% og reiknast eftir á af höfuðstól eða eftirstöðvum hans. Verði almenn breyting á útlánsvöxtum frá því, sem er í núgildandi fyrirmælum Seðlabanka Íslands frá maí 1973 breytast vextir af bankavaxtabréfunum hlutfallslega til samræmis.

3. gr.

Í stað orðsins „bankavaxtabréfunum“ í síðasta málslið 11. gr. reglnanna komi: veðskuldabréfunum.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 330 24. nóvember 1972, fyrir Alþýðubankann h/f, sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breytingu á þeirri reglugerð, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 12. júlí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Knudsen.

17. júlí 1974. Nr. 235.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tónmenntasjóður kirkjunnar.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá menntamálaráðuneytinu að fjárhæð kr. 10 000.00.

Í sjóðinn renna 20 — tuttugu — af hundraði þeirra gjalda, sem árlega verða innheimt vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla kirkjulega tónlist og textagerð við slíka tónlist.

Í því skyni skal verja úr sjóðnum fé til styrktar höfundum fyrir að semja einstök verk að eigin frumkvæði eða eftir pöntun sjóðstjórnar. Eins má veita höfundum styrki úr sjóðnum í viðurkenningarskyni fyrir unnin störf.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður sjóðstjórnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar og einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, eða þeim hagsmunasamtökum rithöfunda, sem kunna að taka við af því sambandi.

4. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram einu sinni á ári. Úthluta má allri innstæðu sjóðsins eins og hún er á hverjum tíma, þó eigi stofnfé hans kr. 10 000.00.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sjóðstjórnar, sem sér um reikningshald sjóðsins og ávaxtar fé hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 236. 19. júlí 1974.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 237 6. okt. 1964, sbr. breytingu á þeirri samþykkt, nr. 248 6. okt. 1969.

1. gr.

Á eftir 3. tölulið í I. lið 2. greinar samþykktarinnar komi nýr liður, sem verður 4. liður, svo hljóðandi: Lokinhamravegur, af Svalvogavegi að Lokinhömrum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 80 10. júlí 1973, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandasýslu, nr. 109 15. maí 1965.

1. gr.

Í 2. grein samþykktarinnar, bætist við undir Gufudalshreppi, nýr töluliður, sem verður 4. liður, svo hljóðandi: Kleifastaðabryggjuvegur, af Vestfjarðavegi að bryggju við Kleifastaðamel.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, er sýslunefnd Austur-Barðastrandasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt d-lið 19. gr. vegalaga nr. 80 10. júlí 1973, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

22. júlí 1974. Nr. 238.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Allt búfjárhald, svo og alifuglarækt, er óheimilt á Heimaey í Vestmannaeyjum nema með sérstöku leyfi bæjarráðs. Með búfénaði er átt við nautgripi, hesta, sauðfénað og svín.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda skriflega umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem leyfis er óskað fyrir, hvernig geymslu þess skal háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og má þá veita leyfið til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Leyfi má þó ætíð afturkalla fyrirvaralaust ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. ef hann gætir þess ekki á fullnægjandi hátt.

4. gr.

Haldi maður áu heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Leyfi til búfjárhalds má binda þeim skilyrðum, sem bæjarráð telur nauðsynleg hverju sinni, svo sem um fjölda búfjár, meðferð þess og vörslu.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júlí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 239. 25. júlí 1974.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Rangárvallasýsla er eitt fjallskilaumdæmi og hefur sýslunefnd yfirstjórn allra fjallskilamála samkv. gildandi fjallskilalögum, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi, eða í sameiningu, þar sem svo hagar til.

2. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann til þess að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri.

3. gr.

Þar sem 2 hreppar eru sameiginlegir eigendur að afrétt, telst hvor þeirra um sig sjálfstæð fjallskiladeild.

4. gr.

Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, haldi sérstaka fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt, sem við kemur fjallskilamálum hreppsins.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

5. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Þó geta hreppsnefndir tekið upp nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

6. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og rita hana í fjallskilabókina.

Lýsingar þessar skulu sendar sýslunefnd. Sér hún um að þær séu innfærðar í afréttabók, er tilgreinir gangnasvæðin innan fjallskilaumdæmisins.

7. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að búfjárhögum í heimalöndum sé ekki íþyngt um skör fram á sumrum, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Þar sem upprekstrarfélag á eitt aðild að afrétti, er hreppsnefndinni heimilt að leigja hann um tiltekinn árafjölda, og gera um það sérstakan bindandi samning, enda liggi fyrir meirihlutasamþykkt félagsins. Óheimilt er að gera slíka samninga við utansveitarmenn.

9. gr.

Enginn má lána utansveitarmanni ítölu sína í afrétti nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Enginn má heldur leyfa öðrum sumarbeit fyrir búfé í heimalandi sínu, þar sem hætta er á að íþyngt yrði óréttilega öðrum sambeitarmönnum eða nágrönnum, án leyfis þeirra og hreppsnefndar.

10. gr.

Hreppsnefnd getur sett ákvæði um, hvenær fé skal rekið til afréttar, enn fremur á hvaða svæði í afrétti fjallfé skuli rekið, og hversu margt megi reka á hvert svæði. Hún hefur heimild til að skipa eða samþykkja foringja fyrir flutningi fjár, eða rekstrum í afrétt. Ber honum að sjá um, að reglum sé hlýtt, og vel með fé farið, og sérstaklega skal hann gæta þess, að fénu sé haganlega dreift, og ær látnar taka lömb sín.

11. gr.

Nú þykir einhverjum ofsett í afrétt nágrennahrepps, og verður af þessum ástæðum fyrir tilfinnanlegum ágangi af afréttarfé, þá er hinum sama heimilt að krefjast þess, að hreppsnefnd hlutist til um, að ítölunefnd ákveði tölu fjár í afréttinn.

Ber afréttareiganda að haga tölu fjár í afréttinn, eftir mati ítölunefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd er skylt, þegar einstakir menn krefjast þess, að afstýra ágangi innansveitar- og utansveitarfénaðar og hrossa í heimalandi eða löndum, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefur í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa, og reka til réttа. Það sauðfé, er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrétt hreppsins.

Svo er hreppsnefndum í þeim hreppum, er engan afrétt eiga, heimilt að láta reka fé, sem þannig er smalað til almenningsréttа í þeim hreppi, sem féð á heima í.

Þegar hreppsnefnd fyrirskipar smölun slíka og þá, er hér um ræðir, skal henni skylt, áður en smölun fer fram, að birta þá ráðstöfun sína í nágrannahreppunum, svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt.

Skepnur, sem sérstaklega eru áleitnar í girðingar og matjurtagarða, skal eigandi hirða, þegar tilsagðar eru, setja í örugga vörslu eða farga þeim. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, er skepna þessi eða skepnur hafa valdið eða valda.

Eigendum búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu, sé hann innan þess svæðis, sem skipulagt er.

13. gr.

Enginn má reka fénað sinn í lönd annarra án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum eða flutningum. Annarra fé mega menn heldur eigi láta fara í rekstra sína til og frá afrétti og réttа með rekstrum sínum.

14. gr.

Telji einhver ábúandi jarðar sig verða fyrir óhæfilegum ágangi búfjár nágranna síns, vegna þess að sá síðarnefndi hafi girt stærra eða minna svæði af beitilandi sínu og verji það að meira eða minna leyti, með því að sleppa hlutfallslega of miklu af fénaði sínum utan girðingar í þann hluta landsins, sem liggur ógirt að landi eða löndum nágranna hans, getur sá, sem telur sig verða fyrir áganginum, kært málið til hreppsnefndar.

Hreppsnefnd er þá skylt að rannsaka málið. Þyki henni ástæða til, getur hún fyrirskipað þeim, sem hefur nokkuð af landi sínu afgirt, að hafa ákveðinn hluta búfjárins í hinu afgirta landi.

Heimilt er hlutaðeigendum að skjóta úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar, sem fellir endanlegan úrskurð um slík mál, en skylt er hlutaðeigendum að hlýða úrskurði hreppsnefndar, þótt málinu hafi verið vísað til sýslunefndar, uns hún hefur fellt úrskurð sinn.

III. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o. fl.

15. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn viðvart. Skal hún þá, ef um óeðlilegan ágang er að ræða, skipa fyrir smölun ágangspenings og reksturs til afréttar eða skilarétta. Á sama hátt getur sveitarstjórn látið dreifa búfé, sem runnið hefur úr afrétti og stendur við afréttargirðingar eða aðrar torfærur. Kostnaður við slíka smalamennsku og annað í því sambandi greiðist úr viðkomandi fjallskilasjóði.

IV. KAFLI

Um göngur og réttir.

16. gr.

Hreppsnefnd reiknar fjallskilakostnaðinn ár hvert með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá og annan kostnað, er til þess þarf, að afréttur sé fullsmalaður, og það annað innt af hendi, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegt. Þessari heildarfjárhæð jafnar hún svo niður á hlutaðeigendur þannig, að ⅓ hluti komi á landverð jarða og eyðijarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, og ⅔ hlutar komi á fjallskilaskylt fé. Heimilt er þó hreppsnefnd að viðhafa þessa skiptingu að jöfnu milli landverðs og fénaðar.

Heimilt er upprekstrarfélagi ef meirihlutasamþykkt liggur fyrir, að leggja aukagjald á rekið eða flutt fé til afréttar, gjaldið reiknast allt að 80% miðað við grunngjald á hverja fjallskilaskylda kind.

Hafi hreppaskipta-samningur og/eða fjallskilaskipta-samningur verið gerðir um hlutaskipti fjallskilakostnaðar, fellur aukagjald þetta í hlut þess upprekstrarfélags, sem á hið flutta eða rekna fé.

Niðurjöfnun á landverð skal miðast við gildandi fasteignamat á hverjum tíma.

Hverjum hlutaðeiganda er skylt að inna af hendi fjallskil þau, er á hann hafa verið lögð á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefndin hefur ákveðið, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peningagreiðslur er að ræða. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um, hvernig fjallskilum er jafnað á aðra eða sjálfan hann eða einhverjum hafi verið ranglega sleppt. Skal kæra sú koma til hreppsnefndarinnar bréflega áður en fjórar vikur eru liðnar frá niðurjöfnun. Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kæruna. Úrskurði hreppsnefndarinnar um fjallskilakæruna, má skjóta til sýslunefndar, og skal gera það skriflega innan ársloka. Sýslunefnd leggur síðan á næsta fundi sínum fullnaðarúrskurð á málið.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komist hjá því að inna þau af hendi, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurði.

17. gr.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem birtur sé opinberlega eða byrji að ganga um sveitina 2—3 vikum áður en fyrsta fjallleit skal hafin, boða fjallleit og hvað hverjum beri til fjallskilanna að leggja. Skulu fjallleitir gerðar svo snemma, að fjallsafni (fyrri leit) sé lokið og réttað verið: Í Landréttum, V.-Eyjafjalla- og Rangárvallaréttum föstudaginn í 23. viku sumars, Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi fimmtudaginn í sömu viku.

Smölun í Hekluhraunum má fresta þar til mánudaginn fyrir fyrstu byggðasafnsrétt.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur oddviti sýslunefndar leyft að fjallleitir séu færðar aftur eða fram um nokkra daga.

18. gr.

Hreppsnefnd ræður hæfilega marga menn til fjallleita hverju sinni. Hún tilnefnir umsjónarmann með leitinni, sem hefur umsjón með smölun og skilum á fénu til rétta.

19. gr.

Sérhver fjallmaður skal vera 15 ára eða eldri, vel útbúinn að fötum og öðrum búnaði. Hreppsnefnd skal sjá fjallleitarmönnum fyrir viðhlítandi húsnæði á afrétti.

20. gr.

Séu færðar sterkar líkur fyrir því, að fé leynist í afréttinum að lokinni annarri leit, skal það sótt á kostnað fjallskilasjóðs.

Sé um fleiri leitir að ræða skal hreppsnefnd sjá um að féð sé sótt á kostnað eigenda.

21. gr.

Hreppsnefnd er skylt að sjá um að fjallleitarmenn séu slysatryggðir meðan á smölun og skilum stendur.

Kostnaður, sem af því leiðir, greiðist úr fjallskilasjóði.

22. gr.

Þar sem svo háttar, að afréttarfé rennur í lönd eyðijarða, sem liggja að afrétti, skulu fjallmenn smala þau sem afréttir væru.

Heimilt er þó eiganda eða umráðamanni að smala landið ef hann óskar þess.

23. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrétta á milli. Skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, bera ráð sín saman um það.

24. gr.

Önnur leit í afréttum skal gerð svo fljótt eftir fjallsafnsréttir sem unnt er og veður og ástæður leyfa, svo að sem minnstar misgöngur eigi sér stað milli afrétta og heimalanda. Önnur leit í Hekluhraunum fari fram mánudaginn í 26. viku sumars.

V. KAFLI

Um bygging og viðhald almenningsrétta og stjórn á réttahöldum.

25. gr.

Hreppsnefnd sér um að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið og að þær séu í góðu standi til notkunar.

Byggingar- og viðhaldskostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

26. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Þyki þörf á því að færa réttir þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almennan bændafund, og ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða þarf samþykki sýslunefndar til breytingarinnar.

27. gr.

Sérhver er skyldur að lgegja til land undir almenningsrétt og byggingarefni í hana úr landi sínu, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr fjallskilasjóði ber að greiða hlutaðeigandi fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir, hafi samkomulag ekki náðst.

28. gr.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra er sér um innrekstur við réttahöld, kveður á um hvenær réttum sé lokið og gætir þess að allt fari fram í sem bestri röð og reglu. Óhlýðni og þrjóska gegn skipun réttarstjóra varðar sektum. — Hlutaðeigandi hreppstjórar skulu vera til staðar við réttahöld og gæta almennrar reglu.

VI. KAFLI

Um byggðasöfn og byggðasafnsréttir.

29. gr.

Í hverjum hreppi skulu, auk fjallsafnsrétta, haldnar að minnsta kosti þrjár byggðasafnsréttir og skulu þær haldnar þriðjudaginn í 23. og 24. viku sumars og þriðjudaginn í 2. viku vetrar, þó með þeim undantekningum, sem hér greinir.

1. Í Rangárvalla-, Fljótshlíðar- og Vestur-Landeyjahreppum, skal halda fyrstu byggðasafnsrétt miðvikudaginn í 23. viku sumars.
2. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjahreppi skal halda aðeins fyrstu byggðasafnsrétt á þriðjudaginn í 23. viku sumars, hinar aðrar byggðasafnsréttir í þeim hreppum séu haldnar á mánudögum. Hreppsnefnd er heimilt að færa 2. byggðasafnsrétt aftur um viku þyki henni það hentara, en skylt er að tilkynna það áður í nærliggjandi hreppa. Nær ákvæði þetta aðeins til hreppanna vestan Ytri-Rangár.

30. gr.

Byggðasöfnun (smölun heimalanda) skal fram fara næsta dag á undan hverri byggðasafnsrétt nema í Austur-Landeyjahreppi að því er snertir 2., 3. og 4. rétt. Fer þar smölun fram sama dag og réttað er. Í Hvolhreppi séu heimalönd jafnan smöluð sama dag og réttað er.

Við byggðasöfnun skal hver og einn skyldur til að smala allt heimaland sitt, og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndar, sem miða því til tryggingar að vel sé smalað, og að almenningur sé samtaka í smöluninni bæði innbyrðis og sveita á milli. Skal síðan varðveita vel allt óskilafé og reka það til almenningsrétta í tækan tíma næsta dag.

Sérhver hreppsnefnd hefur og heimild til að fyrirskipa byggðasmölun og réttir lengur fram á vetur en tilgreinir í 29. gr. ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, og hætt er við miklum samgöngum af fé.

31. gr.

Við niðurjöfnun fjallskilanna gæti hreppsnefnd þess í hvert sinn, að ákveða hverjir skuli, sveitar sinnar vegna, vera sendir í byggðasafnsréttir nágrannasveita, til þess að hirða það óskilafé úr sveit sinni, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en tveir saman slíkra erinda í fyrstu byggðasafnsréttum. Telst þetta til fjallskila.

32. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í byggðasafnsréttum í Holtum og á Landi allt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, og sjá um að það komist í fyrstu byggðasafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefur hins sama að gæta í byggðasafnsrétt Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, sem liggja fyrir utan Markarfljót, og sömuleiðis í byggðasafnsréttum í Austur-Landeyjum um óskilafé úr Austur-Eyjafjallahreppi.

Hreppsnefnd Hvolhrepps skal hirða í byggðasafnsréttum á Rangárvöllum fé úr Eyjafjallahreppum og Landeyjahreppum, en hreppsnefnd V-Landeyjahrepps láta hirða fé þetta í Hvolsréttum.

Óskilafé úr sömu hreppum, sem fyrir kemur í byggðasafnsrétt í Vestur-Landeyjahreppi, skal hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi láta hirða. Enn fremur skal hin sama hreppsnefnd hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi um óskilafé úr hreppum sýslunnar utan og ofan Affalls.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal síðan hirða allt fé úr hreppum ofan og utan Þverár, sem fyrir kemur í Austur-Landeyjaréttum.

Þeir hreppar, sem engan afrétt eiga, mega leggja tveir saman er þeir senda í byggðasafnsréttir.

Bakkbæingar veiti Vestur-Landeyjahreppi tækifæri til að hirða sitt fé á einum stað, eftir lögsöfnun hverja áður en þeir reka óskilafé til sinnar lögréttar.

Landmenn og Holtamenn láti hirða fé sitt í fjallrétt á Rangárvöllum og gagnkvæmt.

33. gr.

Skilarétt á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars og þriðjudaginn í 4. viku vetrar, eftir að fram hefur farið smölun á þeim, er búendur skulu leysa vel af hendi.

Hver einstakur eigandi ber ábyrgð á að hross hans séu hirt í skilarétt.

VII. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

34. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga, sem lambsmæður ekki helga sér í heimaréttum, skal reka til almenningsrétta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um að slíkt fé sé dregið í dilk sér. Síðan skal leiða ær að dilknum og leyfa mönnum með því eða öðru móti að reyna að sanna eignarrétt sinn. Fjárbragð eitt sker þó ei úr um eignarrétt. Ómerkingar þeir, er enginn helgar sér í lok hverrar réttar, eru eign fjallskilasjóðs.

35. gr.

Allar óskilakindur (aðrar), sem ekki tekst að finna eiganda að, skulu færðar til slátrunar í sláturhús. Skulu hreppstjórar, að loknum öllum haustréttum, senda í hvern hrepp sýslunnar skýrslu um mörk á hinu slátraða fé, og mega eigendur þess leiða sig að andvirðinu er tveir mánuðir eru liðnir frá söludegi, til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innanhrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða, þá skal hann senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annað óskilafé.

36. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, ber eiganda að hafa lögheimilt og auglýst mark.

37. gr.

Hross, sem eigandi þekkist ekki að eða eigandi er utanhrepps og á engan þann að, er hirða vill gripinn eða gripina fyrir hans hönd, skulu jafnan talin í óskilum á hvaða tíma árs sem er. Vakta skal þau í viku og fara síðan með sem annað óskilafé.

Óskilahross má selja strax í réttarlok. Þó skal eigandi hross, sem selt hefur verið, hafa innlausnarrétt á því, þrjá mánuði frá söludegi, enda ber hann þann tíma ábyrgð á því, nema það farist fyrir alveg sérstaka handvömm kaupanda.

Greiða skal eigandi allan áfallinn kostnað, svo sem uppboðs-, fóður- og beitarkostnað. Andvirðis geta eigendur vitja innan árs frá söludegi, en að öðrum kosti færist það hlutaðeigandi fjallskilasjóði til tekna.

38. gr.

Nú kemur fyrir kind eða hross með réttu marki ákveðins manns, en sá hinn sami veit sig ekki eiganda að, skal þá með fara sem óskilafé.

VIII. KAFLI

Um fjármörk.

39. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk.

Sá sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náið öðrum í sama sveitarfélagi, skal breyta marki sínu ef þess er óskað. Erfðamark er rétthærra en nýupptekið mark að öðru jöfnu.

Bannað er að nota gróf særingarmörk hverju nafni sem nefnast.

40. gr.

Allir fjáreigendur skulu hafa sýslu- og hreppsbrennimark á fé sínu eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind, sem er með hornum, áður en henni er sleppt eftir fyrsta vetur, sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Má beita sektum ef út af þessu er brugðið, renna þær í fjallskilasjóð.

41. gr.

Nú kemur fyrir í réttum eða við sundurdrátt kind, sem er með brennimarki eða hornmarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal þá sá talinn eigandi kindarinnar, sem brennimarkið eða hornmarkið á, en skyldur skal hann, ef eigandi eyrnamarksins krefst þess, að gera grein fyrir því, hvernig hann er að kindinni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornmark hin þriðja, skal talin

eign þess, sem brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafist er, gerða grein fyrir hvernig hann hafi eignast kindina.

42. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 8. hvert ár, og oftar ef þurfa þykir. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, er sýslunefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, fær eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar búendaskipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er búast má við að fé gangi saman úr.

43. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka.

Kosning hans fer fram í hvert sinn og markaskrá á að prenta. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markaumsjónamaður sér um útgáfu markaskrár. Hann gerir sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar eigi sér ekki stað. — Í markaskrá skal raða nöfnum í stafrófsröð.

44. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, samkvæmt ákvæðum sýslunefndar eða markaumsjónarmanns, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau.

Hreppsnefndin, eða sá, sem hún felur framkvæmd þess, hlutast til um, að sammerkingar eða mjög lík mörk, sem hætt er við að valdi misdrætti, eigi sér ekki stað.

45. gr.

Þegar markaumsjónarmaður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa, ber hann þær saman sín á milli, og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum, og þau sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu.

Ákveði hann að fella niður mark eða breyta því, skal hann tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í staðinn.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeigenda, geti þær samrýmst ákvæðum þessarar reglugerðar. Vilji einhver taka upp mark milli þess að markaskrá er samin, ber honum fyrst að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns. Síðan skal hann auglýsa það í Lögbirtingablaðinu og jafnframt tilkynna það bréflega öllum hreppstjórum í sýslunni. — Hreppstjórar sjái um að markið sé ritað inn í markaskrá. Þeir, sem í sýsluna flytjast, fari eins að til þess að fá lögheimild fyrir marki sínu innan fjallskilaumdæmisins.

IX. KAFLI

Um fjallskilasjóði.

46. gr.

Hreppsnefnd er skylt að stofna og reka fjallskilasjóð í þeim hreppum, sem afréttarlönd eiga, og renna þá til hans þessar tekjur:

a. andvirði óskilafjár;
b. niðurjöfnun fjallskila;
c. sektir fyrir brot á þessari reglugerð;
d. aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að renni í sjóðinn.

Tekjum fjallskilasjóðs má hreppsnefnd aðeins verja til þeirra hluta, er heyra undir framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.

Sjóðurinn er í ábyrgð hreppsnefndar, sem gerir reikning hans árlega og lætur fylgja sveitarreikningum.

X. KAFLI

Almenn ákvæði.

47. gr.

Skylt er sláturleyfishöfum að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

48. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða við smölun heimalanda.

Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

49. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi hreppsnefnda út af fjallskilamálum, nema það sem lög ákveða að falla skuli undir ítölunefnd. Sömuleiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, kr. 5 000.00—50 000.00 og renna þær í fjallskilasjóð.

51. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

52. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Rangárvallasýslu frá 6. júní 1943, um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð óskilafjár, grenjaleitar og refaveiðar, svo og breyting á henni frá 7. október 1968.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júlí 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 240. 29. júlí 1974.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Kópavogs.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er fyrst um sinn í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).

4. Tannvernd í skólum.
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Áfengisvarnir.
8. Geðvernd.
9. Almennar sjúkdómsvarnir (í samráði við héraðslækni og aðra embættismenn skv. lögum).

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar og ákveður framkvæmdir á sérhverjum lið 1. gr. eftir ástæðum og í samráði við stjórn bæjarins.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð 7 mönnum. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og 4 meðstjórnendur, 1 er tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu og 1 af Sjúkrasamlagi Kópavogs. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Ráða má yfirhjúkrunarkonu að stöðinni, sem stjórni daglegum rekstri, enda vinni hún auk þess dagleg störf við ákveðna deild eða deildir stöðvarinnar. Æskilegt er, að hún sé lærð heilsuverndarhjúkrunarkona.

5. gr.

Heilsuverndarstöð skal hafa aðskilið reikningsbókhald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri Heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955 sbr. 4. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1974.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

29. júlí 1974. Nr. 241.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur verið ákveðið, að einstefnuakstur verði á eftirtöldum götum sem hér segir:

1. Á Bjargarstíg til vesturs frá Óðinsgötu að Grundarstíg.
2. Á Skálholtsstíg til vesturs frá Grundarstíg að Fríkirkjuvegi.
3. Á Nýlendugötu til austurs frá Bakkastíg að Ægisgötu og til vesturs frá Bakkastíg að Seljavegi.

4. Á Bakkastíg til suðurs frá Mýrargötu að Nýlendugötu.
Framangreindar reglur taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. júlí 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 242. 30. júlí 1974.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum.

1. gr.

Í glerjungi íláta (leir- eða málmíláta), sem notuð eru undir matvæli, getur verið blý eða kadmíum. Til þess að forða eitrunum af völdum þessara málma, er rekja mætti til slíkra íláta, ber hlutaðeigendum að breyta samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná einnig til íláta úr plasti, sem notuð eru undir matvæli.

2. gr.

Bannað er að framleiða, flytja inn eða versla með ílát þau, sem getið er um í 1. gr. reglugerðar þessarar, ef þau gefa frá sér meira magn af blýi en 7.0 míkróg blý/ml eða 0.5 míkróg kadmíum/ml, þegar eftirfarandi rannsóknaaðferðum er beitt, sbr. 3. gr.

3. gr.

Sex sýni af hverri gerð íláta skulu rannsökuð á þann hátt, að þau eru fyllt með 4% edikssýru, gler látið yfir op ílátsins, og ílátin síðan látin standa þannig í 24 klst. við venjulegan stofuhita. Blý eða kadmíum, er leysast kann í edikssýrulausninni, er síðan ákvarðað með aðferð þeirri, sem lýst er í viðauka, sbr. viðauka nr. 1.

Fundið er meðaltal sýnanna. Ef frávik einstakra niðurstöðutalna er innan eðlilegra marka (+10%), skal meðaltalið gilda. Annars verður að gera frekari rannsóknir.

4. gr.

Einungis niðurstöðutölur rannsókna frá viðurkenndum rannsóknastofnunum, t. d. Rannsóknastofnun iðnaðarins eða hliðstæðum rannsóknastofnunum, eru gildar.

5. gr.

Við mótun íláta eða á annan hátt ber að setja merki (vörumerki), sem ótvírætt sýnir, hver hefur framleitt vöruna. Jafnframt er þeim, sem framleiða eða flytja inn slíkar vörur hér á landi, skylt að láta rannsaka þær þannig, að ótvírætt sé, að þær standist kröfur, sem gerðar eru samkvæmt 2. og 3. gr. að framan. Ef varningurinn stenst ekki þessar kröfur, er bannað að hafa hann á boðstólum.

Varningur, sem heimilt er að hafa á boðstólum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar hér að framan, skal merktur með tilliti til þess, að rannsakað hafi verið blý- og kadmíuminnihald hans, svo sem kveðið er á í þessari reglugerð.

6. gr.

Þeim, sem framleiða eða selja slíkar vörur hér á landi, er skylt að tilkynna það heilbrigðisnefnd viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags.

7. gr.

Um málsmeðferð og viðurlög við brotum á ákvæðum þessum fer samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Almar Grímsson.

Viðauki nr. 1.

ÁKVÖRÐUN BLÝS

Áhöld og hvarfefni.

a) Atómabsorbsjón-litrófsmælir, Perkin-Elmer gerð 303 eða jafngilt tæki við eftirfarandi mælistillingu:
Bylgjulengd 218 nm, rauf 4, blý-holkatóðulampi, loft-acetýlenbrennari (0.5x110 mm rauf) með loftgjöf við 60 psi (flóðmælir á 9.0) og acetýlen við 10 psi (flóðmælir á 9.0) þannig, að loftstreymi verði 0.8 ml/mín.

b) **Staðallausnir.**
Leysið eitthvert leysanlegt Pb-salt í 4% edikssýru þannig, að Pb-magn verði 1 mg/ml. Blandið þessa stofnlausn með 4% edikssýru þannig, að mælistaðlar verði 10, 20, 30 og 40 míkróg Pb/ml.

Sex ílát af hverju tagi eru rannsökuð. Öll ílátin eru þvegin með venjulegum þvottalegi og skoluð vandlega á eftir með kranavatni og eimuðu vatni. Skolvatni fleygt og ílátin látin þorna. Því næst er hvert ílát fyllt með 4% (W/V) edikssýru þannig, að á því sé ekki meira en 5 mm borð. Rúmmál sýrunnar skal mæla í mæliglasi. Gler er lagt yfir op hvers íláts, en varast ber að láta það snerta yfirborð vökvans. Ílátin skulu standa þannig við stofuhita í 24 klst.

Mæling.

Hrærið í vökvanum og mælið absorbans í áðurnefndu tæki og þynnið lausnina, ef með þarf. Staðlasýni eru mæld á sama hátt og gert línurit yfir absorbans á móti Pb-magni. Magn blýs í óþekktu sýni má lesa af línuritinu.

Niðurstöðutölur eru reiknaðar sem míkróg Pb/ml vökva, sbr. Division of Compliance Programs, Bureau of Foods, Food & Drug Administration, 30. júní 1971.

ÁKVÖRÐUN KADMÍUMS

Áhöld og hvarfefni.

a) Atómabsorbsjón litrófsmælir, Perkin-Elmer gerð 303 eða jafngilt tæki við eftirfarandi mælistillingu:
Bylgjulengd 228,8 nm, rauf 4, kadmíum-holkatóðulampi, loft-acetýlbrennari (0.5 x110 mm rauf) með loftgjöf við 60 psi (flóðmælir á 9.0) og acetýlen við 10 psi (flóðmælir á 9.0) þannig að loftstreymi verði 0.8 ml/mín.

b) **Staðallausnir.**
Leysið eitthvert leysanlegt kadmíum-salt í 4% edikssýru þannig, að Cd-magn

verði 0.1 mg/ml. Blandið þessa stofnlausn með 4% edikssýru þannig, að mælistaðlar verði 1, 2, 3 og 4 míkróg Cd/ml.

Sex ílát af hverju tagi eru rannsökuð. Öll ílátin eru þvegin með venjulegum þvottalegi og skoluð vandlega á eftir með kranavatni og eimuðu vatni. Skolvatni fleygt og ílátin látin þorna. Því næst er hvert ílát fyllt með 4% (W/V) edikssýru þannig, að á því sé ekki meira en 5 mm borð. Rúmmál sýrunnar skal mæla með mæliglasi. Gler er lagt yfir op hvers íláts, en varast ber að láta það snerta yfirborð vökvans. Ílátin skulu standa þannig við stofuhita í 24 klst.

Mæling.

Hrærið í vökvanum og mælið absorbans í áðurnefndu tæki og þynnið lausnina, ef með þarf. Staðlasýni eru mæld á sama hátt og gert línurit yfir absorbans á móti Cd-magni. Magn kadmíums í óþekktu sýni má lesa af línuritinu.

Niðurstöðutölur eru reiknaðar sem míkróg Cd/ml vökva, sbr. Division of Compliance Programs, Bureau of Foods, Food & Drug Administration, 30. júní 1971.

Nr. 243. 30. júlí 1974.

REGLUGERÐ

um íblöndun nítríta og nítrata í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir.

1. gr.

Eigi má auka í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir öðrum nítrítum eða nítrötum en kalíum- eða natríumsöltum (kalíumnítrit, natríumnítrit, kalíumnítrat, natríumnítrat) og eigi með öðrum hætti en greinir í þessari reglugerð.

Eigi má við vinnslu á kjöti, kjötvörum eða öðrum sláturafurðum nota nítrít og nítrat í sömu vöru.

2. gr.

Nítrít má einungis auka í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir í formi NÍTRÍT-SALTS, sem inniheldur minnst 0.4% og mest 0.6% af kalíum- eða natríumnítríti í matarsalti (natríumklóríð).

Saltpækil, sem inniheldur meira en 2 g af nítríti í lítra, reiknað sem natríumnítrít, er óheimilt að nota við kjötvinnslu.

NÍTRÍT-SALT má eigi nota í meira magni en svo, að í hverju kg af kjötvörunni fullunninni sé mest 100 mg af nítríti, reiknað sem natríumnítrit.

3. gr.

Nítrít má ekki auka í kjöt eða í hakkað kjöt, fars eða því um líkt, sem haft er á boðstólum sem nýtt.

4. gr.

Þeir einir, sem greinir í 1., 2., 3., 4. og 6. tölulið 1. málsgreinar 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, mega veita viðtöku, kaupa, selja eða flytja inn NÍTRÍT-SALT (tollskrárnúmer 28.39.), sbr. viðauka nr. 1.

NÍTRÍT-SALT má ekki afhenda, geyma eða varðveita nema í upprunalegum umbúðum framleiðanda, enda séu þær greinilega merktar.

NÍTRÍT-SALT má ekki afgreiða gegn eiturbeiðni (sbr. reglugerð nr. 131/1971).

5. gr.

Nítrat má einungis auka í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir við söltun og þannig, að í hverju kg af kjötvörunni fullunninni sé mest 500 mg af nítrati, reiknað

sem kalíumnítrat. Eigi má við framleiðslu hita kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir, sem nítrat hefur verið aukið í, yfir 60°C.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að taka ókeypis hjá framleiðanda hæfilegt sýni af vörum þeim, er hér ræðir um, til ákvörðunar á nítríti og nítrati.

7. gr.

Um málsmeðferð og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Ákvæði 2. málsgreinar 1. gr. gilda ekki um bjúgu, uns öðruvísi verður ákveðið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 2. töluliður auglýsingar um nokkrar vörur úr kjöti, sem heilbrigðisráðuneytið gaf út 22. nóvember 1940.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Almar Grímsson.

30. júlí 1974. Nr. 244.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja.

1. gr.

Með umsókn um skráningu sérlyfja skulu fylgja upplýsingar um fyrirhugað fob- eða cif-verð hvers forms og pakkningar og ber að skoða slíkar upplýsingar sem forsendu þess útsöluverðs er gilda skal, ef lyfið (lyfjaformið, pakkningin) yrði skráð á sérlyfjaskrá.

2. gr.

Sækja ber um sérhverjar breytingar á fob- eða cif-verði sérlyfs og miða við þá gjaldeyristegund, sem innkaupsverð er reiknað út frá.

Umsóknir um slíkar breytingar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Lyfjamáladeild, með a. m. k. 6 vikna fyrirvara miðað við 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert.

3. gr.

Lyfjaverðlagsnefnd er til umsagnar um innkaupsverð sérlyfja samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Almar Grímsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

Tafla I. Orkuverð, grunnverð, gjaldstofnar og mælaleigur.

Taxta-númer	Taxtaheiti	Orku-verð kr./kwst.	Daggreiðsla kr. Grunnverð/ gjaldstofnar	Mæla-leigur
	A. Lýsing.			
1.1	do. án grunnverðs	16.15		01
1.2	do. með grunnverði	6.85	0.125/m²	01
1.3	do. götur og Patrekshöfn	4.35		03
	B. Heimili.			
2.1	do. m/grunnv. herb.	4.00	1.50/herbergi	01
2.2	do. m/grunnv. aflúttak	1.74	0.48/amper	01
2.3	do. m/grunnv. aflúttak	0.96	0.96/amper	03
2.4	do. m/grunnv. afllúttak	0.60	1.92/amper	03
	C. Iðnaður/verslun.			
3.1	do. smávélar	6.85		02
3.2	do. stór notkun (C 9)	1.30	11.45/kW	04
	D. Hitun.			
4.1	do. án rofs	2.40		01
4.2	do. með rofi 2 kl./dag	1.74		03
4.3	do. með rofi 3 kl./ádag	0.96		03
4.4	do. með rofi 14 kl./dag	0.60		03
	F. Annað.			
5.1	Sérsamningar.			
5.2	Lokun og enduropnun veitu, útsending lokunarmanns		373/á reikn.	
	Mælaleigur.			
	Einfasa almenn án stjórnt.		2.20/mælingu	01
	Þrífasa og einfasa m/stjórnt.		2.50/mælingu	02
	Þrífasa með stjórntækjum		5.00/mælingu	03
	Þrífasa með aflmælingu		9.50/mælingu	04

SKÝRINGAR OG ÁKVÆÐI MEÐ TÖFLU I

A. Lýsing.

1.1 Almenn lýsing og/eða fyrir aðra þá notkun, sem ekki er seld undir öðrum lið í þessari verðskrá.

1.2 Lýsing með grunnverði. Gjaldstofnar grunnverðs eru fermetrar gólfflatar þar sem lýsing er. Í verslunum, vinnustofum og skrifstofum reiknast grunnverð af hverjum m², en tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og slíkum stöðum. Eftir þessum taxta má þó selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum, meðan á byggingu stendur, án grunnverðs.

1.3 Til lýsingar á götum og við Patrekshöfn.

B. Heimili.

2.1 Venjuleg heimilisnotkun með grunnverði. Gjaldstofn grunnverðs eru íbúðarherbergi. Fullt grunnverð reiknast af íbúðarherbergi og eldhúsi sem eru 5—25 m² að stærð, en af minni herbergjum reiknast hálft grunnverð og af stærri tvöfalt. Baði, geymslum, göngum og þ. h. skal sleppt.

Ef um smáatvinnurekstur er að ræða í húsnæði, sem fær raforku um heimilismæli, reiknast þar tvöfalt grunnverð samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

2.2, 2.3 og 2.4. Venjuleg heimilisnotkun með grunnverði. Gjaldstofnar grunnverðs eru amper eða kW (aflmæling). Grunnverð ampera miðast við einfasa 220 volt, og amperstærðirnar 16, 20, 35 og 50 amper, en umreiknast í samræmi við þá aflnotkun, ef um fleiri fasa eða aðra spennu er að ræða. Aflnotkun umfram 20 kW mælist með aflmæli, reiknast þá 1 kW sem 4 amper. Af rofinni notkun samkvæmt roftíma og reglum í taxta D, greiðist ekki grunnverð. Ef ekki eru tök á að mæla aflúttak, má reikna það eftir amperstærðum öryggja eða áætla í samræmi við uppsett afl hjá notenda.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 Fyrir smávélar og tæki í iðnaði og verslun. Hér má einnig selja rafmagn til lýsingar um sama mæli samkvæmt taxta 1.2, reiknast þá einnig grunnverð samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn grunnverðs er aflúttak, í kW (C 9 á reikningum rafveitunnar). Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mín. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má reikna afllúttak samkvæmt ástimpluðu afli véla ÷ 20%. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark er 10 kW ef raforka til lýsingar er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar grunnverð samkv. lið 1.2.

Heimilt er að takmarka aflúttak samkv. þessum lið 3.2, á mestu álagstímum rafveitunnar, í allt að 2 klst. á dag.

D. Hitun.

4.1 til 4.4 Hitasala er háð flutningsgetu kerfisins, að dómi rafveitustjóra, og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja. Rafmagnsofnar og önnur rafhitunartæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á klukkurofum.

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað til rafveitunnar eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við bæjarkerfið án mælis um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

5.2 Ef reikningar rafveitunnar eru ekki greiddir samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð rafveitunnar, svo að til sérstakra innheimtuaðgerða hafi þurft að grípa, svo sem útsendingu lokunarmanns, og/eða lokunar veitu, skal notanda gert að greiða kostnað samkvæmt þessum lið.

Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt gjald samkvæmt lið 5.2, á skrifstofu rafveitunnar.

TENGING VIÐ VEITUKERFIÐ

Í samræmi við umsókn notanda ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tengingar samkvæmt töflu

II, miðast við notkunarstaði á skipulögðum svæðum. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda eftir greiðfærri leið að lóðarmörkum við götu.

Breyting á tengingu, bráðabirgðatenging og/eða tenging utan skipulagðra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði, fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug meðan frost er í jörðu, nema ef notandinn samþykkir að greiða þann umframkostnað, sem af því kann að leiða.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notandann um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þessa, auk heimtaugargjaldsins.

Sé tenging með flutningsgetu umfram það, sem sagt er í töflu II, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast aukagjalds, eða greiðslu samkvæmt kostnaði.

Tafla II. Tengingar við veitukerfið/heimtaugagjöld.

Flutningsgeta í amperum	Stofngjöld tenginga, heimtauga	Greiðsla vegna yfirlengdar heimtaugar kr./m.
0 til 3 × 60 amp.	18 645	746
3 × 60 til 100 amp.	22.374	932
3 × 100 til 125 amp.	27 346	1 120
3 × 125 til 200 amp.	43.505	1.492
3 × 200 til 350 amp.	87 010	1 865

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II, sem miðast við jarðlínutengingar.

ÝMISLEGT

Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

Mælaleigur innheimtast um leið og greiðslur fyrir raforku.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 1. júní 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 380 13. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112 8. maí 1972.

1. gr.

1. liður B-kafla 24. gr. um framtalsnefnd færist í A-kafla og verði nr. 14.

2. gr.

6. liður B-kafla 24. gr. orðist þannig: Fimm menn í bókasafnsstjórn og fimm til vara.

3. gr.

7. liður B-kafla 24. gr. færist í A-kafla og verði nr. 15. Liðurinn orðist þannig: Fimm menn í stjórn heilsuverndarstöðvar Kópavogs og fimm til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu og einn fulltrúi tilnefndur af sjúkrasamlagi Kópavogs. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar.

4. gr.

17. liður B-kafla 24. gr. um lista- og menningarsjóð færist í A-kafla og verði nr. 16.

5. gr.

18. liður B-kafla 24. gr. um umferðarnefnd færist í A-kafla og verði nr. 17. Liðurinn orðist þannig: Fimm menn í umferðarnefnd og fimm til vara. Rétt til setu á fundum nefndarinnar hafa bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

19. liður B-kafla 24. gr. um atvinnueflingarsjóð færist í A-kafla og verði nr. 18.

Númer annarra liða í B-kafla breytast í samræmi við framangreindar breytingar og verða 1—14.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

ARÐSKRÁ

B-deildar Veiðifélags Skjálfandafljóts.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtalinna jarða eins og hér segir:

		Einingar
1.	Mýri-Bólstaður	7.6
2.	Svartárkot	7.3
3.	Stóratunga	19.8
4.	Víðiker	7.7
5.	Bjarnastaðir—Rauðafell	9.4
6.	Halldórsstaðir—Engi	11.8
7.	Lundarbrekka	11.1
8.	Litluvellir	4.0
9.	Stóruvellir—Lækjarvellir	10.0
10.	Sandvík	5.2
11.	Sunnuhvoll	5.1
12.	Hlíðskógar	9.5
13.	Hrappsstaðir	4.4
14.	Jarlsstaðir	6.0
15.	Sandhaugar	8.4
16.	Arnarstaðir	1.0
17.	Hlíðarendi—Vesturhlíð	6.9
18.	Kálfborgará	6.1
19.	Eyjadalsá	5.3
20.	Einbúi	4.0
21.	Arndísarstaðir	4.0
22.	Hvarf	8.2
23.	Lyngholt	2.7
24.	Úlfsbær	4.4
25.	Öxará	11.3
26.	Ljósavatn—Holtakot	13.9
27.	Hrifla	9.7
28.	Fremstafell	12.1
29.	Barnafell	3.7
30.	Rauðará	5.5
31.	Ingjaldsstaðir—Heiðarbraut	5.9
32.	Fljótsbakki	4.7
33.	Þingey	5.1
34.	Einarsstaðir	12.1
35.	Fosssel	3.5
36.	Landnám ríkisins	5.4
37.	Landamótssel—Borgartún	4.5
38.	Kross	5.4
39.	Litlu-Tjarnir	1.8
40.	Birkihlíð	2.6
41.	Kambsstaðir	3.7
42.	Birningsstaðir	2.3
43.	Stóru-Tjarnir	3.6
44.	Arnstapi	2.3
45.	Vatnsendi	2.0
	Samtals	291.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

2. ágúst 1974. Nr. 248.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélagið Landvörn í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaft.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélagið Landvörn í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaft. Heimili þess og varnarþing er í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum að varna Klifandi, Hafursá, Holtsá og Lambá að ganga á graslendi þeirra jarða, sem eiga land að þessum vötnum, og helst að þrengja að farvegum þeirra og beina rennsli þeirra eðlilega leið til sjávar. Félagið getur aukið starfssvið sitt, ef meirihluti félagsmanna er því samþykkur.

3. gr.

Hönnun meiri háttar mannvirkja, sem félagið hyggst ráðast í hverju sinni, skal félagsstjórn bera undir ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

Að loknum framkvæmdum við mannvirkjagerð, skulu þær teknar út af ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum.

4. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Hvoll I, Hvoll II, Pétursey I, Pétursey II, Vellir, Nykhóll, Fell, Holt, Álftagróf og Keldudalur.

Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar landbúnaðarráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaga.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn og aðrir þrír varamenn. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og gengur einn úr stjórn hvert ár, eftir hlutkesti fyrstu tvö árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi skal kjósa tvo menn til að endurskoða reikninga félagsins.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar lagður fram endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir fund. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meirihluta atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessari þarf ⅔ hluta atkvæða þeirra félagsmanna, sem á fundi eru. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef þörf krefur, en skylt, ef ¼ félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur, ef eigendur vilja ekki og er óskylt að taka þátt í félaginu, þeirra jarða, sem um ræðir í 3. gr., og gildir eitt atkvæði fyrir hverja jörð. Til aðalfundar

skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitafunda. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Formaður kveður til stjórnarfunda svo oft sem honum þykir þurfa, svo og ef einhver meðstjórnandi óskar þess. Skylt er stjórninni að halda gerðabók. Þar skal rita fundargerðir félagsfunda.

7. gr.

Kostnað við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir. Skal þá leggja til grundvallar að kostnaðurinn skiptist í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna. Jafnframt skal þó taka tillit til þeirra hagsbóta, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni, og skal það metið af þrem mönnum, er félagið kýs til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna og að öðru leyti fer hann eftir gildandi lögum.

Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi, og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur með ríkisframlagi eða annars staðar frá.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hún skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Hún skal annast um að gert verði við bilanir svo fljótt sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega af þar til hæfum manni, að tilhlutan stjórnar, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra). Félagsmenn skulu ávallt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu á vegum félagsins fyrir verkamenn, bifreiðar og önnur vinnutæki.

9. gr.

Allan sameiginlega kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægjanlegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin með lögtaki. Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Nú telur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til úrbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en félagsstjórn hefur áformað, og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur, ef ástæður leyfa og fé er fyrir hendi.

11. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari sbr. 5. gr., enda staðfesti landbúnaðarráðherra samþykkt um félagsslitin.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða sektum, er renna í félagssjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar í stað gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

2. ágúst 1974. Nr. 249.

SAMÞYKKT

um hundahald í Blönduóshreppi.

1. gr.

Hundahald sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.

f) Hundeiganda bera að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir þar í geymslu, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 250. 6. ágúst 1974.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun fyrir Blönduós.

1. gr.

Blönduóshreppur annast sjálfur eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins. Yfirstjórn hreinsunar er í höndum sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að nota þær aðferðir við sorpgeymslu, sem samþykkt þessi kveður á um.

3. gr.

Allur kostnaður við almenna sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sérhverjum húseiganda er þó skylt að greiða sérstakt sorphreinsunargjald, sem sveitarstjórn hefur heimild til þess að ákvarða og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

4. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv., skal látið í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til smíðuðum sorpskáp eða sérstakri grind, með viðeigandi frágangi og loki yfir. Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda og sorpskápa og þeim ber jafnframt að sjá um að grindur eða skápar séu í góðu ásigkomulagi. Sorphirslur skulu vera, þar sem aðgengt er fyrir sorphreinsunarmenn að ná til þeirra. Ef sorpgeymsla er innbyggð eða innan dyra, skal allur aðgangur að henni og frágangur vera í fullu samræmi við ákvæði 3. gr. 10. tl. í byggingarsamþykkt fyrir Blönduós.

5. gr.

Í sorppokana skal setja allt venjulegt heimilissorp, en gæta skal þess sérstaklega, að offylla þá ekki né ofþyngja á þann hátt, að erfitt verði að loka þeim eða að þeir rifni. Sorp skal láta vel ofan í poka, en varast að það hangi yfir pokarönd eða dreifist af loki umhverfis sorphirslur og valdi óþrifnaði. Allt blautt sorp og oddhvassa hluti skal pakka vel inn áður en það er sett í sorppoka. Mold, möl, grjót og svipuð efni má ekki láta í sorppoka, en skal flytja til ákveðins svæðis, samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

6. gr.

Allt umfangsmeira sorp, svo sem frá byggingum og málmiðnaði, bílhræ og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Vanræki eigandi þetta, þá getur heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins látið framkvæma verkið á hans kostnað.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg í hreppslandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum, sem öllu öðru sorpi, í hvaða mynd sem er, í sjóinn, eða í Blöndu. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

7. gr.

Sorphreinsun skal gerð vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári. Sorphreinsun skal ekki framkvæmd á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Um stórhátíðar, jól, nýár og páska skal gerð aukahreinsun. Hreppurinn leggur til, og gengur frá í sorpskáp eða grind, einn plastpoka, eftir hverja hreinsun.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins. Sé slíku ekki til að dreifa, þá geta húseigendur engu að síður fengið aukapoka eftir þörfum, en þá kemur sérstök greiðsla fyrir.

Á stóru heimili, eða þar sem vænta má að einn poki nægi ekki milli hreinsana, getur viðkomandi valið milli þess, að hafa fleiri grindur eða að hafa geymslu fyrir fyllta sorppoka og skiptir þá sjálfur um, enda fær hann þá ókeypis nægilega marga poka. Ef um óvenjulega notkun poka er að ræða t. d. hjá veitingastöðum, verslunum o. s. frv., getur sveitarsjóður lagt á aukagjald vegna sorphreinsunar eða látið greiða fyrir aukapoka.

8. gr.

Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga eða á þau afmörkuðu svæði, sem sveitarstjórn gefur fyrirmæli um, skal gerður eftir ströngustu fyrirmælum og þrifnaður allur í hávegum hafður.

Sömuleiðis skal umgangur og frágangur á sorpi á sorphaugastað uppfylla þær kröfur sem reglur um þá staði kveða á um, t. d. um losunartíma sorps og umgengnishætti alla.

9. gr.

Kvörtun vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

10. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 20.70 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 10.30 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 63.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 31.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 4.72 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 46.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem minna er en 5 ferm. skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 10.30 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 5 777.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 10.30 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 1.72 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 5 777.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 1.72 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 5 465.00 á hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 5 777.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 1.72 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 63.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 25.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 50.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

(Án söluskatts frá 1. des. 1973.)

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 3.26 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 1.51 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 1.51 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 209.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0.80 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 6.30 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 10.30 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.90 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.45 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 5.00 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 10.30 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	31.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	37.00 — —
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	—	63.00 — —
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	106.00 — —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	100.00 — —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	187.00 — —
7.	Af álagsstýriliðum, minni gerð	—	187.00 — —
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	—	187.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarks-afl kVA	Heimtaugar-gjald kr.
1.	3 × 60	22	23 785.00
2.	3 × 100	38	35 050.00
3.	3 × 200	75 sp.	68 850.00
4.	3 × 350	132	112 670.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu-heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það, sem

fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og um staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 5 010.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 6 260.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 750.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 750.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni.

11% söluskattur og 4% söluskattsauki frá 25. mars 1974 er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagasjóðsgjald 2%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 375 7. desember 1973, að því leyti sem hún tekur til Rafveitu Miðneshrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 6. ágúst 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingar á sérlyfjaskrá frá 1. júlí 1972.

1. Eftirtalin sérlyf hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:

AMANTADIN (Ido, 1662) Töflur; 20 fl.	Hver tafla inniheldur: Amantadini chloridum NFN 50 mg eða 0,1 g.
DUMOLID (Dumex, 1629) Töflur; 33. fl.	Hver tafla inniheldur: Nitrazepamum NFN 5 gm.
FLAGYL FORTE (Pharma Rhodia, 1652) Töflur; 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Metronidazolum NFN 0,4 g.
JODOMIRON (Ercopharm, 1610) Innrennslislyf 111 mg J/ml; 29. fl.	1 ml inniheldur: Jodamid-megluminum NFN 0,25 g, samsvarandi 111 mg J/ml.
Stungulyf 300 mg J/ml; 29. fl.	1 ml inniheldur: Jodamid-megluminum NFN 0,65 g, samsvarandi 300 mg J/ml.
Stungulyf 380 mg J/ml; 29. fl.	1 ml inniheldur: Jodamid-megluminum NFN 0,7 g, Jodamidnatrium NFN 0,1 g, alls samsvarandi 380 mg J/ml.
LIPOFUNDIN S mit GLYCERIN (Braun, 1626) Innrennslislyf 10%; 40. fl.	1000 ml innihalda: Oleum sojae fract. 100 g, Sojaphosphatid fract. 7,5 g, Glycerolum 25 g, Aqua pro inject. að 1000 ml.
Innrennslislyf 20%; 40. fl.	1000 ml innihalda: Oleum sojae fract. 200 g, Sojaphosphatid fract. 15 g, Glycerolum 25 g, Aqua pro inject. að 1000 ml.
Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.	
LOMOTIL (Searle, 1622) Lausn; 24. fl.	1 ml inniheldur: Diphen-oxylati chloridum NFN 0,5 mg, Atropini sulfas NFN 5 míkróg.
Töflur; 24. fl.	Hver tafla inniheldur: Diphen-oxylati chloridum NFN 2,5 mg, Atropini sulfas 25 míkróg.
MADOPAR (Roche, 1657) Hylki 0,1 g of 25 mg; 20. fl.	Hvert hylki inniheldur: Levodopum NFN 0,1 g, Benserazidi chloridum INN 25 mg.

Hylki 0,2 g og 50 mg; 20. fl.	Hvert hylki inniheldur: Levodopum NFN 0,2 g, Benserazidi chloridum INN 50 mg.

Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.

METAMUCIL (Searle, 1673) Duft; 24. fl.	1 g inniheldur: Slímefni unnin úr psyllii 0,49 g.
PIPORTYL (Pharma Rhodia, 1612) Stundulyf, sem palmítat; 13. fl.	1 ml inniheldur: Pipotiazini palmitas INN 25 mg í olíulausn.
Stungulyf, sem undecýlenat; 13. fl.	1 ml inniheldur: Popotiazini undecylenas INN 25 gm í olíulausn.

Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.

SERENACE (Searle, 1623) Hylki: 13 fl., 23. fl.	Hvert hylki inniheldur: Haloperidolum NFN 0,5 mg.
Töflur; 13. fl., 23. fl.	Hver tafla inniheldur: Haloperidolum NFN 1,5 mg eða 5 mg.
SOLU-MEDROL (Upjohn, 1650) Stungulyf; 3. fl.	Hvert hettuglas inniheldur: Methylprednisolonum NFN, sem natríumsúkkínat, 0,125 mg eða 0,5 mg, þurrefni. Leysir fylgir.
TREOSULFAN (Leo, 1648) Hylki; 38. fl.	Hvert hylki inniheldur: Treosulfanum INN 0,25 g.
URISPADOL (Asa, 1659) Töflur; 25. fl.	Hver tafla inniheldur: Flavoxati chloridum NFN 0,2 g.

Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.

2. Eftirtalin ný form áður skráðra sérlyfja, hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:

ANATENSOL (Squibb, 288) Stungulyf; 13. fl.	1 ml inniheldur: Fluphenazini decanoas NFN 25 mg.
FENOXCILLIN (Novo, 241) Skammtar; 4. fl.	Hver skammtur inniheldur: Phenoximethylpenicillinkalium NFN 250.000 a. e.

3. Eftirtalin sérlyf eru hér með tekin af sérlyfjaskrá:
ACTH Prolongatum Vetag, vetr. (Veterinaria, 856), stungulyf
Anovlar 21 (Schering, 102), töflur
Mestinon (Roche, 136), töflur
Pasido (Ido, 511), kyrni
Pasido Natrium (Ido, 511), kyrni
Syntocinon, vetr. (Sandoz, 369), stungulyf.

4. Eftirtalið lyfjaform hefur verið tekið af markaði:
SOFRAMYCIN (Roussel, 878) krem.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

9. ágúst 1974. Nr. 253.

SAMÞYKKT

um fundarsköp fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Stykkishólmshrepps eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra. Þeir ræða og gera ályktanir um sveitarmálefni svo og önnur mál, ef nauðsyn krefur.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna skv. gildandi sveitarstjórnarlögum.

2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum svo og kosning starfsmanna í nefndir. Hreppsnefnd ákveður þóknun nefndarmanna, sbr. 14. gr. og 28. gr.

Enn fremur ræður hreppsnefnd fundarritara.

3. gr.

Oddviti stjórnar fundum og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum.

Fundarmönnum er skylt að hlíta úrskurði hans, þó má skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum.

Fundarritari heldur gerðabók hreppsnefndar undir umsjón oddvita, sem sér um að hún sé rétt og skipulega færð. Að loknum fundi skal fundargerðin lesin upp og viðstaddir fundarmenn undirrita hana. Hver fundarmaður, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

4. gr.

Oddviti boðar hreppsnefndarfundi, eða sveitarstjóri í hans umboði, og ákveður stað og stund. Reglulega fundi skal halda fyrsta föstudag í mánuði kl. 17.00 og standa eigi lengur en til kl. 19.30, nema hreppsnefnd samþykki framlengingu þeirra. Heimilt er að fella niður reglulega fundi í mánuðunum júlí og ágúst. Farist reglulegur fundur fyrir vegna helgi eða annarra ástæðna, skal hann haldinn einhvern næsta virkan dag þar á eftir. Aukafundi skal halda svo oft sem oddvita eða sveitarstjóra þykir þörf vera á. Þó skal jafnan boða til aukafundar, ef a. m. k. þrír hreppsnefndarmenn óska þess. Leitast skal við að boða aukafundi með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrártillögu fundar í samráði við oddvita. Dagskrártillagan skal borin upp í fundarbyrjun. Röð mála á dagskrá getur hreppsnefnd breytt

með ályktun sinni, svo og fellt mál af dagskrá. Einnig getur hún ákveðið með samþykki allra hreppsnefndarmanna að mál, sem eigi er á dagskrá verði tekið á hana. Sveitarstjóri skal senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá reglulegs fundar, er greini erindi þau er fyrir fundinn eiga að koma, tveim sólarhringum fyrir fund. Hafi hreppsnefndarmaður forfallast, en ekki gert sveitarstjóra viðvart áður en fundarboð er sent út, skal hann sjálfur sjá um að varamanni berist fundarboð í tæka tíð.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá fundar, en skylt er honum að gera það skriflega og með þeim fyrirvara, að hægt sé að greina frá því í fundarboði.

6. gr.

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

a) Hina árlegu fjárhagsáætlun hreppsins.
b) Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
c) Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra eða sýslunefndar.
d) Beiðnir um aðstoð til handa hreppnum.

Rétt er við síðari umræðu fjárhagsáætlunarinnar, að hún sé rædd lið fyrir lið og greidd atkvæði um hana þannig, og síðan áætlunina í heild. Fundir hreppsnefndar um mál þau, er grein þessi tekur til, skulu ávallt haldnir í heyranda hljóði.

7. gr.

Fastir fundir hreppsnefndar skulu haldnir í heyranda hljóði. Dagskrá slíkra funda skal boðuð með uppfestum auglýsingum með sama fyrirvara og gildir um dagskrártilkynningar til hreppsnefndarmanna.

Áheyrendur á slíkum fundum eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir og mega ekki láta í ljós ánægju sína né vanþóknun um það, sem á fundi gerist. Brjóti nokkur á móti þessu, getur oddviti látið vísa honum út úr fundarsalnum, og ef þörf gerist, látið ryðja salinn. Sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður getur óskað þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker hreppsnefnd úr um það með afli atkvæða, hvort svo skuli gert. Hvorki sveitarstjóri né hreppsnefndarmaður mega skýra óviðkomandi aðiljum frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, er rædd eru þannig fyrir luktum dyrum.

8. gr.

Fundarmaður, sem taka vill til máls, skal snúa sér til oddvita og leyfir hann venjulega fundarmönnum að taka til máls í þeirri röð, er þeir æskja.

Þó má hann breyta út af því, er til framsögumanns eða flutningsmanns kemur, svo og til þess, að umræður með eða móti málefni skiptist á, eða til þess að fundarmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir hann sjálfan. Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma, ræður oddviti í hverri röð fundarmaður skuli taka til máls.

9. gr.

Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi á fundum, en gæta skal hann fundarskapa. Flutningsmaður máls má ekki tala oftar en þrisvar við hverja umræðu máls, og aðrir hreppsnefndarmenn ekki oftar en tvisvar. Þó er fundarmanni heimilt að biðja sér hljóðs, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæslu fundarskapa.

Ræðumaður standi við sæti sitt meðan hann flytur mál sitt.

10. gr.

Ræðumaður skal halda sér við það mál, sem til umræðu er. Hann skal varast að meiða menn eða hafa ósæmileg orð. Ef hann bregður út af þessu, skal oddviti

víta það og nefna ummælin. Nú er fundarmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá oddviti, með samþykki hreppsnefndarmanna, svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

11. gr.

Sveitarstjóri og sérhver hreppsnefndarmaður hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingatillögur við það mál, sem til umræðu er. Tillögur skulu vera skriflegar og skal veittur hæfilegur tími til að semja þær.

12. gr.

Ef umræður um eitt mál dragast úr hófi fram, getur fundarmaður óskað eftir að þeim verði hætt og sker hreppsnefnd úr um það umræðulaust.

13. gr.

Ekki má hreppsnefnd gera ályktun um nokkur mál, nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé á fundi og greiði atkvæði um það.

14. gr.

Enginn hreppsnefndarmaður má greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs síns, eða í máli, sem varðar hagsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi.

Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál er svo vaxið, sem nú var sagt.

15. gr.

Oddviti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt, í hvaða röð og innra sambandi hún fer fram.

Þó getur hreppsnefnd, ef meiri hluti hennar krefst þess, breytt ákvörðun oddvita. Krefjast má, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

16. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Verði jöfn atkvæði, telst ályktun fallin, en um kosningar ræður hlutkesti. Skylt er hverjum hreppsnefndarmanni að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu og taka þátt í henni, nema hann hafi lögmæt forföll, hafi hann verið á fundi, þegar ályktunin var rædd.

17. gr.

Nú er mál útrætt, og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðslan fer venjulega fram þannig, að hver hreppsnefndarmaður réttir upp aðra hönd sína. Nafnakall skal viðhafa, ef einn hreppsnefndarmanna óskar þess áður en til atkvæðagreiðslu kemur, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir oddviti síðastur atkvæði.

18. gr.

Auk fastra nefnda, sem hreppsnefnd kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í það mál, sem á dagskrá er. Fer um kosningu slíkra nefnda eins og fastra nefnda, eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, eins og segir í 2. gr. fundarskapa þessara.

19. gr.

Hreppsnefnd skal að öllu jöfnu leita umsagnar nefnda um einstök mál áður en hún endanlega afgreiðir þau.

20. gr.

Formenn nefnda kalla þær saman. Ef eigi er sjálfkjörinn formaður í nefnd, kallar sá nefndina saman í fyrsta sinn, sem flest fékk atkvæði við nefndarkosninguna.

Á fyrsta fundi hverrar nefndar skal hún kjósa sér formann og ritara. Formenn nefnda kalla þær síðan saman og hafa þeir á hendi stjórn á fundum þeirra. Ritarar nefnda rita fundargerðir þeirra, og er þeim skylt að skila til hreppsnefndar úrdrætti úr þeim. Um leið og nefnd lýkur starfi, kýs hún sér úr hópi nefndarmanna framsögumann. Minni hlutar nefnda hafa framsögurétt.

21. gr.

Skrá yfir fastar nefndir skal jafnan vera fest upp í fundarsal hreppsnefndar.

22. gr.

Sveitarstjóri sér um afgreiðslu og framkvæmd allra mála, sem hreppsnefnd eða fastar nefndir gera ályktun um, nema að þau séu af hreppsnefnd falin einstökum mönnum.

23. gr.

Ef vafi leikur á, um hvernig beri að skilja fundarsköp, sker hreppsnefnd úr um það.

24. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir bera til, ef meiri hluti mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

25. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum hreppsnefndar, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Réttindi og skyldur hreppsnefndarfulltrúa.

II. KAFLI

26. gr.

Hverjum hreppsnefndarfulltrúa er skylt að sækja fundi hreppsnefndar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum, t. d. formannsstörf, setu í hreppsráði eða öðrum nefndum, ritarastörf o. s. frv. Sá, sem verið hefur oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

27. gr.

Hreppsnefndarfulltrúunum er heimilt að kynna sér skjöl hreppsins.

28. gr.

Hver hreppsnefndarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þóknun ákveðst í desember ár hvert.

29. gr.

Ef hreppsnefndarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kjörinn. Hafi hann engan tilgreint, fer um varamann samkv. 2. og 3. gr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

30. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá starfi.

Hreppsráð.

III. KAFLI

31. gr.

Að afloknum hreppsnefndarkosningum skulu kosnir hlutfallskosningu þrír hreppsnefndarfulltrúar í hreppsráð og jafnmargir til vara.

Þó mega varamenn vera úr hópi fyrstu varahreppsnefndarfulltrúa. Kjörtími hreppsráðs er eitt ár og fer kosning fram í júnímánuði. Hreppsráð kýs sér formann og ritara. Kjósa má sveitarstjóra formann, þó hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Hreppsráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Kveðja skal hreppsráð saman til aukafundar, ef sveitarstjóri telur ástæðu til, eða einhver hreppsráðsmaður óskar. Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sér um, að fundarboð sé tilkynnt hreppsráðsmönnum með að minnsta kosti sex stunda fyrirvara.

Formaður sér um að allt fari löglega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál út af fundarsköpum. Í gerðabók skal greint frá hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Þar skal greint frá dagskrármálum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá. Um fundarsköp hreppsráðs fer eftir sömu reglum og gilda um hreppsnefnd, eftir því sem þær geta átt við.

32. gr.

Hreppsráði er heimilt að ráða til lykta málum, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé ekki ágreiningur í hreppsráði, né við hreppsnefnd, um afgreiðsluna.

33. gr.

Hreppsráð hefur eftirlit með fjárstjórn hreppsins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun og sér um, að ársreikningar séu samdir. Undir hreppsráð heyra öll málefni, sem ekki eru falin sérstökum nefndum.

34. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, þegar til umræðu eru málefni, er störf þeirra snerta, og þess er óskað af sveitarstjóra eða hreppsráði.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Seltjarnarneskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

E. Bæjarstjórn setur reglur um notkun merkis og fána bæjarins.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrri fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og séu skráðar í hana allar skriflegar tillögur, afgreiðsla mála, atkvæðagreiðslur og ályktanir.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulegan fund annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar nema janúar, júlí, ágúst og desember, er halda skal aðeins einn fund og þá þriðja miðvikudag hvers mánaðar. Fundur skal að jafnaði hefjast kl. 17.30. Aukafund skal halda, samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef tveir bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess. Fundum bæjarstjórnar skal að jafnaði ljúka fyrir kl. 20.00.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar samkvæmt 2. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjórn, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.

3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en föstudag næstan fyrir fundi.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskuldarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

7.3 Kr. 8.31 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 4 306.49 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 132.94 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 8 922.65 hvert árskW, og öll notkun kr. 8.31 hver kWst., ef um meira en 2.5 kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 W á kr. 5 400.33 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4 tl. við VA í stað W.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 7.81 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 7.76 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 388.00 á ársfjórðungi.

8.4 Kr. 6.79 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 6.79 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 23 259.85 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 6.36 hver kWst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 W, að viðbættum 100 W fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 23 259.85 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 6.36 og hemilstilling miðuð við 500 W fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 W fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 43 064.93 hvert árskW.

8.8 Kr. 5.89 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 15.65 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

9.2 Kr. 3 130.31 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 6.11 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkun sem hér segir:

Kr. 5 243.61 á árskW.

Auk þess skal greiða kr. 2.67 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 16 987.24 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 8.31 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 16.49 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 3.29 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 2.00 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst. tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 2.16 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 6 530.12 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 3 001.67 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 18 549.22 á ári.

10.4 Kr. 2.85 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 1.44 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 0.91 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9.00—21.00, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 1.60 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 6.79 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis og vaxtagjalda. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í heila krónu.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 780.00 fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, til rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila tölu, ef stendur á hálfri.

19. gr.

Söluskattur 17%, 1% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 1. október 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 167 17. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 17. september 1974.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði er hér segir.

A. Lýsing.

01 1. Um kWst.-mæli á kr. 31.40 hverja kWst.

02 2. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 40.75 á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 76.00 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 38.00 á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

12 Um kWst.-mæli á kr. 6.81 hverja kWst., auk þess fastagjald kr. 702.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

20 1. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kWst.-mæli á kr. 7 432.00 hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 2.67 hver kWst. Minnsta aflgjald er kr. 37 160.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

03 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 5.24 hver kWst. (án söluskatts).

04 1.2 Um kWst.-mæli á kr. 6.97 hver kWst. (með söluskatti).

16 2.1 Um kWst.-mæli á kr. 1.87 hver kWst., (án söluskatts) enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.

17 2.2 Um kWst.-mæli á kr. 2.45 hver kWst., (með söluskatti) enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.

32 3.1 Um kWst.-mæli á kr. 0.98 hver kWst., (án söluskatts) enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

33 3.2 Um kWst.-mæli á kr. 1.28 hver kWst., (með söluskatti) enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.

d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

50 Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: kr. 13 546.00 hvert árskW.
Orkugjald: kr. 1.51 hver kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.
Um kWst.-mæli á kr. 16.48 hver kWst.
41. 3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 43 100.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum ..... kr. 36.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A ..... — 88.00 - —
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A ..... — 147.00 - —
4. Af mestumælum ..... — 225.00 - —
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	24 500	1 370	18 600	18 000
100 A 1-fasa	29 600	1 640	23 500	22 500
63 A 3-fasa	30 600	1 640	23 500	22 500
100 A 3-fasa	38 000	1 860	26 700	28 100
125 A 3-fasa	47 500	2 080	33 400	29 500
200 A 3-fasa	74 100	2 820	52 900	33 700
300 A 3-fasa	106 900	3 430		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	25 500	1 370	21 000	18 000
63 A 2-fasa	29 600	1 370	23 500	21 000
63 A 3-fasa	41 500	1 640	31 900	22 500
100 A 3-fasa	65 700	1 860	47 500	28 100
125 A 3-fasa	82 000	2 080	57 600	29 500
200 A 3-fasa	128 500	2 820	90 900	33 700
300 A 3-fasa	185 300	3 430		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1010 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þátt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A 220 V og í 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 9 900.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, 600 krónur.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 600 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 1. október 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 168 27. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 31, nr. 261—263. Útgáfudagur 30. september 1974.

Nr. 264. 572 26. september 1974.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af bensíni (bensíngjald), og skal gjaldið nema kr. 16.00 af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól (gúmmígjald), og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslagna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum og bifhjólum, sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru minna en 5 tonn að eigin þyngd:

Þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—2099	42 000
2100—2199	43 500
2200—2299	45 000
2300—2399	46 500
2400—2499	48 000
2500—2599	49 500
2600—2699	51 000
2700—2799	52 500
2800—2899	54 000
2900—2999	55 500
3000—3099	57 000
3100—3199	58 500
3200—3299	60 000
3300—3399	61 500
3400—3499	63 000
3500—3599	64 500
3600—3699	66 000
3700—3799	67 500
3800—3899	69 000
3900—3999	70 500
4000—4099	72 000
4100—4199	73 500
3200—4299	75 000
4300—4399	76 500

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Þyngd bifreiðar kr.	Þungaskattur kg
4400—4499	78 000
4500—4599	79 500
4600—4699	81 000
4700—4799	82 500
4800—4899	84 500
4900—4999	85 500

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

1. Fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0— 5.99 tonn	kr. 2.20
6.0— 6.99 —	— 2.55
7.0— 7.99 —	— 2.90
8.0— 8.99 —	— 3.25
9.0— 9.99 —	— 3.60
10.0—10.99 —	— 3.95
11.0—11.99 —	— 4.30

2. Aðrar bifreiðar en fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0— 5.99 tonn	kr. 3.15
6.0— 6.99 —	— 3.65
7.0— 7.99 —	— 4.15
8.0— 8.99 —	— 4.65
9.0— 9.99 —	— 5.15
10.0—10.99 —	— 5.65
11.0—11.99 —	— 6.15

c. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. b-lið þessarar gr. fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við, að veittur sé 15% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 30 000 kg og að 45 000 km og 25% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km. Miðað við framangreind akstursmörk skal greiða sem hér segir:

1. Fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99 tonn	kr. 1.90	kr. 1.65
6.0— 6.99 —	— 2.15	— 1.90
7.0— 8.99 —	— 2.45	— 2.20
8.0— 8.99 —	— 2.75	— 2.45
9.0— 9.99 —	— 3.05	— 2.70
10.0—10.99 —	— 3.35	— 2.95
11.0—11.99 —	— 3.65	— 3.25

2. Aðrar bifreiðar en fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99 tonn	kr. 2.70	kr. 2.35
6.0— 6.99 —	— 3.10	— 2.75
7.0— 7.99 —	— 3.55	— 3.10
8.0— 8.99 —	— 3.95	— 3.50
9.0— 9.99 —	— 4.40	— 3.85
10.0—10.99 —	— 4.80	— 4.25
11.0—11.99 —	— 5.25	— 4.60

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar nr. 74 30. apríl 1970, um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, sbr. einnig ákvæði þessarar reglugerðar.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

Eigin þyngd bifreiðar ákvarðast skv. skilgreiningu í 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Sé vélskóflu, vélkrana eða því um líkum vinnutækjum, sem ganga fyrir eigin aflvél, fest á bifreið, skal ekki telja þyngd slíkra véla með við útreikning þungaskatts af bifreiðinni.

4. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr., svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri.

5. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a-lið 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar, sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. b-lið 3. gr. skal innheimtur ársfjórðungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. janúar, 11. apríl, 11. júlí og 11. október, en eindagi 21. dagur sömu mánaða, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársfjórðung þar sem bifreið er skrásett, er álestur fer fram.

Í lok hvers ársfjórðungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársfjórðungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársfjórðungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanna fjármálaráðuneytisins (t. d. bifreiðaeftirlitsmanns, lögreglumanns eða hreppstjóra) og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts skv. ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 74 30. apríl 1970.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a-lið 3. gr. að réttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningamerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði, þannig, að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

6. gr.

Eigi skal endurgreiða af bifreið skatt, sem greiddur hefur verið af henni út árið, þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er, eða hvert sem hún er flutt á landinu.

7. gr.

Viðurlög, ef gjöld skv. a- lið 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva bifreiðina hvar sem hún hittist og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

8. gr.

Viðurlög skv. b-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit, að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar skatt, sem svarar 5 000 km akstri á mánuði og innheimtist hann eins og um venjulegan álestur væri að ræða. Við ítrekað brot skal skatturinn innheimtur af sem svarar 15 000 km akstri á mánuði.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis, að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má, að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn skv. því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla skv. framansögðu, varðar sektum allt að kr. 500 000.00, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið á tilskildum tíma, og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, þá skal lögreglustjóri eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu, uns tryggt sé, að með bifreiðina verði farið þegar í stað til ísetningar ökumælis.

9. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því, að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. b-lið 3. gr., til álesturs ársfjórðungslega, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma, er innheimtumanni heimilt að ákvarða skatt af bifreiðinni í stað kílómetragjalds. Skal skatturinn ákvarðaður þannig, að hann nemi 400 000 kr. á ári þar til álestur hefur farið fram. Skal skatturinn reiknast hlutfallslega fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt. Við uppgjör skatts samkvæmt álestri, skal færa áætlaðan skatt til samræmis við skatt samkvæmt álestri.

Hafi gjald af bifreiðinni eigi verið greitt á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina og taka skráningarmerki hennar til geymslu, uns gjöldin hafa verið greidd. Sama gildir ef eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar vanrækir ítrekað að koma með bifreið til álesturs.

10. gr.

Við álagningu skatts skv. b-lið 3. gr., skal reikna skattinn í heilum krónum.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatt áhrærir, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo, að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu á birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn, að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma, getur innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomandi, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

13. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af bensíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 9 20. janúar 1971.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, öðlast gildi 1. október 1974. Frá sama tíma er gjaldskrá um þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, felld úr gildi svo og reglugerð nr. 118 12. apríl 1974, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. Þó skulu ákvæði þeirrar reglugerðar um þungaskatt af bifreiðum, sem nota bensín að eldsneyti, svo og af bifhjólum gilda til ársloka 1974, svo og ákvæði hennar um þungaskatt af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru undir 5 tonn að eigin þunga.

Fyrir þær bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, kemur reglugerðin til framkvæmda við uppgjör þungaskatts eftir álestur ökumæla í lok síðasta ársfjórðungs 1974, hvað varðar akstur eftir síðasta álestur mælis, enda hafi sá álestur farið fram fyrir 11. október 1974, nema sérstökum ástæðum sé til að dreifa, sbr. ákvæði 9. gr. þessarar reglugerðar.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 32, nr. 264. Útgáfudagur 30. september 1974.

Nr. 265. 578 16. september 1974.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974 er sjúkrasamlögum hér með heimilað að greiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar eftirtalin lyf, sem eru óskráð, en notuð samkvæmt sérstakri heimild:

1. Lyf til ofnæmisaðgerða (hyposensibilisering), enda sé þeim ávísað með lyfseðli sérfræðings í húðsjúkdómafræðum.
2. Sérlyfið Calcitäre (calcitonin), til notkunar við meðferð pagetssjúkdóms.
3. Sérlyfið Provera 100 mg.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1974.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 266. 1. október 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin talin í tilgreindum flokkum ritsins „Lyf á Íslandi“ og auðkennd í gildandi lyfjaverðskrá:

a.	Astma (aðeins innúðalyf)	32. flokkur
b.	Gláka	45. flokkur E
c.	Berklaveiki	4. flokkur P
d.	Langvarandi briskirtilsbólga	27. flokkur A
e.	Flogaveiki	34. flokkur
f.	Hjartasjúkdómar	14. flokkur og 31. flokkur A, B, L
g.	Skjaldkirtilssjúkdómar	43. flokkur
h.	Sykursýki	5. flokkur
i.	Vöðvaslénufár (Myasthenia gravis)	10. flokkur B
j.	Þvaghlaup (Diabetes insipidus)	25. flokkur E
k.	Krabbameinslyf	38. flokkur

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum enda séu þau talin í tilgreindum flokkum ofangreinds rits og auðkennd í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Eirsýki (mb. Addisonii)	25. flokkur F og 3. flokkur K
b. Geðveiki (antidepressiva og psychososedativa)	13. flokkur og 36. flokkur
c. Parkinsonssjúkdómur	20. flokkur
d. Psoriasis og exem	50. flokkur C
e. Mergruni (Anemia perniciosa) og alvarlegur fólínsýruskortur (Anemia macrocytica Folinoparva)	1. flokkur C og E

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkur lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 150 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 260 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast gildi 15. október 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. október 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1974

Nr. 267. 580 7. október 1974.

REGLUGERÐ

um launajöfnunarbætur.

1. gr.

Á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975 skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, sem hér segir:

A) Laun lægri en 50 000 kr.

Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig greiðast 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

Mánaðarlaun 50 000 kr. samsvara 11 538 kr. vikukaupi ($\frac{\text{mánaðarkaup} \times 12}{52}$)

og 288.50 kr. tímakaupi ($\frac{\text{mánaðarkaup}}{173.33}$).

Viku- og mánaðarkaup er reiknað í heilum krónum, en tímakaup í tugum aura.

3 500 kr. bætur á mánuði samsvara þannig 808 kr. bótum á viku og 20.20 kr. bótum á klst.

Eftirfarandi dæmi sýna kaupbreytingar skv. lögunum og er miðað við vísitölu 106.18. Í svigum eru tilgreind grunnlaun skv. vísitölu 100.

Kaup í sept. 1974			(grunnlaun)	+	launajöfnunarbót		Kaup í okt.—nóv.
50 000	á	mánuði	(47 089.85)	+	3 500	=	53 500
45 000	–	—	(42 380.86)	+	3 500	=	48 500
11.538	–	viku	(10 866.45)	+	808	=	12 346
10.393	–	—	(9 788.10)	+	808	=	11 201
288.50	–	klst.	(271.71)	+	20.20	=	308.70
259.60	–	—	(244.49)	+	20.20	=	279.80

B) Laun 50 000—53 000 kr.

Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig greiðast 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægri til annarra.

Í framangreindu felst, að mánaðarlaun á bilinu kr. 50 000 til kr. 53 500 verða öll kr. 53 500. Á sama hátt verður vikukaup á bilinu kr. 11 538 til kr. 12 346 allt kr. 12 346 og tímakaup á bilinu kr. 288.50 til kr. 308.70 allt kr. 308.70.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

C) Bætur á yfirvinnukaup.

Bætur á yfirvinnukaup greiðast hlutfallslega þannig, að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.

Öll ákvæði kaup- og kjarasamninga um deilitölur og prósentutölur við útreikning yfirvinnukaups skulu haldast, en miðað verði við launaupphæðir eftir að launajöfnunarbætur hafa verið reiknaðar.

D) Grunnkaupsbreytingar.

Grunnkaupshækkanir, sem verða á gildistíma reglugerðar þessarar og umsamdar voru með kjarasamningum stéttarfélaga fyrir 1. okt. 1974 skulu ekki valda missi launajöfnunarbóta. Eftir 3% grunnkaupshækkun 1. des. 1974 skv. samningi mundi kaup reiknast þannig:

Grunnkaup $\times$ 1.03 $\times$ 1.0618 + launajöfnunarbætur = kaup í desember.

Miðað við, að grunnkaupsþáttur launa í dæmum þeim, sem getið er í A-lið taki 3% hækkun frá og með 1. desember 1974, verða laun í desember 1974 til maíloka 1975 eftirfarandi (sbr. þó 6. gr. reglugerðar þessarar):

Gunnlaun til 30.11.1974	Grunnlaun frá 01.12.1974	Laun með verðlags-uppb. 6.18%	Launa-jöfnunar-bætur	Laun frá 01.12.1974
47 089.85	48 502 55	51 500.00	3 500.00	55 000.00
42 380.86	43 652.29	46 350.00	3 500.00	49 850.00
10 866.45	11 192.44	11 884.00	808.00	12 692.00
9 788.10	10 081.74	10 705.00	808.00	11 513.00
271.71	279.86	297.20	20.20	317.40
244.49	251.82	267.40	20.20	287.60

Af þessu leiðir, að mánaðarlaun þannig breytt á bilinu kr. 51 500 til kr. 55 000 verða öll kr. 55 000. Á sama hátt verður vikukaup á bilinu kr. 11 884 til kr. 12 692 allt kr. 12 692 og tímakaup á bilinu kr. 297.20 til kr. 317.40 allt kr. 317.40.

2. gr.

Hugtökin „full dagvinna“, „regluleg dagvinna“ og „yfirvinnutími“ skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup- og kjarasamnings stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

A) Afleiddir kauptaxtar (hlutfallstaxtar).

Þegar ákvarða skal, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur á kauptaxta, sem er hlutfall af öðrum hærri eða lægri kauptaxta (grunntaxta) skal meta hinn afleidda kauptaxta sem sjálfstæðan, þótt áður umsamið hlutfall raskist. Þess skal gætt, að afleiddi taxtinn sé reiknaður af grunntaxtanum án launajöfnunarbóta.

Dæmi: Mánaðarkaup.

a) Grunntaxti kr. 50 000 verður kr. 53 500 með launajöfnunarbót.
80% hlutfallstaxti er kr. 40 000 og verður kr. 43 500 með launajöfnunarbót.

b) Grunntaxti kr. 60 000 verður óbreyttur kr. 60 000.
80% hlutfallstaxti er kr. 48 000 og verður kr. 51 500 með launajöfnunarbót.

c) Grunntaxti kr. 50 000 verður kr. 53 500 með launajöfnunarbót.
120% hlutfallstaxti er kr. 60 000 og verður óbreyttur kr. 60 000.

B) Álög og kaupaukar.

Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna.

a) Sem dæmi um álög, er leggja skal við kaupið áður en til álita kemur, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur eru: aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkun, löggildingarálag, námskeiðsálag, verkstjóraálag, flokksstjóraálag, óþrifaálag, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálag, þungaálag, tengivagnaálag, hæðarálag, erfðisálag, mótortillegg, kælitillegg, talstöðvartillegg, olíutillegg, fjarverutillegg. Upptalning þessi er ekki tæmandi heldur aðeins leiðbeinandi.

b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka), sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og teljast þá ekki til taxta, þegar skoðað er, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur, eru t. d.: verkfærapeningar, flutningapeningar, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir þó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulega útlögðum kostnaði viðkomandi launþega eða greiðsla fyrir yfirvinnu (t. d. vegna flutninga utan umsamins vinnutíma).

Launajöfnunarbætur valda ekki hækkun á framangreindum álögum í krónutölu, enda er reikningsgrundvöllur óbreyttur. Á þetta bæði við a)- og b)-liði hér að framan.

C) Vaktaálag og taxti.

Vaktaálag skal ekki teljast með taxta nema að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til yfirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Dæmi:

a) Vaktavinna er unnin á tímabilinu kl. 0800 — kl. 2400 mánudaga—föstudaga og vaktir ganga til. Þetta reiknast sem 40 stundir í dagvinnu, 10 stundir í eftirvinnu og 30 stundir í næturvinnu.

Meðalálag á vinnustund er $\frac{40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 30 \times 1.8}{80} = 1.35$

Einungis sá hluti vaktaálags, sem væri hærri en 35% við þessa vinnutímaskiptingu skal teljast með kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu áður en til álita kemur, hvort á hann skuli reikna launjöfnunarbætur.

3. gr.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar launajöfnunarbóta skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu.

A) Launajöfnunarbætur í ákvæðisvinnu.

Skv. framanskráðu skal meta hverja klst., sem unnin er í ákvæðisvinnu sem 1.2 klst. þannig að 173.3 klst. í ákvæðisvinnu teljast jafngilda 208 klst. (207.96) í tímavinnu.

Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skal því aðeins greiða, að mánaðartekjur miðað við fulla dagvinnu deilt með 1.2 séu lægri en kr. 53 500.

Launaupphæðir (mánaðar-, viku- og tímakaup) í 1. gr. reglugerðar þessarar margfaldaðar með 1.2 geta gilt um ákvæðisvinnufólk, þegar meta skal rétt þess til launajöfnunarbóta.

Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu um mánaðarlegt uppgjör eftir á er heimilt að miða uppgjör launajöfnunarbóta til ákvæðisvinnufólks við annað tímabil en mánuð, t. d. viku eða verkþátt, ef öðru verður ekki komið við.

Launajöfnunarbætur á greiðslu (uppgjör) fyrir ákvæðisvinnu koma ekki til greina nema vinnutímaskýrslur liggi til grundvallar, samþykktar af verkkaupa eða umboðsmanni hans.

Launajöfnunarbætur skal aldrei taka inn í reiknitölur ákvæðisverka eða kauptaxta ákvæðisvinnufólks.

B) Umreiknað kaup ákvæðisvinnufólks.

Þegar finna á dagvinnutímakaup ákvæðisvinnufólks, sem unnið hefur í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á liðnu tímabili skal nota eftirfarandi reglu og er þá miðað við, að eftirvinnuálag sé 40% og nætur- og helgidagaálag sé 80% en sé álagið annað breytast margfelditölur formúlunnar til samræmis við það:

$$\frac{L}{(DS \times 1 + ES \times 1.4 + NHS \times 1.8) \times 1.2} = DK$$

Í sviganum er sýnt, hvernig breyta skuli heildarvinnutíma í dagvinnueiningar.

L = launatekjur á útreikningstímabili.
DS = dagvinnustundir.
ES = eftirvinnustundir.
NHS = nætur- og/eða helgidagavinnustundir.
DK = dagvinnutímakaup.

Launajöfnunarbætur eru sú krónutala, sem DK er lægra en kr. 308.70 margfölduð með fjölda dagvinnueininga útreikningstímabilsins. Launajöfnunarbætur mega þó ekki vera hærri en kr. 20.20 á dagvinnueiningu, sbr. ákvæði D-liðar 1. gr. um grunnkaupshækkun.

Dæmi:

a) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu eina viku og haft kr. 25 000 í laun. Hann hefur unnið 40 klst. í dagvinnu, 10 stundir í eftirvinnu og 10 stundir í nætur- og/eða helgidagavinnu.
Launajöfnunarbætur reiknast þannig:

$$\frac{25\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 10 \times 1.8) \times 1.2} = \text{kr. } 289.40$$

308.70 — 289.40 = kr. 19.30 launajöfnunarbætur á klst.

Heildarlaunajöfnunarbætur á viku: 19.30 × 72 = kr. 1 389.60. (72 er heildarvinnutími umreiknaður í dagvinnueiningar).

b) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu í eina viku og haft kr. 20 000 í laun. Hann hefur unnið 40 klst. í dagvinnu og 10 klst. í eftirvinnu. Launajöfnunarbætur eru:

$$\frac{20\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 0 \times 1.8) \times 1.2} = 308.60$$

308.70 — 308.60 = 0.10 launajöfnunarbætur á klst. Heildarlaunajöfnunarbætur eru: 0.10 × 54 = 5.40.

c) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu í eina viku og haft kr. 18 000 í laun. Hann hefur unnið í 40 klst. í dagvinnu og 10 klst. í eftirvinnu. Launajöfnunarbætur eru:

$$\frac{18\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 0 \times 1.8) \times 1.2} = \text{kr. } 277.80$$

308.70 — 277.80 = kr. 30.90. Launajöfnunarbætur eru þó aðeins kr. 20.20 á klst. (hámark bóta í dagvinnueiningu) × 54 = 1 090.80. (54 er heildarvinnutími umreiknaður í dagvinnueiningar).

4. gr.

Vaktaálag.

Vaktaálög haldist óbreytt að hundraðshluta skv. gildandi samningum, sbr. þó C-lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

Neðra þrep vaktaálags í samningum opinberra starfsmanna hækki í sama hlutfalli og yfirvinnukaup í lægsta launaflokki.

5. gr.

A) Kauptrygging á fiskiskipum.

Á kauptryggingu sjómanna á fiskiskipum skal greiða launajöfnunarbætur eins og á almenn mánaðarlaun þó þannig að hækka skal launamörkin kr. 50 000 og kr. 53 500 um 35%. Greiðast því launajöfnunarbætur að fjárhæð kr. 4 725 á kauptryggingu, sem er lægri en kr. 67 500, en kauptrygging á bilinu kr. 67 500 til kr. 72 225 verður að viðbættum launajöfnunarbótum kr. 72 225.

B) Launajöfnunarbætur til sjómanna á togurum yfir 500 brúttórúmlestir.

Þegar ákvarða skal launajöfnunarbætur til sjómanna á togurum þessum skal nota eftirfarandi reglu til að finna hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu:

Deila skal í heildarmánaðarkaupið (fastakaup + aflahlut + álag sbr. 2. gr.) með 1.8.

Ef mánaðarlaun þannig umreiknuð eru lægri en kr. 50 000 skal reikna á þau fullar launajöfnunarbætur kr. 3 500.

Á mánaðarlaun skv. framansögðu, sem eru á bilinu kr. 50 000 til 53 500 greiðist kr. 3 500 bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem launin eru hærri en kr. 50 000.

Ef mánaðarlaun skv. framansögðu eru kr. 53 500 eða hærri skal ekki reikna á þau launajöfnunarbætur.

Heimilt er að nota annað viðmiðunartímabil en mánuð, sé það talið nauðsynlegt.

C) Launajöfnunarbætur til farmanna.

Þegar ákvarða skal launajöfnunarbætur til farmanna skal nota eftirfarandi reglu til að finna hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu: Deila skal í mánaðarkaupið að viðbættum álögum (sbr. 2. gr.) með 1.1. Ef mánaðarlaun þannig fengin eru kr. 50 000 eða lægri skal reikna á þau fullar launajöfnunarbætur kr. 3 500. Ef mánaðarlaun skv. framansögðu eru kr. 53 500 eða hærri skal ekki reikna á þau launajöfnunarbætur.

Mánaðarlaun skv. framansögðu, sem eru á bilinu kr. 50 000 til kr. 53 500 verða að viðbættum launajöfnunarbótum kr. 53 500.

6. gr.

Þar sem ekki er annars getið í reglugerð þessari eru launatölur miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 106.18.

Launajöfnunarbætur skulu teknar til endurskoðunar, fari vísitala framfærslukostnaðar fram úr 358 stigum á gildistíma reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 88/1974, og hefur sama gildistíma og lögin.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

Forsætisráðuneytið, 7. október 1974.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 267. Útgáfudagur 9. október 1974.

B 74

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1974

Nr. 268. 586 27. mars 1974.

REGLUGERÐ

um iðnfræðslu.

A. IÐNNÁM

I. KAFLI

Iðngreinar

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinspróf skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru.

2. gr.

Löggiltar iðngreinar eru þessar:

- bakaraiðn
- beykisiðn
- bifreiðasmíði
- bifvélavirkjun
- bílamálun
- blikksmíði
- bókband
- feldskeraiðn
- flugvélavirkjun
- framreiðsluiðn
- gaslagning
- glerslípun og speglagerð
- gull- og silfursmíði
- hattasaumur
- hárgreiðsluiðn
- hárskera- og rakaraiðn
- hljóðfærasmíði
- húsasmíði
- húsgagnabólstrun
- húsgagnasmíði
- járniðnaður:
  - eirsmíði
  - járnsmíði
  - ketil- og plötusmíði
  - málmsteypa
  - rennismíði
  - vélvirkjun
- kjólasaumur
- kjötiðn
- klæðskurður:
  - karla
  - kvenna
- leirkerasmíði
- leturgröftur
- ljósmyndun:
  - almenn ljósmyndun
  - persónu ljósmyndun
- matreiðsla
- málaraiðn
- mjólkuriðn
- mótasmíði
- múrun
- myndskurður
- netagerð
- offsetiðn:
  - offsetljósmyndun
  - offsetskreyting
  - offsetprentun
- pípulögn
- prentiðn:
  - setning
  - prentun
- prentmyndaiðn:
  - prentmyndaljósmyndun
  - prentmyndasmíði
- rafmagnsiðn:
  - rafvirkjun
  - rafvélavirkjun
- reiða- og seglasaumur
- reiðtygja- og aktygjasmíði
- skrifvélavirkjun
- skipa- og bátasmíði
- skósmíðaiðn:
  - skóviðgerð

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

kökugerð
skrúðgarðyrkja
steinsmíði
sútaraiðn
tágariðn
tannsmíði
skósmíði
úrsmíði
útvarpsvirkjun
vagnasmíði
veggfóðrun

3. gr.

Nú kemur til álita, að starfsgrein, sem ekki er gert ráð fyrir í 2. gr. reglugerðar þessarar, geti fallið undir iðnað, og skulu þá hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda ráðuneytinu erindi um, að starfsgreinin verði viðurkennd sem iðngrein og leggja jafnframt fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma, kunnáttu og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar Iðnfræðsluráðs um erindið.

Fallist ráðuneytið á að gera starfsgreinina að iðngrein, breytir það reglugerð þessari í samræmi við það og setur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, reglur um veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein. Þangað til verði fylgt almennum ákvæðum reglugerðar þessarar.

Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa, þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar.

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar fræðslunefndir fyrir hverja iðngrein. Fræðslunefndum ber að gera tillögur um bóknám og verknám fyrir viðkomandi iðngrein.

Ráðið leggur til sérfræðiþjónustu fyrir fræðslunefndirnar og ákveður í samráði við fræðslunefndir form og innihaldsþætti í námsáætlun, þar með skilgreiningu á verklegu námi, bóklegu námi, námseiningagildi, námstíma fyrir einstaka þætti, skólaaðstöðu, tækjaþörf, kennsluleiðbeiningar, prófverkefni og annað er máli skiptir.

II. KAFLI
Námstími.

5. gr.

Bókaiðnaður (grafisk fög).

Iðngreinar:	Námstími:
Bókbandsiðn	4 ár
Ljósmyndaiðn:	
almenn ljósmyndun	4 —
persónu ljósmyndun	4 —
Offsetiðn:	
offsetljósmyndun	4 —
offsetprentun	4 —
offsetskreyting og plötugerð	4 —
Prentiðn:	
prentun	4 —
setning	4 —
Prentmyndaiðn:	
prentmyndaljósmyndun	4 —
prentmyndasmíði	4 —

Byggingariðnaður.

Iðngreinar:	Námstími:
Húsasmíði	4 ár
Málaraiðn	4 —
Múraraiðn	4 —
Pípulagnir	4 —
Skrúðgarðyrkja	3 —
Steinsmíði	4 —
Veggfóðrun	4 —

Fata-, skinn- og leðuriðnaður.

Feldskeraiðn	4 ár
Hattasaumur	3 —
Kjólasaumur	3 —
Klæðskurður karla	4 —
Klæðskurður kvenna	3 —
Netagerð	3 —
Reiða- og seglasaumur	3 —
Reiðtygja- og aktygjasmíði	4 —
Skósmíðaiðn:	
skóviðgerð	3 —
skósmíði	3 —
Sútaraiðn	4 —

Matvælaiðnaður.

Bakaraiðn	4 ár
Kjötiðn	4 —
Kökugerð	4 —
Matreiðsla	4 —
Mjólkuriðn	4 —

Málmiðnaður.

Bifreiðasmíði	4 ár
Bifvélavirkjun	4 —
Bílamálun	4 —
Blikksmíði	4 —
Eirsmíði	4 —
Flugvélavirkjun	5 —
Gaslagning	4 —
Gull- og silfursmíði	4 —
Járnsmíði	4 —
Ketil- og plötusmíði	4 —
Leturgröftur	4 —
Málmsteypa	4 —
Mótasmíði	4 —
Rennismíði	4 —
Skipa- og bátasmíði	4 —
Vélvirkjun	4 —
Úrsmíði	4 —

Rafmagnsiðnaður.

Iðngreinar:	Námstími:
Rafmagnsiðn:	
rafvélavirkjun	4 ár
rafvirkjun	4 —
Skriftvélavirkjun	4 —
Útvarpsvirkjun	4 —

Tréiðnaður.

Beykisiðn	4 ár
Hljóðfærasmíði	4 —
Húsasmíði	4 —
Húsgagnabólstrun	4 —
Húsgagnasmíði	4 —
Myndskurður	4 —
Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhlöðu (sbr. 62. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda fer eftir ákvæðum sérstakrar reglugerðar, sem menntamálaráðuneytið setur.

62. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans eftir reglum, sem skólastjórn setur. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 61. gr.

Kennslustofur skólans skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Menntamálaráðuneytið semur skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI

Um stjórn skólanna.

63. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið.

Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, 2 fulltrúar kosnir á almennum kennarafundi og 2 fulltrúar kosnir

af nemendaráði, og hafa þeir allir jöfn réttindi. Í skólum, þar sem ekki er aðstoðarskólastjóri, kveður skólastjóri einn mann úr hópi kennara til setu í skólaráði. Fulltrúar kennara og nemenda í skólaráði skulu kosnir til eins árs í senn.

Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Ef ágreiningur rís í skólastjórn, ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólastjóra. Haldin skal gerðabók skólastjórnar.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn getur falið skólastjóra að annast, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla.

64. gr.

Skólastjóri hefur sem oddviti skólastjórnar yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum. Hann ber ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneytinu á fjárhagslegri áætlanagerð í sambandi við rekstur skólans og byggingaframkvæmdir, framkvæmdir á lóð skólans, öflun nýrra tækja, bóka o. s. frv.

Skólastjóri skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því, að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skóla sínum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því, að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara og námsráðunauts fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi þeirra hvers um sig; gáfur og skapferli. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemenda, ef forráðamenn óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um, að forráðamanni sé tilkynnt, ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

Kennsluskylda skólastjóra skal vera 6 kennslustundir á viku. Heimilit er þó menntamálaráðuneytinu að minnka kennsluskylduna, ef sérstaklega stendur á. Eftir 55 ára aldur er skólastjóra ekki skylt að kenna. Kennsla skólastjóra umfram skyldustundir er háð samþykki menntamálaráðuneytisins hvert ár.

65. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál, er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum, og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmats. Skal jafnan leitað álits kennarafundar, áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Á sama hátt getur kennarafundur átt frumkvæði að því, að mál komi til meðferðar skólastjórnar.

Kennarafundur kýs við upphaf hvers skólaárs 2 fulltrúa úr hópi kennara í skólaráð.

Skólastjóri stýrir kennarafundum og boðar til þeirra samkvæmt ákvörðun skólastjórnar og endranær, er hann telur þess þörf. Skólastjóra er skylt að halda kennarafund, ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúi kennara í skólaráði.

Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausu, enda séu fundirnir boðaðir þeim í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólastjóri óskar þess, enda hafa þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til þess að sitja kennarafundi hafa, auk kennara skólans, skólalæknir og félags- og námsráðunautar.

Haldin skal gerðabók (kennarafundarbók), þar sem skýrt er frá málum þeim, er koma til meðferðar kennarafundar.

Skólastjóri býr að jafnaði mál undir kennarafund. Þó getur hver kennari borið fram mál á fundinum. Skólastjóri sér um, að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði annað.

66. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs tvo fulltrúa í skólaráð, og hafa þeir þar sömu réttindi og aðrir skólaráðsfulltrúar. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr garði gerðar, að tryggt sé eftir föngum jafnrétti nemenda til áhrifa á val fulltrúa í nemendaráð.

67. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjóra Verslunarskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI
Um heilsuvernd.

68. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Um heilbrigðiseftirlit í skólunum, þ. á m. heimavistarmenntaskólum, fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.

IX. KAFLI
Um skólatíma og leyfi o. fl.

69. gr.

Kennsla skal hefjast eigi síðar en 1. október, og skal prófum lokið eigi síðar en 17. júní. Um vinnuskyldu kennara utan kennslutíma á ári hverju fer eftir ákvæðum kjarasamninga (kjaradóms).

70. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

71. gr.

Hlé skal vera milli kennslustunda eftir nánari fyrirmælum skólastjórnar.

72. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum. Svo skal til haga, eftir því sem unnt er, að kennslu ljúki sem fyrst á laugardögum og undirbúningsvinna nemenda um helgar verði sem minnst.

X. KAFLI

Um reglu og aga.

73. gr.

Regla og agi skólanna skulu miða að því að friða um starf þeirra. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

74. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni í skólanum til skemmtana sinna og félagslífs eftir nánari ákvæðum skólastjórnar, enda gæti þeir reglu og góðrar umgengni.

75. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Skólastjórn hvers skóla setur nánari reglur um skólasókn. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

76. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er alvarlegs eðlis. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi námsráðunautur fjallað um málið, sbr. 53. gr. A. 4. Þó geta málsatvik verið þannig, að skólastjóri megi tafarlaust vísa nemanda burt. Ákvörðun um brottvikningu úr skóla getur nemandi skotið til menntamálaráðuneytisins.

77. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans, og ber honum þá að bæta fullum bótum.

78. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

79. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skóla gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur, og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaráðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

80. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn hvers skóla telur, að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur fyrir sinn skóla. Sama gildir, þegar talin er þörf nánari ákvæða en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á

slíkum sérreglum, og skal það hafa samráð við samstarfsnefnd menntaskólastigsins um nauðsynlega samræmingu þeirra.

XI. KAFLI

Um gildistöku reglugerðarinnar.

81. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 26. gr. laga nr. 12/1970, um menntaskóla, öðlist þegar gildi og kemur í stað reglugerðar nr. 12/1971, með áorðnum breytingum. Þó skal gilda ákvæði þeirrar reglugerðar um heimild til handa nemendum, er gengu inn í skólana haustið 1969 eða fyrr, til að ljúka prófum samkvæmt eldri reglum.

Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 35, nr. 268—270. Útgáfudagur 24. október 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1974

10. október 1974. 633 Nr. 271.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf E, til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 80 millj. króna, skv. heimild í lögum nr. 48 frá 16. maí 1974, sbr. lög nr. 86 frá 17. september 1974 um breyting á þeim lögum.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari skulu nefnd Skuldabréf E.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2000 krónur og eru þau í tölurröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala þeirra hefst í októbermánuði 1974 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 27. desember 1974.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga eftir 10 ár eða hinn 1. desember 1984.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur árlegur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, er reiknuð er í nóvember 1974 til gjalddaga hinn 1. desember 1984. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til gjalddaga þeirra verið lægri en hún var reiknuð í nóvember 1974 og sé lægri á gjalddaga þeirra. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð: Seðlabanki Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin fellir fullnaðarúrskurð í ágreiningsmálum, sem hún fær til meðferðar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skulu slíkar ákvarðanir vera fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 10% — tíu af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn 27. des. 1974, og í síðasta sinn 27. des. 1983.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Vinningum skal úthlutað skv. skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

2	vinningar á kr.	1 000 000	= 2 000 000
1	vinningur á kr.	500 000	= 500 000
20	vinningar á kr.	100 000	= 2 000 000
350	vinningar á kr.	10 000	= 3 500 000
373	vinningar		kr. 8 000 000

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið, skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setti um útdrátt vinninga í B-flokki happdrættisláns ríkissjóðs 1973, nr. 164 frá 1. júní 1973.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi af hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar við að ljúka Djúpvegi og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 48 frá 16. maí 1974, sbr. lög nr. 86 frá 17. september 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. október 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 36, nr. 271. Útgáfudagur 15. október 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1974

AUGLÝSING

um Herðubreiðarfriðland.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og Herðubreið í Ódáðahrauni í Suður-Þingeyjarsýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins nýja friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Frá ármótum Kreppu og Jökulsár bein lína að rótum Herðubreiðar þar sem hún nær lengst í suðaustur, (2) þaðan vestur, norður og austur með fjallsrótum þangað sem þær ná lengst í norðaustur og (3) síðan bein lína að Jökulsá um hátind Fremstafells. (4) Að austan ræður Jökulsá.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimilt á friðlandinu án leyfis Náttúruverndarráðs. Ferðafélagi Akureyrar skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning, stærð og gerð mannvirkja háð samþykki ráðsins.
2. Óheimilt er að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni á friðlandinu.
3. Akstur utan merktra slóða er bannaður.
4. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan gangstíga.
5. Ekki má fara með hesta utan merktra akvega á svæðinu og bannað er að beita þeim.
6. Heimilt er að tjalda á merktum tjaldsvæðum, en utan þeirra aðeins með leyfi eftirlitsmanna Náttúruverndarráðs.
7. Við (friðlýstum) rústum má enginn hrófla.
8. Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu.
9. Reglur þessar skerða ekki rétt bænda í Mývatnssveit til smölunar, fiskræktar eða meindýraveiða á svæðinu, enda sé tilgangur friðlýsingar virtur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 14. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.



Nr. 273. 28. ágúst 1974.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Vals, Akureyri, en það nær yfir Akureyri og eftirtalda hreppa í Eyjafjarðarsýslu: Öngulsstaðahrepp, Saurbæjarhrepp, Hrafnagilshrepp, Glæsibæjarhrepp, Öxnadalshrepp, Skriðuhrepp og Arnarneshrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 49. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá

9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Vals, bæjarstjórnar Akureyrar, sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, Vinnuveitendafélags Akureyrar og Kaupfélags Eyfirðinga.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Valur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 49. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 159 frá 1956 um hámarkstölu vörubifreiða á Akureyri.

Samgönguráðuneytið, 28. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

29. ágúst 1974. Nr. 274.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, en það nær yfir Neskaupstað og Norðfjarðarhrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en

ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, bæjarstjórnar Neskaupstaðar og hreppsnefndar Norðfjarðar.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi, né kaupandi vörunnar, sem flutt er. Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Norðfjarðar viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 15, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs. Auk þess nær reglugerðin ekki til mjólkurflutninga úr Norðfjarðarhreppi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 275. 29. ágúst 1974.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Kópavogs Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Kópavogs Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga kl. 9—19 á tímabilinu 1. október til 31. maí.
Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag kl. 9—12.
Á tímabilinu 1. júní til 30. september er heimilt að loka á laugardögum.
Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Súðavíkurkauptúni, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. september 1974 staðfest skipulagsuppdrátt af Súðavíkurkauptúni, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1974.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

9. september 1974. Nr. 277.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri nr. 11 6. jan. 1966 sbr. auglýsingu nr. 314/1973.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.00, enda beri þessa daga ekki upp á helgi- eða frídaga sbr. 4. gr.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1974.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

9. september 1974. Nr. 278.

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er alls óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, sett nánari reglur um gerð og stærð dragnóta á hverju veiðisvæði.

2. gr.

Lágmarksmöskvastærð dragnóta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 135 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

Óheimilt er að klæða nótina með nokkrum hætti.

3. gr.

Um meðferð afla um borð í fiskiskipi gilda ákvæði V. kafla reglugerðar nr. 55 20. mars 1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

4. gr.

Um lágmarksstærðir fisks, sem flytja má að landi, gilda ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 104 16. maí 1974 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

5. gr.

Með mál, sem rís út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréf til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi fyrirmæli nr. 50 4. júní 1964 um dragnótaveiðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðar þessarar, er heimilt til 1. desember 1975 að nota þau dragnótanet, sem til eru eða ráðstafanir hafa verið gerðar til að afla fyrir gildistöku hennar, enda séu þau gerð samkvæmt þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. september 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 279. 10. september 1974.

SAMÞYKKT

um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hans til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmd skuli haga, sbr. B-lið, enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkaefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 39. gr.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta svo og fyrsta og annan varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti eða varaforseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn hálfsmánaðarlega, ef mál eru fyrir hendi. Bæjarstjórn ákveður fastan fundardag og tíma. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en á miðnætti. Þó er heimilt að fella niður fundi í júlí og ágústmánuði. Er fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum skal hann haldinn einhvern næstu daga svo fljótt, sem við verður komið.

Aukafundi skal halda þá bæjarstjóri eða forseti telja nauðsyn bera til eða ef minnst þrír bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé tekið á dagskrá.
3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um samkvæmt lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta fundar. Skal miðað við, að dagskráin berist bæjarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr. skal að jafnaði boðað til hans með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa reglulega fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar og aukafundar svo fljótt, sem við verður komið.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram tillögur um hvert það mál, sem til umræðu er svo og breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu, eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, er þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 3 bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófs-

röð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þó að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina sérstakri fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og athenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda er laun taka.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs, með málfrelsi.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí og ágústmánuði. Aukafund skal halda, er bæjarstjóri ákveður það, eða bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn, hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Dalvíkurkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki fengin öðrum skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárhagsstjórn bæjarins sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli því fé sem ætlað er til verklegra framkvæmda að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

IV. KAFLI

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs skv. 24. gr. og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 25. gr.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjórn ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

V. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur fyrir kjörtímabilið og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VI. KAFLI

Um kosningu nefnda o. fl.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þess, sem áður getur, til þess að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:

1. Þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð og þrjá til vara.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
4. Þrjá menn í kjörstjórn til bæjarstjórnarkosninga og þrjá til vara.
5. Þrjá menn í kjörstjórn til Alþingiskosninga og þrjá til vara.
6. Þrjá menn í hafnarnefnd og þrjá til vara.
7. 1 mann í stjórn Sparisjóðs Svarfdælinga og 1 til vara.
8. 1 mann sem endurskoðanda Sparisjóðs Svarfdælinga og 1 til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
2. Fjóra menn í stjórn sjúkrasamlags og fjóra til vara.
3. Þrjá menn í Náttúruverndarráð og þrjá til vara.
4. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.

5. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd og þrjá til vara.
6. Tvo menn til að annast forðagæslu og tvo til vara.
7. Tvo menn í sáttanefnd og tvo til vara.
8. Sex menn í áfengisvarnanefnd.
9. Einn mann til að framkvæma millimat.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum.

A. Til eins árs:

1. Fimm menn í hitaveitunefnd og fimm til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Tvo bæjarfulltrúa á Fjórðungsþing Norðlendinga og tvo til vara.
2. Þrjá menn í vatnsveitunefnd og þrjá til vara.
3. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
4. Þrjá menn í félagsheimilisnefnd og þrjá til vara.
5. Þrjá menn í gatnanafnanefnd.
6. Fimm menn í fjallskilanefnd og fimm til vara.
7. Þrjá menn í íþrótta- og æskulýðsráð og þrjá til vara.
8. Fjóra menn í stjórn Dvalarheimilis aldraðra og fjóra til vara.
9. Einn mann í stjórn Lestrarfélags Dalvíkur og einn til vara.
10. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema bæjarstjórn ákveði annað í erindisbréfi er slíkum nefndum skal sett.

38. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn.

VII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

39. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Lausar stöður skal auglýsa til umsóknar nema bæjarstjórn ákveði annað en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveður þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

13. september 1974. **Nr. 280.**

AUGLÝSING

um skipulag í Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Eiðahrepps, Suður-Múlasýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

13. september 1974. **Nr. 281.**

AUGLÝSING

um skipulag í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykhólahrepps, Austur-Barðastrandarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Ljósavatnshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 283. 17. september 1974.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Lizziar og Páls á Halldórsstöðum í Laxárdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. september 1974.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Lizziar og Páls á Halldórsstöðum í Laxárdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lizziar og Páls á Halldórsstöðum og er stofnaður af William Fr. Pálssyni, til minningar um foreldra hans frú Lizzi og Pál Þórarinsson, sem bjuggu á Halldórsstöðum í Laxárdal frá árinu 1894 til 1948.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 250 000.00 — tvöhundruð og fimmtíuþúsund krónur — og skal það ávaxtast í ríkistryggðum banka. Auka má sjóðinn með gjöfum eða annarri fjáröflunarstarfsemi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og efla byggð í Laxárdal, styrkja starfsemi Kvenfélags Laxdæla og efla samtök kvenna í dalnum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en árlegum vaxtatekjum hans má verja samkvæmt framanskráðu og sér stjórn sjóðsins um úthlutun úr honum.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Kvenfélags Laxdæla og lögleg stjórn þess félags á hverjum tíma, skal vera stjórn sjóðsins og skal hún sjá um reikningshald hans.
Ef kvenfélagið hættir störfum kýs hreppsnefnd Reykdælahrepps þrjár konur, búsettar í Laxárdal, í stjórn sjóðsins og skulu þær kosnar til tveggja ára í senn.

6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera hreppstjóri Reykdælahrepps, ef hann er búsettur í Laxárdal, en annars skal hreppsnefndin í Reykdælahreppi kjósa endurskoðanda, sem búsettur er í Laxárdal.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

17. september 1974. Nr. 284.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1974.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1974, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 20 000.00
II. flokkur	.....	— 16 000.00
III. flokkur	.....	— 12 000.00
IV. flokkur	.....	— 8 000.00
V. flokkur	.....	— 4 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.

II. flokkur: Akureyrar Apótek,
Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.

III. flokkur: Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,
Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.

IV. flokkur: Akranes Apótek,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,
Laugarnes Apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Neskaupstaðar,
Apótek Vestmannaeyja,
Árbæjar Apótek,
Borgarnes Apótek,
Dalvíkur Apótek,
Húsavíkur Apótek,
Patreks Apótek,
Sauðárkróks Apótek,
Siglufjarðar Apótek,
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,
Lyfjaverslun ríkisins,
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson h/f,
Hermes s/f,
Pharmaco hf.

III. flokkur: H. Ólafsson & Bernhöft,
Lyf s/f.

5. gr.

Héraðslæknar sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt 5. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1974. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Fullorðnir, einstök skipti	kr.	50.00
Börn, einstök skipti	—	20.00
Fullorðnir, 10 miða kort	—	300.00
Börn, 10 miða kort	—	110.00
Gufubað	—	100.00
Leiga á handkl. og skýlum	—	30.00
Sundnámskeið, fullorðnir	—	1 200.00
Sundnámskeið, börn	—	750.00
Íþróttafélög:		
16 ára og eldri, 10 miða kort	—	150.00
Yngri en 16 ára, 10 miða kort	—	90.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 246 31. júlí 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 18. september 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

19. september 1974. Nr. 286.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Óheimilt er að ávísa með lyfseðli eiturefnum nema því aðeins, að hlutaðeigandi efni séu einnig skráð í lyfjaskrá eða viðurkenndum lyfjaforskriftabókum og látin úti í þeim formum, sem þar greinir. Um útlát eiturefna fer samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. desember 1968 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og tilsvarandi leyfa nr. 131 9. júlí 1971 og reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 93 1. mars 1974.

2. gr.

3. gr. stafliður b, 1. málsgrein orðist svo:

Heiti lyfs eða samsetning skal að jafnaði rita á latínu, svo og fyrirmæli um það á hvern hátt lyfið óskast gert, ef um forskriftarlyfseðil (ordinatio magistralis) er að ræða. Þunga lyfs skal tilgreina í grömmum, milligrömmum eða míkrógrömmum og rita þyngdareiningarheitin fullum stöfum eða með venjulegum skammstöfunum þeirra: g, mg og míkróg. Óheimilt er að nota aðrar skammstafanir. Ef þungi er tilgreindur með tugabroti, er óheimilt að rita núll næst á eftir kommu. Óskist lyf gert eftir

annarri forskriftarbók en gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasöfnum), skal þess greinilega getið á lyfseðli. Ef ávísað er lyfi með einu virku efni, þá skal útgefandi geta styrkleika þess á lyfseðlinum, sbr. h. lið 5. greinar.

3. gr.

5. gr. stafliður h. orðist svo:

Ef tilgreint er á lyfseðli ósamsett lyf (lyf, sem inniheldur eitt virkt efni) og styrkleika er ekki getið, er óheimilt að láta lyfið úti gegn lyfseðlinum, fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hjá útgefanda, hvaða styrkleika er óskað. Ef lyf er sannanlega á markaði í einungis einum styrkleika er lyfjafræðingi þó heimilt að rita þann styrkleika á lyfseðlinn án samráðs við útgefanda, enda skal það gert með penna og auðkennt fangamarki lyfjafræðings og dagsetningu.

4. gr.

Við 5. gr. bætist nýr stafliður j, sem orðist svo:

Þegar lyf er afgreitt í fyrsta skipti eftir lyfseðli, skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar.

Verð lyfs skal ávallt rita á lyfseðil. Hæfilegt verð umbúða samkvæmt gildandi reglum lyfjaverðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

5. gr.

6. gr. 1. töluliður a), Meprobamatum orðist svo:

Meprobamatum, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 0.1 g af mepróbamati eða minna í hverjum skammti.

6. gr.

6. gr. 1. töluliður b) orðist svo:

Önnur lyf og efni, sem eru á listum A og B í viðauka 2 við reglugerð þessa.

7. gr.

6. gr. 2. töluliður orðist svo:

Eigi má ávísa einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, sem nú verða talin, eða söltum þeirra, í meira magni en hér greinir:

I. Amphetaminum, Dexamphetaminum, Methamphetaminum 0.15 g.
II. Methylphenidatum 0.3 g.
III. Dizepamum og Medazepamum og Nitrazepamum 0.5 g.
IV. Chlordiazepoxidum og Oxazepamum 1.0 g.
V. Flurazepamum 1.5 g.
VI. Aethallymalum, Allypropymalum, Diallymalum, Hexemalum, Heptamalum, Meballymalum, Mebumalum, Pentymalum 3.0 g.
VII. Apronalum, Diallymalum, Enhexymalum, Glutethimidum, Methaqualonum og Secumalum 5.0 g.
VIII. Meprobamatum 20 g.
IX. Carisoprodolum, Methocarbamolum og Phenprobamatum 25 g.

8. gr.

8. gr. stafliður i orðist svo:

Stungulyf sem innihalda morfínklóríð eða annað morfínsalt eða g-stófantín eitt virkra efna, má eigi árita „Injectabile", „Ampullae" eða „Lagenulae", ef styrkleiki lyfsins er annar en í gildandi lyfjaskrá. Slík stungulyf ber að árita: Solutio .... pro injectione, og geta styrkleika þeirra.

9. gr.

8. gr. stafliður m 14. töluliður orðist svo:

Umbúðir um lyf, er innihalda Anautinum, Cinnarizinum, Diphenhydraminum og Meclozinum og ætluð eru til lausasölu, sbr. viðauka 1, skal auðkenna með rauðum bókstöfum á ljósum grunni: **Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið. Varúð—Geymið, þar sem börn ná ekki til.**

10. gr.

8. gr. 10. töluliður m-liðs orðist svo:

Umbúðir um lyf í fljótandi formi, er innihalda hexaklórófen, í meira magni en 0.1%, skal auðkenna með rauðum bókstöfum á ljósum grunni: **Gætið þess, að lausnin komi ekki í vit, sár eða fleiður.**

11. gr.

8. gr. 20. töluliður m-liðs orðist svo:

Lyf þau sem seld eru í lausasölu samkvæmt undanþáguheimild, sbr. viðauka 1, skal auðkenna aðvörunarmiða, með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð—Geymið, þar sem börn ná ekki til**, enda sé þessa eigi krafist samkvæmt öðrum reglugerðarákvæðum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja sbr. 14. gr. b.:

Lyf eða lyfjasasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Aethallymalum	Tablettae coffazini DAK 50 Tablettae coffazyli DD 63	Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Verkjatöflur. Mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	
Anautinum	Töflur, stílar	Einstakur skammtur mest 0.1 g. Mest 10 töflur (stílar) handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur (Sjóveikistílar). 1 tafla (stíll) klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 8. gr. 14. tölulið m-liðs.	Tablettae aunautini 0.1 g.

Lyf eða lyfjasasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Bromisolvalum	Tablettae bromisovali 0.3 g.	Mest 5 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Svefntöflur. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	
Glyceryli nitras	Munnsogstöflur.	Einstakur skammtur 0.5 mg. Mest 50 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 10 töflur á sólarhring.	Resoriblettae glyceryli nitratis 0. 25 mg. Resoriblettae glyceryli nitratis 0.5 mg.
	Töflur til inntöku	Mest 100 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring. Sjá enn fremur undir Pentanitrolum.	Tabl. Nitrocombini DD 63. Tabl. diplonitroli DAK 50.
Phentacetinum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 0.25 g. Mest 25 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring.	Tablettae phenacetyli D 48.
	Lausnir		Solutio hydrogenii peroxidi 3%.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfa nr. 48 20. maí 1964, sbr. reglugerðir um breyting á þeirri reglugerð nr. 295/1968 og nr. 220/1973.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 19. gr., sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 1 500.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. mars ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

24. september 1974. Nr. 288.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. **Mýrarvegur** verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Þingvallastræti.
2. **Skógarlundur** verður aðalbraut. Umferð um veginn víki þó fyrir umferð um Þingvallastræti og Mýrarveg.
3. Umferð um Hamarsstíg skal víkja fyrir umferð um Oddeyrargötu.

Reglur þessar taka gildi 15. október 1974.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 24. september 1974.

Ófeigur Eiríksson.

REGLUGERÐ

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 26. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965 og breytingu á þeim lögum sbr. lög nr. 32 7. apríl 1971 og lög nr. 106 27. desember 1973 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laganna er veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 300 milljónum króna. Vaxtabréfin skiptast í flokka og er 19. flokkur þeirra sá, sem fyrst kemur til framkvæmda. Flokkur þessi nefnist 26. flokkur. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 50 milljónum króna. Áður hafa verið staðfestar reglugerðir um útgáfu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965 og lögum nr. 32 7. apríl 1971 fyrir 19., 20., 21., 22., 23., 24. og 25. flokk að fjárhæð samtals 200 milljónir króna.

Heimilt er með samþykki ráðherra, að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn. Ráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær flokknum skuli lokið.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Fjárhæð þeirra skal vera 50 000 kr. og skal hvert vaxtabréf vera tölusett og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, sem stjórn Landsbankans ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða til 10 ára minnst. Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur þeirri fjárhæð, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum flokksins vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 8. gr. laganna.)
3. Einföld ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga skulu innleystir í veðdeild Landsbankans. Stjórn veðdeildarinnar ákveður vextina og mega vextir af bankavaxtabréfum þessum aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóðarréttindum. Getur veðdeildin krafist frumrita eða staðfestra afrita af þeim samningum, sem liggja til grundvallar viðkomandi lóðarréttindum. Veðið skal vátryggt í vátryggingastofnun, er bankastjórn tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar. Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði skal virða hús sér og jörðina sér í lagi, svo og skal virða allar húseignir sérstaklega, ef taka á veð í fasteigninni.

7. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn virða á kostnað lántaka. Skulu þeir vera dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra og hafa nauðsynlega þekkingu til að bera. Þó getur veðdeildin, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Enn fremur getur hún krafist, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir bestu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölu, þó aldrei hærra en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Enn fremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávargangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem: ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr og að svo miklu leyti, sem unnt er, gæði þess og enn fremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór sú lóð sé, er húseigninni fylgir og hvernig ásigkomulag hennar sé. Hafi eignin gengið kaupum og sölum, skal kaupverðs hennar getið. Lántakandi skal að minnsta kosti á 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórn tekur gilt, fyrir því að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda veðdeildinni þetta skírteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem varasjóður flokksins nægir ekki til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðsábyrgðarinnar, skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10% til að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár. — Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta, þegar hagur flokksins leyfir það.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera tíu þús. krónur og skulu lánin jafnan standa á hálfum eða heilum tug

þúsunda. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra, enda sanni lántaki að fyrir liggi loforð banka eða sparisjóðs um kaup á bréfunum. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 7. gr.
b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíla á eigninni og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.

12. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfjárhæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. — Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengist. — Bankastjórninni er heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, svo sem:

a. Ef ákvæðisgjöld verða eigi greidd á réttum gjalddaga.
b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal.
c. Ef skuldunautur heldur ekki vátryggðum húseignum, sem að veði eru og talin eru með í matinu.
d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar.
e. Ef nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán veðdeildarinnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu 1. til 14. okt. ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til rekstrarkostnaðar við flokkinn og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað flokksins og til varasjóðs er ½% á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. — Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lánum sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokka með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur greitt árleg gjöld sín á réttum gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem reiknast 1% á mánuði eða brot úr mánuði af gjaldfallinni greiðslu, hafi greiðsla dregist lengur en 15 daga frá gjalddaga. Þó skulu dráttarvextir aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Sérhverja auglýsingu skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem aukaafborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

21. gr.

Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.) hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms,

samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965 rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflast.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73 22. maí 1965, sbr. lög nr. 32 7. apríl 1971 og lög nr. 106 27. desember 1973, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 25. september 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Gylfi Knudsen.

Nr. 290. 26. september 1974.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sóttvarnir nr. 229/1971.

1. gr.

13.—22. greinar reglugerðarinnar falli niður. Í staðinn komi 3 nýjar greinar svo hljóðandi:

13. gr.

Þá er skip eða flugfar kemur að landi og sjúklingur veikur af kóleru er í skipinu (flugfarinu), eða kólera hefur gert vart við sig innan borðs:

a. er sóttvarnarnefnd heimilt að láta sérhvern grunaðan meðal farþega eða áhafnar sæta sóttvarnareftirliti eða einangrun, þó ekki lengur en 5 daga frá þeim tíma er hann steig á land,

b. skal sóttvarnarnefnd sjá um, að fjarlægt sé og komið fyrir á tryggilegan hátt: vatn, matvæli (nema í farmi), saur og þvag manna, skólp, þar með talið kjölvatn, og allt það, er telja má til úrgangs eða ætla má sóttmengað; enn fremur, að vatnsgeymar séu sótthreinsaðir sem og matar- og drykkjaráhöld og ílát.

Þegar ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar b-liðs þessarar greinar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

14. gr.

Ef kóleru hefur orðið vart í skipi eða flugfari á leið til lands, er sóttvarnarnefnd heimilt að láta fara fram bakteríurannsókn á matvöru í þeim hluta farms aðeins, sem kemur til affermingar hér á landi.

15. gr.

Heimilt er að láta mann, er kemur til landsins frá sýktu svæði innan skemmri tíma en nemur fullum 5 dögum, undirgangast rannsókn á saur, en sýni úr endaþarmi verður ekki tekið án samþykkis hans.

2. gr.

23. grein reglugerðarinnar verði 16. grein eftir breytinguna og númeraröð annarra greina breytist til samræmis við það.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í sóttvarnalögum nr. 34/1954, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

26. september 1974. Nr. 291.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 70 000 — sjötíu þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—70 000, og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrest. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 17 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 151 200 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 3 600.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 300.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

4. gr.

1. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 70 000 miða, sem merktir eru tölunum 1—70 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 22 10. apríl 1974 öðlast gildi 1. janúar 1975.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 260 21. ágúst 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. september 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 292. 26. september 1974.

AUGLÝSING

um útgáfu Lyfjaverðskrár II.

Frá og með 1. október tekur gildi ný Lyfjaverðskrá II. Jafnframt falla úr gildi áður gildandi verðlagsákvæði, samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972, ásamt síðar birtum viðaukum og breytingum.

Enn fremur falla úr gildi önnur ákvæði um verðlagningu og greiðslutilhögun almannatrygginga á sérlyfjum, er fara í bága við ákvæði hinnar nýju verðskrár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 293. 20. september 1974.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki:

I. **Hámarkshraði** innan marka kaupstaðarins er 35 km/klst., þó er 45 km/klst. hámarkshraði leyfður á eftirtöldum götum:

a) á Skagfirðingabraut frá bæjarmörkum að sunnan að Öldustíg,
b) á Eyrarvegi frá bæjarmörkum að norðan að Kolaporti (kolageymslu K. S.),
c) á Sæmundargötu frá bæjarmörkum að austan að Hegrabraut.

II. **Aðalbrautir:**

a) Skagfirðingabraut, Aðalgata og Eyrarvegur,
b) Sæmundargata, Knarrarstígur og Skólastígur að Skagfirðingabraut, með biðskyldu þar gagnvart umferð á Skagfirðingabraut.

III. **Einstefna:**

a) á Kirkjutorgi frá suðri til norðurs,
b) frá Skagfirðingabraut inn á Faxatorg við Búnaðarbankahús til vesturs.

IV. **Stöðvunarskylda:**

a) af Kirkjutorgi inn á Aðalgötu,
b) af Sævarstíg inn á Aðalgötu,
c) báðum megin af Freyjugötu inn á Knarrarstíg og Skólastíg.

V. **Bann við bifreiðastöðum:**

a) á Aðalgötu að vestan, við lóðir nr. 9—11,
b) á Aðalgötu og Skagfirðingabraut að vestan frá stíg norðan Aðalgötu 1 að akstursleið á bifreiðastæði norðan Bifrastar,
c) á Freyjugötu að austan milli Ránarstígs og Knarrarstígs,
d) á Freyjugötu að austan milli Knarrarstígs og akstursleiðar að Bifreiðaverkstæði K. S.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Bæjarfógetinn á Sauðárkróki, 20. september 1974.

Jóhann Salberg Guðmundsson.

30. september 1974. Nr. 294.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 20.60 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 8.10 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 103.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 31.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 4.90 hver kWst., auk þess skal greiða fastagjald kr. 2.10 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 11.40 hver kWst.; hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 134.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 10.60 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
   a) Um kWst.-mæli á kr. 3.60 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b) Um tvígjaldsmæli kr. 22.80 hver kWst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en kr. 3.60 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 5 720.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 2.10 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 60.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 26.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og annars staðar kr. 48 00.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 1.55 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 0.80 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 3.00 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 6.60 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 12.50 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 2.10 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 4.90 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 7.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr.	25.00 á mán.
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	—	41.00 - —
Af þrífasa mælum 50—220 amper	—	110.00 - —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	—	153.00 - —
Af álagsstýringarliðum	—	125.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins.

Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 750.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 750.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 V kerfi amper	Málstraumur stofnvara í 3 × 380 V kerfi amper	kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	2 × 60	1 × 100	13	18 440.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	24 020.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	34 440.00
4.			50 sp.	40 800.00
5.		3 × 100	66	56 830.00
6.	3 × 200	3 × 125	75	68 890.00
7.		3 × 200	100 sp.	81 580.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	113 100.00
9.			150 sp.	129 700.00
10.			200 sp.	163 180.00
11.	3 × 350	3 × 350	231	184 610.00
12.			300	259 500.00
13.			500	433 550.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu stystu leið að var-

kassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + kVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl = (62 + 3 kVA) kr./m að viðbættum kr. 8 550.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 4 530.00
60 amper þrífasa	— 5 430.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og viðlagasjóðsgjald, skv. núgildandi ákvæðum þar um, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema af raforku til húshitunar. Rafveitunni er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til. 6. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 42 7. febrúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 30. september 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Garðahrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um Karlabraut (áður Birkilund) nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Hofstaðabraut.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. september 1974.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, 30. september 1974.

Einar Ingimundarson.

30. september 1974. Nr. 296.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bótaflokka almannatrygginga, sem ekki eru tilgreindir í bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál nr. 88 frá 24. september 1974 skulu hækka um 7% frá 1. október 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

1. október 1974. Nr. 297.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Apóteks Keflavíkur.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Keflavíkur vera sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga kl. 9—19.
Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag kl. 10—12.
Helgidaga og almenna frídaga kl. 13—15.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. október 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. **Vogatunga:** Niðurlag 6. töluliðar auglýsingar um umferð í Kópavogi frá 30. desember 1971 breytist þannig, að í stað orðanna „Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda)" komi: „Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda)".
2. **Skeljabrekka:** Bann við innakstri í norður á Hafnarfjarðarveg frá Skeljabrekku (rétt sunnan eystri brúar við Nýbýlaveg). Umferð um Dalbrekku til norðurs víki fyrir umferð úr Skeljabrekku inn á Dalbrekku samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
3. **Borgarholtsbraut:** Bann við vinstri beygju af Borgarholtsbraut til norðurs að tengivegi Hafnarfjarðarvegar (vestan brúar). Einstefna verður um þann tengiveg til suðurs, þar til annað verður ákveðið. Heimilt er að aka af Borgarholtsbraut til norðurs eftir götuslóða austan kirkjuholts. Einstefna verður um þann götuslóða til norðurs.
4. **Tengivegur milli Digranesvegar og Hafnarfjarðarvegar:** Umferð um tengiveg í norður (austan brúar) frá Digranesvegi víki fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda). Einstefna til norðurs.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 1. október 1974.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 299. 3. október 1974.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að laun fyrir stundakennslu skuli vera sem hér segir í eftirtöldum launaflokkum stundakennara frá 1. sept. 1974 að telja:

Launafl.	Kr.
S. 1	629.58
S. 2	644.83
S. 3	589.91
S. 4	549.27
S. 5	497.78
S. 6	461.08
S. 7	426.15
S. 8	393.53

Laun þessi miðast við kaupgreiðsluvísitölu 149.89 og skulu breytast í samræmi við hana á sama hátt og föst laun. Grunnlaun þessi skulu hækka á sama hátt og grunnlaun ríkisstarfsmanna hækka almennt. Laun þessi miðast við, að lengd kennslustundar sé 40 mínútur. Sé kennslustund lengri skal greiðslan vera hlutfallslega hærri.

2. gr.

Stundakennarar taka laun samkvæmt ofangreindum launaflokkum svo sem hér segir:

S. 1 Stundakennarar við menntaskólastig með cand. mag. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.

S. 2 Stundakennarar við menntaskólastig með B.A. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni. Stundakennarar við aðra skóla á framhaldsskólastigi ó. t. a. s. með cand. mag. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni, og stundakennarar við sérgreinaskóla fyrir kennaraefni með B.A. próf eða sambærilegt próf.

S. 3 Stundakennarar við menntaskólastig og sérgreinaskóla fyrir kennara, aðrir en þeir, sem taldir eru í S. 1 og S. 2. Stundakennarar við aðra skóla á framhaldsskólastigi ó. t. a. s. með B.A. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.

S. 4 Stundakennarar við skóla á framhaldsskólastigi ó. t. a. s., stundakennarar við gagnfræðastigsskóla (7.—10. bekk) með cand. mag. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.

S. 5 Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla (7.—10. bekk) með B.A. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.

S. 6 Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla (7.—10. bekk), sem ekki eru taldir annars staðar.

S. 7 Stundakennarar við barnastigsskóla (1.—6. bekk og forskóla) með kennarapróf.

S. 8 Stundakennarar við barnastigsskóla (1.—6. bekk og forskóla) án kennaraprófs.

Í stað þeirra prófa, sem tilgreind eru hér að framan, komi einnig önnur próf, sem jafngild teljast við ákvörðun launaflokka fastra kennara.

Ekki skulu tekin til greina önnur próf en kennarapróf og próf í viðkomandi kennslugrein, eða annað það próf, sem kemur að fullum notum við kennslu í henni.

3. gr.

Fyrir stundakennslu við heyrnleysingjaskóla, vanvitaskóla og aðra hliðstæða sérskóla, svo og í bekkjum afbrigðilegra eða vangefinna barna, skal koma 25% álag á greiðslur samkvæmt 1. og 2. grein. Sama álag skal greiða fyrir hópkennslu í söng og hljóðfæraleik.

4. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

5. gr.

Orlofsfé greiðist á stundakennaralaun.

6. gr.

Laun skv. auglýsingu þessari skal greiða öllum stundakennurum, sem ekki taka laun skv. ákvæðum kjarasamninga.

7. gr.

Auglýsing þessi gildir frá 1. sept. 1974 þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 3. október 1974.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 300. 3. október 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 221 12. júlí 1974 um friðunarsvæði á Strandagrunni.

1. gr.

Á eftir orðunum „15. júlí 1974“ í 1. gr. reglugerðarinnar, komi orðin: til 3. október 1974.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins ásamt breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. október 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 301. 3. október 1974.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

Þorskur:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	80.90
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	80.90
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	116.10
5 × 10	119.40
4 × 15	121.60
12 × 1	121.60
Blokk	83.00
Blokk 24½	85.00

Ýsa:

4 × 14 m/r interl.	80.90
10 × 5 og 3 × 18	132.10
12 × 1	137.70
Blokk	89.00

Steinbítur:

10 × 5	113.40
12 × 1	119.50
Blokk	84.90

Karfi:

8 × 7 m/r	67.50
10 × 5 m/r	63.20
10 × 5 r/l	67.70
12 × 1	81.10
Blokk	61.40

Ufsi:

8 × 7 r/l	60.10
4 × 6 kg	64.10
10 × 5	74.00
Blokk	55.10

Langa:

8 × 7	67.50
10 × 5	111.20
Blokk	73.90

Grálúða:

Heilfryst	70.00
Blokk, U.S.S.R.	74.40
Heilfrystur fiskur	35.00

Verðbil verður 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast verðbil þessi við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. október 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Eskifjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipun bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar skal skipuð sjö bæjarfulltrúum, kjörnum samkv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórnin er almennt í fyrirsvari fyrir Eskifjarðarkaupstað og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi:

A) Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Enn fremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.
B) Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.
C) Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 37. gr., og semur um laun þeirra.
D) Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigu, gjaldskrár bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim at-

kvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafn mörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann nái ekki helming atkvæða. Verði atkvæðin jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi, og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarstjóri sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

25. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, gasolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B" að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi, sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu í þess stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

27. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestagjald, en fullt bryggjugjald, ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

28. gr.

Lestagjöld.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald. Skip yfir 400 brúttórúmlestir að stærð skulu greiða kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald er kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

29. gr.

Bryggjugjöld.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Öll skip, sem ekki falla undir 30. gr., skulu greiða gjaldið fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 1.50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

30. gr.

Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestir:

a. Opnir bátar greiði kr. 1000.00 á ári.
b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar, þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu eða lengur, skulu greiða kr. 160.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á ári.
Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.
c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni, greiði kr. 24.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á mánuði.
d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni, skulu greiða kr. 2.40 af hverri brúttórúmlest í lesta- og bryggjugjöld, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni.

Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði. Gjöld þau, er um getur í grein þessari, skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

31. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

32. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

33. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi, og vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi.
b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

34. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarstjórn ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

35. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera kr. 10.00. Leiki vafi á, í

hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

36. gr.

Vörugjaldskrá.

Brottfluttar og aðfluttar vörur:

1. fl.: **Gjald kr. 70.00/tonn:**

a. Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, sement, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.
c. Utfluttar afurðir, þ. m. t. sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur, unnar eða hálfunnar.

2. fl.: **Gjald kr. 150.00/tonn:**

a. Unnar iðnaðarvörur, þ. m. t. nýlenduvörur, unnar vörur til bygginga, gólfdúkar, flísar, þilplötur, efni til pípulagna, pökkuð matvæli, niðursuðuvörur, fatnaður.
b. Allt ótalið annars staðar (eftir þyngd).

3. fl.: **Gjald kr. 400.00/tonn:**

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, þ. m. t. heimilisvélar, landbúnaðar- og vinnuvélar, loft- og rafknúin tæki, skrifstofutæki, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, húsgögn, hljóðfæri, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, fegrunarvörur. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita 50% afslátt. Af vörum undir staflið b. sé gjald kr. 800.00 á tonn, þegar um er að ræða flutning frá útlöndum.

4. fl.: **Gjald kr. 40.00/rúmmetra:**

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: **Gjald 1%:**

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

37. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Allt vörumagn, sem um höfnina fer og ekki er á farmskrá, skal vegið á vog hafnarinnar, enda fullnægi hún þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru hverju sinni um mál og vog. Fyrir vigtun á vog hafnarinnar skal eigandi vörunnar greiða í hafnarsjóð vigtargjald, sem nemur kr. 2.00 af hverjum 100 kg.

38. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

39. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

40. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó kr. 500.00 á ári, 12—50 brúttórúmlestir kr. 1500.00 á ári, 50 brúttórúmlestir og yfir kr. 3000.00. Gjalddagi er í apríl ár hvert.
b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

41. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greidd samkvæmt reikningi frá hafnarsjóði.

42. gr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

43. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, uns hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

44. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 40. og 41. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, uns gjaldið er greitt.

45. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjórn um afnotin.

46. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru

skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

47. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

48. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

49. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

50. gr.

Allir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

51. gr.

Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

52. gr.

Innan hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

53. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggi umsögn hafnarstjórnar þar að lútandi.

54. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

55. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bíldudalskauptún nr. 177 19. september 1947 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 23. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

23. október 1974. Nr. 323.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957 um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

4. málsgrein 1. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. febrúar ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Á eftir næstsíðustu (5.) málsgrein 6. greinar reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp, sbr. 1. mgr., hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár eftir uppsögn, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

Smásöluverð.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	32.50 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	17.50 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	8.40 á kWst.

Markmæling.

23.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	—	33 170.00 á ári
	Aflgjald, frá 3 til 6 kW	—	7 840.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	5 820.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.35 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	8.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	48 × F1 á ári
	Orkugjald	—	17.50 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	19 900.00 á ári
	Aflgjald, frá 2 til 5 kW	—	9 950.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW	—	8 750.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	3.20 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október.		
	Aflgjald	—	3 260.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	1.30 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	5.05 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.14 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		

Markmæling.

43.	Fast gjald	kr.	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW		15 820.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	3 144.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.20 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	6.20 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
44.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	1.10 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	5 × F1 á ári
	Orkugjald	—	3.90 á kWst.
52.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	9.50 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila er samtals ..... kr. 1 150.00 fyrir hvert skipti.

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1		kr.	250.00 á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	9.30 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	4.70 á m^2 á mán.
F3		—	95.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4	Hvert uppsett kW	kr.	600.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
   Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 13.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44.

Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 19% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverð breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. nóvember 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 189 13. júní 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Djúpavogskauptún.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Djúpavogshöfn tekur yfir Djúpavog, Ytri- og Innri-Gleiðuvík sunnan línu, er hugsast dregin úr Svartaskeri að austan í Æðarstein að vestan.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Að loknum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Búlandshrepps kjósa þrjá menn í hafnarstjórn og þrjá menn til vara. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og hreppsnefndar þeirrar, er hana kýs. Hafnarstjórn sér um, að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún leggur fyrir hreppsnefnd tillögur sínar um úrbætur og nýsmíði á vegum hafnarinnar, sér um viðhald og endurbætur á hafnarmannvirkjum og stjórnar framkvæmdum í því sambandi. Oddviti hreppsnefndar sér um innheimtu gjalda þeirra, sem reglugerð þessi kveður á um. Hann sér og um allar fjárreiður hafnarinnar og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjóra við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón, skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar, og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU Á HÖFNINNI OG HAFNARSVÆÐINU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð í höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum í höfninni. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu gæti verið að ræða (sjá 25. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, á bryggjur eða hafnarbakka, kjölfestu, ösku, fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu, renna í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð innan takmarka hafnarinnar. Þá er bannað að blása í skipsflautur eða lúðra innan hafnarinnar frá kl. 24.00 að kveldi til kr. 07.00 að morgni, nema nauðsyn krefji.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

11. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjórn eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

14. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

15. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

16. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur eða strandar, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, veldur óæskilegum áhrifum á innsiglingu til hafnarinnar eða óprýði, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns úrbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá eiganda farms eða skips.

21. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi ann-

ars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

22. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfnina með sérstöku leyfi hafnarstjóra, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

23. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á viku fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það í sundur, svo að það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

24. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó að það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarvarðar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarstjóri sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

25. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, gasolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi al-

þjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merkið skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

27. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

28. gr.
Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjöld kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00. Gjalddagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

29. gr.
Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

30. gr.

Hafi skip mælingarbréf með tilgreindum tveim stærðum, skal miða hafnargjald við stærri stærð skipsins meðan það var á höfninni, með hliðsjón af hleðslu (mælingarmerki).

31. gr.
Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

32. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.

33. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

34. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

35. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um, og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera krónur 20.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

36. gr.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

37. gr.

Ýmis gjöld.

a. Lóða- og geymslugjald fyrir vörur, sem geymdar eru í húsum hafnarinnar eða á lóðum hennar, skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar.
b. Leigugjald fyrir lóðir og land hafnarinnar, hús, verbúðir og athafnasvæði, sem leigt er einstaklingum eða fyrirtækjum til lengri tíma, skal greiða samkvæmt sérstökum samningi milli leigutaka og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.
c. Leigugjald fyrir notkun á tækjum og áhöldum hafnarinnar, þar með talin legufæri (múrningar) skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar með hliðsjón af leigugjöldum slíkra áhalda eða tækja eins og það gerist á almennum markaði.
d. Af bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum, sem einstaklingar eða félög eiga eða kunna að eignast, skal greiða gjald, sem ákveðið er með samningi milli eiganda mannvirkja og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.
e. Vatn til skipa greiðist með kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.
f. Aðra þjónustu, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

VIII. KAFLI
UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU HAFNARGJALDA

38. gr.

Hafnarstjórn sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin til skrifstofu hafnarinnar.

39. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips eru ábyrgir fyrir skilvísri greiðslu þeirra gjalda, sem greiða ber vegna skipsins. Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, sé þess krafist, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, uns gjöldin eru greidd.

40. gr.

Að svo miklu leyti, sem reglugerð þessi kveður ekki á um fasta gjalddaga, skal greiða gjöldin áður en skip fer burt úr höfninni. Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollyfirvöldum, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjórn, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

41. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús, samkvæmt 39. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Hafi skip ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar þær eru lagðar á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum til tryggingar á greiðslu gjaldsins.

42. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, skv. 37. gr., svo og fyrir afnot af áhöldum hafnarinnar, skv. 37. gr., greiðir leigutaki samkvæmt ákvörðun samnings.

43. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

IX. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

44. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Flytja skal burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, getur hafnarvörður gert það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns.

45. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

46. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

47. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 15. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

48. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Djúpavogskauptún nr. 90 26. mars 1947 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 24. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	30.00 á kWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	10.70 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h.	—	158.00 á m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	52.00 á m² á ári
1.3.	Til hafnarlýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	8.60 á kWst.
1.4.	Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.	—	22 150.00 árskW,

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1.	Um kWst.-mæli þannig reiknað:		
	a. Grunngjald	kr.	52.00 á mán.
	b. Orkugjald af allri notkun	—	6.80 á kWst.
	c. Fastagjald af hverju herbergi	—	52.00 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna, reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 17.00 á kWst.
Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægra.
Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl- og orkumæla:
Fast gjald ..... kr. 7 719.00 á ári
Orkugjald ..... — 2.60 á kWst.
Aflgjald af notuðu afli, lágmark 2 kW ..... — 7 719.00 á ári á kW
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið.
Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Fast gjald ..... kr. 7 719.00 á ári
Orkugjald ..... — 2.60 á kWst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágm. 2 kW .. — 6 396.00 á ári á kW
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald án söluskatts ..... kr. 1.93 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 2.44 á kWst.

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 1.98 á kWst.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 30 amp. og minna	kr.	45.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minna	—	75.00 — —
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	105.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

	Jarðstrengur	
Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa	31 800.00	1 040.00
63 A 3-fasa	41 160.00	1 200.00
100 A 3-fasa	48 960.00	1 400.00
125 A 3-fasa	59 600.00	1 700.00
200 A 3-fasa	78 900.00	1 880.00
300 A 3-fasa	164 500.00	2 640.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum viðvart um það fyrir fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 600.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 600.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur og önnur gjöld skyld að lögum, eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I og II kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 169 27. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 24. október 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 327. 25. október 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur, Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveitur Njarðvíkur, Voga og Vatnsleysustrandarhrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 30.30 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 11.90 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 151.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 45.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 7.20 hver kWst., auk þess skal greiða fastagjald kr. 3.10 á mánuði af gólfflatarfermetra íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.80 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 607.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 15.60 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a) Um kWst.-mæli á kr. 5.30 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b) Um tvígjaldsmæli kr. 33.50 hver kWst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 5.30 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 8 408.00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 3.10 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 88.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 38.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 70.00 annars staðar.

4. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 2.00 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þá eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.00 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 3.90 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.

d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.70 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 18.40 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.10 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 7.20 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 10.30 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskráliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.

Gjald-skrár-lið	Amper	Amper	kVA	Kr.
1.	2 × 60	1 × 100	13	27 110.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	35 310.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	50 630.00
4.			50 sp.	59 980.00
5.		3 × 100	66	83 540.00
6.	3 × 200	3 × 125	75	101 270.00
7.		3 × 200	100 sp.	119 920.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	166 260.00
9.			150 sp.	190 660.00
10.			200 sp.	239 870.00
11.	3 × 350	3 × 350	231	271 380.00
12.			300	381 465.00
13.			500	637 320.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + kVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl = (62 + 3 kVA) kr./m að viðbættum kr. 12 570.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 6 660.00
60 amper þrífasa	— 7 980.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma, og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

6. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og verðjöfnunargjald svo og önnur skyld gjöld skv. lögum, eru talin með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi nú þegar. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár Rafveitna Njarðvíkur, Voga og Vatnsleysustrandarhrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 31.00 hver kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 12.10 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 136.00 á ári af hverjum fermetra gólffletar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 47.10 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 7.76 hver kWst.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 17.20 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 400.00 hvert uppsett kW vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 7.05 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
    a. Um kWst.-mæli á kr. 4.93 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
    b. Um tvígjaldsmæli á kr. 29.45 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 5.53 kr. hver kWst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 6 340.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 3.36 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig: Um mæli á kr. 4 171.50 fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess kr. 3.36 á notaða kWst.

    Ef fasviksstuðull er lægri en kr. 0.85, getur rafveitan krafist af notenda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

    Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutruflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 2.20 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 1.10 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Um kWst.-mæli á kr. 0.60 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 07.00.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 9.26 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 17.35 hver kWst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 2.25 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.85 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8.30 og kr. 7.05 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
54. Til gatnalýsingar á kr. 7.05 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarrar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	47.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	56.00 – —
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	140.00 – —
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	210.00 – —
5.	Af álagsstýringarliðum	—	210.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 3×220 V kerfi Amp.	í 3×380 V kerfi Amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald Kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	23 860.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	31 510.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	45 020.00
4.			50 sp.	53 310.00
5.		3 × 100	66	74 050.00
6.	3 × 200		75	90 025.00
7.			100 sp.	106 600.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	147 745.00
9.			150 sp.	169 650.00
10.			200 sp.	213 200.00
11.		3 × 350	231	245 960.00
12.			300 sp.	341 055.00
13.			500 sp.	566 800.00

sp. = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m þannig: Yj = (300 + 4 × kVA) kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m, þannig: Yl = (200 + 3× kVA) kr./m að viðbættum kr. 11 960.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 5 850.00
60 amp. þrífasa	— 7 670.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn samþykkt staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur og Gerðahrepps, nr. 229 10. júlí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 329. 29. október 1974.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Hafnarfjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Hafnarfjarðar Apóteks vera sem hér segir, frá og með 15. nóv. 1974.

Mánudaga—föstudaga	kl. 9—18.30
Laugardaga	— 10—12.30
Helgidaga	— 11—12
Aðfangadag og gamlársdag	— 9—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1974.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

Vélskelflett rækja.	ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	283.00
2. 24×1 lb. blokkfryst	295.00
3. 24×450 gr sérfryst	295.00
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst	295.00
5. 4×2.5 kg sérfryst	295.00
6. 2×5 kg sérfryst	295.00
7. 4×7 kg sérfryst	295.00
8. 1×25 lbs. sérfryst	295.00
9. 15×200 gr sérfryst	300.00
10. Í saltlegi	283.00

Verðbil verður 4% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1974.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

31. október 1974. Nr. 331.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Hlíðarvegi nema Strandvegur.
2. Hásteinsvegur hefur forgang fyrir Boðaslóð, Hólagötu og Brimhólabraut.
3. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Hraunvegi nema Hamarsvegur.
4. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Hamarsvegi nema Stórhöfðavegur.
5. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Höfðavegi.

6. Bifreiðastöður eru bannaðar við Bárustíg að vestan og Vestmannabraut að norðan.

Framangreindar reglur taka gildi 15. nóvember n. k.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 31. október 1974.

Kristján Torfason.

Nr. 332. 4. nóvember 1974.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:
Fastagjald, kr. 350.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
B-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 770.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1974.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 333. 6. nóvember 1974.

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, sbr. auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt Kópavogskaupstaðar nr. 63 17. febrúar 1968.

1. gr.

Aftan við grein 3.1.7. komi svo hljóðandi viðbót.

Byggingarnefnd getur einnig, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar leyft íbúð á jarðhæð, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 3.1.6. enda nái eðlilegur gluggaflötur íbúðarinnar til að minnsta kosti tveggja átta, og að um sé að ræða íbúð, sem hafin var smíði á fyrir 1970.

Framangreind samþykktarbreyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um

breytingar á þeim lögum og skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. nóvember 1974. Nr. 334.

AUGLÝSING
um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Selvogsgötu frá Suðurgötu, 10 metra upp fyrir Brekkugötu og nær bannið til beggja hliða götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. nóv. 1974.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 10. nóvember 1974.

Einar Ingimundarson.

11. nóvember 1974. Nr. 335.

AUGLÝSING
um umferð í Húsavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur til vesturs verður um Höfðaveg frá Héðinsbraut að Laugarbrekku. Akstur vörubifreiða bannaður.
2. Einstefnuakstur til norðurs verður um Túngötu frá Uppsalavegi að **Árgötu**. Akstur vörubifreiða bannaður.
3. Einstefnuakstur verður um Uppsalaveg frá Garðarsbraut að Baughól.
4. Bifreiðastöður vestan Garðarsbrautar frá húsinu nr. 6 að húsinu nr. 10 verða takmarkaðar við 30 mínútur.
5. Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:
   a) Á Hjarðarhól við Garðarsbraut.
   b) Á Árgötu við Garðarsbraut.
   c) Á Vallholtsvegi við Garðarsbraut.
   d) Á Baldursbrekku við Héðinsbraut.
6. Eftirfarandi götur hafa aðalbrautarrétt: **Uppsalavegur** af Holtagerði, **Baughóll** af Uppsalavegi, Álfhóli og Hjarðarhóli, **Fossvellir** af Baughól, Sólvöllum, Iðavöllum og Brávöllum, **Mararbraut** af ónefndri götu við Múla s/f og af Upp-

salavegi, **Árgata** af Túngötu, **Ásgarðsvegur** af Skólagarði, **Miðgarður** af Ketilsbraut, **Stórigarður** af Miðgarði og Ketilsbraut, **Vallholtsvegur** af Ketilsbraut, **Laugarbrekka** af Höfðavegi og Höfða, **Höfðabrekka** af Háhöfða, **Höfðavegur** af Höfðabrekku og Sólbrekku, **Garðarsbraut** af ónefndri götu við Múla s/f, Uppsalavegi, Fossvöllum, Ásgarðsvegi, Árgili, Miðgarði og Stóragarði, **Héðinsbraut** af Laugarbrekku og Höfðabrekku. Verða sett biðskyldumerki við öll vegamót við þessar götur.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Húsavík, 11. nóvember 1974.

Sigurður Gizurarson.

Nr. 336. 13. nóvember 1974.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum 3. greinar reglugerðarinnar, sérlyfið Cyklokapron töflur Kabi, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. nóvember 1974.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 337. 11. nóvember 1974.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1974 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita.

2. gr.

Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1973.
Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

3. gr.

Veiting til hvers höfundar nemi 300 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

4. gr.

Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntamálaráðherra þannig: Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefndir af stjórn sambandsins.

Nefndin ljúki störfum fyrir 22. desember 1974.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í þingsályktun frá 18. maí 1972 og fjárlögum fyrir árið 1974 og öðlast gildi þegar.

Menntamálaráðuneytið, 11. nóvember 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

14. nóvember 1974. Nr. 338.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3. apríl 1973.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

„Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: Vatnsgjald allt að kr. 660.00 á mánuði fyrir hvern lítra í hámarksstillingu hemils".

Gjaldskrárbreyting þessi er ákveðin skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka nú þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1975 skal fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings greind og greidd með heilli krónu þannig að lægri fjárhæð en fimmtíu aurum skal sleppt en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Enginn er skyldugur til að greiða fjárhæð er reiknast lægri en fimmtíu aurar. Hins vegar eru allir skyldugir til að hlíta því að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð í aurum með heilli krónu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 38 frá 8. maí 1974, um breyting á fyrrgreindum lögum, öðlast gildi 1. janúar 1975.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 297 frá 3. desember 1968 um að fjárhæð krafna og reikninga skuli greind með heilum tug aura.

Viðskiptaráðuneytið, 13. nóvember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1974

26. nóvember 1974. 753 Nr. 340.

REGLUGERÐ

um ákvörðun og innheimtu sérstaks verðálags á búvöru.

1. gr.

Við verðlagningu búvöru frá 1. desember 1974, samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga nr. 101/1966, skal hækka verð á mjólk, kindakjöti, nautakjöti og kartöflum sem því svarar, að launaliður verðlagsgrundvallar búvöru hækki um 5,5%. Hækkun þessi miðast við launalið verðlagsgrundvallar eins og hann varð við haustverðlagningu 1974, og hún skal haldast til 31. maí 1975.

Verðhækkun sú, er um ræðir í fyrri málsgr., er ákveðin til þess að standa straum af greiðslu launajöfnunarbóta til tekjulágra bænda, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 88 24. september 1974, um launajöfnunarbætur o. fl.

2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðálag það, er um ræðir í 1. gr., að höfðu samráði við Sexmannanefnd.

3. gr.

Verðálag það, er um ræðir í 1. gr., kemur fram í hækkuðu heildsöluverði og útsöluverði á mjólk og mjólkurvörum, kindakjöti, nautgripakjöti og kartöflum, eftir gildandi starfsreglum Sexmannanefndar, sbr. og II. kafla laga nr. 101/1966.

Verðhækkun þessi skal ekki hafa áhrif á ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar á umræddum vörum, né á krónuupphæð smásöluálagningar.

4. gr.

Aðilar, sem dreifa umræddum vörum í heildsölu, skulu greiða andvirði verðálagsins jafnóðum til Framreiðsluráðs landbúnaðarins, eftir nánari ákvörðun þess. Þessir aðilar eru og skyldir til að láta í té söluskýrslur og hvers konar aðrar upplýsingar, sem með þarf í þessu sambandi að dómi Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráði er heimilt að draga gjaldfallið verðálag frá niðurgreiðslufé, sem sama söluaðila ber, og það jafnt þótt verðálag sé vegna búvöru, sem ekki er greidd niður af ríkissjóði.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aðila, sem framleiða mjólk og selja hana beint til neytenda.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir reikningsskil um tekjur af verðálagi samkvæmt 1. gr. og um ráðstöfun þeirra. Reikningsskil þessi skulu endurskoðuð af endurskoðendum Framleiðsluráðs.

B 95

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 88 24. september 1974, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, og hún öðlast gildi þegar í stað.

Forsætisráðuneytið, 26. nóvember 1974.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 40, nr. 340. Útgáfudagur 27. nóvember 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 — 1974

25. október 1974. 755 Nr. 341.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI
RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

A. 1. Til lýsingar: Um kWst.-mæli á kr. 7.20 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:
Kr. 11.79 á mánuði af hverjum m^2 gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B. 1. Til heimilisnotkunar: Um kWst.-mæli kr. 6.11 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:
Kr. 51.60 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2, skal reikna sem hálft, en ef herbergi er stærra en 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem herbergi.

C. 1. Til véla: Um kWst.-mæli kr. 7.20 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:
Kr. 152.52 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A. 2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:
kr. 29.25 fyrir hverja kWst.

B 2. Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akraneshöfn:
kr. 15.24 fyrir hverja kWst.

C. 2. Til véla í matvælaiðnaði:
Kr. 5.40 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

E. 2. Til götu- og hafnarlýsingar:
Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

A. 3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta ársálag.
Kr. 7 020.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu og kr. 2.08 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI
HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

D. 1. Kr. 3.74 kWst. án rofs.
D. 2. Kr. 2.26 kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D. 3. Kr. 2.10 kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D. 4. Kr. 1.68 kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D. 5. Kr. 1.19 kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.
D. 6. Kr. 1.38 kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D. 3. má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík á hverjum tíma og miðast hér við grunnverðið kr. 11.85 á olíulítra. KWst.-gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.

b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c. Verðlags og hagkvæmi slíkrar sölu að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.

e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D. 1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D. 1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI
MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kWst.-mæli allt að 30 amp.	kr.	19.70 á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mæli 50 amp. og minni	—	39.40 – —
3.	Af þrífasa kWst.-mæli yfir 50 amp. til 200 amp.	—	95.70 – —
4.	Af þrífasa kWst.-mæli yfir 200 amp.	—	142.60 – —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvípóla kl.rofa 40 amp. og minni	kr.	122.30 á mán.
2.	Af þrípóla kl.rofa 60 amp. og minni	—	156.10 – —
3.	Af þrípóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	196.30 – —
4.	Af þrípóla kl.rofa yfir 200 amp.	—	249.60 – —
5.	Af fjarstýrandi klukkurofa	—	40.60 – —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefndir eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. — Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI
TENGIGJÖLD
(Heimtaugargjöld).

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur stofnvara 220 V kerfi Amp.	Málstraumur stofnvara 380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m Kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	12 110.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	17 020.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	24 410.00
1.4		3 × 100	66	40 200.00
1.5	3 × 200		76	45 730.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	75 010.00
1.7		3 × 350	231	128 150.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 4 425.00. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (1058 + 13 × kVA) kr./m. Yfirlengd loftlínu reiknas á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: Yl = (174 + 9 × kVA) kr./m, að viðbættum kr. 8 900.00 á hvern stólpa í umfram línu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald Kr.
2.1	150	85 110.00
2.2	300	170 220.00
2.3	500	270 620.00
2.4	750	401 960.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akranesskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar lagningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 600.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 600 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindu verði er innifalinn 19% söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á 1. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagt 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 199 21. júní 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hofsóskauptún.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR.

1. gr.

Hofsóshöfn takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 1000 metra vestan við Hellisnes, að norðan og sunnan af tveim línum hornrétt á þá línu að norðan um Hellisnes og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

II.. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Hreppsnefnd Hofsós hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með stjórn hafnamála hverju sinni.

Hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarnefnd og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Boðar formaður til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og hreppsnefndar.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð og skal hreppsnefndaroddviti annast það. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjórn við daglegan rekstur hafnarinnar skal hafnarstjórn ráða hafnarstjóra og svo marga starfsmenn aðra, sem þurfa þykir, og setur þeim erindisbréf. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarstjóri í samráði við hafnarstjórn.

Allar ráðningar hafnarstarfsmanna eru háðar samþykki hafnarvarðar, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki hans.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð í höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta

reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum í höfninni. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu gæti verið að ræða. (Sjá 25. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, á bryggjur eða hafnarbakka, kjölfestu, ösku, fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð innan takmarka hafnarinnar. Þá er bannað að blása í skipsflautur eða lúðra innan hafnarinnar frá kl. 24.00 að kveldi til kl. 07.00 að morgni, nema nauðsyn krefji.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

11. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, leyft að leggjast að bryggjunni, þótt önnur skip liggi þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjórn eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

14. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

15. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

16. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur eða strandar, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, veldur óæskilegum áhrifum á innsiglingu til hafnarinnar eða óprýði, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá eiganda farms eða skips.

21. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi

annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

22. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfnina með sérstöku leyfi hafnarstjóra, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

23. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á viku fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það í sundur, svo að það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

24. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarvarðar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarstjóri sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

25. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, gasolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfðu undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi al-

þjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merkið skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

27. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

28. gr.
Lestagjöld.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald. Skip yfir 400 brúttórúmlestir að stærð skulu greiða kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald er kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

29. gr.
Bryggjugjöld.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Öll skip, sem ekki falla undir 30. gr., skulu greiða gjaldið fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 1.50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

30. gr.
Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

a. Opnir bátar greiði kr. 1 000.00 á ári.

b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu eða lengur, skulu greiða kr. 160.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á ári.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 24.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á mánuði.

d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni skulu greiða kr. 2.40 af hverri brúttórúmlest í lesta- og bryggjugjöld fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði. Gjöld þau, er um getur í grein þessari, skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

31. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum er síðar getur.

32. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

33. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi.
b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

34. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarstjórn ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

35. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera krónur 10.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

36. gr.

Vörugjaldskrá.

Brottfluttar og aðfluttar vörur:

1. fl. Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, sement, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.
c. Útfluttar afurðir þ. m. t. sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur, unnar eða hálfunnar.

2. fl. Gjald kr. 150.00/tonn:

a. Unnar iðnaðarvörur þ. m. t. nýlenduvörur, unnar vörur til bygginga, gólfdúkar, flísar, þilplötur, efni til pípulagna, pökkuð matvæli, niðursuðuvörur, fatnaður.
b. Allt ótalið annars staðar (eftir þyngd).

3. fl. Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra þ. m. t. heimilisvélar, landbúnaðar- og vinnuvélar, loft- og rafknúin tæki, skrifstofutæki, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, húsgögn, hljóðfæri, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, fegrunarvörur. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita 50% afslátt. Af vörum undir staflið b. sé gjald kr. 800.00 á tonn, þegar um er að ræða flutning frá útlöndum.

4. fl. Gjald kr. 40.00/rúmmetra:

a. Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl. Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

37. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Allt vörumagn, sem um höfnina fer og ekki er á farmskrá skal vegið á vog hafnarinnar, enda fullnægi hún þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru hverju sinni um mál og vog. Fyrir vigtun á vog hafnarinnar skal eigandi vörunnar greiða í hafnarsjóð vigtargjald, sem nemur kr. 2.00 af hverjum 100 kg.

38. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

39. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

40. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó kr. 500.00 á ári, 12—50 brúttórúmlestir kr. 1 500.00 á ári, 50 brúttórúmlestir og yfir kr. 3 000.00. Gjalddagi er í apríl ár hvert.
b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

41. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greidd samkvæmt reikningi frá hafnarsjóði.

42. gr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

43. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, uns hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

44. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 38. og 39. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða vandvirði þeirra, uns gjaldið er greitt.

45. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjórn um afnotin.

46. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

47. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn

við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

48. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

49. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

50. gr.

Allir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

51. gr.

Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur er um þær er að ræða.

52. gr.

Innan hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

53. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggi umsögn hafnarstjórnar þar að lútandi.

54. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

55. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hofsóskauptún, nr. 192 8. júlí 1968.

Samgönguráðuneytið, 25. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 30.30 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 92.30 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 45.50 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 7.76 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 8 475.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst-mæli á kr. 2.52 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 8 475.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 2.52 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 8 020.00 á hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 8 475.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 2.52 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 93.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 37.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 73.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

Án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 4.20 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.00 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 2.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 572.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 1.04 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.20 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 2.80 hver kWst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.15 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 7.30 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 15.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	45.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	55.00 — —
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	—	92.00 — —
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	156.00 — —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	145.00 — —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	275.00 — —
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	—	156.00 — —
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	—	275.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara Amp.	Hámarks-afl kVA	Heimtaug-argjald Kr.
1.	3 × 60	22	34 892.00
2.	3 × 100	38	51 400.00
3.	3 × 200	75 sp.	101 000.00
4.	3 × 350	132	165 300.00

Sp = spennir.

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá

lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 7 350.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 9 200.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 100.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 1 100.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimit að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni.

Innifalið í gjaldskránni eru söluskattur, verðjöfnunargjald, sem og önnur lögskyld gjöld.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 251 6. ágúst 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 30.70 hverja kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 13.00 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal.
    Fastagjald reiknast þannig:
    a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 10.30 á ferm. á mánuði.
    b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 5.20 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 7.60 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 57.00 á mánuði af hverju herbergi.
    Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli þannig: Á kr. 21.00 hverja kWst.-ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 10 kW.
    a) Kr. 6.20 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
    b) Kr. 8.40 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
    c) Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
    Aflgjald af notuðu afli kr. 53.45 á kWst. á ári.
    Orkugjald af allri orkunotkun kr. 2.90 á kWst.
    d) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
    Um kWst.-mæli á kr. 2.90 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 6 668.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 3.60 hver kWst.
42. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.90 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
45. Til fasttengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli á kr. 2.46 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 08 og kr. 6.95 hver kWst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 13.00 hver kWst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 3 482.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 50 amp. og minni	kr.	55.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	65.00 - —
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	90.00 - —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	160.00 - —
5.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	—	200.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verðmæti mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald kr.	Lengdargjald kr.
1.	60 A 1-fasa	3 240.00	1 380.00
2.	60 A 3-fasa	3 240.00	1 680.00
3.	100 A 3-fasa	9 600.00	1 900.00
4.	200 A 3-fasa	33 000.00	2 890.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 19% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitna ríkisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 188 13. júní 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1974.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. nóvember 1974. Nr. 345.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 27.80 hverja kWst.

1.2. Um kWst.-mæli á kr. 13.90 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 88.00 á m^2 á ári í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum, og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur kr. 44.00 á m^2.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 6.80 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 52.00 á mán. af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 ferm., skal telja sem hálft, þó þannig, að ekki skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 ferm. Herbergi, sem eru stærri en 25 ferm., skal telja sem tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 13.90 hverja kWst.

3.2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

Aflgjald af notuðu afli kr. 7 050.00 kW/ári. Orkugjald af allri notkun á kr. 2.20 hverja kWst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með jöfnu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 22 000.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má velja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.

4. Hitun.

4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 6.80 hverja kWst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.

4.2. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum á kr. 2.20 hverja kWst. á tímanum frá kl. 22—10, á kr. 5.80 hverja kWst. á tímanum frá kl. 10—22, enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta álagstíma rafveitunnar, þó ekki lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.
4.3. Til húshitunar um kWst.-mæli á kr. 1.90 hverja kWst., enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta annatíma rafveitunnar, þó ekki lengur en tvær stundir í senn.

5. Önnur notkun.

5.1. Til götu- og hafnarljósa um kWst.-mæli á kr. 5.60 hverja kWst.
5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 13.90 hverja kWst.
5.3. Til súgþurrkunar um kWst.-mæli á kr. 3.80 hverja kWst.
5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.
5.5. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðull lægri, er heimilt að miða raforkuverðið við kVA og kVAst. í stað kW og kWst.
Lágmarkskostnaður um hverja heimtaug skal vera kr. 2 500.00 á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum	kr.	56.00 á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 100 A og minni	—	123.00 — —
3.	Af mestaaflsmælum 100 A og minni	—	300.00 — —
4.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 A	—	380.00 — —
5.	Af skiptiklukkum	—	56.00 — —
6.	Af ljósnæmisrofum	—	220.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:
Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

	Heimtaugar kr.	Yfirl. pr./m kr.
60 A 3-fasa	22 900.00	1 216.00
100 A 3-fasa	33 360.00	1 422.00
125 A 3-fasa	41 700.00	1 627.00
200 A 3-fasa	66 340.00	2 022.00
350 A 3-fasa	116 700.00	2 812.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA, (hér kann að þurfa spennistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 630.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varstærðina 350, 400 eða 630 amp. Yfirlengdargjald miðast við 350 amp. samkvæmt töflu. Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 amp. reiknast frá varkassa, stystu greiðfæra leið að

lóðarmörkum. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaug akbraut skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 amp. reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald kr. 2 500.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper 2-fasa ..... kr. 6 160.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða ⅓ hluta heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum viðvart um það fyrir fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veituna vegna vanskila á gjöldum rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir veituna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 500.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 250.00 í skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. okt. 1974, er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Söluskattur, verðjöfnunargjald svo og önnur lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 176 4. júní 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 31.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 9 100.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 11/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾″	kr.	330.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2″	—	600.00 — —
3. Fyrir hemla	—	330.00 — —

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa er sem hér segir:
Allt að 400 m³ kr. 66 000.00.
400 til 2000 m³ kr. 66 000.00 af 400 m³ + kr. 55.00 á m³ þar yfir að 2000 m³.
2000 m³ kr. 154 000.00 + kr. 45.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 9 600.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tenging heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 560.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 136 14. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Kópavogi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Kópavogi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Kópavogs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0.22% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri, en svarar kr. 8.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 5.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 10.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1100.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1290 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breyting á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitunni, skal greiða tengigjald kr. 13.50 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 9.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu, áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.44% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 16.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 11.00 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 20.10 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 2 200.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Framtalin gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 1290 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni, þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um lækkun gjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að beita heimild í 17. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. og lækka í 15% toll af eftirtöldum hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur, en efni þessi teljast til tollskrárnúmers 38.19.19:

ADMUL GLP
ADMUL GMS — SF/40
ADMUL MGA
ADMUL MGK
ADMUL MGP
ADMUL POLYESTER 19
ADMUL POLYESTER 57
ADMUL WOL
ADMUL 69/1
AMPHISOL
AROCLOR 1248
AROCLOR 5460
ASCININ R KONZ
AVOLAN IL

BASOLAN — DC
BEN — A — GEL
BENTONE
BLANKIT IAN
BLANKIT IN

CERECLOR 42
CLOPHEN A60
COBALT 254
COBALT OCTOATE 6% og 12%
COLLUPULIN
CREMODAN SE 34

DESMODUR VERSUCHSPRODUKT DD 3058
DIMODAN CP
DIMODAN LS
DIMODAN PV
DIMODAN P
DIMODAN S
DUOSAL

FOAM STABILIZER (FOAMDEX)
FRUCTODAN DC

HOMODAN M54
HOMODAN MO
HOMODAN PT
HOMODAN RM
HOMODAN RMS
HYMONO SF/33
HYMONO SF/44

IRCOGEL 2354
ISONE D

LEROMOLL 112
LUAKTIN KONZ
LUDOX A 50
LUDOX P 40

MAGILEX 805
MATTIERUNGSMITTEL OK 412
MESAMOLL
MESITOL —NBS

NEUTRIGAN
NOPCO NXZ
NOPCO NDW
NOPCO 141 — A
NOPCO 2219 — A
NOPCO 8034

PAGIN 35
PALSGAARD 0138
PALSGAARD 0206
PALSGAARD 1305
PALSGAARD 4104
PALSGAARD 5108
PALSGAARD 5902
PALSGAARD 5915

SETAMOL WS

TANAVOL M-RH
TARI TF 5
TRIODAN 20

UNOSAL
UV. ABSORBER 318

VERDÜNNER UPL 2246

ZEOLITH — T — pasta (50% í laxerolíu)
ZEOLITH — T — pulver
ZIRGEL—K

2. gr.

Framangreind lækkun er því skilyrði háð, að innflytjandi stundi iðnrekstur og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan verði eingöngu notuð sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvöru.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 218 24 sept. 1970 ásamt auglýsingum nr. 94 25. maí 1971 og nr. 292 20. október 1972 um breytingu og viðbót við hana og auk þess þau fyrirmæli önnur, er brjóta kunna í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1974.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 350. 12. nóvember 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 28.00 hverja kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 14.00 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólffleti:
a) fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 6.70 á m^2 á mánuði,
b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 3.35 á m^2 á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 7.00 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárliðum 1.1. eða 1.2.
2.2. Um kWst.-mæli á kr. 5.60 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemur kr. 3.35 af m^2 á mánuði af gólffleti íbúðar. Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 14.00 hverja kWst.
3.2. Stórnotkun á mestaaflsmæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 7 246.00 á kW á ári.
Orkugjald kr. 2.50 hverja kWst. af allri notkun.

3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandi skuldbindur sig að kaupa 20 000 kWst. á ári, má selja orku um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20.000 kWst. ársnotkun kr. 7.00 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 4.60 á kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 4.30 á kWst.

4. Hiti.

4.1. Til húshitunar og til hitavatnsgeyma um kWst.-mæli á kr. 2.00 hverja kWst.
4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli á kr. 1.80 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring skv. nánari ákvörðun rafveitustjóra.
4.3. Til húshitunar yfir sumarmánuðina er heimilt að selja raforku á kr. 1.00 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar eru:
a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, búnaður og lagnir í sambandi við rafmagnshitunina séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmangshitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 14.00 hverja kWst.
5.2. Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár skal selja undir gjaldskrárlið 1.

Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasamælum 30 amp.	kr.	20.00 á mán.
2.	Af þrífasamælum 50 amp.	—	25.00 – —
3.	Af þrífasamælum 50—100 amp.	—	35.00 – —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp.	—	120.00 – —
5.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	220.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal greiða ársleigu, sem á að vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leiga mælitækja innheimtist um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimaugargjöld	Stofngjald Kr.	Yfirlengd Kr./m
35 A 3ja fasa jarðstrengur	24 000.00	1 340.00
63 A 3ja fasa jarðstrengur	30 600.00	1 640.00

Heimaugargjöld	Stofngjald Kr.	Yfirlengd Kr./m
100 A 3ja fasa jarðstrengur	38 000.00	1 840.00
125 A 3ja fasa jarðstrengur	47 500.00	2 080.00
200 A 3ja fasa jarðstrengur	74 000.00	2 820.00
300 A 3ja fasa jarðstrengur	106 900.00	3 430.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugarlögn krefst óvenju mikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjóra í hverju tilviki.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi.

Fyrir hús, sem áður hafa verið greidd heimtaugargjöld, greiðist aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til hitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á dieselolíu 1. nóvember 1974, eða kr. 14.30 pr. lítra, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt reglugerð Rafveitu Siglufjarðar 27. apríl 1949 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 38 31. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A 1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst.

A 2. Um kWst.-mæli á kr. 8.00 hver kWst., auk fastagjalds af gólffleti, er nemi kr. 80.00 á ferm. á ári í rúmi því, er lýsa á.

A 3—6. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólffleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:

a. Orkugjald kr. 7.50 hver kWst.

b. Grunngjald (mælisleiga innifalin):
Af einfasamælingu kr. 800.00 á ári.
Af þrífasamælingu kr. 1 600.00 á ári.

c. Herbergisgjald kr. 800.00 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm., skal reikna sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun o. fl.

C 1. Um kWst.-mæli á kr. 13.00 hver kWst.

Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.

C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af mældu afli kr. 8 330.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 2.64 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 1.52 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 0.76 hver kWst.

C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 7 500.00 á hvert kW í málraun véla.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 2.64 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 1.52 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 0.76 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 35% á taxta C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist, að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 2.40 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 3.17 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar eru, að:

Vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað samkv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 7.50 hverja kWst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.

F 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 14.00 hverja kWst.

F 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 50 000.00 á hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

F 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 20 000.00 á hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr.	250.00 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	—	500.00 – —
3.	Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennamælum)	—	1 600.00 – —
4.	Af mestaaflsmælum 60 A og minni	—	1 600.00 – —
5.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A (straumspennamælum)	—	2 700.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun		Stofngjald Kr.	Lengdargjald[1] Kr./m
63 A	einfasa	52 000	1 200
63 A	þrífasa	57 000	1 500
100 A	þrífasa	68 000	1 800
200 A	þrífasa	110 000	2 500
315 A	þrífasa	220 000	3 500
300 kVA	þrífasa	320 000	skv. kostnaði
500 kVA	þrífasa	530 000	skv. kostnaði
800 kVA	þrífasa	850 000	skv. kostnaði

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald[1][2] Jarðstrengur Kr./m	Loftlína Kr./staur
63 A einfasa	9 500	1 200	18 000
63 A þrífasa	13 000	1 500	20 000
100 A þrífasa	14 000	1 800	24 000

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

---

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 780.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

17% söluskattur, 1% viðlagasjóðsgjald og 1% gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu, ásamt 13% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins, er innifalið í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 77 4. apríl 1972, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 352. 12. nóvember 1974.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. nóvember 1974. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hildar Ólafsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist í Reykjavík 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 55 760.00, sem safnað var meðal skólasystkina Hildar, skátafélaga, ættmennum, vina og annarra velunnara.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla tónlistarlíf við Kópavogskirkju með því að styrkja tónleikahald í kirkjunni.

5. gr.

Sjóðurinn er í vörslu Kársnessafnaðar.

6. gr.

Sjóðstjórnin sér um ávöxtun sjóðsins á þann hátt, sem hún telur arðbærast á hverjum tíma.

7. gr.

Vöxtum má verja, eftir því sem sjóðstjórn þykir hæfilegt, til þess að styrkja tónleika í Kópavogskirkju.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Kársnesprestakalls, formaður sóknarnefndar og organisti Kársnessóknar.

Sjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

9. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal stjórnin láta skrá í sérstaka bók.

Stjórnin leggur árlega endurskoðaðan reikning sjóðsins fyrir aðalsafnaðarfund til staðfestingar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og samþykkt safnaðarfundar. Meðan foreldrar Hildar eða systkini eru á lífi þarf samþykki þeirra til breytingar á skipulagsskránni.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

15. nóvember 1974. Nr. 353.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 30.30 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 15.11 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 92.30 á hvern fermeter gólffletatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 45.50 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 6.92 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 67.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ganga, baðherbergi og geymslur skal ekki telja. Herbergi sem minna er en 5 ferm. skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 8 475.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 2.52 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 8 475.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 2.52 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 8 020.00 á hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 8 475.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 2.52 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólffletargjald vegna ljósanotkunar kr. 93.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 37.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólffletargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 73.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun
án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 4.20 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.40 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 2.40 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 572.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 1.04 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.20 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 2.80 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.15 hverja kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 7.30 hverja stund frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 15.00 hverja kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	45.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	55.00 - —
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	—	92.00 - —
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	156.00 - —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	145.00 - —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	275.00 - —
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	—	156.00 - —
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	—	275.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	34 892.00
2.	3 × 100	38	51 400.00
3.	3 × 200	75 sp.	101 000.00
4.	3 × 350	132	165 300.00

Sp. = spennir.

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, og greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	7 350.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	9 200.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúss, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 100.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 100.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur.

Iðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 354. 15. nóvember 1974.

AUGLÝSING

um sérlyf, sem samþykkt hafa verið til upptöku á sérlyfjaskrá.

Eftirtalin sérlyf hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:

AMOXIL (Beecham, 1646)	
Dreifuduft 4. fl.	1 ml inniheldur: Amoxycillini trihydras 50 mg.
Hylki 4. fl.	Hvert hylki inniheldur: Amoxycillini trihydras 0,375 g.

BACTRIM (Roche, 1617) Stungulyf 4. fl.	Hver lykja inniheldur: Trimethoprimum NFN 80 mg, Sulfamethoxazolum NFN 0,4 g.
CALMURIL-HYDROCORTISON (Asa, 1685) Krem 50. fl.	1 g inniheldur: Carbamidum 0,1 g, Acidum lacticum 50 mg, Hydrocortisonum NFN 10 mg.
DALACIN C, (Upjohn 1234) Dreifuduft 4. fl.	1 ml af lyfinu fullbúnu inni- heldur: Palmitatestra af Streptovarycini chloridum NFN, samsvarandi Streptovarycinum NFN 15 mg.
DOPAMET (Dumex, 1693) Töflur 30. fl.	Hver tafla inniheldur: Methyldopum NFN 0,25 g (Filmhúðað).
DOPAMET (Dumex, 1628) Töflur 30. fl.	Hver tafla inniheldur: Methyldopum NFN 0,5 g (Filmhúðað).
DUO-AUTOHALER (Riker, 1464) Innúðalyf 32. fl.	1 ml inniheldur: Isoprenalini chloridum NFN 8 mg, Metaoxedrini bitartras NFN 12 mg.
FUNGILIN (Squibb, 1667) Töflur 4. fl., 47. fl.	Hver tafla inniheldur: Amphotericinum NFN 10 mg.
ISO-AUTOHALER (Riker, 1465) Innúðalyf 32. fl.	1 ml inniheldur: Isoprenalini sulfas NFN 4 mg.
LOMUDAL (Fisons, 1561) Duft í hylkjum til innöndunar 32. fl.	Hvert hylki inniheldur: Natrii cromoglicas NFN 20 mg.

SEPTRIN (Wellcome, 1720)	
Saft 4. fl.	1 ml inniheldur: Trimethoprimum NFN 8 mg, Sulfamethoxazolum NFN 40 mg.
Töflur 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Trimethoprimum NFN 80 mg, Sulfamethoxazolum NFN 0,4 g.
Töflur paediatric 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Trimenhoprimum NFN 20 mg, Sulfamethoxazolum NFN 0,1 g.
TRASICOR (Ciba-Geigy, 1250)	
Töflur 14. fl., 30. fl., 31. fl.	Hver tafla inniheldur: Oxprenololi chloridum NFN 80 mg.
TROBICIN (Upjohn, 1539)	
Stungulyf 4. fl.	Hvert hettuglas inniheldur: Spectinomycini chloridum NFN 0,2 g, þurrefni. Leysir fylgir.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 355. 18. nóvember 1974.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 33.33 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 9.45 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 4 821.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 143.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 33.33 hver kWst. til ljósa og kr. 7.64 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 6.31 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 50.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti

skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 6.30 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 16.09 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 5 312.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 2.73 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 4 719.00 hvert kW sem er fram yfir 50 kW og kr. 2.56 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 9.44 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 9.91 hver kWst. fyrir búrekstur.

C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 1.21/1.03 hver kWst. og kr. 10 051.00 hvert kW.

C—7 Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 1.30 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 2.00 hver kWst. til hitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 2.70 hver kWst. til hitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Kr. 1.57 hver kWst. til hitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til 8.

D—4 Kr. 1.16 hver kWst. til hitunar (næturhita), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.18 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.

D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.03 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 4.30 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

E—2 Kr. 5.59 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

E—3 Kr. 2.73 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

E—4 Kr. 3.25 hver kWst. til súgþurrkunar.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 2.96 hver kWst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.

2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða **árs**leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	487.00	600.00	653.00		
3-fasa kWst.-mælar	799.00	1 265.00	1 631.00	2 717.00	5 976.00
Tvígjalds- og mestastraumsmælar .		1 631.00	2 717.00	4 376.00	8 762.00
Skiptirofar/skiptiklukkur		2 017.00			

Að öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. **Leigan** skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 500.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

IV. HEIMTAUGARGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. Kr.	Stofngjald Loftlína Kr.	Lengdargjald Jarðstr. Kr./m	Lengdargjald Loftlína Kr./stólpi	Umframgjald Loftlína Kr./stólpi
25 A 1-fasa	—	5 500.00	—	Innifalið	10 000.00
25 A 3-fasa	—	8 000.00	—	—	14 000.00
63 A 1-fasa	40 000.00	8 000.00	Innifalið	—	14 000.00
63 A 3-fasa	44 000.00	9 300.00	—	—	15 500.00
110 A 3-fasa	54 000.00	11 000.00	—	—	19 000.00
200 A 3-fasa	31.000.00	—	2 300.00	—	—
315 A 3-fasa	94 000.00	—	3 100.00	—	—
300 kVA 3-fasa	250 000.00	—	skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	400 000.00	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	650 000.00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í hitaveitu.

7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er í bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 110 21. mars 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

20. nóvember 1974. Nr. 356.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 1.125% af fasteignamatsverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 34.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 68.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 450.00 í afgreiðslugjald, ef

vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 900.00, ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum. Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu þess samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út.

Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. grein.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.

7. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjald skal greiða 2.25% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

11. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

12. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 2 250.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

13. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Fiskiðnaðurinn.

14. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, sem öðlaðist gildi um áramótin 1971—1972.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 95 frá 11. apríl 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

21. nóvember 1974. Nr. 357.

REGLUGERÐ

um merkingu þorskfiskneta.

1. gr.

Allir netadrekar skulu greinilega merktir einkennisstöfum þeirra skipa, sem nota þá. Verði eigendaskipti á skipi og netaveiðarfærum eða eingöngu netaveiðarfærum, ber seljanda að afmá merki sín af netadrekunum og kaupanda að setja einkennisstafi síns skips í staðinn. Merki þessi skulu annað hvort vera höggvin í eða soðin á.

2. gr.

Allar netabaujur skulu merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála einkennisstafi skipsins, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með merki skipsins. Undir fyrrnefndu flaggi skal koma fyrir öðru flaggi þar sem á er málað númer hverrar netatrossu þannig, að allar netatrossur skipsins séu tölusettar frá einum og til þess fjölda, sem skipinu er heimilt að nota samkvæmt reglugerð nr. 51 frá 23. mars 1972 um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetum. Auk þessa skulu allir belgir greinilega merktir með einkennisstöfum þess skips, sem notar þá.

3. gr.

Skipstjóra skal skylt að merkja net sín þannig, að glöggt megi greina, hvor endi netatrossu sé austur- eða vesturendi og er þá miðað við réttvísandi norður- og suðurlínu. Skal merking framkvæmd á þann hátt, að á miðju baujustangar á vestari enda trossu skal komið fyrir netahring (flot), sem hæglega má losa og færa milli bauju. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar er skipstjóra skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

4. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum, geta sérstakir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins haft eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er hann telur nauðsynlegar, enda valdi eftirlitið sem minnstri truflun og óþægindum við veiðarnar.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og öðlast gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1974.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 358. 22. nóvember 1974.

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði á Hvanneyri.

A. BÚFRÆÐINÁM

I. KAFLI

Hlutverk bændaskólanna, skipulag og stjórn þeirra.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaefnum hagnýta þekkingu í búrekstri.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin kennslu- og tilraunabú. Þar skulu gerðar tilraunir og athuganir í þágu landbúnaðarins.

3. gr.

Skólarnir heyra undir landbúnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðherra hefur í hendi yfirstjórn þeirra og skólabúanna.

4. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, ákveðið verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og ákveðið um eitt ár í senn, að einungis önnur deild þeirra starfi.

5. gr.

Heimilt er í samráði við landbúnaðarráðuneytið að halda námskeið á vegum bændaskólanna fyrir bændur og bændaefni, svo og fyrir aðra, sem starfa á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

6. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, undirbúningsdeild og bændadeild. Heimilt er skólastjóra að skipta hverjum námsvetri í 2 námsannir. Skólasetning skal fara fram eigi síðar en 15. október. Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum

dögum meðtöldum. Heimilt er að fella niður kennslu allt að einum degi í mánuði eða lengja jólaleyfi allt að því, sem þessu nemur. Heimilt er að hafa 7 daga páskafrí. Skólaslit fari fram ekki síðar en 15. maí.

Heimilt er að hafa námskeið í verklegum greinum allt að hálfum mánuði á ári utan hins venjulega skólatíma.

7. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundir eða til verklegs náms eða brjóti reglur skólans, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skóla.

II. KAFLI

Skólastjórar, kennarar, störf þeirra og launakjör.

8. gr.

Við hvorn skóla skulu vera í það minnsta sex starfsmenn miðað við fullt skólastarf. Þeir eru skólastjóri og fimm kennarar og er einn þeirra yfirkennari, sem fer með störf skólastjóra við búnaðarskólann í forföllum og fjarveru hans, eftir nánari ákvörðun skólastjórans. Starfsmenn þessir skulu hafa kandidatspróf í búfræði eða hliðstæða menntun. Ef sérstakur kennari er ráðinn til kennslu í almennum námsgreinum, smíðum og leikfimi, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari í vélfræði, meðferð og hirðingu búvéla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið á annan hátt þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Þeir menn, er lokið hafa námskeiði í kennslutækni til viðbótar kandidatsprófi í búfræði, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir í þessi störf. Ráðherra skipar skólastjóra. Hann skipar einnig yfirkennara og kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Aukakennara ræður skólastjóri.

9. gr.

Launakjör skólastjóra og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Fyrir bústjórn skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Skólastjóri skipuleggur kennsluna og störf, sem kennurum eru falin. Honum ber að halda kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til eða þegar meiri hluti kennara óskar þess. Á þessum fundum skulu skólastjóri og kennarar ræða framkvæmd kennslunnar og annað, sem við kemur starfsemi stofnunarinnar. Skólastjóri skal fylgjast með störfum kennaranna og námi nemenda. Honum er heimilt að fela kennurum eftirlit með nemendum.

Skólastjóri sér um eignir stofnunarinnar og reikningshald. Reikningarnir skulu gerðir upp um áramótin og þeim skilað til Stjórnarráðsins. Skýrsla um skólann skal birt annað hvert ár.

Skólastjóri sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, en ella selji skólinn nemendum fæði og þjónustu við kostnaðarverði.

10. gr.

Kennurum ber að gegna öllum störfum sínum með áhuga og samviskusemi gagnvart nemendum og stofnuninni í heild.

Hafi kennari ekki fulla kennslu þann tíma, sem skólinn starfar, ber honum að vinna störf í þágu stofnunarinnar í þess stað, t. d. eftirlit með nemendum, í bóka-

safni, við tilraunir og rannsóknir, við viðhald á húsbúnaði og húsum skólans svo og á viðhaldi á vélum og tækjum skóla og skólabús.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum þótt skóla sé slitið, þar til starfstími þeirra hvert ár er orðinn 9 mánuðir. Heimilt er þó skólastjóra, að höfðu samráði við ráðherra að haga ráðningu starfsmanna á annan hátt. Um daglegan vinnutíma, skal miðað við ákvæði kjarasamninga.

III. KAFLI
Inntaka og inntökuskilyrði.

11. gr.

Skrifleg beiðni um upptöku í skólann skal senda skólastjóra fyrir lok ágústmánaðar hvert ár. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og svarar umsækjendum.

12. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

a. að umsækjandi sé fullra 17 ára, þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
b. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnaðarstörf eftir fermingu, þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda mæli sérstakar ástæður með.
c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.
d. Heimilt er að taka nemendur inn í bændadeild skólans, ef þeir að dómi skólastjóra hafa aflað sér bóklegrar þekkingar, er samsvari a. m. k. námi undirbúningsdeildar. Skulu þeir ganga undir próf í þeim námsgreinum undirbúningsdeildar, sem skólastjóri ákveður.

IV. KAFLI
Námsefni og próf.

13. gr.

Námsefni undirbúningsdeildar skal sem næst svara til námsefnis gagnfræðastigsins í eftirtöldum námsgreinum.

Íslensku, stærðfræði, grasafræði, eðlisfræði, dönsku (ensku) og bókfærslu. Þá skulu einnig kenndar búsmíðar í undirbúningsdeild, teljast þær ein einkunn. Eina einkunn skal gefa fyrir stærðfræði, íslensku, grasafræði og eðlisfræði. Hálfa einkunn skal gefa fyrir dönsku (ensku) og bókfærslu.

14. gr.

Námsefni, sem lagt er til grundvallar í námi bændadeildar, er skipt í námsgreinahópa. Hverjum námsgreinahóp er síðan skipt í námsgreinar. Kennsluefni í einstökum námsgreinum skal hagað samkvæmt námsskrá, sem skal liggja fyrir í byrjun hvers skólaárs.

Námsefni skiptist í námssvið, sem hér segir, og skulu vægi þeirra á brottfararprófi vera innan neðangreindra marka:

	Vægi		
	bókleg	verkleg	samtals
A. Líffræði:			
(Líffærafræði jurta og dýra, lífeðlisfræði jurta og dýra, gerlafræði, erfðafræði og efnafræði)	3—4	1	4—5
B. Búfjárrækt:			
(Fóðurfræði, kynbótafræði, sköpulag búfjár og			

	Vægi bókleg	Vægi verkleg	samtals
dómar, tamningar, almenn búfjárfræði, mjólkurfræði, vélrúningur og mjaltir)	4—5	2—3	6—8
C. Bústjórn: (Bókfærsla og búreikningar, búnaðarstefnur og saga, rekstrarhagfræði og vinnufræði, þjóðhagfræði og þjóðfélagsfræði, búnaðarlöggjöf)	3—4	1—2	4—6
D. Bútækni: (Vélfræði, verkfærafræði, byggingafræði og heyverkun)	3—4	2—3	5—7
E. Jarðrækt: (Jarðfræði, jarðvegsfræði, áburðarfræði, jarðvinnsla, vatnsmiðlun, nytjajurtir, nýrækt, veðurfræði)	5—6	1—2	6—8
F. Umhverfismál og hlunnindi: (Fiskeldi, fiskirækt og hlunnindi, ferðamál, náttúruvernd og mengun)	0—2		0—2

Tengja skal saman, eftir því sem kostur er á, hina bóklegu og verklegu þætti námsins.

15. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólastjóra hver úrlausnarefni skuli vera og hver verkleg, og einnig hvort próf skuli vera munnlegt, skriflegt eða hvort tveggja.

16. gr.

Eina samræmda einkunn skal gefa fyrir árangur nemenda á hverju námssviði sbr. 14. gr. Reikna skal sérstaka meðaltalseinkunn fyrir námsárangur í undirbúningsdeild.

Vægi námssviðs og einstakra námsgreina miðast við starfstíma skólanna, og skal eitt vægi svara til stundafjölda einnar starfsviku.

17. gr.

Gefa skal einkunn í hverri deild fyrir ástundun eftir reglum, sem ráðherra setur að fengnum tillögum skólastjóra. Við búfræðipróf telst einkunn fyrir ástundun sem 1 vægi og við próf í undirbúningsdeild sem hálf einkunn.

18. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir mjög lélega frammistöðu.

19. gr.

Við skriflegt próf skal ætla nemendum 2—4 stundir til úrlausnar verkefna eftir ákvörðun skólastjóra. Noti nemandinn óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað íþróttir sakir vanheilsu, eða af öðrum gildum orsökum, getur skólastjóri veitt undanþágu frá prófi í þeirri grein. Einkunn fyrir íþróttir telst 1 vægi á búfræðiprófi.

20. gr.

Til að nemandi standist burtfararpróf, eða próf úr einstökum deildum, skal hann hljóta að minnsta kosti 5.0 í vegið meðaltal allra námssviða og lágmarkseinkunn á hverju sviði að minnsta kosti 3.0. Fái nemandi einkunn 0 á einhverju sviði útilokar það burtfararpróf. Heimilt er að endurtaka próf einu sinni ef nem-

andi fær undir lágmarkseinkunn á allt að 2 sviðum enda sé vegin meðaltalseinkunn hans að minnsta kosti 5.0. Endurtaka prófa fer fram í byrjun næsta skólaárs. Við meðaltalsútreikning gildir þó áfram fyrri einkunn á námssviðum.

Meðaltalseinkunnir	9.0—10.0	teljast	I. ágætiseinkunn
—	7.3— 8.9	—	I. einkunn
—	6.0— 7.2	—	II. —
—	5.0— 5.9	—	III. —

21. gr.

Að afloknu búfræðiprófi skal afhenda nemendum, sem standast prófin, prófskírteini með árituðum einkunnum og fjölda vægja á einstökum sviðum.

Þeir einir, sem lokið hafa prófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

V. KAFLI

Stofn- og rekstrarkostnaður o. fl.

22. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin svo úr garði, að þau geti sem best gegnt hlutverki sínu, samkvæmt lögum og reglugerð, svo og rekstrarkostnaður skólanna, greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstrarhalli á skólabúunum skal hann greiðast úr ríkissjóði.

B. FRAMHALDSNÁM Í BÚFRÆÐI AÐ HVANNEYRI

Um Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri og stjórn hennar.

23. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal vera deild fyrir framhaldsnám í búfræði. Heiti hennar er Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Hlutverk hennar er:

1. Að veita hagnýta og fræðilega menntun í búvísindum og undirstöðugreinum þeirra. Skal kennslan einkum miðuð við það, að nemendur geti orðið virkir leiðbeinendur og tekið að sér trúnaðarstöður í þágu bændastéttarinnar, svo sem störf ráðunauta, kennslu við bændaskóla og tilraunastörf o. fl.
2. Að vinna að rannsóknum á sviði landbúnaðarins.

24. gr.

Skólastjóri hefur á hendi umsjón og stjórn búvísindadeildar og annast reikningsfærslu hennar. Skulu reikningar sendir ráðuneytinu á sama hátt og reikningar bændaskólans. Skýrsla um deildina skal birt með skýrslu bændaskólans.

25. gr.

Námstíminn er þrír vetur. Hefst hann hvern vetur síðari hluta september. Við það skal miðað, að árlegur kennslutími sé minnst 30 vikur.

Auk þess er heimilt, þá er nám stendur, að nota tvívegis allt að einum mánuði að sumri í verklegt nám, svo sem mælingar, tilraunastörf, náttúruskoðun o. fl.

26. gr.

Jólaleyfi skal vera frá 21. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum, og páskafrí allt að 7 dagar.

27. gr.

Vanræki nemandi nám, eða brjóti reglur skólans, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skóla.

28. gr.

Ráðherra skipar yfirkennara og fasta kennara við Búvísindadeild að fengnum tillögum skólastjóra. Þeir einir geta orðið kennarar við deildina, sem eftir kandidatspróf hafa lagt stund á sérnám í þeim aðalgreinum, sem þeim er ætlað að kenna.

Inntökuskilyrði.

29. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru þessi:

a. Að umsækjandi sé búfræðingur og hafi hlotið 1. einkunn við búfræðipróf.
b. Að umsækjandi hafi stúdentspróf eða próf frá undirbúnings- og raungreinadeildum Tækniskóla Íslands.
c. Að hann sé fullra 19 ára.
d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

30. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku skal berast skólastjóra fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

Námsefni og próf.

31. gr.

Kennsla fari fram í fyrirlestrum, umræðuhópum, æfingatímum og yfirheyrslum eftir því sem kennarar ákveða. Skal jafnan kostað kapps um að fá þá kennslukrafta, sem bestir eru fáanlegir í hverri grein.

32. gr.

Námsgreinum skal gefa vægi við einkunnagjöf og mat námsefnis og svarar eitt vægi til einnar viku vinnu í námi.

Námsefninu er skipt í eftirfarandi námssvið:

a.	Undirstöðugreinar	35—40 vægi
b.	Búfjárræktarsvið	10—25 —
c.	Jarðræktarsvið	10—25 —
d.	Hagfræðisvið	6—15 —
e.	Bútæknisvið	6—15 —
f.	Aðalverkefni	6 —

Vægi einstakra námsgreina skal tilkynnt í námsskrá, er skal liggja fyrir við byrjun hvers skólaárs.

33. gr.

Nemendur þurfa 90 vægi hið minnsta til að ljúka prófi.

Námsárangur skal meta með námsverkefnum og/eða prófum.

Próf geta verið munnleg eða skrifleg.

Námsskrá skal liggja fyrir við byrjun hvers skólaárs. Í námsskrá skal tilgreint námsefni og skipting þess í námssvið, vægi einstakra námsgreina og hvernig námsárangur í hverri einstakri námsgrein skuli metinn.

34. gr.

Við skriflegt próf skal ætla 2—4 stundir til úrlausnar verkefni eftir ákvörðun skólastjóra. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

35. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1—10. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir mjög lélega frammistöðu.

36. gr.

Fullnaðareinkunn er vegið meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans úr hverjum bekk fyrir sig ekki vera lægri en 5. Þó stenst enginn próf, sem fær minna en 3 í nokkurri námsgrein.

Fullnaðareinkunnir	9.0—10.0	teljast	ágætiseinkunn
—	7.3— 8.9	—	1. aðaleinkunn
—	6.0— 7.2	—	2. —
—	5.0— 5.9	—	3. —

37. gr.

Nemandi, sem ekki hefur staðist próf í 1 eða 2 námsgreinum, á rétt á því að þreyta prófið í þeim námsgreinum að nýju, en við útreikning á meðaleinkuninni gildir sú einkunn, sem fyrst var gefin. Hafi nemandinn ekki náð lágmarkseinkunn í 3 eða fleiri námsgreinum hefur hann ekki staðist viðkomandi bekkjarpróf. Hljóti nemandinn einkunnina 0 í einhverju fagi, útilokar það bekkjarpróf.

38. gr.

Að afloknum prófum skal afhenda nemendum þeim, sem hafa staðist þau, prófskírteini með árituðum einkunnum og vægjum fyrir hverja námsgrein, meðaleinkunn úr hverjum bekk og fullnaðareinkunn. Prófskírteini þetta veitir rétt til þess að nota titilinn búfræðikandidat (B. Sc.).

39. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum prófnefndar, til að dæma um úrlausnir nemenda í prófunum.

40. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í prófnefnd. Verkefni nefndarinnar er að samþykkja prófverkefni þau, sem nemendur fá til úrlausnar í prófum. Enn fremur ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um val á prófdómendum. Leggja skal námsskrá fyrir prófnefndina.

41. gr.

Starfrækja skal í sambandi við Búvísindadeild fræðilegt bókasafn, einkum varðandi landbúnaðarmál. Skal það vera kennurum og nemendum til afnota, svo og eftir því sem ástæður leyfa, fyrir sérfræðinga á sviði landbúnaðarins. Það er hlutverk deildarinnar að koma á framfæri efni úr ritum þessum, sem haft getur þýðingu fyrir bændur og leiðbeinendur þeirra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 20. apríl 1963, um bændaskóla, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 115 25. maí 1965, um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

26. nóvember 1974. Nr. 359.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð og innheimtir gjald fyrir það eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfum hennar, í té heitt vatn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar Laugaráss fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugarásshéraðs.

3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 48 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjöld:
   a. Af íbúðarhúsum kr. 54.00 pr. rúmm. á ári.
   b. Af verkstæðis- og iðnaðarhúsum kr. 36.00 pr. rúmm. á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 24.000 fyrir hvern notanda á ári.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórnarnefnd Laugarásshéraðs hverju sinni að fenginni heimild ráðuneytisins.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiæðar.

4. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af dældum sekl. kr. 48 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 54.00 pr. rúmm.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 36.00 pr. rúmm.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 24 000.
5. Stofngjöld greiðist þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 3. gr. 6. málslið.

5. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér greinir:
Fyrir janúar—mars 1. apríl.
Fyrir apríl—júní 1. júlí.
Fyrir júlí—desember 1. október.
Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga. Heimilt er að taka dráttarvexti af gjaldföllnum hitaveitugjöldum 2% á mánuði.

6. gr.

Hitaveitu Laugaráss er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld sín. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 14 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 400.00 hverju sinni.

9. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stillikrönum, hemlum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss frá 20. nóv. 1972 ásamt síðari breytingum á henni.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 360. 31. október 1974.

PRÓFREGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 og reglugerð nr. 259 27. ágúst 1974 um Stýrimannaskólann í Reykjavík eru hér með settar eftirfarandi reglur um prófkröfur og tilhögun á prófum:

I. KAFLI
ÁKVÆÐI ÝMISLEGS EFNIS

1. gr.

Skipstjórapróf 1. stigs skal halda í mars—apríl mánuði ár hvert. Skipstjórapróf 2. og 3. stigs skulu haldin í maí mánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji einhver ganga undir þau próf er um getur í 1. gr., án þess að hafa stundað nám við skólann, skal senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það minnst 2 mánuðum áður og skulu beiðninni fylgja vottorð um:

1. að hann fullnægi inntökuskilyrðum 1. bekkjar,
2. að hann hafi lokið IV. stigs sundprófi.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu próftakar mæta í Stýrimannaskólanum og hafa með sér sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna og heimilt er að hafa í prófinu.

4. gr.

Við skipstjórapróf 1., 2., 3. og 4. stigs skal, auk kennarans sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein og skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra. Við próf í siglingafræði skulu þó vera tveir prófdómarar.

Próf úr undirbúningsdeild skal haldið af kennurum skólans.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómarar skulu samþykkja prófverkefnin, hver í sinni grein, og skal hvert af skriflegu verkefnunum vera í svo mörgum eintökum að minnsta kosti hver próftaki fái eitt.

6. gr.

Við skrifleg próf fá allir próftakar, sem ganga undir sams konar próf, sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blaðið en vera má verkefnið í fleiri liðum.

Tekið skal fram hve margar einkunnir séu gefnar fyrir verkefnið svo og hve langur tími veitist til úrlausnar.

7. gr.

Nú þykir próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanns.

8. gr.

Skólastjóri ræður eftirlitsmenn við skrifleg próf. Prófdómarar hafa rétt til eftirlits. Meðan á skriflegu prófi stendur mega engir aðrir en próftakar, skólastjóri, hlutaðeigandi kennarar og eftirlitsmenn vera í prófstofunni. Eftirlitsmenn bera ábyrgð á að engum brögðum sé beitt við prófið. Þeir skulu vera tveir í hverri prófstofu.

Óheimilt er próftaka að veita eða þiggja hjálp við próf og getur það varðað brottvísun frá prófi á því námsári.

9. gr.

Nú mætir próftaki ekki til prófs eða gengur frá prófi og kennir sjúkleik um en sannar síðar með læknisvottorði að hann hafi verið sjúkur og má þá prófa hann í því sem hann átti ótekið próf í jafnskjótt og því verður við komið á sama próftíma.

10. gr.

Sannist það að próftaki hafi hegðað sér ósæmilega við prófið má vísa honum frá prófi.

11. gr.

Áður en prófið byrjar skal samin próftafla og fest upp í Stýrimannaskólanum, minnst einni viku áður en próf byrja. Skulu prófdómarar og próftakar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

12. gr.

Munnleg verkefni skulu vera tveimur fleiri en próftakar. Við prófið dregur hver próftaki sitt verkefni. Próftakar skulu prófaðir eftir stafrófsröð.

13. gr.

Við einkunnagjöf skal notaður einkunnastigi frá 0 til 10 í heilum og hálfum bilum. Við einkunnagjöf á prófi skal taka tilliti til frammistöðu nemandans um veturinn að dómi kennara.

II. KAFLI
NÁMSEFNI TIL PRÓFS

14. gr.

Undirbúningsdeild.

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur:* Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum, jákvæðum og neikvæðum. Bókstafareikningur. Jöfnur með einum óþekktum. Þríliðu- og hlutfallareikningur. Prósentureikningur og vaxtareikningur. Að hefja upp í veldi og draga út tvíveldisrót (kvaðratrót). Veldisreikningur.
2. *Flatarmálsfræði:* Flatarmál þríhyrninga, reglulegra ferhyrninga og hrings.
3. *Rúmmál:* Rúmmál réttstæðra hluta.

Eðlisfræði (skrifleg):

1. *Aflfræði:* Metrakerfið og tímamælingar. Hreyfing eftir beinni braut. Jafn og ójafn hraði, hröðun. Gerð efnis. Frumeindir og sameindir. Rafeindaskipan. Jónir. Massi og eðlismassi (eðlisþyngd).

   Kraftur, samsetning og sundurliðun krafta, vogarstöngin. Þyngdarlögmálið. Hringhreyfing. Vinna og orka, afl.
2. *Vökvar og lofttegundir:* Einkenni fastra, fljótandi og loftkenndra efna. Þrýstingur í vökvum. Lögmál Arkimedesar. Þrýstingur lofttegunda. Lögmál Boyle Mariottes.
3. *Varmi:* Þensla við hitun. Hitamæling. Straumar í vökvum. Varmaleiðni, varmageislun. Varmi og eðlisvarmi. Bráðnun og storknun. Gufun og þétting. Suða. Varminn sem ein mynd orku.

Íslenska (skrifleg):

Nemendur skulu læra íslenska réttritun og undirstöðuatriði íslenskrar málfræði, einkum um þau atriði er stuðla að stafsetningarkunnáttu.

Nemendur skulu þekkja orðflokkana og kunna skil á beygingum þeirra, hljóðvörp, klofningu, hljóðskipti í sterkum sögnum og allar helstu réttritunarreglur.

Danska (skrifleg og munnleg):

Lesin kennslubók í dönsku handa byrjendum. Kennd undirstöðuatriði danskrar málfræði og beygingar óreglulegra sagna sem koma fyrir í lesefninu. Lögð áhersla á talæfingar og framburð samfellds máls. Stefnt að kunnáttu sambærilegri þeirri sem krafist er til gagnfræðaprófs eða landsprófs.

Enska (skrifleg og munnleg):

Lesin kennslubók í ensku handa byrjendum. Kennd undirstöðuatriði enskrar

málfræði og beygingar óreglulegra sagna sem koma fyrir í lesefninu. Lögð áhersla á talæfingar og framburð samfellds máls. Stefnt að kunnáttu sambærilegri þeirri sem krafist er til gagnfræðaprófs eða landsprófs.

15. gr.

Skipstjórapróf 1. stigs.

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur:* Fyllri þekking á veldi og rót. Jöfnur með tveimur óþekktum stærðum. Notkun reiknistokks. Logaritmar. Fyllri kunnátta í bókstafareikningi.
2. *Flatarmálsfræði:* Reglulegir marghyrningar, sporbaugur, Pythagorasarregla um rétthyrnda þríhyrninga. Uppdrættir, að finna óþekkta parta í þríhyrningi með uppdrætti, að draga hringboga yfir tilnefnt horn. Ummál hrings, flatarmál hrings og reglulegra hyrninga.
3. *Hornafræði:* Hornaföllin, töflur yfir hornaföllin. Útreikningur á rétthyrndum þríhyrningum með notkun hornafallanna. Sinus-regla um flata þríhyrninga.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, breidd og lengd, breiddarmun og lengdarmun, meðalbreidd, afviki, kompáslínum og kompásstrikum.
2. Kompásinn og notkun hans, miðunartæki, radíómiðarinn, misvísun og halli, segulskekkja og helstu orsakir hennar, kompásmisvísun, hvernig stefnur og miðanir eru leiðréttar fyrir segulskekkju og misvísun eða kompásmisvísun. Segulskekkjutöflur og stýristöflur, notkun þeirra og hvernig þær eru búnar til.
3. Sjókort. Gerð sjókorta eftir Mercator-aðferð, mælikvarðar þeirra og línur, hvað standa á í sjókortum og hvernig þau eru notuð.
4. Vegmælar og dýptarmælar. Að leiðrétta stefnur fyrir drift og straumi. Að geta fundið á kortinu komustað þegar kunnur er fararstaður og stefnur þær og vegalengdir sem farnar hafa verið. Að marka stað skipsins á kortið með miðunum, miðum, hornamælingum og fjarlægðarmælingum. Að finna þá stefnu á kortinu sem halda á, leiðrétta hana fyrir straumi og öðrum áhrifum svo að fundin verði sú stefna sem stýra á eftir kompásnum, að finna þá vegalengd sem halda skal og hve langt um líði þangað til komið verður til ákveðins staðar. Leiðarreikningur. Samdráttur. Að reikna stefnu og vegalengd milli tveggja staða.
5. Dagbókarhald, tilgangur skipsdagbókar og hversu í hana skal rita. Kunna að finna með sjávarfallatöflum hvenær flóð verður og fjara.
6. Sextanturinn og notkun hans. Mæling horna milli jarðlægra punkta. Notkun hættuhorna bæði láréttra og lóðréttra.
7. Notkun helstu raf- og radíótækja sem notuð eru um borð í skipum. Radar og notkun hans við siglingar og til staðarákvarðana. Skil á Consol, Loran og Decca til staðarákvarðana. Skil á fiskleitartækjum og notkun þeirra.

Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):

1. Alþjóðlegar siglingareglur og neyðarbendingar. Þekking á reglum þeim sem fylgja ber til að forðast ásiglingu og á ljósum þeim sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum.
2. Hirðing skipa. Undirstöðuþekking á stöðugleika skipa. Talíureikningur, almennar skipamælingar, hleðsluborð og hleðslumerki. Notkun rekakkera, olíu og öryggislína, neyðarstýris. Bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, umbúnaður lestaropa, legufæri, notkun bjargbelta og bjarghringa, björgun manns er dettur útbyrðis.

Kunna að nota almenn bjargtæki við björgun úr sjávarháska. Notkun og hirðing gúmmíbjörgunarbáta. Brunavarnir.

3. Algengustu hnútar sem sjómenn nota, kunna að ganga frá enda, samsetningu kaðla og víra, vafning kaðla og víra, augasplæs. Setja upp og gera við net.

Eðlisfræði (skrifleg):

1. Fyllri kennsla í námsefni undirbúningsdeildar.
2. *Hljóð og ljós:* Öldulengd, tíðni og útbreiðsluhraði ölduhreyfingar. Hljóðöldur og hljóðhraði. Endurkast hljóðsins. Ljósöldur, útbreiðsla ljóss og hraði. Birta og skuggi. Endurkast ljóss og ljósbrot. Litróf.
3. *Rafmagn:* Rafmagnið og gerð frumeindanna. Rafmögnun við núning. Rafsvið. Rafstraumur. Straummæling. Segulsvið umhverfis rafstraum. Rafseglar. Rafspenna, spennumæling, samband straums og spennu. Viðnám, leiðarar og einangrarar. Rafhlöður. Rað- og samsíðatengingar raftauga og rafhlaðna. Efnaverkanir og varmamyndun rafstraums. Span og framleiðsla rafmagns í stórum stíl. Gerð ýmissa rafmagnstækja.

Íslenska (skrifleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í lausu máli og ljóðum. Efnið skal valið þannig að nemendur læri sem flest orðtök er að sjómennsku lúta. Ítarlegri kennsla í réttritun og málfræði en í undirbúningsdeild; merkjasetningu og frumatriði setningafræði. Nemendur skulu þjálfaðir í að skrifa ritgerðir.

Danska (skrifleg og munnleg):

Rifjað upp lesefni IV. bekkjar gagnfræðaskóla eða landsprófsdeildar miðskóla fyrri hluta vetrar. Síðan haldið áfram þar sem því lýkur. Framburður, talæfingar og málfræði. Stíll vikulega, haldið áfram þar sem stílagerð í undirbúningsdeild lauk.

Enska (skrifleg og munnleg):

Rifjað upp lesefni IV. bekkjar gagnfræðaskóla eða landsprófsdeildar miðskóla fyrri hluta vetrar. Síðan haldið áfram þar sem því lýkur. Framburður, talæfingar og málfræði. Stíll vikulega, haldið áfram þar sem stílagerð í undirbúningsdeild lauk.

Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helstu lagaákvæði er varða rétt og skyldur skipstjórnarmanna. Þekking á helstu íslenskum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri og á réttindum og skyldum hans og annarra skipverja, ráðningu og skráningu skipverja.

Heilsufræði (skrifleg og munnleg):

Valdir kaflar úr lækningabókum sjómanna og sé einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Sóttvarnarreglur sem skipum er skylt að hlýða.
3. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum.

16. gr.

Skipstjóraþróf 2. stigs.

Sama námsefni og til skipstjóraprófs 1. stigs og enn fremur:

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Flatarmálsfræði:* Rétthyrnt hnitakerfi og línurit.

2. *Hornafræði:* Fyllri þekking á hornaföllunum og notkun þeirra til að finna óþekkta parta í flötum þríhyrningum.
3. *Rúmfræði:* Afstaða sléttra flata og beinna lína. Fleirflötungar. Yfirborð hluta. Rúmmál og þyngd.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Fyllri þekking á segulskekkju kompássins. Kunna að finna segulskekkju með viksathugun sólar. Þekking á orsökum hallasegulskekkju. Kunna að finna segulskekkju kompássins með því að snúa skipinu í hring og búa til segulskekkjutöflu. Þekkja undirstöðuatriði kompásleiðréttinga og hvaða tæki eru notuð til þess að leiðrétta kompás.
2. Þekking á leiðarbókhaldi. Þekking á tilgangi leiðarbókar, meðferð hennar og hvað og hversu í hana skal rita.
3. Himingeimurinn, sólkerfið, himinkúlan, punktar og línur á himinkúlunni, sólbrautin. Bauganet á himinkúlunni, tímahorn, deklination, stjörnutímahorn (SHA), asimút og hæð. Daglega hreyfingin, eiginhreyfing sólarinnar, belti jarðarinnar og árstíðir. Mismunandi tímatáknun, lengdarmunur og tímamunur, beltatími og skipstími. Ris- og hvarftími sólarinnar, hágöngutími himinhnattar. Að þekkja helstu reiki- og fastastjörnur.
4. Hæðarleiðréttingar. Að finna breiddina með hæð himinhnattar í hádegisbaug, breiddarákvörðun með Pólstjörnunni. Jafnhæðarbaugar, himinstaðarlínur, sæfaraþríhyrningurinn. Hæðaraðferðin, staðarákvarðanir með samtímis staðarlínum eða með staðarlínum sem ekki eru fundnar samtímis. Segulskekkjuathugun með því að miða himinhnöttinn um leið og hæðin er mæld.
5. Fyllri þekking á helstu raf- og radíótækjum sem notuð eru um borð í skipum. Algengar bilanir og viðhald. Fyllri þekking á radar, Loran-, Consol- og Decca-kerfi. Omega staðarlínukerfi. Fyllri þekking á fiskleitartækjum. Þekking á Gýró-kompás.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

1. Kunna að nota alþjóða-merkjabók, að gefa og kunna að taka á móti merkjum með alþjóðlegum merkjaveifum. Þekkja ljós- og hljóð-morsemerki eftir Morsestafrófi, kunna að gefa og taka á móti slíkum merkjum. Notkun radars til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, radar-útsetning (plot).
2. Fyllri þekking á útreikningum er varða stöðugleika skipa. Ferming og afferming skipa.
3. Bátar og notkun þeirra. Tæki til að ferma og afferma skip. Meðferð farms og kjölfestu. Öryggisráðstafanir og útreikningar við skipsströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur við fermingu og affermingu skipa. Skyldur stýrimanns á verði. Stjórn og meðferð báta við margs konar kringumstæður, bæði við land og í rúmsjó. Vatn sem kjölfesta. Helstu ráðstafanir og hvers ber að gæta við flutning ýmiss konar farms. Ráðstafanir til björgunar skips og mannslífa við skipsströnd, árekstur og í rúmsjó. Íkveikjuhætta af farmi, eldsvoði, eldvarnir og slökkvitæki.
4. Björgunaræfingar.

Rafmagnsfræði (skrifleg):

Námsefnið skal valið með tilliti til þess að nemendur öðlist skilning á byggingu raf- og radíótækja sem notuð eru um borð í skipum.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í lausu máli og ljóðum. Fyllri þekking á íslenskri málfræði og setningafræði en til 1. stigs prófs.

Þjálfun í að semja ritgerðir og gera skýrslur er staðan útheimtir.

Danska (skrifleg og munnleg):

Danskir leskaflar eða smásögur. Stílæfingar og málfræðiæfingar. Nemendur skulu æfðir í að tala dönsku.

Enska (skrifleg og munnleg):

Enskir leskaflar eða smásögur. Lesinn fyrri hluti Linguaphone Course og kaflar úr Enskri lestrarbók handa sjómönnum. Stílæfingar og málfræðiæfingar. Nemendur skulu æfðir í að tala ensku.

Sjóréttur (skriflegur):

Fyllri þekking en til skipstjóraprófs 1. stigs. Helstu lagaákvæði er varða skip, skipstjórnarmenn og aðra skipverja. Vald skipstjóra og starfsskyldur. Umboð skipstjóra. Sjótjón. Árekstur skipa. Björgun. Sjóveð. Ábyrgð útgerðar. Sjópróf.

Heilsufræði (munnleg):

Fyllri þekking en til skipstjóraprófs 1. stigs, einkum um næma sjúkdóma, samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim. Meðalakistan.

Vélfræði (skrifleg):

Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirða og eldsneyti. Hjálparvélar.

Bókhald (skriflegt):

Að kunna það bókhald er skipstjórnarstaðan útheimtir. Helstu atriði tvöfaldrar bókfærslu. Að geta fært sjálfstætt bókhald fyrir skipið og gert upp rekstrarreikning þess.

Veðurfræði (skrifleg):

Frumatriði veðurfræðinnar. Veðurfregnir og veðurkort. Veðurathuganir.

17. gr.

Skipstjórapróf 3. stigs.

Hið sama og til skipstjóraprófs 2. stigs og enn fremur:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

Jöfnur með þremur óþekktum stærðum. 2. stigs jöfnur. Vektorreikningur. Undirstöðuatriði hnitafræði. Parabólur og hyperbólur.

Napiers-reglur við útreikning á rétthyrndum kúluþríhyrningum. Útreikningur kúluþríhyrninga.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Fyllri þekking á segulskekkju kompássins. Þekking á einstökum þáttum segulskekkjunnar. Þekking á hallaskekkju. Kompásleiðréttingar og þau tæki sem notuð eru til að eyða segulskekkju kompássins. Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.

Þekking á byggingu siglingatækja. Ítarlegri kunnátta í viðhaldi og viðgerð tækjanna. Kunna að nota bilanakort og teikningar. Lorantöflur.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

Vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki. Skipting skipsins í vatnsþétt rúm. Áhrif skrúfu og stýris. Stjórn og breyting skipa á höfnum inni, á þröngum siglingaleiðum og í rúmsjó. Helstu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Olíureikningar, áhrif vökva með fríu yfirborði á stöðugleika. Hleðsluplön. Verkstjórn.

Beiting siglingareglnanna við erfiðar aðstæður. Sigling eftir radar með hliðsjón af siglingareglunum. Æfingar.
Æfingar í ljós-morse.

Rafmagnsfræði (skrifleg):
Námsefnið í rafmagnsfræði skal miða að ítarlegri þekkingu á raf- og radíótækjum sem notuð eru um borð í skipum, og skal samræmt sem mest tækjakennslunni.

Íslenska (skrifleg og munnleg):
Frekari þjálfun í lestri íslenskra bókmennta og samningu ritgerða. Fyllri þekking í íslenskri málfræði, m. a. orðmyndun, orðtök, bragfræði og setningafræði.

Danska (skrifleg og munnleg):
Danskir leskaflar og smásögur, einkum er að sjómennsku lýtur. Stílæfingar og skýrslugerð. Talæfingar.

Enska (skrifleg og munnleg):
Síðari hluti Linguaphone Course. Ensk lestrarbók handa sjómönnum. Lesnar smásögur og hraðlesin skáldsaga. Stílæfingar og talæfingar.

Sjóréttur (skriflegur):
Fyllri þekking en til skipstjóraprófs 2. stigs. Farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar. Vátryggingar.

Heilsufræði (munnleg):
Fyllri þekking en til skipstjóraprófs 2. stigs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim. Fæðingarhjálp.

Viðskiptafræði (skrifleg):
Helstu atriði almennrar viðskiptafræði og rekstarfræði. Skipamiðlun (shipping).

Landafræði og veðurfræði (skrifleg):
Stutt yfirlit yfir landslag hinna helstu meginlanda; Helstu skipgengar ár og fljót; Heimshöfin og helstu siglingaleiðir; Helstu verslunarborgir; Út- og innflutningur; Þekking á helstu loft- og sjávarmælitækjum; Skipting hitans á yfirborði jarðar; Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma; Rafmagn í gufuhvolfinu; Loftþrýstingur; Vindar og lögmál þeirra; Helstu hafstraumar; Sjór og sjávardýpi og ísinn á sjónum.

Vélritun:
Nemendur skulu sækja námskeið í vélritun. Skal þeim jafnframt veitt aðstaða til æfinga utan námskeiðstímans.

18. gr.

Skipstjóranám 4. stigs.

Stærðfræði (skrifleg):
Radian. Mil. Hnitafræði og gröf. Ýtarlegri kennsla í hornafræði en til skipstjóraprófs 3. stigs. Jöfnur fyrir beinar línur, hring, sporbaug, hýperbólur og parabólu í hnitakerfi. Diffrun og tegrun.

Siglingafræði (skrifleg):

1. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Grundvallaratriði sjómælinga og sjókortagerð. Flokkun og nákvæmni mælistaða og hvers ber að gæta við val þeirra til nákvæmra staðarákvarðana. Helstu atriði sem gæta verður við staðarákvarðanir við gæslu landhelginnar. Mismunur á gerð sjó- og landakorta.
2. Þekking á leiðréttingu horna, merkja og miðana á jörðunni til að setja út í vaxandi kort.
3. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
4. Ítarlegri þekking á byggingu hinna elektrónisku siglingatækja. Kunna skil á nákvæmnimörkum hinna ýmsu siglingatækja til staðarákvarðana. Útsetningar (plot).

Alþjóðamerki (verklegt):

Leikni í notkun ljós- og hljóðmorse og merkjaflagga. Dulmál (code).

Alþjóðaréttur (skriflegur):

Helstu ákvæði alþjóðaréttar og milliríkjasamninga um landhelgi og úthaf. Íslensk landhelgis- og fiskveiðigæsla. Stjórnskipan og réttarfar. Skýrslugerðir. Tollamál.

Enska (skrifleg og munnleg):

Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en til skipstjóraprófs 3. stigs.

Sjómennska (skrifleg):

Vinnustjórn, skipulag, björgun. Kennaranámskeið í slysahjálp. Notkun ýmissa tækja varðskipa og gæsluflugvéla. Starfsreglur, siðir og venjur.

Eðlisfræði (skrifleg):

Fyllri þekking í almennri eðlisfræði (mekanik), hreyfingarfræði (dynamik) og rafmagnsfræði en til farmannaprófs 3. stigs.

Vopn og verjur (skriflegt):

Almenn þekking á skotvopnum, tundurduflum, sprengjum o. fl., notkun þeirra og vörnum gegn þeim.

Líkamsæfingar:

Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki. Krafist er þeirrar kunnáttu sem nauðsynleg er til þess að geta stjórnað þeim æfingum sem hægt er að viðhafa á skipi. Nemendur séu æfðir í að gefa fyrirskipanir í því er að þessu lýtur, kveðjum og viðeigandi framkomu sem yfirmaður.

III. KAFLI
EINKUNNIR OG SKILYRÐI TIL AÐ STANDAST PRÓF
Fyrirmynd prófvottorða.

19. gr.

Við próf úr undirbúningsdeild skulu gefnar 5 einkunnir:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.

Í eðlisfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.

Í íslensku: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.
Í dönsku: 1 einkunn fyrir skriflega og munnlega úrlausn.
Í ensku: 1 einkunn fyrir skriflega og munnlega úrlausn.

Við skipstjórapróf 1. stigs skulu gefnar 16 einkunnir:
Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í siglingafræði: 3 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 4
Í sjómennsku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn í alþjóðasiglingareglum og neyðarbendingum, 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn í almennri sjómennsku og 1 einkunn fyrir kunnáttu í sjóvinnu 3
Í íslensku: 2 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir 2
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í eðlisfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í dönsku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn 1
Í ensku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn 1
Í sundi: 1 einkunn fyrir IV. stig 1

Við skipstjórapróf 2. stigs skal gefin 21 einkunn:
Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 5
Í notkun tækja: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn, 1 einkunn fyrir munnlega og verklega úrlausn 2
Í radarsiglingu: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í merkjagjöfum: 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morsestafrófi og í notkun alþjóðamerkjabókar 1
Í skipagerð: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í íslensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í dönsku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn 1
Í ensku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn 1
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í bókhaldi: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í vélfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í veðurfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í rafmagnsfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1

Við skipstjórapróf 3. stigs skulu gefnar 23 einkunnir:
Í stærðfræði: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 5
Í tækjum og útsetningum (plot): 2 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir 2
Í skipagerð: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í íslensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í dönsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í ensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í viðskiptafræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í vélfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1

Í landafræði og veðurfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í rafmagnsfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1

Við *skipstjórapróf 4. stigs* skulu gefnar 12 einkunnir:
Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í siglingafræði og tækjum: 3 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir 3
Í alþjóðamerkjum: 1 einkunn fyrir verklegar úrlausnir 1
Í alþjóðarétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í ensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í sjómennsku: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í eðlisfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í vopn og verjur: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í líkamsæfingum: 1 einkunn fyrir hæfni í þessum greinum 1

20. gr.

Til þess að standast próf úr undirbúningsdeild og inntökupróf í 1. bekk þarf minnst 5 í meðaleinkunn.

Til þess að standast skipstjórapróf 1., 2., 3. og 4. stigs er krafist:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 6.

Í íslensku og skriflegri siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 5 í hvorri grein.

Meðaleinkunn í siglingafræði minnst 5.

Meðaleinkunn í skipagerð minnst 5.

Meðaleinkunn minnst 5.

Hæstu og lægstu aðaleinkunnir við skipstjóraprófin verða því sem hér segir:
Við *skipstjórapróf 1. stigs:* Hæsta einkunn 160 stig, lægsta einkunn 80 stig.
Við *skipstjórapróf 2. stigs:* Hæsta einkunn 210 stig, lægsta einkunn 105 stig.
Við *skipstjórapróf 3. stigs:* Hæsta einkunn 230 stig, lægsta einkunn 115 stig.
Við *skipstjórapróf 4. stigs:* Hæsta einkunn 120 stig, lægsta einkunn 60 stig.
Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin ..... 9 —10
1. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 7,5—9
2. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 6 —7,5
3. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 5 —6

Til þess að öðlast framhaldseinkunn til 2. og 3. stigs er auk þess krafist:
Í stærðfræði minnst 5.
Í eðlisfræði, rafmagnsfræði, dönsku og ensku minnst 4 í hverri grein.

Nemendum, sem falla í einstökum greinum, er heimilt að ganga aftur undir próf í þeim áður en skólinn byrjar að haustinu.

Nemandi, sem hlýtur lægri meðaleinkunn en 5 úr prófinu, getur ekki gengið undir próf aftur fyrr en næsta vor og þá í öllum greinum.

21. gr.

Hver próftaki, er próf hefur staðist, fær prófskírteini er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skírteinið við 2., 3. og 4. stig skal gefið út á íslensku og ensku.

Skírteini skal gefið út eftir þeim fyrirmælum sem hér fara á eftir.

1. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefur staðist

skipstjórapróf 1. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1	eink.	stig
– siglingafræði	4	—	—
– siglingareglum	1	—	—
– sjómennsku	2	—	—
– íslensku	2	—	—
– sjórétti	1	—	—
– heilsufræði	1	—	—
– eðlisfræði	1	—	—
– dönsku	1	—	—
– ensku	1	—	—
– sundi	1	—	—

Aðaleinkunn ..... stig

sem verður meðaleinkunnin ....., og hefur hann því staðist prófið með ..... einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19.....

.....

skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 160 stig.
Til þess að standast prófið þarf:

Í siglingareglum minnst	6 stig
– íslensku	10 —
– skriflegri siglingafræði minnst	15 —
– siglingafræði minnst	20 —

– meðaleinkunn minnst 5 = aðaleinkunn minnst 80 stig.

2. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefur staðist

skipstjórapróf 2. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1	eink.	..... stig
– siglingafræði	5	—	..... —
– notkun tækja	2	—	..... —
– radarsiglingu	1	—	..... —
– merkjagjöfum	1	—	..... —
– skipagerð	1	—	..... —
– íslensku	2	—	..... —
– dönsku	1	—	..... —
– ensku	1	—	..... —
– sjórétti	1	—	..... —
– bókhaldi	1	—	..... —
– heilsufræði	1	—	..... —
– vélfræði	1	—	..... —
– veðurfræði	1	—	..... —
– rafmagnsfræði	1	—	..... —

Aðaleinkunn ..... stig

sem verður meðaleinkunnin ....., og hefur hann því staðist prófið með ..... einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19.....

.....

skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 210 stig. Til þess að standast prófið þarf:

Í íslensku minnst	10 stig
– skriflegri siglingafræði minnst	20 —
– siglingafræði minnst	25 —
– skipagerð minnst	5 —

– meðaleinkunn minnst 5 = aðaleinkunn minnst 105 stig.

3. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefur staðist

skipstjórapróf 3. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	2	eink.	stig
– siglingafræði	5	—	—
– tækjum og útsetningum (plot)	2	—	—
– skipagerð	2	—	—
– íslensku	2	—	—
– dönsku	2	—	—
– ensku	2	—	—
– sjórétti	1	—	—
– heilsufræði	1	—	—
– viðskiptafræði	1	—	—
– vélfræði	1	—	—
– landafræði og veðurfræði	1	—	—
– rafmagnsfræði	1	—	—

Aðaleinkunn ..... stig

sem verður meðaleinkunnin ....., og hefur hann því staðist prófið með ..... einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19.....

.....

skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 230 stig.
Til þess að standast prófið þarf:

Í íslensku minnst	10 stig
– skriflegri siglingafræði minnst	20 —
– siglingafræði minnst	25 —
– skipagerð minnst	10 —

– meðaleinkunn minnst 5 = aðaleinkunn minnst 115 stig.

4. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefur staðist

skipstjórapróf 4. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1	eink.	stig
– siglingafræði og tækjum	3	—	—
– alþjóðamerkjum	1	—	—
– alþjóðarétti	1	—	—
– ensku	2	—	—
– sjómennsku	1	—	—
– eðlisfræði	1	—	—
– vopn og verjur	1	—	—
– líkamsæfingum	1	—	—

Aðaleinkunn ..... stig

sem verður meðaleinkunnin ....., og hefur hann því staðist prófið með ..... einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19.....

.....

skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 120 stig.
Til þess að standast prófið þarf 60 stig.

22. gr.

Nöfn þeirra, er ganga undir próf, skal rita í bók sem menntamálaráðuneytið löggildir og geymist í Stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers próftaka, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári og frá einkunnum þeim sem gefnar voru við prófið. Inn í hana skal færa skrifleg prófverkefni og yfir höfuð ýtarlega skýrslu um prófið. Skólastjóri sér um að prófbókin sé færð. Hún skal undirrituð af öllum sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófskírteinin undirritar skólastjóri einn.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sbr. og reglugerð nr. 259/1974, fyrir skólann, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 22 frá 14. febrúar 1967.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

29. október 1974. Nr. 361.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Bolungarvík:

1. Þuríðarbraut er aðalbraut frá þjóðveginum að Hólsárbrú.
2. Aðalstræti er aðalbraut frá Hólsárbrú að Hafnargötu.
3. Bifreiðastæði eru bönnuð meðfram norðurkanti Brimbrjótsgötu.
4. Bifreiðastæði eru bönnuð meðfram norðurkanti Vitastígs, milli Miðstrætis og Völusteinsstrætis.
5. Hámarkshraði er 45 km innan bæjarmarka.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Bolungarvík, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Bolungarvík, 29. október 1974.

25. nóvember 1974. Nr. 362.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 51. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verið ákveðið að fenginni tillögu borgarráðs:

1. Heimilt er að leggja ökutæki á Laugavegi, vinstra megin miðað við aksturstefnu, á reitum þar sem stöðumælar eru settir upp.
2. Bannað er að stöðva ökutæki önnur en strætisvagna við gangstétt norðan megin Laugavegs, milli Snorrabrautar og Klapparstígs. Heimilt er þó að ferma þar og afferma ökutæki á tímabilinu milli kr. 8 og kl. 11.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 29. nóvember 1974 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um bifreiðastöðubann á Laugavegi frá 9. október 1974.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. nóvember 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 363. 27. nóvember 1974.

REGLUGERÐ

um innköllun nokkurra myntstærða og krónuseðla.

1. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands hefur ráðuneytið ákveðið að innkalla skuli eftirgreinda slegna peninga og krónuseðla:

A. Slegnir peningar (mynt):
   a. 1 eyrir. Útgefnir 1926—1966.
      2 aurar. Útgefnir 1926—1942.
      5 aurar. Útgefnir 1926—1966.
      10 aurar. Útgefnir 1922—1974.
      25 aurar. Útgefnir 1922—1967.
      50 aurar. Útgefnir 1969—1974.
   b. 2 krónur. Útgefnir 1925—1966.

B. Peningaseðlar að verðgildi ein króna:
   Einnar krónu seðlar, sem útgefnir voru af Ríkissjóði Íslands skv. lögum nr. 116 frá 7. nóv. 1941, sbr. lög nr. 117 frá 27. nóv. 1947.

2. gr.

Frestur til að afhenda peningana skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningum, sem greindir eru í 1. gr., og láta í staðinn peninga, sem ekki á að innkalla. Á innköllunarfrestinum eru peningar þeir, sem greindir eru í 1. gr., lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hætta að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í 1. málslið þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar m. a. með því að gefa út auglýsingu um hana.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. nóvember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 1 10. janúar 1972 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

2. tl. 2. mgr. 100. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tl., ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1975.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

2. desember 1974. Nr. 365.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsuppdrætti Stykkishólms.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. nóvember 1974 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Stykkishólmi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir, og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

2. desember 1974. Nr. 366.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi Reykjanesbrautar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. nóvember 1974 staðfest skipulag Reykjanesbrautar, að því er tekur til legu hennar frá Breiðholtsbraut að Vífilsstaðavegi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, hreppsnefnd Garðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um sameiginlegan rekstur rannsóknastofnana að Keldnaholti.

1. gr.

Starfrækja skal undir einni stjórn eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari, sameiginlega þjónustu vegna starfsemi þeirra rannsóknastofnana, sem aðstöðu hafa á Keldnaholti. Nefnist þessi sameiginlegi rekstur „Samrekstur rannsóknastofnananna á Keldnaholti".

2. gr.

Það skal vera verkefni samrekstrar rannsóknastofnananna að Keldnaholti:

2.1. að annast gæslu á landsvæði rannsóknahverfisins og vörslu húsa,
2.2. að annast viðhald sameiginlegra mannvirkja, eins og vegar, lýsingar, hitaveitu, girðingar, landsvæðisins sjálfs o. s. frv.,
2.3. að annast viðhald bygginga í samráði við forstöðumenn viðkomandi rannsóknastofnana,
2.4. að sjá um samgöngur við aðra borgarhluta, þar með talið áætlunarferðir með starfsfólk, póstferðir og aðra sameiginlega fyrirgreiðslu og sendiferðir,
2.5. að sjá um fyrirgreiðslu við sameiginlegt mötuneyti starfsfólks,
2.6. að hafa eftirlit með ræstingu fyrir stofnanirnar.

3. gr.

Stjórn samreksturs rannsóknastofnananna að Keldnaholti skal vera skipuð framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins og forstjórum rannsóknastofnananna á Keldnaholti. Heimilt er þessum aðilum að tilnefna aðra starfsmenn þessara stofnana í sinn stað. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn.

4. gr.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna skal annast allt reikningshald og fjárvörslu og skal reikningshald samreksturs vera aðskilið öðru reikningshaldi skrifstofunnar. Skrifstofan hefur fjárhagslega umsjón með rekstri samreksturs rannsóknastofnananna á Keldnaholti.

5. gr.

Stjórn samreksturs rannsóknastofnananna að Keldnaholti ræður starfslið samkvæmt heimildum á fjárlögum.

6. gr.

Samrekstur rannsóknastofnananna að Keldnaholti hefur sjálfstæðan fjárhag og hefur sem starfsfé það, sem Alþingi ætlar honum hverju sinni á fjárlögum.

7. gr.

Samrekstri rannsóknastofnananna að Keldnaholti er heimilt að taka að sér verkefni á því sviði, sem um er fjallað í 2. gr. fyrir aðrar rannsóknastofnanir að Keldnaholti en greinir í 1. gr., að fengnu samþykki stjórnar samreksturs, enda komi hæfileg greiðsla fyrir þá þjónustu á fjárveitingu hlutaðeigandi stofnunar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 63. gr. og 59. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Í forsætisráðuneytinu, 3. desember 1974.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 41, nr. 341—367. Útgáfudagur 13. desember 1974.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1974

13. desember 1974. 825 Nr. 368.

GJALDSKRÁ

og reglur fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu	kr.	13 600
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli)	—	3 400
1.3. Fyrir venjulegan aukatengil (ekkert afnotagjald)	—	2 800

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í símapípur, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 2 040 að viðbættum kr. 5.30 fyrir hvert teljaraskref umfram 525 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.
2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið í 2.1 hér að framan, auk kr. 680 á ársfjórðungi.
2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir aukatalfæri (ekki hægt að tala á milli) .... kr. 290

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu ..... kr. 6 800
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða aukatengli ..... — 2 300
3.3. Milli stöðvargjaldssvæða ..... — 9 200

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 3 400 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 4 500 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af aukatengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 1 150 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 450.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu ..... kr. 11 100
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi ..... — 4 800
1.3. Fyrir aukatengil með rafvökum (ekkert afnotagjald) ..... — 3 000

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	940	750	560
4 —	1 260	1 010	760
6 —	1 420	1 140	850
8 —	1 600	1 280	960
10 —	1 740	1 390	1 050
12 —	1 780	1 430	1 070
14 —	1 840	1 470	1 110
16 —	1 900	1 520	1 140
24 —	2 040	1 630	1 220

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi ..... kr. 750

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum aðilum, sem að áliti stöðvarstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórð-

ungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu	kr. 5 550
3.2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða aukatengli	— 2 300
3.3.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 7 600

Áðurnefnd gjöld, sem nefnd eru undir 2. og 3. eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 3 400.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af aukatengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 1 150 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 450.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 7 600 .Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða ákveðst stofngjald af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr.	460
4 —	—	580
6 —	—	730
8 —	—	840
10 —	—	900
12 —	—	920
14 —	—	990
16 —	—	1 010
24 —	—	1 080

2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Allt í samráði við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu, en um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti** er frá kl. 08:00 til kl. 20:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald-flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	5.30
B	45 —	7.05
C	30 —	10.60
1	24 —	13.25
2	12 —	26.50
3	10 —	31.80
4	8 —	39.75
5	6 —	53.00

1.2. **Næturtaxti** er frá kl. 20:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald-flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	2.65
B	90 —	3.55
C	60 —	5.30
1	45 —	7.05
2	24 —	13.25
3	20 —	15.90
4	15 —	21.15
5	12 —	26.50

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1.	Um 0— 10 km línulengd	kr. 39	kr. 13
	— 10— 25 — —	— 60	— 20
	— 25—100 — —	— 81	— 27
	— 100—225 — —	— 105	— 35
	— 225—350 — —	— 126	— 42
	— Yfir 350 — —	— 159	— 53

Ofannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning: kr. 40. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 52 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir.
2.6. Boðsending: kr. 70 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 70 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:
4.1. Línugjald kr. 60 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 20 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 117 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi en annars kr. 165 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 39 eða kr. 55 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda greiðist samkvæmt IV. kafla.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig samsett:
a. Gjaldið milli Íslands og viðkomandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef viðkomandi skip tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 50 og kr. 6 fyrir hvert orð. Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Blaðaskeyti: Kr. 1.50 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 45.
1.3. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.4. Veðurskeyti: Kr. 60 fyrir hvert skeyti.
1.5. Símapóstávísanir: Gjald kr. 200 án tillits til orðafjölda.
1.6. Heillaskeyti: Kr. 6 fyrir hvert orð. Auk þess greiðist fyrir skrauteyðublað kr. 100. Grunngjald innifalið.
1.7. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 50. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.8. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 70 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt, sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.9. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.10. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda ákveðst af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig samsett:
a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 50.
b. Línugjald kr. 6 hvert orð.
c. Strandargjald kr. 8 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir blaðaloftskeyti frá íslenskum skipum til afgreiðslu innanlands er þannig samsett:
a. Línugjald kr. 1.50 hvert orð.
b. Helmingur venjulegs strandargjalds.

3.2.2. Gjald fyrir hraðblaðaloftskeyti er þannig samsett:
a. Línugjald kr. 1.50 hvert orð.
b. Venjulegt strandargjald.
Minnsta gjald fyrir blaðaloftskeyti er hið sama og fyrir 14 orð. Blaðaloftskeyti er aðeins leyft frá skipi til lands.

3.2.3. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 70.

3.2.4. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI
Telex og fjarritarar.

1. Stofngjald, afnotagjald og flutningsgjald samkv. sérgjaldskrá.

Gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni.

2. Gjald fyrir telexritanir.

2.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 5.30 fyrir hvert teljaraskref og samsvarar það kr. 13.25 á mínútu.

2.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

VII. KAFLI
Línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta línur á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km.

2. Afnotagjald.

Ársfjórðungsleigan á hvern km skal vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

2.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.4—0.7 mm ..... kr. 820

2.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 1130

2.3. Viðskiptagjald: Leiga fyrir línu milli símabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði miðast við 40 þúsund mínútna notkun á ári, samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi símamiðstöðva.

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til fjarlægðra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

VIII. KAFLI
Sérbúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar samkv. sérgjaldskrá.

Gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni.

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 1 300 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 250 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og leggur hverjum leigusíma til eitt eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir, að dómi póst- og símamálastjórnar, að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 325. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 650 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það gegn 500 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastiórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 550
3.2.	Aukanafn í skrá	— 650
3.3.	Aukalínur í skrá, hver lína	— 325
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 550+650	— 1 200

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 650 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 325. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 550. Auglýsingarlína kostar kr. 325.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst og símamálastjórninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni, að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XI. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Eftirlitsgjöld, leyfisbréfagjöld o. fl.

Gjöld fyrir leyfisbréf skulu vera sem hér segir:

1.1.	Leyfisbréf, þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist á 5 ára fresti)	kr. 1 350

1.2.	Leyfisbréf, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist á 5 ára fresti)	kr.	650
1.3.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun	—	800
1.4.	Leyfisgjald vegna árlegrar framlengingar amatörleyfis	—	350
1.5.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum (þarf ekki að endurnýja)	—	650
1.6.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	—	250
1.7.	Leyfisbréf fyrir öðrum radíótækjum en talin eru að ofan	—	300
1.8.	Fyrir skírteini talstöðvavarða	—	250
	Árleg eftirlitsgjöld fyrir stöðvar í skipum og bátum og fastastöðvar skulu vera sem hér segir:		
1.9.	Eftirlitsgjald, þegar afl aðalsendis er yfir 100 wött	—	3 500
1.10.	Eftirlitsgjald, þegar afl aðalsendis er 100 wött eða minna	—	2 450
1.11.	Eftirlitsgjald fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað	—	300
	Árleg starfrækslugjöld fyrir ferðatalstöðvar skulu vera sem hér segir:		
1.12.	Starfrækslugjald fyrir ferðatalstöðvar, afl yfir 0.5 watt	—	800
1.13.	Starfrækslugjald fyrir ferðatalstöðvar, afl 0.5 watt eða minna	—	550
	Ársfjórðungslegt starfrækslu- og viðskiptagjald fyrir aðrar farstöðvar skal vera sem hér segir, enda sé komið með þær til eftirlitsmanns, ef óskað er skoðunar:		
1.14.	Gjald fyrir talstöð í bifreið (í þessu gjaldi eru innifaldar 100 afgreiðslur um landstöðvar Pósts og síma)	—	1 800
	Önnur gjöld en að ofan greinir skulu vera:		
1.15.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	—	1 600
1.16.	Gjald vegna aukaskoðunar amatörstöðvar	—	800

2. Viðskiptagjöld.

2.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.

2.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.

2.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva og í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegasmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld.

Fyrir 1— 5 báta	kr.	325
Fyrir 6—15 báta	—	570
Fyrir 16—30 báta	—	770
Fyrir 31 bát og fleiri	—	975

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld, samkvæmt sérgjaldskrá.

2.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

2.4.1. Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda, vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu, ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

2.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.

2.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, sem viðkomandi strandarstöð er staðsett á.

2.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

2.4.5. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

2.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:
að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan viðkomandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald, að samtök útvegsmanna í viðkomandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma, og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

2.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a.	fyrir báta minni en 100 tonn	kr. 1 800
b.	fyrir báta 100 tonn og stærri	— 2 800

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva. allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari IV. kafla 4.

2 5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

2 5.1. Reglur um viðskiptagjöld landfarstöðva er að finna í kafla XI 5.8.1.

2 5.7. Viðskiptagjald er innifalið í ársfjórðungslegu starfrækslu og viðskiptagjaldi samkv. grein 1. 14 í þessum kafla.

3. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynninga um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 575
Fyrir skip að 50 rúmlestum brúttó	— 825
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 1 150
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 1 500

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

4. Almenn ákvæði.

4.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki, skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

4.2. Póst- og símamálastjórnin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar

eru ekki háðar skoðanaskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

4.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

4.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

4.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.

4.6. Eftirlitsgjald, starfrækslugjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

4.7. Póst- og símamálastjórnin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast póst- og símamálastjórnin og þau verkstæði sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

4.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

4.9. Hafi áfallin gjöld, vegna radíótækja eða þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagði lokun símans.

4.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsiglunar, greiðir leyfishafi.

4.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

4.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki póst- og símamálastjórnarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar póst- og símamálastjórnin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar uppfylla þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radíótæki.

4.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar.

Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

4.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

4.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu, samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi, og viðskiptagjöld landfarstöðva.

5.1. Póstur og sími starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir póst- og símamálastjórnin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

5.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar aðrar en stöðvar Pósts og síma á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

5.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

5.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar sem skipta eiga við stöðvar Pósts og síma skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit en auk þess eru allir þeir sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

5.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

5.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

5.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

5.8.1. Leyfishafar landfarstöðva greiða árlegt starfrækslu- og viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni. Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta af hendi fastastöðva Pósts og síma, allt að 100 símtölum eða skilaboðum árlega, afgreiddum innan bæjarsímakerfis, fjarskiptastöðvanna.

Vegna afgreiðslna út fyrir bæjarsímakerfi viðkomandi stöðva bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

Það, sem umfram er 100 afgreiðslur innan bæjarsímakerfanna, greiðist samkæmt gjaldskrá IV. kafla 4 um radíósímtöl.

5.8.2. Leyfishafi farstöðvar er ábyrgur fyrir viðskiptagjöldum sem falla undir gildandi gjaldskrá.

XII. KAFLI

Afnot landssímans til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi umsókn hér að lútandi á þar til gerðu eyðublaði er fæst hjá öllum stöðvarstjórum og skal tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símatækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl og getur landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtöl er að ræða.

1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með alla símabúnað er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og á öllu því er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra er ser um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin

burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfellt í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða símatækjum og samböndum, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Gjöld fyrir langlínusímtöl greiðast samkvæmt reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafist.

2.2. Sé eitthver gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 325 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XIV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. janúar 1975. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. janúar 1975 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 15. mars 1974.

Samgönguráðuneytið, 13. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Innanlands Burðargj. kr.	Norðurlönd Burðargj. kr.	Önnur lönd Burðargj. kr.
Bréf.		20	23	23	27
Hámarksstærð:		100	46	46	62
Lengd + breidd		250	69	69	120
+ þykkt 900 mm.		500	92	92	224
Mesta lengd 600 mm.		1000	311	338	374
Í ströngum:		2000	598	598	598
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.					
Mesta lengd 900 mm.					
Hámarksþyngd 2 kg.					
Lágmarksstærð:					
90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.					
Minnsta lengd 100 mm.					
Póstkort.					
Mest 105 × 148 mm			18	18	18
Minnst 90 × 140 mm					
Prent.					
Stærð sama og bréfa.		20	18	18	18
(Prentkort sama stærð		100	22	22	22
og póstkort).		250	30	30	30
Hámarksþyngd 2 kg.		500	54	54	54
Bækur þó 5 kg.		1000	95	95	95
Burðargjald fyrir prent		2000	158	158	158
yfir 1000 g til Norðurl.		3000	238	238	238
er sama og fyrir		4000	318	318	318
„Önnur lönd“		5000	398	398	398
		100	27	27	27
Smápakkar		250	45	45	45
Stærð sama og bréfa		500	75	75	75
Hámarksþyngd 1 kg.		1000	134	134	134
Innrituð blöð og tímarit.					
Innritunargjald 5000 kr.					
Ársgjald 270 kr.					
Stærð sama og bréfa		hver			
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.		500	7		
b) Til áskrifenda. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.		20	2		
		100	3		
		200	6		
		300	9		
		400	12		
		500	15		

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	27
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 200 000.00 (Símapóstávísanir kr. 100 000.00). Burðargjald	50
b. Til annarra landa: Burðargjald: Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	44
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Burðargjald eins og fyrir póstávísun. Póstkröfugjald	40
b. Til annarra landa Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	72
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Burðargjald: 1 kg 3 kg 5 kg 7 kg 10 kg 15 kg 20 kg 70 kr 120 kr 175 kr 200 kr 300 kr 420 kr 540 kr Fyrir rúmfreka og brothætta böggla greiðist 50% viðbótargjald. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	50
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	50

Loftbréf: Söluverð kr. 29. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 50
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 40
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um bögglа með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 100
Móttökukvittun	kr. 34

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 54 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 40
Skiptiverð í frímerkjum kr. 27

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 40

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 27

Tollmeðferð bögglа: kr. 54

Gjald fyrir að búa um bögglа á ný: kr. 34

Geymslugjald bögglа: 40 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 27

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og bögglа innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 1 870 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 6 540 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. janúar 1975. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 15. mars 1974.

Samgönguráðuneytið, 13. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1 gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir, skal vera frjáls:

Tollskrá Kafli nr.:	Vörutegund:
01.01.00— 01.06.29	Lifandi dýr.
02.01.10— 02.01.50	Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst, þó ekki hvalkjöt og hvalrengi.
02.05.00	Svínafita án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10— 02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur) saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt.
04.01.00— 04.07.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg, ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a., þó ekki 04.06.00, náttúrulegt hunang.
06.03.00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til apríl.
07.01.10	Kartöflur, nýjar.
07.01.20	Tómatar, nýir.
09.01.11	Kaffi, brennt, einnig kaffeinsneytt.
09.01.20	Kaffiskurn og kaffihýði, kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi.
úr 11.01.25	
úr 11.01.26	Rúgmjöl, þó ekki hálfsigtimjöl.
15.01.00	Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða pressuð.
15.02.00	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd. Einnig slík feiti brædd eða pressuð (þar með talin „premier jus“).
15.03.00	Svínafeitissterín (lardstearin), oleosterín (pressutólg), svínafeitisolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.
15.13.00	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.
16.01.00	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði.
16.02.00	Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
17.01.21	
17.01.22	Molasykur.
17.01.23	
17.01.24	Strásykur.

Tollskrá Kafli nr.:	Vörutegund:
17.04.01	
17.04.03—	
17.04.09	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.
úr 18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó.
21.05.02	Jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúrgang.
úr 21.07.09	Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma- og mjólkurís.
22.04.00	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
27.09.00	Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar.
27.10.10	Jarðolía, hreinsuð að nokkru, þar með talin „topped crude“.
27.10.29	Annað bensín en flugvélabensín.
27.10.40	Gasolía (distillate fuel).
27.10.50	Brennsluolía (residual fuel oil).
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
úr 96.02.01	
úr 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþvögur, á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða, um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að versla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frílistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að versla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

4. gr.

Til tollafgreiðslu þeirra vara, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, þarf innflutningsleyfi, en heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárnúmer, sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 5 000 kr. verðmæti í hverri ferð, enda hafi

þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarandi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 1 500.00 við hverja komu.

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast gildi 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 6 5. janúar 1973, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

17. desember 1974. Nr. 371.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1975:

Tollskrárnr.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1975
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	kr. 10 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	
17.04.05	Karamellur	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó	— 90 000 000
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts	
úr 96.02.01		
úr 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþurrkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.	— 8 000 000

Fyrsta úthlutun innflutningsleyfa fyrir þessum vörum fer fram í febrúar n. k. Umsóknir skulu hafa borist Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1975.

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

Aftan við 94. gr. bætist:

Um glerflöt glugga í skólahúsum gilda ákvæði 2. ml. 1. mgr. 81. gr. Byggingarnefnd getur þó leyft minni glerflöt, en háð er slíkt leyfi sérstöku samþykki heilbrigðismálaráðs.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 373. 10. desember 1974.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973.

a-liður 4. gr. orðist þannig:
Fastagjald, kr. 450.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 900.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. desember 1974.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 374. 28. nóvember 1974.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið að bifreiðastöður skuli vera bannaðar við Álfaskeið norðan megin götunnar, milli Arnarhrauns og Erluhrauns.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. desember 1974.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 28. nóvember 1974.

Einar Ingimundarson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands um breytingu á sóknaskipun og prestakallaskipun í Árnesprófastsdæmi:

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 28. f. m., og til samþykktar héraðsfundar í Árnesprófastsdæmi, samþykkta safnaðafunda í Hrepphólasókn og Stóra-Núpssókn í Árnesprófastsdæmi, fellst ráðuneytið hér með á, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla, prófastsdæma og kristnisjóð, eftirfarandi breytingu á sóknaskipun í Árnesprófastsdæmi: Að Hrepphólasókn verði skipt um Stóru-Laxá, sem eru hreppamörk milli Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps, þannig, að sá hluti sóknarinnar, sem er í Gnúpverjahreppi sameinist Stóra-Núpssókn, en hinn hluti sóknarinnar, sem er í Hrunamannahreppi, verði sérstök sókn, Hrepphólasókn. Jafnframt að Hrepphólasókn verði látin tilheyra Hrunaprestakalli í stað Stóra-Núpsprestakalls.

3. desember 1974. Nr. 376.

SAMÞYKKT

um hundahald á Bíldudal.

1. gr.

Hundahald er bannað á Bíldudal.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli er um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé í Suðurfjarðahreppi starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um minni háttar brot í fyrsta sinn að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt í Suðurfjarðahreppi, eða sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahaldsins.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1974

20. desember 1974. 849 Nr. 377.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins nr. 87/1954, 129/1965, 122/1967.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Starfsmenn ríkisins, er verið hafa skemur en 6 mánuði í starfi, eiga rétt til fullra launa í 30 daga og hálfra launa í 30 daga.

2. gr.

Við 6. gr. bætast eftirfarandi 4 málsgreinar:

3. mgr.: Til fullra launa teljast, auk fastra mánaðarlauna skv. kjarasamningi, greiðslur fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag, greiðslur fyrir eyður í vinnutíma og fyrir leiðréttingu verkefna, enda hafi vinnuframlag eða vinnutími verið ákveðið með stundaskrá til heils skólaárs eða skólaannar eða reglubundinni varðskrá. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til annarrar reglubundinnar yfirvinnu, sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a. m. k. svo lengi.

4. mgr.: Þegar starfsmaður hefur verið fjarverandi vegna veikinda samfellt lengur en svarar til 1 viku vinnuskyldu hans, skal hann auk launa, sem greidd verða samkvæmt 1.—3. mgr. fá greidda aðra yfirvinnu, þannig að fyrir hverja klukkustund í dagvinnu- eða vinnuskyldu veikindatímans skal greiða 1/1000 þeirra yfirvinnustunda, sem hann fékk greiddar síðasta 6 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu, eða síðustu 6 heilu almanaksmánuðina. Ef föst yfirvinna er ekki merkt á varðskrá, skal gert ráð fyrir, að þær dagvinnu- eða vinnuskyldustundir, sem leiða til greiðslu yfirvinnu samkvæmt þessari mgr., séu sama hlutfall veikindafjarvistanna eins og varðskrárinnar. Kennari skal í stað reglu þessarar fá greidda yfirvinnu fyrir hvern kennsludag hans á stundaskrá. Yfirvinnustundafjöldinn skal ákveðinn með því að finna vikulegt meðaltal yfirvinnu kennarans síðustu 6 heilu kennslumánuðina áður en veikindafjarvistin hófst og deila í meðaltalið með vikulegum kennsludagafjölda samkvæmt stundaskrá hans. Ekki skal greitt samkvæmt þessari mgr. fyrir þá daga, sem kennsla fellur niður í skóla vegna almennra eða sérstakra frídaga. Ef starfsmaður er fjarverandi á 6 mánaða tímabilinu vegna orlofs, skal telja, að hann hafi sama meðaltal yfirvinnu orlofsdagana og hinn hluta tímabilsins. Sama gildir um kennara að því er tekur til almennra eða sérstakra frídaga skóla. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari mgr. skal ekki telja með þær yfirvinnustundir, sem greiddar hafa verið samkvæmt 3. mgr.

5. mgr.: Verði starfsmaður óvinnufær af völdum slyss á vinnustað eða á leið til eða frá vinnu greiðast laun skv. 1.—4. mgr. frá upphafi fjarvistanna.

6. mgr.: Þegar mánaðarlaunagreiðslur samkvæmt 1. eða 2. mgr. skerðast eða falla niður, þá skuli á sama hátt skerðast eða falla niður greiðslur samkvæmt 3., 4. og 5. mgr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Vegna barnsburðar skal kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 6. greinar. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Guðmundur Einarsson.

Nr. 378. 12. desember 1974.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974 er sjúkrasamlögum heimilað að greiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar sérlyfið GAVISCON frá Ferring AB, sem er óskráð, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 379. 19. desember 1974.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1975.

Árið 1975 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 280.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 380. 20. desember 1974.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970 með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 375.00 fyrir hvern aðalhemil.

2. Vatnsgjald verði kr. 525.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

23. desember 1974. Nr. 381.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir óbeina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið í samráði við Hagstofu Íslands ákveðið, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1974 skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 70%.
2. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 60%.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

23. desember 1974. Nr. 382.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík, sbr. reglugerð nr. 2 10. janúar 1974.

1. gr.

1. málsliður a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að ⅔ hlutum sameiginlegra gjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 2 10. janúar 1974 felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 1 10. janúar 1972, og nr. 364 28. nóvember 1974.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lögreglustjórar (í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962) skulu innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

Innheimta skal þó fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að ⅔ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár, á þann hátt, er hér segir:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að ⅔ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum skv. þessum tl. Skattstjóri ákveður lækkunina.

   Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörslum innheimtumanns.
2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tl., ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Nú er skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtunni fyrir gjalddaga skv. 1. mgr. þessarar greinar, sbr. 90. gr., eða í tilefni af kæru til ríkisskattanefndar, sbr. 94. og 95. gr., ellegar vegna þess, að ríkisskattstjóri hafi lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sbr. 97. gr., þá telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum, sbr. 101. gr., hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

2. gr.

110. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglur þær, sem settar eru í 100. og 101. gr. um gjalddaga, fyrirframgreiðslu og dráttarvexti og í 103. og 104. gr. um skyldur kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupi til skattgreiðslu, skulu einnig gilda um innheimtu annarra þinggjalda en tekju- og eignarskatts og má taka slík gjöld lögtaki í einu lagi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 1 10. janúar 1972 úr gildi felld.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

20. desember 1974. Nr. 384.

REGLUGERÐ

um stjórn og skipulag póst- og símamála.

1. gr.

1.1. Stjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra. Póst- og símamálastjóri er framkvæmdastjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur Pósts og síma.

1.2. Stofnunin greinist í þrjár aðaldeildir — hagdeild, tæknideild og rekstrardeild. Aðaldeildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt skipuriti, sem ráðherra staðfestir.

1.3. Nánustu aðstoðarmenn póst- og símamálastjóra eru forstöðumenn hinna þriggja aðaldeilda.

1.4. Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi. Umdæmi I nær frá sýslumörkum Snæfellsness- og Dalasýslu að vestan og á Skeiðarársand að austan. Undir umdæmisstjóra í umdæmi I heyrir öll starfsemi póst-, síma- og radíóstöðva stofnunarinnar í umdæminu. Umdæmisstjóri heyrir beint undir póst- og símamálastjóra. Önnur umdæmi Pósts og síma skulu vera óbreytt, þar til annað verður ákveðið.

1.5. Auk funda með einstökum forstöðumönnum um sérmál þeirra, heldur póst- og símamálastjóri, svo oft sem þörf þykir, fundi með forstöðumönnum aðaldeilda og annarra deilda til þess að ræða sameiginleg mál og önnur meiri háttar mál, sem hann telur rétt að ræða á slíkum fundi.

2. gr.

2.1. Starfssvið aðaldeilda er í höfuðatriðum sem hér segir:

2.2. **Hagdeild** annast yfirlit yfir fjárreiður, aðalendurskoðun og sjóðskoðanir, aðalskýrslugerðir, almenn starfsmannamál o. fl.

2.3. **Rekstrardeild** annast almenn viðskiptamál Pósts og síma og umsjón með viðskiptastöðvunum, utan þess sem umdæmisstjóra í umdæmi I er falið, enn fremur aðalbókhald, póstgíró, aðalgreiðsludeild o. fl.

2.4. **Tæknideild** annast tæknimál og áætlanagerð stofnunarinnar, þ. m. t. rekstur radíó- og símakerfa ásamt rekstri aðalbirgðavörslu stofnunarinnar, húsbyggingar o. fl., utan þess sem umdæmisstjóra í umdæmi I er falið.

2.5. Undir umdæmisstjóra í umdæmi I heyrir öll starfsemi póst-, síma- og radíóstöðva í umdæminu, þ. á m. radíóstöðvarnar í Gufunesi, á Rjúpnahæð, útvarpsstöð á Vatnsenda, Lóranstöðvarnar á Gufuskálum og Reynisfjalli, Póststofan í Reykjavík og Símstöðin í Reykjavík.

2.5.1. **Aðalpóststofan í Reykjavík** annast rekstur póststofunnar, póstafgreiðslna og bréfhirðinga í Reykjavík og nágrenni.
Þessari starfsemi stjórnar póstmeistari í Reykjavík.

2.5.2. **Símstöðin í Reykjavík** annast rekstur símakerfisins í Reykjavík, þ. m. t. rekstur ritsímans og handvirku talsímastöðvarinnar í Reykjavík.
Þessari starfsemi stjórnar símstjórinn í Reykjavík.

2.6. Póst- og símamálastjóri ákveður nánar um verkaskiptingu þessara deilda.

3. gr.

3.1. Öllum stjórnendum Pósts og síma ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með þeim framförum, sem verða í öðrum löndum.

3.2. Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar um endurbætur í sinni deild og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

4. gr.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

31. desember 1974. Nr. 398.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953, um bæjanöfn o. fl., gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1974:

Vestur-Húnavatnssýsla:

Ásland í stað nafnsins Fremri-Fitjar I á nýbýli í Fremri-Torfustaðahreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Laugamýri á nýbýli í landi Laugarhvamms, Lýtingsstaðahreppi.
Árgarður á félagsheimili í Lýtingsstaðahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Steinhólar á smábýli í landi Grænuhlíðar, Saurbæjarhreppi.
Laugasteinn á nýbýli í landi Laugahlíðar, Svarfaðardalshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Stiklur á nýbýli í landi Grímsstaða, Mývatnssveit.
Heiðargarður á smábýli í landi Miðhvamms, Aðaldælahreppi.
Fossbrekka á smábýli í landi Mógils, Svalbarðsstrandarhreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Ytri-Lyngar II á nýbýli í landi Ytri-Lynga, Leiðvallahreppi.

Árnessýsla:

Keldnakot II á nýbýli í landi Keldnakots, Stokkseyrarhreppi.
Langholt III á nýbýli í landi Langholts I, Hraungerðishreppi.
Lækjartún á garðyrkjubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.
Straumar á garðyrkjubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.
Hamratunga á iðnaðarbýli í landi Skaftholts, Gnúpverjahreppi.
Ísabakki á nýbýli í landi Hvítárholts, Hrunamannahreppi.
Stóra-Sandvík III á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur, Sandvíkurhreppi.
Stallar á ylræktarnýbýli í landi Neðradals, Biskupstungnahreppi.

Klettar á nýbýli í landi Sandlækjarkots, Gnúpverjahreppi.
Krosshóll á smábýli í landi Langholts I, Hraungerðishreppi.

Kjósarsýsla:

Hamar á smábýli í landi Úlfarsfells, Mosfellshreppi.
Grundará á smábýli í landi Móa, Kjalarneshreppi.
Söðlagerði á smábýli í landi Skrauthóla, Kjalarneshreppi.
Víðir á þjónustubýli í landi Hrísbrúar, Mosfellshreppi.
Móaberg á smábýli í landi Móa, Kjalarneshreppi.
Hjassi á þjónustubýli í landi Lykkju, Kjalarneshreppi.
Melavellir á smábýli í landi Ártúns, Kjalarneshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1974.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Stjórnartíðindi B 46, nr. 395—398. Útgáfudagur 10. janúar 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1974

18. desember 1974. 879 Nr. 399.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Hlyns Sverrissonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 18. desember 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Hlyns Sverrissonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjubyggingarsjóður Hlyns Sverrissonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 2. mars 1974 til minningar um Hlyn Sverrisson, sem lést 5. janúar 1974. Hlynur var fæddur 2. mars 1969.

Stofnandi sjóðsins er Kvenfélag Þorlákshafnar. Stofnframlag sjóðsins er kr. 50 000.00, sem lagt er fram af Kvenfélagi Þorlákshafnar og kr. 26 389.90 af aðstandendum, eða samtals kr. 76 389.90.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur hyggilegast hverju sinni.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé, áheitum, gjöfum og hvers kyns framlögum, svo sem sölu minningarspjalda.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja væntanlega kirkjubyggingu í Þorlákshöfn og áframhaldandi þarfir kirkjunnar að mati sjóðstjórnar hverju sinni.

Fé úr sjóðnum má veita þegar bygging kirkjunnar er hafin.

Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei vera lægri en kr. 100 000.00.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til þriggja ára þrem aðilum og skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum, en tveir af Kvenfélagi Þorlákshafnar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað er sjóðnum við kemur.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal árlega gerð af hæfum og óvilhöllum mönnum.

6. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þorlákshöfn, 1. desember 1974.

Í stjórn Kirkjubyggingarsjóðs Hlyns Sverrissonar:

Ragna Erlendsdóttir. Sverrir Sigurjónsson. Edda Laufey Pálsdóttir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUR

um félagsheimilið Höfðaborg.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Höfðaborg í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu. Lóðin er gefin af Hofsóshreppi. Lóðin er 7 200 fermetrar að stærð, og afmarkast þannig: Af Túngötu að sunnan, Skólagötu að norðan, að austan af götu milli félagsheimilis- og skólalóðar og að vestan af beinni línu, er dregin er austan við þvottaplan, milli Túngötu og Skólagötu.

Eigendur félagsheimilisins eru: Hofsóshreppur 39%, Hofshreppur 23%, Verkamannafélagið Farsæll 17%, Verkakvennafélagið Báran 5%, Kvenfélagið Aldan 5%, Ungmennafélagið Höfðstrendingur 3%, Ungmennafélagið Geisli 3%, Fellshreppur 3% og Söngfélagið Harpan 2%.

2. gr.

Húsnefnd, skipuð fimm mönnum, fer með stjórn félagsheimilisins. Hún skal kjörin á aðalfundi eigendafélags félagsheimilisins árlega. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefndin skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafninu gerðabækur þess til vörslu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef ⅖ nefndarmanna æskja þess.

Aðalfundur eigendafélags félagsheimilisins skal haldinn árlega og eigi síðar en 20. febrúar ár hvert. Eigendafélög tilnefna sína fulltrúa á eigendafélagsfundi, í hlutfalli við eignaprósentu í félagsheimilinu, þannig að 1 fulltrúi er fyrir hver 5%, en þau félög, sem hafa minna en 5% eignaraðild, hafi þó 1 fulltrúa hvert. Á aðalfundinn skulu mættir ¾ boðaðra fulltrúa, til að fundur sé lögmætur og til að lagabreytingar geti átt sér stað. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggi hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun félagsheimilisins fyrir næsta ár. Fjárhagsáætlunin skal gerð eins nákvæm og unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna, og hefur hver fulltrúi á aðalfundi eitt atkvæði og húsnefndarmenn einnig eitt atkvæði hver.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

a) að ráða húsvörð, ef þess er talin þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
b) að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
c) að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
d) að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
e) að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
f) að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda;
g) að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis;
h) að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
i) að sjá um, að löggæsla sé á samkomum.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. grein laga nr. 107/1970, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker menntamálaráðuneytið úr.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáist til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni berast eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, sem samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæslumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæslumaður slökkva, ganga örugglega frá hitunartækjum og opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörslu og loks að loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess. Þ. á m. að gólf séu hreinsuð og salerni ræst með sótthreinsandi efnum. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Bifreiðastæði skal vera við félagsheimilið.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir við húsið eða á því. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum og enn fremur að hann sé ekki hafður uppi fram yfir þann tíma, sem lög um íslenska fánann segja til um.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega, með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfdúka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél, hitunartæki, raflagnir og ljóstæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld og leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv. Þess skal ætíð gætt, að sem flestar skemmdir á húsi eða húsmunum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, sem spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn því brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Þar sem ríkissjóður hefur greitt húsaleigu fyrirfram til félagsheimilisins f. h. samskólans á Hofsósi, fær skólinn þar á móti afnot af félagsheimilinu fyrir starfsemi sína svo sem mötuneyti, aðstöðu til kennslu, íþróttaiðkana og samkomuhalds í allt að 15 ár.

Félagsheimilið hafi samkvæmt samningi þar um engar kröfur á skólann vegna leigu, nema vegna hluta þess reksturskostnaðar, er sveitarfélög greiða ein.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1974.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

Nr. 401. 12. desember 1974.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Svarfdæla, Dalvík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sparisjóður Svarfdæla“, tilheyrandi íbúum í Dalvíkurkaupstað og Svarfaðardalshreppi. Heimili hans og varnarþing er á Dalvík, sbr. 23. gr. samþykkta þessara.

2. gr.

Um lágmark varasjóðs og annars eigin fjár sparisjóðsins fer eftir ákvæðum laga um sparisjóði, nr. 69/1941.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sparisjóðsins skulu vera 20 og ábyrgjast þeir, hver fyrir sig, allt að kr. 10 000.00. Skal stjórninni skylt að sjá um að ábyrgðarmenn verði ekki færri. Skulu 14 ábyrgðarmenn hafa búsetu innan Dalvíkurkaupstaðar og 6 búsetu innan Svarfaðardalshrepps. Flytji ábyrgðarmaður í burtu úr sveitarfélaginu, eða verði 75 ára, fellur ábyrgð hans niður og skal stjórn sparisjóðsins þá þegar velja annan ábyrgðarmann í hans stað, þannig að hlutfall ábyrgðarmanna verði óbreytt. Ákvæði um aldurstakmark tekur ekki gildi fyrr en að liðnum 5 árum frá gildistöku samþykktanna.

4. gr.

Stjórn sparisjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi úr hópi ábyrgðarmanna til eins árs, en hinir 2 þannig, að bæjarstjórn Dalvíkur kýs 1 mann og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu 1 mann, einnig til eins árs. Skal kosning þeirra tilkynnt fyrir aðalfund ár hvert. Varamenn skal kjósa á sama hátt og jafnmarga. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórn má endurkjósa og geta þeir ekki skorast undan kosningu og endurkosningu í 4 ár samfleytt. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi. Stjórn sparisjóðsins ræður sparisjóðsstjóra og aðra starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sparisjóðsins.

5. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum minnst 7 dögum fyrir fundinn með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Skulu þar lagðir fram reikningar sparisjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og úrskurðar fundurinn reikningana. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 7 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Á fundinum ræður afl atkvæða, þó má eigi gera breytingar á samþykktum sjóðsins nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Ekki getur ábyrgðarmaður látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

6. gr.

Til að rannsaka reikninga sparisjóðsins og bókfærslu alla skal velja 2 endurskoðendur. Skulu þeir kosnir þannig: Bæjarstjórn Dalvíkur og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kjósa sinn manninn hvor og einnig varamenn, sem ganga í stað aðalmanna í forföllum þeirra. Starfssvið endurskoðenda er samkvæmt reglugerð um sparisjóði, nr. 36 15. febrúar 1942.

7. gr.

Tilkynna skal bankaeftirlitinu hverjir eru kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

8. gr.

Stjórn sparisjóðsins er skylt að halda þær bækur, sem kveðið er á um í lögum um bókhald nr. 51/1968 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. einnig reglugerð um sparisjóði frá 15. febrúar 1942.

9. gr.

Sparisjóðurinn tekur fé til ávöxtunar sem hér segir:

a) í innlánsbók,
b) í hlaupareikning.

10. gr.

Sparisjóðurinn tekur á móti fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, þó er sparisjóðurinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum fjárhæðum til ávöxtunar, ef sparisjóðsstjórnin telur það óhagkvæmt fyrir sparisjóðinn.

11. gr.

Vextir reiknast af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð var lagt inn eða tekið út, þó eigi í minni hlutum en heilum krónum. Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn einu sinni á ári. Þó er sparisjóðurinn eigi skyldur til að greiða vexti þegar fjárhæðirnar standa skemur en 2 mánuði í sparisjóðnum.

12. gr.

Þeim, sem í fyrsta skipti leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, sem má láta hann greiða kostnaðarverð fyrir. Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé, án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgunin hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í sparisjóðnum. Fyrir innlögnum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiptabókina og er það full sönnun fyrir greiðslunni. Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar þegar þær í fyrsta skipti eftir að vextir hafa verið lagðir við höfuðstól, eru sýndar í sparisjóðnum. Stjórnarformaður og sparisjóðsstjóri löggilda viðskiptabækurnar með undirskrift sinni. Glatist

viðskiptabók, ber eiganda hennar að snúa sér til stjórnar sparisjóðsins. Getur stjórn sjóðsins þá, eftir ósk eiganda og á hans kostnað, innkallað handhafa viðskiptabókarinnar og ógilt hana á þann hátt, sem segir í lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941.

13. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar í venjulegri sparisjóðsbók verður greitt það, sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar sparisjóðsstjóri telur það fært. Krefjast má, að fjárhæð kr. 100 000.00, eða þar yfir, sé sagt upp með mánaðar fyrirvara.

14. gr.

Eigi er heimilt að gefa upplýsingar um eignir annarra í sparisjóðnum, nema skylt sé að lögum.

15. gr.

Sparisjóðurinn veitir lán gegn fasteignaveði, ábyrgð sveitarfélaga, handveði og öðrum jafntryggum ábyrgðum og veðum, útlán úr hlaupareikningi og kaupir víxla. Þarf meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar að vera því samþykkur og hafa ákveðið tryggingu lánsins og hámark lánsupphæðar.

16. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við sparisjóðinn skal semja um það við sparisjóðsstjóra. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda sjóðnum sýnishorn af undirskrift sinni.

17. gr.

Viðskiptamaður fær lausakvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvíritaða ef óskað er.

18. gr.

Viðskiptamaður, er vill taka fé út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði skrifa út tékkaávísun á sparisjóðinn á eyðublöð, er sjóðurinn sjálfur hefur til sölu. Tékkinn skal undirritaður af viðskiptamanni sjálfum eða af öðrum, sem hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísa á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent sparisjóðnum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fölsuð ávísun sé greidd af sparisjóðnum, ber sá skaðann, sem á fé, nema um sé að kenna gáleysi sparisjóðsins.

19. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé um samið við sparisjóðsstjórn, enda sé yfirdráttarlán tryggt með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignaveðum.

20. gr.

Innborganir og útborganir af hlaupareikningum skulu færðar þannig, að sparisjóðurinn geti látið reikningseiganda í té afrit af reikningi hans eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

21. gr.

Um vexti af innlögðu og útlánuðu fé við sparisjóðinn fer eftir þeim reglum, sem Seðlabanki Íslands setur bönkum og sparisjóðum hverju sinni.

22. gr.

Í þeim atriðum, sem ekki eru tilgreind í samþykktum þessum, skal farið eftir lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febr. 1942.

23. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar eignir verða eign Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps, en ábyrgðarmenn, sem þá eru við sjóðinn, skulu hafa rétt til þess að ráðstafa því fé nánar með samþykki stjórnarráðsins.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með. Jafnframt eru felldar úr gildi samþykktir nr. 228 18. des. 1943 fyrir sparisjóð Svarfdæla með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 12. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

17. desember 1974. Nr. 402.

SAMÞYKKT

fyrir Brunavarnir Árnessýslu.

1. gr.

Stofnendur Brunavarna Árnessýslu (B. Á.) eru eftirtalin sveitarfélög:

Selfosshreppur,
Gaulverjabæjarhreppur,
Hraungerðishreppur,
Sandvíkurhreppur,
Skeiðahreppur,
Villingaholtshreppur.

Aðsetur og varnarþing B. Á. er á Selfossi.

2. gr.

Tilgangur Brunavarna Árnessýslu er að koma á sem fullkomnustum brunavörnum á samningssvæðinu, annast þær og kosta. Í því skyni skulu þær m. a. reka slökkvilið og búa það öllum nauðsynlegum tækjakosti, byggja slökkvistöð á Selfossi og koma á fullkomnu eldvarnaeftirliti á félagssvæðinu. Unnið skal að því, með upplýsingastarfsemi og fræðslu, að fólk kunni sem best skil á því, hver viðbrögð séu vænlegust til bjargar, ef eldsvoða ber að höndum. Í því sambandi skal að því stefnt, að handslökkvitæki af viðurkenndri gerð séu á hverju heimili. Varðandi sveitahreppana skal félagið m. a. vinna að eftirfarandi, eftir því sem frekast er unnt:

a. Að samin verði fyrir hvern hrepp ítarleg skýrsla um byggingar, vegi, vatnstökuskilyrði og annað, er máli skiptir um aðstöðu hvers býlis og byggingar. Skal eintak af spjaldskrá þessari geymt í slökkvibíl.
b. Að í sveitahreppunum verði komið upp þjálfuðum hjálparsveitum, 5—7 mönnum í hverjum hreppi. Menn þessir skulu vinna með slökkviliði Selfoss. Yfirmaður og varamaður hans skal ákveðinn fyrir hverja hjálparsveit og skal sá yfirmaður stjórna hjálparsveit hreppsins, sem og öðrum hjálparmannskap, ef eldsvoða ber að höndum, uns slökkviliðsstjóri Selfoss kemur á staðinn.
c. Að á hverju sveitabýli sé til stigi, sem nái til björgunar frá efstu hæðum húsa.
d. Að til séu líflínur ásamt gluggakrókum, þar sem hús eru tvær hæðir eða meira.

3. gr.

Brunavarnir Árnessýslu kaupa slökkvibúnað slökkviliðs Selfosshrepps, sem og slökkvistöðina á Selfossi. Félagið kaupir einnig slökkvibifreið þá, sem nú er í eigu sveitahreppanna fimm, ásamt öllum búnaði, sem henni fylgir.

Stofnkostnað samkvæmt framansögðu, sem og annan stofnkostnað, skulu sveitarfélögin greiða í sömu hlutföllum og þau greiða rekstrarkostnað B. Á., sbr. 4. gr.

Aðilar skulu reyna að ná samkomulagi um verð á framangreindum eignum. Takist það ekki, þá skal sýslumaðurinn í Árnessýslu tilnefna tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta þær til verðs.

4. gr.

Árlegum kostnaði við rekstur B. Á. skal skipt á sveitarfélögin í hlutfalli við samanlagt vátryggingarverðmæti húsanna í hverjum hreppi.

Hlutfallstölur eru nú þessar:

	Samanlagðar tryggingaupphæðir	Hundraðshlutar
Selfoss	kr. 4 494 032 000.00	72.5
Gaulverjabæjarhreppur	— 297 858 000.00	4.8
Hraungerðishreppur	— 431 929 000.00	7.0
Sandvíkurhreppur	— 205 429 000.00	3.3
Skeiðahreppur	— 420 915 000.00	6.8
Villingaholtshreppur	— 347 653 000.00	5.6
Alls	kr. 6 197 816 000.00	100.0

Tölur þessar skal endurskoða á fjögurra ára bili.

5. gr.

Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum félagsins hlutfallslega við gjaldskyldu, sbr. 4. gr. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr.

Stjórn Brunavarna Árnessýslu skipa sjö menn. Tveir frá Selfosshreppi og einn frá hverjum hinna hreppanna. Stjórnarmenn skulu tilnefndir af sveitarstjórnum. Þær skulu einnig tilnefna sjö varamenn og tvo endurskoðendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri B. Á., ræður slökkviliðsstjóra og eldfæraeftirlitsmann. Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur í umboði stjórnarinnar. Kjörtímabil hennar er hið sama og sveitarstjórna.

7. gr.

Stjórn B. Á. skal á hverju hausti semja fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og reikna út skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaganna. Áætlanagerð þessari skal lokið a. m. k. hálfum mánuði áður en viðkomandi sveitarstjórnir ganga frá fjárhagsáætlunum sínum.

Stjórnin skal leggja fram endurskoðaða reikninga B. Á. eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert.

8. gr.

Samningsaðilar greiða framlög sín ársfjórðungslega, fyrirfram. Endanlegt uppgjör á skiptingu kostnaðar fer fram þegar ársreikningar B. Á. liggja fyrir.

9. gr.

Stjórn B. Á. skal semja brunamálasamþykkt fyrir samningssvæðið. Skal það gert í samráði við slökkviliðsstjóra, sveitarstjórnir og Brunamálastofnun ríkisins. Samþykkt þessi öðlast gildi þegar félagsmálaráðuneytið hefur staðfest hana.

10. gr.

Samþykktir félagsstjórnar, sem fela í sér fjárhagsskuldbindingar, skulu því aðeins ná fram að ganga, að þær séu studdar af aðilum, sem bera meirihluta kostnaðar við rekstur félagsins.

11. gr.

Nú óskar samningsaðili endurskoðunar eða breytinga á samningi þessum. Skal ósk um endurskoðun gerð skriflega og send stjórn B. Á., ásamt tillögu um breytingar. Ef meirihluti stjórnarinnar samþykkir breytingar, skal breytingartillagan send sveitarstjórnunum til afgreiðslu. Breytingin tekur því aðeins gildi, að allar sex sveitarstjórnirnar samþykki hana.

12. gr.

Nú óskar hreppsfélag að ganga úr B. Á., og skal það þá tilkynnt stjórninni a. m. k. þremur mánuðum fyrir aðalfund. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum. Mál þetta skal síðan tekið fyrir á aðalfundi og reynt að finna lausn á þeim atriðum, sem liggja til grundvallar ósk um úrsögn. Náist ekki samkomulag, þá skal úrsögnin gilda frá næstu reikningsáramótum eftir aðalfundinn. Sveitarfélag, sem segir sig úr B. Á., á ekki endurkröfurétt á framlagi sínu í stofnkostnaði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 12. gr. laga nr. 55 22. maí 1969, um brunavarnir og brunamál, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

18. desember 1974. Nr. 403.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Bolungarvík.

1. gr.

Húseigendur í Bolungarvík skulu greiða til bæjarsjóðs Bolungarvíkur gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m^3 eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	2%
Tveggja hæða íbúðarhús	2%
Fjölbýlishús	0.8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.8%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir:
Fyrsta greiðsla, sem nemur 40% gjaldsins, greiðist, er bundið slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu.

Eftirstöðvarnar skulu greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 3 árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú hin sama og fyrsta greiðsla.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

4. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkv. 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 404.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1970 og efnahagur 31. desember 1970.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1970:		
Innstæða á hlr. 3020 í Seðlab. Ísl.	kr.	0.00
Innborgað stofnfé	—	45 932 407.00
Vaxtatekjur	—	3 115 941.00
	Kr.	49 048 348.00

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	465 270.00
Auglýsingakostnaður	—	2 280.00
Eignir 31. des. 1970:		
Innstæða á hlr. 3020	—	48 580 798.00
	Kr.	49 048 348.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1970:			
Innstæða á hlr. 3021 í Seðlab. Ísl.		kr.	0.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski	kr. 145 703 014.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju	— 3 878 584.70		
		—	149 581 598.70
Vaxtatekjur		—	1 112 479.00
		Kr.	150 694 077.70

Gjöld:

Eignir 31. des. 1970:		
Innstæða á hlr. 3021	kr.	150 694 077.70
	Kr.	150 694 077.70

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1970:				
Innst. á hlr. 3022, loðnumjöl, í Seðlab. Ísl.	kr.	0.00		
Innst. á hlr. 3023, loðnulýsi, í Seðlab. Ísi.	—	0.00		
			kr.	0.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli	kr.	17 350 763.50		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnulýsi	—	11 741 858.10		
			—	29 092 621.60
Vaxtatekjur:				
Hlr. 3022	kr.	681 957.00		
Hlr. 3023	—	472 741.00		
			—	1 154 698.00
			Kr.	30 247 319.60

Gjöld:

Eignir 31. des. 1970:				
Innstæða á hlr. 3022	kr.	18 032 720.50		
Innstæða á hlr. 3023	—	12 214 599.10		
			kr.	30 247 319.60
			Kr.	30 247 319.60

Reykjavík, 8. janúar 1974.

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS
Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Nr. 405.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1971 og efnahagur 31. desember 1971.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1971:			
Innstæða á hlr. 3020 í Seðlab. Ísl.	kr.	48 580 798.00	
Vaxtatekjur	—	3 414 212.00	
Stjórnarlaun flutt á undirreikninga	—	432 270.00	
	Kr.	52 427 280.00	

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	52 000.00
Auglýsingakostnaður	—	1 080.00
Eignir 31. des. 1971:		
Innstæða á hlr. 3520	—	52 374 200.00
	Kr.	52 427 280.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1971:			
Innstæða á hlr. 3021 í Seðlab. Ísl.			kr. 150 694 077.70
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski	kr.	605 000 303.30	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju	—	9 503 712.70	
			— 614 504 016.00
Vaxtatekjur			— 27 171 860.00
			Kr. 792 369 953.70

Gjöld:

Stjórnarlaun flutt af hlr. 3020	kr.	263 247.00	
Stjórnarlaun árið 1971	—	187 367.00	
			kr. 450 614.00
Eignir 31. des. 1971:			
Innstæða á hlr. 3521, freðfiskur	kr.	777 844 821.30	
Innstæða á hlr. 3525, rækja	—	14 074 518.40	
			— 791 919 339.70
			Kr. 792 369 953.70

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1971:			
Innst. á hlr. 3022, loðnumjöl, í Seðlab. Ísl.	kr.	18 032 720.50	
Innst. á hlr. 3023, loðnulýsi, í Seðlab. Ísl.	—	12 214 599.10	
			kr. 30 247 319.60
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli	kr.	18 244 737.00	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnulýsi	—	9 752 292.10	
			— 27 997 029.10
Vaxtatekjur:			
Hlr. 3022/3522 (loðnumjöl)	kr.	1 947 915.00	
Hlr. 3023/3523 (loðnulýsi)	—	1 298 133.00	
			— 3 246 048.00
			Kr. 61 490 396.70

Gjöld:

Stjórnarlaun:				
V/loðnumjöls fl. af hlr. 3520	kr. 43 943.00			
V/loðnumjöls árið 1971	— 32 468.00			
		kr.	76 411.00	
V/loðnulýsis flutt af hlr. 3520	kr. 43 943.00			
V/loðnulýsis árið 1971	— 32 468.00			
		—	76 411.00	
			kr.	152 822.00
Endurgreiðsla v/ofreiknaðs gjalds af loðnulýsi 1970			—	1 190 808.50
Eignir 31. des. 1971:				
Innstæða á hlr. 3522		kr.	38 148 961.50	
Innstæða á hlr. 3523		—	21 997 804.70	
			—	60 146 766.20
			Kr.	61 490 396.70

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1971:		
Innstæða á hlr. 3024, óverkaður saltfiskur, í Seðlab. Ísl.	kr.	0.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óverkuðum saltfiski	—	155 022 042.00
Vaxtatekjur	—	3 138 670.00
	Kr.	158 160 712.00

Gjöld:

Stjórnarlaun flutt af hlr. 3520	kr.	81 137.00	
Stjórnarlaun árið 1971	—	138 372.00	
		kr.	219 509.00
Eignir 31. des. 1971:			
Innstæða á hlr. 3524		—	157 941 203.00
		Kr.	158 160 712.00

Reykjavík, 8. janúar 1974.

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS
Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1972 og efnahagur 31. desember 1972.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1972:		
Innstæða á hlr. 3520 í Seðlab. Ísl.	kr.	52 374 200.00
Uppfærsla v/gengisbreytingar 20. des. 1972	—	3 179 586.00
Vaxtatekjur	—	1 516 305.00
Stjórnarlaun flutt á undirreikninga	—	85 000.00
Auglýsingakostnaður fluttur á undirreikninga	—	3 360.00
	Kr.	57 158 451.00

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr.	69 000.00
Stofnfé deildar fyrir frystar fiskafurðir flutt á hlr. 3521	kr.	20 451 501.00		
+ vextir frá 31. des. 1969 til 20. des. 1971	—	2 878 646.00		
			—	23 330 147.00
Stofnfé deildar fyrir saltfiskafurðir flutt á hlr. 3524	kr.	2 270 133.00		
+ vextir frá 31. des. 1969 til 20. des. 1971	—	319 228.00		
			—	2 589 361.00
Eignir 31. des. 1972:				
Innstæða á hlr. 3520			—	31 169 943.00
			Kr.	57 158 451.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1972:				
Innst. á hlr. 3521, freðfiskur, í Seðlab. Ísl.	kr.	777 844 821.30		
Innstæða á hlr. 3525, rækja, í Seðlab. Ísl.	—	14 074 518.40		
			kr.	791 919 339.70
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski	kr.	103 534 830.70		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju ..	—	1 329 805.80		
			—	104 864 636.50
Stofnfé flutt af hlr. 3520	kr.	20 451 501.00		
+ vextir frá 31. des. 1969 til 20. des. 1971	—	2 878 646.00		
			—	23 330 147.00
Uppfærsla v/gengisbreytingar 20. des. 1972:				
Hlr. 3521	kr.	101 725 859.00		
Hlr. 3525	—	1 784 078.00		
			—	103 509 937.00

Vaxtatekjur:				
Hlr. 3521	kr.	49 061 465.00		
Hlr. 3525	—	818 235.00		
			kr.	49 879 700.00
				Kr. 1 073 503 760.20

Gjöld:

Stjórnarlaun flutt af hlr. 3520	kr.	52 045.00		
Stjórnarlaun árið 1972	—	176 530.00		
			kr.	228 575.00
Opinber gjöld			—	8 282.00
Auglýsingakostnaður:				
V/freðfisks	kr.	11 760.00		
V/rækju fluttur af hlr. 3520	—	2 160.00		
V/rækju	—	5 040.00		
			—	18 960.00
Greiddar uppbætur á freðfiskframleiðslu 1. okt. til 31. des. 1972			—	75 147 422.00
Endurgreitt v/ofreiknaðs gjalds af rækju frá fyrri árum			—	400 000.00
Eignir 31. des. 1972:				
Innstæða á hlr. 3521	kr.	980 101 084.00		
Innstæða á hlr. 3525	—	17 599 437.20		
			—	997 700 521.20
				Kr. 1 073 503 760.20

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1972:				
Innst. á hlr. 3522, loðnumjöl, í Seðlab. Ísl.	kr.	38 148 961.50		
Innst. á hlr. 3523, loðnulýsi, í Seðlab. Ísl.	—	21 997 804.70		
			kr.	60 146 766.20
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli framl. 1970	kr.	643 372.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli framl. 1971	—	238 811.00		
			—	882 183.00
Uppfærsla v/gengisbreytingar 20. des. 1972:				
Hlr. 3522	kr.	806 918.00		
Hlr. 3523	—	337 728.00		
			—	1 144 646.00
Vaxtatekjur:				
Hlr. 3522	kr.	1 321 657.00		
Hlr. 3523	—	749 935.00		
			—	2 071 592.00
				Kr. 64 245 187.20

Gjöld:

Stjórnarlaun:				
V/loðnumjöls fl. af hlr. 3520	kr. 6 010.00			
V/loðnumjöls árið 1972 ...	— 43 538.00			
		kr.	49 548.00	
V/loðnulýsis fl. af hlr. 3520	kr. 6 010.00			
V/loðnulýsis árið 1972	— 43 537.00			
		—	49 547.00	
			kr.	99 095.00
Auglýsingakostnaður:				
V/loðnumjöls fl. af hlr. 3520	kr. 1 080.00			
V/loðnumjöls árið 1972 ...	— 480.00			
		kr.	1 560.00	
V/loðnulýsis fl. af hlr. 3520	kr. 1 080.00			
V/loðnulýsis árið 1972	— 480.00			
		—	1 560.00	
			—	3 120.00
Opinber gjöld:				
V/loðnumjöls		kr.	1 436.00	
V/loðnulýsis		—	1 436.00	
			—	2 872.00
Endurgreitt v/ofreiknaðs gjalds 1970:				
Loðnumjöl	kr. 29 297.20			
Loðnulýsi	— 643 372.00			
		kr.	672 669.20	
Endurgreitt v/ofreiknaðs gjalds 1971:				
Loðnumjöl	kr. 5 599 313.10			
Loðnulýsi	— 1 715 822.10			
		—	7 315 135.20	
			—	7 987 804.40
Greitt v/verðlækkana:				
Loðnumjöl		kr.	26 796 000.00	
Loðnulýsi		—	16 784 000.00	
			—	43 580 000.00
Eignir 31. des. 1972:				
Innstæða á hlr. 3522		kr.	8 682 565.20	
Innstæða á hlr. 3523		—	3 889 730.60	
			—	12 572 295.80
			Kr.	64 245 187.20

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1972:			
Innstæða á hlr. 3524 í Seðlab. Ísl.		kr.	157 941 203.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óverkuðum saltfiski	kr. 19 052 735.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum	— 1 863 686.00		
		—	20 916 421.00

Stofnfé flutt af hlr. 3520	kr.	2 270 133.00		
+ vextir frá 31. des. 1969 til 20. des. 1971	—	319 228.00		
			kr.	2 589 361.00
Uppfærsla v/gengisbreytingar 20. des. 1972			—	21 738 819.00
Vaxtatekjur			—	9 940 575.00
			Kr.	213 126 379.00

Gjöld:

Stjórnarlaun flutt af hlr. 3520	kr.	20 935.00		
Stjórnarlaun árið 1972	—	103 710.00		
			kr.	124 645.00
Opinber gjöld			—	6 126.00
Auglýsingakostnaður			—	6 120.00
Eignir 31. des. 1972:				
Innstæða á hlr. 3524			—	212 989 488.00
			Kr.	213 126 379.00

Reykjavík, 8. janúar 1974.

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS
Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Nr. 407.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1973 og efnahagur 31. desember 1973.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1973:			
Innstæða á hlr. 3520 í Seðlab. Ísl.	kr.	31 169 943.00	
Vaxtatekjur	—	2 509 169.00	
Stjórnarlaun flutt á undirreikninga	—	69 000.00	
	Kr.	33 748 112.00	

Gjöld:

Niðurfærsla v/gengisbreytinga	kr.	4 431 900.00
Eignir 31. des. 1973:		
Innstæða á hlr. 3520	—	29 316 212.00
	Kr.	33 748 112.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1973:				
Innst. á hlr. 3521, freðfiskur, í Seðlab. Ísl.	kr.	980 101 084.00		
Innst. á hlr. 3525, rækja, í Seðlab. Ísl. ..	—	17 599 437.20		
			kr.	997 700 521.20
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski	kr.	84 469 366.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju ..	—	23 640 637.10		
			—	108 110 003.10
Vaxtatekjur:				
Hlr. 3521	kr.	80 184 321.00		
Hlr. 3525	—	2 179 634.00		
			—	82 363 955.00
			Kr.	1 188 174 479.30

Gjöld:

Stjórnarlaun flutt af hlr. 3520	kr.	33 160.00		
Stjórnarlaun árið 1973	—	247 653.00		
			kr.	280 813.00
Opinber gjöld			—	7 846.00
Auglýsingakostnaður:				
V/freðfisks	kr.	14 860.00		
V/rækju	—	5 930.00		
			—	20 790.00
Niðurfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 3521	kr.	142 262 600.00		
Hlr. 3525	—	4 455 900.00		
			—	146 718 500.00
Greiddar uppbætur á freðfiskframleiðslu 1. okt. til 31. des. 1972			—	9 998 753.00
Málskostnaður v/rækju			—	452 937.90
Eignir 31. des. 1973:				
Innstæða á hlr. 3521	kr.	992 189 899.00		
Innstæða á hlr. 3525	—	38 504 940.40		
			—	1 030 694 839.40
			Kr.	1 188 174 479.30

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1973:				
Innst. á hlr. 3522, loðnumjöl, í Seðlab. Ísl.	kr.	8 682 565.20		
Innst. á hlr. 3523, loðnulýsi, í Seðlab. Ísl.	—	3 889 730.60		
			kr.	12 572 295.80

Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli	kr.	298 270 169.00	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnulýsi	—	21 365 735.00	
			kr. 319 635 904.00
Vaxtatekjur:			
Hlr. 3522	kr.	14 330 806.00	
Hlr. 3523	—	847 690.00	
			— 15 178 496.00
			Kr. 347 386 695.80

Gjöld:

Stjórnarlaun:			
V/loðnumjöls fl. af hlr. 3520 kr. 8 180.00			
V/loðnumjöls árið 1973 .... — 66 819.00			
	kr.	74 999.00	
V/loðnulýsis fl. af hlr. 3520 kr. 8 180.00			
V/loðnulýsis árið 1973 ..... — 66 818.00			
	—	74 998.00	
			kr. 149 997.00
Opinber gjöld:			
V/loðnumjöls	kr.	1 935.00	
V/loðnulýsis	—	1 935.00	
			— 3 870.00
Auglýsingakostnaður:			
V/loðnumjöls	kr.	780.00	
V/loðnulýsis	—	780.00	
			— 1 560.00
Niðurfærsla v/gengisbreytinga:			
Hlr. 3522	kr.	38 735 200.00	
Hlr. 3523	—	1 867 900.00	
			— 40 603 100.00
Greitt v/verðlækkana á framleiðslu 1972:			
Loðnumjöl	kr.	8 049 255.00	
Loðnulýsi	—	3 753 967.00	
			— 11 803 222.00
Eignir 31. des. 1973:			
Innstæða á hlr. 3522	kr.	274 421 371.20	
Innstæða á hlr. 3523	—	20 403 575.60	
			— 294 824 946.80
			Kr. 347 386 695.80

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1973:			
Innstæða á hlr. 3524 í Seðlab. Ísl.			kr. 212 989 488.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óverkuðum saltfiski	kr.	95 090 906.00	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum	—	798 093.00	
			— 95 888 999.00
Vaxtatekjur			— 27 362 658.00
			Kr. 336 241 145.00

Gjöld:

Stjórnarlaun flutt af hlr. 3520	kr.	19 480.00		
Stjórnarlaun árið 1973	—	156 645.00		
			kr.	176 125.00
Opinber gjöld			—	4 610.00
Auglýsingakostnaður			—	6 880.00
Niðurfærsla v/gengisbreytinga			—	30 338 900.00
Greiddar uppbætur á óverkaðan saltfisk framl. 1. okt. til 31. des. 1972	kr.	9 645 723.00		
Greiddar uppbætur á söltuð ufsaflök framl. 1. okt. til 31. des. 1972	—	3 313 379.00		
			—	12 959 102.00
Eignir 31. des. 1973:				
Innstæða á hlr. 3254			—	292 755 528.00
			Kr.	336 241 145.00

Reykjavík, 12. júní 1974.

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS
Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Nr. 408.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1973.

Rekstursreikningur fyrir árið 1973.

Gjöld:

Ýmiss kostnaður 1973			kr.	166 184.00
Styrkveitingar 1973			—	235 000.00
Tekjur fluttar í efnahagsreikning			—	5 451 468.30
			Samtals kr.	5 852 652.30

Tekjur:

Samúðarskeyti Landssímans og minningargjafir afhentar í Reykjavík	kr.	3 995 337.50		
÷ 15% þóknun Landssímans	—	598 629.40		
			kr.	3 396 708.10
Vaxtatekjur 1973			—	2 455 944.20
			Samtals kr.	5 852 652.30

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1973.

Eignir:

Bankainnstæður:			
Ávísanareikningur	kr.	101 202.70	
Bankabækur	—	26 300 279.32	
			kr. 26 401 482.02
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands			— 57 000.00
Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. flokkur			— 5 000.00
			Samtals kr. 26 463 482.02

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	21 012 013.72
Hreinar tekjur 1973	—	5 451 468.30
	Samtals kr.	26 463 482.02

Steinunnararfur.

Stjórn Minningargjafasjóðs Landspítalans afhenti stjórn Landspítalans eignir sjóðsins Steinunnararfs 9. apríl 1973. Í ummælum í bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu var talið eðlilegt að afhendingin færi fram samkvæmt ákvæðum í skipulagsskrá Steinunnararfs.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið samkvæmt heimild í 5. gr. skipulagsskrár að úthluta í ársbyrjun 1974 kr. 7 000 000.00 til Landspítala Íslands og er það hluti af tekjum áranna 1970—1974.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvaldsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr.	26 524.00
	Samtals kr.	26 524.00

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	24 222.96
Vaxtatekjur	—	2 301.04
	Samtals kr.	26 524.00

REIKNINGUR

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða í Búnaðarbankanum, bók nr. 60749	kr.	30 845.90
	Samtals kr.	30 845.90

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	27 789.10
Vaxtatekjur	—	3 056.80
Samtals	kr.	30 845.90

REIKNINGUR

Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5468	kr.	16 572.30
Samtals	kr.	16 572.30

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	14 930.00
Vaxtatekjur	—	1 642.30
Samtals	kr.	16 572.30

REIKNINGUR

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5469	kr.	33 972.20
Samtals	kr.	33 972.20

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	30 605.60
Vaxtatekjur	—	3 366.60
Samtals	kr.	33 972.20

REIKNINGUR

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5462	kr.	21 640.00
Samtals	kr.	21 640.00

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	19 495.50
Vaxtatekjur	—	2 144.50
Samtals	kr.	21 640.00

REIKNINGUR

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5467	kr.	73 235.90
Samtals	kr.	73 235.90

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	65 978.30
Vaxtatekjur	—	7 257.60
Samtals	kr.	73 235.90

REIKNINGUR

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5466	kr.	61 050.00
Samtals	kr.	61 050.00

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	55 000.00
Vaxtatekjur	—	6 050.00
Samtals	kr.	61 050.00

REIKNINGUR

Minningarsjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5471	kr.	340 765.20
Samtals	kr.	340 765.20

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	306 995.70
Vaxtatekjur	—	33 769.50
Samtals	kr.	340 765.20

REIKNINGUR

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, bók nr. 5463	kr.	81 517.00
	Samtals kr.	81 517.30

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1973	kr.	73 439.00
Vaxtatekjur	—	8 078.30
	Samtals kr.	81 517.30

Reykjavík, 8. janúar 1973.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi skjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. janúar 1974.

Sigr. Brynjólfsdóttir. *Vilborg Gunnlaugsdóttir.*

Nr. 409.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands.

Efnahagsreikningur 31. desember 1973.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:				
a) Fiskiskip			kr.	4 600 004 161.00
b) Hraðfrystihús			—	694 968 007.00
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur:				
P. L. lán	kr.	8 824 421.00		
Önnur lán	—	73 517 305.00		
			—	82 341 726.00
d) Aðrar fiskvinnslustöðvar			—	178 927 764.00
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir			—	104 876 432.00
f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)			—	36 472 261.00
2. Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.			—	410 280 380.60
3. Verðbréf			—	43 913 695.50
4. Ýmsir skuldunautar			—	307 929 388.30
5. Bankainnstæður:				
a) Fiskveiðasjóður	kr.	63 704 571.90		
b) Stofnfjársjóður	—	204 744 491.50		
			—	268 449 063.40
			Kr.	6 728 162 878.80

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	kr. 1 302 068 023.10	
	Skuld við Framkvæmdasjóð P. L. 480	— 22 979 200.00	
			kr. 1 325 047 223.10
2.	Skuldir í erl. mynt		— 2 353 394 401.00
3.	Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka		— 175 393 000.00
4.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa ..		— 662 464 692.90
5.	Stofnfjársjóður fiskiskipa		— 204 504 587.50
6.	Viðskiptamenn		— 25 671 379.50
7.	Sumarsíldveiðar 1968. Lög nr. 79/1968, 17. gr. B		— 8 436 605.00
8.	Gengisjöfnunarstyrkur. Lög nr. 79/1968, 17. gr. A		— 14 579 012.00
9.	Eigið fé		— 1 958 671 977.80
			Kr. 6 728 162 878.80

Rekstrarreikningur 31. desember 1973.

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr. 22 534 020.90
2.	Vextir greiddir á árinu	— 317 223 151.50
3.	Lántökugjöld	— 9 000 000.00
4.	Lagt í stofnsjóð	— 180 000 000.00
5.	Lagt í afskriftareikning	— 18 000 000.00
6.	Lagt í varasjóð	— 8 704 806.00
7.	Yfirfært til næsta árs	— 4 671 977.80
		Kr. 560 133 956.20

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr. 3 946 480.60
2.	Af útflutningsgjaldi	— 77 049 331.00
3.	1% af fob. verði útfluttra sjávarafurða	— 28 084 967.00
4.	Framlag ríkissjóðs	— 35 000 000.00
5.	Vextir innheimtir á árinu	— 406 763 327.60
6.	Framlag úr gengishagnaðarsjóði, lög nr. 79/1968, 17. gr. E ..	— 9 289 850.00
		Kr. 560 133 956.20

Reykjavík, 25. janúar 1974.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Sverrir Júlíusson. **Guðjón Halldórsson.**

Svavar Ármannsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 21. febrúar 1974.

Einar Bjarnason. *Birgir Finnsson.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1973 rétta.

Reykjavík, 26. febrúar 1974.

Davíð Ólafsson. *Jóhannes Elíasson.* *Björgvin Vilmundarson.*
Ármann Jakobsson. *Jónas H. Haralz.*

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1973 hér með staðfestir.

Reykjavík, 26. mars 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Nr. 410.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1973.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1973			kr. 177 755.07
2. Gjöf Guðrúnar Markúsdóttur 27. sept. 1973			— 1 000.00
3. Vextir á árinu:			
a) Í Landsbankanum	kr. 19 547.00		
b) - Útvegsbankanum	— 27.00		
			— 19 574.00
		Samtals	kr. 198 329.07

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1974:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470		kr. 197 968.70
– Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081		— 360.37
	Samtals	kr. 198 329.07

Reykjavík, 11. janúar 1974.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir ársreikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 30. janúar 1974.

Anna Gísladóttir. *Guðrún Markúsdóttir.*

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1973.

Iðnlánasjóður.

Rekstursreikningur árið 1973.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	22 348 761.80		
Lántökugjöld	—	500 000.00		
			kr.	22 848 761.80
Reksturskostnaður			—	6 197 486.00
Framlag vegna hagsveifluvogar			—	1 500 000.00
Tekjuafgangur			—	158 979 206.88
Afskriftir			—	0
			Kr.	189 525 454.68

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	64 441 563.08		
Lántökugjöld	—	2 798 304.00		
			kr.	67 239 867.08
Innborgað Iðnlánasjóðsgjald 1973			—	68 000 000.00
Framlag ríkissjóðs 1973			—	50 000 000.00
Framleiðslugjald af áli:				
Frá árinu 1972	kr.	308 688.40		
Frá árinu 1973	—	3 976 899.20		
			—	4 285 587.60
			Kr.	189 525 454.68

Efnahagsreikningur 31. desember 1973.

Eignir:

Vélalán 1. jan. 1973	kr.	239 935 217.40		
+ Útlán 1973	—	146 715 000.00		
		Kr.	386 650 217.40	
÷ Afborganir 1973		—	59 511 278.84	
			kr.	327 138 938.56
Byggingalán 1. jan. 1973	kr.	375 831 990.29		
+ Útlán 1973	—	91 850 000.00		
		Kr.	467 681 990.29	
÷ Afborganir 1973		—	31 800 195.89	
			—	435 881 794.40
Lausaskuldalán 1. jan. 1973	kr.	31 859 583.72		
÷ Afborganir 1973	—	6 658 658.30		
			—	25 200 925.42
Hagræðingalán 1. jan. 1973	kr.	7 129 449.23		
÷ Afborganir 1973	—	926 886.00		
			—	6 202 563.23

Verðbréf			kr. 14 791 860.59
Víxlar			— 25 920 320.70
Stofnfé Útflutningslánasjóðs			— 43 000 000.00
Hlutafé Fjárfestingarfélags Íslands hf.			— 5 250 000.00
Innstæður á bankareikningum	kr.	20 830 123.35	
— v/gjaldfallinna lausaskuldalána	—	4 803 878.50	
			— 25 634 001.85
Áhöld			— 1 000.00
			Kr. 909 021 404.75

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr. 137 482 300.00
Iðnþróunarsjóður			— 103 857 142.00
Skuldir við banka			— 17 599 998.64
Sérskuldabréfalán:			
v/Lausaskuldalána	kr.	27 067 225.00	
v/Hagræðingalána	—	2 930 000.00	
			— 29 997 225.00
Óútborgað af afgreiddum lánum			— 1 662 279.50
Eigið fé:			
Stofnsjóður 1. jan. 1973	kr.	459 443 253.23	
Tekjuafgangur 1973	—	158 979 206.88	
			— 618 422 460.11
			Kr. 909 021 404.75

Iðnlánasjóður. **Veiðarfæradeild.**

Rekstursreikningur árið 1973.

Gjöld:

Vaxtagjöld			kr. 511 999.00
Tekjuafgangur			— 5 500 010.04
			Kr. 6 012 009.04

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	1 867 009.04	
Lántökugjöld	—	45 000.00	
			kr. 1 912 009.04
Verðjöfnunargjald af veiðarfærum			— 4 100 000.00
			Kr. 6 012 009.04

Efnahagsreikningur 31. desember 1973.

Eignir:

Veiðarfæralán 1. jan. 1973	kr.	18 878 089.46	
+ Útlán 1973	—	3 000 000.00	
	Kr.	21 878 089.46	
÷ Afborganir 1973	—	1 326 472.96	
			kr. 20 551 616.50
Skuldabréf S. R.			— 7 500 000.00
Innstæða á bankareikningi			— 4 414 720.30
			Kr. 32 466 336.80

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands	kr.	4 400 000.00
Eigið fé:		
Stofnsjóður 1. jan. 1973	kr. 22 566 326.76	
Tekjuafgangur 1973	— 5 500 010.04	
	—	28 066 336.80
	Kr.	32 466 336.80

Reykjavík, 25. febrúar 1974.

IÐNLÁNASJÓÐUR
Framkvæmdastjórnin

Bragi Hannesson. **Pétur Sæmundsen.**

Við undirritaðir endurskoðendur Iðnlánasjóðs og Veiðarfæradeildar Iðnlánasjóðs höfum yfirfarið reikninga sjóðsins ásamt fylgiskjölum, borið saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Bjarni Björnsson. *Ingólfur Finnbogason.*

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda Iðnlánasjóðs, samþykkir stjórn sjóðsins reikningana.

Reykjavík, 8. mars 1974.

Ingi R. Helgason. *Gunnar J. Friðriksson.* *Gunnar S. Björnsson.*

Nr. 412.

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands hf.

Rekstursreikningur Samvinnubanka Íslands hf. árið 1973.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	142 212 818.50
Reksturskostnaður	—	73 861 221.20
Fyrningar	—	2 830 355.90
Til varasjóðs	—	15 800 000.00
Til afskriftareiknings	—	1 000 000.00
Til höfuðstólsreiknings	—	8 632 574.70
	Kr.	244 336 970.30

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	215 171 378.40
Aðrar tekjur	—	29 165 591.90
	Kr.	244 336 970.30

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands hf. pr. 31. desember 1973.

Eignir:

Sjóður		kr.	67 410 385.10
Seðlabankinn:			
Viðskiptareikningur	kr. 61 239 115.00		
